Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands bauð til tækni- og hönnunarkeppni fyrir grunnskólabörn, First Lego League, 19. janúar í Háskólabíói. Þetta var í sjöunda sinn sem keppnin er haldin hér á landi. Markmiðið með keppninni er að blása ungu fólki í brjóst löngun til að skara fram úr á sviði tækni og vísinda og bakhjarlar keppninnar voru Nýherji, Verkfræðingafélag Íslands, CCP, Samtök iðnaðarins, Krumma, Almenna verkfræðistofan og LS Retail.

Sem endranær var boðið upp á spennandi verkefni sem skapa færni í vísindum, verkfræði og tækni, örva nýsköpun og byggja upp lífsleiknihæfileika eins og sjálfstraust, samskiptahæfni og forystuhæfileika. Á hverju ári er keppninni valið ákveðið þema sem er ofarlega á baugi í heiminum. Í ár var þemað lausnir fyrir eldri borgara. Þeir sem báru sigur úr býtum var liðið Molten frá Naustaskóla á Akureyri en liðið hafði ekki tekið þátt í keppninni fyrr. Sigurliðið var síðan fulltrúi Íslands á Evrópumót First Lego League síðar á árinu og hlaut það m.a. hundrað þúsund króna ferðastyrk frá leiktækja- og leikfangafyrirtækinu Krumma í sigurverðlaun til ferðarinnar.

Í tilefni keppninnar var ýmislegt fleira um að vera í Háskólabíói á keppnisdaginn. Félagar úr Formula Student kynntu rafmagnskappakstursbíl, Vísindasmiðjan var opin fyrir gesti og gangandi og Sprengjugengið tróð upp í lok dags.

## Byggingarframkvæmdir og nýframkvæmdir

### Stúdentakjallarinn opnaður

Í ársbyrjun var ný viðbygging Háskólatorgs komin það vel á veg að unnt var að opna þar nýjan Stúdentakjallara þann 17. janúar. Stúdentakjallarinn hefur reynst kærkomin viðbót við háskólalífið. Hann er opin frá morgni til kvölds alla daga vikunnar og þar er aðstaða fyrir tónleika, fundi og annað félagslíf stúdenta og er staðurinn jafnframt veitingastaður og kaffihús á daginn. Félagsstofnun stúdenta stóð fyrir framkvæmdinni og rekur kjallarann. Stúdentakjallari hefur ekki verið rekinn síðan gamla stúdentakjallarinn var til húsa í kjallara byggingar Félagsstofnunar stúdenta við Hringbraut (í húsinu sem nú er nefnt Stapi) og var hann vinsæll samkomustaður stúdenta og starfsfólks háskólans meðan hans naut við. Nú er sem sé slíkur vettvangur aftur orðinn til á háskólasvæðinu.



# Innlent samstarf

## Með fróðleik í fararnesti

Háskóli Íslands og Ferðafélag Íslands héldu áfram samstarfi sínu um fræðandi gönguferðir sem hófust á aldarafmæli skólans 2011. Ferðirnar í ár voru sex talsins og tókust afar vel eins og fyrri ár. Fjölmenni sótti þær, ekki síst foreldrar börn sín í fuglaskoðunarferð, kræklingaferð og sveppa- og berjaferð.

Á árinu voru ferðirnar sex talsins. Þær voru:

- Fuglaskoðunarferð við Grafarvog  
20. apríl leiddi Tómas Grétar Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi, fuglaskoðunarferð í Grafarvog þar sem farfluglar safnast fyrir á leirunni í ætisleit.
- Kræklingaferð í Hvalfjörð  
27. apríl leiddu Gísli Már Gíslason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, og Halldór Pálmar Halldórsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum, ferð á slóðir kræklingans í Hvalfirði. Kræklingi var safnað og fræðst um hann og verkun hans.
- Sögunslóðir Háskóla Íslands fyrstu 50 árin  
25. maí leiddi Guðmundur Hálfðanarson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands, gönguferð um sögunslóðir Háskóla Íslands í miðborg Reykjavíkur. Farið var á staði þar sem Háskóli Íslands starfaði og ráðgert var á fyrstu árum hans að ný háskólabygging myndi rísa.
- Þingvallapjóðgarður, upp frá vatni um fáfarnar slóðir  
8. júní leiddi Ólafur S. Andrésson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, og Sigrún Helgadóttir rithöfundur gönguferð um Þingvallapjóðgarð utan alfaraleiðar þar sem genginn hluti gamallar þjóðleiðar frá Vatnsvíki og Vellankötlu um gömul bæjarstæði, skógrækt, yfir gróin hraun og að fjárhelli.
- Sveppaferð í Heiðmörk  
31. ágúst leiddi Silke Werth, nýdoktor við Líf- og umhverfisvísindastofnun, sveppaferð í Heiðmörk í samvinnu við fararstjóra Ferðafélags Íslands. Sveppum var safnað og fræðst um þá og verkun þeirra og hvaða sveppir eru ætir og hverjir eru eitradir.
- Fæðuhringurinn í miðborg Reykjavíkur. Saga matar frá landnámi til okkar daga  
21. september leiddi Laufey Steingrímsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands, Guðrún Hallgrímsdóttir matvælafræðingur og Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur gönguferð þar sem matur, saga og menning verða meginefnið. Gengið var um gamla grænmetisgarða, stakkstæði, veitingastaði og verslanir liðins tíma.

## Alþjóðlegi netöryggisdagurinn

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn hátíðlegur í tíunda sinn þann 5. febrúar. Þemað í ár var Réttindi og ábyrgð á netinu og hélt SAFT hélt málþing í húsakynnum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands af því tilefni með þátttöku Háskóla Íslands, innanríkisráðuneytisins, velferðarráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Póst- og fjarskiptastofnunar, Símans, Lenovo og Microsoft Íslandi. Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, setti málþingið og veitti verðlaun í samkeppni um besta barnaefnið á netinu.

## Bókin Náttúruvá á Íslandi

Bókin Náttúruvá á Íslandi – Eldgos og jarðskjálftar kom út 23. janúar en þann dag voru liðin 40 ár frá því að gosið á Heimaey hófst. Viðlagatrygging Íslands og Háskólaútgáfan gáfu bókina út og af þeim 60 höfundum sem skrifuðu í bókina voru fjölmargir fræðimenn við Háskóla Íslands. Aðalritstjóri var



Júlíus Sólmes en ritstjórar eldgos- og jarðskjálftahluta voru Freysteinn Sigmundsson og Bjarni Bessason. Á útgáfudaginn var haldin útgáfuhátíð í hátíðasal skólans.

## Starfsemi Háskóla Íslands á landsbyggðinni

### Háskólalestin

Árið 2013 heimsótti Háskólalestin þónokkra staði á landinu. Viðtökurnar voru afar góðar og áhöfnin hafði jafn gaman að heimsóknunum og bæjarbúar sjálfir.

### Vesturbyggð

Fyrsti áfangastaður Háskólalestarinnar árið 2013 var Vesturbyggð á Vestfjörðum. Föstudaginn 10. maí sóttu nemendur eldri deilda Grunnskóla Vesturbyggðar og Grunnskóla Tálknafjarðar námskeið í Háskóla unga fólksins í efnafræði, jarðfræði, Vísindavefnum, stjörnufræði, japönsku og hugmyndasögu.

Á laugardeginum var svo slegið upp veglegri vísindaveislu í Félagsheimili Patreksfjarðar. Þar var meðal annars boðið upp á eldorgel og sýnitilraunir, fræðslu um japanska menningu og sögu hugmynda, leiki og þrautir, og ýmis tæki og tól eins og teiknirólu, furðuspegla og snúningshjól.

Sprengjugengið landsfræga var með í för og þá voru líka sýningar í hinu sívinsæla stjörnutjaldi. Matís, Náttúrustofa Vestfjarða á Patreksfirði og fleiri stofnanir á svæðinu tóku líka þátt í veislunni.

### Sauðárkrókur

Eftir frábæra ferð til Vesturbyggðar var förinni næst heitið á Sauðárkrók. Nemendur í 8. og 9. bekk grunnskólanna í Skagafirði sátu tíma í Háskóla unga fólksins og lærðu meðal annars um stjörnufræði, stærðfræði og vísindaheimspeki.

Vísindaveislu var svo slegið upp í húsnæði Fjölbrotarskólans. Þar voru meðal annars sýnitilraunir, furðuspeglar og syngjandi skál; japanskt mál og menning; leikir, þrautir og uppákomur; og ungir fréttamenn voru að störfum. Sprengjugengið og stjörnutjaldið var að sjálfsögðu á sínum stað.

### Fjarðabyggð

Á eftir Sauðárkróki var haldið til Fjarðabyggðar. Fróðleiksfúsir grunnskólanemar sátu námskeið Háskóla unga fólksins í Neskaupstað fyrri daginn, þar á meðal í kynjafræði, stjörnufræði, efnafræði og blaða- og fréttamennsku.

Síðari daginn var svo slegið upp mikilli vísindaveislu fyrir alla fjölskylduna í Félagsheimilinu á Reyðarfirði. Nemendur og gestir á vísindaveilsunni fengu að spreyta sig á starfi fréttamannsins og afraksturinn er í meðfylgjandi myndbandi.

# Innlendir og erlendir styrkir, verðlaun og viðurkenningar

## Verðlaunaðar á ráðstefnu Heilbrigðisvísindasviðs

Fjórar ungar vísindakonur voru verðlaunaðar fyrir rannsóknaverkefni sín á sextánda ráðstefnu Heilbrigðisvísindasviðs um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands. Verðlaunin voru afhent við slit ráðstefnunnar á Háskólatorgi þann 4. janúar 2013.

- Margrét H. Ögmundsdóttir, doktor við lífefna- og sameindalíffræðistofu háskólans, hlaut verðlaun mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sem ráðuneytið veitir ungum og efnilegum vísindamanni, fyrir verkefnið Þrívíddarbygging umritunarþáttarins MITF varpar ljósi á tvenndarmyndun og DNA-sértækni. Verðlaunin afhenti Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra.
- Birna Þórisdóttir, MS í næringarfræði við Matvæla- og næringarfræðideild, hlaut verðlaun velferðarráðuneytisins, sem ráðuneytið veitir ungum og efnilegum vísindamanni, fyrir verkefni á sviði forvarna eða heilsueflingar, fyrir verkefnið Tengsl mataræðis á fyrsta aldursári við líkamsþyngdarstuðul og ofþyngd sex ára barna. Verðlaunin afhenti Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra.
- Berglind Eva Benediktsdóttir, doktor í lyfjafræði við Lyfjafræðideild, hlaut verðlaun úr Þorkelssjóði, sem veitt eru ungum og efnilegum vísindamanni á sviði lyfja- og eiturefnafræði, fyrir verkefnið Samband á milli byggingar N-alkýl-N,-dímetýl kítósanafléiða og gegndræpisaukandi áhrifa þeirra á berkjuþekju. Verðlaunin afhenti Magnús Karl Magnússon, prófessor við Læknadeild.
- Bylgja Hilmarsdóttir, doktorsnemi við Rannsóknarstofu í stofnfrumufræðum við Lífvísindasetur háskólans, hlaut hvatningarverðlaun Jóhanns Axelssonar, sem Félag íslenskra lífeðlisfræðinga veitir ungum og efnilegum vísindamanni á sviði lífeðlisfræði eða skyldra greina, fyrir verkefnið Hlutverk miR200-141 í bandvefsumbreytingu stofnfrumna í brjóstskirtli og Tjáningarmunstur Meg3 í bandvefsumbreytingu brjóstastofnfrumulínu. Verðlaunin afhenti Gísli H. Sigurðsson, prófessor við Læknadeild.

## Viðurkenning Samtaka vistheimilabarna

Í janúar veittu Samtök vistheimilabarna Pétri Péturssyni, prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands, heiðursviðurkenningu í þakklætisskyni fyrir mikla og óeigingjarna aðstoð og einstaka uppörvun sem hann veitti vistheimilabörnum við stofnun Breiðavíkursamtakanna á þeim erfiðu tímum sem vistheimilabörn gengu þá í gegnum. Pétur hefur auk þessa verið valinn verndari samtakanna.

Breiðavíkursamtökin voru stofnuð á fundi í Laugarneskirkju 29. apríl 2007 en nafni þeirra hefur síðan verið breytt í Samtök vistheimilabarna. Samtökin eru félag fólks sem vistað var á upptökuheimilum og öðrum sambærilegum stofnunum á árunum 1950–1980. Markmið þeirra er að vera málsvari og hagsmunasamtök þessa hóps, ásamt því að fræða og vinna að forvörnum gegn ofbeldi af öllu tagi á börnum á fósturheimilum.

## Viðurkenning fyrir lofsverðan árangur í starfi

Árlega eru þrír starfsmenn Háskóla Íslands heiðraðir fyrir vel unnin störf. Kennslumálanefnd háskólaráðs tilnefnir þrjá akademíska starfsmenn til viðurkenningar fyrir kennslu, vísindanefnd tilnefnir þrjá starfsmenn til viðurkenningar fyrir rannsóknir og óskað er eftir tilnefningum úr háskólasamfélaginu fyrir önnur störf í þágu skólans. Þriggja manna valnefnd velur síðan einn úr

hverjum hópi. Í ár hlutu þessar viðurkenningar þau Þorsteinn Loftsson, prófessor við Lyfjafræðideild, Baldur Sigurðsson, dósent við Kennaradeild, og Gréta Björk Kristjánsdóttir, rannsóknastjóri Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

Þorsteinn Loftsson, prófessor við Lyfjafræðideild, hlaut viðurkenningu fyrir lofsvert framlag til vísinda. Hann hefur um árabíl verið einn afkastamesti vísindamaður Háskóla Íslands og ritað yfir 200 greinar í ritrýnd alþjóðleg vísindarit auk bókakafla og annarra greina og er einn þeirra íslensku fræðamanna sem hvað oftast er vitnað í. Enn fremur hefur Þorsteinn verið iðinn við að hagnýta rannsóknaniðurstöður sínar, m.a. með 13 alþjóðlegum einkaleyfum. Baldur Sigurðsson, dósent við Kennaradeild, hlaut viðurkenningu fyrir lofsvert framlag til kennslu. Hann hefur m.a. fengist við rannsóknir á lesþroska, lestri og lestrarörðugleikum, stafsetningu, málfræði og ritun. Hann er einn af helstu sérfræðingum Háskóla Íslands um Bologna-ferlið og á undanförunum misserum hefur hann unnið að stofnun og þróun Ritvers við Menntavísindasvið. Gréta Björk Kristjánsdóttir, rannsóknastjóri Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, hlaut viðurkenningu fyrir lofsvert framlag til stoðþjónustu við rannsóknir. Hún hefur starfað sem rannsóknastjóri frá árinu 2009 og á þeim hefur fjöldi styrkumsókna við sviðið aukist verulega og öll vinna við umsóknarferli og þjónustu við vísindamenn um rannsóknir orðið mun skilvirkari og markvissari en áður.

Þetta er í tólfta sinn sem sérstök viðurkenning er veitt þeim starfsmönnum sem þykja hafa sýnt lofsverðan árangur í starfi fyrir skólann en byrjað var að veita slíkar viðurkenningar árið 1999. Þær ná til þriggja flokka, fyrir lofsvert framlag á sviði vísinda, kennslu og fyrir önnur störf í þágu skólans.

## Afmæli

### Hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands í 40 ár

Haustið 2013 voru 40 ár síðan kennsla í hjúkrunarfræði fluttist á háskólastig og kennsla í greininni hófst við Háskóla Íslands. Hjúkrunarfræðideild fagnaði áfanganum með afmælisdagskrá 2. október í Hátíðasal skólans.

### Endurmenntun 30 ára

Farsælu starfi EHÍ síðustu ár var fagnað á 30 ára afmæli stofnunarinnar, en afmælisdagurinn var 12. september. Flutt voru erindi, þar sem kom m.a. fram að árlega sækja um 7 þúsund einstaklingar námskeið hjá stofnunni og fjöldi námskeiða sem eru í boði á hverju ári eru um 400 talsins. Sérstök ljósmyndasýning var haldin og staðið fyrir happdrætti, þar sem gjafabréf frá okkur að verðmætti 30.000 króna var í vinning. Einnig var veglegt afmælisblað gefið út. Þar var að finna upplýsingar um námskeið, myndir úr starfseminni í gegnum árin og viðtöl við ánægða nemendur og viðskiptavini. Blaðinu var dreift á öll heimili á höfuðborgarsvæðinu.

### Árni Magnússon 350 ára

Þann 13. nóvember voru liðin 350 ár frá fæðingu Árna Magnússonar. Var tímamótunum fagnað með margvíslegum hætti á árinu, ekki síst hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Hluti afmælisdagskrárinnar fór fram í hátíðasal háskólans í Aðalbyggingu á afmælisdeginum, 13. nóvember, þegar Annette Lassen flutti sérstakan hátíðafyrirlestur í Hátíðasalnum og bar hann titilinn Sagaer í samtiden: Árni Magnússons storsláede arv. Margrét Þórhildur II Danadrottning var viðstödd afmælisfyrirlesturinn ásamt miklu fjölmenni.

# Andlát

Hekla Sigmundsdóttir, dósent við námsbraut í lífeindafræði í Læknadeild Háskóla Íslands, lést 17. janúar 2013 á 44. aldursári. Hekla var ráðin lektor við Læknadeild íð árið 2009 og dósent árið 2010 en áður hafði hún unnið við rannsóknir á hlutverki stofnfruma í langvinnu mergfrumuhvítblæði á Rannsóknastofu í blóðmeinafræði á Landspítalanum. Hún kenndi og hafði umsjón með námskeiðum í blóðmeinafræði, aðferðafræði og sjúkdómafræði við námsbraut sína. Jafnframt leiðbeindi hún nemendum í diplómaverkefnum og meistaraverkefnum. Hekla tók virkan þátt í þróun námsbrautarinnar og var þar góður liðsstyrkur. Eftir Heklu liggja fjölmargar vísindagreinar og hlaut hún styrk úr Þorkelssjóði sem ungur og efnilegur vísindamaður árið 2009. Þá var hún eftirsóttur fyrirlesari á alþjóðlegum ráðstefnum.

Jón Reykdal, lektor við Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, lést 30. janúar 2013 68 ára að aldri. Jón var ráðinn stundakennari við Kennaraháskóla Íslands árið 1993 og lektor við sömu stofnun árið 2003, síðar Menntavísindasvið Háskóla Íslands eftir sameiningu stofnananna. Gegndi hann því starfi þar til hann lést. Áður hafði hann starfað sem kennari við ýmsa grunn- og framhaldsskóla í Reykjavík og jafnframt verið gestakennari í Finnlandi, kennari við Myndlista- og handíðaskóla Íslands um langt árabil og Listaháskóla Íslands 1999-2000. Jón var ekki síst mikilsvirkur myndlistarmaður, hélt fjölda einkasýninga og tók þátt í samsýningum bæði hérlendis og erlendis. Verk eftir Jón eru í eigu helstu opinberu safna hér á landi og safna á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum. Jón gegndi ýmsum félagsstörfum og sat í stjórnnum fjölmargra listasafna og listamannafélaga.

Árni Vilhjálmsson, prófessor emeritus í viðskiptafræði, lést 5. mars 2013 á 81. aldursári. Árni gegndi starfi prófessors við Viðskiptadeild Háskóla Íslands frá 1961 til 1998 og var á því tímabili kjörinn deildarforseti nokkrum sinnum. Hann gegndi jafnframt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir allmörg fyrirtæki, sem og öðrum trúnaðarstörfum skólann og deild sína og á 60 ára afmæli Viðskipta- og hagfræðideildar, á árinu 2001, fékk Árni heiðursviðurkenningu deildarinnar og var einnig kjörinn heiðursdoktor við deildina. Árni skrifaði nokkrar bækur, ritgerðir og greinar sem flestar fjölluðu um fjármál, reikningsskil og stjórnun fyrirtækja.

Sigfús Jóhann Johnsen, prófessor emeritus í jarðeðlisfræði, lést í Kaupmannahöfn 5. júní 2013 73 ára að aldri. Sigfús starfaði sem dósent í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, og síðar prófessor, um tveggja áratuga skeið og hélt síðan áfram rannsóknum sínum á djúpkjörnum úr Grænlandsjökli í Kaupmannahöfn í nánu samstarfi við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands. Hann tók þátt í 36 borleiðöngrum á jöklinum þar sem hann stjórnaði mörgum djúpbörnunum. Sigfús var heimskunnur fyrir framlag sitt til jöklarannsókna og hlaut fjölda alþjóðlegra viðurkenninga sem brautryðjandi við hönnun og smíði ísbora, sem og við öflun og túlkun margvíslegra vísindagagna á sviði eðlisfræði jökla og þróunar loftslagsbreytinga. Sigfús var kjörinn heiðursdoktor við Jarðvísindadeild Háskóla Íslands árið 2010 og jafnframt gerður að heiðursfélaga í Jöklarannsóknarfélagi Íslands. Sigfús er höfundur yfir 200 vísindagreina, þar af 35 greina í vísindatímaritunum Nature og Science.

Ólafur Höskuldsson, fyrrverandi lektor, lést 6. ágúst 2013 74 ára að aldri. Ólafur var stundakennari í Tannlæknadeild Háskóla Íslands 1972-1973 og lektor frá 1973 til 2005. Þá starfaði Ólafur sem tannlæknir í Reykjavík og á Akureyri um langt árabil. Ólafur gegndi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir félagasamtök tannlækna og var í ritstjórn alþjóðlegra vísindatímarita á sviði tannlæknisfræði og ritaði fjölmargar vísindagreinar á því sviði.

Bergþór Sigurðsson, fyrrverandi umsjónarmaður við Háskóla Íslands, lést 8. september 2013 85 ára að aldri. Bergþór, sem var menntaður gull- og silfursmiður, hóf störf hjá Háskóla Íslands í ágúst 1988

og var umsjónarmaður í VR II þar til hann lét af störfum fyrir aldurs sakir 1998. Eftir starfslok sinnti Bergþór ljósmyndun fyrir Háskóla Íslands við ýmis tækifæri fram til loka árs 2005.

Jón Rúnar Gunnarsson, fyrrverandi lektor í almennum málvísindum við Háskóla Íslands, lést 9. október 2013 tæplega 73 ára að aldri. Jón var lektor í samanburðarmálfræði við Óslóarháskóla 1970-1974. Á þeim árum skrifaði hann kennslubókina Málmyndunarfræði þar sem málfræðikeningum Noams Chomsky var fyrst beitt á íslensku. Árið 1975 var hann skipaður lektor í almennum málvísindum við Háskóla Íslands og gegndi því starfi uns hann lét af störfum fyrir aldurs sakir 2005. Jón var fyrsti kennarinn sem skipaður var í fullt starf í almennum málvísindum og hann byggði greinina upp. Eftir hann liggja merkar fræðiritgerðir og hann bryddaði upp á ýmsum nýjungum í starfi sínu. Hann var m.a. frumkvöðull í rannsóknum á máltöku íslenskra barna og ritstýrði í samvinnu við Indriða Gíslason safnritinu Mál og máltaka sem kom út 1980. Jón var einstakur málamaður og kunni fleiri tugi tungumála. Málakunnáttan nýttist vel þegar hann var fenginn til að vinna ásamt fleirum að nýrri íslenskri Biblíuþýðingu sem kom út fyrir nokkrum árum.

Agnar Ingólfsson, prófessor emeritus í líffræði, lést 10. október 2013 76 ára að aldri. Hann var dósent í dýrafræði við Háskóla Íslands 1970-1973 og síðar prófessor í vistfræði frá 1973 og gegndi hann því starfi til ársins 2007. Rannsóknarferill Agnars var langur og farsæll. Við upphaf starfsferils síns rannsakaði Agnar vistfræði fugla en eftir að Agnar hóf störf við Háskóla Íslands beindist áhugi hans fljótlega að sjávarlíffræði, einkum vistfræði fjöru og grunnsævis, og lauk hann þar undirstöðuverki sem birtist sem eitt bindi af safnritinu Zoology of Iceland. Agnar afkastaði mörgum ritverkum sem birtust á alþjóðavettvangi og var vel þekktur meðal vísindamanna á sínu sviði. Agnar Ingólfsson sinnti kennslu og rannsóknum af mikilli elju þrátt fyrir heilsubrest. Hann hafði einlægan félagslegan áhuga á fræðunum og á umhverfisvernd. Hann beitti sér fyrir stofnun Líffræðifélags Íslands og var fyrsti formaður þess

Þórhallur Vilmundarson, prófessor emeritus í sagnfræði, lést 27. nóvember 2013 89 ára að aldri. Þórhallur var skipaður prófessor í sögu Íslands árið 1961 og gegndi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir heimspekideild þar til hann tók við stöðu forstöðumanns Örnefnastofnunar við stofnun hennar árið 1969. Þar starfaði hann til 1998 er hann lét af störfum. Eftir Þórhall liggja ýmis ritverk um sagnfræðileg efni og nafnfræði. Fyrirlestrar Þórhalls um náttúrunöfn, dýrlingaörnefni og önnur kirkjuleg örnefni, sem hann hélt við Háskóla Íslands á árabílinu 1966-1995, vöktu mikla athygli, jafnt innan háskólasamfélagsins sem hjá öllum almenningi. Þorkell Jóhannesson, prófessor emeritus í lyfjafræði, lést 15. desember 2013 84 ára að aldri. Þorkell hóf störf við Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands árið 1966 og varð prófessor í lyfjafræði við Læknadeild 1968. Hann varð forseti Læknadeildar árið 1970 og varaforseti 1974. Þorkell var forstöðumaður Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði þar til hann lét af störfum við Háskóla Íslands fyrir aldurs sakir árið 1999. Í vísinda- og rannsóknastörfum sínum var Þorkell mrumkvöðull og byggði hann upp þjónusturannsóknastofu á sínu fræðasviði sem er enn með öflugustu rannsóknastofum Háskóla Íslands. Rannsóknir Þorkells spönnuðu vítt svið en fjölluðu einkum um ýmis eituráhrif lyfja og áhrif efna á miðtaugakerfið. Þá skrifaði hann nokkrar kennslubækur í lyfja- og eiturefnafræði.

# Vísindavaka



Member of  
AGA Group | AGA  
SAGA ehf

VIÐURKENNING  
FYRIR  
VÍSINDAMIDLUN  
2013  
Sprengjugengi Háskóla Íslands

Þýttur vísindamennskaþróun  
Halldóra Jónsdóttir



# Opinn háskóli

## Háskóladagurinn – Opið hús í Háskóla Íslands

Háskóladagurinn 2013 var þann 9. mars og þá bauð Háskóli Íslands að venju landsmönnum á öllum aldri í heimsókn með ótal viðburðum, kynningum og uppákomum sem sýna starfsemi skólans og vísindin í litríku og lifandi ljósi. Námsframboð háskólans var kynnt, sem og önnur starfsemi og þjónusta, og boðið var upp á að gestir skoðuðu rannsóknastofur, tæki, búnað og húsakynni. Á staðnum voru vísindamenn og nemendur úr öllum deildum skólans til að svara spurningum gesta, námsráðgjafar voru til viðtals og kynnt var sú margþætta þjónusta og litríka félagslíf sem stúdentum Háskóla Íslands stendur til boða. Kynningarnar fóru fram á Háskólatorgi, í Aðalbyggingu og Öskju og í Háskólabíói var vísindasmiðja Háskóla Íslands opin og þar var sprengjugengið einnig með sýningar sem vöktu lukku eins og jafnan. Stjórnverið í Öskju bauð upp á sýningar og víða um háskólasvæðið var lifandi tónlist og ýmis skemmtiatriði, m.a. á vegum Háskólakórsins, Kvennakórs Háskóla Íslands, Háskóladansins, Stúdentaleikhússins, Húsbands Stúdentakjallarans og á vegum einstakra fræðasviða. Í Háskólabíói kynntu hinir opinberu háskólarnir einnig námsleiðir sínar.

## Háskóli unga fólksins

Háskóli unga fólksins (HUF) var haldinn í tíunda skipti dagana 10. – 14. júní. Allir nemendur í 6. – 10. bekk í grunnskóla gátu sótt um en ríflega 300 pláss voru í boði. Sem fyrr voru ótal námskeið í boði af öllum fræðasviðum Háskóla Íslands fyrir unga og fróðleikspyrsta nemendur. HUF hefur verið starfræktur hvert sumar frá árinu 2004. Fróðleiksfúsir og fjörugir krakkar hafa þá lagt undir sig háskólasvæðið og sett einstakan svip á umhverfið. Hægt er að fylgjast með Háskóla unga fólksins á Facebook. Sjá líka kafla um Vísindamiðlun.

## Bakhjarlar Vísindavefsins

Í desember undirrituðu Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, Bryndís Hrafnkelsdóttir, forstjóri Happraættis Háskóla Íslands, og Jón Gunnar Þorsteinsson, aðalritstjóri Vísindavefs Háskóla Íslands, samning um áframhaldandi stuðning við rekstur Vísindavefsins til næstu þriggja ára. Samningurinn felur í sér að bæði Háskóli Íslands og Happraætti Háskóla Íslands leggja Vísindavefnum til ákveðið rekstrarfé á ári hverju og kemur samningurinn í stað eldri samnings milli aðilanna sem rann út í árslok. Með þessu er Vísindavef Háskóla Íslands tryggður öruggur starfsgrundvöllur næstu árin. Vísindavefur Háskóla Íslands hefur verið starfræktur frá árinu 2000 og hefur hann sannað sig sem einn mikilvægasti vettvangur vísindamiðlunar fyrir fróðleiksfúsan almenning jafnt sem fræðasamfélagið. Vísindavefurinn er í hópi vinsælustu vefsetra landsins, samkvæmt vefmælingu Modernusar var hann 18. vinsælasti vefur landsins árið 2013, en rúmlega hálf milljón gesta heimsækir vefinn árlega og að meðaltali rúmlega 20.000 gestir í hverri viku. Á hverju ári birtir Vísindavefurinn um 500–700 svör við spurningum almennings um vísindi og á honum er núna að finna rúmlega 10.000 svör við spurningum gesta. Duglegustu spyrjendur Vísindavefsins eru börn og unglingar og hann gegnir miklu hlutverki í að efla vísindalæsi landsmanna.

Vísindavefurinn sinnir fjölmörgum öðrum verkefnum sem tengjast vísindamiðlun, svo sem bókaútgáfu, myndbandagerð, Háskóla unga fólksins og Vísindasmiðju Háskóla Íslands. Fræðsla vefsins, sem beint er til æskufólks og almennings, snýr jafnframt að því að efla vísindi og háskólamenntun í landinu í nútíð og framtíð.

## Vísindavaka

Hin árlega vísindavaka Rannís var haldin 27. september í Háskólabíói og lék Háskóli Íslands þar stórt hlutverk að vanda. Þema vökunnar í ár voru norðurslóðir og þar kynntu fjölmargar deildir og stofnanir skólans rannsóknir sínar. Vísindavaka fer fram samtímis um alla Evrópu. Almennungi gafst þar kostur á að hitta nemendur skólans og vísindamenn í ýmsum greinum og kynnst viðfangsefnum þeirra. Fjallað var um þema vökunnar frá margvíslegu sjónarhorni, t.d. um loftslagsmál á norðurslóðum, breytingar á hafis og jöklum, áhrif hlýnandi veðurfars á byggð á norðurslóðum, atvinnu, samfélag, menningu, öryggi, ferðaþjónustu og umhverfismál á svæðinu. Læknanemar kynntu endurlífgun í kulda og fleiri heilsufarsmál voru til umfjöllunar, sem og tungumál og félagsráðgjöf í tengslum við svæðið. Vísindabíói var sýnt í sýningarsölum bíósins og Vísindasmiðja háskólans var opin gestum og gangandi. Vísindavefurinn og Evrópuvefurinn voru einnig á svæðinu til að svara spurningum sem sneru að viðfangsefni vökunnar.

## Biophilia-verkefnið

Háskóli Íslands hélt áfram vinnu og þróun á Biophilia-menntaverkefninu í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og Björk Guðmundsdóttur listakonu. Inni í stórbrotinni veröld Biophilia-verkefnisins læra nemendur m.a. á snertivirk smáforrit (e. App) sem eru hin fyrstu sinnar tegundar í heiminum. Markmiðið með þessum nýstárlegu vísinda- og tónfræðismiðjum er að kveikja áhuga og forvitni ungs fólks á vísindum, lífinu og umheiminum í sinni víðustu mynd og standa vonir til þess að Biophilia-menntaverkefnið geti haft áhrif á hefðbundna kennsluhætti. Mikil undirbúnings- og þróunarvinna fór fram í tengslum við verkefnið vegna formennskuárs Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2014 og tók Guðrún Bachmann þátt í þeirri vinnu fyrir hönd HÍ.

## Japanshátíð

Árleg Japanshátíð var haldin 2. febrúar á Háskólatorgi. Hátíðin er skipulögð í samvinnu sendiráðs Japans á Íslandi og nemenda í japönsku máli og menningu á Hugvísindasviði. Í ár voru tíu ár liðin síðan kennsla í japönsku hóf göngu sína við háskólann og því var hátíðin enn veglegri en hefð er fyrir. Neðri hæð Háskólatorgs var undirlögð af þéttri dagskrá þar sem gestum og gangandi gafst kostur á að kynna sér ýmsa siði, venjur og dægurmenningu úr japönsku samfélagi. Það voru nemendur í japönsku máli og menningu við Hugvísindasvið sem lögðu fram langstærstan skerf til skipulagningar hátíðinni. Félagsskapur fólks af japönskum uppruna á Íslandi lagði einnig hönd á plóg og stóð meðal annars fyrir japanskri teathöfn og japönskum blómaskreytingum (ikebana) og ýmis félög voru með sýningar á budo (bardagaíþróttum). Keppt var um glæsilegasta og frumlegasta cosplay-búninginn og gestir gátu kynnt sér manga-teikningu, spreytt sig í pappírsmenningu (origami) og leikið sér með hefðbundnum japönskum barnaleikföngum. Þá var enn fremur hægt að nálgast upplýsingar um japönskunám við háskólann og námsstyrki sem í boðið eru til skiptináms við japanska háskóla.

## Kínversk nýárshátíð og kvikmyndasýningar

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Sendiráð Kína á Íslandi og nokkur félög buðu til kínverskrar nýárshátíðar á Háskólatorgi 10. febrúar í tilefni af komu árs snáksins 2013 að kínverskri hefð. Á dagskrá var dregadans, tónlist og kínversk bardagalist og gestir áttu kost á að bragða kínverskan mat og te. Einnig gafst þeim tækifæri á að reyna sig í kínverskri skrautskrift og taiji-leikfimi. Þeir gátu lært að hnýta kínverskan lukkuhnút og yngri kynslóðinni var kennt að syngja kínverska barnasöngva.



Enn fremur má nefna að Konfúsíusarstofnunin Norðurljós efndi að jafnaði tvisvar í mánuði á skólaárinu til sýninga á þekktum kínverskum kvikmyndum og vönduðum heimildamyndum um Kína (m.a. Villta Kína í sex hlutum frá BBC) í Öskju. Þessar sýningar voru öllum opnar.

## Tónleikar

Háskólatónleikar voru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði yfir vetrartímamann, í hádeginu á miðvikudögum. Oftast voru þeir haldnir í Hátíðasal skólans í Aðalbyggingu en stöku sinnum í háskólakapellunni.

- 23. janúar frumfluttu Hallfríður Ólafsdóttur flautuleikari, Daði Kolbeinsson óbóleikari og Peter Maté píanóleikari verk eftir Huga Guðmundsson. Á dagskránni voru einnig verk eftir Jacques Ibert og Madeleine Dring.
- 27. febrúar lék Gunnhildur Daðadóttir á fiðlu verk eftir Tryggva M. Baldvinsson, Peter Zimmerli (frumflutningur) og Fritz Kreisler. Verk Tryggva var skrifað fyrir Gunnhildi og hafði aðeins verið flutt einu sinni áður en það var flutt á þessum háskólatónleikum, en það var á útskriftartónleikum hennar.
- 20. mars flutti hópurinn Fimm í tangó nýja og nýlega íslenska tangótónlist við ljóð íslenskra skálda. Hópurinn skipa: Ágúst Ólafsson, söngur, Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanó, Helga Kristbjörg Guðmundsdóttir, harmónika, Íris Dögg Gísladóttir, fiðla, og Kristín Lárusdóttir, selló.
- 9. október flutti Íslenski saxófónkvartettinn verk eftir Erkki-Sven Tüür og Philip Glass. Hvorugt verkanna hafði verið flutt áður hérlendis. Kvartettinn skipa saxófónleikararnir Vigdís Klara Aradóttir, Sigurður Flosason, Peter Tompkins og Guido Bäumer.
- 23. október fluttu klarínnettuleikararnir Ármann Helgason og Einar Jóhannesson verk eftir Francis Poulenc og Bernhard Crusell, sem og smáverkið Bagatella (frá 1980) eftir Áskel Másson, sem var í þetta sinn flutt í fyrsta sinn hérlendis, og verkið Spil III (frá 2013) eftir Elínu Gunnlaugsdóttur, sem var skrifað fyrir klarínnettuleikarana sem léku á þessum tónleikum.
- 27. nóvember voru íslensk þjóðlög í útsetningu Þorkels Sigurbjörnssonar flutt á háskólatónleikum. Sigurjón Bergþór Daðason klarínnettuleikari, Þórunn Harðardóttir víóluleikari og Eva Þyri Hilmarsdóttir píanóleikari fluttu verkin.

Kvennakór Háskóla Íslands starfaði einnig reglubundið og hélt tónleika og efndi til samsöngs við ýmis tækifæri. Þá starfaði Háskólakórinn á vegum stúdenta sem endranær og kom að venju fram við brautskráningar, auk annarra tilefna.

## Alþjóðadagur Háskóla Íslands

Alþjóðavika Háskóla Íslands stóð yfir vikuna 4.–8. nóvember og þá voru haldnar kynningar víðs vegar um skólann til að kynna nemendum þá möguleika á námi erlendis sem þeim standa til boða. Háskóli Íslands starfar með háskólum víða um heim og árlega nýta sér fjölmargir það samstarf til að taka hluta af námi sínu erlendis og kynnast nýju umhverfi. Fulltrúar frá Skrifstofu alþjóðasamskipta og verkefnastjórar alþjóðamála á fræðasviðum skólans sinntu nemendum og bentu þeim á þau atriði sem þeir þurfa að hafa í huga, bæði fyrir skiptinámið og að því loknu. Alþjóðadagur Háskóla Íslands var síðan haldinn fimmtudaginn 7. nóvember á Háskólatorgi með margvíslegum kynningum og uppákomum. Þar gátu stúdentar rætt við erlenda skiptinema, fyrrverandi skiptinema, fulltrúa sendiráða, ræðismannsskrifstofa og ýmissa stofnana sem sinna alþjóðasamskiptum. Í tengslum við kynningarnar og í kjölfar þeirra voru ýmis skemmtiatriði og uppákomur, svo sem happdrætti, alþjóðlegt barsvar, alþjóðleg tónlist og fleira.

# Fyrirlestrar og fyrirlestraraðir

## Fyrirtæki verður til – fyrirlestraröð um nýsköpun og stofnun fyrirtækja í boði Háskóla Íslands

Í janúar var fram haldið fyrirlestraröðinni „Fyrirtæki verður til“, sem hleypt var af stokkunum með fyrsta fyrirlestrinum í nóvember 2012. Þar fjölluðu frumkvöðlar og stjórnendur íslenskra fyrirtækja um hvernig nýsköpun getur fætt af sér atvinnuskapandi starfsemi. Fyrirlesarar útskýrðu frumhugmyndirnar, hvernig fyrirtækin urðu til, hvaða hindranir þurfti að yfirstíga í fyrstu og á langri leið. Jafnframt viku þeir að því hvernig fyrirtækin hafa lagað sig að nýjum aðstæðum eða tekið gríðarlegum breytingum frá því að þau hófu fyrst rekstur. Markmið Háskóla Íslands með fyrirlestraröðinni var að auka vitund almennings, stúdenta og starfsmanna háskólans um gildi nýsköpunar- og frumkvöðlastarfs ásamt því að ýta undir hugmyndir, verkefni og sprotafyrirtæki sem verða ný aflstöð í atvinnulífinu.

Fyrirlestrarnir voru:

- Frá Pharmaco til Actavis  
Þessi annar fyrirlestur í röðinni, sem nefndist Frá Pharmaco til Actavis, var haldinn 22. janúar og var helgaður lyfjafyrirtækinu Actavis sem áður nefndist Pharmaco. Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, forstjóri Actavis á Íslandi, fór yfir sögu fyrirtækisins allt frá því að Innkaupasamband apótekara, Pharmaco, var stofnað þar til fyrirtækið var orðið þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki í heimi með eitt þúsund milljarða króna árlega veltu og starfsemi í 60 löndum í fimm heimsálfum. Fyrirlesturinn var vel sóttur eins og fyrsti fyrirlesturinn í röðinni í nóvember á fyrra ári.
- Veruleiki sýndarveruleikans – Sagan um vöxt og velgengni CCP  
Í þessum fyrirlestri fjallaði Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri tölvuleikjafyrirtækisins CCP, um sögu fyrirtækisins og hraðan vöxt í þriðja erindi fyrirlestraraðarinnar 13. febrúar. Hann sagði frá stofnun CCP árið 1997 og hvernig fyrirtækið hefur vaxið á undraverðum hraða. Rúmlega 500 manns störfuðu hjá því þegar Hilmar hélt fyrirlesturinn, þar af um 300 í höfuðstöðvunum á Íslandi. Auk þess hefur fyrirtækið starfsstöðvar í Atlanta, Newcastle, San Fransisco og Shanghai. CCP hefur unnið til margvíslegra alþjóðlegra verðlauna fyrir EVE Online og þá hefur félagið einnig hlotið ýmsar viðurkenningar innanlands, þar á meðal Nýsköpunarverðlaun Rannís og Útflutningsráðs Íslands og Útflutningsverðlaun forseta Íslands. Fyrirtækið er þekktast fyrir fjölspilunarnetleikinn EVE Online sem hóf göngu sína árið 2003. Leikurinn er sá eini sinnar tegundar þar sem áskrifendum hefur fjölgað árlega en þeir voru yfir 450.000 þegar fyrirlesturinn var fluttur snemma árs 2013. Hilmar sagði einnig frá að fyrirtækið stefndi á útgáfu skotleiksins DUST 514 fyrir PlayStation 3 leikjavélar og væri einnig með leikinn World of Darkness í þróun.
- Saga Meniga fyrstu fimm árin: Frá stofnun til leiðandi stöðu  
Georg Lúðvíksson, framkvæmdastjóri og einn stofnenda hugbúnaðarfyrirtækisins Meniga, fór yfir sögu fyrirtækisins frá hugmyndstigi til dagsins í dag í fyrirlestri 29. október. Saga Meniga er stutt en viðburðarík. Fyrirtækið var stofnað í kjölfar efnahagshrunsins vorið 2009 og hefur vöxtur þess verið ævintýri líkastur. Meniga er nú markaðsleiðandi á sviði heimilisfjármála- og netbankalausna í Evrópu. Yfir 15 bankar í 11 löndum nýta sér hugbúnað og ráðgjöf frá Meniga og hafa um 10 milljónir manna aðgang að lausnum fyrirtækisins. Starfsmenn voru rúmlega 60, þegar Georg talaði í október, og gerði hann ráð fyrir áframhaldandi örum vexti fyrirtækisins. Meniga hlaut Vaxtarsprotann 2013 sem er viðurkenning fyrir öflugna uppbyggingu srotafyrirtækis undanfarið ár. Fyrirtækið nær tífaldaði sölutekjur sínar milli árunna 2011 og 2012. Þá hefur fyrirtækið hlotið fleiri viðurkenningar bæði innanlands og utan á síðustu árum.

- Vísindi og nýsköpun í augsýn – Risk, Oculis og Oxymap  
Einar Stefánsson, prófessor í augnlækningum, fjallaði í fyrirlestri 20. nóvember um tilurð þriggja sprotafyrirtækja sem öll hafa sprottið úr frjóum jarðvegi Háskóla Íslands og tengjast rannsóknum í augnlækningum. Fyrirtækin eru Risk ehf., Oculis ehf. og Oxymap ehf. Einar kemur við sögu við tilurð fyrirtækjanna þriggja en hann er jafnframt mikilvirkur vísindamaður á sviði augnlækninga. Einar hefur beitt sér sérstaklega í nýsköpun og stofnun sprotafyrirtækja sem byggja á vísindalegum grunni. Hann fór yfir fæðingu allra fyrirtækjanna í fyrirlestri sínum og ræddi um tengsl vísinda og nýsköpunar.

## **Evrópumálaráðherra Bretlands heldur erindi**

David Lidington, Evrópumálaráðherra Bretlands, var framsögumaður á opnum umræðufundi í Hátíðasal Háskóla Íslands 20. júní í boði Háskóla Íslands og breska sendiráðsins á Íslandi. Erindi Lidingtons nefndist The UK and Europe – Our Road Ahead. David Lidington hefur setið á breska þinginu fyrir Íhaldsflokkinn frá árinu 1992 en tók við embætti Evrópumálaráðherra í maí 2010. Eftir erindi ráðherrans fóru fram pallborðsumræður sem Ólafur Þ. Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins, stýrði. Þátttakendur í pallborðinu voru, auk Lidingtons, Guðni Th. Jóhannesson, lektor í sagnfræði við Háskóla Íslands, Sigrún Davíðsdóttir, fréttamaður á RÚV, og Svana Helen Björnsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins.

Rannsóknir á norðurljósum á Íslandi í 30 ár

Natsuo Sato, prófessor við Pólrannsóknastofnun Japans, hélt fyrirlestur um rannsóknir japanskra og íslenskra vísindamanna á norðurljósum þann 4. september. Japanska Pólrannsóknastofnunin og Raunvísindastofnun Háskólans hafa starfað saman undanfarin 30 ár við athuganir á norðurljósum, sérstaklega gagnstæðum segulljósum, á þremur stöðum á Íslandi og í rannsóknastöð Japana í Syowa á Suðurskautslandinu. Í erindinu fjallaði Sato almennt um norðurljós, gagnstæð segulljós og þrjátíu ára sögu norðurljósarannsókna Japana á Íslandi, sem og fyrirbæri eins og norðurljósaslit, norðurljósaþerlur og blikótt norðurljós.

## **Nóbelsverðlaunahafi fjallar um öreindafræði**

David Gross, prófessor í eðlisfræði við Kavli-stofnunina í Kaliforníuháskóla í Santa Barbara í Bandaríkjunum og handhafi Nóbelsverðlauna í eðlisfræði árið 2004, flutti fyrirlestur um nýjustu rannsóknir í öreindafræði og strengjafræði þann 10. september. Gross efndi fyrirlestur sinn Grundvallareðlisfræði framtíðarinnar og fjallaði hann um innstu gerð efnisheimsins og víxlverkanir milli efnisagna. Fór Gross almennt yfir stöðu þekkingar í öreindafræði og fjallaði ekki síst um uppgötvanir sem tengjast Large Hadron Collider hraðlinum í Cern og ræddi um stöðu strengjafræðinnar.



# Gjafir

## Myndir og efni frá Ármanni Snævarr

Erfingjar Ármanns Snævarr færðu skólanum ýmislegt efni, skjöl og ekki síst myndir, úr dánarbúi Ármanns sem tengdist rektorstíð hans. Voru þar m.a. margar myndir úr einkasafni Ármanns frá þessum tíma og eru skjölin og myndirnar varðveitt á skjalasafni skólans.

## Nýbreytni

### Breytt skipulag miðlægrar stjórnsýslu

Háskólaráð samþykkti í árslok 2012 að breyta skipulagi stoðþjónustu alþjóðamála og rannsókna og tók það gildi 1. janúar 2013. Ýmis verkefni, sem voru á hendi háskólans samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið (Landsskrifstofa menntaáætlana), voru færð til Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís) frá sama tíma. Jafnframt var hluti verkefna Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands færður til Rannís. Enda þótt Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins og Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands væru lagðar formlega niður innan háskólans hinn 31. desember 2012 var miðað við að innleiðing nýs skipulags stoðþjónustu alþjóðamála og rannsókna í háskólanum færi fram á vormisseri 2013 og kæmi til fullrar framkvæmdar frá og með 1. júlí 2013.

### Skrifstofa alþjóðasamskipta

Í ársbyrjun var skipulagi stoðþjónustu alþjóðamála breytt. Ákveðin verkefni sem voru á hendi háskólans samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið (Landsskrifstofa menntaáætlana) voru færð til Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís). Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands starfar áfram með breyttum áherslum og nýju skipulagi undir nýju heiti, Skrifstofa alþjóðasamskipta Háskóla Íslands. Markmiðið með breytingunni er m.a. að efla og styrkja þjónustu við alla erlenda stúdenta háskólans í stað þess að skiptinemar njóti forgangs. Jafnframt er markmiðið að efla og styrkja þjónustu við starfsmenn háskólans og erlenda samstarfsaðila í samvinnu við aðrar skipulagseiningar skólans. Hluti starfsfólks Alþjóðaskrifstofu fluttist með verkefnum Landsskrifstofu til Rannís en aðrir starfsmenn skrifstofunnar eru áfram starfsmenn Háskóla Íslands á Skrifstofu alþjóðasamskipta skólans, sem er, eftir sem áður, til húsa á Háskólatorgi. Friðrika Harðardóttir er áfram forstöðumaður skrifstofunnar.

### Vísinda- og nýsköpunarsvið

Umsýsla verkefna er tengjast rannsóknum og þjónustu við akademíska starfsmenn háskólans, sem áður var á vettvangi Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, færðist til vísindasviðs skólans. Starfsemin var endurskipulögð, m.a. í samvinnu við Miðstöð framhaldsnáms og kennslusvið. Heiti vísindasviðs í miðlægrri stjórnsýslu var enn fremur breytt í vísinda- og nýsköpunarsvið. Hluti starfsfólks Rannsóknþjónustunnar fluttist með verkefnum til Rannís en meginþorri þess heldur áfram störfum á nýrri deild á vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands, sem verður til húsa í Tæknigarði, eins og Rannsóknþjónustan var. Halldór Jónsson er áfram sviðsstjóri hins endurskipulagða sviðs.

### Innsetningarathafnir og kynningarfyrirlestrar

Árið 2012 var bryddað upp á þeirri nýbreytni á Verkfræði- og náttúruvísindasviði að halda upp á framgang eða ráðningu nýrra prófessora og vísindamanna með sérstakri innsetningarathöfn. Fleiri fræðasvið tóku þennan sið upp árið 2013, s.s. Heilbrigðisvísindasvið og Menntavísindasvið (þótt

Hafdís Guðjónsdóttir héldi sinn kynningarfyrirlestur ekki fyrr en í ársbyrjun 2014). Athafnirnar hefjast gjarnan með stuttu yfirliti yfir helstu störf viðkomandi prófessors eða vísindamanns en síðan tekur hann við og flytur erindi um feril sinn og störf og framtíðarsýn í kennslu og rannsóknum. Tilgangur kynningarfyrirlestranna er að vekja athygli á hinum nýja prófessor, störfum hans og áherslum, og auka tengsl og samstarf innan skólans, jafnframt því sem sviðin vilja að hefja prófessorsstarfið til vegsemdar. Enn fremur fengu umsækjendur um stöðu prófessors við Læknadeild og yfirlæknis í fæðinga- og kvensjúkdómafræði tækifæri til að kynna rannsóknafélag sinn og sýn á uppbyggingu og starfsemi fræðigreinar sinnar í fyrirlestrum sem deildin boðaði til.

## Ný námsleið í kennslufræði fyrir iðnmeistara

Á árinu var stofnuð ný námsleið til bakkalárgráðu við Menntavísindasvið sem sérstaklega er ætluð þeim sem hafa lokið fullgildu lokaprófi í sinni starfsgrein (eru með meistarabréf þar sem það á við). Námið er fræðilegt og starfstengt 120 eininga B.Ed.-nám í kennslufræði verk- og starfsmenntunar og með því er tekin 60 eininga aukagrein til bakkalárgráðu (alls 180 einingar). Hluti námsleiðarinnar inniheldur sama efni og tekið er í grunndiplómanámi í kennslufræði fyrir iðnmeistara en er þó sérstaklega ætlað þeim sem þegar hafa lokið grunndiplómunámi í kennslufræði fyrir iðnmeistara.

## Annað

### Kennslumálþing

Kennslumálanefnd háskólans, gæðanefnd skólans, Stúdentaráð og Kennslumiðstöð Háskóla Íslands héldu málþing um kennslu og gæði hennar undir yfirskriftinni Fjölbreyttir kennsluhættir – Hvernig eflum við saman gæði náms og kennslu? 1. mars í Hátíðasal og víðar í Aðalbyggingu. Málþingið var opið kennurum og nemendum um nýja tækni í kennslu, fjölbreytta kennsluhætti og eflingu gæða náms og kennslu. Framsöguerindi voru flutt og síðan voru umfjöllunarefni þingsins rædd og krufin í sex málstofum. Aðsókn var góð og umræður gagnlegar og uppbyggjandi.

### Háskólahlaupið

Ríflega 200 manns tóku á rás í Háskólahlaupinu í blíðskaparveðri þann 8. maí. Hlaupið markaði lok heilsumánaðar starfsmanna háskólans. Hlaupið var þó ekki eingöngu opið starfsmönnum heldur einnig nemendum og velunnurum skólans. Þátttakendur gátu valið um að ganga, skokka eða hlaupa þriggja eða sjö kílómetra vegalengd og var þetta sjöunda árið í röð sem hlaupið er samkvæmt því fyrirkomulagi. Tímataka var einungis í boði á sjö kílómetra leiðinni og sú nýbreytni var tekin upp í ár að veita viðurkenningu fyrir besta tímann og sömuleiðis fyrir að vera fyrst(ur) í mark á þriggja kílómetra leiðinni. Kristján Godsk Rögnvaldsson (9:52) og Carolin Unger (14:47) voru fyrst í mark í þriggja kílómetrahlaupinu en Arnar Pétursson (24:30) og Katrín Lilja Sigurðardóttir (30:30) fyrst í sjö kílómetra hlaupinu. Þá var slegið á léttari strengi og ákveðið að veita viðurkenningu fyrir frumleika, hlaupastíl, útlit, hvatningu frá áhorfendum og annað sem fangaði hug dómnefndar.



UNIVERSITATIS ISLANDIAE  
SIGILLUM

MICHELIN  
31

MICHELIN  
65

63

58

# Starfsnefndir háskólaráðs

## Fjármálanefnd

Háskólaráð skipar fjármálanefnd. Rektor tilnefnir formann. Guðmundur R. Jónsson prófessor sat áfram sem formaður á árinu 2013. Fræðasviðin skipa aðra nefndarmenn og sitja forsetar fræðasviðanna í nefndinni: Ástráður Eysteinnsson fyrir Hugvísindasvið, Jón Torfi Jónasson á vormisseri og Jóhanna Einarsdóttir á haustmisseri fyrir Menntavísindasvið, Hilmar Bragi Janusson fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið, Ólafur Þ. Harðarson á vormisseri og Daði Már Kristófersson á haustmisseri fyrir Félagsvísindasvið og Inga Þórsdóttir fyrir Heilbrigðisvísindasvið. Með fjármálanefnd starfaði Jenný Bára Jensdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs. Ritari var Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi.

Nefndin hélt 18 fundi á árinu, 9 á vormisseri og 9 á haustmisseri.

Helstu verkefni nefndarinnar eru:

- að vera rektor, háskólaráði og háskólafundi til ráðuneytis um hvað eina sem lýtur að fjármálum og rekstri háskólans,
- að hafa umsjón með samningum háskólans við menntamálaráðuneyti um fjármögnun kennslu og rannsókna,
- að vinna fjárhagsáætlun háskólans fyrir rektor sem ber hana undir háskólaráð til samþykktar,
- að gera tillögu um fjárlagaerindi háskólans,
- að fylgjast með afgreiðslu menntamálaráðuneytis á fjárlagaerindi skólans og vera rektor til ráðuneytis um frekari rök til að fylgja erindinu eftir,
- að gera tillögu til rektors og háskólaráðs um deililíkon sem notuð eru við skiptingu fjárveitinga á milli deilda, stofnana og stjórnarsýslueininga,
- að yfirfara ársreikning háskólans,
- að gera tillögu til rektors og háskólaráðs um skiptingu aukafjárveitinga á milli deilda, stofnana og stjórnarsýslueininga,
- að leiðbeina deildum, stofnunum og stjórnarsýslueiningum við gerð fjárhagsáætlana,
- að móta fjárhagsáætlun háskólans á grundvelli þessara fjárhagsáætlana og stefnumörkunar rektors og háskólaráðs,
- að framkvæma innra eftirlit með því að útgjöld deilda, stofnana og stjórnarsýslueininga fari ekki fram úr fjárveitingum,
- að stuðla að umræðum og málþingum innan háskólans og utan um fjármál og rekstur háskólans.

Fjármálanefnd útbjó fjárlagaerindi fyrir árið 2014, vann að frekari endurskoðun deililíkans og gerði tillögu til háskólaráðs um skiptingu fjárveitingar ársins 2014 milli sviða og annarra skipulagseininga.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014 var gert ráð fyrir 1,5% almennum sparnaði í rekstri Háskóla Íslands. Á móti kom að í tilefni aldarafmælis skólans fékk skólinn hækkun á Aldarafmælisjóði á árinu 2013 í 400 m.kr. með loforði um 700 m.kr. á árinu 2014. Niðurskurður á fjárveitingum á sama tíma og nemendum fjölgaði gerði vinnu fjármálanefndarinnar umfangsmikla og erfiða í þröngri fjárhagsstöðu.

Fjárveitingar til fræðasviðanna taka mið af árangri í kennslu og rannsóknum. Árangur í kennslu vegur þungt og eru þreyttar einingar að 8/10 hlutum miðaðar við þá grein sem viðkomandi námskeið er kennt í en að 2/10 hlutum við heimagrein nemanda. Vægi kennslu í deililíkani ársins 2013 er 57,3% og óx úr 54,5% frá árinu 2012. Fjárveitingar til rannsókna taka mið af fjölda útskrifaðra meistaranema og doktorsnema, fjölda rannsóknastiga kennara og árangri við að afla innlendra og erlendra styrkja úr



samkeppnissjóðum og annarra styrkja. Vægi rannsókna var svipað á milli ára eða 25,5% árið 2012 og 25,4% árið 2013.

Sérstaklega hefur verið hugað að stöðugleika deililíkansins og var tryggt að skerðing á fjárveitingu til einstakra fræðasviða yrði ekki meiri en 3% að raungildi. Fyrir vikið jukust fjárveitingar að krónutölu um 0% til 7,8%, minnst hjá Menntavísindasviði (þ.e. fjárveitingin stóð þar í stað) en mest hjá Félagsvísindasviði. Innan deililíkansins er húsnæðislíkan sem hvetur til aukinnar hagræðingar við nýtingu húsnæðis. Nýting húsnæðisins er með þeim hætti að mismunandi einingar skólans (svið/deildir) fá fjárveitingu til að mæta húsnæðiskostnaði en um leið geta þær skilað húsnæði og þar með lækkað kostnað og sparað í þessum útgjaldalið án þess að fjárveitingin lækki. Húsnæðislíkanið var innleitt í áföngum og að fullu tekið í notkun árið 2013.

Rekstur Háskóla Íslands var í jafnvægi á árinu. Heildartekjur námu 15.577 m.kr. og halli af rekstri var 25 m.kr. samanborið við 8 m.kr. afgang árið áður. Hallinn sem hlutfall af heildartekjum nam 0,2%.

## Jafnréttisnefnd

Jafnréttisnefnd hélt 11 fundi á árinu og nefndin var þannig skipuð í loks árs 2013:

- Hrefna Friðriksdóttir, dósent í Lagadeild, formaður, skipuð af rektor án tilnefningar
- Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, tilnefnd af Hugvísindasviði
- Karl Örn Karlsson, lektor við Tannlæknadeild, tilnefndur af Heilbrigðisvísindasviði
- Samúel Currey Lefever, dósent við Kennaradeild, tilnefndur af Menntavísindasviði
- Gunnar Stefánsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, tilnefndur af Verkfræði- og náttúruvísindasviði
- Gyða Margrét Pétursdóttir, lektor við Stjórn málafræðideild, tilnefnd af Félagsvísindasviði
- María Rut Kristinsdóttir, fulltrúi stúdenta

Með nefndinni starfaði Arnar Gíslason jafnréttisfulltrúi fyrri hluta árs en Svandís Anna Sigurðardóttur leysti Arnar af frá hausti þegar hann fór í ársleyfi. Ritari nefndarinnar var Kolbrún Einarsdóttir, verkefnisstjóri á kennslusviði.

Meðal þeirra málefna sem rædd voru á fundum nefndarinnar voru samþætting jafnréttissjónarmiða og samstarf í jafnréttismálum og jafnframt var unnið að jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2013–2017. Vinnu við verklagsreglur um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni í Háskóla Íslands, sem hófst árið 2012, var haldið áfram á árinu.

Jafnréttisnefnd styrkti tvö verkefni á árinu, annars vegar norræna ráðstefnu á sviði karlafræða í tengslum við formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, sem haldin var í Háskóla Íslands og Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti, sem Stúdentaráð Háskóla Íslands tók þátt í.

Hinir árlegu jafnréttisdagar voru haldnir í fimmta sinn dagana 7.–18. október. Dagarnir voru fjölbreyttir og í boði voru margvíslegir fyrirlestrar, erindi og málstofur ásamt kvikmyndasýningu, tónlist, spjalli, „pub quiz“, gjörningum o.fl. Meðal fyrirlestra var Hinn þráláti kynjamunur: konur og karlar í íslensku háskólasamfélagi og Raunvísindi og kynjahlutföll – Óhagganlegt lögmál? Nánari upplýsingar um jafnréttisdagana má nálgast á meðfylgjandi vefslóð:  
[http://www.hi.is/adalvefur/jafnrettisdagar\\_0](http://www.hi.is/adalvefur/jafnrettisdagar_0).

## Kennslumálanefnd

Kennslumálanefnd var óbreytt frá fyrra ári og í henni sátu Róbert H. Haraldsson, formaður, Björn Guðbjörnsson, Heilbrigðisvísindasviði, Hafdís Ingvarsdóttir, Menntavísindasviði, Hjálmtýr Hafsteinsson, Verkfræði- og náttúruvísindasviði, Sif Einarsdóttir, Félagsvísindasviði, Sveinn Yngvi Egilsson, Hugvísindasviði og Stefán Þór Helgason, fulltrúi stúdenta. Guðrún Geirsdóttir, formaður stjórnar Kennslumiðstöðvar, Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs, og Hreinn Pálsson prófstjóri sátu fundi nefndarinnar og unnu með henni. Við upphaf haustmíssis tók Ingvar Sigurgeirsson sæti í nefndinni sem fulltrúi Menntavísindasviðs í stað Hafdísar Ingvarsdóttur.

Í erindisbréfi kennslumálanefndar segir um hana: „Hlutverk nefndarinnar er að vinna að þeim markmiðum Stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 er lúta að námi og kennslu. Í því felst að stuðla að þróun kennslu og kennsluhátta við Háskóla Íslands og vinna á annan hátt að því að nemendur öðlist framúrskarandi menntun í nánnum tengslum við rannsóknastarf skólans.“ Verkefni nefndarinnar eru síðan rakin í tólf liðum og má m.a. nefna að nefndinni er ætlað hafa með hendi samræmingu á kennslustefnu deilda í samvinnu við kennslunefndir fræðasviða.

Nefndin hélt 12 fundi á árinu 2013 og meðal helstu viðfangsefna hennar má nefna:

- Formaður nefndarinnar tók áframhaldandi þátt í vinnu undirbúningshóps um gerð aðgangsprófa fyrir háskólastigið.
- Nefndin tilnefndi fjóra kennara skólans til viðurkenningar sem árlega er veitt fyrir kennslu í Háskóla Íslands.
- Miðmísseriskönnun var í fyrsta sinn lögð fyrir í byrjun október 2013. Fyrirlögn hennar heppnaðist vel og verður hún héðan í frá lögð fyrir á öllum kennslumísserum.
- Nefndin hélt opið málþing um nýja tækni í kennslu, fjölbreytta kennsluhætti og eflingu gæða náms og kennslu 1. mars í samráði við SHÍ, gæðanefnd Háskóla Íslands og Kennslumiðstöð skólans. Flutt voru stutt og hnitmiðuð framsöguerindi og málin rædd og krufin í sex málstofum.
- Nefndin úthlutaði 13 millj.kr. úr Kennslumálasjóði til 21 verkefnis en alls bárust 35 umsóknir um tæpar 32 millj.kr.
- Samráðsfundur var haldinn 13. maí með forsetum fræðasviða, deildarforsetum og skólameisturum framhaldsskóla þar sem aðgangspróf fyrir háskólastigið var kynnt, sem og fyrirætlanir um notkun þess.
- Nefndin fundaði með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis um æskilegan undirbúning fyrir nám í Háskóla Íslands og framsetningu leiðbeinandi aðgangsviðmiða.
- Undir forystu nefndarinnar undirbyggju allar deildir skólans leiðbeinandi aðgangsviðmið en þau eru einkum ætluð nemendum framhaldsskólanna.
- Umsagnir voru veittar um gæðakerfi fyrir framhaldsnám við skólann, sem nefndist Viðmið og kröfur um gæði meistaranáms, og nýja áætlun um jafnrétti og bann við mismunun, Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2013–2017.
- Fylgst var með framvindu á sjálfsmati deilda.
- Fulltrúar kennslumálanefndar mynduðu verkefnisstjórn um vefstudda kennslu (MOOC).

## Samráðsnefnd um kjaramál

Á vegum háskólaráðs og rektors starfar samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál. Henni er ætlað að tryggja samstarf og samráð við stéttarfélög og samtök starfsmanna háskólans um kjara- og réttindamál auk þess sem hún gegnir hlutverki samstarfsnefndar samkvæmt 11. kafla kjarasamninga fjármálaráðherra og stéttarfélaganna ríkisstarfsmanna.

Samráðsnefndin er skipuð þremur fulltrúum. Tveir þeirra sitja starfs síns vegna í nefndinni en formaður er valinn úr röðum fastráðinna kennara. Nefndin var þannig skipuð árið 2013: Guðmundur R. Jónsson prófessor, formaður, Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir, sviðsstjóri starfsmannasviðs, og Jenný Bára Jensdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs. Ingjaldur Hannibalsson prófessor leysti Guðmund R.

Jónsson af í viðræðum við Félag prófessora á árinu. Starfsmaður nefndarinnar var Kristín Helga Markúsdóttir, lögfræðingur starfsmannasviðs.

Á árinu 2013 var einkum rætt við Félag háskólakennara enda félagið með langflesta félagsmenn innan Háskóla Íslands. Efni fundanna var margvíslegt, m.a. að leysa úr ágreiningi um framkvæmd og túlkun kjara- og stofnanasamninga og afgreiðsla erinda sem nefndinni bárust. Þá voru starfsskyldur kennara ræddar og hugmyndir um breytingar þar að lútandi viðraðar.

## Vísindanefnd

Umfangsmikill hluti starfsemi vísindanefndar sneri að Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Unnið var úr umsóknum og úthlutað úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2014 veturinn 2013. Á vegum vísindanefndar starfa sjálfstæð fagráð sem skipuð eru þremur til fimm fulltrúum hvert. Hlutverk fagráða er að annast faglegt mat og forgangsröðun á umsóknum í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands, Doktorssjóð Rannsóknasjóðs og Háskólasjóð Eimskipafélagsins. Faglegt mat og forgangsröðun fagráða skal byggjast á forsendum og viðmiðum sem vísindanefnd háskólaráðs setur. Fagráðin meta allar umsóknir á fagsviði sínu. Samræming og lokafrágangur úthlutunar er síðan í höndum vísindanefndar.

Við úthlutun fyrir 2014 var unnið samkvæmt breyttum viðmiðum og samræming á mati á verkefnum og ritvirkni umsækjenda var aukin. Lögð var áhersla á að styrkja sem mest þau verkefni sem líklegust þykja til árangurs vegna vísindagildis og virkni umsækjanda. Auk þess var veitt aukafjárveiting til sjóðsins til þess að styðja við unga vísindamenn. Umsóknir í sjóðinn voru 249 og alls voru 223 verkefni styrkt. Alls var úthlutað um 240 m.kr. úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2014. Hver styrkur nam að meðaltali 1.073 þús.kr. (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Einnig voru veittir styrkir til ráðstefnuferða stúdenta í doktorsnámi. Unnt var að styrkja 32 doktorsnema úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði og einnig fékk einn styrk úr sjóði Ísavia og einn úr Hvítblæðissjóði Ásrúnar Einarsdóttur. Í ár voru umsóknir alls 157 (sjá nánar kafla um doktorsstyrki). Faglegt mat á umsóknum var, samkvæmt reglum, í höndum vísindanefndar og fagráða hennar. Var umsóknum forgangsráðað eftir vísindalegu gildi verkefnis, vísindalegri hæfni leiðbeinenda og náms- og rannsókniferli stúdents.

Önnur verkefni vísindanefndar á árinu lutu aðallega að áframhaldandi endurskoðun á Rannsóknasjóði og breyttu fyrirkomulagi varðandi umsóknir, styrkveitingar og úrvinnslu. Einnig var hafin vinna við að skerpa á áherslum um mat á umsóknum um doktorsstyrki.

### Skipan vísindanefndar

Þann 1. júlí 2013 var ný vísindanefnd skipuð og situr hún þar til í október 2014. Nefndina skipuðu árið 2013:

- Guðrún Marteinsdóttir, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði, formaður til maí 2013
- Ármann Jakobsson, prófessor á Hugvísindasviði, varaformaður og formaður frá júní 2013
- Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor á Félagsvísindasviði
- Vilhjálmur Árnason, prófessor á Hugvísindasviði, varamaður vor 2013
- Snorri Þór Sigurðsson, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði, til vors 2013
- Oddur Ingólfsson, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði, haust 2013
- Steinunn Gestsdóttir, dósent á Menntavísindasviði, til maí 2013
- Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor á Menntavísindasviði, haust 2013
- Þórdís Kristmundsdóttir, prófessor á Heilbrigðisvísindasviði
- Erna Kristín Blöndal, doktorsnemi í lögfræði, fulltrúi stúdenta, varamaður: Tómas Hafliðason, doktorsnemi í iðnaðarverkfræði



# Stjórnsýsla

## Skrifstofa rektors

### Hlutverk rektors

Samkvæmt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 er rektor formaður háskólaráðs, yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Hann hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi skólans og á milli funda háskólaráðs fer hann með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans. Rektor ræður starfslið sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans og setur því starfslýsingar. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, að undangengnum almennum kosningum í háskólanum.

### Skrifstofa

Starfsemi skrifstofu rektors felst í því að framfylgja lögskipuðu hlutverki háskólarektors, gæta heildarhagsmuna Háskóla Íslands og greiða fyrir því eftir bestu getu að stefna skólans megi ganga vel fram, þannig að háskólinn nái að rækja og rækta hlutverk sitt sem allra best í kennslu og rannsóknum og þjónustu við samfélagið.

Rektorsskrifstofa hefur umsjón með málefnum sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans, háskólaþingi, fundum háskólaráðs, ársfundi háskólans og fundum rektors með forsetum fræðasviða. Einnig hefur rektorsskrifstofa umsjón með samskiptum rektors við fulltrúa stjórnvalda, atvinnulífs og innlendra og erlendra háskóla- og rannsóknastofnana og samtaka þeirra, sem og við fulltrúa erlendra ríkja. Náin samvinna er við forseta fræðasviða, aðstoðarrektor vísinda og kennslu, framkvæmdastjóra fjármála og reksturs, deildarforseta, forstöðumenn stofnana og sviðsstjóra sameiginlegrar stjórnsýslu.

Á rektorsskrifstofu fer enn fremur fram margvísleg önnur regluleg starfsemi, svo sem móttaka og afgreiðsla erinda sem berast háskólanum, afgreiðsla viðtala eftir pöntun, miðlun upplýsinga til starfsmanna, umsjón með nefndum og starfshópum rektors um einstök málefni, útgáfa Árbókar Háskóla Íslands, umsjón með úthlutunum úr Háskólasjóði, brautskráningu kandiðata, viðurkenningum til starfsmanna, málþingum, ráðstefnuma og fyrirlesturum á vegum rektors, útgáfa ýmiss kynningarefnis og umsjón með boðum og samkomum á vegum rektors, svo að nokkuð sé nefnt.

### Starfslið

Rektor Háskóla Íslands er Kristín Ingólfssdóttir prófessor. Aðrir starfsmenn á skrifstofu rektors á árinu voru Jón Atli Benediktsson prófessor, aðstoðarrektor vísinda og kennslu, Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri og gæðastjóri háskólans, Sæunn Stefánsdóttir sérfræðingur, Guðmundur Ragnarsson sérfræðingur, Heiðrún Kristjánsdóttir verkefnisstjóri og Margrét Ludwig verkefnisstjóri.

### Stefnumótun, þróunarmál og gæðamál

Rektor hefur frumkvæði að mótun sameiginlegrar stefnu Háskóla Íslands og eftirlit með framkvæmd hennar. Núverandi stefna háskóla Íslands gildir fyrir tímabilið 2011–2106. Einnig hefur

rektorsskrifstofa umsjón með þróunar- og gæðamálum háskólans, m.a. í samvinnu við gæðanefnd háskólaráðs.

## Skjalasafn

### Starfslið

Nils Kjartan Guðmundsson gegndi áfram stöðu deildarstjóra skjalasafnsins. Áslaug J. Marinósdóttir hélt áfram utan um myndasafn skjalasafnsins og Kristín Indriðadóttir starfaði í skjalamálum.

### Aðbúnaður og geymslur

Vinna við að skipuleggja skjalageymslur í kjallaranum í Aðalbyggingu og söfnun skjala úr skjalageymslum víðs vegar um háskólann til að koma þeim í aðalsafnið hélt áfram.

### Hópvinnukerfið Náman (GoPro)

Umsjón með málaskrár- og hópvinnukerfinu Námunni (GoPro) var eitt af helstu verkefnum skjalasafnsins. Samtals voru 2.104 ný mál skráð í málaskrá á árinu 2013 með 26.085 málsskjöl, sem gera 12,4 færslur á hvert mál að jafnaði, auk þess sem mikið af málsskjölum voru færð undir eldri mál. Heildarfjöldi málsskjala í Námunni var í lok árs 2013, 219.203 talsins.

Fjöldi nýrra mála, færslur við þau og meðalfjöldi málsskjala við hvert mál á árunum 2000–2012:

Ár	Ný mál	Málsskjöl	Meðalfjöldi skjala á mál
2000	712	4.760	6,7
2001	666	4.134	6,2
2002	695	5.476	7,8
2003	800	6.000	7,5
2004	843	7.992	9,5
2005	1.048	10.199	9,7
2006	1.404	14.578	10,4
2007	1.488	15.573	10,5
2008	2.375	17.785	7,5
2009	3.153	32.629	10,3
2010	2.373	23.486	9,9
2011	1.889	21.014	11,1
2012	2.254	25.699	11,3
2013	2.104	26.085	12,4

### Myndakerfið Birtingur (FotoStation)

Skráning og umsjón mynda var í höndum Áslaugar J. Marinósdóttur. Á árinu voru áfram nýskráðar fjölmargar myndir í Birting, flestar skráðar jafnóðum og þær bárust safninu, og eru þær aðgengilegar á eftirfarandi vefslóð: <http://myndasafn.hi.is>.

## Ýmiss konar þjónusta

- Starfsmenn safnsins fóru í fjölda skjalavitjana á skrifstofur skólans og veittu ráð og leiðbeiningar um skjalastjórn og skjalavörslu, auk þess sem fjölmörg hollráð eru daglega veitt í síma og með tölvupósti.
- Fjöldi fólks úr stjórnvísu skólans hefur reglulega samband til að leita skjala og fá ljósmyndir að láni.
- Safnið fékk marga gesti í heimsókn á árinu bæði innlenda og erlenda. Sumir vildu að fræðast um starfsemi safnsins en aðrir nota gögn safnsins vegna skrifa sinna og rannsókna.

## Miðstöð framhaldsnáms

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands (e. Graduate School) hóf starfsemi sína snemma árs 2009 í kjölfar Stefnu Háskóla Íslands 2006–2011. Miðstöðinni er ætlað að tryggja og efla gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands og stuðla að framgangi þess í samræmi við ákvarðanir háskólaráðs.

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur umsjón með settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands og fylgir þeim eftir. Markmiðið með því gæðaeftirliti er að viðhalda gæðum námsins, stuðla að ábyrgð leiðbeinenda, námsgreina og deilda og enn fremur að stuðla að kröftugu vísindastarfi sem stenst alþjóðlegan samanburð og samkeppni. Markið hefur verið sett hátt fyrir Háskóla Íslands og hefur skólinn eflst gríðarlega sem rannsóknaskóli undanfarin ár og vöxtur doktorsnámsins er eðlilegur hluti af þeirri þróun. Skráðir nemendur í doktorsnám eru nú um fimm hundruð talsins. Á árinu 2013 brautskráðust 52 doktorar frá skólanum.

Deildir háskólans bera faglega ábyrgð á framhaldsnámi við skólann. Miðstöð framhaldsnáms hefur heildaryfirsýn yfir framhaldsnámið og starfar náið með deildum, fræðasviðum og stjórnvísu, auk þess að vera tengiliður við ýmsa samstarfsaðila innan lands og utan. Miðstöðin hefur aðsetur í Aðalbyggingu Háskólans. Formaður stjórnar er Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektror vísinda og kennslu. Magnús Lyngdal Magnússon var ráðinn sem skrifstofustjóri Miðstöðvar framhaldsnáms á árinu og hóf störf á haustmánuðum. Verkefnisstjóri er Pétur Ástvaldsson. Miðstöðin hefur eigin vefsíðu þar sem er að finna ýmsar upplýsingar um doktorsnám við Háskóla Íslands, svo sem tölfraði námsins, nýjar doktorsvarnir, reglur um doktorsnám, sögulegt yfirlit o.fl.

## Hlutverk og verkefni

Hlutverk Miðstöðvar framhaldsnáms er að vinna að söfnun og greiningu tölulegra upplýsinga um doktorsnám við Háskóla Íslands og að sinna því að öllum almennum reglum sé framfylgt. Þar koma til umfjöllunar gæðakröfur til leiðbeinenda, svo og þeirra sem veljast til setu í doktorsnefndir. Miðstöðin sinnir upplýsingagjöf til leiðbeinenda um skyldur, réttindi og hlutverk þeirra, auk þess að leggja mat á hæfi tilnefndra andmælenda við doktorsvarnir. Hún sinnir einnig staðfestingarhlutverki við að samþykka nýjar námsleiðir í framhaldsnámi, í samvinnu við kennslusvið. Ný viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands voru samþykkt 2012 og er þar m.a. lögð áhersla á að gera verkferla miðstöðvarinnar enn markvissari en áður. Með skýrari reglum um framhaldsnámið hefur skapast meiri formfesta en áður, sem er mikilvægt þegar horft er til þess hve umfangsmikið doktorsnámið við Háskóla Íslands er orðið.

Meðal verkefna miðstöðvarinnar er að halda utan um sértæka samstarfssamninga um framhaldsnám og sameiginlegar prófgráður með erlendum háskólum og veita leiðbeiningu um gerð slíkra samninga. Eru þeir orðnir yfir 30 talsins. Sömu leiðis sér hún um auglýsingu og úthlutun aðstoðarkennarastyrkja sem skólinn hefur veitt doktorsnemum árlega frá 2007, í samvinnu við vísinda- og nýsköpunarsvið. Miðstöðin hefur einnig staðið fyrir því að efla samvinnu við nemendafélög doktorsnema á

fræðasviðum Háskóla Íslands og gengst einnig fyrir námskeiðum og fyrirlestrum er varða framhaldsnámið við skólann. Í nánustu framtíð er enn fremur stefnt að því halda námskeið fyrir leiðbeinendur doktorsnema.

Í gagnagrunni miðstöðvarinnar yfir alla skráða doktorsnema við Háskóla Íslands á hverjum tíma er að finna ítarlegar upplýsingar frá fræðasviðum um hvern doktorsnema, leiðbeinendur, doktorsnefndir, framgang námsins og fleira. Umsjón með grunninum er á hendi miðstöðvarinnar en upplýsingarnar eru jafnframt miðlægar, þ.e. tengiliðir eða umsjónarmenn frá hverju fræðasviði tryggja að þar séu ávallt nýjustu upplýsingar og nákvæmstu um doktorsnema og stöðu þeirra í náminu.

Fullveldisdagurinn 1. desember er nú tileinkaður doktorsnámi og brautskráðum doktorum frá Háskóla Íslands. Miðstöð framhaldsnáms hefur frá 2011 staðið að hátíð brautskráðra doktora 1. desember, en þar hafa verið heiðraðir þeir sem luku doktorsprófi frá skólanum undanfarið ár. Hátíðin hefur mælst afar vel fyrir og er nú fastur viðburður á dagskrá háskólans.

## Skrifstofa alþjóðasamskipta

Skrifstofa alþjóðasamskipta Háskóla Íslands annast formleg samskipti Háskólans við erlendar menntastofnanir og veitir nemendum, kennurum og deildum Háskólans ýmsa þjónustu varðandi alþjóðlegt samstarf.

Háskólaráð samþykkti í desember 2012 breytt skipulag stoðþjónustu alþjóðamála og rannsókna frá 1. janúar 2013. Það komst að fullu til framkvæmda á síðari hluta ársins 2013.

Verkefni sem höfðu verið á hendi Háskóla Íslands skv. samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti, þ.e. Landskrifstofa menntaáætlana ESB og Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins voru færð til Rannís.

Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands var formlega lögð niður. Verkefni hennar voru flutt til Vísindasviðs sem jafnframt var endurskipulagt og heiti þess breytt í Vísinda- og nýsköpunarsvið.

Starfsemi Alþjóðaskrifstofu HÍ var endurskipulögð með breyttum áherslum og skipulagi undir nýju heiti: Skrifstofa alþjóðasamskipta Háskóla Íslands

Auglýst var eftir forstöðumanni hinnar nýju skrifstofu og var Friðrika Harðardóttir ráðin. Hóf hún störf 1. júlí 2013.

## Háskóli Íslands – samningar við erlenda háskóla og samstarfsnet

Helstu áætlanir sem Háskóli Íslands tekur þátt í eru Menntaáætlun Evrópusambandsins Erasmus og Nordplus menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar, og Þróunarsjóður EFTA. Einnig hefur Háskólinn gert tvíhliða samstarfssamninga við fjölmarga háskóla/stofnanir víða um heim. Upplýsingar um alla samninga eru aðgengilegar á heimasíðu skrifstofunnar á vef HÍ.

Háskóli Íslands er þátttakandi í Utrecht samstarfsneti háskóla. Utrecht netið hefur samninga við AEN (net sjö háskóla í Ástralíu), MAUI (net fjórtán háskóla í miðríkjum Bandaríkjanna) og Crepuq (net háskóla í Quebec í Kanada). Þá er Háskóli Íslands aðili að ISEP sem er net um 150 háskóla í Bandaríkjunum.

Árið 2013 voru í gildi ríflega 560 Erasmus samningar við háskóla í Evrópu, en samningar eru almennt gerðir í ákveðnum fögum.




Pátttaka HÍ í Nordplus samstarfi er nokkuð umfangsmikil, en kennarar HÍ eru þátttakendur í um 26 fagetum. HÍ er þátttakandi þverfaglega Nordplusnetinu Nordlys, en starfsmaður á Skrifstofu alþjóðasamskipta situr í stjórn og sér um samskipti við það net. Starfsmenn Skrifstofu alþjóðasamskipta sitja einnig í stjórnnum Nordtek netsins (verkfræði) og Norek netsins (viðskiptafræði) en starfsmenn skrifstofunnar eru einnig tengiliðir Háskóla Íslands við fjölmörg önnur Nordplus net.

Forstöðumaður Skrifstofu alþjóðasamskipta á sæti í alþjóðahópi innan NUAS (Nordisk Universitets Administratørs Samarbejde) og sótti vinnufundi í hópnum.

## Stúdentaskipti Háskóla Íslands

Gagnkvæm stúdentaskipti eru umfangsmikill þáttur í alþjóðasamstarfi Háskóla Íslands og í starfi því sem fram fer á Skrifstofu alþjóðasamskipta. Skrifstofan hefur umsýslu með umsóknum nemenda Háskóla Íslands sem hyggjast taka hluta af námi sínu erlendis. Starfsmenn skrifstofunnar héldu á árinu fjölmarga kynningarfundum um stúdentaskipti, með stúdentum í einstökum deildum og einnig á Háskólatorgi. Árlega stendur Skrifstofa alþjóðasamskipta fyrir Alþjóðadegi, en megin tilgangur hans er að kynna stúdentum og starfsmönnum þá möguleika sem standa til boða í stúdenta- og starfsmannaskiptum. Starfsmenn skrifstofunnar taka einnig þátt í Háskóladeginum og öðrum viðburðum eftir því sem við á. Skrifstofa alþjóðasamskipta hefur einnig umsýslu með umsóknum frá erlendum skiptistúdentum og sér um inntöku þeirra í samvinnu við viðkomandi deildir.


Skólaárið 2012-2013 fóru 284 stúdentar utan sem skiptistúdentar frá Háskóla Íslands og 455 erlendir skiptistúdentar komu til náms í Háskóla Íslands.



## Kennara- og starfsmannaskipti Háskóla Íslands

Fjöldi kennara og starfsmanna sem tekur þátt í Erasmus kennaraskiptum hefur aukist verulega á undanförunum árum. Skrifstofa alþjóðasamskipta sér um úthlutun styrkja til Erasmus kennara- og starfsmannaskipta og því liggja fyrir tölulegar upplýsingar um fjölda þeirra sem taka þátt í þeirri áætlun, en ekki um önnur kennara- og starfsmannaskipti. Skrifstofa alþjóðasamskipta tekur á móti einstaklingum frá hinum ýmsu einingum erlendra háskóla sem koma í heimsókn til að kynna sér starfsemi skólans.

## Erasmus kennara- og starfsmannaskipti frá Íslandi



### Móttaka erlendra skiptistúdentu

Skrifstofa alþjóðasamskipta sér um móttöku erlendra skiptistúdentu. Umsóknir frá erlendum skiptistúdentum berast til skrifstofunnar og afgreiðir þær í samvinnu við deildir.. Háskóli Íslands aðstoðar erlenda skiptistúdentu við útvegum húsnæðis og er það eitt af verkefnum skrifstofunnar. Einnig aðstoða starfsmenn skrifstofunnar stúdentu utan Evrópu við að sækja um dvalarleyfi og hafa samskipti við Útlendingastofnun. Mikið er um fyrirspurnir frá erlendum nemendum sem hafa áhuga á að stunda nám við Háskóla Íslands. Skrifstofa alþjóðasamskipta svarar gjarnan fyrstu fyrirspurnum um nám við skólann og vísar nemendum áfram eftir því sem við á.

Um árabíl hafa erlendir skiptistúdentar átt þess kost að sækja námskeið í íslensku máli og menningu í ágúst mánuði áður en skólarið hefst og hefur það verið styrkt af Erasmus og Nordplus áætlunum.. Undanfarin 6 ár hefur þetta námskeið verið haldið að Núpi í Dýrafirði og er það Háskólasetur Vestfjarða sem hefur haldið námskeiðið í samvinnu við Skrifstofa alþjóðasamskipta.

Starfsmenn Skrifstofu alþjóðasamskipta skipuleggja kynningarfundu um starfsemi og þjónustu fyrir erlendu stúdentu Háskóla Íslands í upphafi missera. Kynningardagskrá um Ísland og íslensk málefni undir heitinu "Introduction to Iceland" er fastur liður í móttöku erlendra stúdentu og starfsmanna. Um þrjú til fimm viðburðir eru skipulagðir á hvoru misseri og eru það m.a. skoðunarferðir, fyrirlestrar um íslensk málefni, sýningar o. fl. "Introduction to Iceland" dagskráin er opin öllum erlendum stúdentum og starfsmönnum skóla á háskólastigi, sem koma til landsins.

Skrifstofa alþjóðasamskipta starfrækir í samvinnu við Stúdentaráð Háskóla Íslands aðstoðarmannakerfi fyrir erlendu stúdentu sem stunda nám við Háskólann. Íslenskir stúdentar við Háskóla Íslands taka að sér að aðstoða og leiðbeina erlendum stúdentum sem koma til landsins. Tilgangurinn er að veita aðstoð við ýmis hagnýt atriði sem þarf að leysa í upphafi námsdvalar og kynna erlendum nemendum félagslíf stúdentu og koma í veg fyrir félagslega einangrun. Þetta kerfi

var endurskoðað á árinu og uppfylli nemandi skilyrði skv verkferli fær hann þetta starf skráð kafla 6.1 í skírteinisviðauka.

### **Kynningarstarf**

Skrifstofa alþjóðasamskipta annaðist fyrir Íslands hönd skipulagningu á þátttöku Íslands í sameiginlegri kynningu Norðurlandanna á ráðstefnu NAFSA- Association of International Educators samtakanna, var haldin í St. Louis, Missouri 26.-31. maí 2013.

Þá kynntu starfsmenn Skrifstofu alþjóðasamskipta Háskóla Íslands á sameiginlegum bás með Háskólanum í Reykjavík á EAIE – European Association of International Educations sem var haldin í Istanbul, Tyrklandi dagana 10.-13. september 2013.

Vinna hófst við endurskoðun á vefsíðu Skrifstofu alþjóðasamskipta frá grunni með tilliti til endurskipulagningar skrifstofunnar og flutnings verkefna til Rannís. Ráðinn var sérstakur verkefnastjóri sem hefur umsjón með vefsíðugerð og öðru kynningarefni.

Skrifstofa alþjóðasamskipta gefur út ýmislegt kynningarefni og bæklinga t.d. Guide for International Students, How to apply for a student permit in Iceland o.fl.



# Markaðs- og samskiptamál

Markaðs- og samskiptasvið er eitt af sex þjónustu- og stoðsviðum sameiginlegrar stjórnáslu Háskóla Íslands. Sviðið hefur heildarumsjón með markaðs-, kynningar- og samskiptastarfi innan allra eininga háskólans og skilgreinir stefnu háskólans að þessu leyti í samvinnu við yfirstjórn hans, fræðasviðin fimm og sérstakt markaðs- og kynningarráð skólans. Markaðs- og samskiptasvið stýrir einnig gerð hönnunarstaðals háskólans í samvinnu við sömu aðila og gefur hann út. Sviðið stuðlar að því að ytri og innri hagsmunahópar hafi skýra mynd af hlutverki Háskóla Íslands, starfi hans, stefnu og stöðu.

## Helstu verkefni

Helstu verkefni markaðs- og samskiptasviðs ráðast að miklu leyti af eftirfarandi þáttum:

- mörkun stefnu um fagleg innri og ytri samskipti Háskóla Íslands,
- yfirstjórn ytri vefs og mörkun vefstefnu í samvinnu við sérstakan vefstjórnarhóp,
- eftirfylgni við framangreindar stefnur,
- upplýsingamiðlun á innri vef og þróun hans,
- samskiptum við fjölmiðla ásamt aðstoð og ráðgjöf við fjölmiðlasamskipti fyrir allar einingar háskólans,
- stjórnun viðburða á vegum Háskóla Íslands ásamt faglegri ráðgjöf og aðstoð í tengslum við viðburði,
- útgáfu markaðs-, kynningar- og fréttæfnis í nafni Háskóla Íslands,
- aðstoð og ráðgjöf við vinnslu markaðs- og kynningarefnis fyrir allar einingar,
- auglýsingamálum Háskóla Íslands,
- lifandi miðlun vísinda til ungs fólks og samfélagsins,
- mótun hollvinastarfs og innleiðingu á slíku starfi,
- umsjón og umsýslu með starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands,
- gerð samninga við samstarfsaðila um markaðs- og kynningarmál.

## Starfslið

Sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs er Jón Örn Guðbjartsson. Kynningarmál á árinu voru í höndum hans og Björns Gíslasonar, sem jafnframt ritstýrði vef skólans. Guðrún J. Bachmann helgaði krafta sína vísindamiðlun, sem er skilgreind sem áherslupáttur í stefnu skólans. Hún var skólastjóri Háskóla unga fólksins og stýrði auk þess verkefninu Háskólalestin þar sem efnt var til vísindaveislu á landsbyggðinni. Háskóli unga fólksins var með í lestinni og kom hún að þessu sinni við á þremur stöðum á landsbyggðinni. Guðrún stýrði jafnframt Vísindasmiðjunni í Háskólabíói. Markmið Vísindasmiðjunnar er að efla áhuga ungmenna á vísindum og fræðum með gagnvirkum og lifandi hætti og styðja þannig við kennslu á sviði náttúru- og raunvísinda. Einnig eru í boði námskeið og fræðsla fyrir kennara. Vísindasmiðjan er starfrækt í nánnum tengslum við öll skólastig landsins.

Guðrún hafði jafnframt umsjón með verkefninu Biophilia sem hrint var í framkvæmd í samvinnu við tónlistarkonuna Björk Guðmundsdóttur og Reykjavíkurborg árið 2011. Um er að ræða nýstárlegt verkefni þar sem fléttað er saman vísindum og tónlist og hvoru tveggja miðlað til grunnskólabarna. Guðrún bar einnig ábyrgð á framlagi Háskóla Íslands á Vísindavöku RANNÍS.

Vefstjóri háskólans var Díana Dögg Víglundsdóttir en hún var í barneignaleyfi drjúgan hluta ársins og leysti María Ásdís Stefánsdóttir hana af í leyfinu. Kolbrún Mjöll Hrafnisdóttir starfaði við vefumsjón frá ársbyrjun fram í september. Bryndís Erna Jóhannsdóttir hóf störf í upphafi árs sem ritstjóri innri vefs skólans, eða Starfsmanna-Uglu, og sem ritstjóri á enskum vef skólans. Kristín Ása Einarsdóttir var ráðin tímabundið til að stjórna kynningum á námsframboði skólans. Kristín Ása var jafnframt til aðstoðar við ferðir Háskólalestar og við skólahald í Háskóla unga fólksins ásamt því að sinna mörgu

öðru. Helga Brá Árnadóttir var verkefnisstjóri Styrktarsjóða Háskóla Íslands sem heyrðu undir sviðið hluta af árinu 2013.

Upplýsingaskrifstofa háskólans heyrir undir sviðið. Deildarstjóri upplýsingaskrifstofu er Ása Kolka og þar störfuðu einnig Guðrún Pétursdóttir og Guðbjörg S. Haraldsdóttir. Markmið upplýsingaskrifstofunnar er að veita greinargóðar upplýsingar um starfsemi Háskóla Íslands öllum þeim sem til hennar leita, hvort sem það eru nemendur, starfsmenn eða gestir. Helstu verkefni upplýsingaskrifstofu eru símsvörun í aðalnúmer háskólans, bókanir í stofur og gestaíbúðir og dreifing á kynningarefni Háskóla Íslands.

## Útgáfa kynningarefnis

Markmiðið með útgáfu á kynningarefni háskólans er að koma á framfæri upplýsingum um það fjölbreytta starf sem unnið er innan skólans.

Árið 2013 kom út efnismeira Háskólatímarit en nokkru sinni með áherslu á rannsóknir innan Háskóla Íslands. Umbrot var í höndum Tryggva Ólafssonar og Jóns Arnar Guðbjartssonar en ljósmyndun í höndum Kristins Ingvarssonar, Stefáns Helga Valssonar, Gunnars Sverrissonar, Ragnars Axelssonar og Jóns Arnar Guðbjartssonar. Ritstjórar voru Björn Gíslason og Jón Örn Guðbjartsson. Efnisöflun og vinnsla var að mestu í höndum starfsmanna markaðs- og samskiptasviðs en nokkur hluti greina kom frá nemendum í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands.

Annað kynningarefni um starfsemi háskólans var af ýmsum toga, m.a.:

- Efnismikill bæklingur um helstu þætti í starfsemi Háskóla Íslands
- Yfirlit yfir allar námsleiðir í grunnnámi og framhaldsnámi við Háskóla Íslands
- Nýnemabæklingur
- Bæklingur vegna hátíðar brautskráðra doktora
- Bæklingur vegna úthlutunar doktorsstyrkja við skólann

Fjöl margar deildir og námsleiðir innan háskólans gáfu jafnframt út eigið kynningarefni um starfsemi sína og námsframboð. Einingarnar leituðu margar eftir ráðgjöf og þjónustu markaðs- og samskiptasviðs við hönnun, útgáfu og prentun á kynningarefni.

## Vefmál Háskóla Íslands

Heildarumsjón með inntaki og útliti ytri vefsvæða Háskóla Íslands er í höndum markaðs- og samskiptasviðs. Sviðið vinnur náið með sérstökum vefstjórnarhópi. Í honum voru, auk Jóns Arnar Guðbjartssonar sviðsstjóra, þau María Ásdís Stefánsdóttir, starfandi vefstjóri Háskóla Íslands, Kolbrún Mjöll Hrafnadóttir, starfandi verkefnisstjóri vefmála, Björn Gíslason, vefritstjóri, Bryndís Erna Jóhannsdóttir, ritstjóri ensks vefs og innri vefs starfsmanna, Sif Sigfúsdóttir, fyrir Félagsvísindasvið, Katrín Björg Jónasdóttir, fyrir Heilbrigðisvísindasvið, Guðmundur Hörður Guðmundsson, fyrir Hugvísindasvið, Bryndís Jónsdóttir (til loka ágúst) og Kolbeinn Marteinson (frá hausti), fyrir Menntavísindasvið og Ingi Rafn Ólafsson (til vors) og Dagrún Briem (frá hausti 2013), fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Díana Dögg Víglundsdóttir, vefstjóri skólans, kom til starfa að loknu barneignaleyfi í september og tók María þá við fyrra starfi sem verkefnisstjóri vefmála. Á sama tíma lét Kolbrún af störfum á markaðs- og samskiptasviði.

Á árinu var skipuð verkefnisstjórn ytri vefja og starfsmannahluta Uglu. Verkefnisstjórnina skipuðu eftirfarandi fyrir hönd markaðs- og samskiptasviðs: Jón Örn Guðbjartsson, formaður, Díana Dögg Víglundsdóttir, María Ásdís Stefánsdóttir og Bryndís Erna Jóhannsdóttir. Fulltrúi vef- og kynningarstjóra fræðasviða var Ingi Rafn Ólafsson en Sif Sigfúsdóttir tók sæti hans þegar hann hvarf

til annarra starfa. Fulltrúar Reiknistofnunar Háskóla Íslands voru Baldur Eiríksson og Ragnar Stefán Ragnarsson.

Í nóvember var tilkynnt að aðalvefur Háskóla Íslands, hi.is, hefði verið meðal stigahæstu ríkisvefjanna í úttekt innanríkisráðuneytisins á opinberum vefjum sem gerð var snemma hausts. Hlaut vefurinn 92 stig af 100 mögulegum.

Fjölmörg verkefni voru unnin á vefsviði á árinu. Mikil áhersla var lögð á uppbyggingu og endurbætur á enskum vef skólans, english.hi.is, á árinu og leiddi Bryndís, ritstjóri vefsins, þá vinnu í samvinnu við vefstjóra. Endurbættur vefur fyrir styrki og sjóði, sjodir.hi.is, var opnaður á vormánuðum. Jafnframt voru opnaðir nýir eða uppfærðir vefir fyrir ýmsar stofnanir Háskóla Íslands auk einstaklingsvefja og ýmissa sérvefja.

Undirbúningsvinna við smáforrit (app) Háskóla Íslands hélt á áfram á árinu. Smáforritið er einkum ætlað nemendum sem geta þar nálgast ýmis gögn tengd námi sínu. Einnig er því ætlað að innihalda upplýsingar sem gagnast starfsmönnum og gestum á háskólasvæðinu. Ákveðið var að bjóða öðrum opinberum háskólum landsins, Háskólanum á Akureyri, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og Háskólanum á Hólum, upp á samsvarandi smáforrit. Styrkur var veittur til verkefnisins úr sjóðum tengdum samstarfi opinberu háskólanna.

Í byrjun árs var starfsmannahluti Uglunnar opnaður í breyttri mynd. Ritstjóri starfsmannahluta Uglunnar er Bryndís Erna Jóhannsdóttir. Unnið er markvisst að því að gera starfsmannavefinn að öflugri upplýsingaveitu og þjónustusvæði fyrir alla starfsmenn skólans. Regluleg námskeið og kynningar voru haldin fyrir notendur starfsmannavefsins.

Í nóvember var haldinn stefnumótunardagur um málefni ytri vefja Háskóla Íslands. Slíkur stefnumótunardagur var fyrst haldinn í nóvember 2012. Stefna var mótuð um notkun samfélagsmiðla, hvornig best væri að meðhöndla myndir og myndbönd á vefjum skólans, stofnanavefi og einstaklingsvefi. Einnig var farið yfir stefnu fyrir hi.is og english.hi.is.

Haldin voru fjölmörg byrjendanámskeið í Drupal-vefumsjónarkerfinu fyrir nýja vefritara. Einnig var boðið upp á vinnustofur þar sem vefritarar gátu fengið aðstoð við raunveruleg úrlausnarefni. Námskeiðin hafa reynst gríðarlega vel og hjálpað til við að halda uppi gæðum vefja háskólans.

## Vísindamiðlun

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á að rækta fræðsluhlutverk sitt og miðla vísindum til almennings. Eitt helsta verkefni markaðs- og samskiptasviðs í vísindamiðlun árið 2013 var Háskóli unga fólksins, en í honum koma saman hundruð nemenda grunnskólanna og kynnast um stund námi og starfi við Háskóla Íslands og hafa gert frá árinu 2004. Að þessu sinni var rösklega þrjú hundruð grunnskólanemendum boðið á vettvang vísindanna. Háskóli unga fólksins var í þetta sinn opinn grunnskólanemendum sem eru fæddir á árunum 1996–2000 (eru í 6.–10. bekk grunnskóla).

Á árinu vakti ferðalag Háskólalestarinnar einnig mikla athygli. Í Háskólalest Háskóla Íslands er boðið upp á vísindaleiki, léttu en markvissa kennslu fyrir grunnskólanema, fjör og gríðarlega fjölbreytt fræði sem gjarnan eru sniðin að sérkennum þess staðar sem er heimsóttur. Verkefninu var hrint af stað á aldarafmæli Háskóla Íslands árið 2011. Lestin heimsótti þrjú áfangastaði vorið 2013 í nánú samstarfi við grunnskóla, sveitarfélög og marga fleiri. Í lestinni voru fræði og fjör úr Háskóla unga fólksins, Sprengjugengi Háskóla Íslands, tilraunasmiðjur og alls kyns óvæntar upppákomur. Á árinu 2013 var farið á eftirfarandi staði: Vesturbyggð, Sauðárkrók og Fjarðabyggð.

Þá naut Vísindasmiðja Háskóla Íslands mikilla vinsælda en hún er til húsa í Háskólabíói. Markmið hennar er að efla áhuga ungmenna á vísindum og fræðum með gagnvirkum og lifandi hætti og styðja þannig við kennslu á sviði náttúru- og raunvísinda. Vísindasmiðjan er starfrækt í nánnum tengslum við öll skólastig landsins en á árinu heimsóttu fjölmargir bekkir á miðstigi og elsta stigi grunnskólans smiðjuna og nutu þar leiðsagnar bæði kennara og nemenda við Háskóla Íslands.

Markaðs- og samskiptasvið hefur umsjón með þátttöku Háskóla Íslands í Vísindavöku Rannís og ber ábyrgð á framkvæmd þess verkefnis.

## **Fjársjóður framtíðar – Vísindapættir fyrir sjónvarp**

Við Háskóla Íslands eru unnar fjölbreyttar rannsóknir á ólíkum fræðasviðum skólans. RÚV sýndi á árinu þáttaröð sem unnin var af markaðs- og samskiptasviði og var helguð vísindarannsóknnum við skólann. Þáttaröðin náði yfir rannsóknir á öllum fræðasviðum skólans.

Þáttaröðin var sýnd í júní og júlí og fékk mjög góðar undirtektir. Hún veitti almenningi skarpa sýn á hið fjölbreytta starf sem vísindamenn háskólans sinna og hvernig þeir vinna við rannsóknir við afar ólíkar aðstæður. Kvikmyndatökur fóru fram víða um land, m.a. á Hornströndum, Snæfellsnesi, Breiðafirði, Íslandsmiðum, í Bolungarvík, Skálavík, á Rauðasandi, Hornafirði, Látrabjargi og víðar.

Framleiðandi var Kukl, kvikmyndatökumenn voru Bjarni Felix Bjarnason og Konráð Gylfason sem stjórnáði einnig upptökum ásamt Jóni Erni Guðbjartssyni, sviðsstjóra markaðs- og samskiptasviðs. Handritsgerð var í höndum Jóns Arnar, Björns Gíslasonar og Konráðs.

## **Vísindamiðlunarverðlaun til Háskóla Íslands**

Háskóli Íslands hlaut verðlaun á árinu 2013 fyrir vísindamiðlun, sem er stór hluti af starfi markaðs- og samskiptasviðs. Árviss vísindamiðlunarverðlaun Rannís féllu háskólanum í skaut fyrir framlag Sprengjugengisins. Markmiðið með starfi Sprengjugengisins er að opna augu barna og almennings fyrir töfrum vísindanna, ekki síst efnafræðinnar. Katrín Lilja Sigurðardóttir, forspraki Sprengjugengisins og meistaranemi í efnafræði við Háskóla Íslands, tók við verðlaununum fyrir hönd samstúdenta sinna og skólans.

## **Viðburðaríkt ár hjá Háskóla Íslands**

Að venju kom markaðs- og samskiptasvið að fjölda viðburða. Sviðið sá um almannatengsl, fréttamiðlun, undirbúning, umsýslu og útfærslu á fjölmörgum viðburðum og verkefnum, annaðhvort eitt og sér eða í samvinnu við aðrar einingar innan háskólans. Stærstu viðburðir ársins voru:

- Markaðs- og samskiptasvið kom að sérstakri fyrirlestraröð rektors sem nefnist „Fyrirtæki verður til“ en markmiðið með henni var að undirstrika mikilvægi nýsköpunar og hvernig hugmyndir geta hrint af stað stórum atvinnuskapandi fyrirtækjum.
- Markaðs- og samskiptasvið stýrði kynningu á námsframboði Háskóla Íslands á háskóladeginum 9. mars ásamt kynningum á landsbyggðinni, m.a. á Akureyri, Selfossi, Egilsstöðum og Ísafirði. Námskynningin á háskóladeginum var gríðarlega vel sótt. Auk þessa sá sviðið um fjölda kynninga á helstu námsleiðum bæði innan skólans og utan.

Önnur helstu verkefni sem sviðið sinnti á árinu 2013:

- Fjölmargar gönguferðir undir heitinu „Með fróðleik í fararnesti“ í samvinnu við Ferðafélag Íslands. Þar leiddu vísindamenn háskólans og leiðsögumenn á vegum Ferðafélagsins saman hesta sína í fræðandi gönguferðum á og í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.
- Háskólalest Háskóla Íslands. Á árinu 2013 var farið í Vesturbyggð, Fjarðabyggð og á Sauðárkrók.



- Háskóli unga fólksins sem starfræktur var í viku í júnímánuði auk þess sem hann fór á áðurnefnda þrjá staði á landsbyggðinni með Háskólalestinni.
- Árleg Vísindavaka RANNÍS í lok september.
- Tímarit Háskóla Íslands.
- Framleiðsla og sýning á vísindapáttaröðinni Fjár sjóður framtíðar í júní og júlí.
- Afhending Hagnýtingarverðlauna Háskóla Íslands.
- Hátíð brautskráðra doktora haldin 1. desember þar sem nýdóttar, sem brautskráðst höfðu frá skólanum síðustu tólf mánuði, voru heiðraðir.
- Almennatengslaferðir vegna allra helstu viðburða ársins.
- Brautskráning frá Háskóla Íslands.
- Alþjóðadagur 7. nóvember þar sem kynntir voru fjölbreyttir möguleikar í skiptinámi í samstarfi við Skrifstofu alþjóðasamskipta.
- Kynning á háskólatónleikum.
- Móttaka íslenskra og erlendra gesta.
- Móttaka nýnema og nýnemadagar 2.–6. september í samstarfi við FS, þjónustueiningar Háskóla Íslands, Stúdentaráð og fleiri.
- Fjölmargar úthlutanir úr styrktarsjóðum Háskóla Íslands.
- Úthlutun úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta við Háskóla Íslands.
- Aðstoð við kynningu á Þjóðarspegli, Hugvísindabingi og Menntakvikku.
- Rekstur og þróun Vísindasmiðjunnar í samstarfi við vísindamenn og nemendur í raunvísindum.
- Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda.
- Framadagar.

## Háskóli Íslands í fjölmiðlum

Markaðs- og samskiptasvið háskólans starfar náið með íslenskum fjölmiðlum og leggur sig fram við að miðla til þeirra upplýsingum um starfsemi háskólans sem snerta m.a. vísindarannsóknir, nýsköpun, viðburði, námsframboð, alþjóðatengsl, tengsl við atvinnulíf, úthlutun styrkja, afrek og kennslu.

Háskólinn hefur á að skipa fjölda sérfræðinga á ýmsum fræðasviðum sem fjölmiðlar nýta sér í æ ríkara mæli til að varpa ljósi á ólík málefni. Með samskiptum við fjölmiðla miðlar háskólinn fræðilegri sýn og margbreytilegri túlkun sérfræðinga sinna á málefnum líðandi stundar.

Háskóli Íslands var með hartnær 60 prósent allrar umfjöllunar á árinu 2013 um starfsemi háskóla á Íslandi en birtingar um Háskóla Íslands jukust á árinu um 1,76 prósent. Birtingar í fjölmiðlum voru 5.496 eða um 15 á dag að meðaltali yfir allt árið. Þetta er miðað við skýrslu CreditInfo. Háskóli Íslands lagði sérstaka áherslu á að auka hlut skólans í umfjöllun netmiðla og ljósvakamiðla. Góður árangur náðist að þessu leyti því tíðni birtinga í netmiðlum jókst um 8,9 prósent miðað við árið á undan og um 6,13 prósent í ljósvakamiðlum.

Markaðs- og samskiptasvið aðstoðaði fjölda innlendra og erlendra fjölmiðla við að nálgast sérfræðinga háskólans á árinu 2013. Sérfræðingar háskólans voru áberandi í umræðunni hér heima á árinu við álitsgjöf á ýmsum málum í samfélaginu, sem vörðuðu m.a. umhverfi, jarðvísindi, stöðu hagkerfisins, stjórnsmál, siðfræði, lögfræði, heilsu og hag almennings.

Fræðasvið, deildir og stofnanir háskólans leituðu ráðgjafar og þjónustu hjá markaðs- og samskiptasviði um ýmsa þætti fjölmiðlatengsla.

## Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrði undir markaðs- og samskiptasvið fyrri hluta ársins 2013 eins og hún hafði gert árin á undan og hafði Helga Brá Árnadóttir umsjón með sjóðunum.



Starfsemi sjóðanna var hins vegar flutt seint á árinu 2013 undir framkvæmda- og tæknisvið en því stýrir Guðmundur Ragnar Jónsson. Fjármálastjóri Háskóla Íslands kemur að fjármálaumsýslu sjóðanna. Sjóðir háskólans eru nú ríflega sextíu ásamt gjöfum sem Háskóla Íslands hefur verið ánaðnað. Sjóðirnir starfa flestir eftir staðfestri skipulagsskrá. Nánar er fjallað um starfsemi Styrktarsjóða annars staðar í árbókinni.

## Innri tengsl og samstarf

Starfsmenn markaðs- og samskiptasviðs sátu í ýmsum vinnuhópum og nefndum um verkefni innan og utan háskólans á árinu. Jón Örn, Björn, Guðrún og Kristín Ása sátu í markaðs- og kynningarráði skólans ásamt Ásu Kolka. Í markaðs- og kynningarráði sátu einnig Sif Sigfúsdóttir, fyrir Félagsvísindavið, Guðmundur Hörður Guðmundsson, fyrir Hugvísindasvið, og Katrín Björg Jónasdóttir, fyrir Heilbrigðisvísindasvið. Bryndís Jónsdóttir starfaði hluta ársins fyrir Menntavísindasvið en Kolbeinn Marteinnsson tók við starfi hennar um haustið og hlutverki í markaðs- og kynningarráði. Ingi Rafn Ólafsson starfaði fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið og sat í markaðs- og kynningarráði fram á vor en Dagrún Briem tók við starfi hans seinni part árs 2013.

Jón Örn og Díana Dögg Víglundsdóttir leiddu vefstjórnarhóp skólans en í honum sat einnig Bryndís Erna Jóhannsdóttir. Jón Örn Guðbjartsson sat einnig sem varamaður í stjórn Vísindavefsins.

## Erlend tengsl og samstarf

Markaðs- og samskiptasvið tekur þátt í margs konar alþjóðlegu og norrænu samstarfi, meðal annars í EUSEA, Evrópusamtökum um vísindamiðlun, NUAS, norrænum samtökum starfsfólks í stjórnáslu norrænna háskóla, og EUPRIO, Samtökum markaðs- og samskiptafólks í evrópskum háskólum. Guðrún sat í stýrihópi í NUAS og Jón Örn í EUPRIO og tóku bæði virkan þátt í starfseminni, meðal annars með ráðstefnu- og fyrirlestrahaldi.

Á árinu flutti Jón Örn að auki fyrirlestra um vísindamiðlun á vísindahátíðinni AFO í Olomouc í Tékklandi og á árvissri ráðstefnu CASE í Manchester. CASE eru alþjóðasamtök samskiptasérfræðinga í æðri menntastofnunum. Jón Örn fékk sérstaka viðurkenningu frá CASE (Stellar Speaker) fyrir framlag sitt á ráðstefnunni sem helgast af mati ráðstefnugesta.

## Kennslumál, stúdentar og brautskráningar

Helstu verkefni kennslusviðs eru yfirumsjón með kennslu- og nemendamálum skólans, reglusetningu og samningagerð, prófahaldi, mati á námi frá öðrum skólum, innlendum sem erlendum, og jafnréttismálum, svo og undirbúningur og afgreiðsla mála fyrir háskólaráð.

Kennslusvið annast sameiginleg mál háskólans er varða kennslu, próf, skráningu stúdenta, kennsluhúsnæði og búnað. Meðal annarra verkefna á árinu var áframhaldandi þróun á aðgangsprófum fyrir háskólastig. Prófin hafa verið í þróun og mótun frá árinu 2012 og hefur verkefnið verið að hanna almennt próf sem nota má við val á nemendum inn í grunnnám háskóla hér á landi. Prófin eru að erlendri fyrirmynd, sbr. ACT- og SAT-prófin í Bandaríkjunum og Swe-SAT í Svíþjóð, svo að dæmi séu tekin.

Á vegum kennslusviðs er, auk skrifstofu sviðsins, starfrækt Kennslumiðstöð, Náms- og starfsráðgjöf, Nemendaskrá og Þjónustuborð í Háskólatorgi sem sérstakar starfseiningar. ENIC-/NARIC-upplýsinga- og matsskrifstofa sér um viðurkenningu náms frá öðrum löndum og er starfrækt á kennslusviði skv. samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Jafnréttisfulltrúi háskólans starfar innan sviðsins í nánú samstarfi við jafnréttisnefnd háskólaráðs.

Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins var starfrækt á kennsluviði skv. samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið til ársloka 2012 en þá voru ákveðin verkefni hennar flutt yfir til Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís). Skrifstofa alþjóðasamskipta, sem sett var á laggirnar í ársbyrjun 2013 og heyrir undir aðstoðarrektror vísinda og kennslu, við öðrum verkefnum Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands, auk fleiri verkefna er lúta að samskiptum Háskóla Íslands við erlenda háskóla og menntastofnanir vegna náms og kennslu, s.s. að veita stúdentum, kennurum, deildum, fræðasviðum og yfirstjórn háskólans þjónustu varðandi alþjóðlegt samstarf sem tengist námi og kennslu. Samhliða breytingum á Alþjóðaskrifstofu var Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands lögð niður og verkefni hennar færð til vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskóla Íslands og Rannís.

Í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 kemur fram að háskólaárið telst frá 1. júlí til jafnlengdar næsta ár. Kennsluárið skiptist í tvö misseri, haustmisseri frá 20. ágúst til 18. desember og vormisseri frá 4. janúar til 10. maí. Nýskráning fer fram í lok maí og byrjun júní ár hvert og einnig er tekið við skráningarbeiðnum í byrjun janúar. Háskóli Íslands brautskráir stúdenta tvisvar á ári, í júní og febrúar. Stúdentar sem ljúka námi í september geta fengið námslok sín staðfest og prófskírteini afhent í október. Nýttar voru heimildir til að veita undanþágu frá inntökuskilyrðum í einstökum deildum háskólaárið 2013–2014 skv. ákvörðun háskólaráðs. Nýskráningar á vormisseri 2013 voru 3.662 og 3.661 á haustmisseri 2013.

## Skrifstofa kennsluviðs

Á skrifstofu kennsluviðs er eitt meginverkefnið umsjón með undirbúningi funda háskólaráðs og umsjón með að ákvörðunum ráðsins og rektors sé framfylgt í samræmi við gildandi lög og reglur. Þá hefur skrifstofan umsjón með samningagerð í mörgum málefnum f.h. Háskóla Íslands, breytingum á lögum og reglum háskólans og setningu nýrra reglna. Sviðsstjóri hefur umsjón með framkvæmd verkefna samstarfsnefndar háskólastigsins og stefnunefndar Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss og enn fremur umsjón með tengslum skólans við Samtök norrænna háskóla (NUS) og Samtök evrópskra háskóla (EUA). Skrifstofan hefur umsjón með ráðningarmálum allra eininga kennsluviðs í tengslum við heildarfjárhagsáætlun sviðsins og skiptingu fjárveitingar á milli starfseininga þess.

Öll þjónusta kennsluviðs við nemendur er í Háskólatorgi. Á 3. hæð eru Nemendaskrá, Náms- og starfsráðgjöf, Matskrifstofa – ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofa og skrifstofa jafnréttisfulltrúa háskólans. Þjónustuborðið er á 2. hæð.

Eins og síðustu ár var lögð áhersla á aðhald og hagræðingu í rekstri. Sókn til að afla tekna var jafnframt hert. Samræmd heimasíða allra eininga kennsluviðs er stöðugt verkefni sem unnið er að, svo og skráning á öllum nefndum, stjórnnum og starfshópum skólans. Verkefnisstjóri á skrifstofu undirbýr fundi jafnréttisnefndar og ritar fundargerðir. Verkefnum einstakra starfseininga kennsluviðs er lýst sérstaklega aftar í þessum kafla.

## Lög og reglur

Reglur nr. 569/2009 tóku gildi 1. júlí 2009, sbr. lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands höfðu verið sameinaðir með lögum sem tóku gildi 1. júlí 2008. Nýjar reglur og breytingar á eldri reglum voru birtar 24 sinnum í Stjórnartíðindum á árinu. Jafnframt var unnið að verklagsreglum sviðsins, sem eru hluti af gæðakerfi skólans og eru þær aðgengilegar á Uglu: <https://ugla.hi.is/kerfi/view/page.php?sid=1708>. Verklagsreglum sem háskólaráð hefur samþykkt má fletta upp á vefsíðunni <http://www.hi.is/adalvefur/verklagsreglur>. Ráðinn var lögfræðingur háskólans haustið 2013 en starfið hafði verið ómannað frá vori 2011.

## Kennsluskrá

Kennsluskrá Háskóla Íslands er gefin út árlega á vefnum, á slóðinni kennsluskra.hi.is. Í kennsluskránni er m.a. lýst skipulagi náms á hverju fræðasviði skólans og í hverri deild. Gerð er grein fyrir öllum námsleiðum og hverju kjörsviði (áherslulínu) þegar við á, með yfirliti um námskeið og skiptingu þeirra á misseri og námsár. Lýsingum einstakra námskeiða má fletta upp, bæði á íslensku og ensku, auk annarra ítarupplýsinga. Í kennsluskrá er einnig að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar sem snerta inntökuskilyrði, umsóknir um nám, skráningu nemenda og skrásetningargjöld, nám og próf, svo og þjónustu við nemendur, réttindi þeirra og skyldur. Kennsluskráin er alfarið unnin og birt í Uglu, hugbúnaðarkerfi Reiknistofnunar Háskóla Íslands. Ritstjóri kennsluskrár er Sveinn Klausen.

Um efni kennsluskrár, verkaskiptingu aðila, ábyrgð og vinnureglur er kveðið á í sérstökum verklagsreglum um kennsluskrá, settum af háskólaráði 5. nóvember 2009. Verklagsreglur um undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða, settar 4. mars 2010, tengjast einnig með beinum hætti vinnu við kennsluskrá. Verklagsreglum sem háskólaráð hefur samþykkt má fletta upp á vefsíðunni <http://www.hi.is/adalvefur/verklagsreglur>.

Kennsluskráin er unnin í samvinnu ritstjóra, ritnefndar og tengiliða deilda, námsbrauta og þverfræðilegs náms. Hvert fræðasvið á fulltrúa í ritnefnd kennsluskrár en kennslusvið ræður ritstjóra. Hver deild – og hver námsbraut, þegar því er að skipta – skipar starfsmann (tengilið), einn eða fleiri, sem sinnir kennsluskrárvinnu fyrir hönd deildarinnar. Kennarar koma einnig að gerð kennsluskrár, enda eru þeir ábyrgir fyrir tilteknum upplýsingum um námskeið, svo sem lýsingu á inntaki þeirra, markmiðum og hæfniviðmiðum. Ríflega 40 manns komu með beinum hætti að gerð kennsluskrár 2013–2014, fyrir utan fjölmarga kennara.

Vinna við undirbúning kennsluskrár háskólaársins 2013–2014 hófst í september 2012. Ritnefnd fundaði nokkrum sinnum á vinnslutímanum, auk þess sem haldnir voru samráðs- og vinnufundir með tengiliðum deilda og námsbrauta. Ritnefnd beitti sér fyrir ýmsum endurbótum á skráningarkerfum Uglu og viðmóti kennsluskrár. Skráning á þátttöku kennara í námskeiðum og hlutverki þeirra var gerð markvissari og öruggari með nýju kerfi sem tekið var í notkun á vormánuðum 2013. Kerfið gefur m.a. kost á ýmsum stillingarmöguleikum sem áður vantaði, svo sem varðandi birtingu á nöfnum kennara í kennsluskrá. Möguleikar kennara við skráningu á upplýsingum um námsmat og próf voru eflir og viðmót bætt. Einng voru gerðar endurbætur á virkni námskeiðaleitar í kennsluskrá. Stærsta framfaraskrefið fólst þó líklega í því að þróuð var leið til að gera vefslóðir í kennsluskrá „lifandi“. M.ö.o. fundu forritarar Reiknistofnunar aðferð til þess að láta slóðir/tengla á textasíður í kennsluskrá vísa sjálfkrafa á nýjustu útgáfu viðkomandi síðu þannig að ekki þurfi að uppfæra slíka tengla handvirkt í hvert skipti sem ný kennsluskrá tekur gildi. Lausnin sparar vefumsjónarfólki fræðasviða og deilda ómælda handavinnu og fyrirhöfn.

Ný kennsluskrá var birt 1. mars 2013, með fyrirvörum um hugsanlegar breytingar og viðbætur. Kennsluskráin taldist svo fullbúin viku síðar, um það leyti sem árleg námskeiðaskráning hófst. Í kennsluskrá ársins 2013–2014 voru birtar upplýsingar um alls 4.242 námskeið eða námsatvik (þ.m.t. lesnámskeið, verkefni, lokaverkefni, málstofur o.fl.). Þar af voru um 3700 námskeið með einn eða fleiri nemendur skráða og í tæplega 2.900 námskeiðum voru nemendur 5 eða fleiri. Í um 280 námskeiðum voru nemendur 100 eða fleiri en 200 eða fleiri í 85 námskeiðum.

Af 2.160 kenndum námskeiðum voru um 1.350 í grunnnámi, 620 í framhaldsnámi og 190 í grunn- og framhaldsnámi (M-námskeið). Af þessum námskeiðum voru 300 kennd á ensku, þar af 120 í grunnnámi. Um 150 námskeið voru kennd á öðrum erlendum tungumálum, langflest í grunnnámi. Námskeið í skipulögðu fjarnámi voru alls 354, þar af 201 í grunnnámi. Rúmlega helmingur fjarnámskeiða var á vegum Menntavísindasviðs.

Birtar voru upplýsingar um alls 352 námsleiðir, þar af 105 í grunnnámi og 247 í framhaldsnámi. Ekki eru taldar með 53 aukagreinar í bakkalárnámi, en bakkalárpróf getur verið samsett úr 120 eininga aðalgrein og 60 eininga aukagrein. Meðtaldar eru hins vegar sjö diplómaleiðir í grunnnámi (60–90 ein.) og 34 diplómaleiðir í framhaldsnámi (30–90 ein.).

Í boði á háskólaárinu 2013–2014 voru 146 námsleiðir til meistaraþrófs. Til doktorsþrófs voru í boði 65 skipulagðar námsleiðir. Tillögur fræðasviða um 12 nýjar námsleiðir voru samþykktar í háskólaráði, þar af fimm til doktorsþrófs og fjórar til meistaraþrófs. Þessar námsleiðir eru: akademísk enska (grunndiplóma), kennslufræði verk- og starfsmenntunar (B.Ed.), kynfræði (viðbótardiplóma), Ameríkufræði (MA), lífupplýsingafræði (MS), lífverkfræði (MS), tölfræði (MS), lífupplýsingafræði (doktorspróf), lífverkfræði (doktorspróf), norræn trú (doktorspróf), reikniverkfræði (doktorspróf) og tölfræði (doktorspróf). Nokkrar þessara leiða voru boðnar í fyrsta skipti á háskólaárinu.

Rétt er að taka fram að námsgreinar sem kenndar eru við Háskóla Íslands eru umtalsvert færri en námsleiðir til prófgráðu eða lokaprófs. Greinin almenn bókmenntafræði er t.d. kennd til BA-prófs, bæði til 180 eininga og 120 eininga sem aðalgrein, til meistaraþrófs og til doktorsþrófs, auk þess sem hún býðst sem aukagrein. Í kennsluskrá reiknast þetta í raun sem fimm mismunandi námsleiðir. Hugtakið námsgrein samsvarar orðinu „subject“ á ensku og má skilgreina sem samnefnara námsleiða til prófgráðu eða lokaprófs. Miðað við þessa skilgreiningu teljast námsgreinar við Háskóla Íslands hafa verið 127 háskólaárið 2013–2014.

## Próf

Á reglulegum lokapróftímabilum, þ.e. í vor- og haustprófum á árinu 2013, voru haldin skrifleg próf í 1058 námskeiðum og prófúrlausnir í þeim (staðið + fallið) voru um 43.100. Haldin voru sjúkra- og upptökupróf í janúar, maí og júní í 769 námskeiðum og prófúrlausnir þar voru um 4.200. Heildarfjöldi úrlausna jókst um 8,1% frá árinu áður en heildaratvikum fækkaði úr 80.165 í 79.222, eða um 1,2%. Á eftirfarandi yfirliti sést nánari skipting eftir námsstöðu (úrsögn, veikindi, fjarverandi, staðið, fall) og próftímabilum. Athugið að einn og sami námsmaðurinn getur verið með mismunandi námsstöðu og að yfirlitið miðast við hvert próftímabil fyrir sig en ekki endanlega niðurstöðu í hverju námskeiði fyrir sig. Sá sem fellur í einu prófi getur staðist próf í sama námskeiði á öðrum tíma. Fjöldi prófa vísar til fjölda námskeiða sem lauk með skriflegum prófum. Á yfirlitinu sést að úrsagnir eru að meðaltali 28,3% en þó sýnu mestar á reglulegum próftímabilum að hausti og vori.

Tafla 1.

### Á próftöflu

Tímabil	Fj. prófa	Úrsagnir	Veikindi	Fjarverandi	Staðið	Fall	Samtals						
Janúar	167	16	2%	13	2%	65	8%	563	68%	166	20%	823	100%
Vorpróf	497	12.097	35%	1.525	4%	2.836	8%	16.194	46%	2.329	7%	34.981	100%
Maí	329	162	6%	147	6%	394	15%	1.426	56%	433	17%	2.562	100%
Júní	273	100	5%	75	4%	219	11%	1.245	63%	338	17%	1.977	100%
Haustpróf	561	10.051	26%	1.638	4%	2589	7%	21.198	55%	3.403	9%	38.879	100%
<b>Samtals</b>	<b>1.827</b>	<b>22.426</b>	<b>28,3%</b>	<b>3.398</b>	<b>4,3%</b>	<b>6.103</b>	<b>7,7%</b>	<b>40.626</b>	<b>51,3%</b>	<b>6.669</b>	<b>8,4%</b>	<b>79.222</b>	<b>100%</b>

Sé einungis miðað við hvort stúdentar stóðust prófraun eða féllu skerpist yfirlitið eins og sjá má í næstu töflu.

Tafla 2.

### Á próftöflu

Tímabil	Fjöldi prófa	Staðið	Fall	Samtals
Janúar	167	563	77%	166 23%
Vorpróf	497	16.194	87%	2.329 13%
Maí	329	1.426	77%	433 23%
Júní	273	1.245	79%	338 21%
Haustpróf	561	21.198	86%	3.403 14%
<b>Samtals</b>	<b>1.827</b>	<b>40.626</b>	<b>86%</b>	<b>6.669 14%</b>

Sjá má að árangur í sjúkra- og upptökuprófum (janúar, maí og júní) er talsvert lakari en í hefðbundnum haust- og vorprófum.

Hafa ber í huga að fjölmörgum námskeiðum lýkur með verkefnum, ritgerðum eða með prófum sem eru alfarið á vegum kennara og því gefa tölur um fjölda prófa og prófurlausna ekki heildarmynd af námsmati við skólann. Í eftirfarandi töflu vísar fjöldi prófa til námskeiða, ritgerða og verkefna þar sem lokaeinkunnir voru gefnar eða að nemendur stóðust án einkunnar.

**Tafla 3.**

**Utan próftöflu**

Tímabil	Fjöldi prófa	Úrsagnir	Veikindi	Staðið	Fall	Samtals
Jaúar	27	1 1%	0 0%	72 51%	67 48%	140 100%
Vor	1.099	8.543 36%	140 1%	14.179 60%	707 3%	23.569 100%
Maí	30	2 3%	0 0%	57 91%	4 6%	63 100%
Júní	26	7 8%	1 1%	55 63%	24 28%	87 100%
Sumar	223	503 31%	0 0%	1.090 67%	27 2%	1.620 100%
Haust	989	7.366 34%	113 1%	13.617 62%	827 4%	21.923 100%
<b>Samtals</b>	<b>2.394</b>	<b>16.422 35%</b>	<b>254 1%</b>	<b>29.070 61%</b>	<b>1.656 3%</b>	<b>47.402 100%</b>

Sé einungis miðað við hvort stúdentar stóðust prófraun eða féllu skerpist yfirlitið eins og sjá má í næstu töflu.

**Tafla 4.**

**Utan próftöflu**

Tímabil	Fjöldi prófa	Staðið	Fall	Samtals
Janúar	27	72	52%	67 48%
Vor	1.099	14.179	95%	707 5%
Maí	30	57	93%	4 7%
Júní	26	55	70%	24 30%
Sumar	223	1.090	98%	27 2%
Haust	989	13.617	94%	827 6%
<b>Samtals</b>	<b>2.394</b>	<b>29.070</b>	<b>95%</b>	<b>1.589 5%</b>

Starfsmenn kennslusviðs aðstoðuðu við framkvæmd rúmlega 100 prófa sem haldin voru á kennslutíma og prófurlausnir þar voru um 9.000. GRE-próf (Graduate Record Examinations) voru haldin í febrúar og október og þau þreyttu samtals um 30 manns. Ótalin eru tilfallandi fjarpróf sem háskólinn annast fyrir erlenda skóla og fjarpróf sem send eru frá háskólanum til umsjónaraðila innan lands og utan. Þegar lagt er saman er ljóst að starfsmenn kennslusviðs komu að u.þ.b. 56.000 próftökum á árinu 2013.

## Starfsfólk

Ársverk á skrifstofu kennslusviðs og við prófahald voru sex. Þar störfuðu á árinu: Þórður Kristinsson, sviðsstjóri, Amalía Skúladóttir, skrifstofustjóri (50%), Sigurður Ingi Árnason, verkefnisstjóri prófahalds, Hreinn Pálsson, prófstjóri og verkefnisstjóri Uglu, Hrafnkell Björnsson, verkefnisstjóri í prófahaldi (50%), Kolbrún Einarsdóttir, verkefnisstjóri á skrifstofu, og Sveinn Klausen, ritstjóri kennsluskrár og vefstjóri kennslusviðs, öll í fullu starfi nema skrifstofustjóri og verkefnisstjóri í prófahaldi.

## Kennslumiðstöð

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands var formlega stofnuð 31. ágúst 2001 og heyrir undir kennslusvið. Kennslumiðstöð er til húsa á annarri hæð íþróttahúss Háskóla Íslands og er opin alla virka daga frá kl. 8:30 til 16:00. Á opnunartíma miðstöðvarinnar geta kennarar og starfsmenn háskólans litið inn eða haft samband símleiðis, s. 525 4447, en fyrirspurnir má einnig senda á netfang miðstöðvarinnar kemst@hi.is.

## Námskeið, vinnustofur og kynningar

Markmið og hlutverk Kennslumiðstöðvar er að stuðla að þróun kennsluhátta við skólann með því að veita kennurum, deildum, fræðasviðum og stjórnendum skólans faglega aðstoð. Að þessu markmiði er unnið á ýmsan hátt s.s. með ráðgjöf og föstum námskeiðum.

Námskrá Kennslumiðstöðvar tekur mið af stefnu og áherslum Háskóla Íslands auk þess sem reynt er að koma á mótis við þarfir einstakra fræðasviða í kennslumálum. Þó eru námskeið fyrir nýja kennara, svo og vinnustofur um upplýsingatækni, fastur liður í fræðsludagskrá miðstöðvarinnar. Árið 2013 var áhersla lögð á að vinna með deildum að frekari kennsluþróun innan þeirra. Í þeim tilgangi voru m.a. haldin námskeið og vinnustofur um fjölbreytt námsmat, gerð og notkun hæfniviðmiða í kennslu, vinnuálag í námskeiðum í samræmi við viðmið Bologna-samkomulagsins, fjölbreyttar kennsluáðferðir og tengsl hæfniviðmiða og námsmats. Lögð var áhersla á að vinna með stjórnendum deilda og fræðasviða skólans að kennsluþróun. Yfirlit yfir námskeið og vinnustofur er að finna á vef Kennslumiðstöðvar (kemst.hi.is) og þar skrá þátttakendur sig jafnframt. Góð mæting var á námskeið og vinnustofur Kennslumiðstöðvar, svo og á kynningar og fyrirlestra sem haldnir voru á vegum miðstöðvarinnar.

Kennslumiðstöð hélt kennslumálalöng Háskóla Íslands í febrúar ásamt Stúdentaráði Háskóla Íslands, gæðanefnd skólans og kennslumálanefnd hans. Þetta er í annað sinn sem slíkt þing er haldið en stofnað var til þess að frumkvæði Stúdentaráðs. Þingið er vettvangur umræðu um kennslu á meðal nemenda og kennara við skólann. Kennslumálalöng var vel sótt af nemendum, kennurum og starfsfólki í stjórnslu skólans.

## Ráðgjöf og mat

Við Kennslumiðstöð starfa sérfræðingar á sviði kennslufræði og upplýsingatækni í kennslu sem leita má til vegna ólíkra kennslufræðilegra viðfangsefna. Ráðgjöf til kennara og stjórnenda er stór hluti af starfi miðstöðvarinnar. Auk ráðgjafar við kennara og kennarahópa, deildir og stjórnendur eiga starfsmenn Kennslumiðstöðvar sæti í nefndum og ráðum sem taka til kennslu og kennsluþróunar. Kennslumiðstöð býður kennurum og deildum upp á aðstoð við að meta gæði kennslu. Þar er um að ræða upptökur og greiningu á kennslu, miðmissisrismat og gæðahringi þar sem könnuð eru viðhorf nemenda til náms. Kennslumiðstöð hefur einnig aðstoðað deildir sem vinna sjálfsmat við að hlusta eftir röddum nemenda sinna. Miðstöðin skilar skýrslu með niðurstöðum og ábendingum um úrlausnir til deildar.



Kennslumiðstöð hefur einnig komið að könnun á viðhorfum nemenda til náms og kennslu við einstakar deildir skólans í tengslum við sjálfsmatsferli deildanna. Miklar og góðar upplýsingar fást í slíkum könnunum sem nýtast deildum vel í sjálfsmatsvinnu sinni, draga fram styrkleika og veikleika. Vinnan nýtist Kennslumiðstöð einnig til kennsluþróunar við háskólann.

## Námsleið í háskólakennslufræði

Í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands hefur Kennslumiðstöð umsjón með námsleið í háskólakennslufræði fyrir háskólakennara. Námsleiðin er 30 eininga diplómanám sem samanstendur af þremur 10 eininga námskeiðum: KEN212F – Inngangur að kennslufræði háskóla, KEN103F – Skipulag námskeiða, námsmat og mat á eigin kennslu og KEN004F – Kennsluþróun og starfendarannsóknir. Námsleiðin er opin háskólakennurum sem sinna háskólakennslu og er námið skipulagt sem nám með starfi. Upplýsingar um námsleiðina er að finna í Kennsluskrá Háskóla Íslands, svo og á vef Kennslumiðstöðvar. Skráning fer fram í umsóknakerfi Háskóla Íslands í mars/apríl ár hvert. Tæplega eitt hundrað háskólakennarar höfðu lokið námskeiðum í kennslufræði háskóla í árslok 2012 og aðrir átta voru skráðir í lokanámskeiðið sem tekur yfir heilt ár.

## Kennsluvefur Kennslumiðstöðvar

Á vef Kennslumiðstöðvar, [www.kemst.hi.is](http://www.kemst.hi.is), er að finna upplýsingar og fræðsluefni um háskólakennslu. Þar má t.a.m. nefna leiðbeiningarefni um gerð hæfniviðmiða og dreifildi tengd einstökum námskeiðum miðstöðvarinnar. Þá er þar að finna vefleiðbeiningar um Uglu, Moodle, eMission og K2 í Uglu.

Á vefnum eru handbækur um kennslu sem unnar hafa verið á vegum miðstöðvarinnar að fyrirmynd Stanford-háskóla: Handbók fyrir kennara við Háskóla Íslands og Handbók aðstoðarkennara. Á kennsluvefnum er jafnframt að finna greinargott yfirlit yfir tímarit á sviði háskólakennslu.

## Önnur þjónusta

Hjá Kennslumiðstöð er að finna nokkurt safn fræðiritra og handbóka um kennsluhætti á háskólastigi. Kennarar og starfsmenn hafa aðgang að þessum bókakosti á afgreiðslutíma miðstöðvarinnar og geta jafnframt fengið þær lánaðar. Á vef Kennslumiðstöðvar er að finna yfirlit yfir þær bækur sem til eru, forsíðumynd og efnisyfirlit. Einnig er þar að finna safn yfir rafræn tímarit sem fjalla um háskólakennslu almennt og háskólakennslu sérstakra fræðigreina. Aðgangur að mörgum tímaritanna er opin á landsvísu.

Í Kennslumiðstöð er hljóðkleri er gefur möguleika á gæðaupptökum í eMission o.fl. og geta starfsmenn veitt aðstoð við upptökur. Upptökuver er einnig á Menntavísindasviði í Stakkahlíð og í Odda. Starfsmenn Kennslumiðstöðvar á þessum stöðum hafa umsjón með stúdíónum.

Í Kennslumiðstöð er fullkomið fjarfundaherbergi og sér miðstöðin um fjarfundabúnað Háskóla Íslands, sem er hann mikið notaður í fjarkennslu, fyrir fundi og verkefnavinnu, bæði innanlands og til að tengjast útlöndum, svo og vegna meistara- og doktorsvarna.

Kennslumiðstöð tekur að sér skönnun fjölvalsprófa og útreikning fyrir kennara gegn vægu gjaldi.

## Starfsfólk

Í Kennslumiðstöð starfa sjö manns í ríflega sex stöðugildum: Anna Kristín Halldórsdóttir, verkefnastjóri (í 50% starfshlutfalli), Elva Björg Einarsdóttir, verkefnastjóri (í 100% starfshlutfalli), Grettir Sigurjónsson, tæknistjóri (í 100% starfshlutfalli), Guðrún Geirsdóttir, deildarstjóri

Kennslumiðstöðvar (í 70% starfshlutfalli), Gústav K. Gústavsson, tæknimaður (í 100% starfshlutfalli), Kristbjörg Olsen, verkefnastjóri (í 100% starfshlutfalli), og Rúnar Sigurðsson, verkefnastjóri (í 100% starfshlutfalli).

## **Matsskrifstofa – ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofa**

Matsskrifstofa kennslusviðs sér um mat á prófvottorðum. Skrifstofan fer yfir allar umsóknir erlendra námsmanna sem óska eftir inngöngu í Háskóla Íslands og umsóknir þeirra sem óska eftir undanþágum frá inntökuskilyrðum skólans. Þá gegnir skrifstofan hlutverki ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofu Íslands samkvæmt samningi Háskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Meginhlutverk ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofunnar er að leiðbeina bæði einstaklingum og stofnunum um mat á námi erlendis frá og veita erlendum aðilum upplýsingar um íslenskt menntakerfi og íslensk próf. Skrifstofan tekur þátt í samstarfi ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofa og í samstarfi norrænna ENIC-/NARIC-skrifstofa sem kallast NORRIC. Þá tekur annar starfsmaður skrifstofunnar þátt í NUAS-samstarfi.

Alls bárust háskólanum 1.694 umsóknir frá erlendum aðilum á árinu 2013, af þeim komu 1.056 til afgreiðslu hjá matsskrifstofu en engin gögn bárust með 638 umsóknum. Þá bárust 352 umsóknir um undanþágur frá inntökuskilyrðum en af þeim komu 184 til afgreiðslu hjá matsskrifstofu en engin eða ófullnægjandi gögn bárust með 168 umsókn. Alls bárust matsskrifstofunni 95 ENIC-/NARIC-mál til úrlausnar á árinu 2013.

Matsskrifstofa var til húsa á annarri hæð Háskólatorgs en flutti í bráðabirgðahúsnæði á efstu hæð á árinu. Á skrifstofunni starfa tveir starfsmenn og voru ársverk 2,0.

## **Náms- og starfsráðgjöf**

Þjónusta Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands er miðlæg, staðsett á Háskólatorgi, og ætluð nemendum allra fræðasviða Háskóla Íslands. Markmið starfsfólks er að veita háskólastúdentum fjölbreytta ráðgjöf og stuðning meðan á námi stendur og stuðla þannig að árangri og vellíðan í námi og draga úr brotthvarfi. Leitast er við að veita heildræna náms- og starfsráðgjöf með skipulagðri þjónustu, ráðgjöf og upplýsingamiðlun frá því að einstaklingar íhuga nám við Háskóla Íslands þar til þeir brautskrást og stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Til að mæta fjölgun nemenda á undanförunum misserum og ásókn í þjónustu Náms- og starfsráðgjafar, hefur verið lögð áhersla á hópráðgjöf, námskeiðahald og fyrirlestra. Í sama tilgangi hefur miðlun hagnýtra upplýsinga og fræðsluefnis á vefsíðu Náms- og starfsráðgjafar aukist. Opnir viðtalstímar eru alla daga vikunnar þar sem fólk getur fyrirvaralaust fengið viðtal við náms- og starfsráðgjafa, auk þess sem nemendur skólans geta bókað viðtöl eftir samkomulagi. Nemendur í fjarnámi geta fengið ráðgjöf í síma og tölvupósti. Samkvæmt skráningarkerfi Náms- og starfsráðgjafar var ráðgjöf og þjónusta veitt í 6.803 tilfellum árið 2013.

Þjónusta Náms- og starfsráðgjafar skiptist í námsráðgjöf, starfsráðgjöf og sértæka þjónustu sem felst meðal annars í sérúrræðum í námi og sálfræðilegri ráðgjöf. Fimm náms- og starfsráðgjafar sinna verkþáttum sem falla undir náms- og starfsráðgjöf og tveir sjá um þjónustu vegna sérúrræða í námi og prófum. Sálfræðingur í hlutastarfi ber ábyrgð á sálfræðilegri ráðgjöf og þjónustu. Er umfangi verkþátta árið 2013 lýst í samræmi við þessa verkaskiptingu.

## Námsráðgjöf

Einstaklingsviðtöl vegna náms- og starfsvals og upplýsinga um nám standa bæði almenningi sem hyggur á nám við Háskóla Íslands til boða, sem og nemendum háskólans. Þá geta háskólastúdentar fengið einstaklingsráðgjöf um vinnubrögð í námi og annað sem áhrif hefur á námsframvindu þeirra. Viðtöl af þessu tagi voru alls 3205 á árinu.

Áhugakönnun Strong hefur verið notuð um árabíl til að leiðbeina við náms- og starfsval. Könnunin er lögð fyrir í fámennum hópum og mætir hver hópur tvisvar. Alls var könnunin lögð fyrir fjórtán hópum á árinu og fengu þeir úrlausn úr henni. Ítarlegar upplýsingar um könnunina er að finna á heimasíðu Náms- og starfsráðgjafar.

Náms- og starfsráðgjöf tók þátt í háskóladeginum laugardaginn 9. mars, þegar Háskóli Íslands kynnti almenningi námsframboð sitt, sem og í nýnemadögum í byrjun haustmíssis, sem haldnir eru í samráði við Stúdentaráð og Félagsstofnun stúdenta.

Fræðsla og námskeiðahald um námstækni og vinnubrögð í háskólanámi er veigamikill þáttur í starfsemi Náms- og starfsráðgjafar. Á hverju míssi eru haldin nokkur vikna námskeið og stakir fyrirlestrar um efnið og lögð áhersla á að fræðsluefni sé aðgengilegt á vef. Árið 2013 voru haldin tíu námstækninámskeið, þrettán vinnustofur vegna lokaverkefna og ellefu örfyrirlestrar um sérhæft efni tengt vinnubrögðum.

Fimmtudaginn 21. mars var í fyrsta sinn haldin verkefnavaka að þýskri fyrirmynd fyrir háskólastúdenta sem bar yfirskriftina Kvöldvaka í Háskóla Íslands, frestun í skjóli nætur. Frumkvæði að vökunni átti Baldur Sigurðsson, forstöðumaður ritvers Menntavísindasviðs, og var vakan haldin í húsnæði sviðsins í Stakkahlíð. Ýmsir komu að vökunni, þar á meðal náms- og starfsráðgjafar sem héldu erindi um frestun, tóku þátt í ritsmiðjum og veittu nemendum ráðgjöf.

## Starfsráðgjöf

Nemendum háskólans stendur til boða einstaklings- og hópráðgjöf í undirbúningi fyrir atvinnuleit. Um er að ræða leiðbeiningar um gerð ferilskár (CV) og kynningarbréfa, lögð er áhersla á að kenna nemendum að meta eigin styrkleika, gildi og viðhorf og farið er yfir æskilegan undirbúning og framkomu í atvinnuviðtölum. Boðið var upp á fimm vinnustofur í atvinnuleit og einn örfyrirlestur, auk einstaklingsráðgjafar í 65 viðtölum.

Eins og undanfarin ár tók Náms- og starfsráðgjöf einnig þátt í árlegum framadögum þar sem háskólastúdentar fá tækifæri til að kynna fyrirtækjum og koma sér á framfæri.

## Sérúrræði í námi og prófum

Náms- og starfsráðgjöf hefur umsjón með málefnum fatlaðra stúdenta og þeirra sem þurfa á sérúrræðum að halda og leggur til úrræði á grundvelli faglegs álits sérfræðings og fylgir eftir framkvæmd úrræða í samvinnu við þá sem málið varðar. Ástæður fyrir úrræðum geta verið ýmsar, svo sem líkamleg fötlun, sértækir námsörðugleikar, taugasálfræðileg vandamál, geðræn vandkvæði eða langvarandi veikindi. Einstaklingum sem óska eftir sérúrræðum í námi og prófum hefur fjölgað í takt við fjölgun nemenda undanfarin ár og fengu 968 sérúrræði í námi á árinu. Einstaklingsviðtöl vegna sérúrræða í námi voru 1207 og haldin voru þrjú prófkvíðanámskeið.

## Sálfræðileg og persónuleg ráðgjöf

Hjá Náms- og starfsráðgjöf starfar sálfræðingur í hlutastarfi. Hlutverk hans er meðal annars að greina sálræn vandkvæði hjá nemendum, veita þeim skammtímameðferð eða vísa þeim áfram til viðeigandi sérfræðinga. Árið 2013 veitti sálfræðingur 195 einstaklingsviðtöl og hélt tvo örfyrirlestra. Auk þess kemur hann að uppfærslu upplýsinga á fræðsluvef um geðspeki þar sem gagnlegar upplýsingar og fræðslu um geðheilbrigði er að finna.

Til viðbótar við þjónustu sálfræðings veittu náms- og starfsráðgjafar 352 viðtöl vegna margvíslegra persónulegra mála.

## Samstarf við fræðasvið

Umfangsmesta samstarfsverkefni Náms- og starfsráðgjafar við fræðasvið er starfsþjálfun nema á fyrsta og öðru ári í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf en samstarfssamningur er á milli kennsluviðs og Félagsvísindasviðs þar um. Allt að tíu fyrsta árs nemar, tveir í senn, koma í einnar viku vettvangsheimsókn og allt að fjórir til fimm nemar af öðru ári eru í 240 klukkutíma starfsþjálfun undir handleiðslu náms- og starfsráðgjafa.

Á árinu var gerður formlegur samstarfssamningur á milli kennsluviðs, Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands og Sálfræðideildar í tengslum við sálfræðiráðgjöf háskólanema sem er fólgin í að cand. psych.-nemendur í sálfræði veita háskólastudentum og börnum þeirra sálfræðiþjónustu undir handleiðslu löggiltra sálfræðinga. Hlutverk Náms- og starfsráðgjafar felst í að vísa nemendum sem á þurfa að halda á þjónustuna og hefur sálfræðingur Náms- og starfsráðgjafar umsjón með tilvísanaferli og samskiptum við ábyrgðaraðila í Sálfræðideild.

Önnur samstarfsverkefni eru til að mynda kynningar á þjónustu Náms- og starfsráðgjafar á nýnemakynningum á öllum fræðasviðum, stutt námskeið eða fyrirlestrar um vinnubrögð í háskólanámi á nýnemadögum og í vinnulagsnámskeiðum sem nýnemar taka á fyrsta misseri í námi, auk sérhæfðra fyrirlestra eða styttri námskeiða um starfsráðgjöf, viðtalstækni fyrir mentora, prófundirbúning og tímastjórnun.

Til að efla upplýsingaflæði og samvinnu á milli Náms- og starfsráðgjafar og fræðasviða Háskóla Íslands hefur hver náms- og starfsráðgjafi það hlutverk að vera tengiliður við starfsfólk á tilteknu fræðasviði. Árið 2013 voru Hildur Katrín Rafnsdóttir og Jóhanna Sólveig Lövdahl tengiliðir við Félagsvísindasvið, Hrafnhildur Kjartansdóttir við Heilbrigðisvísindasvið, Ásta G. Briem við Hugvísindasvið, Kristjana Mjöll Sigurðardóttir við Menntavísindasvið og Jónína Kárdal við Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands hélt tvö námskeið undir yfirskriftinni Skref til skilnings, annars vegar fyrir Hugvísindasvið og hins vegar fyrir Heilbrigðisvísindasvið. Námskeiðin eru afrakstur evrópsk samstafsverkefnis, Dare2, sem Náms- og starfsráðgjöf tók þátt í árin 2009 til 2011. Markmið þeirra er að vekja kennara og aðra starfsmenn til vitundar um málefni fatlaðra nemenda við skólann. Ráð um málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands studdi verkefnið fjárhagslega.

Annað samstarf innan háskólans felst í því að eiga fulltrúa í:

- námsnefnd í MA-námi í náms- og starfsráðgjöf á Félagsvísindasviði,
- inntökunefnd í MA-námi í náms- og starfsráðgjöf á Félagsvísindasviði,
- stjórn Seturs í ævilangri náms- og starfsráðgjöf,
- samstarfshópi markaðs- og samskiptasviðs vegna móttöku nýnema,
- í ráði um málefni fatlaðs fólks,
- í stjórn Þórsteinssjóðs,
- í stjórn Greiningarsjóðs um sértæka námsörðugleika.

## Erlend samskipta- og samstarfsverkefni

Náms- og starfsráðgjöf tekur þátt í formlegu erlendu samstarfi og á fulltrúa í:

- NUAS, samstarfi námsráðgjafa í háskólum á Norðurlöndum,
- NNK, samstarfi starfsráðgjafa í háskólum á Norðurlöndum,
- NNDC, norrænu samstarfsneti um aðgengi fatlaðra að æðri menntun.

Í árána rás hefur fjöldi erlendra fagaðila á sviði náms- og starfsráðgjafar á háskólastigi óskað eftir að koma í lengri eða skemmri heimsóknir til Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands til að kynna sér starfsemina. Á þessu ári var í annað sinn boðið upp á formlega dagskrá í eina viku sem tólf manns frá átta löndum tóku þátt í.

## Starfsfólk

Ársverk í Náms- og starfsráðgjöf voru tæplega 11. Þar störfuðu árið 2013: María Dóra Björnsdóttir, deildarstjóri (100%), Ásta Gunnlaug Briem, náms- og starfsráðgjafi (100%), Dröfn Sigurbjörnsdóttir, verkefnisstjóri (100%), sem lét af störfum í maí og við starfi hennar tók Lilja Kristín Magnúsdóttir (100%), Hildur Katrín Rafnsdóttir, náms- og starfsráðgjafi (75%), Hrafnhildur Kjartansdóttir, náms- og starfsráðgjafi (100%), Ingunn Margrét Ágústsdóttir, náms- og starfsráðgjafi (100%), Jóhanna Sólveig Lövdahl, náms- og starfsráðgjafi (nýtt stöðuhlutfall 80%), Jónína Kárdal, náms- og starfsráðgjafi (90%), Kristjana Mjöll Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi (100%), og Magnús Stephensen, skrifstofustjóri (100%). Katrín Sverrisdóttir sálfræðingur hóf störf í mars (20% í þrjá mánuði og 50% frá 1. júní) en hún tók við af Rögnu Ólafsdóttur (50%), sem lét af störfum í lok árs 2012. Sigrún Edda Theodórsdóttir tákmalstúlkur (100%) lét af störfum í ágúst og ekki var ráðið í hennar stað.

## Nemendaskrá

Nemendaskrá Háskóla Íslands heldur skrá yfir alla nemendur skólans og er skráin sá grunnur sem skipulag námsins byggist á, s.s. stundaskrár, skipan í stofur, skipulag prófa og bókakaup Bóksölu stúdenta. Þar fer fram innritun nýrra stúdenta, árleg skráning í námskeið og próf, varðveisla einkunna og innheimta árlegs skrásetningargjalds. Einnig geta stúdentar nálgast margháttáðar upplýsingar um námskeið sín og námsferil hjá Nemendaskrá. Á ákveðnum tímabilum, sem kynnt eru í kennsluámanaki skólans, geta stúdentar nýtt sér sjálfþjónustu Uglu, sem er innra net Háskóla Íslands, skráð sig sjálfir t.d. í námskeið komandi háskólaárs og valið um leið greiðslumáta skrásetningargjalds (árleg skráning). Þeir geta einnig skráð sig sjálfir í námskeið/próf, í sjúkra- og endurtökupróf og breytt námskeiðaskráningum sínum í byrjun haust- og vormisseris.

Nemendaskrá sér um framkvæmd inntöku nýnema í grunnám í Háskóla Íslands samkvæmt 47. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Í október 2008 voru nemendur rúmlega 12.200 talsins við skólann en heildarfjöldi stúdenta var kominn upp í 14.000 haustmiserið 2009 og var nemendafjöldinn nálægt þeirri tölu næstu fimm árin. Þessi fjölgun í skólanum kom án efa til vegna efnahagshruns landsins í október 2008 en margir sem misstu vinnu sína sneru aftur til náms, stundum til að ljúka námi eða jafnvel hefja nýtt nám.

Flest erindi til Nemendaskrár berast með tölvupósti á netfangið nemskra@hi.is. Fyrirspurnir eru þó einnig afgreiddar með símtölum á afgreiðslutíma, sem er alla virka daga frá kl. 9.00 til 15.00. Lokað er í hádegi frá kl. 12.00-12.30. Flestir tölvupóstanna eru frá tilvonandi og núverandi nemendum skólans og eru erindin margvísleg en innihalda þó oft spurningar um umsókn í Háskóla Íslands, umsóknarfrest, fylgigögn með umsókn um skráningu í námskeið, í sjúkrapróf og fleira er við kemur ýmislegri skráningu. Starfsfólk í stjórnsýslu deildarskrifstofa skólans sendir einnig erindi er varða

nemendur á þetta netfang. Til viðbótar er fjöldi erinda sendur á persónuleg netföng starfsmanna Nemendaskrár og geta þau erindi verið frá 2.000 til 3.500 á ári.

Að auki berast erindi frá tilvonandi nemendum erlendis frá á netfangið [admission@hi.is](mailto:admission@hi.is) og svara starfsmenn Nemendaskrár þeim pósti í samvinnu við Matsskrifstofu Háskóla Íslands.

#### Afgreiðsla tölvupósts til Nemendaskrár 2009–2013 ([nemskra@hi.is](mailto:nemskra@hi.is))

Ár	Heild	Svarpóstur	Innpóstur	Fjöldi nemenda 20. október
2009	39.754	12.122	27.632	13.957
2010	45.309	14.894	30.415	13.981
2011	40.188	13.685	26.503	14.014
2012	38.441	12.040	26.401	13.737
2013	38.722	12.241	26.481	13.780

### Nemendafjöldi

Heildarfjöldi nemenda er hér sýndur eftir þrepum og stigum samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður (National Qualification Framework for Higher Education) nr. 530, 2011.

#### Tafla 5.

##### Fjöldi stúdenta í grunnnámi (þrep 1, stig 1) 2012–2013 og brautskráðir úr því námi á árinu 2013.

Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá febrúar 2013.

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	0	0	0	0	0	0
Heilbrigðisvísindasvið	0	0	0	0	0	0
Hugvísindasvið	31	75	106	6	17	23
Menntavísindasvið	46	88	134	12	12	24
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	0	0	0	0	0	0
Samtals	77	163	240	18	29	47

#### Tafla 6.

##### Fjöldi stúdenta í bakkalárnámi (þrep 1, stig 2) 2012–2013 og brautskráðir úr því námi á árinu 2013.

Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá febrúar 2013.

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	1.101	1.785	2.886	155	332	487
Heilbrigðisvísindasvið*	373	1.177	1.550	60	250	310
Hugvísindasvið	701	1.246	1.947	94	158	252
Menntavísindasvið	193	860	1.053	52	215	267
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	1.090	717	1.807	181	135	316
Samtals	3.458	5.785	9243	542	1.090	1.632

\*Stúdentar í kandidateitnámi í læknisfræði og tannlæknisfræði eru ekki taldir með hér þó svo að fyrstu þrjú árin teljist vera á þrepi 1, stigi 2.

#### Tafla 7.

**Fjöldi stúdenta í framhaldsnámi á meistarastigi (þrep 2, stig 1) 2012–2013 og brautskráðir úr því námi á árinu 2013.** Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá febrúar 2013.

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	186	344	530	53	89	142
Heilbrigðisvísindasvið*	71	169	240	18	62	80
Hugvísindasvið	5	26	31	0	7	7
Menntavísindasvið	39	118	157	13	54	67
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	0	0	0	0	1	1
Samtals	301	657	958	84	213	297

\*Stúdentar í kandidateitnámi í læknisfræði og tannlæknisfræði eru allir taldir hér þó svo að fyrstu þrjú árin teljist vera á þrepi 1, stigi 2.

#### Tafla 8.

**Fjöldi stúdenta í doktorsnámi (þrep 3) 2012–2013 og brautskráðir úr því námi á árinu 2013.** Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá febrúar 2013.

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	26	65	91	1	3	4
Heilbrigðisvísindasvið	31	86	117	9	10	19
Hugvísindasvið	43	55	98	3	2	5
Menntavísindasvið	21	50	71	3	1	4
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	77	61	138	11	9	20
Samtals	198	317	515	27	25	52

### Nemenda- og umsóknarkerfi í Uglu

Haldið var áfram að þróa rafrænt umsóknarkerfi fyrir öll námsstig í Háskóla Íslands á árinu í nánú samstarfi við marga aðila innan skólans, aðallega þó hugbúnaðarþróun Reiknistofnunar Háskóla Íslands. Með tilkomu nýja umsóknarkerfisins sem byrjað var að smíða árið 2009 hafa íslenskir umsækjendur, í grunn- og framhaldsnám, getað sótt rafrænt um í Háskóla Íslands og fylgst með framvindu umsóknar sinnar á vef háskólans.

Á sama tíma, þ.e. frá árinu 2009 og til dagsins í dag, hefur verið unnið markvisst að því að bæta upplýsingar til umsækjenda, bæði á tölvuskjá og með tölvupósti. Fram kemur í upplýsingunum að umsókn hafi verið móttækin og hver séu næstu skref í umsóknarferlinu. Umsækjendahópurinn í

Háskóla Íslands er fjölbreyttur og frá öllum heimshornum og því eru upplýsingarnar til umsækjenda mismunandi eftir því hvort þeir eru innlendir eða erlendir ríkisborgarar, innan eða utan Evrópska efnahagssvæðisins og fleira. Upplýsingar til umsækjenda hafa aukist og batnað jafnhliða þróun nemenda- og umsóknarkerfisins.

Með tilkomu rafræns umsóknarkerfis er betur hægt en áður að fylgjast með sveiflum frá ári til árs hvað varðar fjölda umsókna í grunn- og framhaldsnám og gefur það mikilvægar upplýsingar. Hér fyrir neðan eru umsóknartölur síðastliðinna fjögurra ára.

#### Heildarfjöldi umsókna í grunnám:

Haust 2010	Haust 2011	Haust 2012	Haust 2013
5.632	6.783	6.613	5.894

#### Heildarfjöldi umsókna í framhaldsnám:

Haust 2010	Haust 2011	Haust 2012	Haust 2013
2990	3.155	3.157	3.047

## Umsóknir frá erlendum stúdentum á eigin vegum

Í byrjun desember 2010 gátu erlendir umsækjendur í fyrsta sinn sótt rafrænt um nám í Háskóla Íslands. Á háskólaárinu 2011–2012 var unnið að því, með hugbúnaðarþróun Reiknistofnunar, að erlendir umsækjendur gætu einnig fylgst með framvindu umsóknar sinnar á sama hátt og innlendir umsækjendur. Á árinu 2012 var því, í fyrsta sinn, hægt að birta á vef Háskóla Íslands upplýsingar til erlendra umsækjenda í grunnnámi um hvort umsókn þeirra hefði verið samþykkt eða henni synjað og um leið voru birtar rafrænt útskýringar með svari um skólavist. Það var jafnframt á árinu 2012 sem erlendum umsækjendum sem fengu inngöngu í grunnám við skólann var einungis svarað rafrænt með tölvupósti. Þróun umsóknarkerfisins hélt áfram á þessari braut á árinu 2013.

Í október 2013 var bókfært í háskólaráði að umsýslu- og afgreiðslugjald vegna umsókna nemenda með ríkisfang utan Evrópska efnahagssvæðisins, að undanskildum Færeyjum og Grænlandi, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008, skyldi bætast við upptalningu gjalda í gjaldskrá Háskóla Íslands vegna þjónustu við nemendur o.fl.

## Umsóknir frá erlendum skiptinimum

Í lok árs 2011 hófst vinna við að skiptinemar erlendis frá gætu sótt rafrænt um skiptinám í Háskóla Íslands í umsóknarkerfinu í Uglu. Árið 2012 var síðan í fyrsta sinn tekið á móti umsóknum frá erlendum skiptinimum í Uglu og þróun þessa hluta kerfisins hélt áfram árið 2013. Þess má jafnframt geta að Nemendaskrá og Skrifstofa alþjóðasamskipta bættu þjónustu við erlenda stúdenta á þann hátt að skólinn sótti um kennitölu til þjóðskrár fyrir erlenda nemendur frá löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins til að flýta fyrir skráningu þeirra inn í landið og í nemendakerfið við komuna til landsins.

## Aukin gæði

Þróun nemenda- og umsóknarkerfisins í Uglu tekur stöðugt breytingum og mætir æ betur þörfum notenda kerfanna, sem eru umsækjendur, nemendur, kennarar og starfsfólk stjórnsýslu skólans. Hugbúnaðurinn batnar því með hverju ári og þar með aukast gæðin fyrir notendur kerfanna, ekki síst fyrir umsækjendur og nemendur. Áframhaldandi þróun nemenda- og umsóknarkerfa í Uglu hefur í raun umbýlt vinnuferlinu við inntöku nemenda í háskólann til mikils batnaðar.



Lykillinn að þessari þróun og meiri gæðum í þjónustunni er náíð og gott samstarf allra notenda Uglu og hugbúnaðarstarfsfólks Reiknistofnunar. Aukin samskipti við Útlendingastofnun og Þjóðskrá hefur einnig leitt til betri upplýsingagjafar til stúdenta á vef Háskóla Íslands um ýmis hagnýt atriði er varða dvalarleyfisumsókn og skráningu inn í landið.

## Brautskráning

Nemendaskrá sér einnig um brautskráningu í samvinnu við rektorsskrifstofu og deildir háskólans. Þá annast Nemendaskrá enn fremur þjónustu við brautskráða nemendur sem óska eftir hvers kyns staðfestingu og vottorðum um nám sitt í skólanum. Þessi þjónusta er unnin í nánu samstarfi við þjónustuborð á Háskólatorgi.

## Ýmis verkefni

Um langt árabíl hefur Nemendaskrá séð um að senda út kannanir til þeirra nemenda skólans sem það leyfa. Yfirleitt eru þessar kannanir fyrir aðra nemendur Háskóla Íslands sem eru að vinna að ýmiss konar lokaverkefnum. Nemendaskrá sinnir einnig beiðnum frá nemendafélögum skólans, t.d. um netfangalista nýnema á haustin.

Lánasjóður íslenskra námsmanna sækir upplýsingar í nemendaskrána til að fá upplýsingar um námsframvindu þeirra sem hafa sótt um lán. Jafnframt er samvinna á milli Nemendaskrár og Félagsstofnunar stúdenta vegna búseturéttar í námsmannaíbúðum. Strætó fær reglulega sendan lista yfir skráða nemendur í byrjun missera til að nemendur geti keypt sér afsláttarkort í strætó. Vinnumálastofnun fær einnig upplýsingar um námsstöðu nemenda til að keyra saman við gagnagrunn Vinnumálastofnunar vegna þeirra sem höfðu sótt um atvinnuleysisbætur. Háskólinn leitaði álits Persónuverndar á árinu 2009 og í ljósi m.a. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 54/2006 heimilaði Persónuvernd að afhenda Vinnumálastofnun skrá með upplýsingum um þá sem sækja lánshæft nám við skólann. Þessu til viðbótar má nefna að Nemendaskrá veitir aðilum innan sem utan skólans ýmsa þjónustu. Það má nefna að Stúdentaráð þarf á Nemendaskrá að halda í kringum kosningar til að sannreyna hvaða nemendur eru á kjörskrá. Einnig ber við að Nemendaskrá sendi út upplýsingar til ákveðinna nemendahópa, t.d. erlendra stúdenta vegna viðburða sem tengjast landi þeirra og þjóð.

## Starfsfólk

Ársverk á Nemendaskrá voru 8. Þar störfuðu árið 2013: Elín Ágústa Ingimundardóttir verkefnisstjóri (100%), Erla Ósk Hermannsdóttir verkefnisstjóri (100%), Guðrún Valgerður Bóasdóttir verkefnisstjóri (100%), Halldóra Vala Jónsdóttir, sem hóf störf 1. apríl sem verkefnisstjóri (100%), Jóna Margrét Guðmundsdóttir verkefnisstjóri (100%), Kristín Jónasdóttir skrifstofustjóri (100%), Stefanía Lóa Jónsdóttir deildarstjóri (100%) og Tatiana Saavedra, sem hóf störf 1. október sem verkefnisstjóri (100%).


Vilborg Norðdahl lét af störfum við Nemendaskrá um mitt ár 2013 og er henni þakkað fyrir vel unnin störf.

## Þjónustuborð

Þjónustuborðið á Háskólatorgi veitir nemendum, starfsmönnum og gestum Háskóla Íslands fjölbætta þjónustu og almennar upplýsingar sem lúta að námi í skólanum. Þar fá nemendur vottorð um skólavist til handa ýmsum stofnunum og fyrirtækjum, brautskráningar- og námsferilsyfirlit, þeir kaupa prentkvóta Reiknistofnunar og fá afhent stúdenta- og strætókort. Skráning nemenda á námskeið

Náms- og starfsráðgjafar fer fram á Þjónustuborðinu og þar er veittur aðgangur að námsvefnum í Uglunni. Allir erlendir nemendur skólans eiga jafnframt erindi við Þjónustuborðið í upphafi náms til að skrá sig í skólann og fá aðgang að Uglu. Starfsmenn Þjónustuborðsins sjá einnig um bókanir í kennslustofur og fundarherbergi á Háskólatorgi og þar kaupa starfsmenn háskólans matarmiða fyrir Hámu.

Afgreiddum málum fjölgaði áfram á árinu. Upphaf skólaársins er ávallt mesti álagstíminn á Þjónustuborðinu og eykst þá fjöldi mála sem þarf að afgreiða frá degi til dags þar til toppi er náð í september. Mest voru það 860 viðskiptavinir sem komu á Þjónustuborðið á einum degi í byrjun september. Í janúar er annar en minni toppur með mest rúmlega 500 viðskiptavinum á dag. Á eftirfarandi línuriti má sjá þá gríðarlegu sveiflu sem er á fjölda viðskiptavina sem taka númer í biðraðakerfi Þjónustuborðsins eftir mánuðum.



Gefin voru út rúmlega 19.600 staðfest vottorð á árinu og tæplega 3.500 stúdentakort voru framleidd. Tölvupósti sem berst á netföng Þjónustuborðsins fjölgar stöðugt og voru yfir 9.000 tölvupóstar afgreiddir á árinu 2013, auk fjölda símtala. Á eftirfarandi stöplari má sjá þróun síðustu ára hvað varðar móttekinn tölvupóst sem berst Þjónustuborðinu.



## Starfsfólk

Ársverk á Þjónustuborðinu voru 4,4. Þar störfuðu í fullu starfi Anna Birna Halldórsdóttir þjónustustjóri og þjónustufulltrúarnir Guðrún Ásta Guðmundsdóttir og Sigríður Þórsdóttir. Aðalbjörg Guðmundsdóttir, Sunna Diðriksdóttir og Sólveig Margrét Karlsdóttir voru í starfi á Þjónustuborði hluta ársins.

## Jafnréttismál


Á árinu voru lögð drög að nýrri jafnréttisáætlun Háskóla Íslands og einnig lauk á árinu vinnu við drög að verklagsreglum um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni í Háskóla Íslands. Unnið var að leiðbeiningum fyrir kennara um beitingu samþættingar í kennslu, vefgátt jafnréttismála (jafnretti.hi.is) var uppfærð og ensk útgáfa síðunnar tekin í gagnid. Á árinu skipaði háskólaráð nýtt ráð um málefni fatlaðs fólks fram til ársins 2016.

Arnar Gíslason jafnréttisfulltrúi var í leyfi seinni hluta árs vegna starfa fyrir íslensku friðargæsluna og tók Svandís Anna Sigurðardóttir kynjafræðingur við starfi jafnréttisfulltrúa.

Jafnréttisdagar voru haldnir í fimmta sinn 4.–18. október og sem fyrr voru þeir vettvangur samstarfsaðila utan sem innan háskólans. Komu bæði nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands að skipulagningu. Jón Gnarr borgarstjóri setti jafnréttisdaga á Háskólatorgi en dagskrá var fjölbreytt að vanda og var m.a. boðið upp á fyrirlestra, tónleika, bíó og sýningu nemenda Listaháskóla Íslands. Meðal efnis á jafnréttisdögum 2013 var þróun og reynsla af diplómanámi í Háskóla Íslands fyrir fólk með þroskahömlun, staða kynjanna innan akademíunnar, stigveldi og forræðishyggja innan transsamfélagsins, samþætting í kennslustofunni, raunvísindi og kynjahlutföll, samtvinnuð mismun og félagsleg útskýfun, staða kvenna innan lögreglunnar á Íslandi og staða innflytjenda í námi og starfi á Íslandi, auk þess sem boðið var upp á kvöldstund með Kvennalistakonum í Stúdentakjallaranum og Kaffi GÆS bauð upp á kaffigjörning á Háskólatorgi. Helstu bakhjarlar jafnréttisdaga 2013 voru jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og ráð um málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands en einnig styrkti

mennta- og menningarmálaráðuneytið verkefnið. Yfirumsjón með verkefninu var sem fyrr í höndum jafnréttisfulltrúa háskólans.

## Lykiltölur um jafnréttismál í Háskóla Íslands



Hlutfall kvenna og karla á ýmsum vettvangi innan Háskóla Íslands 2013.

### Stúdentar

Í október 2013 voru skráðir nemendur við Háskóla Íslands 13.782. Eins og áður voru konur í meirihluta, eða 65,6% nemenda, en karlar 34,4%. Þetta kynjahlutfall hefur haldist nánast óbreytt síðastliðin fjögur ár.

Kynjahlutföllin eru enn ójafnari ef litið er til framhaldsnema skráðra við háskólann á sama tíma en þá voru 70,5% konur og einungis 29,5% karlar. Hlutfall karla meðal framhaldsnema hefur minnkað eilítið undanfarin ár en það var 29,9% í október 2012, 30,4% í október 2011 og 31,1% í október 2010.

### Starfsfólk

Í lok árs 2013 voru fastir starfsmenn Háskóla Íslands samtals 1.460: 53,3% konur og 46,7% karlar, og hefur örlítið dregið í sundur frá árslokum 2012 (52,4% konur og 47,6% karlar). Ársverk voru 1.228,9 og skiptust með svipuðum hætti milli kynjanna (54,4% konur og 45,6% karlar).

Prófessorar voru fjölmennastir í hópi kennara (stundakennarar undanskildir) við Háskóla Íslands, eða 40% (voru 38% í árslok 2012). Kynjahlutföll meðal kennara (stundakennarar undanskildir) voru 57,3% karlar og 42,7% konur og dregur því eilítið úr mun frá árinu áður (58,3% karlar og 41,7% konur).

Þegar horft er eingöngu til prófessora, dósentar og lektora þá er hlutfall prófessora 46% af hópnum öllum. Þegar hópurinn er þrengdur með þessum hætti er hlutfall karla hærra meðal kennara en áður var nefnt, eða 60,6% karlar og hlutfall kvenna því 39,4% og eykst örlítið frá fyrra ári er hlutfall kvenna var 39,0%.

Af prófessorum voru 72,5% karlar og 27,5% konur, og því minnkar bilið áfram milli kynjanna meðal prófessora við Háskóla Íslands – þó að breytingarnar séu ekki mjög miklar frá ári til árs (árið 2012 var hlutfall karla 73,1%; árið 2011 var hlutfallið 73,5% og árið 2010 voru 73,9% prófessora karlar).

Af dósentum við háskólann voru 43,3% konur og 56,7% karlar, sem er nokkuð sambærilegt við árið 2012 (42,3% konur og 57,7% karlar) þó að eilítið dragi saman með konum og körlum og enn frekar ef horft er lengra aftur í tímann (árið 2011 voru konur 39,2% og karlar 60,8% dósentar).

Í störfum lektora voru konur 55,9% og karlar 44,1%, sem er sambærilegt við árin á undan.

Í störfum aðjunkta var hlutfall kvenna hæst af öllum starfsheitum kennara, eða 64%, og karlar því 36%, og dregur hér í sundur með körlum og konum frá árslokum 2012 (62,3% konur og 37,7% karlar, sem er mjög sambærilegt við árin 2010 og 2011).

#### Tafla 10.

#### Fjöldi og hlutföll karla og kvenna meðal kennara innan Háskóla Íslands í árslok 2013 (2012 í sviga).

	Karlar	Konur	Karlar (%)	Konur (%)
Aðjunktur	32 (29)	57 (48)	36 (38)	64 (62)
Lektorar	67 (65)	85 (85)	44 (43)	56 (57)
Dósentar	89 (90)	68 (66)	57 (58)	43 (42)
Prófessorar	192 (191)	73 (70)	72 (73)	28 (27)
<b>Alls</b>	<b>380 (375)</b>	<b>283 (269)</b>	<b>57 (58)</b>	<b>43 (42)</b>

Konur eru í meirihluta meðal stundakennara skólans. Samtals voru 2.542 stundakennarar árið 2013, 1.580 konur (62,2%) og 962 karlar (37,8%). Alls inntu þessir kennarar af hendi kennslu upp á 239.924 stundir, sem jafngilda 224 stöðugildum aðjunktum (kennsla aðjunktis í fullu starfi er 1.072,5 stundir á ári). Hlutfall karla og kvenna meðal stundakennara var misjafnt eftir fræðasviðum. Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði voru fleiri karlar en konur meðal stundakennara (62,8% karlar) en á hinum fræðasviðunum fjórum var hlutfall kvenna hærra en karla, eða á bilinu 58–74,5%.

Meðal sérfræðinga (akademískra starfsmanna með starfsheitin vísindamaður, fræðimaður eða sérfræðingur) voru fleiri karlar en konur, eða 30 karlar og 17 konur, og karlar því 63,8% sérfræðinga (voru 63,5% árið 2012).

Meðal rannsóknafólks (í störfum sem gera ekki ráð fyrir akademísku hæfismati) voru fleiri konur en karlar, eða 206 konur (63%) og 121 karl (37%). Nokkuð fjölgaði í slíkum störfum frá árinu áður, og hlutfallslega meira meðal kvenna, því árið 2012 voru í þeim störfum 170 konur (61,3%) og 107 karlar (38,7%).

Meðal skrifstofufólks í Háskóla Íslands voru kynjahlutföllin 70,7% konur (256 konur) og 29,3% karlar (106 karlar), og eru það eilítið jafnari hlutföll en árið 2012 (71,9% konur og 28,1% karlar). Til þessa

hóps telst starfsfólk í miðlægrri stjórnarsýslu, á skrifstofum fræðasviða og deilda og skrifstofum stofnana utan sviða. Í hópi skrifstofufólks í miðlægrri stjórnarsýslu (alls 127 manns) voru konur 73,2% og karlar 26,8%, sem er öllu ójafnara hlutfall en árið 2012, en þá voru konur 68,9% og karlar 31,1%. Í hópi skrifstofufólks sem starfar innan fræðasviða (alls 176 manns) voru konur 78,4% og karlar 21,6%, sem er töluvert jafnara en árið 2012 er konur voru 84,1% og karlar 15,9%. Í hópi skrifstofufólks á stofnunum utan fræðasviða (alls 59 manns) voru konur 42,4% og karlar 57,6% og dregur þar í sundur með körlum og konum því að árið 2012 var munurinn nánast enginn, eða 49,2% konur og karlar 50,8%.

Í hópi fólks í tæknistörfum voru karlar fleiri en konur, eða 45 karlar (72,6%) og 17 konur (27,4%). Til þessa hóps teljast m.a. umsjónarmenn, tæknifólk, iðnaðarmenn og baðverðir. Hér minnkar kynjamunur frá árinu áður (76,7% karlar og 23,3% konur).

Æðsti stjórnandi háskólans, rektor, skipaður til 2015, er kona. Aðstoðarrektor vísinda og kennslu og framkvæmdastjóri fjármála og reksturs eru báðir karlar. Af sex sviðsstjórum í miðlægrri stjórnarsýslu eru fjórir karlar og tvær konur, sem er breyting frá fyrra ári (fimm karlar og ein kona).

Á árinu fjölgaði konum meðal forseta fræðasviða Háskóla Íslands úr einni í tvær (af fimm alls). Í störfum rekstrarstjóra fræðasviða voru þrjár konur og einn karl. Af 25 kjörnum deildarforsetum voru 17 karlar (68%) og 8 konur (32%). Konum meðal deildarforseta fækkaði á árinu úr 9 í 8 og hafði einnig fækkað um eina árið áður (úr 10 í 9). Hlutföllin voru misjöfn eftir fræðasviðum. Á Félagsvísindasviði var ein kona og fimm karlar deildarforsetar. Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði voru fimm karlar deildarforsetar og ein kona, á Hugvísindasviði voru tvær konur og tveir karlar deildarforsetar, á Menntavísindasviði þrjár konur og enginn karl og á Heilbrigðisvísindasviði gegndu fimm karlar og ein kona starfi deildarforseta.

## **Kynjahlutföll í háskólaráði, á háskólaþingi og í starfsnefndum háskólaráðs**

Árið 2013 var háskólaráð skipað 11 fulltrúum, sjö konum (63,6%) og fjórum körlum (36,4%). Á háskólaþingi í nóvember 2013 sátu 65 fulltrúar með atkvæðisrétt, 39 karlar (60%) og 26 konur (40%). Ef skoðað er hlutfall kvenna og karla meðal einstakra hópa á þinginu kemur í ljós að meðal stjórnenda (rektor, forsetar fræðasviða og deildarforsetar, alls 29 sæti) eru 6 konur (20,7%) og 23 karlar (79,3%); meðal fulltrúa sem eru tilnefndir af stofnunum (alls 6 fulltrúar) eru 4 konur (67%) og 2 karlar (33%); meðal fulltrúa stúdenta (alls 10 fulltrúar) eru 7 konur (70%) og 3 karlar (30%); og meðal annarra kjörinna fulltrúa (alls 20 fulltrúar) eru 9 konur (45%) og 11 karlar (55%).

Á vegum háskólaráðs starfa sex starfsnefndir. Í þeim sátu samtals 37 fulltrúar, 22 karlar og 15 konur. Hlutfall karla var því 59,5% og hlutfall kvenna 40,5%. Hlutfall karla eykst því nokkuð frá árslokum 2012 er það var 54,1% og hlutfall kvenna 45,9%. Karlar gegndu formennsku í fimm nefndanna í árslok 2013 og í einni nefnd, jafnréttisnefnd, var formaður kona. Árið áður gegndu karlar formennsku í fjórum nefndanna og konur í tveimur (jafnréttisnefnd og vísindanefnd).

Flestar starfsnefnda háskólaráðs eru skipaðar með þeim hætti að flestir eða allir fulltrúar í nefndunum eiga þar sæti vegna starfs síns eða vegna formennsku í nefnd á fræðasviði. Þannig eru öll sæti í fjármálanefnd og samráðsnefnd um kjaramál tengd tilteknu starfi, nema hvað formaður þeirrar síðarnefndu er valinn úr röðum fastráðinna kennara við Háskóla Íslands. Í þremur nefndanna (jafnréttisnefnd, kennslumálanefnd og vísindanefnd) er skipan þannig að formenn nefnda á fræðasviðunum eiga sæti í miðlægrri nefnd um sama málefni, auk formanns, sem rektor tilnefnir, og fulltrúa stúdenta. Gæðanefnd er svo skipuð einum fulltrúa af hverju fræðasviði, auk formanns, sem rektor tilnefnir, og fulltrúa stúdenta.

Samkvæmt 15. gr. jafnréttis laga skal þess gætt að hlutfall beggja kynja sé sem jafnast í nefndum á vegum hins opinbera og að lágmarki 40% þegar um er að ræða fleiri en þrjá fulltrúa. Í lok árs 2013 var samsetning í þremur af sex starfsnefndum háskólaráðs í samræmi við þetta ákvæði (en fjórum í árslok 2012) og í hinum þremur starfsnefndum háskólaráðs (fjármálanefnd, kennslumálanefnd og vísindanefnd) var hlutfall kvenna á bilinu 29–33%. Í tveimur nefndanna voru konur fjölmennari, jafnréttisnefnd og samráðsnefnd um kjaramál. Í samráðsnefnd um kjaramál sátu þrjár fulltrúar, einn karl og tvær konur, og í jafnréttisnefnd fjórar konur og þrjár karlar. Karlar voru fjölmennari í öðrum nefndum. Í fjármálanefnd sátu fjórir karlar og tvær konur. Í gæðanefnd sátu fjórir karlar og þrjár konur; í kennslumálanefnd fimm karlar og tvær konur; og í vísindanefnd sátu fimm karlar og tvær konur.

Af þeim 37 fulltrúum sem áttu sæti í þessum nefndum voru fjórir fulltrúar stúdenta, ein kona og þrjár karlar, en stúdentar áttu fulltrúa í gæðanefnd, jafnréttisnefnd, kennslumálanefnd og vísindanefnd. Með hverri nefnd störfuðu á bilinu einn til þrjár starfsmenn, sem jafnframt sátu fundi nefndanna. Alls var um að ræða 12 manns og var hlutfall kynja jafnt, sex karlar og sex konur, en í lok árs 2012 var hlutfallið 58% karlar og 42% konur.

## Rannsóknir

Rannsóknir við Háskóla Íslands eru í örur vexti. Háskólinn hefur á öllum fræðasviðum sínum á að skipa metnaðarfullum vísindamönnum á heimsmælikvarða og er því vel í stakk búinn til ná enn betri árangri en þegar hefur náðst.

Í maí 2006 setti Háskóli Íslands sér metnaðarfulla stefnu til ársins 2011. Stefnan hefur verið mikilvægt skref í því langtímamarkmiði háskólans að komast í raðir bestu háskóla heims. Í anda þessarar stefnu hyggst háskólinn á næstu árum efla enn frekar hágæðarannsóknir sem standast alþjóðleg viðmið á fjölbreyttum sviðum vísinda og fræða. Tekist hefur fjölga gífurlega brautskráðum doktorum, auka rannsóknavirkni og gæði rannsókna, m.a. með fjölgun birtra greina í ritrýndum, alþjóðlegum tímaritum, auka skipulegt samstarf við erlenda háskóla, auka sókn í samkeppnisjóði rannsókna, stórefla aðstöðu til rannsókna og auka þverfræðilegar rannsóknir. Síðast en ekki síst hyggst háskólinn áfram efla nýsköpun og tengsl við rannsóknastofnanir, atvinnulíf og landsbyggð.

Annar áfangi að langtímamarkmiðinu er Stefna Háskóla Íslands 2011–2016. Í henni er lögð áhersla á að efla gæði og styrkja innviði allra þátta háskólastarfsins. Í því skyni hefur háskólinn sett sér markmið um rannsóknir og nýsköpun, nám og kennslu, mannauð og ábyrgð gagnvart samfélaginu og umheiminum. Helstu stefnunnar eru áhersla á gæðarannsóknir og alþjóðlegt samstarf, þróttmikið framhaldsnám sem uppfyllir alþjóðlegar gæðakröfur, samþættingu kennslu og rannsókna á öllum námsstigum, eflingu mannauðs og starfsánægju stúdenta og starfsmanna og samfélagslega og hnattræna ábyrgð á 21. öld.

Til að meta árangur af stefnu Háskóla Íslands um rannsóknir og nýsköpun verða eftirfarandi lykilmælikvarðar notaðir:

- Brautskráningarhlutfall doktorsnema, þ.e. hlutfall doktorsnema sem ljúka námi á tilsettum tíma (e. graduation rate).
- Brautskráningarhlutfall meistarana.
- Fjöldi námskeiða á framhaldsstigi sem stendur nemendum á hverri námsleið til boða.
- Árleg fjölgun gæðabirtinga á hverju fræðasviði, þ.e. í ERIH-tímaritum, ISI-tímaritum og á öðrum ritrýndum vettvangi þar sem gerðar eru strangar fræðilegar gæðakröfur, s.s. í bókum og bókarköflum.
- Árleg aukning tekna úr viðurkenndum rannsóknasjóðum.

- Fjöldi þverfræðilegra rannsóknaverkefna vísindamanna Háskóla Íslands sem hljóta styrk úr viðurkenndum rannsóknasjóðum.
- Fjöldi samninga við öfluga innlenda og erlenda samstarfsaðila.
- Fjöldi einkaleyfaumsókna, veittra einkaleyfa og sprotafyrirtækja.

## Matskerfi opinberra háskóla

### Forsendur

Matskerfi opinberra háskóla er grundvöllur mats á störfum akademískra starfsmanna, þ.e. þeirra sem ráðnir eru samkvæmt hæfnisdómi og eru í Félagi prófessora við ríkisháskóla eða í öðrum kjarafélögum sem hafa gert samning um aðild að kerfinu (svo sem Félag háskólakennara, Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands og Félag háskólakennara á Akureyri). Við Háskóla Íslands gildir að ritverk og annað útgefið efni sem ekki er auðkennt Háskóla Íslands (e. University of Iceland) er ekki tekið til mats. Mat á störfum nær til rannsókna, kennslu, stjórnunar, þjónustu og fleiri þátta. Árlegt framtal starfa felur í sér skýrslu um störf undangengins árs. Við Háskóla Íslands felur skýrslan einnig í sér uppfærslu svokallaðrar kennsluferilsskrár, yfirlit um samstarf við aðila utan Háskóla Íslands og yfirlit um aukastörf utan skólans. Engin stig, hvorki fyrir rannsóknir, kennslu né annað, eru veitt fyrir en fullnægjandi framtali hefur verið skilað.

### Rannsóknir

Mat á rannsóknum byggist í meginatriðum á birtingarvettvangi ritverks. Litið er svo á að efni sem birtist á vettvangi þar sem gerðar eru strangar fræðilegar kröfur hafi þegar verið metið með tilliti til efnisöflunar, frumleika og framlags til nýrrar þekkingar. Þá skiptir sköpum hvernig útgefandi stendur að ritrýni. Ritrýni telst fullnægjandi þegar efni sem til stendur að birta er sent til a.m.k. tveggja ritrýna. Ritrýni skal vera nafnlaus, fagleg, efnisleg og unnin af viðurkenndum sérfræðingum á viðkomandi sviði. Enn fremur er lagt mat á dreifingu, aðgengi og áhrif ritverka.

### Kennsla

Lagt er mat á virkni og gæði í kennslu, m.a. í birtu kennsluefni, nýsköpun í kennslu og leiðbeiningu nemenda í framhaldsnámi. Við Háskóla Íslands gildir að kennslustig vegna kennslureynslu (B1) fást ekki nema kennsluferilsskrá hafi verið uppfærð samhliða framtali starfa, sbr. að framan, en uppfæra þarf skrána árlega í tengslum við mat á störfum.

### Stjórnun, þjónusta og annað

Mat er lagt á stjórnunarstörf, sbr. C-hluta matskerfisins, og þjónustu, sbr. D-hluta kerfisins. Lagt er mat á tiltekin stjórnunarstörf sem einkum eru á vegum háskólanna í heild eða fræðasviða þeirra. Stjórnun á vegum deilda er að jafnaði ekki metin til stiga samkvæmt reglum þessum. Í D-hluta er lagt mat á ýmis störf er falla undir þjónustu og fræðslu fyrir almenning sem háskólaþjófkinn sinnir í krafti sérþekkingar sinnar.


Tilkynning frá matskerfisnefnd 19. desember 2013:

Í núgildandi matskerfi opinberra háskóla er stuðst við tvo alþjóðlega gagnagrunna, ISI Web of Science og ERIH-listann. Svokölluð ISI-tímarit eru alþjóðleg vísindatímarit sem skráð eru í sérstaka gagnagrunna á vegum Thomson Reuters. Flokkunarkerfið ERIH byggist á jafningjamati og er á vegum European Science Foundation og kallast European Research Index for the Humanities. Á fundi



matskerfisnefndar 14. nóvember síðastliðinn var tekin ákvörðun um að bæta við þriðja grunninum, Scopus, sem er grunnur um alþjóðleg ritrýnd tímarit á vegum Elsevier. Greinar í tímaritum sem skráð eru í Scopus verða metnar til 15 stiga í matskerfi opinberra háskóla. Listi yfir tímarit sem skráð eru í grunninn er aðgengilegur á heimasíðu vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskóla Íslands.


**Mynd 1. Heildarrannsóknastig Háskóla Íslands 2009–2012**



\*Nýtt matskerfi


Á myndum 1 og 2 er að finna yfirlit yfir heildarrannsóknastig akademískra starfsmanna Háskóla Íslands og stofnana hans árin 2009–2012. Á mynd 3 má sjá meðaltal rannsóknastiga akademískra starfsmanna eftir fræðasviðum 2012. Á mynd 4 má sjá meðaltal rannsóknastiga akademískra starfsmanna á fræðasviðum árið 2012, reiknað á fjölda starfsmanna í deild annars vegar og á fjölda starfsígilda hins vegar. Eins og sjá má er mjög mismunandi eftir fræðasviðum hve mikill munurinn er en almennt má segja að fjöldi hlutastarfa í deild og stærð deildar hafi mest áhrif þar á.

**Mynd 2. Meðaltal rannsóknastiga 2009–2012. Allir starfsmenn**




\*Nýtt matskerfi 2010


**Mynd 3. Meðaltal rannsóknastiga 2012 eftir fræðasviðum**



**Mynd 4. Meðaltal rannsóknastiga 2012 á hvern starfsmann/starfsígildi eftir fræðasviðum**



**Mynd 5. Meðaltal rannsóknastiga 2009–2012 á hvern starfsmann á stofnunum tengdum Háskóla Íslands**




\*Nýtt matskerfi 2010


### Skil á rannsóknaskýrslum

Á myndum 6 og 7 má sjá hve mismunandi skil eru á rannsóknaskýrslum eftir fræðasviðum og stofnunum. Tölurnar fyrir fræðasviðin á mynd 6 eiga einungis við skil á árinu 2012.

**Mynd 6. Skil á rannsóknaskýrslum 2012. Fræðasvið**



**Mynd 7. Skil á rannsóknaskýrslum 2012. Stofnanir tengdar Háskóla Íslands**




### Ritvirkni greind eftir flokkum ritverka

Á mynd 8 sést að tæplega 45% rannsóknastiga háskólans árið 2012 eru vegna greina sem birtust í alþjóðlegum tímaritum skráðum í ISI-gagnagrunnum ERIH-A- og B-listunum og íslenskum, ritrýndum tímaritum. Þar af eru 17% stiga vegna greina sem birtust í tímaritum með hæsta áhrifastuðulinn (20%) og í tímaritum skráðum á ERIH-A-listanum.


ISI-gagnagrunnarnir eru þrír: á sviði félagsvísinda, hugvísinda og heilbrigðis- og raunvísinda. ERIH-listarnir eru þrír og skiptast í A-, B- og C-lista. Þeir eru evrópskir gæðalistar. Fyrirlestrar og veggspjöld

gefa rúmlega 20% rannsóknastiga en aðrir flokkar koma alllangt á eftir. Bókarkaflar gefa 9%, ráðstefnugreinar 6% og bækur gefa 4% rannsóknastiga. Aðrir hlutar matskerfisins standa fyrir 15% rannsóknastiga. Á mynd 9 má sjá hlutfall ritrýndra greina í heildarritvirkni fræðasviða. Það er misjafnt eftir fræðasviðum hvort aukning varð á því hlutfalli árið 2012 frá árinu 2011.

**Mynd 8. Ritvirkni 2012, greind eftir birtingarflokkum**



**Mynd 9. Hlutfall ritrýndra greina 2009–2012 eftir fræðasviðum**



\*Nýtt matskerfi 2010

## Rannsóknatengdir sjóðir

### Vinnumatssjóður

Sjóðurinn var stofnaður 1989 og byggist á kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármálaráðherra. Allir akademískir starfsmenn sem eru í Félagi háskólakennara og í meira en 50% starfi eiga rétt á greiðslum úr sjóðnum. Vinnumatssjóður greiðir félagsmönnum sem sýnt hafa árangur í rannsóknum í samræmi við mat á ritverkum. Birtar greinar og rit eru metin og fari afköst yfir tiltekin mörk öðlast viðkomandi hlutdeild í Vinnumatssjóði í samræmi við stigafjölda. Á árinu 2013 voru akademískum starfsmönnum við Háskóla Íslands greiddar 223 m.kr., auk launatengdra gjalda, úr Vinnumatssjóði fyrir rannsóknafköst á árinu 2012.

### Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora


Prófessorar fá greiðslu úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora fyrir vinnu við rannsóknir umfram tiltekið lágmark. Greitt er fyrir birtar greinar og önnur ritverk í samræmi við stigafjölda sem grundvallast á mati á þessum verkum.

### Rannsóknasjóður


Vísindanefnd háskólans fer með stjórn Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands. Úr Rannsóknasjóði geta kennarar og sérfræðingar fengið styrki til vel skilgreindra verkefna ef þau teljast hafa álitlegt vísindagildi að mati sérfróðra umsagnaraðila, ef fyrri störf umsækjanda sýna að hann sé líklegur til að ná árangri og full skil hafa verið gerð með framvinduskýrslum um nýtingu fyrri styrkja sem sjóðurinn hefur veitt umsækjanda. Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir eða undirsjóði, þ.e. almennan sjóð, skráningarsjóð og lausn frá kennslu. Fyrir árið 2014 var úthlutað 239 m.kr. til 223 verkefna, eða að meðaltali 1073 þús.kr. á hverja styrkta umsókn (sjá myndir 10–12).

Þá veitir Rannsóknasjóður doktorsnemum launastyrki en nánar er fjallað um það í sérkafla um framhaldsnám.


**Mynd 10. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Heildarupphæð umsókna og styrkja 2011–2014 (m.kr. á verðlagi hvers árs)**




**Mynd 11. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Meðalupphæð styrkja (þús.kr.) og hlutfall úthlutunar af umbeðnu fé 2011–2014 (%)**



**Mynd 12. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Fjöldi umsókna og styrkja og hlutfall styrktra umsókna 2011–2014 (%)**



**Mynd 13. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Styrkir til nýdoktora. Fjöldi umsókna og styrkja og úthlutunarupphæð 2010-2013 (m.kr.)**




### Tækjakaupasjóður

Háskólinn fær ekki fjárveitingu úr ríkissjóði til tækjakaupa en aflar fjár til þeirra með Hapdrætti Háskóla Íslands. Markmið sjóðsins er að gera kennurum og sérfræðingum kleift að kaupa nauðsynleg tæki til rannsókna. Fræðasviðin raða umsóknum í forgangsroð. Sjóðurinn hafði á árinu 2013 um 34 m.kr. til ráðstöfunar.

Þá eru einnig veittir svokallaðir mótframlagastyrkir sem eru háðir því að umsækjandi hljóti styrk frá Innviðasjóði Vísinda- og tækniráðs. Alls voru veittir sex slíkir styrkir á árinu að upphæð um 20 m.kr.

**Mynd 14. Úthlutun úr Tækjakaupasjóði 2010–2013 (m.kr. á verðlagi hvers árs)**





## Rannsóknatengt framhaldsnám

Mikilvægasta stefnumál Háskóla Íslands og helsti vaxtarbroddurinn í starfi hans er rannsóknatengt framhaldsnám: meistara- og doktorsnám. Þótt allt háskólanám hvíli að nokkru leyti á rannsóknavinnu nemenda greinir framhaldsnámið sig frá grunnnáminu þar sem í því er lögð höfuðáhersla á rannsóknir sem nemendur vinna undir handleiðslu leiðbeinenda. Framhaldsnámið er því einnig nefnt rannsóknánám. Í öllum deildum háskólans er nú í boði framhaldsnám eða rannsóknánám eftir fyrsta háskólapróf. Hvatt er til þess að hluti námsins fari fram við erlenda háskóla. Þangað eru einkum sótt sérhæfð námskeið sem háskólinn getur ekki boðið en rannsóknaverkefni eru yfirleitt unnin hér á landi, stundum í samvinnu við erlenda aðila.

Í stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 segir m.a. í kafla um stefnu um rannsóknir og nýsköpun:

### Öflugt meistara- og doktorsnám


Öflugt framhaldsnám sem hvílir á traustum grunni er forsenda þess að Háskóli Íslands geti rækt hlutverk sitt og náð langtímamarkmiðum sínum. Gróskumikið rannsóknánám gerir háskólanum kleift að laða til sín bestu innlendu og erlendu framhaldsnemana og færustu kennarana.

- Stefnt er að því að árlegur fjöldi brautskráðra doktora verði hlutfallslega sambærilegur við fjölda þeirra í nágrannalöndum okkar, eða 60–70 á ári.
- Háskólinn beiti sér fyrir því að ríkisvaldið komi að heildstæðri fjármögnun doktorsnámsins með skýrar gæðakröfur að leiðarljósi.
- Hlutfall brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands sem hafa sameiginlega doktorsgráðu með erlendum rannsóknaháskólum verði a.m.k. 10% árlega.
- Virkni doktorsnema í námi verði tryggð með því að styrkja umgjörð þess, bæta aðstöðu til námsins og skýra ábyrgð leiðbeinenda. Við upphaf doktorsnáms verði gerð krafa um raunhæfa áætlun um fjármögnun og framvindu. Fylgst verði reglulega með virkni og árangri doktorsnema, m.a. með árlegum framvinduskýrslum.
- Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands verði eflað og fest í sessi, m.a. með því að fá henni ríkara eftirlits- og samræmingarhlutverk í tengslum við framkvæmd doktorsnámsins. Gildandi Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands verði endurskoðuð, m.a. með hliðsjón af hlutverki Miðstöðvar framhaldsnáms. Skilgreind verði hliðstæð formleg viðmið og kröfur fyrir rannsóknatengt meistaranám.
- Meistaranám verði eflað, m.a. með fullnægjandi framboði námskeiða og skipulegu samstarfi við erlenda háskóla.

### Doktorsstyrkir

Í samræmi við stefnu Háskóla Íslands hefur verið úthlutað sérstökum doktorsstyrkjum úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Umsóknarferli og faglegt matsferli er sameiginlegt fyrir báða sjóðina en úthlutunarnefnd Háskólasjóðs úthlutar styrkjum úr Háskólasjóði en vísindanefnd háskólaráðs doktorsstyrkjum Rannsóknasjóðs. Alls bárust 157 umsóknir í sjóðina, flestar fyrir verkefni þar sem samstarf leiðbeinenda og stúdents er hafið en 40 umsókn voru eftir svokallaðri leið þar sem leiðbeinandi sækir um á grundvelli rannsóknaverkefnis til að ráða doktorsnema. Samtals voru veittir styrkir til 34 nemenda úr sjóðunum tveimur á árinu 2013. Þá var á sama tíma veittur doktorsstyrkur fyrir andvirði sölu hlutabréfa í ISAVIA sem ætlaður var flugtengdri starfsemi og styrkur til rannsókna á hvítblæði úr Styrktarsjóði Ásrúnar Einarsdóttur. Matsferli þessara var sameiginlegt með öðrum doktorsstyrkjum.

**Mynd 15. Doktorstyrkir 2008–2013**



### Doktorstyrkir Rannsóknasjóðs

Í maí 2013 var úthlutað doktorstyrkjum Rannsóknasjóðs í sjöunda sinn. Alls voru veittir 27 styrkir.

Eftirtaldir hlutu styrk eftir svokallaðri leið b (til að ráða doktorsnema): Einar Örn Sveinbjörnsson, Gylfi Zoëga, Jóhanna Einarsdóttir, Jórunn Erla Eyfjörð, Kristján Leósson, Oddur Ingólfsson, Snæbjörn Pálsson, Þorsteinn Loftsson, Þorvaldur Þórðarson.

Eftirtaldir kennarar hlutu styrk til handa doktorsnemum sem þeir hafa hafið samstarf við:

- Styrkur til þriggja ára: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Ingibjörg Gunnarsdóttir, Jón Atli Benediktsson, Ragnar Sigbjörnsson, Snorri Þór Sigurðsson, Steinunn Kristjánsdóttir, Thor Aspelund, Torfi H. Tulinius, Þórhallur Eyþórsson.
- Styrkur til tveggja ára: Anna Agnarsdóttir, Árni Kristjánsson, Hanna Ragnarsdóttir, Hannes Jónsson, Jón Gunnar Bernburg, Már Másson, Rafn Benediktsson, Rannveig Traustadóttir.
- Styrkur til eins árs: Karl Skírnisson.

### Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands

Í maí 2013 var úthlutað í sjötta sinn úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands. Úthlutað var styrkjum til fimm verkefna.

Styrkur til tveggja ára: Bjarni Bessason, Daði Már Kristófersson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Sigurbjörg Þorsteinsdóttir.

Styrkur til eins árs: Helgi Þorláksson.

### Doktorstyrkur ISAVIA

Í maí 2013 var úthlutað doktorstyrk ISAVIA. Styrkinn hlaut Ebba Þóra Hvannberg.


## Doktorsstyrkur Styrktarsjóðs Ásrúnar Einarsdóttur

Í maí 2013 var úthlutað doktorsstyrk Styrktarsjóðs Ásrúnar Einarsdóttur til rannsókna á hvítblæði. Styrkinn hlaut Sigurður Yngvi Kristinsson.

## Ferðastyrkir Rannsóknasjóðs

Á árinu voru doktorsnemum veittir styrkir til ráðstefnuferða. Ferðastyrkirnir eru ætlaðir til þess að styrkja nema til þess að kynna niðurstöður sínar á ráðstefnum, fyrst og fremst erlendis, en ekki til námsferða eða þátttöku í námskeiðum. Skilyrði fyrir styrkveitingu var að fyrir lægi staðfest framlag nemandans á ráðstefnunni. Gæði ráðstefna og framlag doktorsnemans eru atriði sem notuð eru til að forgangsraða styrkjum, svo og námsframvinda doktorsnemans. Alls bárust 138 umsóknir og reyndist unnt að styrkja 86 þeirra. Styrkupphæð hvers styrks var hækkuð úr 50.000 kr. í 75.000 kr.


Mynd 16. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Ferðastyrkir 2011–2013



## Aðstoðarkennarastyrkir

Í samræmi við stefnu Háskóla Íslands var sett á fót styrkjakerfi aðstoðarkennara. Markmið styrkjanna er að gera meistara- og doktorsnemum kleift að annast hóflega kennslu á sama tíma og þeir vinna að rannsóknaverkefni sínu. Við fjármögnun styrkjanna er gert ráð fyrir sameiginlegri fjármögnun af kennslu- og rannsóknafjárveitingum. Alls voru veittir 19 styrkir á árinu samtals að upphæð rúmlega 36 m.kr.

**Mynd 17. Aðstoðarkennarastyrkir 2011–2014**



### Nýliðunarsjóður

Á árinu voru auglýstir til umsóknar úr Nýliðunarsjóði styrkir ætlaðir nýdöktorum og lektorum. Um er að ræða tólf nýdöktorastyrki og átta störf lektora. Nýdöktorastyrkirnir eru ætlaðir vísindamönnum sem hafa lokið doktorsprófi á síðastliðnum fimm árum og eru veittir til allt að þriggja ára. Ráðið verður í störf lektora til allt að fimm ára, með möguleika á ótímabundinni ráðningu að þeim tíma liðnum. Sérstök stjórn, skipuð af rektor, með fulltrúum allra fræðasviða, annast mat og forgangsröðun umsókna.

Eftirtaldir hlutu styrk en alls bárust 67 umsóknir.

- Félagsvísindasvið: Lára Jóhannsdóttir og Thamar Melanie Heijstra.  
Hugvísindasvið/Félagsvísindasvið: Ólafur Rastrick.
- Hugvísindasvið: Ásgrímur Angantýsson og Jan Alexander van Nahl.
- Heilbrigðisvísindasvið: Erna Sif Arnardóttir, Heiða María Sigurðardóttir, Jóhanna Eyrún Torfadóttir, Ólafur Andri Stefánsson og Sveinn Hákon Harðarson.
- Verkfræði- og náttúruvísindasvið: Anna Sitek og Snædís Huld Björnsdóttir.

### Aðstoðarmannasjóður

Markmið Aðstoðarmannasjóðs er að gera kennurum kleift að ráða sér stúdent eða nýbrautskráðan aðstoðarmann við rannsóknir og/eða kennslu og að aðstoðarmaðurinn öðlist þjálfun og færni í faglegum vinnubrögðum. Sjóðurinn veitir mjög hóflega styrki sem ætlaðir eru til greiða aðstoðarmanni laun á viðkomandi misseri. Frá árinu 2010 hafa fræðasviðin séð um að úthluta styrkjum úr sjóðnum.

### Ritaskrá Háskóla Íslands

Ritaskráin tekur til rita sem samin eru af háskólakennurum, sérfræðingum og öðrum starfsmönnum háskólans og byggist hún á upplýsingum sem starfsmenn senda til vísindasviðs vegna framtals starfa.

Skráin endurspeglar hversu gróskumikið og fjölbreytt starf er við Háskóla Íslands. Efni ritaskrárinnar er flokkað í samræmi við matsreglur, sbr. mynd 8.

## Starfsmanna- og starfsþróunarmál

Meginhlutverk starfsmannasviðs er að vinna af fagmennsku í starfsmannamálum við Háskóla Íslands og tryggja að lögum og reglum sé framfylgt í meðferð starfsmannamála. Verkefni starfsmannasviðs taka mið af starfsmannastefnu háskólans. Leitast er við að gera Háskólann að góðum vinnustað þar sem gott starf er unnið af áhugasömu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis. Tryggja á starfsmönnum sem best starfsskilyrði og möguleika til að vaxa og dafna í starfi. Starfsmannasvið leggur áherslu á eitt af grunngildum Háskóla Íslands um heilindi og virðingu.

Starfsmannasvið er hluti af sameiginlegri stjórnslu háskólans og heyrir undir framkvæmdir og rekstur. Á sviðinu störfuðu fimm starfskonur árið 2013 í 4,8 stöðugildum. Þær eru Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir sviðsstjóri og verkefnastjórnarnir Anna Toher, Elísabet Þorsteinsdóttir, Hildur Halldórsdóttir og Kristín Helga Markúsdóttir, sem einnig er lögfræðingur sviðsins.


### Auglýsingar og umsóknir

Á árinu 2013 voru auglýst 49 akademísk störf sem 743 einstaklingar sóttu um (sjá mynd 1). 4önnur störf voru auglýst og sóttu 1160 einstaklingar um þau störf (sjá mynd 2.) Á mynd 3 má sjá meðalfjölda umsækjenda um hvert starf hjá Háskóla Íslands. Þá voru auglýst 60 störf á vegum Vinnumálastofnunar vegna sumarstarfa til tveggja mánaða.


Mynd 1. Akademísk störf og aðjunktur – fjöldi auglýstra starfa og umsókna



Mynd 2. Önnur störf – fjöldi auglýstra starfa og umsókna




Mynd 3. Meðalfjöldi umsókna um hvert starf



## Starfsfólk

Starfsmenn með ráðningarsaming við Háskóla Íslands í desember 2013 voru 1460 í 1229 stöðugildum (að Raunvísindastofnun meðtalinni). Talsvert fleiri en fastráðið starfsfólk þiggja laun frá Háskóla Íslands og voru heildarlaun sem greidd voru með launatengdum gjöldum 10.230 millj.kr., greidd 4.568 einstaklingum. Á mynd 4 og 5 má sjá fjölda starfsmanna við Háskóla Íslands eftir kyni og störfum.

Mynd 4. Fjöldi starfsmanna eftir kyni og starfsheitum



	2013	Lektorar			Dósentar			Prófessorar			Aðjuntar			Alls
		Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	
Heilbrigðisvísindasvið	Hjúkrunarfræðideild	0	5	5	1	7	8	2	7	9	1	5	6	28
	Læknadeild	9	10	19	25	7	32	43	7	50	2	7	9	110
	Lyfjafræðideild	2	1	3	1	2	3	3	2	5	0	0	0	11
	Matvæla- og næringarfræðideild	0	1	1	2	1	3	3	3	6	0	0	0	10
	Sálfræðideild	1	3	4	4	3	7	3	0	3	0	0	0	14
	Tannlæknadeild	8	0	8	3	1	4	3	1	4	0	1	1	17
Hugvísindasvið	Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	2	0	2	0	1	1	4	1	5	0	0	0	8
	Íslensku- og menningardeild	2	5	7	3	4	7	13	5	18	5	3	8	40
	Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda	3	8	11	4	3	7	2	5	7	4	8	12	37
	Sagnfræði- og heimspéideild	1	1	2	0	0	0	16	3	19	1	2	3	24
Menntavísindasvið	Íþrótta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild	4	3	7	0	3	3	2	0	2	6	5	11	23
	Kennaradeild	8	24	32	13	12	25	7	3	10	3	12	15	82
	Uppeldis- og menntunarfræðideild	1	3	4	1	2	3	4	8	12	0	1	1	20
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	Iðnaðarverkfræði- og vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild	4	0	4	3	2	5	9	1	10	0	0	0	19
	Jarðvísindadeild	1	0	1	0	3	3	5	2	7	0	0	0	11
	Líf- og umhverfisvísindadeild	1	4	5	2	4	6	10	6	16	0	2	2	29
	Rafmagns- og tölvunarverkfræðideild	1	0	1	2	0	2	2	1	3	0	0	0	6
	Raunvísindadeild	1	1	2	4	1	5	29	0	29	1	0	1	37
	Umhverfis- og byggingarverkfræðideild	0	0	0	4	1	5	6	0	6	0	0	0	11
Félagsvísindasvið	Félagsráðgjafardeild	1	4	5	0	3	3	0	2	2	1	6	7	17
	Hagfræðideild	1	1	2	1	0	1	6	0	6	0	0	0	9
	Lagadeild	6	2	8	6	3	9	2	5	7	0	0	0	24
	Viðskiptafræðideild	8	3	11	6	2	8	5	0	5	6	0	6	30
	Stjórn málafræðideild	1	4	5	0	0	0	6	1	7	1	2	3	15
	Félags- og mannvísindadeild	1	2	3	4	3	7	7	10	17	1	3	4	31
<b>Alls:</b>	<b>67</b>	<b>85</b>	<b>152</b>	<b>89</b>	<b>68</b>	<b>157</b>	<b>192</b>	<b>73</b>	<b>265</b>	<b>32</b>	<b>57</b>	<b>89</b>	<b>663</b>	
<b>2013</b>	<b>Lektorar</b>			<b>Dósentar</b>			<b>Prófessorar</b>			<b>Aðjuntar</b>				

Mynd 5. Fjöldi fastráðinna kennara 2013 eftir starfsheitum, kyni, fræðasviðum og deildum



Til glöggvunar á starfsheitum eru „sérfræðingar“ akademísir starfsmenn og þá einnig fræðimenn og vísindamenn. „Rannsóknafólk“ eru starfsmenn sem ekki hafa akademískt hæfi en starfa við rannsóknir, s.s. starfsmenn á rannsóknastofum við þjónusturannsóknir, háskólanemar, nýdoktorar og starfsmenn við rannsóknir, oftast á sérstöðum rannsóknastofum. „Tæknifólk“ eru iðnaðarmenn, umsjónarmenn, starfsmenn lóðar, tanntæknar, baðverðir og ræstingafólk.

Skrifstofufólki eru skipt í þrjú flokka: starfsmenn í miðlægri stjórnsýslu, starfsmenn í stjórnsýslu fræðasviða og starfsmenn þjónustu- og rannsóknarstofnana, oft fólk sem fær greidd laun af sjálfsaflafé. Að gefnu tilefni eru hér nánari skýringar á þessum hópi:

- Skrifstofufólk á einingum utan fræðasviða: Reiknistofnun, Endurmenntunarstofnun, háskólasetrin úti á landi, bókasafn Menntavísindasviðs í Stakkahlíð og Háskólaútgáfan.
- Skrifstofufólk í miðlægri stjórnsýslu: Starfsmenn hjá námsráðgjöf, nemendaskrá, alþjóðaskrifstofu, Kennslumiðstöð, kennslusviði, vísindasviði, starfsmannasviði, fjármálasviði, markaðs- og samskiptasviði, framkvæmda- og tæknisviði, stjórnsýslu á rekstri fasteigna, rektorsskrifstofu, háskólasjóði og skjalasafni.
- Skrifstofufólk fræðasviða og stofnana sem heyra undir fræðasvið: Hér eru taldir starfsmenn stjórnsýslu fræðasviða og deilda sem undir viðkomandi fræðasvið heyra. Auk þess teljast til þessa hóps allir starfsmenn á stofnunum sem tilheyra viðkomandi fræðasviði og ekki eru í hópi akademískra starfsmanna eða nema. Þannig eru t.d. starfsmenn Félagsvísindastofnunar taldir með í samtölu Félagsvísindasviðs og starfsmenn Líf- og umhverfisvísindastofnunar með Verkfræði- og náttúruvísindasviði.

Á launaskrá Háskóla Íslands er einnig starfsfólk sem ráðið er í verkefna- og tímavinnu. Stundakennarar eru þar fjölmennasti hópurinn. Fjöldi einstaklinga sem kom að stundakennslu á árinu 2013 má sjá á mynd 6.

**Mynd 6. Umfang stundakennslu við Háskóla Íslands 2013**

## Stundakennsla árið 2013

	Fjöldi einstaklinga			Fjöldi stunda	Ígildi fjölda aðjunktstarfa
	Samtals	Karlar	Konur		
Félagsvísindasvið	492	189	303	58.533	54,60
Heilbrigðisvísindasvið	903	273	630	60.410	56,35
Hugvísindasvið	224	94	130	40.631	37,90
Menntavísindasvið	220	65	155	11.776	10,99
<i>Menntavísindasvið/vettvangskennarar</i>	<i>271</i>	<i>69</i>	<i>202</i>	<i>8.815</i>	<i>8,22</i>
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	427	268	159	59.382	55,39
Stofnanir	5	4	1	377	0,35
<b>Samtals:</b>	<b>2.542</b>	<b>962</b>	<b>1.580</b>	<b>239.924</b>	<b>223,81</b>

Stundir/Einstaklingar	Stundakennsla greidd í tímavinnu = starfsmenn utan Háskóla Íslands
Stöðugildi aðjunkta	Stundakennsla umreiknuð í kennslu aðjunkt í fullu starfi = 1072,5 stundir/ári


Starfsmannavelta er hér mæld með því að taka þann fjölda sem hætti störfum á tímabilinu og deila með meðalfjölda starfsmanna á sama tímabili. Tímabundnir starfsmenn eru ekki taldir með. Ekki er

gerður greinarmunur á heildarveltu (e. total turnover) og sjálfviljugri veltu eða raunveltu (e. voluntary turnover), en til sjálfviljugrar veltu eru einungis þeir sem hætta störfum að eigin ósk taldir. Þannig eru starfsmenn sem hætta störfum vegna aldurs innifaldir í þessum tölum. Starfsmannavelta 2013 var 6,7% og er það hækkun um eitt prósentustig frá 2012.

## Fræðsla

Á árinu voru í boði 63 námskeið og fyrirlestrar sem starfsmannasvið hefur umsjón með ásamt samstarfsaðilum. Alls 1197 manns nýttu sér fræðsludagskrána, sem gerðu samtals 3168,25 fræðslustundir. Áhersla í fræðslu var lögð á persónulega færni, öryggi og vellíðan í starfi, ásamt föstum liðum hvað varðar notkun skjalavistunar- og samskiptaforrita Háskóla Íslands. Niðurstaða starfsánægjukönnunar leiddi í ljós að starfsfólk óskaði eftir leiðum til að auka persónulega færni og draga úr streitu. Fræðsludagskrá, efni fræðsludags og heilsumánaðar var skipulagt með tilliti til þessara þátta. Má þar nefna námskeiðin Viðbrögð við ógnandi hegðun, Átta lyklar að árangursríkum tölvupóstsamskiptum, Að ná árangri í starfi með tjáskiptum og skipulagi, auk fyrirlestra og námskeiðanna Núvitund, Ofþjálfun í íþróttum og Reiðhjól sem samgöngutæki. Nokkuð var um að námskeiðum væri aflýst vegna ónægrrar þátttöku. Má þar helst nefna Drupal-heimasíðugerð fyrir vefritara heimasíðu háskólans. Gera má ráð fyrir að þörfin fari smám saman minnkandi fyrir mánaðarleg námskeið vegna mikils framboðs á síðustu árum. Námskeiðin verða þó áfram í boði með breyttum áherslum. Nokkuð gott framboð var á íslenskunámskeiðum fyrir erlenda starfsmenn og námskeiðum í erlendum tungumálum sem nýtast í háskólastarfi. Byrjendanámskeið voru betur sótt en framhaldsnámskeið. Námskeið í ítölsku og þýsku gengu vel en námskeið í ensku og dönsku voru felld niður að þessu sinni. Nýliðamóttaka, fyrir nýja starfsmenn háskólans, var í boði á íslensku og ensku en aðeins var nægileg þátttaka í haustmóttökunni til að hægt væri að halda hana. Aðrir viðburðir á vegum starfsmannasviðs eru mánaðarlegir fundir svokallaðs Skólabæjarhóps (fyrirverandi starfsmanna háskólans), jólaball starfsfólks og stúdenta, árshátíð, háskólahlaup, fræðsla fyrir stjórnendur og smærri fræðsluerindi á sviðum og í deildum um stjórnsýslulög og mannauðsmál. Fræðsluáætlun starfsmannasviðs er birt í Uglu á Forsíðu >Torg >Á döfinni og er þar jafnan uppfærð.

Mynd 7. Umfang fræðslu á vegum starfsmannasviðs mælt í vinnustundum starfsmanna





# Rekstur og framkvæmdir

Framkvæmda- og tæknisvið hefur yfirumsjón með málefnum er lúta að skipulagi háskólasvæðisins, rekstri bygginga Háskóla Íslands og framkvæmdum á hans vegum. Helstu samstarfsaðilar sviðsins utan háskólans eru mennta- og menningarmálaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Framkvæmdasýsla ríkisins og Reykjavíkurborg.

Sviðsstjóri er Guðmundur R. Jónsson og skrifstofustjóri er Sigurlaug I. Lövdahl.

Eftirfarandi starfseiningar heyra undir sviðið:

- Byggingar og tækni, sem hefur umsjón með viðhaldi fasteigna, hirðingu lóða Háskóla Íslands og rekstri verkstæðis. Árlega er unnið að fjölmörgum viðhaldsverkefnum innan- sem utanhúss. Hjá deildinni starfa 14 fastráðnir menn og leitað er til verktaka eftir þörfum. Umfang verkefna hefur aukist eftir því sem skólinn hefur stækkað. Byggingamagn háskólans er um 100 þúsund m<sup>2</sup>. Framkvæmdir vegna viðhalds háskólabygginga eru almennt fjármagnaðar af fjárveitingu skólans en kostnaður vegna meiriháttar viðhaldsverkefna og nýbygginga er borinn af Happpdrætti Háskóla Íslands og umfang verkefna hverju sinni er því háð árlegu fjárframlagi happpdrættisins. Byggingastjóri er Ingólfur B. Aðalbjörnsson.
- Rekstur fasteigna, sem sér um almennan rekstur á húsnæði Háskóla Íslands. Stærstu verkefni eru almenn umsjón með húsnæðinu, aðgangs- og öryggiskerfum, ræstingu og sorphirðumálum. Umhverfisstjórnun skipar æ stærri sess. M.a. er unnið markvisst að flokkun sorps til endurvinnslu og skipt er við ræstingafyrirtæki sem hafa svansvottun. Rekstur fasteigna hefur yfirumsjón og eftirlit með bókunum í stofur og reglum þar að lútandi. Þá heyrir tæknibúnaður í kennslustofum, ýmsir leigu- og verksamningar, tryggingamál, fasteignagjöld, rafmagn og hiti undir starfseininguna. Fastir starfsmenn eru 22, auk þess hluta ræstingafólks sem er starfsmenn Háskóla Íslands. Rekstrarstjóri fasteigna er jafnframt starfsmaður öryggisnefndar Háskóla Íslands en aðbúnaður, hollustuhættir og almennt öryggi starfsmanna heyra bæði undir starfsmannasvið og öryggisnefnd. Rekstrarstjóri fasteigna er Sigríður Björnsdóttir.
- Íþróttahús háskólans, þar sem nemendum og starfsfólki er boðið upp á aðstöðu til heilsuræktar í leikfimisal og tækjasal. Rekin eru tvö íþróttahús við Háskóla Íslands sem opin eru nemendum og starfsfólki skólans gegn vægu gjaldi. Annað þeirra er við Sæmundargötu en hitt er á Laugarvatni þar sem Íþróttufræðasetur Menntavísindasviðs er til húsa.
- Póst- og sendisþjónusta. Einn starfsmaður í fullu starfi hefur umsjón með almennum póstsendingum og innanhússpósti.
- Á árinu 2013 var gerður samgöngusamningur við STRÆTÓ bs. um afsláttarkjör fyrir starfsmenn Háskóla Íslands. Samningurinn er liður í að hvetja starfsmenn til að ferðast með vistvænum hætti og efla í leiðinni hreyfingu og draga úr mengun og eftirspurn eftir bílastæðum á háskólalóðinni.

## Helstu viðhalds- og framkvæmdaverkefni framkvæmda- og tæknisviðs á árinu

### Aðalbygging

Lokið var við að breyta gömlu upplýsingaskrifstofunni en það verk hófst á árinu á undan og haldið var áfram uppsetningu útljósa og neyðarlýsinga frá síðasta ári. Þá voru gerðar lagfæringar á loftræsikerfi í kjallara.

## Askja

Innréttingar bókasafnsins á þriðju hæð voru fjarlægðar og útbúin aðstaða fyrir doktorsnema og á annarri hæð var útbúin aðstaða fyrir meistaranema. Þá var gerð viðamikil úttekt á skemmdum í utanhússklæðningu byggingarinnar og ítarleg skýrsla unnin um þær.

## Friðland í Vatnsmýri

Á undanförnum árum hafa Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands og Norræna húsið unnið að endurbótum á friðlandi í Vatnsmýri norðan við Norræna húsið til að endurheimta votlendi og gera svæðið betur úr garði sem griðarstað fugla og vatnalífvera. Þeirri vinnu var áfram haldið á árinu.

## Háskólabíó

Unnið var að utanhússviðgerðum á stóra sal kvikmyndahússins og skipt um þakdúk á salnum.

## Háskólatorg

Gerðar voru miklar breytingar á húsnæði skrifstofu alþjóðasamskipta og skrifstofu nemendaskrár á þriðju hæð byggingarinnar. Útbúin voru tvö stór opin vinnurými fyrir hvora einingu með glervegg á milli.

## Hugmyndasamkeppni um skipulag Háskólalóðarinnar

Í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands 2011 undirrituðu borgarstjóri og háskólarektor viljayfirlýsingu um að setja sameiginlega fram nýja framtíðarsýn um skipulag háskólalóðarinnar. Í maímánuði 2013 undirrituðu þeir viljayfirlýsingu um að standa sameiginlega að hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag Háskólasvæðisins. Í kjölfarið hófst undirbúningur vegna samkeppninnar.

## Íþróttahús við Sæmundargötu

Lokið var við endurbætur á íþróttasal á fyrstu hæð sem hófust á árinu á undan. Nýir rimlar og hátalarar voru settir upp í leikfimisal.

## Laugarvatn

Unnið var að margvíslegum smærri viðhaldsverkefnum í húsakynnum Menntavísindasviðs á Laugarvatni.

## Læknagarður

Vatnslagnir voru endurnýjaðar á nokkrum stöðum í byggingunni. Kennslustofa Tannlæknadeildar á annarri hæð var máluð og endanlega gengið frá brunalokunum fyrir ofan hurðir á göngum allra hæða. Lagfæringar voru gerðar vegna uppsetningar á nýrri rafeindasmásjá í byggingunni.

## Oddi

Unnið var við utanhússviðgerðir og haldið áfram með uppsetningu útljósra og neyðarlýsingar frá fyrra ári.

## Stakkahlíð – Hamar

Viðamiklar endurbætur voru gerðar á útvegg annarrar hæðar, unnið að þéttingu á gluggum á austurhlíð og skipt um hitalagnir í útvegg. Útbúin var ný aðstaða fyrir Reiknistofnun og Hámu, matsölu stúdenta.

## Tæknigarður

Hafinn var undirbúningur vegna gagngerra breytinga á fyrstu hæð þar sem sviðsskrifstofa Verkfræði- og náttúruvísindasviðs verður til húsa.

# Fjárreiður og rekstur

## Starfsemi fjármálasviðs

Helstu verkefni fjármálasviðs eru áætlanagerð, fjárvarsla, innkaup, launaafgreiðsla og reikningshald. Þá vinnur sviðið með fjármálanefnd og samráðsnefnd um kjaramál. Sviðsstjóri fjármálasviðs vann með fjármálanefnd háskólaráðs eins og áður og var á árinu unnið að ýmsum málum er lúta að skiptingu fjármagns innan skólans og fræðasviðanna fimm.

## Heildartölur um rekstur Háskóla Íslands 2013 með samanburði við árið 2012

Háskóli Íslands var rekinn með 24,7 m.kr. tapi samanborið við 8,2 m.kr. afgang árið áður. Hagnaðurinn var af reglulegri starfsemi sem nam 68,1 m.kr. samanborið við 82,7 m.kr. rekstrartap árið áður. Fjármagnsgjöld námu 92,8 m.kr. samanborið við 90,9 m.kr. árið áður. Stærstur hluti þessara fjármagnsgjalda er vegna gengisbreytinga og er þessi liður óreglulegur.

Fjárveiting í fjárlögum nam 10.425,8 m.kr. Af öðrum fjárlagaliðum voru veittar 14,4 m.kr. fjárheimildir sem skiptast þannig: Framlag til Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora var hækkað um 110 m.kr. með fjárukalögum en á móti var fjárveiting til Húss íslenskra fræða lækkað um 150 m.kr. Þá kom aukin fjárveiting frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu m.a. vegna verkefnisins Nám er vinnandi vegur og annarra smærri verkefna, alls 14,4 m.kr. Samtals námu því fjárheimildir ársins 10.440,2 m.kr. og jafngilti sú upphæð hækkun um 9% frá árinu áður.


Greiðslur úr ríkissjóði á árinu námu 10.243,9 m.kr. og batnaði staða Háskóla Íslands gagnvart ríkissjóði um 196,3 m.kr. og átti háskólinn inni hjá ríkissjóði 48,1 m.kr. í árslok. Sértekjur námu alls 5.136,4 m.kr. samanborið við 5.361,2 m.kr. árið áður og lækkuðu þær um 224,8 m.kr. frá árinu áður. Munar þar mest um lækkun erlendra styrkja sem rekja má til þess að Rannís yfirtók stór verkefni Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins og Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands á árinu 2013. Skrásetningargjöld námu 777,8 m.kr. og hækkuðu um 5,3 m.kr. frá árinu áður. Erlendir og innlendir styrkir námu samtals 1.920,7 m.kr. og lækkuðu um 702,1 m.kr. frá árinu áður. Tekjur af endurmenntun og símenntun námu 470,2 m.kr. og hækkuðu um 41,1 m.kr. frá árinu áður, eða um 9,6%. Aðrar sértekjur námu 1.187,7 m.kr. og hækkuðu um 186,9 m.kr. frá árinu áður. Framlag frá Hapdrætti Háskóla Íslands nam 780 m.kr. og hækkaði um 244 m.kr. frá árinu áður.

Erlendir styrkir námu 766,4 m.kr. og lækkuðu um 589,6 m.kr. eða um 43,4% frá árinu áður. Innlendir styrkir til Háskóla Íslands námu 1.154,4 m.kr. og lækkuðu um 112,5 m.kr. frá árinu áður. Rekstrartekjur alls hækkuðu um 4,2% og námu 15.576,5 m.kr. samanborið við 14.946,1 m.kr. árið áður. Í ársreikningi 2008 voru í fyrsta sinn færðar fyrir fram innheimtar tekjur til lækkunar á styrkjum

og til skuldar í efnahag. Þessi upphæð hækkaði og nam 1.350,8 m.kr. á árinu 2013 samanborið við 1.324,2 m.kr. árið áður.

Á mynd 1 má sjá hvernig fjárveiting og sértekjur Háskóla Íslands hafa þróast á tímabilinu 2000–2013 á verðlagi ársins 2013.

**Mynd 1. Tekjur Háskóla Íslands 2000–2013 í m.kr.**




\*) Skýring: Á árunum 2003 og 2007 var framlag Happpdrættis Háskóla Íslands til nýbygginga mun hærra en venjulega.

Útgjöld námu alls 15.508,5 m.kr. samanborið við 15.028,8 m.kr. árið áður. Tekjuafgangur varð af reglulegum rekstri og nam hann 68,1 m.kr. samanborið við 82,7 m.kr. tekjuhalla árið áður. Útgjöld alls jukust um 479,7 m.kr., eða um 3,2 m.kr. frá árinu áður.


Á mynd 2 er sýnd hlutfallsleg skipting útgjalda Háskóla Íslands eftir helstu rekstrareiningum skólans.

Mynd 2. Skipting útgjalda Háskóla Íslands 2013



Á mynd 3 er sýnd hlutfallsleg skipting útgjalda eftir fræðasviðum skólans.

Mynd 3. Skipting útgjalda eftir fræðasviðum 2013






## Ársverk og launaþróun

Ársverkum fjölgaði um 2,7% frá árinu áður og voru þau 1.316 árið 2013. Laun á hvert ársverk jukust um 6% og hækkaði launakostnaður úr 9.598,7 m.kr. í 10.171,0 m.kr.

Fjölgun starfsmanna og aukning launa- og annars reksturskostnaðar hefur á liðnum árum verið mun minni en sem nemur fjölgun nemenda og verðlagshækkunum. Með öðrum orðum þá hefur framleiðni í Háskóla Íslands aukist. Á mynd 4 má sjá þróun hvað varðar nemendafjölda og fjölda ársverka starfsmanna við Háskóla Íslands á árunum 2000–2013. Á tímabilinu fjölgaði ársverkum nemenda um 106% en ársverkum starfsmanna um 48%.

Mynd 4. Fjölgun nemenda og starfsmanna Háskóla Íslands á tímabilinu 2000–2012.



	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
<b>Skráðir nemendur</b>	6.693	6.725	7.127	8.224	9.046	8.725	8.939	9.471	12.415	13.957	13.981	14.014	13.737	13.782
<b>Virkir nemendur</b>	4.175	4.367	4.665	5.256	5.729	5.807	5.953	5.957	7.944	8.985	9.313	9.392	9.304	9.347
<b>Ársverk starfsmanna</b>	892	892	946	979	985	990	993	999	1.197	1.260	1.275	1.277	1.283	1.316

## Framkvæmdafé

Framlög frá Hapdrætti Háskóla Íslands til viðhalds byggingum, framkvæmda og tækjakaupa námu 780 m.kr. árið 2013 samanborið við 536 m.kr. árið 2012.

### Byggingar og tækjakaup

Eftirfarandi er yfirlit um byggingar og tækjakaup á árinu 2013. Útgjöldin jukust um 2,6% frá árinu áður. Með leyfi menntamálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins var keyptur hlutur í Sturlugötu 8, húsi Íslenskrar erfðagreiningar, og 250 m.kr. voru lagðar til Húss íslenskra fræða áður en framkvæmdir voru stöðvaðar af ráðuneytinu sem stendur fyrir byggingunni. Rúmar 65 m.kr. voru lagðar í Háskólabíó í tengslum við kaup á fasteigninni árið áður.

<b>Bygginga- og tækjakaup</b>	<b>2013</b>	<b>2012</b>
Hús Vigdísar Finnbogadóttur	36.204	133.978
Sturlugata 8	432.954	17.316
Hús íslenskra fræða	250.000	100.000
Háskólabíó	65.705	250.000
Háskólatorg	5.700	90.628
Aðrar byggingar	27.821	127.910
Tækjakaup	46.318	35.411
Húsgögn, búnaður	24.437	31.654
Annað	0	80.012
Samtals	<u>889.139</u>	<u>866.909</u>

# Ársreikningur Háskóla Íslands 2013

Ársreikningur Háskóla Íslands 2013			
Rekstrarreikningur			
	2013	2012	Breyting
	þús.kr.	þús.kr.	%
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Fjárlög	10.425.800	9.502.700	9,7%
Fjárukalög og fjárheimildir	14.375	82.250	-82,5%
<b>Fjárveiting alls</b>	<b>10.440.175</b>	<b>9.584.950</b>	<b>8,9%</b>
Framlag Happraættis Háskóla Íslands	780.000	536.000	45,5%
Skrásetningargjöld	777.760	772.482	0,7%
Endurmenntun, símenntun	470.210	429.090	9,6%
Erlendar tekjur (styrkir)	766.378	1.355.943	-43,5%
Innlendir styrkir	1.154.367	1.266.905	-8,9%
Aðrar sértekjur	1.187.658	1.000.768	18,7%
<b>Sértekjur</b>	<b>5.136.373</b>	<b>5.361.188</b>	<b>-4,2%</b>
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>15.576.548</b>	<b>14.946.138</b>	<b>4,2%</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Sameiginleg stjórnarsýsla	1.269.947	1.050.585	20,9%
Félagsvísindasvið	2.068.237	1.839.291	12,4%
Heilbrigðisvísindasvið	2.208.301	2.147.424	2,8%
Hugvísindasvið	1.399.478	1.331.370	5,1%
Menntavísindasvið	1.582.017	1.421.919	11,3%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	2.221.563	2.069.148	7,4%
Rannsóknastofnanir utan fræðasviða	162.918	157.947	3,1%
Þjónustustofnanir	971.984	1.496.738	-35,1%
Endurmenntunarstofnun	322.683	324.367	-0,5%
Sameiginlegur kostnaður fræðasviða	1.176.677	1.038.674	13,3%
Rekstur fasteigna	947.705	1.005.700	-5,8%
<b>Rekstur alls</b>	<b>14.331.510</b>	<b>13.883.163</b>	<b>3,2%</b>
Viðhald fasteigna	287.817	287.091	0,3%
Tækjakaup	70.754	67.065	5,5%
Nýbyggingar	818.384	799.843	2,3%
<b>Viðhald og nýbyggingar</b>	<b>1.176.955</b>	<b>1.153.999</b>	<b>2,0%</b>
<b>Útgjöld alls</b>	<b>15.508.465</b>	<b>15.037.162</b>	<b>3,1%</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>68.084</b>	<b>-91.024</b>	
Fjármunatekjur (fjármunagjöld)	-92.774	41.677	
<b>Tekjuafgangur ársins</b>	<b>-24.690</b>	<b>-49.348</b>	
<b>Afskrift á hlutafjareign í Keili*</b>	<b>0</b>	<b>57.562</b>	
<b>Rekstur Háskóla Íslands án Keilis</b>	<b>-24.690</b>	<b>8.215</b>	

## Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Efnahagsreikningur 31. desember 2013		
	2013	2012
Eignir	þús.kr	þús.kr
Bankainnstæður í erlendri mynt	424.588	601.941
Sjóðir og innlendar bankainnstæður	643.754	348.206
Skammtímakröfur	1.750.033	1.724.156
Hlutafé**	269.878	266.778
<b>Eignir alls</b>	<b>3.088.252</b>	<b>2.941.081</b>
<b>Skuldir</b>		
Langtímaskuldir	25.941	33.641
Viðskiptareikningur ríkissjóðs	-48.117	148.181
Skammtímaskuldir	2.042.931	1.667.072
Bundið eigið fé (hlutafé)	269.878	266.778
Annað eigið fé	797.619	825.409
<b>Skuldir alls</b>	<b>3.088.252</b>	<b>2.941.081</b>

\* Óreglulegur liður vegna afskriftar á eignarhlut Háskóla Íslands í Keili.

\*\* Einkum Vísindagarðar ehf. og Keilir ehf.

### Innri endurskoðun

Innri endurskoðun vinnur fyrir háskólaráð og á hún að bæta rekstur háskólans með því að aðstoða stjórnendur við að ná settum rekstrarmarkmiðum, meta árangur, bæta áhættustýringu, eftirlit og stjórnun. Aðaláhersla innri endurskoðunar er að kanna og meta hvort innra eftirlitið sé virkt svo að starfsemi háskólans sé í eðlilegum farvegi. Innri endurskoðun er sjálfstæð eining sem heyrir faglega undir háskólaráð og stjórnsýslulega undir rektor. Enginn innri endurskoðandi starfaði á árinu 2013.

### Skýrsla stjórnenda Styrktarsjóða Háskóla Íslands

Í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru fimmtíu og þrjár sjóðir og gjafir sem borist hafa háskólanum allt frá stofnun hans. Hluti sjóðanna starfar eftir staðfestri skipulagsskrá þar sem kveðið er á um hvernig styrkjum skuli úthlutað til ýmissa verkefna nemenda, kennara eða vísindamanna. Fjárreiður Styrktarsjóðanna eru aðskildar frá fjárreiðum skólans.

Bókhald sjóðanna er sjálfstætt og lýtur endurskoðun löggilts endurskoðanda og Ríkisendurskoðunar. Endurskoðandi sjóðanna er endurskoðunarfyrtækið PwC og fyrir hönd þess Ljósbrá Baldursdóttir, löggiltur endurskoðandi. PwC hefur jafnframt séð um bókhald sjóðanna frá árinu 2008.

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands var færð undir fjármál og rekstur í miðlægri stjórnsýslu Háskóla Íslands á árinu en hún tilheyrði áður markaðs- og samskiptasviði skólans. Með umsjón Styrktarsjóðanna fer Helga Brá Árnadóttir, verkefnisstjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands.

Jenný Bára Jensdóttir, fjármálastjóri Háskóla Íslands, hefur komið til liðs við Helgu Brá við fjárumsýslu sjóðanna frá því að hún tók við starfi sínu í ágúst 2012. Jenný Bára fer einnig með prókúru sjóðanna.

Stjórnarmenn Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru Gylfi Magnússon, dósent í Viðskiptafræðideild, sem jafnframt er formaður stjórnar, Ása Ólafsdóttir, lektor í Lagadeild, og Jóhann Ómarsson viðskiptafræðingur. Varamaður er Sigurður Jóhannesson, aðjunkt og sérfræðingur við Hagfræðistofnun. Stjórnin er skipuð til þriggja ára og rennur skipunartími hennar út 31. desember 2013. Allir stjórnarmenn gefa kost á sér áfram til stjórnarstarfa.

## Helstu atriði í starfsemi sjóðanna árið 2013

Töluvert var um úthlutanir úr styrktarsjóðum Háskóla Íslands á árinu, einkum árlegar úthlutanir úr stöndugum sjóðum. Enginn nýr styrktarsjóður var stofnaður í umsjón Styrktarsjóðanna á árinu.

- Í lok janúar auglýsti stjórn Sjóðs Sigríðar Lárusdóttur eftir umsóknum um styrki til rannsókna á sviði bæklunarlækninga með áherslu á stoðkerfissjúkdóma. Tveir styrkir voru veittir úr sjóðnum í júní. Styrkhafar voru: Sigurveig Pétursdóttir bæklunarskurðlæknir og Guðrún Lilja Óladóttir læknir.
- Í febrúar fór fram árleg úthlutun úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar en þá var þremur styrkjum úthlutað til doktorsnema í lyfjafræði. Styrkinn hlutu þær Elena Ukhatskaya, Eydís Einarsdóttir og Priyanka Sahariah.
- Í mars var auglýst eftir umsóknum um styrki til rannsókna á einelti úr Styrktarsjóði Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar og var einn styrkur veittur úr sjóðnum í október. Styrkhafi var Eyrún María Rúnarsdóttir, stundakennari við uppeldis- og menntunarfræði á Menntavísindasviði.
- Í apríl voru veittir þrír styrkir úr Watanabe-styrktarsjóðnum við Háskóla Íslands. Styrkinn hlutu tveir nemendur í BA-námi í japönsku við Háskóla Íslands, þær Jóna Björk Jónsdóttir og Sólrún Skúladóttir, og Jón Karl Helgason, prófessor við Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði. Þetta var í þriðja sinn sem úthlutað var úr sjóðnum, sem var stofnaður árið 2008 af Toshizo, „Tom“, Watanabe. Í október var auglýst eftir umsóknum fyrir úthlutun vorið 2014.
- Auglýst var eftir styrkjum til rannsókna á íslenskri myndlist úr Styrktarsjóði Listasafns Háskóla Íslands í maí og voru tveir styrkir veittir úr sjóðnum í júní. Styrkhafar voru: Birta Guðjónsdóttir, myndlistarmaður og sýningarstjóri, og Jóhannes Dagsson, doktor í fagurfræði.
- Þrjátíu og tveimur vísindastyrkjum var úthlutað í maí úr Háskólasjóði H/f Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Styrkirnir námu samanlagt um 300 milljónum króna. Eftirtaldir kennarar hlutu styrk úr Rannsóknasjóði eftir svokallaðri b-leið (til að ráða doktorsnema): Einar Örn Sveinbjörnsson, Gylfi Zoëga, Jóhanna Einarsdóttir, Jórunn Erla Eyfjörð, Kristján Leósson, Oddur Ingólfsson, Snæbjörn Pálsson, Þorsteinn Loftsson og Þorvaldur Þórðarson. Eftirtaldir kennarar hlutu styrk til handa doktorsnemunum sem þeir hafa hafið samstarf við: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Ingibjörg Gunnarsdóttir, Jón Atli Benediktsson, Ragnar Sigbjörnsson, Snorri Þór Sigurðsson, Steinunn Kristjánsdóttir, Thor Aspelund, Torfi H. Tulinius og Þórhallur Eypórsson (öll með styrki til þriggja ára); Anna Agnarsdóttir, Árni Kristjánsson, Hanna Ragnarsdóttir, Hannes Jónsson, Jón Gunnar Bernburg, Már Mátsson, Rafn Benediktsson, Rannveig Traustadóttir (öll með styrki til tveggja ára); og Karl Skírnisson (með styrk til eins árs). Úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands var úthlutað styrkjum til fimm verkefna. Þá hlutu: Bjarni Bessason, Daði Már Kristófersson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Sigurbjörg Þorsteinsdóttir (til tveggja ára) og Helgi Þorláksson (til eins árs).
- Þrír styrkir til rannsókna í barnalækningum voru veittir úr Verðlaunasjóði Óskars Þórðarsonar læknis í júní. Styrkhafar voru: Þórólfur Guðnason, barnalæknir og sérfræðingur í smitsjúkdómum barna, Ingibjörg Georgsdóttir, sérfræðingur í barnalækningum og nýburalækningum, og Þórður Þórkelsson, sérfræðingur í barnalækningum og nýbura- og gjörgæslulækningum barna.
- Í maí var í sjötta sinn auglýst eftir umsóknum um styrki úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta við Háskóla Íslands. Í júní fengu tuttugu og fjórir afburðanemendur, sem hófu nám við Háskóla Íslands haustið 2013, styrk úr sjóðnum. Styrkhafar voru: Alexander Elís Ebenesersson, Andri Oddur

Steinarsson, Anna Rut Arnardóttir, Arna Rut Emilsdóttir, Arnar Snær Ágústsson, Árni Björn Höskuldsson, Ásdís Sæmundsdóttir, Birna Helga Jóhannesdóttir, Birta Bæringsdóttir, Bjarni Örn Kristinsson, Fjola Kristín B. Blandon, Gísli Þór Þórðarson, Guðrún Valdís Jónsdóttir, Guðrún Svanhvít S. Michelsen, Guðrún Þóra Sigurðardóttir, Halla Björg Sigurþórsdóttir, Hildur Þóra Ólafsdóttir, Ingvar Hjartarson, Jón Ágúst Stefánsson, Jón Áskell Þorbjarnarson, Pála Margrét Gunnarsdóttir, Pétur Rafn Bryde, Sigurður Ragnarsson og Unnur Bjarnadóttir.

- Veittur var styrkur úr Sjóði Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli í júní. Styrkinn hlaut Birna Bjarnadóttir, dósent í íslenskum bókmenntum við Manitóbaháskóla og forstöðumaður íslenskudeildar skólans.
- Tveir styrkir voru veittir í júní vegna erlendra fyrirlesara á ráðstefnu og málþingi í læknisfræði úr Sjóði Níelsar Dungal prófessors. Styrkirnir voru notaðir til að fá hingað prófessorana Gunnar Boman og Ashley Haase.
- Í október voru doktorsnemunum í hjúkrunarfræði veittir tveir styrkir úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur sem voru auglýstir til umsóknar á vormánuðum. Styrkhafarnir voru Kristín Þórarinsdóttir og Margrét Gísladóttir, báðar MS í hjúkrunarfræði.
- Í október var auglýst eftir umsóknum um styrki úr Þórsteinsjóði til blindra og sjónskertra nemenda við Háskóla Íslands. Árleg úthlutun fór fram í desember en þá var fimm styrkjum úthlutað úr sjóðnum. Styrkhafar voru Ásdís Lilja Guðmundsdóttir, nemi í næringarfræði, Bergvin Oddsson, nemi í stjórnmálafræði, Inga Sæland Ástvaldsdóttir, nemi í lögfræði, María Hauksdóttir, nemi í fötlunarfræði, og Steingrímur E. Jónsson, nemi í heimspeki.
- Einn styrkur var veittur doktorsnema í ljósmóðurfræðum við Háskóla Íslands í desember úr Minningarsjóði Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúasar Jónssonar bónda. Auglýst var eftir umsóknum um styrkinn í október og var þetta í annað skipti sem úthlutað var úr sjóðnum. Styrkinn hlaut Sigríður Sía Jónsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri
- Í desember var auglýst eftir umsóknum um doktorsstyrki við Háskóla Íslands úr Háskólasjóði H/f Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir úthlutun á vormánuðum 2014.
- Í desember fór fram árleg úthlutun úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents. Afburðanemandi, sem hlaut hæstu meðaleinkunn eftir annað ár í námi við verkfræðideildir skólans, hlaut viðurkenningu fyrir námsárangur. Styrkhafinn var Herbjörg Andrésdóttir, BS-nemi í umhverfis- og byggingarverkfræði.
- Unnið hefur verið að undirbúningi stofnunar nýs styrktarsjóðs á árinu, Styrktarsjóðs Áslaugar Hafliðadóttur, en Áslaug arfleiddi Háskóla Íslands fasteigninni Bjarkargötu 12.
- Í sameiginlegum ársreikningi Styrktarsjóða Háskóla Íslands árið 2013 eru ársreikningar 53 sjálfstæðra sjóða og hefur því fækkað um einn frá fyrra ári. Sjóður Selmu og Kays Langvads er ekki hluti af ársreikningnum í ár og hafa samanburðarfjárhæðir verið leiðréttar til samræmis við það.

Veittir voru samtals 389 styrkir úr sjóðum Háskóla Íslands á árinu, 306 úr Sáttmálasjóði, 33 doktorsstyrkir úr Háskólasjóði Eimskipafélagsins og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, 24 nýnemastyrkir úr Afreks- og hvatningarsjóði Háskóla Íslands og 26 styrkir úr öðrum sjóðum sem heyra undir Styrktarsjóði Háskóla Íslands.

Gerðar voru breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðanna á árinu. Breytingarnar voru samþykktar á 61. stjórnarfundum þann 29. nóvember 2012. Viðmiðunarhlutfall erlendra hlutabréfa lækkar úr 30% niður í 25%. Viðmið fyrir innlend hlutabréf hækkar úr 0% í 5% og hámark þeirra er 10% af safninu. Á 62. stjórnarfundum, þann 6. febrúar 2013, voru síðan enn frekari breytingar samþykktar. Viðmið langtímaraunávöxtunar (áður arðsemiskrafa, raunávöxtun) lækkar í 3,5% úr 4%. Viðmiðunarhlutfall innlendra skuldabréfa lækkar í 70%, með 85% að hámarki og 55% að lágmarki. Viðmiðunarhlutfall innlendra hlutabréfa hækkar í 5%, með 10% að hámarki. Hlutfall erlendra hlutabréfa lækkar í 25% með sama hámark, 35%. Ný tafla með ávöxtunarviðmiðum hefur tekið gildi.

Hrein eign Styrktarsjóða Háskóla Íslands í árslok 2013 nam kr. 1.814.042.291 og voru tekjur umfram gjöld á árinu kr. 15.698.884. Hrein eign Styrktarsjóðanna lækkaði á árinu um 17.631.633 kr., úr kr.

1.831.673.924 í 1.814.042.291 kr. Heildareignir Styrktarsjóðanna í vörslu Íslandsbanka voru 1.167.838.589 kr., þar af 849.399.488 kr. í eignastýringu og 318.439.101 kr. í fjárvörslu. Íslandsbanki náði að uppfylla kröfu fjárfestingarstefnu Styrktarsjóðanna um 3,5% langtímaraunávöxtun. Ávöxtun safnsins í vörslu Íslandsbanka var jákvæð um 7,4% að nafnvirði frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2013. Raunávöxtun fyrir sama tímabil var 3,6%.

Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir sjóðina árið 2013 eru þessar:

- Bókfærður hagnaður sjóðanna árið 2013 var kr. 15.698.884, saman borið við 77.893.481 kr. hagnað árið 2012. Lítið var um fjárfestingarkosti á árinu og voru innlán og ríkistryggð verðbréf meginuppistaðan í safninu.
- Heildareign allra sjóða 31. desember 2013, samkvæmt reikningsskilunum, nam kr. 1.879.529.521.
- Nafnávöxtun eigna styrktarsjóðanna sem voru í umsjón Íslandsbanka var jákvæð um 7,4%.
- Ávöxtun heildareigna var jákvæð um 0,86%.

## Hrein eign sundurliðuð eftir sjóðum

	Hrein eign	
	2013	2012
Almanakssjóður.....	111.922.206	105.889.200
Columbiasjóður.....	16.951.188	16.032.529
Det Danske Selskabs Studenterlegat.....	548.898	542.785
Eggertssjóður.....	129.529.250	122.508.408
Forlagsbogh., Dr. Phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse..	1.330.661	1.437.195
Framfarasj. B. H. Bjarnasonar kaupmanns.....	310.496	318.590
Gjafasjóður Guðmundar J. Andréssonar gullsmiðs.....	104.448.141	98.791.362
Gjafasjóður Guðmundar Thorsteinssonar.....	6.666.635	6.327.802
Gjöf Framkvæmdabanka Ísl. til að skreyta hátíðarsal HÍ....	4.928.749	4.684.433
Gjöf Gunnars Th. Bjargmundssonar.....	729.328	713.401
Gjöf Soffíu Jónsdóttur Sörensen.....	4.097.396	3.898.294
Háskólasjóður.....	195.155.437	190.688.396
Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands í vörslu HÍ.....	21.164.533	25.805.762
Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur.....	609.603	601.190
Heimspekisjóður Brynjólfs Bjarnasonar.....	3.676.246	3.500.049
Legat Guðmundar Magnússonar og Katrínar Skúladóttur..	10.148.134	9.619.956
Menningar- og framfarasjóður Ludvigs Storr.....	334.219.470	341.552.319
Minningarsj. um aldarafmæli frjálsrar verslunar á Íslandi...	4.400.374	4.184.794
Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar.....	71.993.260	68.101.572
Minningarsjóður Bjargar og Magnúsar.....	36.912.122	35.957.934
Minningarsj. dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors.....	2.772.323	2.658.527
Minningarsjóður dr. Rögnvalds Péturssonar.....	22.406.099	21.211.259
Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur.....	1.154.237	1.114.221
Minningarsjóður John MacKenna Pearson.....	19.274.121	18.249.617
Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings.....	3.030.875	2.889.777
Minningarsjóður norskra stúdenta.....	2.223.260	2.126.085
Minningarsjóður Theódórs Johnson.....	22.962.312	21.737.223
Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents.....	2.186.631	2.119.444
Norðmannsgjöf.....	29.772.806	28.177.321
Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur.....	10.921.901	10.773.286
Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar.....	9.395.312	8.873.867
Sáttmálasjóður Háskóla Íslands.....	14.485.062	13.839.318

Sjóðasafn Háskóla Íslands.....	34.592.687	32.686.178
Sjóður Árna Magnússonar.....	17.310.818	16.393.090
Sjóður Nielsar Dungals prófessors.....	5.441.556	5.872.665
Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli.....	18.105.527	17.437.715
Sjóður Sigríðar Lárusdóttur.....	20.201.260	20.596.776
Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands.....	17.277.637	16.352.062
Starfssjóður Læknadeildar Háskóla Íslands.....	2.195.307	2.098.699
Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands.....	2.863.116	2.730.161
Styrktarsjóður Erlendar Haraldssonar.....	3.084.175	1.198.090
Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands.....	15.440.759	14.634.546
Styrktarsj. Margaretar og Bents Sch. Thorsteinssonar.....	20.876.666	21.001.292
Styrktarsjóður Ragnheiðar Jónsdóttur.....	12.232.313	11.590.785
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.....	22.997.356	21.859.462
Styrktarsj. Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur	25.564.779	24.351.277
Sögusjóður stúdenta.....	2.053.508	1.965.565
Tækjasjóður Verkfræðideildar - Landmælingar.....	2.094.342	2.004.178
Verðlaunasjóður Alfreds Benson.....	2.964.338	2.826.859
Verðlaunasj. Bergþóru og Þorsteins Sch. Thorsteinssonar	18.503.642	18.585.399
Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar læknis.....	26.207.967	25.934.032
Þórsteinssjóður.....	33.291.331	33.611.655
Watanabe styrktarsjóðurinn.....	351.747.428	394.126.762
Fjármagnstekjuskattsskuldbinding vegna verðbréfasjóða..	(41.331.288)	(31.109.240)

**1.814.042.291 1.831.673.925**

## **Veittir styrkir sundurliðaðir eftir sjóðum 2012 og 2013**

	2013	2012
Almanakssjóður.....	0	500.000
Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands í vörslu Háskóla Íslands.....	6.000.000	0
Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónssonar bónda.....	1.000.000	1.500.000
Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents.....	200.000	200.000
Rannsóknarsjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur.....	1.000.000	1.000.000
Sjóður Nielsar Dungals prófessors.....	728.548	0
Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli.....	300.000	0
Sjóður Sigríðar Lárusdóttur.....	1.400.000	0
Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands.....	0	100.000
Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands.....	600.000	0
Styrktarsjóður Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar.....	1.200.000	1.200.000
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.....	0	1.908.000
Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Sch. Thorsteinssonar lyfsala	990.000	700.000
Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar læknis.....	1.100.000	0
Þórsteinssjóður.....	2.000.000	2.000.000
Watanabe-styrktarsjóðurinn.....	<u>2.926.792</u>	<u>5.293.352</u>
	<b>19.445.340</b>	<b>14.401.352</b>



Sameiginlegur rekstrarreikningur ársins 2013

	2013	2012
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>		
Vaxtatekjur .....	4.387.976	3.666.780
Verðhækkun (lækkun) verðbréfa .....	70.805.960	107.847.678
Fjármagnstekjuskattur .....	<u>(11.043.394)</u>	<u>11.868.433</u>
	64.150.542	123.382.891
 <b>Rekstrartekjur</b>		
Framlög .....	3.272.110	2.005.000
Aðrar tekjur .....	<u>32.481.011</u>	<u>19.267.705</u>
	35.753.121	21.272.705
 <b>Rekstrargjöld</b>		
Veittir styrkir .....	19.445.340	14.401.352
Annar rekstrarkostnaður .....	<u>64.759.440</u>	<u>52.360.763</u>
	84.204.780	66.762.115
 <b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>15.698.883</b>	<b>77.893.481</b>

Sameiginlegur efnahagsreikningur 31. desember 2013

	2013	2012
<b>Eignir</b>		
Fasteign .....	201.300.000	192.650.000
Verðbréfasjóðir og hlutabréf .....	1.218.803.719	1.156.259.195
Aðrar eignir .....	5.523.240	2.884.945
Innstæður á bankareikningum .....	<u>453.902.891</u>	<u>534.434.372</u>
	1.879.529.850	1.886.228.512
 <b>Eignir samtals</b>	<b>1.879.529.850</b>	<b>1.886.228.512</b>
 <b>Eigið fé</b>		
Höfuðstóll .....	1.748.251.319	
1.723.902.436		
Pýðingarmunur .....	<u>65.790.972</u>	<u>107.771.489</u>
	1.814.042.291	1.831.673.925
 <b>Skuldir</b>		
Fjármagnstekjuskuldbinding vegna verðbréfasjóða .....	41.331.288	31.109.241
Skammtímaskuldir .....	<u>24.156.271</u>	<u>23.445.346</u>
	65.487.559	54.554.587
 <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>1.879.529.850</b>	<b>1.886.228.512</b>



# Fræðasvið

# Félagsvísindasvið

## Almennt yfirlit og stjórn

Á Félagsvísindasviði eru sex deildir: Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild, Hagfræðideild, Lagadeild, Stjórn málafræðideild og Viðskiptafræðideild.

Ólafur Þ. Harðarson prófessor var forseti Félagsvísindasviðs til 31. júlí en þá tók Daði Már Kristófersson dósent við starfinu. Deildarforsetar mynda stjórn fræðasviðsins ásamt forseta og þeir voru: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, forseti Félags- og mannvísindadeildar, til 31. júlí en þá tók Helgi Gunnlaugsson við því starfi, Steinunn Hrafnsdóttir, forseti Félagsráðgjafardeildar, Ingjaldur Hannibalsson, forseti Viðskiptafræðideildar, Ómar H. Kristmundsson, forseti Stjórn málafræðideildar, Tór Einarsson, forseti Hagfræðideildar, og Róbert R. Spanó, sem var forseti Lagadeildar til 1. mars en fór þá í launalaust leyfi og við störfum hans tók Aðalheiður Jóhannsdóttir varadeildarforseti til 31. júlí en þá tók Eyvindur G. Gunnarsson við starfinu.


Sara Sigurðardóttir var fulltrúi nemenda í stjórn sviðsins á vormisseri og Björn Már Ólafsson á haustmisseri.

## Þing Félagsvísindasviðs

Fimmta þing Félagsvísindasviðs var haldið þriðjudaginn 16. apríl. Meginefni þingsins var umfjöllun um kennslumál og rannsóknir. Lögð var fram vísindastefna sviðsins til ársins 2016 og samþykkt. Þá var samþykkt framkvæmdaáætlun kennslustefnu sviðsins. Fjallað var um þjónustu sviðsins við kennara hvað varðar rannsóknir og styrkumsóknir og forstöðumaður vísinda- og nýsköpunarsviðs skólans hélt erindi um vægi félagsvísinda hjá Times Higher Education við að raða háskólum eftir gæðum.

## Skrifstofa og starfsfólk

Félagsvísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna		
	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	129	110
Karlar	90	71
<b>Samtals</b>	<b>219</b>	<b>181</b>



<i>Stjórnsýsla fræðasviðsins – fjöldi starfsmanna í árslok 2013</i>			
	Karlar	Konur	Samtals
<b>Félagsvísindasvið</b>	1	9	10
Félagsráðgjafardeild	0	4	4
Lagadeild	0	3	3
Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild	0	8	8
Stjórnmálafræðideild	0	2	2
Félags- og mannvísindadeild	0	4	4
	<b>Fjöldi</b>	<b>31</b>	
	<b>Starfsígildi</b>	<b>27,1</b>	

Skrifstofa Félagsvísindasviðs veitir nemendum og kennurum alla almenna þjónustu og starfsfólk skrifstofunnar sér einnig um margvísleg verkefni fyrir hönd sviðsins, s.s. fjármál, kennslumál, markaðs- og kynningarmál, umsjón með upplýsingatæknimálum, starfsmannamál og skjalavistun. Á skrifstofu sviðsins störfuðu, auk forseta, Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir rekstrarstjóri, Ásdís Magnúsdóttir, verkefnisstjóri og skjalavörður, Guðni Geir Jónsson, sem var fjármálastjóri til 1. febrúar en þá tók Aðalbjörg Lúthersdóttir við starfi fjármálastjóra, Kolbrún Eggertsdóttir kennslustjóri og Sif Sigfúsdóttir markaðs- og samskiptastjóri. Guðrún Alda Elísdóttir var ráðin í hlutastarf í verkefni tengd mannauðsmálum frá 1. nóvember. Kristín Einarsdóttir var ráðin í hlutastarf frá 15. október til þess að kynna rannsóknir á sviðinu m.a. með útvarpsþáttum á grundvelli samnings við Ríkisútvarpið. Þáttaröðin hófst þann 9. desember og nefnist Vits er þörf.

Á skrifstofunni störfuðu einnig deildarstjórar og verkefnastjórar sem sáu um nærþjónustu við deildir sviðsins (sjá nánar umfjöllun um deildir).

Haldnir voru reglubundnir starfsmannafundir, auk vikulegra samráðsfunda rekstrarstjóra með deildarstjórum.

Þann 5. apríl voru kynntar niðurstöður könnunar um starfsumhverfi Háskóla Íslands sem lögð var fyrir starfsfólk í október og nóvember 2012. Helstu niðurstöður sýndu að stór hluti starfsfólks var ósáttur við mikið vinnuálag í störfum sínum. Í framhaldi af þessum niðurstöðum var ráðist í að greina starfsaðstöðu allra starfsmanna sem fólst í því að sjúkraþjálfari kom á deildar- eða kennarafundi með stutta kynningu á mikilvægi réttar líkamsbeitingar við vinnu. Þá var gerð úttekt á vinnuaðstöðu allra starfsmanna og unnið úr ábendingum sjúkraþjálfara um úrbætur hverjum og einum til handa.

Styrkir fengust úr Aldarafmællissjóði Háskóla Íslands fyrir sex nýjum kennarastörfum á sviðinu. Markmiðið með umsókn um þá styrki var að draga úr vinnuálagi og var úthlutunin byggð á hlutfalli nemenda og kennara í viðkomandi deildum.

Haldið var kveðjuhóf til heiðurs fráfarandi forseta Félagsvísindasviðs, Ólafi Þ. Harðarsyni, þann 30. ágúst og voru honum þökkud vel unnin störf í þágu sviðsins.

### **Upplýsingaborð í Gimli**

Félagsvísindasvið sá um rekstur upplýsinga- og þjónustuborðs í Gimli og var þar einnig veitt þjónusta fyrir Hugvísindasvið og Sálfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði. Þar fá nemendur svör við almennum fyrirspurnum er varða námið. Jafnframt fer þar fram öll umsýsla verkefna, skil til kennara og afhending til nemenda. Auk þess eru þar pósthólf kennara og annarra starfsmanna.

### **Nefndir og stjórnir**

Hér eru taldir þeir sem sitja sem fulltrúar sviðsins í nefndum og stjórnnum skólans:

- Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor í Lagadeild, var í stjórn Stofnunar Sæmundar fróða fyrir hönd sviðsins.
- Sif Einarsdóttir, dósent í Félags- og mannvísindadeild, sat fyrir hönd sviðsins í kennslumálanefnd Háskóla Íslands.
- Baldur Þórhallsson, prófessor í Stjórn málafræðideild, og Alyson Bailes, aðjunkt í Stjórn málafræðideild, sátu í stjórn Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands fyrir hönd sviðsins til 30. júní og Baldur var formaður stjórnar. Þann 1. júlí tóku sæti þeirra Ólafur Þ. Harðarson og Silja Bára Ómarsdóttir aðjunkt. Ólafur varð þá formaður stjórnar.
- Valdimar Tryggvi Hafstein, dósent í Þjóðfræði, sat fyrir hönd sviðsins í gæðanefnd Háskóla Íslands.
- Ingjaldur Hannibalsson, prófessor í Viðskiptafræðideild, sat fyrir hönd sviðsins í stjórn Reiknistofnunar Háskóla Íslands.
- Björg Thorarensen, prófessor í Lagadeild, átti sæti fyrir hönd sviðsins í framgangsnefnd Háskóla Íslands.
- Hafsteinn Þór Hauksson, lektor í Lagadeild, átti sæti í vísindasiðanefnd Háskóla Íslands.
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent í fötlunarfræðum í Félags- og mannvísindadeild, átti sæti í ráði Háskóla Íslands um málefni fatlaðs fólks.
- Björg Thorarensen, prófessor í Lagadeild, átti sæti í heiðursdoktorsnefnd Háskóla Íslands.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, átti sæti í vísindanefnd Háskóla Íslands.
- Ingjaldur Hannibalsson, prófessor í Viðskiptafræðideild, var formaður skipulagsnefndar Háskóla Íslands.

Eftirtaldir áttu sæti í dóm- og framgangsnefnd sviðsins: Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor í Lagadeild, Helgi Gunnlaugsson, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, og Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í Félagsráðgjafardeild.

Jafnréttisnefnd sviðsins var skipuð eftirtöldum: Gyða Margrét Pétursdóttir, formaður, fulltrúi Stjórn málafræðideildar, Sigurjón B. Hafsteinsson, varaformaður, fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar, Þóra Christiansen, fulltrúi Viðskiptafræðideildar, Anni G. Haugen, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar, og Hafsteinn Þór Hauksson, fulltrúi Lagadeildar. Fulltrúi nemenda var Adam Hoffritz.

Kennslunefnd sviðsins var skipuð eftirtöldum: Sif Einarsdóttir var formaður og fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar, Silja Bára Ómarsdóttir var fulltrúi Stjórn málafræðideildar til 1. júní en þá tók Hannes Hólmsteinn Gissurarson við sæti hennar, Margrét Sigrún Sigurðardóttir var fulltrúi Viðskiptafræðideildar, Hrefna Ólafsdóttir var fulltrúi Félagsráðgjafardeildar á vormisseri en Hervör Alma Árnadóttir tók við á haustmisseri, Trausti Fannar Valsson var fulltrúi Lagadeildar, Daði Már Kristófersson var fulltrúi Hagfræðideildar á vormisseri en Ragnar Árnason tók við af honum á haustmisseri, Sæmundur Árni Hermannsson var fulltrúi nemenda á vormisseri en Bjarni Þóroddsson tók við af honum á haustmisseri. Kolbrún Eggertsdóttir, kennslustjóri sviðsins, starfaði með nefndinni.

Vísindanefnd sviðsins var skipuð eftirtöldum: Ingi Rúnar Eðvarðsson var formaður nefndarinnar og fulltrúi Viðskiptafræðideildar, Terry Gunnell var fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar, Tinna Ásgeirsdóttir var fulltrúi Hagfræðideildar, Freydís Jóna Freysteinsdóttir var fulltrúi Félagsráðgjafardeildar um vorið en um haustið tók Guðný Eydal við af henni, María Elvira Méndez-Pinedo var fulltrúi Lagadeildar um vorið en Pétur Dam Leifsson tók svo við um haustið, Stefanía Óskarsdóttir var fulltrúi Stjórn málafræðideildar um vorið en Hulda Þórisdóttir tók við af henni um haustið og Jóhannes Hraunfjörð var fulltrúi nemenda. Kolbrún Eggertsdóttir, kennslustjóri sviðsins, starfaði með nefndinni.

Fulltrúar sviðsins á háskólaþingi voru eftirtaldir: Ásgeir Jónsson, lektor í Hagfræðideild, Björg Thorarensen, prófessor í Lagadeild, Jónína Einarsdóttir, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor í Viðskiptafræðideild, Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í Félagsráðgjafardeild, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, lektor í Stjórn málafræðideild, og Snjólfur Ólafsson, prófessor í Viðskiptafræðideild. Auk þeirra á forseti sviðsins sæti á háskólaþingi, sem og forsetar deilda.

## Kennslumál

Unnið var áfram eftir framkvæmdaáætlun um kennslustefnu sem samþykkt var árið 2012. Lögð var áhersla á að þróa samráðsvettvang um kennslu á sviðinu og auka fræðslu, fjölbreytni í kennsluháttum og framsækni í námi með því að efla samvinnu, samráð og stuðningskerfi hvað varðar kennslu m.a. í fjölmönnum námskeiðum. Þá var unnið að því að auka samstarf í aðferðafræðikennslu, ekki síst með það fyrir augum að auka samþættingu kennslu og rannsókna. Skipulag á móttöku nýnema var samræmt enn frekar í deildum Félagsvísindasviðs og lögð var áhersla á þátttöku nemenda í námi sínu, ástundun og ábyrgð. Unnið var áfram að innleiðingu mentorakerfis. Sérstakt námskeið var haldið fyrir nýnema sem hófu nám í janúar. Um var að ræða örnámskeið þar sem farið var yfir helstu atriði við ritun ritgerða í háskóla ásamt því að fulltrúi frá Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands kenndi vinnubrögð í námi. Um 50 nemendur nýttu sér þetta tilboð.

Skipulagsbreytingar hafa orðið á samtökum nemenda og sérstakt sviðsráð tók til starfa á Félagsvísindasviði eins og öðrum fræðasviðum háskólans. Fulltrúar nemenda úr nýstofnuðu sviðsráði kom á fund stjórnar þann 25. mars og var m.a. rætt um tilhögun sjúkra- og upptökuprófa,

inntökupróf, kennslukannanir, mentorakerfi, húsnæðismál og þing sviðsins. Þá var haldinn árlegur fundur forseta, rekstrarstjóra og kennslustjóra þann 18. nóvember með fulltrúum nemenda þar sem rædd voru helstu hagsmunamál nemenda.

Í mars var haldið námskeið um mat á vinnu nemenda í gildandi einingakerfi. Það var kennslunefnd sviðsins sem skipulagði námskeiðið í samvinnu við Kennslumiðstöð.

Á árinu hófst samstarf Félagsvísindasviðs við Háskólann á Akureyri og voru haldnir tveir fundir: á Akureyri þann 11. júní og í Reykjavík þann 29. nóvember. Markmiðið með fundunum var aukið samstarf á sviði félagsvísinda í kennslu og rannsóknum í samræmi við stefnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 9. ágúst 2010. Fundirnir voru styrktir af verkefni ráðuneytisins um samstarf opinberra háskóla.

## **Doktorsnám og rannsóknir**

Félagsvísindasvið stóð fyrir námskeiðinu Málstofa um doktorsnám fyrir doktorsnema á sviðinu. Kennt var aðra hverja viku. Umsjónarkennari á vormisseri var Guðbjörg Linda Rafnsdóttir prófessor en Gunnar Helgi Kristinsson prófessor hafði umsjón með námskeiðinu á haustmisseri. Námskeiðið var byggt upp á fyrirlestrum og umræðum og doktorsnemarnir kynntu verkefni sín. Námskeiðið hófst í byrjun september með ráðstefnu doktorsnemanna.

Félagsvísindasvið hélt námskeið fyrir doktorsnema á sviðinu í nóvember og desember um gerð rannsóknaráætlana og umsóknir um styrki. Kennari var Gunnar Þór Jóhannesson lektor.

Félagsvísindasvið endurnýjaði síðan samning sinn við Félagsvísindastofnun um rannsóknþjónustu við kennara og vísindanefnd sviðsins hóf endurskoðun á doktorsreglum haustið 2013. Unnið var áfram að því verkefni út árið og verður því fram haldið á næsta ári.

Úthlutað var styrkjum úr aðstoðarmannasjóði Félagsvísindasviðs og var öllum kennurum sem sóttu um styrk veittur hann. Meginhluti styrkjanna rann til að styrkja rannsóknir þeirra.

Félagsvísindasvið stóð fyrir félagsvísindaráðstefnunni Þjóðarspegillinn í fjórtánda sinn þann 25. október. Markmið ráðstefnunnar var að vanda að kynna það sem er efst á baugi í rannsóknum í félagsvísindum hér á landi. Gefið var út rafrænt ráðstefnurit með öllum erindunum sem flutt voru á ráðstefnunni.

## **Húsnæðismál**

Félagsvísindasvið hefur nú fengið framtíðarhúsnæði í þremur samtengdum byggingum, Odda, Gimli og Lögbergi, sem einnig tengjast Háskólatorgi. Skrifstofur Félagsvísindasviðs og deilda þess eru allar á neðstu hæðinni í Gimli. Kennarar Lagadeildar hafa aðsetur í Lögbergi, Viðskiptafræðideildar í Gimli, Félagsráðgjafardeildar, Hagfræðideildar og Stjórn málafræðideildar í Odda, en kennarar Félags- og mannvísindadeildar eru bæði til húsa í Gimli og Odda. Í öllum þremur byggingunum er jafnframt aðstaða fyrir rannsóknastofnanir á Félagsvísindasviði og vinnuaðstaða fyrir stundakennara, doktorsnema, meistaraneima og grunnnema. Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið, Menntavísindasvið og þverfræðilegar rannsóknastofnanir nýta til bráðabirgða hluta húsnæðisins í Gimli og Odda. Félagsvísindasvið á þannig góða vaxtarmöguleika á næstu árum í byggingunum þremur þegar starfsemi annarra sviða flyst í aðrar byggingar á háskólasvæðinu.



## Fjármál Félagsvísindasviðs

Fjárveiting	1.671.247*
Sértekjur	362.284*
Tekjur alls	2.033.531*
Útgjöld	2.068.237*
Tekjuafgangur	-34.706*
Ársverk	220
Skráðir nemendur	4.555
Virkir nemendur	2.842
Nemendur/ársverk	12,9
Virkni nemenda	62,4%

\* Upphæðir eru í þús. kr.

## Markaðs- og kynningarmál

Í janúar hélt Félagsvísindasvið móttöku fyrir nýnema þar eð margar deildir sviðsins taka á móti nýnemum á vormisseri.

Í janúar og febrúar fóru fram tölur á kynningarmyndböndum fyrir Lagadeild, Stjórn málafræðideild, Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild og Viðskiptafræðideild sem vistuð eru á Youtube og í mars var myndband til kynningar á félagsfræði og mannfræði tekið upp.

Þann 9. mars var háskóladagurinn þar sem öll svið skólans komu saman og kynntu námsframboð sitt í helstu byggingum skólans. Félagsvísindasvið var með aðstöðu á Háskólatorgi.

Í mars var sviðið kynnt í Menntaskólanum í Reykjavík, Verslunarskóla Íslands, Menntaskólanum við Hamrahlíð og Borgarholtsskóla, sem og á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi, og í október var tekið á móti nemendum við Kvennaskólann í Reykjavík í samvinnu við kennara og námsráðgjafa í skólanum.

Í ágúst hélt sviðið móttöku fyrir framhaldsnema og grunnema í Háskólabíói og síðan tóku deildir sviðsins á móti nemendum í kjölfarið og það sama gildi um erlenda nemendur sviðsins í kjölfar almennrar móttöku alþjóðaskrifstofu fyrir alla erlenda nemendur háskólans. Í október hélt sviðið kynningarfundum í deildum um skiptináms erlendis í samvinnu við Alþjóðaskrifstofu. Kynntir voru möguleikar á skiptinámi eftir deildum, nemendur sögðu frá reynslu sinni af skiptinámi og kennarar fluttu erindi um mikilvægi þess að stunda að hluta nám erlendis. Að lokum var fjallað um ferli umsókna og mat að námi loknu.


Í júní tóku kennarar og starfsmenn á Félagsvísindasviði þátt í Háskóla unga fólksins, eins og önnur fræðasvið skólans, og þar gátu nemendurnir ungu valið milli fjölmargra námskeiða á sviðinu.

Í október hélt sviðið hina árlegu ráðstefnu sína Þjóðarspegillinn – Rannsóknir í félagsvísindum í 14. sinn og þar voru flutt 160 erindi.

Á haustmánuðum sá Kristín Einarsdóttir, aðjunkt í þjóðfræði, um útværpsþætti um rannsóknir á Félagsvísindasviði í Ríkisútværpinu.

Í desember hófst vinna og undirbúningur við kynningu á nýju námi á meistarastigi, upplýsingafræði, en það fag hét áður bókasafns- og upplýsingafræði.

## Skipurit Félagsvísindasviðs



## Alþjóðamálastofnun, Rannsóknasetur um norðurslóðir og Rannsóknasetur um smáríki

### Alþjóðamálastofnun

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun og er vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf í alþjóðamálum. Stofnunin tilheyrir Félagsvísinda- og Hugvísindasviði en er hýst á Félagsvísindasviði. Alþjóðamálastofnun hefur verið starfrækt við Háskóla Íslands frá árinu 1990 en var endurskipulögð árið 2002 og hefur í kjölfarið staðið fyrir fjölbreyttum rannsóknum, útgáfustarfsemi, málstofum og fyrirlesturum. Helstu rannsóknasvið eru íslensk utanríkismál, Evrópumál og öryggis- og varnarmál. Sjá nánar á vefsíðu: [ams.hi.is](http://ams.hi.is).

### Stjórn og starfslið

Ný stjórn Alþjóðamálastofnunar, Rannsóknaseturs um smáríki og Rannsóknaseturs um norðurslóðir var skipuð til þriggja ára í nóvember 2013. Ólafur Þ. Harðarson var settur stjórnarformaður en auk hans sitja í stjórn Valur Ingimundarson, prófessor í sagnfræði, sem jafnframt er varaformaður

stjórnar, Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, Silja Bára Ómarsdóttir, aðjunkt við Stjórnmalafraeðideild, Krístrún Heimisdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Guðmundur Ragnarsson, fyrir hönd Alþjóðsambands Íslands, og Andri Lúthersson, deildarstjóri skrifstofu upplýsingamála í utanríkisráðuneytinu.

Forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáriki er Pia Hansson. Forstöðumaður Rannsóknaseturs um norðurslóðir er Kristinn Schram. Jón Gunnar Ólafsson er verkefnastjóri Alþjóðamálastofnunar, Margrét Cela er verkefnastjóri Rannsóknaseturs um norðurslóðir og Tómas Joensen er verkefnastjóri Rannsóknaseturs um smáriki. Í tengslum við þjónustuverkefni sem stofnunin tók að sér fyrir hönd aðila vinnumarkaðarins og atvinnulífsins var Vilborg Ása Guðjónsdóttir ráðin sem verkefnastjóri í tímabundnu verkefni í nóvember og desember. Að auki störfuðu margir sérfræðingar að verkefnum fyrir stofnunina, s.s. við skrif á kennslubók um Evrópusamrunann og skýrslu um stöðu aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið.

## Rannsóknasetur um norðurslóðir

Alþjóðamálastofnun fagnaði stofnun nýs rannsóknaseturs um norðurslóðir á árinu með því að bjóða til alþjóðlegrar ráðstefnu um áskoranir og tækifæri á norðurslóðum á Hótel Sögu 18.–19. mars. Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, opnaði ráðstefnuna ásamt Össuri Skarphéðinssyni, þáverandi utanríkisráðherra. Rannsóknasetur um norðurslóðir starfar innan vébanda Alþjóðamálastofnunar og deilir stjórn með stofnuninni en auk þess starfar sérstök ráðgjafanefnd hjá setrinu. Rannsóknasetur um norðurslóðir er vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf á sviði norðurslóðarannsókna með áherslu á hlutverk og stefnu ríkja og stofnana og stjórnarhætti á norðurslóðum. Hlutverk Rannsóknaseturs um norðurslóðir er að vinna að rannsóknaverkefnum í samstarfi við innlenda og erlenda aðila, við að auka samstarf milli fræðimanna, atvinnulífs og opinberra aðila og vera leiðandi í rannsóknum á þessu sviði. Auk þess stendur setrið fyrir ráðstefnum, umræðufundum, fyrirlestrum og námskeiðum um efni er varða starfssvið þess og útgáfu rita um málefni norðurslóða. Setrið vinnur einnig þjónustuverkefni fyrir atvinnulíf og opinbera aðila og styður við kennslu í norðurslóðamálefnum.

## Rannsóknasetur um smáriki – Jean Monnet öndvegissetur

Rannsóknasetur um smáriki er faglega sjálfstæð eining sem starfar undir hatti Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og deilir stjórn og forstöðumanni með stofnuninni. Rannsóknasetrið var stofnað árið 2002 og hefur sett mark sitt á háskólasamfélagið frá upphafi með fjölbreyttu starfi. Meginmarkmið setursins er að auka rannsóknir og kennslu í smárikjafræðum. Rannsóknasetrið stendur fyrir fjölbreyttum rannsóknum, ráðstefnum, málstofum og kennslu um smáriki og heldur úti öflugri ritröð um rannsóknir í smárikjafræðum. Setrið hefur hlotið fjölda styrkja frá innlendum og erlendum rannsóknasjóðum. Setrið hlaut öndvegissetursstyrk frá menntaáætlun Evrópusambandsins á árinu og mun næstu þrjú árin starfa sem Jean Monnet öndvegissetur (Jean Monnet Centre of Excellence).

## Alþjóðlegur sumarskóli

Frá því árið 2003 hefur Rannsóknasetur um smáriki starfrækt sumarskóla um smáriki og Evrópusamrunann í samstarfi við erlenda háskóla en samstarfsaðilarnir voru orðnir 17 árið 2013. Sumarskólinn er fjármagnaður með Erasmus styrk frá Evrópusambandinu. Sumarið 2013 kenndu 9 þekktir fræðimenn á sviði smárikjarannsókna, Evrópumála, alþjóðavæðingar og svæðisbundins samruna. 30 nemendur komu til Íslands og sóttu námskeiðið og að auki tóku 6 nemar (BA og MA) frá Háskóla Íslands þátt. Þetta tveggja vikna hraðnámskeið býður upp á úrval kennslustunda, málstofa og heimsókna í opinberar stofnanir.



## Jean Monnet öndvegissetursstyrkur

Rannsóknasetur um smáríki hlaut öndvegissetursstyrk frá Menntaáætlun Evrópusambandsins árið 2013 og mun því næstu þrjú árin starfa sem Jean Monnet öndvegissetur (Jean Monnet Centre of Excellence).

Í tengslum við styrkinn mun rannsóknasetrið leggja áherslu á þrjú tiltekna þætti.

Í fyrsta lagi að efla þverfaglegar rannsóknir og kennslu um Evrópusamrunann, Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið. Í öðru lagi að stofna alþjóðlegan skóla um smáríki, stjórnsýslu þeirra og stöðu innan Evrópusambandsins. Í þriðja lagi að gefa út kennslubók ætlaða framhalds- og háskólanemum á íslensku um Evrópusamrunann. Að auki mun setrið eftir sem áður standa fyrir margvíslegum fundum og ráðstefnum, og útgáfu um Evrópumál.

Öndvegisseturinn er mikil viðurkenning á starfi smáríkjasetursins sem hefur sérhæft sig í stöðu smáríkja í Evrópu. Stofnun öndvegisseturs er framhald á fyrri viðurkenningum sem setrið hefur hlotið en þar má helst telja styrkveitingar úr Menntaáætlun ESB til reksturs áðurnefnds sumarskóla um smáríki síðastliðin tólf ár og styrki til kennsluþróunar í Evrópufræðum undir forystu Baldurs Þórhallssonar, prófessors í stjórnmálafræði, í samstarfi við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Að umsókninni stóðu, auk Baldurs, Pia Hansson, forstöðumaður Rannsóknaseturs um smáríki, Guðmundur Hálfðánarson, prófessor í sagnfræði, Ómar H. Kristmundsson, prófessor í opinberri stjórnsýslu, Alyson Bailes, aðjunkt við Stjórnmálafræðideild, og Maximilian Conrad, lektor við Stjórnmálafræðideild.

Að auki hlaut setrið sérstakan styrk til að halda alþjóðlega ráðstefnu um hvernig best má tryggja góða stjórnsýsluhætti í smáríkjum og takast á við þær áskoranir sem þau standa frammi fyrir í alþjóðasamfélaginu.

## Útgáfa

### Ný rit í ritröð Rannsóknaseturs um smáríki 2013:

- Defence and Security for the Small – Perspectives from the Baltic States. Höfundar: Raimonds Rublovskis, Margarita Šešelgyte og Riina Kaljurand.
- Sovereign Liechtenstein – The Soft Power Projection of a Very Small State. Höfundur: Kevin D. Stringer.

### Ný rit hjá Rannsóknasetri um norðurslóðir:

- The Case for Arctic Governance – The Arctic Puzzle. Höfundur: Helga Haftendorn.
- Trans-Arctic Agenda Summary Report 2013.
- Strategy Papers on the Arctic or High North – A Comparative Study and Analysis. Höfundar: Alyson J.K. Bailes og Lassi Heininen.

Öll rit sem Alþjóðamálastofnun gefur út eru birt á vef stofnunarinnar: [ams.hi.is](http://ams.hi.is).

### Kennslubók um Evrópumál:

Undirbúningsvinna hófst vegna kennslubókar á íslensku um Evrópumál fyrir framhaldsskólanema. Alþjóðamálastofnun hlaut styrk frá Þróunarsjóði námsgagna til þess að hefja vinnuna en auk þess tengist bókin áðurnefndum öndvegissetursstyrk. Bókin verður unnin árið 2014.

## Alþjóðlegt rannsóknasamstarf

Starfsfólk Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um norðurslóðir fór í vinnuferð til Noregs í ágúst. Þar var fundað með starfsfólki norska utanríkisráðuneytisins, fræðimönnum við háskólann í

Osló og ýmsum sérfræðingum sem vinna að norðurslóðamálum hjá rannsóknastofnunum. Stefnt er að því að vinna í sameiningu að fjölbreyttum verkefnum á sviði norðurslóðarannsókna og alþjóðasamskipta á komandi mánuðum.

Í desember fór starfsfólk Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um norðurslóðir, ásamt fulltrúum frá Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Bifröst, í vinnuferð til Washington DC og Alaska. Hópurinn fundaði með sérfræðingum úr bandaríska utanríkisráðuneytinu, fræðimönnum við háskólann í Alaska í Anchorage og Fairbanks og fjölda sérfræðinga sem starfa við rannsóknastofnanir á þessum stöðum. Lagður var grunnur að öflugum samstarfi á sviði norðurslóðarannsókna og menntunar sem tengist málefnum norðurslóða.

## Nýtt meistaranám í vestnorrænum fræðum

Rannsóknasetur um norðurslóðir tók að sér að halda utan um samstarfsverkefni fimm háskóla um að koma á laggirnar nýju meistaranámi í vestnorrænum fræðum. Þátttakendur í verkefninu, auk Háskóla Íslands, eru Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Grænlandi, Fróðskaparsetur Færeyja og Nordland-háskóli í Noregi. Náminu er ætlað að auka hæfni ríkjanna á svæðinu til að takast sjálf á við þær áskoranir sem þau standa fram fyrir á norðurslóðum, einkum sem lúta að sjálfbærni og stjórnun. Námið hefur jafnframt það að markmiði að stuðla að auknum hreyfanleika nema og fræðimanna á vestnorræna svæðinu og er nemendum ætlað að taka að lágmarki eitt misseri við annan samstarfsskóla en þann sem þeir innrita sig í. Námið mun hefjast haustið 2015. Sjá nánar á: [westnordicstudies.net](http://westnordicstudies.net).

## Opnir viðburðir

Alþjóðamálastofnun og rannsóknasetrin tvö sem undir hana heyra stóðu fyrir fjölda viðburða á árinu. Hér fyrir neðan er stiklað á stóru í viðburðum ársins:

Alþjóðamálastofnun fagnaði stofnun nýs rannsóknaseturs um norðurslóðir með því að bjóða til alþjóðlegrar ráðstefnu um áskoranir og tækifæri á norðurslóðum á Hótel Sögu 18.-19. mars.

Evrópufundaröð Alþjóðamálastofnunar, Evrópusamræður (Europe Dialogues), lauk á fyrri hluta ársins með sjö opnum fundum:

- 8. mars. Peter Katzenstein: Skuldakreppan: Stórveldi og smáríki innan Evrópusambandsins.
- 3. apríl. Vivien Pertusot: Evrópusambandið: Breytilegur samruni eða ein leið fyrir alla?
- 5. apríl. Guillaume Xavier-Bender: Verndarstefna eða frjálsbyggja? Evrópski markaðurinn og staða Evrópusambandsins í alþjóðastjórnámum.
- 12. apríl. Peadar Kirby: Smáríki á evrusvæðinu í krísu: Lærdómar frá Írlandi.
- 24. maí. Kristinn Schram, Katla Kjartansdóttir, Auður H Ingólfssdóttir, Margrét Cela og Embla Eir Oddsdóttir: Ísland og norðurslóðir.
- 14. júní. Ole Poulsen: Þróun sjávarútvegsstefnu ESB – Reynsla Dana.
- 21. júní. Agnes Hubert: Hefur kynjajafnrétti stuðlað að auknum Evrópusamruna?
- 3. júlí. Philip Lynch og Richard Whitaker: Breski sjálfstæðisflokkurinn, Íhaldsflokkurinn og viðhorf til Evrópusamrunans í Bretlandi.

Auk þess stóð Alþjóðamálastofnun fyrir fjölbreyttum opnum viðburðum á árinu, í samstarfi við ýmsa aðila:

- 10. apríl. Kosningafundur um norræn málefni. Fulltrúar stjórnmalaflokka ræddu um norræna samvinnu og helstu málefni sem henni tengjast, eins og norðurslóðamál, sameiginleg varnarmál, Norðurlandasamstarf, Evrópusambandið og fleira.
- 23. ágúst. Mart Nutt og Pawel Ukielski: Örlög Eistlands og Póllands.

- 26. ágúst. Patricia Cochran: Viðhorf frumbyggja til loftslagsbreytinga í hnattrænu samhengi.
- 4. september. Kosningar í Noregi. Umræður um þingkosningarnar í Noregi.
- 6. september. Robert Wade: Hvers vegna ójöfn tekjuskipting skapar hættu fyrir lýðræðið – og loftslag í heiminum.
- 10. september. NEI! Uppreisnin gegn Pinochet: Umræðufundur og kvikmyndasýning um valdarán Pinochet í Chile.
- 13. september. Catherine de Wenden: Hnattvæðing fólksflutninga í ljósi stöðu suðlægra ríkja.
- 18. september. Marc Lanteigne. Hvað vill Peking? Næstu skref í utanríkisstefnu Kína.
- 19. september. Knud Bartels: Nútíð og framtíð Atlantshafsbandalagsins: Aðgerðir og verkefni.
- 4. október. Ráðstefna á vegum Rannsóknaseturs um norðurslóðir. Tilkall til norðursins: Vestnorræn norðurslóðavæðing.
- 7. október. Umræðufundur. Fimm ár frá hrúni – Heyra skattaskjól sögunni til?
- 23. október. Angus Robertson, Colin Fleming, Stefán Pálsson, Katla Kjartansdóttir og Þórður Snær Júlíusson: Sjálfstætt Skotland? Nýtt smáriki í Norður-Evrópu.
- 25. október. Kristinn Schram, Katla Kjartansdóttir, Margrét Cela, Bjarni Már Magnússon og Sumarliði Ísleifsson : Norðrið nálgast – Smáþjóðir og áskoranir norðurslóða.
- 13. nóvember. Gunnhildur Lily Magnúsdóttir: Græn og jafnréttissinnuð Norðurlönd – Kynjuð loftslagsstefna?
- 20. nóvember. Andrew Cottey: Frá Afganistan til Sírlands – Heyra hernaðaríhlutanir sögunni til?
- 22. nóvember. Eygló Harðardóttir: „Gróska og lífskraftur“ – Áætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni fyrir árið 2014.
- 27. nóvember. Camilla Gunell: Álandseyjar – Herlaust svæði á nýjum tímum í öryggismálum.

## Félags- og mannvísindadeild

### Almennt yfirlit og stjórn

Félags- og mannvísindadeild skiptist í sex námsbrautir í lok ársins 2013: félagsfræði, fötlunarfræði, mannfræði, náms- og starfsráðgjöf, upplýsingafræði (áður bókasafns- og upplýsingafræði) og námsbraut í þjóðfræði og safnafræði. Blaða- og fréttamenska var einnig námsleið innan Félags- og mannvísindadeildar. Formenn námsbrauta eiga sæti í deildarráði ásamt deildarforseta og varadeildarforseta.

Vísindanefnd deildarinnar skipuðu Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor í upplýsingafræði (formaður á vormisseri), Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, prófessor í náms- og starfsráðgjöf (á vormisseri), Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði, Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor í mannfræði (formaður á haustmisseri), og Þórólfur Þórlindsson, prófessor í félagsfræði. Jón Gunnar Bernburg, prófessor í félagsfræði, tók sæti í nefndinni á haustmisseri sem varamaður Þórólfs fyrir námsbraut í félagsfræði og Ágústa Pálsdóttir, prófessor í upplýsingafræði, og Snæfríður Þóra Egilson, prófessor í fötlunarfræði, tóku sæti í nefndinni á haustmisseri í stað Guðbjargar og Jóhönnu.

Fulltrúi deildarinnar í kennslunefnd fræðasviðsins var Sif Einarsdóttir, dósent í náms- og starfsráðgjöf, og fulltrúi hennar í jafnréttisnefnd sviðsins var Sigurjón B. Hafsteinsson, dósent í safnafræði.

### Starfsfólk

Í lok ársins voru fastráðnir kennarar við Félags- og mannvísindadeild 27, sem skiptust þannig: 17 prófessorar, sjö dósentar og þrír lektorar. Tveir aðjuntar voru í 49% starfi. Í hópi fastráðinna kennara voru 15 konur og 12 karlar. Auk fastráðinna kennara kenndu fjölmargir gesta- og stundakennarar við deildina.

Breytingar á hópi fastráðinna kennara á árinu voru þær að ráðinn var einn prófessor í námsbraut í fötlunarfræði, einn rannsóknarprófessor í námsbraut í mannfræði og einn aðjunkt 2 í þjóðfræði og safnafræði. Tveir kennarar fengu framgang í stöðu dósents.

Fjórir verkefnisstjórar, auk deildarstjóra, starfa á skrifstofu deildarinnar og stöðugildin eru samtals 3,55. Að auki starfaði einn verkefnisstjóri/aðjunkt fyrir námsleiðina blaða- og fréttamennsku.

Félags- og mannvísindadeild		
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	4	3,55
– karlar	0	0
Samtals	<b>4</b>	<b>3,55</b>
Aðjunktar		
– konur	3	1,08
– karlar	1	0,49
Lektorar		
– konur	2	2
– karlar	1	1
Dósentar		
– konur	3	3
– karlar	4	4
Prófessorar		
– konur	10	10
– karlar	7	5
Samtals	<b>31</b>	<b>26,57</b>
<b>Félagsvísindastofnun og rannsóknafólk deildarinnar</b>		
– konur	22	20,05
– karlar	7	2,88
Samtals	<b>29</b>	<b>22,93</b>

## Nám og kennsla

Í lok ársins stunduðu rúmlega 1.100 nemar nám í deildinni.

### Grunnnám

Í námsbrautum Félags- og mannvísindadeildar var boðið upp á fjölbreytt grunnnám sem lýkur með BA-prófi. Til BA-prófs voru kenndar eftirfarandi námsgreinar: félagsfræði, mannfræði og þjóðfræði. Samþykkt var á árinu að hætta að bjóða upp á BA-nám í bókasafns- og upplýsingafræði.

Hægt var að taka 120e í aðalgrein og 60e í aukagrein, hvort sem var innan og utan deildarinnar. Auk framangreindra námsgreina voru atvinnulífsfræði, fjölmiðlafræði og safnafræði kenndar sem aukagreinar.

### Framhaldsnám

Fjölbreytt framhaldsnám var í boði við deildina, ýmist rannsóknatengt eða starfsmiðað. Boðið var upp á diplómanám á meistarastigi í eftirfarandi námsgreinum: afbrotufræði, atvinnulífsfræði, fjölmiðlafræði, fötlunarfræði, hnattrænum tengslum, rannsóknaraðferðum félagsvísinda, safnafræði, þróunarfræði og upplýsingafræði. Hægt er að skipuleggja meistaranám sitt sem einstaklingsmiðað



og/eða með námskeiðum. Boðið er upp á meistaranám (120e) í blaða- og fréttamennsku, félagsfræði, fötlunarfræði, hnattrænum tengslum, mannfræði, náms- og starfsráðgjöf, norrænni trú, safnafræði, upplýsingafræði, þjóðfræði og þróunarfræði. Doktorsnám er hægt að stunda í öllum námsgreinum deildarinnar nema blaða- og fréttamennsku. Rúmlega 60 doktorsnemar voru skráðir í nám við deildina á árinu.

### **Fjarnám**

Boðið var upp á öflugt fjarnám í deildinni. Allt nám í mannfræði, hnattrænum tengslum, þróunarfræði, safnafræði og þjóðfræði mátti taka sem fjarnám. Aðrar námsbrautir bjóða einstök námskeið í fjarnámi.

### **Doktorsvarnir**

Þrjár doktorsritgerðir voru varðar árið 2013 við Félags- og mannvísindadeild.

Þann 15. nóvember varði Sigrún María Kristinsdóttir ritgerð sína Samleiðniferlið – Með áherslu á þáttökulýðræði, sjálfbærni og félagslegt jafnrétti (The Convergence Process – A Public Participatory Pathway for Societies to Sustainability and Social Equity) í umhverfis- og auðlindafræði. Leiðbeinandi var Gísli Pálsson fyrir hönd Félags- og mannvísindadeildar.

Stefanía Júlíusdóttir bókasafnsfræðingur varði doktorsritgerð sína Að hafa hlutverki að gegna – Þróun starfa og vinnuumhverfis á bóka- og skjalasöfnum á Íslandi (A Role to Play – Continuity and Change in Career Opportunities and Working Conditions in Libraries, Records Management and Archives) þann 28. júní í bókasafns- og upplýsingafræði. Leiðbeinendur fyrir hönd deildarinnar voru Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Þorbjörn Broddason.

Thamar Melanie Heijstra félagsfræðingur varði doktorsritgerð sína Í leit að jafnvægi – Rannsókn á stöðu kynjanna í íslensku háskólasamfélagi (Seeking Balance – A Study of Gendered Life Within Icelandic Academia) í félagsfræði þann 7. júní. Leiðbeinandi hennar var Guðbjörg Linda Rafnsdóttir.

### **Kynningarmál**

Deildin tók þátt í árlegri námskynningu Háskóla Íslands 9. mars ásamt öðrum deildum fræðasviðsins. Unnið var markvisst að endurskoðun og uppfærslu heimasíðu deildarinnar.

### **Rannsóknir**

Kennarar við deildina reka öflugt rannsóknastarf, bæði sem einyrkjar og í samstarfi við aðra, innlenda sem erlenda. Mörg þessara rannsóknaverkefna hafa hlotið styrki, bæði á hér heima og úr erlendum sjóðum.

Í tengslum við rannsóknir sínar reka fjölmargir kennarar rannsóknasetur eða -stofur sem reknar undir hatti Félagsvísindastofnunar. Félags- og mannvísindadeild var ein af þremur deildum fræðasviðsins sem á aðild að Félagsvísindastofnun, sjá <http://www.fel.hi.is>.

Deildin hélt sitt árlega málþing 25. janúar. Umfjöllunarefnið að þessu sinni var: Raddir og þöggun – Staðbundinn og hnattrænn margbreytileiki.

### **Námsbraut í félagsfræði**

Helstu rannsóknasvið námsbrautarinnar eru atvinnulífsfræði, afbrotafræði, birtingarmyndir valds, frávikshæðun, fátækt, félagsleg lagskipting, félagslegt hlutverk fjölmiðla, kynjafraeði, lífskjör og

lífshættir, lýðheilsa, margbreytileiki, námsárangur, neysla, ofbeldi, staða eldra fólks, ungt fólk, vinnuskipulag og vinnutengd líðan, vinnumarkaður, þróun velferðar og þjóðfélagsbreytingar. Kennarar við námsbrautina tóku þátt í ýmsum innlendum og erlendum samstarfsverkefnum á árinu. Sigrún Ólafsdóttir var gestalektor við námsbrautina á árinu.

## Námsbraut í fötlunarfræði

Helstu rannsóknasvið námsbrautarinnar varða þróun fötlunarfræða sem fræðigreinar, mannréttindi fatlaðs fólks, samvinnun, vald, menningu, barnæsku, sjálfstætt líf og notendastýrða persónulega aðstoð, fjölskyldulíf, velferð, kynferði, ofbeldi, fjölmenningu, atvinnumál, aðgengi og algilda hönnun.

Kennarar námsbrautarinnar tóku þátt í margs konar samstarfsverkefnum, s.s.:

- REASSESS – Nordic Centre of Excellence: Reassessing the Nordic Welfare Model
- Social Regulation in Nordic Welfare States – The Impact on Employment from Ethnic Minorities and Youth with Disabilities
- ANED – Academic Network of European Disability Experts
- Daphne III áætlun Evrópusambandsins: Access to specialised victim support services for women with disabilities who have experienced violence
- Marie Curie verkefninu DREAM project – Disability Rights Expanding Accessible Markets

Þá tóku kennarar námsbrautarinnar þátt í eftirtöldum ráðstefnum, fyrirlestraröðum og málþingum:

- norrænu ráðstefnunni Nordic Network on Disability Reseach
- málþinginu Launch of the European Yearbook of Disability Law and Research Colloquium (3): The Future of European Disability Scholarship as a Tool for European Policy-Making Toward a Smart, Sustainable and Inclusive Europe
- málþingunum Mannréttindi hversdagsins með Öryrkjabandalagi Íslands
- ráðstefnunni Kynferðisofbeldi gegn fötlðu fólki (í samvinnu við velferðarráðuneytið, Þroskahjálp, Öryrkjabandalag Íslands, Stígamót, Ás – styrktarfélag, Kvennaathvarfið, Jafnréttistofu, Reykjavíkurborg, Mannréttindaskrifstofu Íslands, NPA-miðstöðina og Þroskaþjálfafélag Íslands)
- opna fundinum Fá allir að sitja við sama borð? – Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks: Hver er afstaða framboða til Alþingis? (fundur með fulltrúum framboða til Alþingiskosninga í apríl 2013 sem Öryrkjabandalag Íslands stóð fyrir)

Enn fremur stóðu kennarar námsbrautarinnar að útkomu tveggja bóka í samstarfi við Félagsvísindastofnun og Rannsóknasetur um fötlunarfræði.

## Námsbraut í mannfræði

Helstu rannsóknasvið á námsbraut í mannfræði voru fjölmeningarlegt samfélag, alþjóðleg þróunarmál, hreyfanleiki, börn, erfðasaga þjóða, trúarbrögð, hugmyndir um kynþætti og þjóðerni, áhrif loftslagsbreytinga, hnattvæðing, fjölskyldutengsl, skynjun, vistfræðileg mannfræði, Inúítar, innflytjendur, sjávarbyggðir, hirðingjar, frumbyggjar, listsköpun og heilsa. Rannsóknir á námsbrautinni snúa gjarnan að íslenskum samtíma og sögulegri fortíð og sumar þeirra hafa auk þess verið gerðar í Afríku, á Norðurlóðum og í Eyjaálfu.

Kennarar á námsbrautinni tóku þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum.

## Námsbraut í náms- og starfsráðgjöf

Helstu rannsóknasvið námsbrautar í náms- og starfsráðgjöf snúa að starfsáhuga og persónuleikaþróun, viðhorfum Íslendinga til sálfræðilegrar ráðgjafar, námsferli og námsgengi ungmenna og brotthvarfi frá námi, mati á náms- og starfsráðgjöf til handa fullorðnum, og stefnumótun og þróun mælitækis um aðlögunarhæfni á náms- og starfsferli.

Kennarar við námsbrautina tóku þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum. Námsbrautin er þátttakandi í samstarfsneti háskóla á Norðurlöndunum um nám í náms- og starfsráðgjöf.

Raimo Vuorinen frá Jyväskylä-háskóla í Finnlandi var gestadósent við námsbrautina á árinu.

## Námsbraut í bókasafns- og upplýsingafræði

Helstu rannsóknasvið á námsbraut í bókasafns- og upplýsingafræði eru upplýsingahegðun, upplýsingalæsi, miðlun upplýsinga og þekkingar, upplýsingafræði og heilsuefning, rafræn miðlun og öflun upplýsinga, hindranir við upplýsingahegðun, upplýsingahegðun eldri borgara, stuðningur aðstandenda við eldri borgara, upplýsinga- og skjalastjórn, rafræn skjalastjórnarkerfi, gæðastjórnun, þekkingarstjórnun, rafræn samskipti, flokkunarvísindi og flokkunarkenningar.

Kennarar á námsbrautinni tóku þátt í ýmsum innlendum og erlendum samstarfsverkefnum.

Námsbrautin er þátttakandi í NORSLIS (Nordic Research School in Information Studies), sem er samstarfsnet um doktorsnám í greininni við háskóla á Norðurlöndunum og í Eyrstrasaltsríkjunum.

Þann 3. október 2013 samþykkti háskólaráð að fella niður nám á BA-stigi í bókasafns- og upplýsingafræði. Af þeim sökum var ekki tekið á móti nýjum nemendum í námið eftir haustmisseri 2013, heldur er það eingöngu ætlað þeim sem þegar eru innritaðir. Þann 7. nóvember 2013 samþykkti háskólaráð að breyta heiti á bókasafns- og upplýsingafræði í upplýsingafræði. Þessar breytingar gengu í gildi frá og með haustmisseri 2014.

## Námsbraut í þjóðfræði og safnafræði

Helstu rannsóknasvið námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði eru hversdagsmenning, þjóðfræði samtímans, menningararfur, menningarpólitik, höfundarréttur á höfundarlausu efni, leiklist, sviðslistafræði, þjóðsagnir, norræn trú, hátíðir, söfn, samfélag og safnkenningar, fjölmiðlun frumbyggja, dauðinn, sjónræn menning og sjónrænar kenningar.

Kennarar á námsbrautinni tóku þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum, meðal annars um Sigurð Guðmundsson og Kveldfélagið (sem var styrkt af Rannís), kortlagningu þjóðsagna (sem var styrkt af Gustav Adolfs Akademien í Svíþjóð) og alþjóðlegu verkefni um norræna trú.

Fullbright-kennarinn Francisco Vaz da Silva kenndi námskeiðið Táknheimur evrópskra alþýðuhefða: Frá ævintýrum til helgimynda.

Í þjóðfræði og safnafræði voru kennarar einnig í margs konar samstarfi við fræðimenn í erlendum háskólum og innlendum stofnunum á borð við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og fleiri stofnanir víða um land.

## Námsleiðin blaða- og fréttamennska

Rannsóknarefnið í námsleiðinni blaða- og fréttamennska eru fjölmiðlar í víðum skilningi, ekki síst hlutverk þeirra og ábyrgð í lýðræðissamfélagi.

Þeir sem standa að námsleiðinni tóku þátt í ýmiss konar innlendu og erlendu samstarfi, m.a. ráðstefnu í Nuuk á Grænlandi í mars um blaðamennsku í litlum samfélögum. Í apríl var haldin ráðstefna á vegum Miðstöðvar í rannsóknarblaðamennsku á Íslandi. Þetta var í annað skipti sem miðstöðin stóð fyrir ráðstefnu um rannsóknarblaðamennsku og, líkt og árið áður, voru fyrirlesarar þekktir rannsóknarblaðamenn víða að. Ráðstefnan var mjög vel sótt af bæði starfandi blaða- og fréttamönnum og nemendum.

## Brautskráðir stúdentar frá Félags- og mannvísindadeild 2013

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BA	Bókasafns- og upplýsingafræði		11	11
	Félagsfræði	6	33	39
	Mannfræði	9	33	42
	Þjóðfræði	1	17	18
<b>BA Alls</b>		<b>16</b>	<b>94</b>	<b>110</b>
Doktorspróf	Bókasafns- og upplýsingafræði		1	1
	Félagsfræði		1	1
<b>Doktorspróf Alls</b>			<b>2</b>	<b>2</b>
MA	Blaða- og fréttamennska	1	6	7
	Bókasafns- og upplýsingafræði		1	1
	Félagsfræði	1	2	3
	Fötlunarfræði		2	2
	Hagnýt þjóðfræði		1	1
	Mannfræði		10	10
	Náms- og starfsráðgjöf		14	14
	Norræn trú	1		1
	Safnafræði		6	6
	Þjóðfræði		1	1
	Þróunarfræði		1	1
<b>MA Alls</b>		<b>3</b>	<b>44</b>	<b>47</b>
MLIS	Bókasafns- og upplýsingafræði	3	9	12
<b>MLIS Alls</b>		<b>3</b>	<b>9</b>	<b>12</b>
Viðbótardiplóma	Bókasafns- og upplýsingafræði		4	4
	Félagsfræði	4	10	14
	Fötlunarfræði	1	6	7
	Hnatræn tengsl, fólksflutningar og fjölmenningsfræði		4	4
	Safnafræði		5	5
	Þróunarfræði	2	3	5
<b>Viðbótardiplóma Alls</b>		<b>7</b>	<b>32</b>	<b>39</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>29</b>	<b>181</b>	<b>210</b>

## Félagsráðgjafardeild

### Almennt yfirlit og stjórn

Steinunn Hrafnisdóttir gegndi starfi deildarforseta en Guðný Björk Eydal starfi varaforseta til 10. mars en þá tók Sigurveig H. Sigurðardóttir við sem varaforseti. Stella Vestmann deildarstjóri fór í fæðingarorlof og Kristín Una Friðjónsdóttir verkefnastjóri leysti hana af sem deildarstjóri. Elín Ingimundardóttir var ráðin tímabundið í stöðu verkefnastjóra í stað Kristínar Unu. Ásamt Elínu vann Friða Björk Arnardóttir einnig sem verkefnastjóri á skrifstofu deildarinnar. Skrifstofa deildarinnar er í Gimli en skrifstofur kennara eru í Odda. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd er starfrækt af

Félagsráðgjafardeild í samvinnu við samstarfsaðila á vettvangi og heyrir undir Félagsvísindastofnun. Deildin var einn stofnaðila Fræðaseturs þriðja geirans og er einnig ein þriggja deilda á Félagsvísindasviði sem standa að Félagsvísindastofnun.

Félagsráðgjafardeild átti aðild að eftirfarandi nefndum, til viðbótar við nefndir Félagsvísindasviðs: stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands og sérfræðinefnd og matsnefnd um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf (sem báðar starfa skv. reglugerð um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf nr. 555/1999).

## Starfsmannamál

Félagsráðgjafardeild		
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	4	3,65
– karlar	0	0
<b>Samtals</b>	<b>4</b>	<b>3,65</b>
Aðjuntar		
– konur	6	2,38
– karlar	1	0,2
Lektorar		
– konur	4	3,2
– karlar	1	0,2
Dósentar		
– konur	3	3
– karlar	0	0
Prófessorar		
– konur	2	1,49
– karlar	0	0
<b>Samtals</b>	<b>17</b>	<b>10,47</b>

Við lok ársins störfuðu tveir prófessorar, þrjú dósentar og fimm lektorar við deildina í alls 8,7 stöðugildum, auk sjö aðjuntka í hlutastarfi í samtals 0,7 stöðugildum. Á skrifstofu deildarinnar störfuðu deildarstjóri og tveir verkefnisstjórar í alls tveimur stöðugildum. Auk þessa starfa við deildina fjölmargir stunda- og starfsþjálfunarkennarar.

Breytingar á starfsmannahaldi á árinu voru þessar: Helga Sól Ólafsdóttir var ráðin í 20% stöðu lektors. Eftirtaldir hófu störf sem aðjuntar við deildina: Jóna Margrét Ólafsdóttir í 100% stöðu en Guðbjörg Ottósdóttir, Valgerður Halldórsdóttir og Cynthia Lisa Jeans í hlutastörfum. Halldór S. Sigurðsson fór úr 100% stöðu lektors í 20%.

## Nám og kennsla

Við Félagsráðgjafardeild voru í boði eftirfarandi námsleiðir á árinu: félagsráðgjöf til BA-prófs, félagsráðgjöf til starfsréttinda til MA-prófs, félagsráðgjöf til MA-prófs, fjölskyldumeðferð til MA-prófs, öldrunarfræði til MA-prófs, samnorrænt nám í öldrunarfræði til MA-prófs (NordMaG) og diplómanám í öldrunarþjónustu, ásamt doktorsnámi í félagsráðgjöf.

Í árslok voru skráðir nemendur við deildina 495 talsins, þar af voru 401 grunnnemar og 94 framhaldsnemar.

Móttaka nýnema í grunn- og framhaldsnámi var haldin í upphafi beggja kennslumissera. Ólöf Birna Björnsdóttir, MA-nemi í félagsráðgjöf til starfsréttinda, stýrði mentorakerfi til stuðnings fyrir nýnema við deildina á vormisseri. Á haustmisseri var Eydís Þórunn Sigurðardóttir, einnig MA-nemi í félagsráðgjöf til starfsréttinda, umsjónarmaður mentorakerfisins. Deildin bauð öllum nýnemum deildarinnar að nýta sér þjónustu mentora sem aðstoða nýnema við að fóta sig í háskólanum fyrsta árið.

### **Doktorsnám**

Við deildina voru skráðir fjórir doktorsnemar á árinu. Haldnar voru reglulega málstofur doktorsnema og annarra framhaldsnema í tengslum við rannsóknaverkefni þeirra og komu erlendra sérfræðinga til landsins. Umsjón með doktorsnáminu hafði Sigrún Júlíusdóttir prófessor.

### **Rannsóknir**

Kennarar Félagsráðgjafardeildar stunda rannsóknir á ýmsum sviðum, s.s. á sviði aðferða- og matsfræða, barnaverndar, velferðar- og fjölskyldurannsókna, öldrunarfræða og þriðja geirans. Þeir eru virkir þátttakendur í rannsóknastarfi bæði hérlendis og á alþjóðlegum vettvangi, m.a. norrænum öndvegissetrum á sviði velferðarrannsókna: REASSESS og Nordwell. Félagsráðgjafardeild er einnig aðili að Ís-forsa, sem er félag um rannsóknir á sviði félagsráðgjafar á Íslandi. Loks voru kennarar við deildina þátttakendur í alþjóðlega COST-verkefninu Social Services, Welfare State and Places á árinu, sem og nokkrum öðrum alþjóðlegum rannsóknaverkefnum.

### **Ráðstefnur og málstofur**

Félagsráðgjafardeild stendur að málstofum í samvinnu við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd sem haldnar eru að jafnaði einu sinni í mánuði. Sjá nánar í yfirlitskafla um Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

### **Alþjóðasamskipti**

Tveir grunnemar í félagsráðgjöf fóru til skiptináms á árinu, annar til Danmerkur og hinn til Noregs. Félagsráðgjafardeild er aðili að átta samstarfsnetum Nordplus-áætlunarinnar. Deildin er aðili að Nordiska socialhögskolekommittén (NSHK), European Association of Schools of Social Work (EASSW) og International Association of Schools of Social Work (ISSAW). Þá er deildin aðili að FORSA (samtökum um rannsóknir í félagsráðgjöf á Norðurlöndum).

### **Gæðamál**

Deildin vann að ýmsum gæðamálum á árinu. Deildin hóf viðamikla vinnu við gæðamat ásamt erlendum matsaðila, aðilum af vettvangi, fulltrúa útskrifaðra og núverandi nemenda, auk deildarforseta og starfsmanns frá skrifstofu deildarinnar. Í þeirri vinnu voru m.a. skipaðir rýnihópar.

Deildin hélt reglulega málstofur með grunnemum annars vegar og hins vegar með framhaldsnemum deildarinnar. Þá eru jafnframt haldin námskeið á hverju ári fyrir starfsþjálfunarkennara deildarinnar.

## Brautskráðir stúdentar frá Félagsráðgjafardeild 2013

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BA	Félagsráðgjöf	8	72	80
<b>BA Alls</b>		<b>8</b>	<b>72</b>	<b>80</b>
MA	Félagsráðgjöf		2	2
	Félagsráðgjöf: Starfsréttindanáms	2	22	24
	Norrænt meistaranám í öldrunarfræðum		1	1
<b>MA Alls</b>		<b>2</b>	<b>25</b>	<b>27</b>
Viðbótardiplóma	Öldrunarþjónusta		1	1
<b>Viðbótardiplóma Alls</b>			<b>1</b>	<b>1</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>10</b>	<b>98</b>	<b>108</b>

## Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd

### Stjórn

Í stjórn Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd voru á árinu: Sigrún Júlíusdóttir, prófessor við Félagsráðgjafardeild, formaður stjórnar, Sigurveig H. Sigurðardóttir, dósent við Félagsráðgjafardeild, fulltrúi deildarinnar í stjórninni, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar, Ellý Alda Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri Skrifstofu velferðarþjónustunnar, Þór G. Þórarinsson, velferðarráðuneytinu, og María Rúnarsdóttir, Félagsráðgjafafélagi Íslands.

### Starfslið

Elísabet Karlsdóttir var framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd í fullu starfi. Fleiri starfsmenn komu að starfinu í styttri eða lengri tíma í mismunandi verkefnum. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur stofnunarinnar í nánú samstarfi við framkvæmdanefnd hennar, sem í eru formaður stjórnar og fulltrúi Félagsráðgjafardeildar. Þá starfar Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd í nánú samstarfi við sérfræðinga Félagsráðgjafardeildar og Félagsvísindastofnunar. Sum verkefni eru einnig unnin í samstarfi við Félagsvísindastofnun eða með aðkeyptri þjónustu frá henni. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd er eingöngu rekin af styrkjum og þjónustuverkefnum sem framkvæmdanefndarmenn afla.

### Samstarfssamningur

Árið 2013 var í gildi þriggja ára samstarfssamningur við velferðarráðuneytið, Velferðarsvið Reykjavíkur og Reykjanesbæ til reksturs stofnunarinnar en eins árs samningur til hins sama við Barnaverndarstofu og Hafnarfjarðarbæ.

### Þjónustuverkefni

Eftirfarandi þjónustuverkefni var unnið við stofnunina fyrir sveitarfélagið Fjallabyggð:

- Þjónustukönnun meðal eldra fólks í Fjallabyggð. Höfundar skýrslunnar: Styrmir Magnússon og Elísabet Karlsdóttir.

Eitt MA-verkefni í félagsráðgjöf var unnið í samstarfi við stofnunina:

- Viðhorf íbúa 70 ára og eldri til þjónustu Fjallabyggðar. Höfundur: Styrmir Magnússon.



## Námskeið, málstofur og ráðstefnur

### Námskeið

- Námskeiðið Að verða foreldri er haldið reglulega í samstarfi við Gottman á Íslandi. Því er ætlað að búa verðandi og nýbakaða foreldra undir þær breytingar sem verða í parasambandinu með tilkomu barns.
- Námskeiðið Gegn ofbeldi: Fræðsla til fagfólks um ofbeldi, viðtalstækni og viðbrögð var haldið tvisvar árinu. Það er hugsað fyrir fagfólk eða faghópa til að geta brugðist við ofbeldi (hvernig á að ræða um ofbeldi, hvaða skref á að taka eftir því hvort um yfirstandandi ofbeldissamband er að ræða eða fyrri reynslu af ofbeldi og hvernig er hægt að nýta þau úrræði sem fyrir eru).

### Málstofuröð á vormisseri

Fæðingarorlof og foreldrajafnrétti

Málstofurnar voru haldnar í samstarfi við Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna

- Feður, mæður og fæðingarorlof – Löggjöf og nýting. Ingólfur V. Gíslason, dósent í félagsfræði.
- Frá vöggu til leikskóla – Áhrif jafnréttisstefnu og opinberra stjórnækja á foreldra ungra barna. Herdís Sólborg Haraldsdóttir stjórnsýslufræðingur.
- Fæðingarorlof á Norðurlöndunum – Er Ísland fremst á meðal jafningja? Guðný Björk Eydal prófessor.
- The Danish Parental Leave – The Consequences of Abolishing the Father's Quota. Tine Rostegaard prófessor.

### Málstofuröð á haustmisseri

Að eldast í fjölskyldunni – Um málefni aldraðra

- Aldraðir í fjölskyldunni – Umönnun og stuðningur. Sigurveig H. Sigurðardóttir, félagsráðgjafi og dósent í Félagsráðgjafardeild, kynnir efni doktorsritgerðar sinnar.
- Breytt hlutverk fjölskyldunnar við flutning á hjúkrunarheimili. Hrönn Ljótisdóttir.
- Group Techniques for Aging Adults Putting Geriatric Skills Enhancement into Practice. Kathie T. Ervin, dósent við School of Psychology and Counseling við Regent University í Bandaríkjunum.

### Ráðstefnur og málþing í samstarfi við aðrar stofnanir og samtök

- Forvarnir eru besta leiðin. Samtökin Blátt áfram og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, í samstarfi við Jafnréttisstofu, stóðu fyrir ráðstefnu um forvarnir gegn kynferðisofbeldi 23. og 24. apríl í Háskóla Íslands. Sérstakur stuðningsaðili var hljómsveitin Skálmöld.
- Kyn, velferð og leiðir úr kreppum (Gender, Welfare and Ways out of Crisis). Málstofa í samstarfi við Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna og Jafnréttisstofu var haldin 20. ágúst. Fyrirlesari var Ann Shola Orloff, prófessor í félagsfræði við Northwestern University í Chicago í Bandaríkjunum.
- Námsstefna í félagsráðgjöf þann 23. ágúst sem nefndist Reforms and Practice Research in Social Work. Námsstefnan var haldin í samstarfi við Félagsráðgjafafélag Íslands. Fyrirlesarar komu frá Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi í tengslum við Nordplus fund.

Fyrirlesararnir voru:

- Ilse Julkunen: Community-based Research and Sustainable Knowledge Development in Social Work
- Lars Uggerhøj: Learning from Each Other – Practice Research in Social Work
- Martin Börjeson: New Conditions in Swedish Social Work – In Search for a Model for Collaboration in Knowledge Production and Practice Research
- Matts Mosesson: Practice Research and Social Work Education – A Challenge to Enhance Social Work Knowledge
- Tapio Salonen: Reforming Social Assistance

Námsstefnan tókst vel í alla staði og voru um það bil 50 þátttakendur.

- Ráðstefna um snemmtæka íhlutun sem nefndist Nordic Children – Early Intervention for Children and Families. Ráðstefnan var haldin í samstarfi við Nordic Welfare Centre, velferðarráðuneytið, Barnaverndarstofu, Velferðarsvið Reykjavíkur og Samtök um rannsóknir í félagsráðgjöf (Ís-forsa).

## Hagfræðideild

### Stjórn

Tór Einarsson var forseti Hagfræðideildar á árinu og Gylfi Zoëga varaforseti.

### Skrifstofa

Á skrifstofu deildarinnar, sem er rekin sameiginlega með Viðskiptafræðideild, störfuðu deildarstjóri í 100% starfi, þrír verkefnastjórar í 100% starfi og einn í 50% starfi, auk verkefnastjóra kynningarmála í 75% starfi. Elísa Jóhannsdóttir var ráðin í starf verkefnastjóra kynningarmála í lok árs og tók við af Bjargeyju Önnu Guðbrandsdóttur, sem hvarf til annarra starfa innan Háskóla Íslands.

### Starfsfólk

Brynhildur Davíðsdóttir, sem er í 50% starfi í Hagfræðideild, fékk framgang á árinu 2013 í starf prófessors.

Hagfræðideild	Fjöldi	Starfsígildi
Lektorar		
– konur	1	1
– karlar	1	1
Dósentar		
– konur	0	0
– karlar	1	1
Prófessorar		
– konur	0	0
– karlar	6	6
Samtals	<b>9</b>	<b>9,0</b>
<b>Hagfræðistofnun og rannsóknafólk deildarinnar</b>		
– konur	2	1,84
– karlar	5	4,5
Samtals	<b>7</b>	<b>6,3</b>

### Nám og kennsla

Engar veigamiklar breytingar urðu á kennslufyrirkomulagi í deildinni frá fyrra ári. Reynslan af inntökuprófum í júní og í ágúst var góð. Svipaður fjöldi hóf nám í deildinni og árið áður og kennarafjöldi var sá sami.

### Doktorsvarnir

Ólafur Ísleifsson varði doktorsritgerð sína, Íslenska lífeyriskerfið (The Icelandic Pension System), 17. maí. Leiðbeinandi var Þorvaldur Gylfason prófessor.

## Rannsóknir

Kennarar deildarinnar birtu reglulega greinar í alþjóðlegum tímaritum á árinu.

## Ráðstefnur og fyrirlestrar

- 10. janúar. Gunnar Knapp, hagfræðiprófessor við University of Anchorage í Alaska, hélt fyrirlesturinn Politics and Economics: Current Issues in Alaska Fisheries.
- 25. janúar. Ulf Nielsson, lektor við CBS í Kaupmannahöfn, hélt fyrirlesturinn Proximity and IPO Underpricing.
- 18. febrúar. Sixten Korkman, sem hefur m.a. starfað sem framkvæmdastjóri ráðherraráðs Evrópusambandsins og birt greinar og bækur um hagstjórn, flutti fyrirlesturinn Evran: Mynt án ríkis. Hver er vandinn? Hverjar eru horfurnar?
- 7. október. Robert Z. Aliber, prófessor emeritus í alþjóðahagfræði og fjármálum við University of Chicago í Bandaríkjunum, flutti fyrirlesturinn Hagstjórn á Íslandi með krónuna sem gjaldmiðil.
- 24. október. Axel Leijonhufvud, prófessor emeritus við UCLA í Los Angeles í Bandaríkjunum og háskólann í Trento á Ítalíu, hélt fyrirlesturinn The Economic Crisis and the Crisis in Economics.
- 13. desember. Hagfræðideild hélt ráðstefnuna Modelling Stocks and Flows in the Macroeconomy. Fyrirlesarar:
  - Guðmundur S. Guðmundsson, Pompeu Fabra háskólanum á Spáni
  - Stephen Kinsella og Hamid Raza, University of Limerick á Írlandi
  - Axel Hall, Háskólanum í Reykjavík
  - Jackie Mallet, Háskólanum í Reykjavík
  - Margarita Katsimi, Athens University of Economics and Business í Grikklandi
  - María Finnsdóttir, Hagstofu Íslands

Kennarar Hagfræðideildar tóku enn fremur þátt í Þjóðarspeglinum: Rannsóknunum í félagsvísindum.

## Brautskráðir stúdentar frá Hagfræðideild 2013

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BA	Hagfræði	10	4	14
<b>BA Alls</b>		<b>10</b>	<b>4</b>	<b>14</b>
BS	Hagfræði	10	10	20
<b>BS Alls</b>		<b>10</b>	<b>10</b>	<b>20</b>
Doktorspróf	Hagfræði	1		1
<b>Doktorspróf Alls</b>		<b>1</b>		<b>1</b>
MS	Fjármálahagfræði	4	4	8
	Hagfræði	2	2	4
	Heilsuhagfræði	1	2	3
<b>MS Alls</b>		<b>7</b>	<b>8</b>	<b>15</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>28</b>	<b>22</b>	<b>50</b>

# Hagfræðistofnun

## Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Hagfræðistofnun sinnir rannsóknum og þjónustuverkefnum á sviði hagfræði. Í stjórn stofnunarinnar eru Ragnar Árnason prófessor, formaður, Brynhildur Davíðsdóttir dósent, Tór Einarsson prófessor, Jón Ásbergsson framkvæmdastjóri og Gylfi Þór Sigurðsson, fulltrúi Ökonomíu, félags hagfræðinema við Háskóla Íslands. Forstöðumaður stofnunarinnar hafði verið Sveinn Agnarsson en hann lét af störfum í lok árs 2012. Gunnar Haraldsson tók við starfi forstöðumanns í byrjun árs 2013. Aðrir fastir starfsmenn voru sérfræðingarnir Jónas Hlynur Hallgrímsson, Marías H. Gestsson og Sigurður Jóhannesson, sem og Práinn Eggertsson prófessor. Þá störfuðu að jafnaði fjórir lausráðnir starfsmenn við stofnunina. Flestir þeirra eru í grunn- eða meistaranámi í hagfræði eða hafa nýlengi prófi en stofnunin hefur alla tíð lagt mikla áherslu á að gefa nemendum tækifæri til að tileinka sér grunnatriði í fræðilegri rannsóknvinnu. Fastir kennarar við Hagfræðideild hafa einnig iðulega tekið þátt í ýmsum verkefnum stofnunarinnar.

## Rannsóknir

Hagfræðistofnun á aðild að alþjóðlegum rannsóknaverkefnum á sviðum auðlinda- og orkuhagfræði, auk þess sem hún hefur unnið að ýmsum innlendum rannsóknaverkefnum.

## Útgáfa

Á árinu voru gefnar út eftirfarandi í ritröð stofnunarinnar:

- C13:04 Comparison of Costs of Different Methods of Administering Herceptin (Trastuzumab)
- C13:03 Þjóðhagsleg áhrif sæstrengs
- C13:02 Aðlögunarsamningur ríkis og garðyrkjubænda
- C13:01 Breyting á fjölda ríkisstarfsmanna í kjölfar efnahagshrunsins

Þá voru gefnar út vinnupappírar í svokallaðri W-ritröð:

- W13:10 Five Years on: Myths and Lessons from Post-Collapse Iceland – and the Eurozone Debt Crisis Seen from the North (pdf)
- W13:09 Kristín Helga Birgisdóttir og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir: Education and Health: Effects of Schooling Reforms on Birth Outcomes in Iceland (pdf)
- W13:08 Gylfi Zoëga: The West as an (Almost) Exclusive Club (pdf)
- W13:07 Axel Hall og Gylfi Zoëga: Values and Labor Force Participation in the Nordic Countries (pdf)
- W13:06 Guðmundur S. Guðmundsson og Gylfi Zoëga: Age Structure and the Current Account (pdf)
- W13:05 Kjartan Hansson og Gylfi Zoëga: Capital Flows and Labour-Market Distortions (pdf)
- W13:04 Gylfi Zoëga: China's Economic Growth: Some Stylized Facts (pdf)
- W13:03 Waqas Ahmeda, M. Ali Choudhary, Sajawal Khana, Saima Mahmooda og Gylfi Zoëga: Determinants of Wage Stickiness in an Emerging Economy (pdf)
- W13:02 Þórólfur Matthíasson: Myths and Truths of the Icelandic Recovery in the Wake of the 2008 Financial Crisis (pdf)
- W13:01 Þórólfur Matthíasson: The Icelandic Response to the Collapse of the Financial Sector in October 2008 (pdf)

Allar þessar skýrslur eru birtar á vef stofnunarinnar ([www.hhi.hi.is](http://www.hhi.hi.is)).

## Lagadeild

## Almennt yfirlit og stjórn

Róbert R. Spanó prófessor hafði verið forseti Lagadeildar á árinu 2012 og hafði ekki lokið starfstímabili sínu sem deildarforseti þegar hann var skipaður í embætti umboðsmanns Alþingis um áramótin 2012–2013. Fór hann þá í leyfi frá störfum við deildina og Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor, varaforseti deildarinnar, tók við starfi deildarforseta. Aðalheiður gegndi starfinu til 4. júlí en þá var Eyvindur G. Gunnarsson kosinn forseti Lagadeildar á deildarfundi og Róbert R. Spanó hvarf til starfa við Mannréttindadómstól Evrópu. Aðalheiður Jóhannsdóttir tók þá að nýju við starfi varaforseta deildarinnar. Deildarforseti hverju sinni ásamt deildarfundi fór með stjórn deildar, eins og venja er til.

## Starfsmenn

Við deildina voru 25 fastráðnir kennarar í árslok 2013: átta prófessorar, þar af sjö í fullu starfi, níu dósentar, þar af fimm í fullu starfi, og níu lektorar, þar af fjórir í fullu starfi. Þá voru ellefu aðjunktur við deildina samkvæmt „gamla“ aðjunktakerfinu.

Viðar Pálsson sagnfræðingur var ráðinn í 50% starf lektors í réttarsögu frá 1. september. Á árinu voru þau Finnur Magnússon, Borghildur Erlingsdóttir, Hafsteinn Dan Kristjánsson og Tómas Hrafn Sveinsson ráðin sem aðjunktur við deildina, samkvæmt framangreindu kerfi.

Á skrifstofu Lagadeildar störfuðu þrjú starfsmenn, deildarstjóri og tveir verkefnastjórar.

Eyvindur G. Gunnarsson fékk þann 1. júlí framgang í starf prófessors.

Lagadeild	Fjöldi	Starfsígildi
<b>Stjórnsýsla</b>		
– konur	3	2,8
– karlar	0	0
<b>Samtals</b>	<b>3</b>	<b>2,8</b>
<b>Lektorar</b>		
– konur	2	1,2
– karlar	6	3,59
<b>Dósentar</b>		
– konur	3	2,5
– karlar	6	4,09
<b>Prófessorar</b>		
– konur	5	5
– karlar	2	2
<b>Samtals</b>	<b>24</b>	<b>18,38</b>
<b>Lagastofnun og Hafréttarstofnun</b>		
– konur	3	2,5
– karlar	0	0
<b>Samtals</b>	<b>3</b>	<b>2,5</b>

## Nám og kennsla

Í Lagadeild er boðið upp á þriggja ára 180 eininga nám til BA-prófs í lögfræði. Að loknu BA-prófi er boðið upp á 120 eininga framhaldsnám til meistaraþrófs í lögfræði og útskrifast nemendur með lærdómstítilinn Magister Juris.

Meistaraneinar sinna umræðu- og verkefnatímum í öllum BA-námskeiðum við deildina og geta fengið aðstoðarkennsluna metna til allt að 6 eininga inn í meistaranám sitt.

LL.M. in Natural Resources Law and International Environmental Law er sérhæft 90 eininga meistaranám í alþjóðlegum umhverfisrétti og auðlindarétti. Námið fer fram á ensku.

Lagadeild og Viðskiptafræðideild stóðu saman að þverfaglegu meistaranámi í skattarétti og reikningshaldi. Námið veitir fræðilega menntun á sviðum er snerta skattamál og reikningskil. Námið er 90 eða 120 einingar.

### **Doktorsnám**

Lagadeild býður upp á 180 eininga doktorsnám í lögfræði og við lok árs stunduðu 10 nemar doktorsnám við deildina.

Lagadeild Háskóla Íslands og lagadeild Kaupmannahafnarháskóla standa að sameiginlegri doktorsgráðu í lögfræði skv. samningi frá 2012. Boðið er upp á þriggja ára doktorsnám á ensku. Þeir doktorsnemar sem valdir eru í námið sinna rannsóknum í tvö ár við annan háskólann og eitt ár við hinn. Nemendur eru valdir í námið að undangenginni alþjóðlegri auglýsingu og mati sérstakrar matsnefndar á vegum deildanna.

### **Samstarf**

Á árinu var gerður samningur milli Lagadeildar og Lögmanna Lækjargötu ehf. um námsstyrk að upphæð 250 þús.kr. sem skal renna til þess nema sem skilar bestri lokaritgerð til meistaraþrófs á hverju nýliðnu ári. Nefnd skipuð tveimur fulltrúum Lagadeildar og einum fulltrúa Lögmanna Lækjargötu velur úr þeim ritgerðum sem hlotið hafa a.m.k. 9,0 í einkunn.

Lagadeild og Hafréttarstofnun Íslands undirrituðu samning um kennslu og rannsóknir í auðlindafræði. Markmið samningsins er að efla kennslu og rannsóknir á sviði auðlindaréttar við deildina, með áherslu á auðlindir hafsins. Samningurinn tók gildi 1. janúar 2013 og gildir til ársloka 2015. Samkvæmt samningnum stendur Hafréttarstofnun straum af hluta kostnaðar við stöðu dósents í auðlindarétti við Lagadeild.

### **Nefndir og ráð**

Við Lagadeild starfa bæði rannsóknanámsnefnd og námsnefnd.

Haldið var áfram vinnu innan deildarinnar á árinu við endurskoðun á ákveðnum þáttum BA- námsins og á meistaranáminu. Þá var einnig unnið að undirbúningi inntökuprófs sem áætlað er að halda í fyrsta skipti árið 2014.

### **Gæðamál**

Nýnemum Lagadeildar er boðið upp á að taka þátt í mentoraverkefni sem felst í því að nemendur á 3.–5. námsári taka að sér hóp nýnema að hausti og veita þeim leiðsögn við upphaf námsins.

Lagadeild fundar árlega með meistaraneinum sem brautskrást frá deildinni, aðstoðar þá við atvinnuleit og virkjar þá til þátttöku í hollvinafélagi deildarinnar.

## Rannsóknir

Lagastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni eru vísindalegar rannsóknastofnanir sem heyrar undir Lagadeild.

Kennarar deildarinnar voru afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf. Þeir tóku þátt í fjölmörgum málstofum, fundum og ráðstefnum á vegum deildarinnar og Lagastofnunar. Þá voru kennarar deildarinnar framsögumenn á ýmsum málstofum annarra deilda Háskóla Íslands, á lagadegi Lögfræðingafélags Íslands, Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands, á vegum Orators, félags laganema, og á ráðstefnum erlendis.

Páll Sigurðsson prófessor fékk styrk úr Fræðasjóði Úlflióts vegna bókar sinnar Lagastaður. Dóra Guðmundsdóttir aðjunkt fékk styrk vegna bókarinnar Mótsögnin um réttindi einstaklinga að EES rétti.

## Alþjóðasamskipti

Lagadeild hafði á árinu umsjón með Nordplus-laganetinu og þar með umsjón með öllum stúdentaskiptum milli lagadeilda á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum. Hefur alþjóðafulltrúi deildarinnar yfirumsjón með starfinu.

Lagadeildin er í samstarfi við lagadeild Háskólans í Árósum og koma árlega þaðan gestakennarar í námskeiðinu Alþjóðlegur skattaréttur. Þá koma kennarar frá bæði Árósum og Kaupmannahöfn og kenna í meistaranámskeiðum í refsirétti.

Á árinu stunduðu 45 íslenskir laganemar skiptinám við erlenda háskóla, auk þess sem deildin tók við 55 erlendum skiptinimum.

## Markaðs - og kynningarmál

### Málstofur, málþing, fræðafundir og ráðstefnur

- Þann 30. janúar var haldinn 5. fundur í fundaröð um stjórnarskrármálið sem að stóðu Lagadeild Háskóla Íslands, Stjórn málafræðideild og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands, í samvinnu við Háskólann í Reykjavík og háskólana á Bifröst og Akureyri. Yfirskrift fundarins var Hlutverk og staða Alþingis í nýrri stjórnarskrá. Frummælandi frá Lagadeild Háskóla Íslands var Hafsteinn Þór Hauksson lektor.
- Sjötti fundur í framangreindri fundaröð var haldinn 13. febrúar og var þar fjallað um mannréttindi í stjórnarskrá. Framsögumenn voru Eivind Smith, prófessor við lagadeild Oslóarháskóla, Oddný Mjöll Arnardóttir og Björg Thorarensen, prófessorar við Lagadeild Háskóla Íslands.
- Sjöundi og síðasti fundurinn um stjórnarskrármálið var haldinn 27. febrúar og var þar fjallað um Ísland, fullveldið og alþjóðasamfélagið. Framsögumaður frá Lagadeild Háskóla Íslands var Björg Thorarensen prófessor.

Starfsfólk deildarinnar tók þátt í háskóladeginum í mars og kynnti nám við deildina fyrir væntanlegum nýnemum.

## Brautskráðir stúdentar frá Lagadeild 2013

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BA	Lögfræði	42	53	95
<b>BA Alls</b>		<b>42</b>	<b>53</b>	<b>95</b>
LL.M.	Lögfræði, auðlindaréttur og alþjóðlegur umhverfisréttur	2	2	4
<b>LL.M. Alls</b>		<b>2</b>	<b>2</b>	<b>4</b>
Mag. jur.	Lögfræði	35	37	72
<b>Mag. jur. Alls</b>		<b>35</b>	<b>37</b>	<b>72</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>79</b>	<b>92</b>	<b>171</b>

## Lagastofnun

### Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Stjórn Lagastofnunar var þannig skipuð árið 2013: María Elvira Méndez-Pinedo prófessor, formaður, Eyvindur G. Gunnarsson dósent, Páll Sigurðsson prófessor, Ragnheiður Bragadóttir prófessor og Kristín Jónsdóttir laganemi, meðstjórnendur. Til vara eru Hrefna Friðriksdóttir dósent og Dagbjartur Gunnar Lúðvíksson laganemi. Ný stjórn var skipuð 1. október, að öllu leyti eins og sú gamla utan þeirrar breytingar að Ragnheiður Bragadóttir tók þá við stjórnarformennsku af Mariu Elviru Méndez-Pinedo.

Forstöðumaður í fullu starfi var María Thejll hdl. Skrifað var undir samning við Fjármálaeftirlitið um styrkta sérfræðingsstöðu við stofnunina til að sinna rannsóknum í fjármálarétti, þ.m.t. á starfsumhverfi fjármálafyrirtækja og eftirlitsaðila, og Arnaldur Hjartarson, lögfræðingur og LL.M., var ráðinn í þá stöðu. Auk þess er gert ráð fyrir að haldin verði námskeið og fræðafundur fyrir starfsfólk Fjármálaeftirlitsins í tengslum við þau rannsóknaverkefni sem unnið verður að á hverjum tíma og ákveðin eru sameiginlega af samningsaðilum. Arnaldur var ráðinn til tveggja ára til starfsins og mun hann hefja störf 1. janúar 2014.

Samkvæmt endurnýjuðum samningi Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands og Lagastofnunar sinnir Lagastofnun almennri framkvæmdastjórn fyrir Mannréttindastofnun og forstöðumaður Lagastofnunar er jafnframt forstöðumaður hennar.

### Rannsóknir

- **Samstarfssamningur Lagastofnunar og Fjármálaeftirlitsins**

Lagastofnun og Fjármálaeftirlitið (skrifuðu undir samstarfssamning í árslok í þeim tilgangi að efla rannsóknir á sviði fjármálaréttar þ.m.t. á starfsumhverfi fjármálafyrirtækja og eftirlitsaðila. Samkvæmt samningnum nemur styrkur Lagastofnunar átta milljónum króna á árunum 2014 og 2015, eða í heild um 16 milljónum á samningstímanum.

- **Rannsóknadagur Lagastofnunar og hádegisfundir um rannsóknir**

Í september var haldinn rannsóknadagur Lagastofnunar en slíkur dagur var fyrst haldinn 2012 og gafst vel. Markmiðið er að auka samstarf innan og utan deildar um rannsóknaverkefni og stigamat, fá sérfræðinga til að miðla reynslu sinni og veita upplýsingar um stoðþjónustu, auk þess



að fá fram sjónarmið einstakra starfsmanna deildarinnar um styrkjамál. Haldnir voru tveir hádegisfundir helgaðir rannsóknum þar sem Lagastofnun bauð í mat og umræður.

- **Hvatakerfi vegna rannsókna – Nýmæli í rekstri Lagastofnunar**

Á árinu var tekið upp það nýmæli í rekstri stofnunarinnar að koma á hvatakerfi í því augnamiði að fjölga umsóknum starfsmanna Lagadeildar í samkeppnissjóði. Umbunað verður fyrir góðar umsóknir, einnig þær sem ekki hljóta styrki, auk þess sem hægt verður að sækja um styrki til að fá sérfræðiaðstoð við að sækja um styrki í erlenda samkeppnissjóði.

## Kynningarstarfsemi

### Útgáfa

Ritröð Lagastofnunar

12. hefti ritraðar Lagastofnunar Háskóla Íslands, Um sönnun í sakamálum, 2. útg., kom út í árslok.

Höfundur er Stefán Már Stefánsson prófessor en þetta er í fyrsta sinn sem efni í ritröðinni er uppfært og endurútfært og gaf það góða raun.

### Málstofur, málþing, fræðafundir og ráðstefnur

- 6. mars. Beint lýðræði, kostir og gallar (í samvinnu við Mannréttindastofnun). Frummælendur: Bruno Kaufmann, formaður samtakanna Initiative and Referendum Institute Europe og formaður lýðræðisráðs og kjörstjórnar í Falun í Svíþjóð, og og Jón Ólafsson, prófessor við Háskólann á Bifröst.
- 20. mars. ESB og auðlindirnar. Frummælandi: Stefán Már Stefánsson, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands.
- 11. apríl. Recent Case Law of the EFTA Court – The Icesave Saga. Frummælandi: Carl Baudenbacher, forseti EFTA-dómstólsins.
- 24. apríl. Lögmæti og sanngirni verðtryggðra lána í ljósi evrópsks neytendaréttar. Frummælandi: Maria Elvira Méndez-Pinedo, prófessor í Evrópurétti við Lagadeild Háskóla Íslands.
- 19. september: Icesave – Fræðafundur fyrir norsku lögmansstofuna Ness Lundin. Frummælandi: Stefán Már Stefánsson, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands.

## Annað

### Endurmenntunarnámskeið – Nýmæli í rekstri Lagastofnunar

Lagastofnun hélt átta endurmenntunarnámskeið fyrir dómara, lögfræðinga og sjálfstætt starfandi lögmennt, svo og aðra sérfræðinga, á árinu og var aðsókn ákaflega góð. Kennarar deildarinnar og helstu sérfræðingar, hver á sínu sviði, kenna á námskeiðunum. Erlendir sérfræðingar voru fengnir sérstaklega til landsins á vegum Lagastofnunar til að halda tvö námskeið um ríkisstyrki og mæltist það vel fyrir hjá þátttakendum.

### Norrænt rannsóknaseminar í fjármunarétti

Lagastofnun stóð fyrir norrænu rannsóknaseminar í fjármunarétti (Nordiske formueretsdager) 17.–19. apríl en þetta er í fyrsta skipti sem það er haldið á Íslandi. Norrænir fjármunaréttardagar hafa verið haldnir annað hvert ár frá árinu 1994. Þátttakendur voru tæplega 100 frá 17 háskólum í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Íslandi. Lögmansstofan LEX var aðalstyrktaraðili seminarsins en Letterstedtska föreningen veitti minni styrk.

## Rannsóknastofa í Evrópurétti

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í Evrópurétti hefur starfað sem rannsóknastofa innan Lagastofnunar frá 2009. Engar breytingar urðu á stjórn frá árinu áður. Hlutverk stofunnar er m.a. að skipuleggja og framkvæma vísindalegar rannsóknir á öllum sviðum Evrópuréttar og EES-réttar.

### Rannsóknir

Á árinu lauk eftirgreindum rannsóknaverkefnum:

- The Icesave Saga: Iceland Wins Battle for the EFTA Court með birtingu tímaritsgreinar í Michigan Journal of International Law.
- The Cost of Credit in Iceland under European Judicial Review: May Legality and Transparency Justify Unfairness? með birtingu tímaritsgreinar í Europrättslig Tidskrift nr. 2/2014.
- Kaflinn Iceland. Case Study í ráðstefnuritinu The Overindebtedness of European Consumers: A View from Six Countries, útgefandi European University Institute sem stóð fyrir ráðstefnu í nóvember 2013 og Working Paper EUI, birt 2014.
- Nota a la sentencia Icesave del Tribunal de la Asociación Europea de Libre Comercio de 28 de Enero de 2013. Garantía de depósitos bancarios, discriminación territorial y deuda soberana tras la crisis financiera en Islandia”, Revista de Derecho Comunitario Europeo.

Verkefni sem unnið var að á árinu en er ólokið:

- Útgáfa bókakafans; The Over-indebtedness of Icelandic Consumers in the Aftermath of the Financial Crisis, í bókinni Overindebtedness and Social Exclusion, sem gefin verður út hjá Ashgate 2015.
- Sameiginlegt rannsóknaverkefni Carleton College og Dartmouth College: Tras la crisis financiera y económica: la precariedad de deudores hipotecarios desde una perspectiva de Derecho europeo, í ritinu Precariedad: La crisis del capitalismo neoliberal y la cultura española contemporánea, útgáfa áætluð 2015.
- Iceland. Indexation of Credit and the Fairness Test in European Consumer Law, Journal of Consumer Policy, útgáfa áætluð 2015.

Irina Domurath, stundar sameiginlegt doktorsnám við lagadeildir Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla og vinnur áfram að doktorsrannsókninni Neytendavernd á fjármálamarkaði í Evrópurétti sem áætlað er að ljúki 2015. Leiðbeinandi á Íslandi er María Elvira Méndez-Pinedo prófessor.

### Kynningarstarfsemi

Ný heimasíða stofunnar er: [http://lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa\\_i\\_evropuretti](http://lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa_i_evropuretti).

## Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti hóf starfsemi vorið 2010 sem rannsóknastofa innan Lagastofnunar. Engar breytingar urðu á stjórn frá árinu áður. Hlutverk stofunnar er m.a. að stunda

fræðilegar rannsóknir á sviði innlends og alþjóðlegs umhverfis- og auðlindaréttar, þ.m.t. á rétti Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

## Rannsóknir

Verkefni sem unnið var að á árinu en er ólokið:

- Útgáfa ritsins Inngangur að skipulagsrétti, lagarammi og réttarframkvæmd, áætluð lok um mitt ár 2015.
- Útgáfa heildstæðs rits um íslenskan umhverfis- og náttúruauðlindarétt, áætluð lok um áramótin 2015/2016.
- Útgáfu tveggja tímaritsgreina um Árósasamninginn.
- Bókarkafli á ensku um gildandi laga- og regluverk fiskeldis á Íslandi.
- Rannsókn á færeyska kvótakverfinu og þróunina síðan 1990.

## Kynningarstarfsemi

Á heimasíðu rannsóknastofunnar er að finna lista yfir ýmsar áhugaverðar heimasíður, gagnagrunna, þ.m.t. ECLOLEX og Directory of Open Access Journals, og alþjóðleg tengslanet, þ.m.t. NELN (Nordic Environmental Law Network). Ný heimasíða stofunnar er:

[http://lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa\\_i\\_umhverfis\\_og\\_audlindaretti](http://lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa_i_umhverfis_og_audlindaretti).

## Mannréttindastofnun

Samkvæmt endurnýjuðum samningi Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands og Lagastofnunar sinnir Lagastofnun almennri framkvæmdastjórn fyrir Mannréttindastofnun og forstöðumaður Lagastofnunar er jafnframt forstöðumaður hennar.

## Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Stjórn Mannréttindastofnunar var þannig skipuð til 28. nóvember: Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands, formaður, Hjördís Hákonardóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, Róbert R. Spanó, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands, og Ásgerður Ragnarsdóttir hdl., meðstjórnendur. Á stjórnarfundi 28. nóvember tók við ný stjórn sem var þannig skipuð: Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands, Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands, Þorgeir Ingi Njálsson, dómstjóri við héraðsdóm Reykjaness, og Ásgerður Ragnarsdóttir hdl. Oddný Mjöll var kosin formaður stjórnar. Varamenn í stjórn voru áfram Hilmar Magnússon hrl. og Pétur Dam Leifsson, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands. Forstöðumaður í hlutastarfi var María Thejll hdl.

## Rannsóknir

### Rannsókn á ríkisfangsleysi á Íslandi

Á grundvelli styrkveitingar frá innanríkisráðuneytinu 2012 rannsakaði Mannréttindastofnun stöðu ríkisfangslausra á Íslandi. Markmiðið var að rannsaka stöðu ríkisfangslausss fólks á Íslandi, lagareglur sem gilda um efnið og framkvæmd, svo og alþjóðlegar skuldbindingar um aðgerðir til að vinna gegn ríkisfangsleysi. Lögð var áhersla á að kanna réttarstöðu ríkisfangslausra barna sem viðkvæms hóps og álitamál sem koma upp í tengslum við stöðu hælisleitenda og meðferð hælisleitendna.

Rannsóknina vann Hrefna Dögg Gunnarsdóttir lögfræðingur undir leiðsögn Bjargar Thorarensen og Maríu Thejll og auk þess var haft náið samstarf við umdæmisskrifstofu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir Norðurlöndin og Eystrasaltslöndin í Stokkhólmi, umdæmisskrifstofu

Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu í Brussel og deild Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna um ríkisfangsleysi í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Genf.

Skýrsludrög og helstu niðurstöður og tillögur til úrbóta voru kynntar á fundi í Iðnó þann 9. október og er vonast til að niðurstöðurnar geti orðið grundvöllur að stefnumótun og tillögugerð stjórnvalda til að efla mannréttindi á þessu sviði. Fundinn sátu Cecilie Becker-Christensen og Karolina Lindholm Billing frá umdæmisskrifstofu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna í Stokkhólmi.

## Útgáfa

### Tímaritið Dómareifanir Mannréttindadómstóls Evrópu

Í tímaritinu eru reifaðir valdir dómur sem taldir eru hafa sérstakt gildi fyrir túlkun ákvæða sáttmálans. Annað hefti ársins 2012 kom út í apríl 2013 og fyrsta hefti ársins 2013 kom út í október 2013. Prentun ritsins var hætt á árinu og verður það eftirleiðis eingöngu gefið út rafrænt á heimasíðu stofnunarinnar: [http://stofnanir.hi.is/mannrettindastofnun/domareifanir\\_pdf](http://stofnanir.hi.is/mannrettindastofnun/domareifanir_pdf).

## Fundir og ráðstefnur

- 6. mars. Beint lýðræði, kostir og gallar (í samvinnu við Lagastofnun). Frummælendur: Bruno Kaufmann, formaður samtakanna Initiative and Referendum Institute Europe og formaður lýðræðisráðs og kjörstjórnar í Falun í Svíþjóð, og og Jón Ólafsson, prófessor við Háskólann á Bifröst.
- Þátttaka í ráðstefnu alþjóðlegra samtaka mannréttindastofnana  
Mannréttindastofnun er aðili að alþjóðlegum samtökum mannréttindastofnana, Association of Human Rights Institutes (<http://www.ahri-network.org/>). Samtökin standa fyrir árlegum ráðstefnum, í ár var sú 14. haldin í London undir yfirskriftinni: Emerging Research in Human Rights. Björg Thorarensen og Oddný Mjöll Arnardóttir sóttu báðar ráðstefnuna. Björg skipulagði og stýrði vinnustofu undir heitinu New Protocols and EU Accession to the European Convention on Human Rights – Impact of Current Developments on Human Rights Protection in Europe þar sem Oddný flutti erindi ásamt Antoine Buyse.

## Námskeið

Mannréttindastofnun stóð fyrir námskeiði um kæruskilyrði og málsmeðferð fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu þann 7. nóvember, í samstarfi við Lögmannafélag Íslands. Davíð Þór Björgvinsson, fyrrverandi dómari við Mannréttindadómstólinn, kenndi á námskeiðinu.

## Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni

### Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni árið 2013 sátu: Hrefna Friðriksdóttir, frá Lagadeild, formaður, Erla Kolbrún Svavarsdóttir, frá Heilbrigðisvísindasviði, Gunnar E. Finnbogason, frá Menntavísindasviði, Sigrún Júlíusdóttir, frá Félagsráðgjafardeild, og Vilhjálmur Árnason frá Hugvísindasviði. Forstöðumaður í 50% starfi er Þórhildur Línalögfræðingur.

## Rannsóknir

Á árinu var haldið áfram að undirbúa rannsóknaverkefnið Staða barna innan heilbrigðiskerfisins – með áherslu á sjálfræði þeirra til þátttöku og ákvarðana í eigin málum, en að því standa Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr, í samstarfi við Lagadeild, Heilbrigðisvísindasvið og Hugvísindasvið. Styrkur að fjárhæð 900 þús.kr. fékkst til þessa verkefnis úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Í framhaldinu var sett á laggirnar verkefnisstjórn sem í eiga sæti Erla K. Svavarsdóttir, Hrefna Friðriksdóttir, Salvör Nordal og Þórhildur Líndal. Ákveðið var að auglýsa á vefsíðum Háskóla Íslands eftir MA-nemum til að taka þátt í verkefninu og hlutu þessir umsækjendur styrk að fjárhæð 250 þús.kr. hver: Aðalheiður D. Matthíasdóttir, MA-nemi í siðfræði, Alma Rún R. Thorarensen, MA-nemi í lögfræði og Thelma Björk Árnadóttir, MS-nemi í hjúkrunarfræði. Nemarnir munu skrifa meistararitgerðir um efnið undir handleiðslu kennara á hlutaðeigandi sviði en auk þess þurfa þeir, sem styrkþegar, að taka þátt í samstarfi sínu á milli og vinna að samhæfingu – samþættingu – niðurstaðna meistararitgerðanna þriggja í eina sameiginlega þverfræðilega lokaskýrslu en stefnt er að gefa hana út í ritröð Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni fyrir árslok 2014.

Í aprílmánuði var undirritaður samstarfssamningur milli Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni og Vitundarvakningar um kynferðisbrot gegn börnum, fyrir hönd innanríkisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis. Samkvæmt honum tekur Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni að sér að útbúa fræðsluefni um meðferð kynferðisbrota gegn börnum í réttarvörslukerfinu og heldur námskeið sem byggjast á því efni. Verkefnisstjórn, sem í eiga sæti Kristín Jónsdóttir, Kolbrún Benediktsdóttir og Þórhildur Líndal, ákvað á grundvelli áður nefnds samnings að efna til fundar um miðjan september með helstu sérfræðingum í meðferð kynferðisbrota gegn börnum og heyra skoðanir þeirra á fyrirhuguðu verkefni. Í kjölfar fundarins, í nóvember, var ákveðið að ganga til samninga við tvo sérfræðinga innan Háskóla Íslands, þær Hrefnu Friðriksdóttur, dósent í lögfræði, og Anni G. Haugen, lektor í félagsráðgjöf, um ritun og hönnun fræðsluefnisins og er gert ráð fyrir að efnið liggi fyrir fullbúið í byrjun marsmánaðar 2014.

## Kynningarstarfsemi og málstofa

Heimasíða Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni, [www.ras.hi.is](http://www.ras.hi.is), var opnuð formlega í byrjun árs og af því tilefni var boðað til opinna málstofu í Lögbergi, sem bar yfirskriftina: Fjölskyldan – hin þverfræðilega sýn. Þar fluttu stutt erindi: Þórhildur Líndal, Sigrún Júlíusdóttir, Erla Kolbrún Svavarsdóttir og Salvör Nordal. Þá er einnig hægt að finna Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni á Facebook og þar birtast fréttir, aðallega af starfsemi stofnunarinnar, eftir því sem tilefni gefast.

## Stjórn málafræðideild

### Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Deildarforseti var Ómar H. Kristmundsson prófessor og Baldur Þórhallsson prófessor varadeildarforseti. Deildarstjóri var Elva Ellertsdóttir, Anna Margrét Eggertsdóttir var verkefnisstjóri í hálfu starfi og Margrét S. Björnsdóttir verkefnisstjóri í 35% starfi. Skrifstofa deildarinnar er í Gimli og kennarar hennar hafa aðsetur í Odda og Gimli. Stofnun stjórn mála og stjórnsýslufræða starfar undir Stjórn málafræðideild og deildin á aðild að Félagsvísindastofnun. Deildarforseti ásamt deildarráði og deildarfundi fór með stjórn deildarinnar að vanda.

Við deildina eru fjórtán fastráðnir kennarar: sjö prófessorar, fimm lektorar og tveir aðjunktur með rannsóknaskyldu. Alls eru þetta sjö konur og sjö karlar. Auk fastráðinna kennara starfar einn aðjunktur tímabundið í 49% starfshlutfalli, tveir aðjunktur (III) og fjölmargir stundakennarar. Ólafur Þ. Harðarson prófessor kom aftur til starfa í kennaralið deildarinnar eftir að hafa gegnt starfi forseta Félagsvísindadeildar frá 2001 og síðar forseta Félagsvísindasviðs frá stofnun þess (2008).

Gyða Margrét Pétursdóttir var ráðin lektor í kynjafræði 1. júlí 2013.

Stjórn málafræðideild			
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi	
– konur	2	2	
– karlar	0	0	
Samtals	<b>2</b>	<b>2</b>	
Aðjunktur			
– konur	2	1,5	
– karlar	1	0,49	
Lektorar			
– konur	4	4	
– karlar	1	1	
Dósentar			
– konur	0	0	
– karlar			
Prófessorar			
– konur	1	1	
– karlar	6	4,98	
Samtals	<b>15</b>	<b>13,0</b>	
Alþjóðamálastofnun og Stofnun stjórnsýslufræða	Fjöldi	Starfsígildi	
– konur	8	5,55	
– karlar	5	2,51	
Samtals	<b>13</b>	<b>8,1</b>	

## Nám og kennsla

### Grunnnám

Í Stjórn málafræðideild er unnt að stunda þriggja ára nám í stjórn málafræði sem lýkur með BA-prófi. Kynjafræði er kennd sem aukagrein í grunnnámi. Til BA-prófs er krafist minnst 180 eininga og skal nemandi ljúka annaðhvort 180 einingum í aðalgrein eða 120 einingum í aðalgrein og 60 einingum í aukagrein.

### Framhaldsnám

Að loknu BA-prófi er hægt að stunda tveggja ára meistaranám í eftirfarandi námsgreinum: alþjóðasamskiptum, Evrópufræðum, kynjafræði, opinberri stjórnsýslu og stjórn málafræði. Hægt er að stunda diplómanám (30e) í alþjóðasamskiptum, Evrópufræðum, hagnýtri jafnréttisfræði, opinberri stjórnsýslu og smárikjafræðum. Einnig er hægt að stunda doktorsnám í kynjafræði og stjórn málafræði. Í lok árs voru átta doktorsnemar við nám í deildinni.

### **Ný námsleið**

Síðla árs samþykkti deildin að koma á fót þverfræðilegu meistaranámi í vestnorrænum fræðum (120e). Stjórn málafræðideild kemur til með að hýsa námsleiðina og samstarfsaðili innan Háskóla Íslands verður umhverfis- og auðlindafræði. Samstarfsaðilar utan Háskóla Íslands verða lagadeild Háskólans á Akureyri, viðskiptafræðideild Háskólans í Bodö í Noregi (University of Nordland), félagsvísindasvið Háskólans á Grænlandi og sagnfræði- og félagsvísindadeild Fróðskaparseturs Færeyja. Gert er ráð fyrir að kennsla hefjist í þessu námi á haustmíssi 2015.

### **Doktorsvörn**

Þann 18. desember varði Ásthildur Elva Bernharðsdóttir doktorsritgerð sína Culture and Crisis Management – How Culture Influences the Behavior of Decision Makers in Crisis Preparedness and Response. Leiðbeinandi doktorsefnisins var Gunnar Helgi Kristinsson prófessor og auk hans sátu í doktorsnefndinni Margaret G. Hermann frá Syracuse University í New York í Bandaríkjunum og Bengt Sundelius frá Háskólanum í Uppsölum í Svíþjóð. Andmælendur voru Bruce Dayton, prófessor við Maxwell School of Citizenship and Public Affairs við Syracuse University í New York í Bandaríkjunum, og Lina Svedin, dósent við University of Utah í Salt Lake City, einnig í Bandaríkjunum. Vörnin fór fram í Hátíðasal Háskóla Íslands.

### **Erlendir gestakennarar**

Petr Just, lektor við Metropolitan-háskólann í Prag í Tékklandi, var Erasmus-gestakennari við deildina vikuna 15.–22. febrúar. Auk kennslu, hélt hann opinn fyrirlestur sem nefndist Breytingar í átt til lýðræðis í Mið-Evrópu þann 20. febrúar. Stjórn málafræðideild og Alþjóðamálastofnun stóðu í sameiningu að fyrirlestrinum.

Námskeiðið Gender and Global Politics var haldið haustið 2013 í samvinnu námsbrautar í kynjafræði við Háskóla Íslands og Rutgers-háskóla í Newark í Bandaríkjunum. Kennarar voru Jyl Josephson, dósent í kynja- og stjórnmálafræði við Rutgers-háskóla, og Svandís Anna Sigurðardóttir kynjafræðingur. Námskeiðið, sem var á framhaldsstigi, var skipulagt að hluta sem fjarnám í báðum skólunum, Rutgers-háskóla og Háskóla Íslands, þannig að hluti nemenda var í staðnámi og hinn í fjarnámi á sama tíma. Námskeiðið byggðist m.a. á samskiptum og sameiginlegri verkefnavinnu nemendanna á Íslandi og í Bandaríkjunum. Námskeiðið var vel heppnað og er stefnt að áframhaldandi samstarfi Háskóla Íslands og Rutgers-háskóla á þessu sviði.

### **Rannsóknir**

Kennarar deildarinnar hafa verið afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf. Helstu rannsóknasvið kennara eru: lýðræði, opinber stjórnsýsla, mannauðsstjórnun hins opinbera, smáríki og samrunaþróunin í Evrópu, öryggis- og varnarmál, pólitísk sálfræði og kynja- og margbreytileikafræði.

Rannsóknaverkefni um vald- og lýðræði fékk úthlutað 24 millj.kr. til þriggja ára úr Aldarafmællissjóði Háskóla Íslands. Gunnar Helgi Kristinsson prófessor leiðir rannsóknina.

### **Alþjóðasamskipti og kennsla á ensku**

Á árinu var boðið upp á 15 námskeið sem kennd voru á ensku, samtals 96 einingar, þarf af var viðbótardiplóma í smáríkjafræðum, sem er 30 eininga námsleið, kennd á ensku. Nemendur komu frá ýmsum löndum. Þá stóð Rannsóknasetur um smáríki fyrir tveggja vikna alþjóðlegum sumarskóla dagana 24. júní – 6. júlí og þar fór öll kennsla fram á ensku.

## Markaðs- og kynningarmál

Starfsfólk deildarinnar tók þátt í háskóladeginum 9. mars ásamt öðrum deildum skólans. Að venju var bæklingur um BA-nám var gefinn út af því tilefni og í fyrsta skipti voru búin til stutt kynningarmyndbönd fyrir námsleiðir í grunn- og framhaldsnámi við deildina.

## Fundaröð

Á árinu var fram haldið fundaröð frá árinu 2012 sem Stjórn málafræðideild stóð að um fyrirhugaðar breytingar á stjórnarskrá Íslands ásamt Lagadeild og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Bifröst og Háskólann á Akureyri. Fundirnir voru alls sjö, þar af fjórir á árinu.

## Brautskráðir stúdentar frá Stjórn málafræðideild 2013

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BA	Stjórn málafræði	19	22	41
<b>BA Alls</b>		<b>19</b>	<b>22</b>	<b>41</b>
Doktorspróf	Stjórn málafræði		1	1
<b>Doktorspróf Alls</b>			<b>1</b>	<b>1</b>
MA	Alþjóðasamskipti	3	11	14
	Evrópufræði	1	1	2
	Kynjafræði	2	5	7
<b>MA Alls</b>		<b>6</b>	<b>17</b>	<b>23</b>
MPA	Opinber stjórnsýsla	5	14	19
<b>MPA Alls</b>		<b>5</b>	<b>14</b>	<b>19</b>
Viðbótardiplóma	Alþjóðasamskipti	2	4	6
	Evrópufræði	1	2	3
	Hagnýt jafnréttisfræði	1	5	6
	Opinber stjórnsýsla	7	30	37
	Smárikjafræði: Smárikí í Evrópu	4	1	5
<b>Viðbótardiplóma Alls</b>		<b>15</b>	<b>42</b>	<b>57</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>45</b>	<b>96</b>	<b>141</b>

## Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála

### Almennt yfirlit og stjórn

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er á vegum Stjórn málafræðideildar Háskóla Íslands sem sjálfstæð stofnun í tengslum við Félagsvísindastofnun. Ný stjórn stofnunarinnar var skipuð á árinu: Ómar H. Kristmundsson prófessor, formaður, Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, Þorgerður Einarsdóttir prófessor, Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri, Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarritari og Trausti Fannar Valsson lektor. Stofnunin er rekin af sjálfsaflafé og er fjárhagur stofnunarinnar í jafnvægi. Forstöðumaður stofnunarinnar var Ásta Möller. Hrefna Ástmarsdóttir starfaði í hlutastarfi sem verkefnastjóri. Þá



starfaði Haukur Arnþórsson að ýmsum verkefnum í tengslum við þróun og útgáfu vefritsins Stjórnmal og stjórnsýsla.

## Samstarfsaðilar og samstarfsvettvangur

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er samstarfsvettvangur kennara í stjórnsýslu- og stjórn málafræðum og starfa þeir þar með fjölmörgum aðilum sem vilja vinna að umbótum, þróun, fræðslu og rannsóknum á sviði stjórnsýslu og stjórn mála, utan sem innan háskólasamfélagsins. Má þar m.a. nefna Alþingi, ráðuneyti, opinberar stofnanir, samtök eins og Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag forstöðumanna ríkisstofnana, stéttarfélag og stjórn málaflokka. Veigamikill hluti af starfsemi stofnunarinnar og mikilvæg tekjulind er skipulagning á málþingum, ráðstefnum og námskeiðum í samstarfi við ýmsa aðila um efni er tengjast starfsemi hins opinbera. Markhópurinn er m.a. stjórnendur og starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og fag- og áhugafólk um opinbera stjórnsýslu. Einnig ber að geta að ýmsum úttektarverkefnum stofnunarinnar hefur fjölgað en þau eru unnin í samvinnu við fræðimenn í Stjórn málafræðideild og aðra sérfræðinga. Stofnunin hefur staðið fyrir opnum fyrirlestrum og fundum um stjórn mála og stjórnsýslu í samstarfi við marga aðila. Á árinu voru haldnir um 50 viðburðir á vegum stofnunarinnar og sóttu þá um 2700 manns.

Rannsóknaborð er samstarfsvettvangur kennara Stjórn málafræðideildar og doktorsnema deildarinnar og er haldið á þriggja til fjögurra vikna fresti allt háskólaárið. Á árinu voru haldnir fimm rannsóknaborðsfundir en þar leggja fræðimenn og doktorsnemar m.a. fram verkefni, rannsóknir eða greinar í vinnslu til gagnrýnnar umræðu á jafningjagrunni. Einnig hefur þessi vettvangur verið nýttur sem almenn upplýsingagjöf um formgerð á birtingu fræðigreina.

## Rannsóknir og þróunarverkefni

Eftirfarandi rannsókn- og þróunarverkefni voru veigamest í starfsemi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála á árinu:

- Nýsköpun í opinberum rekstri. Verkefnið er samstarfsverkefni stofnunarinnar, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Félags forstöðumanna ríkisstofnana, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Rannís og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem bættist í hóp samstarfsaðila stofnunarinnar á árinu. Markmiðið með verkefninu er m.a. að stuðla að nýsköpun í opinberum rekstri og styðja við rannsóknir á þróun nýsköpunar á Íslandi. Afrakstur verkefnisins er m.a. ráðstefna um nýsköpun í opinberri þjónustu og rekstri ásamt því að nýsköpunarverðlaun og viðurkenningar 2012 og 2013 voru afhent. Alls hafa 152 verkefni verið tilnefnd til nýsköpunarverðlauna í opinberum rekstri þessi tvö ár og eru þau m.a. birt á vefnum [www.nyskopunarvefur.is](http://www.nyskopunarvefur.is), sem er gagnabanki um nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu, rekinn af stofnuninni. Formlegt samstarf er milli stofnunarinnar og Mindlab í Danmörku, en sú stofnun er rekin af þremur ráðuneytum í danska stjórnarráðinu og fæst við nýsköpun í opinberum rekstri.
- Unnið var að Evrópuverkefninu EGOV4U, eða Rafrænar lausnir fyrir alla, sem er hluti af samstarfssamningi stofnunarinnar og Reykjavíkurborgar. Verkefnið felur í sér að safna upplýsingum um áhrif rafrænnar stjórnsýslu á þá sem minna mega sín í samfélaginu.

## Útgáfa og kynningar

Veftímaritið Stjórnmal og stjórnsýsla er gefið út tvisvar á ári, í júní og desember, í opnum aðgangi á vefsíðunni [www.stjornmalogstjornsysla.is](http://www.stjornmalogstjornsysla.is), en prentuð útgáfa ritrýndra greina kemur út einu sinni á ári. Á árinu 2013 var unnið að því að setja tímaritið upp í nýtt ritstjórnar- og dreifingarkerfi, Open Journal Systems, og var það formlega opnað í nýju kerfi og nýju útliti með hausthefti tímaritsins í desember 2013. Jafnframt var öll framsetning á tímaritinu yfirfarin og aðlöguð kröfum um opinn

aðgang að efni á vefnum og hinu nýja kerfi og bæði íslenski og enski textinn yfirfarinn. Allar greinar tímaritsins frá upphafi hafa verið færðar inn í nýja kerfið og fengið DOI númer. Haukur Arnþórsson vefstjóri sá upp uppsetningu á kerfinu í samvinnu við Reiknistofnun Háskóla Íslands og undirbjó færslur milli kerfa. Þess má geta að Stjórnsmál og stjórnsýsla er fyrsta tímaritið sem gefið er út af stofnunum Háskóla Íslands sem setur upp tímarit í opnum aðgangi í Open Journal Systems og ruddi það því brautina fyrir fleiri tímarit að fara sömu leið. Útgefendur fengu styrk úr Háskólasjóði til að standa undir kostnaði vegna þessa.

## Vefir stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar, [www.stjornsyslustofnun.hi.is](http://www.stjornsyslustofnun.hi.is), er að finna helstu upplýsingar um starfsemi hennar, svo og upplýsingar um þær rannsóknir sem fræðimenn deildarinnar leggja helst áherslu á. Vefurinn var endurnýjaður í ágúst með breyttu útliti og víðtækari efnistöku en áður. Stofnunin hefur nýtt samfélagsmiðla til kynningar á starfseminni og hefur haldið úti Facebook-síðu frá árinu 2012 og opnaði því til viðbótar Twitter-síðu á síðasta ári. Að auki rekur stofnunin vefina [www.nyskopunarvefur.is](http://www.nyskopunarvefur.is) og [www.stjornmalogstjornsysla.is](http://www.stjornmalogstjornsysla.is) eins og kemur fram hér á undan.

## Viðskiptafræðideild

### Almennt yfirlit og stjórn

Ingjaldur Hannibalsson var forseti Viðskiptafræðideildar á árinu og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson varaforseti.

### Skrifstofa

Á skrifstofu deildarinnar, sem er rekin sameiginlega með Hagfræðideild, störfuðu deildarstjóri í 100% starfi, þrjár verkefnastjórnar í 100% starfi og einn í 50% starfi, auk verkefnastjóra kynningarmála í 75% starfi og verkefnastjóri í 25% starfi. Elísa Jóhannsdóttir var ráðin í starf verkefnastjóra kynningarmála í desember og tók hún við af Bjargeyju Önnu Guðbrandsdóttur, sem hvarf til annarra starfa innan Háskóla Íslands og Esther Judith Steinsson var ráðin í 25% starf verkefnastjóra í tengslum við meistaranám í reikningsskilum og endurskoðun og í skattarétti og reikningsskilum.

Viðskiptafræðideild		
Stjórnsýsla Viðskiptafræðideildar og Hagfræðideildar	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	8	5,85
– karlar	0	0
Samtals	<b>8</b>	<b>5,85</b>
Aðjuntar		
– konur	0	0
– karlar	6	5,5
Lektorar		
– konur	3	3
– karlar	8	7
Dósentar		
– konur	2	2
– karlar	6	6
Prófessorar		

– konur	0	0
– karlar	5	4,35
Samtals	<b>30</b>	<b>27,85</b>
<b>Viðskiptafræðistofnun og rannsóknafólk deildarinnar</b>		
– konur	8	7,02
– karlar	2	2
Samtals	<b>10</b>	<b>9,02</b>

## Kennarar deildarinnar

Á árinu var Guðrún Johnsen ráðin sem lektor í viðskiptafræði með áherslu á fjármál og Eyþór Ívar Jónsson var ráðinn í 20% starf lektors. Friðrik Eysteinnsson lét af störfum aðjunktur 1. júlí. Bjarni Frímann Karlsson var í launalausum leyfi á árinu.

## Nám og kennsla

Á árinu voru ekki gerðar miklar breytingar á kennslu í deildinni og fækkaði stundakennurum nokkuð í kjölfar ráðninga nokkurra fastra kennara. Nemendafjöldi sem innritaðist í deildina var svipaður og árið áður. Í BS-námi voru sem fyrr fjórar námsleiðir, markaðsfræði, stjórnun, fjármál og reikningshald. Eins og áður voru nemendur á markaðssviði fjölmennastir. Nemum í MS-námi fjölgaði nokkuð á flestum námsleiðunum, sem og í doktorsnámi, og einnig fjölgaði nemum í sameiginlegri námsleið með Lagadeild í skattarétti og skattskilum. Svipaður fjöldi hóf MBA-nám og árið áður.

## Doktorsvarnir

Engin doktorsvörn fór fram við Viðskiptafræðideild á árinu.

## Rannsóknir

Góður gangur var í rannsóknum í Viðskiptafræðideild á árinu og kennarar deildarinnar birtu fjölmargar greinar erlendis á árinu. Einnig birtu kennarar deildarinnar reglulega greinar í innlendum tímaritum. Þátttaka deildarmanna á ráðstefnum og í fyrirlestrahaldi, bæði innanlands og erlendis, var mikil og á árinu var m.a. haldin við Háskóla Íslands ráðstefna norrænna fræðimanna í viðskiptafræði sem dró að 500 þátttakendur.

## Ráðstefnur og fyrirlestrar

- 23. janúar. Háskóladagur Ímarks haldinn í samstarfi við viðskiptadeildir Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Bifröst og Ímark. Fulltrúar úr háskólunum og fulltrúar atvinnulífsins fluttu fimm stutt erindi.
- 29. janúar. Pétur Yang Li, viðskiptafulltrúi við sendiráð Íslands í Peking, hélt fyrirlesturinn Aukin viðskiptatækifæri í Kína?
- 15. febrúar. Alessandro Manetti, forstöðumaður IED í Barcelona, hélt fyrirlesturinn Future Trends and Professions in Design Creativity“.
- 21. febrúar. Vilborg Arna Gissurardóttir hélt erindi um áskoranir sínar en hún gekk ein síns liðs, fyrst íslenskra kvenna, á Suðurljólinn.
- 5. mars. Janis Priede, lektor við Háskólann í Lettlandi, hélt fyrirlesturinn Latvia During the Crisis. Lessons Learned to Increase Competitiveness.
- 13. mars. Philip Booth, prófessor við Cass Business School við City University í London, hélt fyrirlesturinn Orsakir fjármálakreppunnar. Booth er sérfræðingur í tryggingafræðum og áhættustýringu og hefur verið ráðgjafi Englandsbanka.

- 14. mars. Gauti Sigbórsson, lektor í fjölmiðlun við Háskólann í Greenwich í London, flutti fyrirlesturinn Skapandi atvinnugreinar: Skipta skilgreiningar máli?
- 15. mars. Ifor Ffowce-Williams, einn af fremstu sérfræðingum heims á sviði klasamála, hélt erindið Cluster Development – International Best Practices.
- 11. apríl. Andrew Challier, frá alþjóðlega rannsóknarfyrirtækinu Ebiquity, hélt erindið Af hverju sjónvarpsauglýsingar skila mestri arðsemi.
- 28. maí. Alex Coad, sérfræðingur við Science and Technology Policy Research Unit (SPRU) við Háskólann í Sussex í Brighton í Englandi, hélt fyrirlesturinn New Venture Survival and Growth: Does the fog lift?
- 21. ágúst – 23. ágúst. Viðskiptafræðideild stóð fyrir ráðstefnunni 22<sup>nd</sup> Nordic Academy of Management.
- 13. september. Jella Benner-Heinacher, framkvæmdastjóri Samtaka verðbréfa- og sparifjáreigenda í Þýskalandi, hélt fyrirlestur undir yfirskriftinni Réttur smærri hluthafa í Þýskalandi: Hverju hafa dómsmál til verndar smærri hluthöfum áorkað?
- 27. september. Pétur Yang Li, viðskiptafulltrúi við sendiráð Íslands í Peking, hélt erindið Viðskiptatengsl Íslands og Kína: Hvað er framundan?
- 7. október. Robert Z. Aliber, prófessor emeritus í alþjóðahagfræði og fjármálum við Háskólann í Chicago, hélt erindið Hagstjórn á Íslandi með krónuna sem gjaldmiðil.
- 11. október. Robert P. Lord, lögfræðingur, sem hefur hefur starfað við regluvörslu á verðbréfamörkuðum og unnið fyrir fjármálamarkaði víða um heim, hélt fyrirlesturinn Ný tilskipun Evrópusambandsins um starfsemi verðbréfasjóða.
- 4. nóvember. Mark Schoeff Jr., blaðamaður hjá viðskiptatímaritinu Investment News í Washington, hélt erindið Hvernig fjalla fjölmiðlar um regluvæðingu fjármálamarkaða?
- 29. nóvember. Ráðstefna um reikningsskil og endurskoðun: Reikningsskil í dag og í framtíðinni.

Að auki tóku kennarar Viðskiptafræðideildar þátt í ráðstefnu Félagsvísindasviðs, Þjóðarspeglinum, sem haldin var í október.

## Brautskráðir stúdentar frá Viðskiptafræðideild 2013

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	3. ár viðskiptafræði, leið A		1	1
	Viðskiptafræði	49	76	125
	Viðskiptafræði, leið C	1		1
<b>BS Alls</b>		<b>50</b>	<b>77</b>	<b>127</b>
M.Acc.	Reikningsskil og endurskoðun	21	14	35
<b>M.Acc. Alls</b>		<b>21</b>	<b>14</b>	<b>35</b>
MBA	Viðskiptafræði	11	2	13
<b>MBA Alls</b>		<b>11</b>	<b>2</b>	<b>13</b>
MS	Fjármál fyrirtækja	5	10	15
	Mannauðsstjórnun	6	32	38
	Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti	7	15	22
	Stjórnun og stefnumótun	5	7	12
	Viðskiptafræði	4	7	11
<b>MS Alls</b>		<b>27</b>	<b>71</b>	<b>98</b>

## Viðskiptafræðistofnun

### Almennt yfirlit

Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands er fræðslu- og rannsóknastofnun sem er starfrækt í umboði Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands. Viðskiptafræðistofnun hvetur til hagnýtra og fræðilegra rannsókna, stundar útgáfustarfsemi og býður upp á vettvang fyrir kynningar og umræðu um rannsóknir á sviði viðskipta. Viðskiptafræðistofnun hefur í áranna rás lagt áherslu á alþjóðlegt rannsóknasamstarf og leggur metnað sinn í að viðhalda góðum tengslum við erlenda fræðimenn og jafnframt er stöðugt unnið að því að mynda ný tengsl, bæði erlendis og innan lands. Viðskiptafræðistofnun annast einnig umsýslu með MBA-námi og stökum námskeiðum í viðskiptafræðum (VMV-nám) sem ætlað er nenum sem jafnframt eru virkir þátttakendur á vinnumarkaði.

### Stjórn

Í stjórn Viðskiptafræðistofnunar voru á árinu: Auður Hermannsdóttir formaður, Ingi Rúnar Eðvarðsson, Kári Kristinsson, Þórður Óskarsson og Þóra Christiansen. Magnús Pálsson er forstöðumaður Viðskiptafræðistofnunar. Aðrir starfsmenn stofnunarinnar eru Ester Rós Gústavsdóttir og Lena Heimisdóttir verkefnisstjórar.

### Útgáfa

Á árinu voru gefnar út tvær ritgerðir, svokallaðar vinnugreinar (Working Papers), í ritröð Viðskiptafræðistofnunar og eru þær birtar á heimasíðu stofnunarinnar ([www.ibr.hi.is](http://www.ibr.hi.is)):

- W13:01 Helga Rún Runólfssdóttir og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson: Atvinnuhæfni – Verður bókvitið í askana látið?
- W13:02 Sigurlaug Jónsdóttir og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson: Starfsmannatengdir viðburðir, sjónarhorn almennra starfsmanna og mannauðsstjórnenda

### Ráðstefnur

Undanfarin ár hefur Viðskiptafræðistofnun staðið fyrir vorráðstefnu um rannsóknir í viðskiptafræði. Tilgangurinn er m.a. að skapa eftirsóknarverðan vettvang til að kynna rannsóknaverkefni og fjalla faglega um rannsóknir í deildinni. Alls hafa um 60 erindi verið flutt á þessum ráðstefnum hingað til. Ráðstefnan var ekki haldin árið 2013. Í tengslum við ráðstefnuna hafa verið gefin út rafræn ráðstefnurit (sjá [www.ibr.hi.is](http://www.ibr.hi.is)).

### Málstofur

Á árinu stóð Viðskiptafræðistofnun fyrir 10 rannsóknamálstofum. Þær eru vettvangur rannsakernda til að kynna rannsóknir sem komnar eru mislangt á veg og fjalla með fræðilegum hætti um viðfangsefni viðskiptafræðinnar. Eftirtalin erindi voru flutt:

Á vormisseri

- Regína Ásdísardóttir: Emergent Organizing in Temporary Organizations – A Systematic Literature Review.

- Inga Minelgaite Snaebjornsson: Gender, Nationality and Leadership Style – A Literature Review
- Gylfi Dalmann Aðalsteinsson: Mannauðsstjóri sem breytingastjóri – Þátttaka mannauðsstjóra í meiriháttar breytingum
- Gylfi Magnússon: Stjórnarmynstur og útgjöld hins opinbera
- Sigurður Ragnarsson: Þjónandi forysta – Að þjóna og leiða
- Ingi Rúnar Eðvarðsson: Hæfni íslenskra mannauðsstjóra
- Snjólfrur Ólafsson: Þátttaka starfsmanna í samfélagsábyrgð fyrirtækja

#### Haustmisseri

- Ingi Rúnar Eðvarðsson: Útvistun íslenskra þjónustufyrirtækja eftir hrun
- Þórhallur Guðlaugsson: Hverjum þykir sinn fugl fagur! ...eða hvað?
- Friðrik Eysteinnsson: Customer Forgiveness and Trust Following a Banking Crisis.

## Rannsóknamiðstöðvar Viðskiptafræðistofnunar

Innan Viðskiptafræðistofnunar eru starfræktar sex rannsóknamiðstöðvar. Hver um sig er vettvangur rannsókn- og þróunarstarfs þar sem meginmarkmið er að miðla aukinni þekkingu til fræðaheimsins, sem og til íslensks þjóðlífs. Rannsóknamiðstöðvarnar hafa orðið til fyrir framtak einstakra kennara, eru starfræktar af þeim og eru vettvangur rannsókn- og þróunarstarfs fyrir fræðimenn utan og innan Háskóla Íslands, m.a. erlenda fræðimenn, með það að markmiði að miðla þekkingu, hver á sínu sviði, til fræðaheimsins og til almennings. Stjórnir eru skipaðar sérfræðingum, utan og innan Háskóla Íslands, sem taka sæti í stjórn að ósk viðkomandi kennara. Miðstöðvarnar eru fjármagnaðar með rannsóknastyrkjum og þjónustuverkefnum sem aðstandendur rannsóknamiðstöðvanna hafa aflað og það gerir þeim kleift að ráða starfsmenn eða fræðimenn til tímabundinna verkefna.

- **Rannsóknamiðstöð skapandi greina** (stofnuð 2010) er vettvangur rannsókna á menningu og sköpun innan viðskiptafræða. Markmið miðstöðvarinnar er m.a. að rannsaka og efla skilning og þekkingu á menningu og sköpun í hagrænum skilningi. Miðstöðin heldur úti virkri starfsemi, sem byggist á samstarfi við fræðimenn og fulltrúa skapandi greina. Þetta endurspeglast í stjórn miðstöðvarinnar, sem er bæði skipuð fulltrúum frá Háskóla Íslands og fólki utan skólans, m.a. úr viðskiptalífni, menningargeiranum og Listaháskóla Íslands, alls fimm manns. Forstöðumaður rannsóknamiðstöðvarinnar er Margrét Sigrún Sigurðardóttir lektor. Aðrir stjórnarmenn eru Runólfur Smári Steinþórsson prófessor, Jóhannes Þórðarson, Anna Hildur Hildibrandsdóttir og Hilmar Sigurðsson. Varamaður er Magnús Geir Þórðarson. Miðstöðin hefur ráðið starfsmann til tímabundinna verkefna.
- **Rannsóknamiðstöð um alþjóðaviðskipti** (stofnuð 2006) er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á sviði alþjóðaviðskipta. Starfsemi miðstöðvarinnar hefur verið lítil síðustu misserin. Samkvæmt reglum miðstöðvarinnar er stjórn hennar skipuð 6 manns, þremur frá Háskóla Íslands og þremur utan skólans. Stjórnina skipa nú Snjólfrur Ólafsson prófessor, Ingjalður Hannibalsson prófessor, Þórhallur Guðlaugsson dósent, Ragnhildur Geirsdóttir, Árni Oddur Þórðarson og Hermann Ottósson.
- **Rannsóknamiðstöð um markaðs- og þjónustufræði** (stofnuð 2009). Miðstöðin er vettvangur fyrir fræðilegar og hagnýtar rannsóknir á sviði markaðs- og þjónustufræða og henni er ætlað að miðla niðurstöðum þeirra á viðeigandi vettvangi. Jafnframt vinnur miðstöðin þjónusturannsóknir fyrir íslenskt atvinnulíf. Verið að setja miðstöðinni fimm manna stjórn, sem verður skipuð þremur frá Háskóla Íslands og tveimur aðilum utan skólans. Forstöðumaður rannsóknamiðstöðvarinnar er Friðrik Eysteinnsson aðjunkt. Aðrir stjórnarmenn eru Runólfur Smári Steinþórsson prófessor, Þórhallur Guðlaugsson dósent og Auður Hermannsdóttir aðjunkt. Starfsemi miðstöðvarinnar er virk í þeim skilningi að aðstandendur hennar halda úti virkri rannsóknastarfsemi.
- **Rannsóknamiðstöð um stefnu og samkeppnishæfni** (stofnuð 2008). Miðstöðin er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á sviði stefnumiðaðrar stjórnunar og samkeppnishæfni í víðum skilningi. Innan hennar eru stundaðar rannsóknir í tengslum við atvinnu- og þjóðlíf, m.a. í

samstarfi við bæði innlenda og erlenda fræðimenn og eftir atvikum með þátttöku nemenda Viðskiptafræðideildar. Einnig eru unnin þjónustuverkefni fyrir opinbera aðila, félagasamtök og fyrirtæki. Þá stendur miðstöðin fyrir opnum viðburðum, kennslu og fræðslu fyrir atvinnulífið og samfélagið allt um efni sem varðar stefnu og samkeppnishæfni. Miðstöðin á í samstarfi við Stofnun Michaels E. Porters við Harvard Business School en það samstarf styður almennt við kennslu á sviði stefnumiðarar stjórnunar og sérstaklega við námskeiðið Samkeppnishæfni, sem kennt er í Viðskiptafræðideild. Stjórn miðstöðvarinnar er skipuð fimm manns, þremur frá Háskóla Íslands og tveimur úr atvinnu- og þjóðlífinu. Forstöðumaður rannsóknamiðstöðvarinnar er Runólfur Smári Steinþórsson prófessor. Aðrir stjórnarmenn eru Ingjalður Hannibalsson, Svava Bjarnadóttir, Hákon Gunnarsson og Gylfi Magnússon. Miðstöðin hefur ráðið starfsmann til tímabundinna verkefna.

- **Rannsóknamiðstöð um stjórnarhætti** (stofnuð 2008). Rannsóknarmiðstöðin heldur úti virkri starfsemi og þar eru stundaðar rannsóknir og unnin verkefni á sviði stjórnarháttanna í sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf. Miðstöðin stendur fyrir opinberri umræðu um stjórnarhætti og á í samstarfi við innlenda og erlenda aðila á fræðasviðinu. Íslensk ráðgjafarstjórn miðstöðvarinnar er fjögurra manna, tveir frá Háskóla Íslands og tveir frá íslensku atvinnulífi og að auki starfa fjórir erlendir ráðgjafar með stjórninni. Forstöðumaður rannsóknamiðstöðvarinnar er Eyþór Ívar Jónsson. Aðrir stjórnarmenn eru Runólfur Smári Steinþórsson prófessor, Þráinn Eggertsson prófessor og Benedikt Jóhannesson.
- **Rannsóknamiðstöð um viðskiptasiðfræði – Siðvís** (stofnuð 2013). Miðstöðin er vettvangur rannsókna og fræðslu á sviði viðskiptasiðfræði. Leiðarljós miðstöðvarinnar er bætt siðferði í viðskiptum á Íslandi. Stjórn miðstöðvarinnar er skipuð sex manns, þar af eru tveir frá Háskóla Íslands og fjórir úr atvinnulífinu. Forstöðumaður rannsóknamiðstöðvarinnar er Elmar Hallgrímsson lektor. Aðrir stjórnarmenn eru Ásthildur Otharsdóttir, Róbert H. Haraldsson prófessor, Steinunn Bjarnadóttir, Þórey S. Þórðardóttir og Vilhjálmur Jens Árnason.

## Félagsvísindastofnun

### Almennt yfirlit

Félagsvísindastofnun er rannsókn- og fræðastofnun innan Háskóla Íslands og heyrir undir þrjár af deildum skólans, Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild og Stjórn málafræðideild. Stofnunin sinnir rannsóknum, ráðgjöf og þjónustuverkefnum sem tengjast viðfangsefnum félagsvísindanna. Undir hatti Félagsvísindastofnunar voru á árinu 2013 starfrækt 16 rannsóknasetur og rannsóknastofur á fræðasviðum deildanna þriggja sem að stofnuninni standa, auk þess sem stofnunin er í nánu samstarfi við fræðimenn deilda og aðrar rannsóknastofnanir innan Háskóla Íslands og utan. Stofnunin hefur verið starfrækt frá árinu 1985.

Megináhersla í starfi stofnunarinnar árið 2013 var á:

- áframhaldandi uppbyggingu á netpanel Félagsvísindastofnunar sem taldi í lok árs um það bil 7.000 manns sem samþykkt hafa að taka þátt í netkönnunum á vegum stofnunarinnar. Mikil verðmæti liggja í slíkum panel. Bæði skapar hann tækifæri til að gera aðferðafræðilegar rannsóknir og möguleika fyrir fræðimenn til að afla gagna sem uppfylla strangar aðferðafræðilegar kröfur á tiltölulega ódýran hátt,
- áframhaldandi vinnu við að undirbúa gagnasöfn fyrir opinn aðgang í gagnagátt Félagsvísindastofnunar (<http://fel.hi.is/gagnagatt>),
- alþjóðlegt rannsóknasamstarf.

## Stjórn

Stjórn Félagsvísindastofnunar er skipuð til þriggja ára. Í henni sitja deildarforsetar þeirra þriggja deilda sem að stofnuninni standa en þeir skipa jafnframt framkvæmdastjórn. Auk þess sitja í stjórninni þrjár fulltrúar til viðbótar sem kjörnir eru af deildunum, tveir úr Félags- og mannvísindadeild og einn úr Stjórn málafræðideild og áheyrnarfulltrúar námsbrauta og starfsmanna stofnunarinnar. Árið 2013 sátu í framkvæmdastjórn: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, sem hvarf úr stjórn um mitt ár þegar hún lét af störfum sem deildarforseti Félags- og mannvísindadeildar, Steinunn Hrafnisdóttir, deildarforseti Félagsráðgjafardeildar og Ómar H. Kristmundsson, deildarforseti Stjórn málafræðideildar. Helgi Gunnlaugsson kom inn í framkvæmdastjórn í stað Guðbjargar Lindu. Aðrir í stjórn voru Ágústa Pálsdóttir, Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Sveinn Eggertsson, Terry Gunnell og Andrea G. Dofradóttir.

## Starfsfólk

Starfslið Félagsvísindastofnunar í reglubundnu starfi, að hluta eða allt árið 2013 var sem hér segir: Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður, Andrea G. Dofradóttir, verkefnastjóri, Anna Soffía Víkingsdóttir, verkefnastjóri, Auður Magnús Auðardóttir, verkefnastjóri, Ágústa Edda Björnsdóttir, verkefnastjóri, Ásdís Aðalbjörg Arnalds, verkefnastjóri, Björn Rafn Gunnarsson, verkefnastjóri, Guðlaug J. Sturludóttir, verkefnastjóri, Heiður Hrunn Jónsdóttir, verkefnastjóri, Hafsteinn Birgir Einarsson, verkefnastjóri, Hrefna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri, Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir, verkefnastjóri, Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, verkefnastjóri, Ingunn Eyþórsdóttir, verkefnastjóri, Vala Jónsdóttir, verkefnastjóri og Viktor Orri Valgarðsson, verkefnastjóri. Að auki komu að starfi stofnunarinnar á annað hundrað aðrir einstaklingar, sem spyrjar í rannsóknaverkefnum eða í öðrum störfum fyrir stofnunina.

## Fjármál

Félagsvísindastofnun er alfarið fjármögnuð af sjálfsaflafé; rannsókn- og tölfræðiráðgjöf, gagnaöflun og úrvinnsla fyrir kennara háskólans og hagnýtum þjónusturannsóknum fyrir aðila utan háskólans, af styrkjum sem hún aflar, fundum, námskeiðum og útgáfu og öðrum tilfallandi framlögum og gjöfum. Stofnunin fær ekki fjármuni frá Háskóla Íslands til rekstrar; rannsóknastarfa, stöðuheimilda eða tækjakaupa. Árið 2013 var velta Félagsvísindastofnunar og rannsóknastofa sem starfa undir stofnuninni um 173 milljónir króna.

## Rannsóknir og verkefni

Helstu styrkir sem stofnunin og/eða starfsfólk hennar fengu á árinu 2013 voru áframhaldandi styrkur frá NICE í verkefnið InTerAct: Industry-academia interaction in the marine sector ásamt rannsóknarhópi um hagnýta vöruferla við Háskóla Íslands, norrænu háskólunum DTU, NTNU, UMB, SLU og fyrirtækinu Umano; áframhaldandi styrkur frá VINNOVA til þátttöku í verkefninu CitizMap: Integrated e-mapping and visualization services for citizens, researchers and policy makers ásamt háskólanum í Umeå, borgaryfirvöldum í Tallinn og fyrirtækinu Regio, framhaldsstyrkur frá Rannís til að taka þátt í European Social Survey árið 2012 ásamt Félags- og mannvísindadeild, Stjórn málafræðideild, University of Cambridge og University of Mannheim. Þá hlutu Sigrún Ólafsdóttir, lektor við University of Boston, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir styrk frá Rannís til að taka þátt í International Social Survey Programme (ISSP). Sú könnun sem fjallaði um fjölskyldur og breytt hlutverk kynjanna og þjóðernisvitund var viðamesta rannsóknaverkefni Félagsvísindastofnunar árið 2013. Annað viðamikil verkefni sem verið hefur árlegt verkefni frá árinu 2011 eru kannanir meðal núverandi og fyrrverandi nemanda við Háskóla Íslands. Þessarar kannanir eru liður í sjálfsmati háskólans samanber rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi. Jafnréttissjóður forsætisráðuneytisins veitti



Félagsvísindastofnun styrk til þess að greina kynbundinn launamun meðal nýútskrifaðra frá Háskóla Íslands eins og hann birtist í þessum könnunum.

Þá voru fylgiskannanir vegna Alþingiskosninga 2013 viðamiklar í starfi stofnunarinnar en þær voru unnar í samstarfi við Morgunblaðið. Fyrir svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins skipulagði stofnunin íbúafund meðal úrtaks höfuðborgarbúa til að ræða um hvernig stuðla megi að því að höfuðborgarsvæðið verði aðlaðandi og eftirsóknarvert til búsetu og um kosti og galla þriggja sviðsmynda um mögulega þróun byggðar á næstu 25 árum. Að auki vann stofnunin fjölda launakannana, smærri kannana og verkefna fyrir ýmsa aðila, sem og þjónustu- og viðhorfskannanir fyrir stofnanir og fyrirtæki.

## **Alþjóðasamskipti**

Forstöðumaður Félagsvísindastofnunar tekur þátt í COST-verkefninu IS1004: WEBDATANET: web-based data-collection – methodological challenges, solutions and implementations. Í tengslum við það verkefni tók stofnunin á móti meistaranema frá Ljubljana University sem dvaldi við stofnunina í eina viku til að vinna við samstarfsverkefnið „Web questionnaires within mixed-mode surveys: a solution to survey the general population?“ sem byggir á gögnum frá Félagsvísindastofnun og frá Ljubljana University.

Félagsvísindastofnun tók við sæti Viðskiptafræðistofnunar sem meðlimur í samtökunum ENSR (European Network for Social and Economic Research) og tók þátt í fyrsta verkefninu árið 2013 sem var alþjóðleg samanburðarrannsókn á leyfisveitingum til stofnunar og rekstrar fyrirtækja í mismunandi atvinnugreinum.

Stofnunin er virkur þátttakandi í starfi alþjóðlegu samstarfshópanna sem standa að rannsóknunum European Values Study og International Social Survey Programme.

Loks tók stofnunin þátt í alþjóðlegu rannsóknaverkefninu „Cross-National Replication of Question Design Experiments“ sem stýrt er af Jon Krosnick, prófessor við Stanford University og Henning Silber, doktorsnema frá Universität Göttingen í Þýskalandi.

## **Ráðstefnur og útgáfa**

Á árinu gekkst Félagsvísindastofnun fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um netkannanir og blandaðar gagnaöflunaraðferðir í samstarfi við Sálfræðideild Háskóla Íslands og hóp fræðimanna sem eru þátttakendur í COST-verkefninu IS1004 WEBDATANET: Web-Based Data-Collection – Methodological Challenges, Solutions and Implementations. Tólf erlendir fyrirlesarar héldu erindi á ráðstefnunni sem bar yfirskriftina Mixed Mode and Multi-Method Research.

Eins og fyrri ár hélt Félagsvísindastofnun utan um framkvæmd og útgáfu í tengslum við einn stærsta viðburð félagsvísindanna á Íslandi, Þjóðarspegillinn. Fjórtdandi Þjóðarspegillinn var haldinn föstudaginn 25. október 2013. Alls voru 156 erindi flutt á ráðstefnudaginn í 40 málstofum. Fyrirlesarar gátu valið um þrjá kosti, þ.e. að flytja erindi án þess að skila grein til birtingar, að flytja erindi og skila grein til ritstýringar sem birtist í Skemmunni ([www.skemman.is](http://www.skemman.is)) eða að flytja erindi á Þjóðarspeglinum og skila í framhaldi grein í innlent eða erlent ritrynt tímarit að eigin vali.

Stofnunin heldur áfram að leggja áherslu á að auka aðgengi nemenda, fræðimanna og almennings að upplýsingum um íslenskt samfélag, viðhorf og lífsgildi Íslendinga. Gagnasöfn sem birt voru í opnum aðgangi á árinu 2013 voru kannanir Ólafs Þ. Harðarsonar, prófessors á árunum 1983-2009 sem ganga undir heitinu Íslenska kosningarannsóknin. Þau gögn eru nú aðgengileg í NESSTAR-forriti

Félagsvísindastofnunar sem gefur áhugasömum kost á að skoða niðurstöður einstakra spurninga á netinu án þess að nýta til þess sérstök tölfræðiforrit.

## Vefur stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar má finna allar helstu upplýsingar um starfsemina og upplýsingar um aðgengi að opnum gagnasöfnum um íslenskt samfélag sem stofnunin og aðrir hafa átt þátt í að afla. Veffang Félagsvísindastofnunar er [www.felagsvísindastofnun.is](http://www.felagsvísindastofnun.is).

## Rannsóknastofur

**Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna** fluttist frá Félagsvísindastofnun yfir á Menntavísindastofnun á árinu 2013 og ein ný rannsóknastofa, **Sundstofa**, sem Viðskiptafræðideild og námsbraut í þjóðfræði við Félags- og mannvísindadeild standa að, var stofnuð. Fimmtán rannsóknastofur (rannsóknasetur) störfuðu því í tengslum við Félagsvísindastofnun árið 2013:

- **Fræðasetur þriðja geirans** (stofnað 2010). Meginhlutverk fræðasetursins er að efla rannsóknir, þróunarverkefni og fræðslu á sviði þriðja geirans og almennra félaga sem starfa án hagnaðarvonar. Stjórn stofnunarinnar skipa: Ómar Kristmundsson, Steinunn Hrafnadóttir og Þórólfur Þórlindsson.
- **Mannfræðistofnun** (stofnuð 1974). Stofnunin hefur verið óvirk um nokkurt skeið.
- **Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna – MARK** (stofnuð 2011). Miðstöðin sinnir rannsóknum á sviði mannréttinda og mismununar, jafnréttis-, kynja- og margbreytileikafræða. Með félagsvísindalegt sjónarhorn að leiðarljósi leggur miðstöðin áherslu á þverfaglega sýn sem auðgar og dýpkar skilning á þeim fjölmörgu víddum og flötum sem felast í hinum breiða rannsóknaveitvangi. Miðstöðin sinnir einnig fræðslu á sviði mannréttinda og mismununar, jafnréttis-, kynja- og margbreytileikafræða og stendur fyrir reglubundnum fyrirlestrum og skipuleggur málþing og ráðstefnur á sviði þessara málaflokka. Miðstöðin tekur enn fremur að sér að vinna verkefni, sinna rannsóknum og veita fræðslu fyrir opinberar stofnanir, félagasamtök og einkaaðila. Að miðstöðinni standa kennarar og fræðafólk á Félagsvísindasviði sem stunda rannsóknir á fræðasviðinu. Forstöðumaður miðstöðvarinnar er Hallfríður Þórarinsdóttir. Í stjórn miðstöðvarinnar eru Ólafur Rastrick, formaður, Brynhildur G. Flóvenz, Jónína Einarsdóttir, Kristín Loftsdóttir og Sigurjón Baldur Hafsteinsson.
- **Miðstöð rannsóknablaðamennsku á Íslandi** (stofnuð 2011). Miðstöðin hefur tvíþætt meginmarkmið, annars vegar að fræða með fyrirlestrum, námskeiðahaldi, útgáfu, nemendasamstarfi og upplýsingamiðlun á netinu og hins vegar að vinna að einstökum brýnum rannsóknaverkefnum þar sem stefnt er að því að birta efni í hefðbundnum miðlum á Íslandi og erlendis, sem og á vefsvæði miðstöðvarinnar. Stjórn miðstöðvarinnar 2012–2013 skipa: Kristinn Hrafnsson, formaður, Jóhannes Kr. Kristjánsson ritari, Helga Arnadóttir, Ingi R. Ingason og Valgerður Anna Jóhannsdóttir.
- **Rannsóknamiðstöð í þjóðfræði** (stofnuð 2000). Markmið rannsóknamiðstöðvar í þjóðfræði er að stunda sjálfstæðar rannsóknir á hversdagsmenningu, lífsháttum og lífssýn á okkar dögum og áður fyrr. Meginstoðir starfseminnar eru verkefni á fjórum sviðum: á sviði munnmæla, efnismenningar, trúarlífs og menningararfs. Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði, Valdimar Tr. Hafstein, dósent í þjóðfræði, og Aðalheiður Guðmundsdóttir, dósent í þjóðfræði, eru í forsvari fyrir rannsóknamiðstöðina.
- **Rannsóknasetur í fötlunarfræðum** (stofnað 2006). Rannsóknasetur í fötlunarfræðum er þverfaglegur vettvangur rannsókna á sviði fötlunarfræða. Forstöðumaður rannsóknasetursins er Rannveig Traustadóttir og aðstoðarforstöðumaður er Hanna Björg Sigurjónsdóttir.
- **Rannsóknasetur í safnafræðum** (stofnað 2010). Hlutverk Rannsóknaseturs í safnafræðum er að sinna rannsóknatengdum þjónustuverkefnum á sviði safnafræða, efla tengsl rannsókna og kennslu á sviði safnafræða, hafa samstarf við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og fræðimenn í

safnafræðum og efla tengsl við atvinnu- og þjóðlíf. Einnig er setrinu ætlað að veita nemum í rannsóknanámi aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa, sem og þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum. Í stjórn setursins eru Bergsveinn Þórssón, Guðbrandur Benediktsson, Rákel Pétursdóttir, Þóroddur Bjarnason, Terry Gunnell, Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. Framkvæmdastjóri setursins er Sigurjón Baldur Hafsteinsson.

- **Rannsóknasetur í stjórnámálum og efnahagsmálum** (stofnað 2007). Tilgangur rannsóknaseturs í stjórnámálum og efnahagsmálum er að stunda rannsóknir á sviði stjórnamála og efnahagsmála og miðla upplýsingum um þær. Forstöðumaður er Hannes Hólmsteinn Gissurason.
- **Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti** (stofnað 2010). Forsvarsmaður setursins er Þorbjörn Broddason.
- **Rannsóknarsetur um fólksflutninga og fjölmenningu** (stofnað 2010). Markmið setursins er að stuðla að rannsóknum á málefnum tengdum fjölmenningu, innflyjendum og farandverkafólki og kynna þær. Einnig beinir það sjónum sínum að þjóðerni, kynþáttahyggju, samlögun og samþættingu, í alþjóðlegu og staðbundnu samhengi. Setrið hefur verið óvirkt um nokkurt skeið.
- **Rannsóknastofa í afbrotafræði** (stofnuð 2004). Rannsóknastofa í afbrotafræði er samstarfsvettvangur Háskóla Íslands og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Stofan annast fyrst og fremst margvíslegar rannsóknir er lúta að afbrotum. Rannsóknirnar snúast m.a. um tíðni og félagslegt mynstur brota, viðhorf og reynslu af afbrotum, ótta við afbrot og öryggi borgaranna, auk alþjóðlegs samanburðar og fjölþjóðlegrar samvinnu. Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði, og Rannveig Þórisdóttir, aðjunkt í félagsfræði, hafa stýrt stofunni frá upphafi. Snorri Örn Árnason og Jón Óttar Ólafsson hafa einnig unnið að verkefnum á vegum hennar.
- **Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd** (stofnuð 2006). Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd er rannsókn- og fræðslustofnun. Stofnuninni er ætlað að vera víðtækur vettvangur rannsókna á sviði félagsráðgjafar, einkum á öllu því er lýtur að stefnumörkun, þróun og þjónustu í barna- og fjölskylduvernd, sem spannar allt lífsskeiðið, frá æsku til efri ára. Markmið rannsóknastofnunarinnar er jafnframt að miðla vísindalegri þekkingu um félagsráðgjöf og laða fræðimenn til starfa á því sviði. Elísabet Karlsdóttir er framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd.
- **Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf** (stofnað 2009). Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf er rannsókn- og þróunarsetur. Helsta hlutverk setursins er að auka og efla rannsóknir á sviði náms- og starfsráðgjafar á Íslandi. Guðbjörg Vilhjálmisdóttir er í forsvari fyrir setrið.
- **Sundstofa – Rannsóknamiðstöð um sundlaugar** og samfélag (stofnuð 2013). Sundstofan er þverfaglegur vettvangur fyrir rannsóknasamstarf þriggja háskólakennara og nemenda þeirra við Háskóla Íslands. Markmiðið er að efna til rannsókna á félagslegri notkun heits vatns og líkamsmenningu í opinberum rýmum, m.a. í sundlaugum. Valdimar Tr. Hafstein dósent í þjóðfræði er í forsvari fyrir stofuna.
- **Þjóðmálastofnun** (stofnuð 2005). Þjóðmálastofnun er sjálfstæð rannsóknastofnun innan Háskóla Íslands. Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir og upplýsingamiðlun á sviði vinnu, velferðar og þjóðfélags. Stefán Ólafsson prófessor er forstöðumaður stofnunarinnar.

## MARK – Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna

### Almennt

MARK – Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna var stofnuð í janúar 2011 og heyrir undir Félagsvísindastofnun. Miðstöðin er vettvangur rannsókna og fræðslu á sviði mannréttinda og mismununar, jafnréttis-, kynja- og margbreytileikafræða í víðum skilningi og að miðstöðinni standa kennarar og fræðafólk á Félagsvísindasviði sem stunda rannsóknir á ofangreindum rannsóknasviðum. Hlutverk og markmið miðstöðvarinnar er að sinna rannsóknum á fræðasviðinu og stuðla að þeim

með því að efna til samstarfs við innlent og erlent fræðafólk og rannsóknastofnanir, veita nemum aðstöðu og þjálfun til rannsóknastarfa, efla tengsl rannsókna og kennslu, sinna ráðgjöf og rannsóknatengdum þjónustuverkefnum og efla yfirsýn yfir fræðasviðið. Enn fremur er miðstöðinni ætlað að miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna með útgáfu, fyrirlestrum, fræðslufundum, málþingum og ráðstefnum. Þá hefur miðstöðin að markmiði að stuðla að marktækri og markvissri stefnumótun, umræðu og framþróun á sviðinu í samstarfi við opinbera aðila, atvinnulíf og þjóðlíf. Heimasíða miðstöðvarinnar er [www.mark.hi.is](http://www.mark.hi.is).

## Stjórn og ráðgjafarráð

Aðalfundur Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsókna var haldinn 27. ágúst. Í stjórn voru kosnir: Ingólfur V. Gíslason, lektor í félagsfræði, Kristín Loftsdóttir, prófessor í mannfræði, Steinunn Hrafnisdóttir, dósent í félagsráðgjöf, Sigurjón B. Hafsteinsson, dósent í safnafræði, og Brynhildur G. Flóvenz, dósent í lögræði. Gyða Margrét Pétursdóttir, lektor í kynjafræði, og Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði og fráfarandi formaður, gengu úr stjórn. Á fyrsta fundi stjórnar var Brynhildur Flóvenz kosin formaður og Ingólfur V. Gíslason varaformaður stjórnar. Eitt meginviðfangsefni nýrrar stjórnar laut að auglýsingu og ráðningu nýs forstöðumanns.

Við Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna starfar ráðgjafaráð sem skipað er áhugafólki og hagsmunaaðilum á starfssviði miðstöðvarinnar. Hlutverk þess er að vera stjórn til ráðgjafar og stuðnings við starfsemi hennar. Ráðgjafaráðið var skipað Halldóru Gunnarsdóttur, sérfræðingi á Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Margræti Steinarsdóttur, framkvæmdastjóra Mannréttindaskrifstofu Íslands, Hugrónu Hjaltadóttur, sérfræðingi á Jafnréttisstofu, ásamt Kristjáni Sturlusyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Rauða kross Íslands. Kristján gekk úr ráðinu um mitt ár og í hans stað kom Atli Viðar Thorstensen, sérfræðingur hjá Rauða krossi Íslands.

## Starfsemi

Formaður stjórnar Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsókna sinnir daglegri starfsemi miðstöðvarinnar. Miðstöðin hefur á starfsárinu átt samstarf við fjölmarga aðila, bæði innan og utan háskólans, um málþing og fyrirlestra, umsóknir og verkefni. Nokkur rannsóknaverkefni fræðafólks á Félagsvísindasviði voru unnin undir hatti miðstöðvarinnar, bæði innlend og í erlendu samstarfi. Þá hefur miðstöðin tekið þátt í innlendum og alþjóðlegum umsóknum um rannsóknarstyrki. Þann 8. maí 2013 boðaði Kristín Ingólfsdóttir rektor Háskóla Íslands formann stjórnar á sinn fund og boðaði að hún vildi styrkja Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna fjárhagslega um upphæð sem nemur hálfum starfsmanni í þrjú ár.

## Viðburðir

Þá stendur Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna fyrir hádegisfyrirlestrum og málþingum, ýmist í eigin nafni eða í samstarfi við aðra. Á árinu voru haldnir á þriðja tug viðburða í nafni miðstöðvarinnar, meðal þeirra voru atburðir á jafnréttisdögum Háskóla Íslands og málstofur á Þjóðarspegli.



# Heilbrigðisvísindasvið

## Almennt yfirlit, stjórn og stefna

Á Heilbrigðisvísindasviði eru sex deildir: Hjúkrunarfræðideild, Lyfjafræðideild, Læknadeild, Matvæla- og næringarfræðideild, Sálfræðideild og Tannlæknadeild. Forseti Heilbrigðisvísindasviðs er Inga Þórsdóttir, prófessor í næringarfræði við Matvæla- og næringarfræðideild. Auk forseta sviðsins sitja deildarforsetar í stjórn þess og einn fulltrúi nemenda. Rekstrarstjóri situr stjórnarfundum.

### Stjórn 1. janúar 2013 – 30. júní 2013

Fyrir Hjúkrunarfræðideild:	Guðrún Kristjánsdóttir prófessor
Fyrir Lyfjafræðideild:	Már Másson prófessor
Fyrir Læknadeild:	Guðmundur Þorgeirsson prófessor
Fyrir Matvæla- og næringarfræðideild:	Þórhallur Ingi Halldórsson dósent
Fyrir Sálfræðideild:	Sigurður J. Grétarsson prófessor
Fyrir Tannlæknadeild:	Bjarni Elvar Þjéttursson prófessor
Fulltrúi nemenda:	Baldvin Ingi Gunnarsson Læknadeild

### Stjórn 1. júlí 2013 – 31. desember 2013

Fyrir Hjúkrunarfræðideild:	Helga Jónsdóttir prófessor
Fyrir Lyfjafræðideild:	Már Másson prófessor
Fyrir Læknadeild:	Magnús Karl Magnússon prófessor
Fyrir Matvæla- og næringarfræðideild:	Þórhallur Ingi Halldórsson dósent
Fyrir Sálfræðideild:	Sigurður J. Grétarsson prófessor
Fyrir Tannlæknadeild:	Teitur Jónsson dósent
Fulltrúi nemenda:	Sandra Gunnarsdóttir Tannlæknadeild

Rekstrarstjóri: Vilborg Loftis

Á árinu voru haldnir nítján stjórnarfundir.

Viðfangsefni stjórnar voru margvísleg, m.a. fjármál, úthlutun úr Aldarafmællissjóði, Heilsutorg Heilbrigðisvísindasviðs, efling styrkjasóknar innan sviðsins, breytingar á skipulagi náms í ákveðnum deilda, breyting á reglum um meistaranám, efling doktorsnáms, aðgangsviðmið, starfsleyfi og nýsköpunarþing Heilbrigðisvísindasviðs.


## Starfsfólk

Á skrifstofu Heilbrigðisvísindasviðs störfuðu, auk forseta, rekstrarstjóri, upplýsinga- og vefstjóri, starfsmannastjóri og kennslustjóri. Í árslok var 31 starfsmaður í stjórnarsýslu í deildum og á sviðsskrifstofu í 24,7 stöðugildum. Aðrir starfsmenn við stoðþjónustu, í klíník í Tannlæknadeild og við ýmsar rannsóknastofnanir, voru sjö manns í 5,8 stöðugildum.

### Heilbrigðisvísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna

	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	181	140,6
Karlar	138	91,2
<b>319</b>	<b>231,8</b>	

## Heilbrigðisvísindasvið – Fjöldi starfsmanna eftir starfsheitum



Í desember 2013 störfuðu 77 prófessorar, 61 dósent, 40 lektorar og 16 aðjunktur með kennsluskyldu á Heilbrigðisvísindasviði. Í heild voru stöðugildi þeirra 131,06.

Stundakennarar voru alls um 940. Rannsóknafólk, nemar og nýdóttorar voru alls 56 í 40,78 stöðugildum.

## Stoðþjónusta og stjórnsýsla

<i>Stjórnsýsla fræðasviðsins og stoðþjónusta* – fjöldi starfsmanna í árslok 2013</i>				
		<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Samtals</i>
<b>Heilbrigðisvísindasvið</b>		0	7	7
	Hjúkrunarfræðideild	0	6	6
	Læknadeild	1	9	10
	Lyfjafræðideild	0	1	1
	Matvæla- og næringarfræðideild	0	1	1
	Sálfræðideild	0	2	2
	Tannlæknadeild	1	9	10

<b>Einna klingar</b>	<b>37</b>
<b>Starfsí gildi</b>	<b>30,3</b>

\* Þar með talið starfsfólk á klíník í Tannlæknadeild og tæknifólk deilda

Rekstrarstjóri ber ábyrgð á rekstri og stjórnun stoðþjónustunnar í samráði við forseta sviðsins. Innan hverrar deildar er deildarskrifstofa.

Reglulegir fundir voru haldnir með öllum starfsmönnum í stjórnsýslu og stoðþjónustu. Rekstrarstjóri og aðrir starfsmenn á sviðsskrifstofu funda mánaðarlega með deildarstjórum og verkefnastjórum námsbrauta.

Árlegur fræðslu- og vinnudagur stjórnsýslu og stoðþjónustu starfsmanna sviðsins var haldinn eftir hádegi þann 13. september. Erindi var flutt um starfsánægju og lífsgæði. Að því loknu fóru starfsmenn í heimsókn á Landspítalann þar sem starfsemi spítalans var kynnt með áherslu á samstarf Heilbrigðisvísindasviðs og spítalans.

## Þing Heilbrigðisvísindasviðs

Þing Heilbrigðisvísindasviðs var haldið í Hátíðasal Háskóla Íslands 22. apríl. Fundarstjóri var Guðrún Kristjánsdóttir, forseti Hjúkrunarfræðideildar. Sviðsforseti fór yfir stöðu mála í skýrslu sinni og fór hún víða í erindi sínu. Á þinginu var m.a. fjallað um stöðu rannsókna, Aldarafmælistjóð, rannsóknastig, doktorsvarnir, mótframlög vegna styrkja, fjárhagstöðu sviðsins og húsnæðismál. Fulltrúi nemenda í stjórn sviðsins ræddi þau málefni sem helst brunnu á nemendum. Kristín Ingólfssdóttir rektor, Hjálmtýr Hafsteinsson, dósent í tölvunarfræði við Verkfræði- og náttúruvísindasvið, og Peter Lange, provost við Duke University, fóru yfir kennslu á vefnum. Erna Guðrún Agnarsdóttir, kennslustjóri við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, flutti erindi um endurmenntun heilbrigðisstétta og samstarf við Endurmenntun Háskóla Íslands. Síðasta erindi þingsins fjallaði um sókn í erlenda sjóði og flutti Magnús Lyngdal Magnússon, verðandi skrifstofustjóri Miðstöðvar framhaldsnáms, erindi.

## Nefndir

Fulltrúar deilda í fastanefndum sviðsins eru skipaðir til þriggja ára og fulltrúar nemenda til eins árs í senn. Nefndir heyra undir stjórn Heilbrigðisvísindasviðs.

Í kennslumálanefnd Heilbrigðisvísindasviðs voru Björn Guðbjörnsson, fulltrúi Læknadeildar og formaður, Páll Biering, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, Hákon Hrafn Sigurðsson, fulltrúi Lyfjafræðideildar, Alfons Ramel, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, Guðmundur Arnelsson, fulltrúi Sálfræðideildar, Karl Örn Karlsson, fulltrúi Tannlæknadeildar, og Þórarinn Sveinsson, fulltrúi námsbrautar í sjúkráþjálfun við Læknadeild. Kennslustjóri sviðsins, Ingibjörg Þórisdóttir, var starfsmaður nefndarinnar.

Í vísindanefnd Heilbrigðisvísindasviðs voru Þórdís Kristmundsdóttir, fulltrúi Lyfjafræðideildar og formaður, Helga Jónsdóttir, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, Vilhjálmur Rafnsson, fulltrúi Læknadeildar, Ágústa Guðmundsdóttir, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, Fanney Þórsdóttir, fulltrúi Sálfræðideildar, og Inga B. Árnadóttir, fulltrúi Tannlæknadeildar. Kennslustjóri sviðsins, Ingibjörg Þórisdóttir, var starfsmaður nefndarinnar fyrri hluta árs og rannsóknastjóri sviðsins, Ása Vala Þórisdóttir síðari hluta árs.



Í doktorsnefnd Heilbrigðisvísindasviðs voru Helga M. Ögmundsdóttir, fulltrúi Læknadeildar og formaður, Kristín Björnsdóttir, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, Sveinbjörn Gizurarson, fulltrúi Lyfjafræðideildar, Ágústa Guðmundsdóttir, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, Daníel Ólason, fulltrúi Sálfræðideildar, Sigurður Rúnar Sæmundsson, fulltrúi Tannlæknadeildar, Arna Hauksdóttir, fulltrúi Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum, og Mardís Sara Karlsdóttir, fulltrúi doktorsnema. Kennslustjóri sviðsins, Ingibjörg Þórisdóttir, var starfsmaður nefndarinnar.

Í jafnréttisnefnd Heilbrigðisvísindasviðs voru Karl Örn Karlsson, lektor við Tannlæknadeild, formaður, Pétur Henry Petersen, dósent við Læknadeild, Erna Sigurðardóttir, deildarstjóri í Læknadeild, Guðbjörg Bragadóttir, fulltrúi í Læknadeild, Þóra Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri í Hjúkrunarfræðideild og Jónína Helga Ólafsdóttir, starfsmannastjóri.

## Doktorsvarnir

Nítján doktorsvarnir fóru fram á árinu við deildir Heilbrigðisvísindasviðs: ein frá Hjúkrunarfræðideild, ein frá Lyfjafræðideild, tólf frá Læknadeild, fjórar frá Matvæla- og næringarfræðideild og ein frá Sálfræðideild.

## Akademískar nafnbætur

Á árinu 2013 voru akademískar nafnbætur við Heilbrigðisvísindasvið ekki auglýstar.

## Húsnæðismál

Heilbrigðisvísindasvið hefur aðstöðu í átta húsum sem dreifast á svæði sem nær frá Vínlandsleið í Grafarholti í austri að Hofsvallagötu í vestri. Stjórnsýslu- og stoðþjónustan er á þrettán mismunandi stöðum. Þetta setur töluvert mark á starfsemi sviðsins. Ljóst er að starfsemin mun ekki komast undir eitt þak fyrr en með tilkomu nýs Landspítala. Þar er gert ráð fyrir að allar deildir sviðsins fái aðstöðu fyrir skrifstofur, kennslu og rannsóknir.

## Fjármál Heilbrigðisvísindasviðs

Fjárveiting	1.824.856*
Sértekjur	492.413*
Tekjur alls	2.317.269*
Útgjöld	2.208.301*
Tekjuafgangur	108.968*
Ársverk	262
Skráðir nemendur	2.333
Virkir nemendur	1.760
Nemendur/ársverk	6,7
Virkni nemenda	75,4%

\* Upphæðir eru í þús. kr.

## Markaðs- og kynningarmál


Háskóladagurinn var haldinn 9. mars 2013 og tóku allar deildir Heilbrigðisvísindasviðs þátt í dagskránni og kynntu bæði grunn- og framhaldsnám sitt. Kynningarbásar sviðsins voru á 2. hæð á Háskólatorgi. Háskóladagurinn var jafnframt haldinn síðar á fjórum stöðum á landsbyggðinni, á Selfossi, Egilsstöðum, Akureyri og Ísafirði, og var námsframboð Heilbrigðisvísindasviðs einnig kynnt þar. Grunnám var ennfremur kynnt í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Rannsóknnum vísindamanna úr öllum deildum sviðsins voru gerð góð skil í Tímariti Háskóla Íslands sem kom út í febrúar. Fréttabréf Heilbrigðisvísindasviðs, HeilbrigðisVísir, var gefið út þrisvar á árinu.

Á vef Háskóla Íslands er lögð áhersla á einfalt og aðgengilegt veftré og öfluga leitarvél. Vefur Heilbrigðisvísindasviðs og deilda þess gegnir lykilhlutverki í upplýsingamiðlun og kynningarstarfi sviðsins. Þar er ávallt að finna nýjustu upplýsingar um nám og kennslu á sviðinu, auk fréttu og upplýsinga um viðburði. Vefurinn er í sífelldri þróun og vinnslu enda í eðli sínu síbreytilegur og lifandi og þarfnast stöðugs viðhalds og vinnu.

Háskóli unga fólksins var haldinn vikuna 10.–14. júní. Mörg námskeið af Heilbrigðisvísindasviði voru kennd ásamt því að þemadagurinn Heilsa og heilbrigði fór fram í Læknagarði 12. júní.

## Skipurit Heilbrigðisvísindasviðs



## Miðstöð í lýðheilsuvísindum

### Almennt yfirlit og stjórn

Kennsla í lýðheilsuvísindum hófst við Háskóla Íslands í september árið 2007. Að náminu standa deildir Heilbrigðis- og Félagsvísindasviðs ásamt Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands, sem jafnframt hefur umsjón með náminu. Fagleg breidd Háskóla Íslands, þverfræðileg nálgun og alþjóðleg tengsl gera nemendum kleift að velja úr miklum fjölda námskeiða og móta þannig námið í átt að áhugasviði sínu.

Í námsstjórn þverfræðilegs náms í lýðheilsuvísindum sátu fyrri hluta árs: Haraldur Briem, sóttvarnarlæknir og dósent við Læknadeild, formaður námsstjórnar, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor og forseti Félags- og mannvísindadeildar, Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor og forseti Hjúkrunarfræðideildar, Guðmundur Þorgeirsson, prófessor og forseti Læknadeildar, og Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor og forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum. Unnur Anna var í rannsóknarleyfi til 1. ágúst og tók Arna Hauksdóttir dósent sæti í námsstjórn í fjarveru hennar. Á haustmánuðum urðu þær breytingar á námsstjórn að nýr deildarforseti Læknadeildar, Magnús Karl Magnússon prófessor tók við af Guðmundi og Halldór Sigurður Guðmundsson, lektor við Félagsráðgjafardeild, tók sæti Guðbjargar Lindu. Varamaður hans var Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, dósent við Hagfræðideild.

## Starfsfólk

Unnur Anna Valdimarsdóttir prófessor gegndi starfi forstöðumanns Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum. Auk hennar störfuðu þrír fastráðnir kennarar við miðstöðina, Thor Aspelund, dósent í 50% stöðu, Helga Zoëga dósent og Arna Hauksdóttir dósent. Staða Thors var styrkt af þróunarsjóði rektors og staða Örnú var að hluta fjármögnuð með rannsóknarstöðustyrk hennar frá Rannís. Helga og Arna fengu báðar framgang í stöðu dósents á árinu. Helga hlaut rannsóknarstöðustyrk frá Rannís og fór í framhaldinu í rannsóknaleyfi og sinnti rannsóknum við miðstöðina. Þau Gunnar Tómasson, læknir og doktorsnemi við Boston University, og Sigrún Helga Lund tölfraeðingur skiptu með sér stöðu rannsóknasérfræðings í líftölfræði. Dóra R. Ólafsdóttir var verkefnisstjóri við miðstöðina. Arna Hauksdóttir leysti Unni Önnu af í starfi forstöðumanns í rannsóknaleyfi hinnar síðarnefndu. Þau Tryggvi Þorgeirsson, Jóhanna Eyrún Torfadóttir, Ólöf Elsa Björnsdóttir og Gunnar Tómasson voru gerð aðjunktur til tveggja ára við Miðstöð í lýðheilsuvísindum á árinu.

Hjá Miðstöð í lýðheilsuvísindum höfðu 10 doktorsnemar aðstöðu og tóku flestir þeirra þátt í stunda- og dæmatímakennslu. Að auki höfðu nokkrir erlendir doktorsnemar og nýdóttorar tímabundið aðstöðu við miðstöðina.

Fjölmarginir gesta- og stundakennarar kenndu í skyldunámskeiðum en auk þess voru nokkrir frá samstarfsstofnunum Háskóla Íslands skipaðir í meistara- og doktorsnefndir. Kennarar frá um 10 deildum og námsbrautum við Heilbrigðis- og Félagsvísindasvið komu að leiðsögn í rannsóknaverkefnum nemenda.

## Nám og kennsla

Sem áður er megináhersla í meistaranáminu í lýðheilsu (MPH, Master of Public Health) lögð á rannsóknaraðferðir (faralds- og líftölfræði), undirbúning rannsókna, heilsueflingu og forvarnir. Próaðar hafa verið þrjár námslínur innan námsins þar sem í fyrsta lagi er lögð áhersla á sérþekkingu á meginlegum aðferðum lýðheilsuvísinda og framkvæmd rannsókna, í öðru lagi á heilbrigðisstjórnun og forvarnir og loks á heilsueflingu. Kennarar og gestafyrirlesarar í skyldunámskeiðum eru flestir úr öðrum deildum eða námsbrautum Háskóla Íslands ellegar samstarfsstofnunum innan- og utanlands. Í árslok voru 63 nemendur skráðir í meistaranám og 37 nemendur í diplómanám. Á árinu brautskráðust 10 nemendur með MPH-próf og 10 nemendur með diplómagráðu. Doktorsnám í lýðheilsuvísindum er í stöðugri sókn, í desember árið 2013 voru 20 nemendur skráðir í námið og ein doktorsvörn fór fram á árinu. Samkennt er með Læknadeild í námskeiðum í almennri aðferðafræði, faraldsfræði og líftölfræði.

## Alþjóðasamstarf

Miðstöð í lýðheilsuvísindum og Harvard School of Public Health endurnýjuðu samstarfssamning sinn um samvinnu í rannsóknum, kennslu og þjálfun og leiðbeiningu ungra vísindamanna árið 2012 og hefur það samstarf gengið sérlega vel á liðnu skólaári. Undirbúningi að umfangsmikilli framsýnni rannsókn, Heilsusögubankanum (SAGA Cohort), í samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands, Lífsýnabanka Landspítala – háskólasjúkrahúss og ýmsar erlendar vísindastofnanir var haldið áfram.

Námsbrautin bauð upp á eitt vikulangt námskeið í samstarfi við Nordic School of Public Health, Scientific Communication, og kennari í því var Alexandra Krettec. Nokkrir meistara- og doktorsnemar sóttu námskeið við Nordic School of Public Health, Karolinska Institutet og Oregon State University.

## Rannsóknir

Starfsfólk og nemendur Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum fengu tæplega 50 greinar birtar eða samþykktar á árinu í erlendum ritrýndum tímaritum. Helstu rannsóknasvið Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum eru: áföll og streita: afleiðingar á heilsufar og forvarnarviðbrögð, áhrif náttúruhamfara á heilsu, áhrifabættir langvinnra sjúkdóma, umhverfi og heilsa: loftgæði og notkun öndunarfæralyfja, heilsuefling barna og unglinga, sóttvarnir og viðbrögð við ýmsum heilsufarsögnum, jafnrétti til heilsu: öryggi, aðgengi og nýjungar í heilbrigðisþjónustu og lyfjafaraldsfræði.

Rannsóknaverkefni meistara- og doktorsnema tengjast flest að einhverju ofangreindum sviðum. Rannsóknir Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum eru flestar unnar í samvinnu við Hjartavernd, Krabbameinsskrá, embætti landlæknis og Landspítala – háskólasjúkrahús. Nemendur og kennarar í lýðheilsuvísindum hlutu á árinu styrki til rannsóknaverkefna sinna meðal annars frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Aðstoðarmannasjóði Háskóla Íslands, Vísindasjóði Landspítala – Háskólasjúkrahúss, Rannsóknasjóði Rannís, Rannsóknánámssjóði Rannís og Nýsköpunarsjóði námsmanna, auk fjölmargra smærri styrkja frá ýmsum félagasamtökum og fyrirtækjum.

## Markaðs- og kynningarmál

Námið var kynnt á sameiginlegri framhaldsnámskynningu háskólans, háskóladeginum, og einnig var boðið upp á kynningarfund í tengslum við umsóknarfrest á vormisseri. Opnar málstofur á vegum Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum voru haldnar reglulega. Meistara- og doktorsnemar voru mjög virkir við að kynna eigin verkefni á ráðstefnum og málþingum innanlands og utan. Miðstöð í lýðheilsuvísindum á einnig í traustu samstarfi við Faralds- og líftölfræðifélagið og heldur með því sameiginlegar málstofur og jólafund.

## Annað

Gunnar Tómasson og Helga Zoëga voru skipuð í samstarfsnefnd Háskóla Íslands og embættis landlæknis um kennslu og rannsóknir.

## Hjúkrunarfræðideild

### Almennt yfirlit og stjórn

Í Hjúkrunarfræðideild er í boði grunn- og framhaldsnám í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði. Áhersla er lögð á að efla klínískar rannsóknir og fjölga framhaldsnemendum.

Guðrún Kristjánsdóttir prófessor var forseti Hjúkrunarfræðideildar á fyrri hluta árs en 1. júlí tók Helga Jónsdóttir prófessor við starfi forseta. Varaforseti framan af ári var Helga Bragadóttir dósent en Erla Kolbrún Svavarsdóttir prófessor tók við starfi varadeildarforseta á haustmánuðum.

## Starfsfólk

Hjúkrunarfræðideild		
Stjórnsýsla og stoðþjónusta	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	6	4,85
– karlar	0	0
Aðjuntar		
– konur	5	1,97
– karlar	1	0,50
Lektorar		
– konur	5	4,50
– karlar	0	0
Dósentar		
– konur	7	5,5
– karlar	1	1
Prófessorar		
– konur	7	7
– karlar	2	2
Samtals	<b>28</b>	<b>22,47</b>
Starfsmenn Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði		
– konur	6	4,1
– karlar	0	0
Samtals	<b>6</b>	<b>4,1</b>

Í lok árs störfuðu átta prófessorar, níu dósentar, sex lektorar, fimm aðjuntar með kennsluskyldu og ellefu aðjuntar án kennsluskyldu í deildinni. Sautján voru með klíniska lektorsnafnbót við deildina í lok árs 2013. Um 300 stundakennarar komu að kennslu við deildina. Þrír fræðimenn eru með gestastöður kennara og tveir með heiðursdoktorsnafnbætur við deildina.

Á deildarskrifstofu störfuðu fimm starfsmenn í 4,25 stöðugildum en stöðugildi fastráðinna kennara voru 21 og við verknámsstofu starfaði verkefnisstjóri í 60% starfi.

Heba Soffía Björnsdóttir tók við starfi deildarstjóra í stjórnsýslu. Margrét Gústafsdóttir prófessor lét af störfum í árslok og Ingibjörg Hjaltadóttir og Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir hófu störf við deildina, Ingibjörg í stöðu dósent og Þórdís Katrín í stöðu lektors. Ásta Thoroddsen hlaut framgang í starf prófessors, Sigrún Gunnarsdóttir hlaut framgang í starf dósent og Brynja Örylgisdóttir var ráðin í starf lektors en hún hafði áður verið aðjunkt.

## Nám og kennsla

Nám til BS-gráðu í hjúkrunarfræði er 240 einingar og gefur jafnframt leyfi til að sækja um hjúkrunarleyfi á Íslandi. Kandidatspróf (embættispróf) í ljósmóðurfræði er 120 eininga nám að loknu BS-prófi í hjúkrunarfræði. Meistaránám var einnig í boði í ljósmóðurfræði. Meistaránám í

hjúkrunarfræði er 120 einingar og einnig var á árinu kennt viðbótardiplómanám á meistarastigi í skurðhjúkrun til 84 eininga, í svæfingahjúkrun til 88 eininga og þverfræðilegt diplómanám á meistarastigi í kynfræði til 30 eininga. Doktorsnám er til 180 eininga.

Námskrá fyrir BS-nám í hjúkrunarfræði árið 2013 var í öllum meginatriðum sú sama og á fyrra ári. Um 190 nemendur hófu grunnnám við deildina á haustmisseri og komust 93 þeirra í gegnum samkeppnispróf á haustmisseri. Úr BS-námi við Hjúkrunarfræðideild brautskráðust 79 nemendur á árinu.

Á haustmisseri hófu 50 nemendur meistaranám við Hjúkrunarfræðideild, þar af fimm í meistaranámi í ljósmóðurfræði. Í lok árs voru 20 nemendur í kandidateitnámi í ljósmóðurfræði og 94 í meistaranámi í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði. Áhersla í MS-námi er ýmist á klíniska sérhæfingu, rannsóknþjálfun eða stjórnun.

Á árinu luku fimmtán hjúkrunarfræðingar meistaraprófi: þrettán í hjúkrunarfræði og tveir í ljósmóðurfræði.

## Doktorsnám

Á árinu var einn nýr doktorsnemi tekinn í nám við Hjúkrunarfræðideild og voru við árslok þrettán nemendur í doktorsnámi við deildina.

## Alþjóðasamstarf

Hjúkrunarfræðideild er aðili að nokkrum norrænum samstarfsnetum, t.d. Nordlys sem er samstarfsnet um grunnnám í hjúkrun og nýtist einkum til klíníks skiptináms. Á framhaldsnámsstigi tók deildin aðallega þátt í fagmiðuðum samstarfsnetum, til dæmis Nordannet (svæfingahjúkrun), Nordejordemodern (ljósmóðurfræði) og Nordsnet sem er þverfaglegt net. Hafa netin bæði nýst nemendum og kennurum.

Hjúkrunarfræðideild kom að því að skipuleggja og taka þátt í kennslu í námskeiði á vegum Nordlys um mismunandi viðbótarmeðferð og siðfræði. Námskeiðið var haldið í Vaasa í Finnlandi í mars og tóku fimm kennarar og 27 nemendur þátt í því frá ýmsum skólum í samstarfsnetinu. Námskeiðið tókst mjög vel og verður haldið aftur árið 2014. Þóra Jenný Gunnarsdóttir dósent tók þátt í samstarfsverkefninu og kenndi á námskeiðinu.

Dagana 1.–5. apríl var haldið námskeið í Eirbergi um upplýsingatækni og skráningu í heilbrigðisþjónustu á vegum norræna Nordlys-netsins. Þátttakendur voru frá öllum Norðurlöndunum og Lettlandi, alls átján nemendur og átta kennarar frá níu háskólum. Megintilgangur námskeiðsins var að auka þekkingu hjúkrunarfræðinema á mikilvægi staðlaðs fagmáls í hjúkrunarfræði fyrir upplýsingatækni. Ásta Thoroddsen prófessor hafði veg og vanda af námskeiðinu hér á landi.

## Rannsóknir

Öflug rannsóknastarfsemi er við deildina. Fjórtán doktorsnemendur störfuðu með kennurum deildarinnar að verkefnum sínum. Einn þeirra varði ritgerð sína á árinu undir leiðsögn Herdísar Sveinsdóttur.

Erla Kolbrún Svavarsdóttir prófessor hefur lagt áherslu á að þróa meðferðir fyrir fjölskyldur sem eru að fást við langvinna og bráða sjúkdóma eða heilsufarsvanda af ýmsum toga. Meðferðirnar hafa meðal annars skilað árangri í bættri upplifun mæðra sem eiga börn með langvinna og bráða

sjúkdóma á stuðningi við fjölskyldurnar, betri virkni fjölskyldnanna, bættum lífsgæðum þeirra og meiri ánægju með heilbrigðisþjónustuna.

Helga Bragadóttir dósent hefur í rannsóknum sínum lagt áherslu á vinnu og vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga með tillit til öryggis sjúklinga og starfsmanna. Helga hefur leitt þverfaglegt rannsóknaverkefni þar sem vinna hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða er skoðuð, sem og áhrifaþættir vinnunnar, með það fyrir augum að greina hvar úrbóta er þörf. Hún vinnur nú að viðamiklu rannsóknaverkefni í samstarfi við Beatrice Kalisch við University of Michigan og fleiri fræðimenn víða um heim um óframkvæmda hjúkrun og teymisvinnu þar sem gögnum var safnað á öllum sjúkrahúsum á Íslandi.

Helga Gottfreðsdóttir dósent hefur lagt áherslu á rannsóknir á ákvörðunartöku verðandi foreldra um fósturskimun og fósturgreiningu og fræðslu og upplýsingagjöf fyrir fæðingu. Niðurstöður benda til að verðandi foreldrar líti á fósturskimun sem sjálfsagðan hluta af meðgönguvernd en að þá skorti upplýsingar um slíkar skimanir og samræðu við fagfólk. Niðurstöður sýna að hluti barnshafandi kvenna telur að of litlum tíma sé varið í að fræða um fæðinguna í aðdraganda hennar en það er einn af þeim þáttum sem hefur áhrif á upplifun kvenna af fæðingu og gangi hennar.

## Markaðs- og kynningarmál

BS- og MS-nám í hjúkrunarfræði og nám í ljósmóðurfræði var kynnt á sameiginlegri námskynningu háskólans 1. mars. Nemendur buðu gestum upp á blóðsykurs- og blóðþrýsingsmælingar við góðar undirtektir. Sama dag var jafnframt haldinn fundur með námsráðgjöfum í framhaldsskólum. Kynningarnar heppnuðust vel. Framboð framhaldsnáms var auk þess kynnt í sérstakri blaðaauglýsingu.

## Annað

Þann 2. október fagnaði Hjúkrunarfræðideild því að 40 ár voru liðin síðan kennsla í hjúkrunarfræði hófst við Háskóla Íslands. Áfanganum var fagnað með sérstakri afmælis dagskrá í Hátíðasal Háskóla Íslands. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra ávarpaði gesti og Helga Jónsdóttir, próffessor og forseti Hjúkrunarfræðideildar, og Arna Skúladóttir, sérfræðingur í barnahjúkrun á Landspítala – háskólasjúkrahúsi fluttu erindi. Við þetta tækifæri var úthlutað úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur, fyrrverandi námsbrautarstjóra í hjúkrunarfræði, og í ávarpi sínu tilkynnti Ingibjörg að hún myndi leggja viðbótarfé í sjóðinn að upphæð 500 þús. krónur í tilefni af 40 ára afmælinu. Styrki hlutu tveir doktorsnemar við Hjúkrunarfræðideild: Kristín Þórarinsdóttir fyrir verkefnið Notkun og þróun heilsufarstengds sjálfsmats í endurhæfingu og Margrét Gísladóttir fyrir verkefnið Meðferðarsamræður við fjölskyldur unglunga með átröskun og við fjölskyldur unglunga með ADHD. Leiðbeinandi Kristínar er Kristín Björnsdóttir, próffessor við Hjúkrunarfræðideild, og leiðbeinandi Margrétar er Erla Kolbrún Svavarsdóttir. Í lok dagskrár ávarpaði Ólafur G. Skúlason, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, gesti og færði Hjúkrunarfræðideild peningagjöf til styrktar grunnnámi við deildina.

Á krossgötum, kynningardagur hjúkrunarfræðinema, var haldinn í fimmta sinn 25. janúar. Hjúkrunarfræðinemar á fjórða ári grunnnáms kynntu fyrir gestum og gangandi ýmsar hliðar á starfi hjúkrunarfræðinga í samfélaginu.

Stýrihópur Heilsutorgs háskólanema ásamt verkefnisstjóra verkefnisins gaf út skýrsluna Heilsutorg, þverfræðileg samvinna í febrúar. Stýrihópurinn hélt vinnufundi 26. febrúar og 19. nóvember.

Málþingið Vinnum saman – Þverfræðilegt nám á heilbrigðisvísindasviði var haldið 6. maí og gesta fyrirlesari var Susanne Lindqvist. Heimasíða Heilsutorgs háskólanema var opnuð á málþinginu. Dagana 6. og 7. maí var haldin vinnusmiðja fyrir leiðbeinendur þverfræðilegs námskeiðs í umsjón Susanne Lindqvist. Unnið var að gerð handbóka fyrir nemendur og leiðbeinendur bæði fyrir fræðilega og klíniska hluta námskeiðsins.

## Brautskráðir stúdentar frá Hjúkrunarfræðideild 2013

### Hjúkrunarfræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	Hjúkrunarfræði	1	78	79
<b>BS Alls</b>		<b>1</b>	<b>78</b>	<b>79</b>
Cand. obst.	Ljóssmóðurfræði		10	10
<b>Cand. obst. Alls</b>			<b>10</b>	<b>10</b>
Doktorspróf	Hjúkrunarfræði		1	1
<b>Doktorspróf Alls</b>			<b>1</b>	<b>1</b>
MS	Hjúkrunarfræði		10	10
	Ljóssmóðurfræði		3	3
<b>MS Alls</b>			<b>13</b>	<b>13</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>1</b>	<b>102</b>	<b>103</b>

## Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala vinnur samkvæmt reglum nr. 542 frá 15. júní 2010 um stofnunina. Aðalviðfangsefni hennar er að styðja við og efla rannsóknir í hjúkrunar- og ljóssmóðurfræði. Upplýsingar um Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði má sjá á vefsíðu Hjúkrunarfræðideildar: [www.hjukrun.hi.is](http://www.hjukrun.hi.is).

### Stjórn og starfslið

Fyrri hluta árs (til 1. ágúst) voru í stjórn Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði: Helga Jónsdóttir (formaður), Þóra Jenný Gunnarsdóttir (tilnefnd af Hjúkrunarfræðideild) og Ingibjörg Hjaltadóttir (tilnefnd af framkvæmdastjóra hjúkrunar á Landspítala). Seinni hluta ársins (frá 1. ágúst) skipuðu stjórnina: Erla Kolbrún Svavarsdóttir (formaður), Guðrún Kristjánsdóttir (tilnefnd af Hjúkrunarfræðideild) og Ingibjörg Hjaltadóttir sat áfram í stjórninni.

Alls voru haldnir átta stjórnarfundir á starfsárinu og fjórir vinnufundir.

Starfsmenn Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði voru: Margrét Björnsdóttir, verkefnastjóri daglegs reksturs (50% stöðugildi) og Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, rannsóknasérfræðingur í aðferða- og tölfræði (20% stöðugildi).

### Húsnæði

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði hefur aðstöðu í Eirbergi, Eiríksgötu 34. Þær breytingar urðu á húsnæði stofnunarinnar á árinu að skrifstofa verkefnastjóra daglegs reksturs var færð upp á þriðju hæð í B-álmu. Áður hafði stofnunin haft til afnota tvær skrifstofur fyrir starfsmenn, eitt viðtals- og fundarherbergi á annarri hæð í A-álmu. Í A-álmu er auk þess tölvuver og lesaðstaða fyrir nemendur í



meistaránámi. Á þriðju hæð í A-álmú er vinnuástaða fyrir nemendur í doktorsnámi. Á fyrstu hæð í C-álmú er Rannsóknasetur Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði (Mörgustofa). Markmið setursins er að auðvelda kennurum í Hjúkrunarfræðideild og samstarfsfólki þeirra á Landspítala að stunda meðferðarrannsóknir.

## Rannsóknir

Markmið Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði er að styðja við rannsóknir kennara, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Hjúkrunarfræðideild og Landspítala. Einnig leitast stofnunin við að koma rannsóknum á framfæri í formi málstofa og fyrirlestra og með því að birta upplýsingar um þær á heimasíðu sinni.

Í stefnu Hjúkrunarfræðideildar 2012–2017 er meðal annars lögð áhersla á frjótt rannsóknnaumhverfi og árangur í rannsóknum. Rannsóknir í Hjúkrunarfræðideild taka mið af alþjóðlegum viðurkenndum mælikvörðum og gæðaviðmiðum. Lögð er áhersla á árangur, áhrif og gæði rannsókna og hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna. Í því skyni stefnir Hjúkrunarfræðideild meðal annars að því að auka rannsóknavirkni og gæði rannsókna. Því til viðbótar stefnir deildin að því fjölga birtingum, sérstaklega í virtum ritrýndum tímaritum.

Helsti mælikvarði á rannsóknvirkni kemur fram í rannsóknastigum Hjúkrunarfræðideildar. Þau eru metin út frá þáttum eins og fjölda ritrýndra tímaritsgreina, bóka, bókarkafla og erinda kennara fyrir hvert ár í senn. Meðaltal rannsóknastiga á hvern starfsmann við Hjúkrunarfræðideild árið 2013 voru 27,8 stig.

## Viðburðir á vegum stofnunarinnar og kynningar á rannsóknaniðurstöðum

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði leggur áherslu á að fylgjast með þeim rannsóknum sem verið er að vinna að í fræðasviði sínu og koma þeim á framfæri. Það er gert með viðburðum eins og málstofum, fyrirlestrum, vinnusmiðjum og málþingum þar sem greint er frá rannsóknum og rannsóknaniðurstöðum. Á árinu stóð stofnunin fyrir tveimur málþingum, einu opinberu erindi, sex rannsóknasamræðum og einni vinnusmiðju.

## Rannsóknasjóðir

### Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur

Markmið Rannsóknasjóðs Ingibjargar R. Magnúsdóttur er að efla rannsóknir í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði. Styrkir eru veittir hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum í doktorsnámi til rannsóknaverkefna sem falla að markmiði sjóðsins. Sjóðurinn veitti styrki að upphæð ein milljón króna árið 2013. Styrkþegarnir voru Kristín Þórarinsdóttir og Margrét Gísladóttir.

### Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar

Hinn 22. desember 2008 var Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda stofnaður. Stofnfé var 25 milljónir króna. Tilgangur sjóðsins og markmið er að styrkja ljósmæður og hjúkrunarfræðinga til framhaldsnáms. Sjóðurinn er í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands. Á árinu 2013 var í fyrsta skipti úthlutað úr sjóðnum. Styrkþeginn var Sigríður Sía Jónsdóttir og styrkurinn nam einni og hálfri milljón króna.

# Lyfjafræðideild

## Almennt yfirlit og stjórn

Í Lyfjafræðideild fer fram kennsla og rannsóknir í lyfjafræði og lyfjavísindum. Deildarforseti Lyfjafræðideildar var Már Másson prófessor. Varadeildarforseti fyrri hluta árs var Hákon Hrafn Sigurðsson dósent og seinni hluta árs Sesselja S. Ómarsdóttir dósent.

Deildarráð Lyfjafræðideildar var skipað þeim Önnu Birnu Almarsdóttur prófessor (sem var þó í leyfi frá 1. mars 2013) Elínu Soffíu Ólafsdóttur prófessor, Hákon Hrafn Sigurðssyni dósent, Kristínu Ingólfssdóttur prófessor (sem hefur verið í leyfi frá 1. júlí 2005 þar sem hún gegnir starfi rektors), Margréti Þorsteinsdóttur dósent, Má Másyni, prófessor og deildarforseta, Sesselju Ómarsdóttur dósent, Sveinbirni Gizurarsyni prófessor, Þorsteini Loftssyni prófessor, Þórdísi Kristmundsdóttur prófessor, Sigurjóni Viðari Gunnlaugssyni, formanni félags lyfjafræðinema, og Auðuni Gissurarsyni, fyrrverandi formanni félags lyfjafræðinema.

## Starfsfólk

Lyfjafræðideild			
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi	
– konur	1	1	
– karlar	0	0	
Lektorar			
– konur	1	0,15	
– karlar	2	0,87	
Dósentar			
– konur	2	2	
– karlar	1	1	
Prófessorar			
– konur	2	2	
– karlar	3	2,49	
Samtals	<b>11</b>	<b>8,51</b>	
Aðrir starfsmenn deildarinnar			
– konur	3	2,95	
– karlar	3	2,95	
Samtals	<b>6</b>	<b>5,9</b>	

Á árinu störfuðu við Lyfjafræðideild sex prófessorar og þrjár dósentar auk þriggja lektora í hlutastarfi, deildarstjóra og aðstoðarmanns á rannsóknastofum. Einnig kom fjöldi stundakennara að kennslunni. Einn nýdoktor starfaði við deildina tímabundið, Hong Bing Liu, sem hóf starf 1. mars. Einar Mäntylä gestadósent kenndi við deildina á haustmíssi. Kristín Ingólfssdóttir prófessor var í leyfi þar sem hún gegnir stöðu rektors Háskóla Íslands. Anna Birna Almarsdóttir prófessor fór í leyfi til eins árs frá og með 1. mars er hún fór til starfa við Syddansk Universitet í Danmörku. Lárus Steinþór Guðmundsson var ráðinn í eitt ár frá 1. júlí í 50% stöðu lektors í lyfjafaraldsfræði. Sergey V. Kurkov var ráðinn 1. mars í tímabundna stöðu til þriggja ára, annars vegar í 60% stöðu sem umsjónarmaður Lyfjafræðiseturs og hins vegar í 40% stöðu sem sérfræðingur. Kristín Stefanía Þórarinsdóttir deildarstjóri fór í árs barneignarleyfi í nóvember og leysti Sigrún Sigurðardóttir hana af.

## Nám og kennsla

Í Lyfjafræðideild fer fram kennsla, rannsóknir, fræðsla og þjónusta. Starfsemi deildarinnar hefur miðað að því að sinna þessum fjórum þáttum en aðaláherslan er lögð á kennslu og rannsóknir í lyfjafræði og lyfjavísindum. Markmið háskólanáms í lyfjafræði er að nemendur séu að námi loknu hæfir til að stunda öll almenn lyfjafræðistörf: í lyfjabúðum, við lyfjagerð, í lyfjaiðnaði og lyfjaheildverslunum, á sjúkrahúsum og við rannsóknir. Auk þess er boðið upp á rannsóknamiðað nám til MS-prófs í lyfjavísindum.

Við Lyfjafræðideild er boðið upp á þriggja ára BS-nám í lyfjafræði og tveggja ára MS-nám einnig í lyfjafræði. Að loknu tveggja ára meistaranámi í lyfjafræði geta nemendur sótt um starfsleyfi lyfjafræðings til landlæknisembættisins. Við Lyfjafræðideild er einnig boðið upp á 120 eininga MS-nám í lyfjavísindum (pharmaceutical sciences) fyrir þá sem hafa lokið BS-prófi í efnafræði, lífefnafræði, líffræði, lyfjafræði eða skyldum greinum. Að loknu MS-námi býður Lyfjafræðideild upp á þriggja ára doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum (180e).

Á haustmisseri 2013 voru 164 nemendur innritaðir í nám í Lyfjafræðideild, þar af voru 123 í BS-námi, 28 í MS-námi og 13 í doktorsnámi. Könnunarpróf sem nota á til undirbúnings fyrir hugsanlegt inntökupróf síðar við deildina var lagt fyrir nýnema.

## Alþjóðasamstarf

Átta erlendir skiptinemar stunduðu nám við deildina á árinu. Frá Finnlandi komu þær Brianna Elin Cecilia Blomqvist og Oona Maria Ahokas. Frá Póllandi kom Dorota Anna Wojciechowska. Frá Spáni komu þeir Marcos García-Padial, Andrea Bartolomé Figueroa og Óscar Cos Álvarez. Ana Rita Paiva Malvas kom frá Portúgal og Maja Stefánsdóttir Egekvist kom frá Danmörku

## Rannsóknir

Í deildinni er mikil áhersla lögð á rannsóknir og góður árangur á því sviði einkennir starf hennar. Allir fastráðnir kennarar eru virkir í rannsóknnum, eins og sjá má á vef deildarinnar þar sem kennarar birta meðal annars ritaskrár sínar. Fjöldi birtra greina í ISI-tímaritum er almennt viðurkenndur mælikvarði á rannsóknavirkni og þar er árangur kennara Lyfjafræðideildar með því besta sem gerist í Háskóla Íslands. Þessi mikla rannsóknavirkni endurspeglast í fjölda doktors- og meistaranema við deildina.

Nýr tækjabúnaður var tekinn í notkun við deildina, meðal annars djúpfrystir, análýsuvog, töflusláttarvél, HPLC-tæki, „dynamic light scattering“ tæki og HPLC-tæki fyrir GPC.

Kennarar Lyfjafræðideildar eru iðnir við að sækja um og fá rannsóknastyrki bæði úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum til að standa straum af launagreiðslum til doktorsnema og rekstri rannsóknastofa. Starfsmenn deildarinnar fengu meðal annars fjóra stóra alþjóðlega styrki á árinu.

## Markaðs- og kynningarmál

Lyfjafræðinámið var kynnt á háskóladeginum 9. mars. Lyfjafræðinemar tóku enn fremur að sér að fara í framhaldsskóla og kynna námið fyrir nemendum þar eins og undanfarin ár. Doktorsnemar, meistaranemar og kennarar í deildinni, auk erlendra og innlendra gestafyrirlesara, kynntu að vanda rannsóknir sínar á málstofu Lyfjafræðideildar.

## Annað

Þann 26. febrúar var þremur doktorsnemendum veittur styrkur úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Scheving Thorsteinssonar lyfsala. Styrkþegarnir voru Elena Ukhatskaya, Eydís Einarasdóttir og Priyanka Sahariah.

Skipuð var sjálfsmatsnefnd Lyfjafræðideildar sem mun taka til starfa á vormisseri 2014. Nefndina munu skipa Már Másson, Sesselja Ómarsdóttir, tveir fulltrúar nemenda, erlendur fulltrúi (Pia Vourela), utanaðkomandi fulltrúi og Kristín Stefanía Þórarinsdóttir.

## Brautskráðir stúdentar frá Lyfjafræðideild 2013

### Lyfjafræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS		1	11	12
<b>BS Alls</b>		<b>1</b>	<b>11</b>	<b>12</b>
Doktorspróf	Lyfjafræði		1	1
<b>Doktorspróf Alls</b>			<b>1</b>	<b>1</b>
MS	Lyfjafræði	3	11	14
	Lyfjavísindi		1	1
<b>MS Alls</b>		<b>3</b>	<b>12</b>	<b>15</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>4</b>	<b>24</b>	<b>28</b>

## Lyfjafræðisetur

### Almennt yfirlit

Lyfjafræðisetur Háskóla Íslands er rannsóknasetur í lyfjafræði og lyfjavísindum (Centre of Research in Pharmacy and Pharmaceutical Sciences) var stofnað í janúar 2011. Lyfjafræðisetur heyrir undir Lyfjafræðideild og er regnhlíf yfir rannsóknastarfsemi deildarinnar. Að jafnaði stunda u.þ.b. 10 fræðimenn, 20 doktorsnemar og 14 meistaranemar deildarinnar rannsóknir sínar undir þeirri hlíf. Lyfjafræðisetur hefur aðsetur í húsnæði Lyfjafræðideildar í Haga við Hofsvallagötu.

Hlutverk Lyfjafræðisets er að stunda rannsóknir á sviði lyfjafræði og lyfjavísinda við Háskóla Íslands. Markmið setursins er að styrkja og hafa umsjón með aðstöðu og tækjabúnaði til rannsókna í lyfjafræði og lyfjavísindum við skólann og efla vísindalega þjálfun ungs fólks á þessu sviði. Jafnframt leggur Lyfjafræðisetur áherslu á að miðla rannsóknaniðurstöðum og kynna störf vísindamanna og nemenda deildarinnar með málstofum og fundum og kynningu á vef setursins. Rannsóknastarfsemi setursins er skipað í þrjá kjarna hvað skipulag varðar: kjarna í lyfjaefnafræði, kjarna í lyfjagerðarfræði og kjarna í klínískri lyfjafræði og félagslyfjafræði. Rannsóknahópum sem starfa innan deildarinnar er skipað í þessa þrjá kjarna.

### Stjórn og starfsmenn

Lyfjafræðisetur hefur þriggja manna stjórn, skipaða akademískum starfsmönnum Lyfjafræðideildar. Á árinu sátu í stjórn Elín Soffía Ólafsdóttir prófessor (formaður), Hákon Hrafn Sigurðsson dósent og



Margrét Þorsteinsdóttir dósent. Stjórn vinnur náið með umsjónarmanni setursins og deildarforseta. Lyfjafræðisetur hefur ekki sérstakan fjárhag og er alfarið undir fjárhagslegri stjórn Lyfjafræðideildar.

Sergey Kurkov var ráðinn til Lyfjafræðiseturs á árinu sem umsjónarmaður setursins. Á verksviði hans eru gæðamál og daglegur rekstur rannsóknaraðstöðunnar, auk þess sem hann leiðbeinir nýjum starfsmönnum og stundar jafnframt eigin rannsóknir. Þá sér hann um að afla styrkja og halda við heimasíðu setursins. Umsjónarmaður setursins er jafnframt starfsmaður Lyfjafræðideildar.

## Rannsóknastofnun um lyfjamál

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofnun um lyfjamál er hlutlaus og óháð rannsókn- og fræðslustofnun. Stofnunin einbeir sér að rannsóknum og úttektum á lyfjamálum, þjónustuverkefnum á sviði lyfjamála og símenntun á sviði lyfjamálafræða. Markmið stofnunarinnar er að auka rannsóknir og fræðslu um lyfjanotkun og lyfjastefnu á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi og er ætlað að vera víðtækur vettvangur rannsókna á sviði lyfjamála, lyfjahagfræði og lyfjafaraldsfræði.

Að stofnuninni standa fastir kennara í lyfjafræði og samstarfsaðilar innan Háskóla Íslands og utan. Samstarfsaðilar eru m.a. Lyfjastofnun, landlæknisembættið, Landspítali – háskólasjúkrahús, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið (nú velferðarráðuneytið) og Lyfjafræðingafélag Íslands.

Stjórn stofnunarinnar er sjö manna, skipuð af forseta Heilbrigðisvísindasviðs. Einn er tilnefndur af deildarfundi Lyfjafræðideildar og er hann formaður, forseti Lyfjafræðideildar tilnefnir fjóra menn frá þeim samstarfsaðilum stofnunarinnar sem samningar hafa verið gerðir við og einn stjórnarmann frá öðrum samstarfsaðilum innan háskólans og rektor skipar einn fulltrúa.

Starfsemi Rannsóknastofnunar um lyfjamál var á fyrstu starfsárum mjög öflug og fékk hún styrki til starfsemi sinnar. Starfsemin hefur hins vegar að mestu legið niðri undanfarin ár vegna fjárskortis og verkefnaleysis. Anna Birna Almarsdóttir prófessor, sem átti frumkvæðið að stofnuninni, var auk þess að mestu í leyfi frá Háskóla Íslands á árinu og starfaði við Syddansk Universitet í Óðinsvéum í Danmörku. Dæmi um mikilvægt samfélagsverkefni sem unnið var á stofnuninni er verkefnið Sónun lyfja, sem var rannsókn á umfangi sóunar lyfja í samfélaginu. Jafnframt var farið í áttak í samvinnu við apótek landsins til að upplýsa almenning um sóun lyfja og mikilvægi þess að taka sig á í þeim efnum. Um gríðarlegar fjárhæðir er að tefla og hagur ríkisvaldsins að bæta um betur er þar með augljós.

## Læknadeild

### Almennt yfirlit og stjórn

Í Læknadeild fer fram kennsla og rannsóknir í læknisfræði en að auki heyra undir deildina námsbraut í sjúkrapjálfun, námsbraut í geislafræði og námsbraut í lífeindafræði, Miðstöð í Lýðheilsuvísindum (sem er miðstöð þverfaglegs meistara- og doktorsnáms í greininni) og þverfræðilegt meistaranám í talmeinafræði. Námsbrautir hafa sérstakar námsbrautarstjórnir og situr deildarforseti stjórnarfundi þeirra (sjá sérstaka kafla um námsbrautirnar).

Fyrri hluta árs var deildarráð Læknadeildar skipað þeim Guðmundi Þorgeirssyni, prófessor og deildarforseta, Magnúsi Karli Magnússyni, prófessor og varadeildarforseta, Ingibjörgu Harðardóttur

prófessor, Karli K. Andersen prófessor, Hannesi Petersen dósent, Tómasi Guðbjartssyni prófessor, Jórinni Erlu Eyfjörð prófessor, Mörthu Ásdís Hjálmarsdóttur, dósent og formanni námsbrautar í lífeindafræði, Díönu Óskarsdóttur, lektor og formanni námsbrautar í geislafræði, og Þórnari Sveinssyni, dósent og formanni námsbrautar í sjúkraþjálfun. Þann 1. júlí urðu þær breytingar á stjórn deildarinnar að Magnús Karl Magnússon prófessor tók við embætti deildarforseta af Guðmundi Þorgeirssyni prófessor, sem hvarf þá úr deildarráði, og Unnur A. Valdimarsdóttir prófessor tók sæti í deildarráði og varð varadeildarforseti. Auk forseta og varaforseta voru aðalmenn í deildarráði síðari hluta ársins þau Ingibjörg Harðardóttir prófessor, Tómas Guðbjartsson prófessor, Hannes Petersen dósent, Jórunn Erla Eyfjörð prófessor, Runólfur Pálsson dósent, Martha Ásdís Hjálmarsdóttir, dósent og námsbrautarstjóri í lífeindafræði, Díana Óskarsdóttir, lektor og námsbrautarstjóri í geislafræði, og Þórarinn Sveinsson, dósent (prófessor frá 1. júlí) og námsbrautarstjóri í sjúkraþjálfun. Að auki sátu tveir fulltrúar læknanema fundi deildarráðs. Varamenn í deildarráði fyrri hluta árs voru Eiríkur Steingrímsson prófessor, Ragnar Bjarnason dósent, Bryndís Benediktsdóttir dósent, Reynir Arngrímsson dósent og Gísli H. Sigurðsson prófessor. Þann 1. júlí urðu þær breytingar á varadeildarráði að Karl K. Andersen prófessor tók sæti Gísla H. Sigurðssonar.

## Starfsfólk

Læknadeild			
	Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
	– konur	9	7
	– karlar	1	0,75
	Aðjuntar		
	– konur	7	2,4
	– karlar	2	0,75
	Lektorar		
	– konur	10	7,4
	– karlar	9	4
	Dósentar		
	– konur	7	5,3
	– karlar	25	13,5
	Prófessorar		
	– konur	7	5,5
	– karlar	43	25
	Samtals	<b>110</b>	<b>63,9</b>
	Akademískir sérfræðingar		
	– konur	1	0,49
	– karlar	1	0,5
	Samtals	<b>2</b>	<b>0,99</b>
	Aðrir starfsmenn deildarinnar (rannsóknafólk)		
	– konur	32	23,8
	– karlar	11	9,7
	Samtals	<b>43</b>	<b>33,5</b>
	Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði		
	– konur	17	16
	– karlar	3	2
	Samtals	<b>20</b>	<b>18,0</b>

Í ársbyrjun störfuðu 88 fastráðnir kennarar við kennslu og rannsóknir í læknisfræði, þar af 76 í hlutastörfum (25–75% starfi). Á þeim tíma voru 49 prófessorar í hópi fastráðinna kennara, 24 dósentar og 12 lektorar. Aðjunktur voru 62. Læknadeild er í nánú samstarfi við Landspítala og fleiri heilbrigðisstofnanir og eru hlutastörf klínískra kennara við deildina yfirleitt í tengslum við a.m.k. 50% starf á sama fræðasviði á þeim stofnunum. Á árinu hlutu nokkrir kennarar framgang í starfi, þá var ráðið í stöður sem höfðu verið ómannaðar um hríð og eins létu nokkrir kennarar af störfum, einkum fyrir aldurssakir. Hér að neðan er gerð grein fyrir þessum breytingum.

Eftirtaldir hlutu framgang í starfi á árinu

- Pétur Henry Petersen fékk framgang í stöðu dósents.
- Sólveig Ása Árnadóttir fékk framgang í stöðu dósents.

Eftirtaldir starfsmenn voru nýráðnir á árinu

- Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, var ráðinn í 50% starf prófessors.
- Sigurður Yngvi Kristinsson var ráðinn dósent í blóðsjúkdómalækningum og fékk jafnframt framgang í starf prófessors.

Eftirtaldir starfsmenn létu af störfum á árinu

- Gísli Einarsson, lektor í endurhæfingarfræði.
- Jakob L. Kristinsson, prófessor í eiturefnafræði.

Hekla Sigmundsdóttir, dósent í lífeindafræði, lést 17. janúar. Hennar er minnst með mikilli virðingu og þakklæti.

Breytingar á fræðasviði heimilislækninga

Jóhann Ágúst Sigurðsson, prófessor í heimilislækningum, óskaði eftir lægra starfshlutfalli og að hætta sem forstöðumaður fræðasviðs í heimilislækningum. Emil Sigurðsson dósent, tók við hlutverki forstöðumanns fræðasviðsins.

## Nám og kennsla

Inntökupróf í læknisfræði og sjúkraþjálfun fóru fram 12. og 13. júní. Samtals þreytti 361 stúdent próf, þar af 297 stúdentar prófið í læknisfræði og 64 í sjúkraþjálfun. Um haustið hófu síðan 49 stúdentar nám í læknisfræði og 25 stúdentar hófu nám í sjúkraþjálfun. Kynjaskipting þeirra sem hófu nám í læknisfræði var 21 karl og 28 konur og í sjúkraþjálfun átta karlar og 17 konur. Árið 2013 voru 48 læknanemar brautskráðir með BS-gráðu, í jöfnum kynjahlutföllum, og alls luku 40 nemendur embættisprófi í læknisfræði á árinu, 15 karlar og 25 konur.

Rannsóknatengt framhaldsnám deildarinnar er sem fyrr í miklum blóma. Á vormisseri voru mánaðarlega haldnar stuttar málstofur, þar sem þrjú nemendur kynntu verkefni sín hverju sinni, en á haustmisseri var forminu breytt þannig að aðeins var ein málstofa haldin á misserinu sem stóð allan daginn og fjöldi nema fluttu erindi. Árið 2013 voru 139 nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi í Læknadeild, 73 í meistaranámi og 66 í doktorsnámi. Alls hófu 18 nemendur meistaranám á árinu og 24 nemendur luku meistaraþrófi í læknisfræði.

## Doktorsnám

Í doktorsnám voru innritaðir 15 nemendur og 12 doktorsnemar luku doktorsprófi á árinu, þar af 7 karlar og 5 konur. Nánari upplýsingar um brautskráða doktora og verkefni þeirra er að finna á öðrum stað í þessu riti. Frá upphafi hefur Læknadeild nú brautskráð samtals 86 nemendur með doktorspróf, 43 karla og 43 konur.



## Alþjóðasamstarf

Nemendur á sjötta ári í læknisfræði þreyttu að venju alþjóðlegt próf, CCSE (Comprehensive Clinical Science Examination). Gildi prófsins er margþætt. Alþjóðlegt viðmið fyrir námið er afar þýðingarmikið, hægt er að skoða árangur nemenda í einstökum greinum og þeir fá upplýsingar um stöðu sína í samanburði við erlenda nemendur.

Nemendaskipti við erlenda háskóla árið 2013 voru með þeim hætti að 10 erlendir skiptinemar stunduðu nám við deildina. Þeir komu frá Þýskalandi og Danmörku. Enginn íslenskur læknanemi fór utan til skiptináms á árinu.

Afar sterk hefð er fyrir alþjóðlegu rannsóknasamstarfi í deildinni og einnig koma margir læknar erlendis frá að kennslu í Læknadeild. Í apríl kom Jan F. Chlebowski, prófessor við Virginia Commonwealth University í Richmond í Virginíu, í heimsókn til Læknadeildar og kynnti nýjar hugmyndir um kennslu í læknisfræði. Edzard Ernst, prófessor emeritus við háskólann í Exeter, heimsótti Læknadeild þann 18. apríl í tengslum við málþing til heiðurs Magnúsi Jóhannssyni og hélt fyrirlestur um óhefðbundnar lækningar. Anne Ephrussi, frá European Molecular Biology Laboratory (EMBL) í Þýskalandi, kom í heimsókn 22. apríl. Hún hefur umsjón með doktorsnámi hjá EMBL og kynnti fyrirkomulag þess og umgjörð.

## Rannsóknir

Kennarar og aðrir vísindamenn Læknadeildar eru öflugir á sviði rannsókna og liggja þræðir þeirra víða. Auk sjálfstæðra verkefna, innlendra og erlendra, tengjast kennarar deildarinnar mörgum helstu rannsóknastofnunum landsins, Keldum, Íslenskri erfðagreiningu, Hjartavernd og Krabbameinsfélagi Íslands. Landspítali er síðan vettvangur rannsókna allra þeirra kennara sem gegna samhlíða störfum við Háskóla Íslands og spítalann. Vísindanefnd sviðsins er starfsfólki til ráðgjafar um mál er lúta að rannsóknum og aðstöðu til þeirra, auk þess sem hún stendur fyrir árlegri rannsóknaráðstefnu í líf- og heilbrigðisvísindum í samstarfi við aðrar deildir sviðsins.

## Markaðs- og kynningarmál

Læknadeild kynnti námsframboð á háskóladeginum 9. mars. Auk hefðbundinnar kynningar, þar sem kennarar og nemar kynna gestum námsframboð, var að þessu sinni sett upp líkan af skurðstofu þar sem gestir fengu að spreyta sig á saumaskap og mæltist það afar vel fyrir. Grunnám deildarinnar var einnig kynnt í nokkrum framhaldsskólum sem höfðu óskað sérstaklega eftir því. Læknadeild og Siðfræðistofnun voru í samstarfi um röð málþinga sem haldin voru í Lögbergi, fyrsta föstudag hvers mánaðar. Meðal efnis á málþingunum voru tilraunalækningar og kukl, líffæragjafir og ætlað samþykki, kynáttunarvandi, niðurskurður, réttlæti og heilbrigðiskerfið. Læknadeild hélt málþing í júní fyrir almenning um erfðir og brjóstakrabbamein í samvinnu við samtökin Göngum saman, Kraft og Samhjálp kvenna. Á málþinginu var leitast við að varpa ljósi á hvaða hlutverki BRCA-gen gegna í myndun brjóstakrabbameins, hvaða upplýsingar eru til hér á landi, hvernig slíkar upplýsingar geta nýst til forvarna og hvaða siðferðilegu spurningar vakna við slíka nýtingu. Læknadeild tók þátt í vísindavöku Rannís í september. Um 5000 manns sóttu vísindavökuna þetta árið. Fulltrúar Læknadeildar voru með örfyrirlestra, auk kynningarbása, þar sem gestir fengu meðal annars að prófa að fjarlægja botnlanga og sauma húð, auk sýnikennslu í endurlífgun. Framkvæmdin gekk afar vel og tölverð aðsókn var að bás Læknadeildar.

Alþjóðlegur hópur vísindamanna undir forystu Eiríks Steingrímssonar, prófessors við Lífvísindasetur og Læknadeild, fékk birta grein í vísindatímaritinu Cell um erfðapætti sem ákvarða hára- og augnlit í mönnum. Heiti greinar er: A Polymorphism in IRF4 Affects Human Pigmentation through a Tyrosinase-Dependent MITF/TFAP2A Pathway.

## **Annað**

Halldór Jónsson, prófessor í bæklunarskurðlækningum, hlaut kennsluverðlaun Félags læknanema árið 2013. Verðlaunin voru veitt á árshátíð félagsins 16. mars en þetta er í annað sinn sem Halldór fær þessa viðurkenningu. Með viðurkenningunni þakkar Félag læknanema Halldóri vel unnin störf og góðvild í garð læknanama. Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði, var útnefndur heiðursvísindamaður Landspítala 2013.

## **Námsbraut í sjúkraþjálfun**

### **Stjórn og starfsfólk**

Árið 2013 störfuðu sjö fastráðnir kennarar við námsbrautina. Á árinu fékk einn kennari, Þórarinn Sveinsson, framgang í stöðu prófessors. Þrjú dósentar voru í 100% stöðu, einn lektor í 75% stöðu og tveir í 50% stöðu. Einn aðjunkt starfaði við námsbrautina. Þórarinn Sveinsson gegndi formennsku námsbrautarinnar. Eitt 100% stöðugildi var við stjórnslu námsbrautarinnar og gegndi Ásta Guðjónsdóttir því starfi. Stjórn námsbrautarinnar var skipuð öllum fastráðnum kennurum námsbrautarinnar, auk þriggja fulltrúa nemenda. Deildarforseti Læknadeildar, Magnús Karl Magnússon, var áheyrnarfulltrúi á námsbrautarfundum.

### **Nám og kennsla**

Inntökupróf voru haldin í júní og að þeim loknum fengu 25 nemendur sæti á fyrsta ári. Kynning á BS-verkefnum brautskráningarkandídata fór fram í maí og kynntu 26 nemendur 14 verkefni. MS-nám í hreyfivísindum er skipulagt af námsbraut í sjúkraþjálfun í tengslum við framhaldsnám Læknadeildar. Fastráðnir kennarar námsbrautarinnar voru leiðbeinendur í alls 15 MS-verkefnum og fimm doktorsverkefnum á árinu. Af þeim voru tveir MS-nemar brautskráðir á árinu.

Á árinu var tekin sú ákvörðun að breyta námsfyrirkomulagi þannig að nám til BS-gráðu taki þrjú ár og tvö til viðbótar til MS-gráðu sem veitir jafnframt rétt til starfsleyfis. Áætlað er að taka nemendur inn á fyrsta námsár í nýju námsfyrirkomulagi frá og með haustinu 2014.

### **Rannsóknir**

Kennarar námsbrautarinnar og nemendur þeirra í BS-námi og framhaldsnámi stunda rannsóknir við Rannsóknastofu í hreyfivísindum. Sjá umfjöllun um hana hér að neðan.

### **Markaðs- og kynningarmál**

Nemendur og kennarar unnu saman að því að kynna nám í sjúkraþjálfun á námskynningu í mars, háskóladeginum. Þar var meðal annars dreift bæklingi um nám í sjúkraþjálfun og starf að námi loknu. Hreyfingur, sem stofnaður var árið 2006, er fræðslu- og kynningarverkefni sem felst í því að nemar í sjúkraþjálfun fara í framhaldsskóla og fræða nemendur. Verkefnið er hugsað til forvarna gegn álagseinkennum hjá framhaldsskólanemum, þar sem hvatning til aukinnar hreyfingar og bættra lífshátta vegur þungt.

# Rannsóknastofa í hreyfivísindum

## Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í hreyfivísindum við námsbraut í sjúkraþjálfun var stofnuð 1. september 2003. Í framkvæmdastjórn rannsóknastofunnar voru á árinu Þórarinn Sveinsson dósent (prófessor frá 1. júlí), formaður rannsóknastofunnar, Árni Árnason dósent og María Þorsteinsdóttir dósent.

## Rannsóknir

Rannsóknastofa í hreyfivísindum er til húsa í Stapa, á sama stað og námsbraut í sjúkraþjálfun. Þar er góð aðstaða til ýmiss konar rannsókna á sviði hreyfivísinda. Á árinu stunduðu kennarar námsbrautarinnar og nemendur þeirra í BS-námi og framhaldsnámi meðal annars rannsóknir á hreyfiferlum og áhættuþáttum barna og unglinga fyrir krossbandsmeiðslum, hreyfingu og þreki barna, hreyfingu fullorðinna, meiðslum í handknattleik og knattspyrnu, samanburði á mismunandi aðferðum við að meðhöndla einkenni frá stoðkerfi, að beita fótleggjum við uppstökk og lendingu hjá ungu knattspyrnufólki, hreyfistjórn eftir hálsáverka og fleira. Auk þess er rannsóknastofan notuð til kennslu í grunn- og framhaldsnámi.

Nokkur verkefni voru unnin í samstarfi við stoðtækjafyrirtækið Össur og þróun á samstarfi við fyrirtækið hélt áfram á árinu. Samstarf hefur einnig verið við aðrar deildir Háskóla Íslands og fyrirtæki um notkun rannsóknastofunnar til rannsókna, kennslu og þróunar. Unnið hefur verið að nýsköpunarverkefninu Gönguhermirinn sem er unnið í samstarfi kennara og nemenda Námsbrautar í sjúkraþjálfun, rafmagns- og tölvuverkfræði og véla- og iðnaðarverkfræði. Kennarar námsbrautarinnar fluttu á árinu nokkra fyrirlestra á erlendum Vísindaráðstefnum, auk fjölda fyrirlestra fyrir ýmsar stofnanir og samtök á Íslandi.

## Námsbraut í geislafræði

### Stjórn og starfsfólk

Við námsbraut í geislafræði störfuðu þrjú fastráðnir kennarar í hlutastarfi sem samhliða því starfa á rannsóknastofum eða myndgreiningardeildum. Dína Óskarsdóttir var námsbrautarstjóri og við stjórnarsýslu námsbrautarinnar var eitt 50% stöðugildi sem rekið er með námsbraut í lífeindafræði.

### Kennsla

Kennsla í geislafræði hófst við Háskóla Íslands árið 2005 og fyrstu nemendurnir útskrifuðust með BS-próf vorið 2008. Haustið 2008 hófst kennsla á framhaldsstigi og fyrstu nemendurnir með diplómapróf á framhaldsstigi útskrifuðust vorið 2009 en það veitir réttindi til að sækja um starfsleyfi sem geislafræðingur. Fyrsti meistaraneminn í geislafræði útskrifaðist með MS-próf vorið 2011. Enn er unnið að uppbyggingu framhaldsnámsins, sem og áframhaldandi þróun á kennslu í grunnnámi.

## Rannsóknir

Rannsóknir þær sem kennarar í geislafræði stunda fóru að mestu fram á Landspítalanum, hjá Röntgen Domus og Hjartavernd. Rannsóknirnar snerust um beinþéttnimælingar, geislameðferð og tölvusneiðmyndun.

## Markaðs- og kynningarmál

Nemendur og kennarar unnu saman að því að kynna nám í geislafræði á háskóladeginum í mars. Félag lífeinda- og geislafræðinema, FLOG, skipulagði kynningarmálin af hálfu nemenda á háskóladeginum.

## Námsbraut í lífeindafræði

### Stjórn og starfsfólk

Við námsbraut í lífeindafræði störfuðu sex fastráðnir kennarar, flestir í hlutastarfi, sem störfuðu samhliða á rannsóknastofum Landspítalans. Auk þess kenndi fjöldi stundakennara við námsbrautina. Martha Ásdís Hjálmarsdóttir var námsbrautarstjóri.

### Nám og kennsla

Nám í lífeindafræði miðar að því að diplómapróf á framhaldstigi sé nægjanlegur grunnur til að geta starfað sem lífeindafræðingur á öllum gerðum rannsóknastofa heilbrigðisstofnana og öðrum stofnunum eða fyrirtækjum sem stunda lífvísindi. Framhaldsnám hefur verið vaxtarbroddur í starfi námsbrautarinnar en diplómanám er jafnframt fyrra árið í MS-námi ef nemendur kjósa að halda áfram í framhaldsnámi. Á árinu innrituðust allir nemendur sem luku diplómaprófi í fullt MS-nám. Þó að stutt sé síðan að námsbrautin tók til starfa eru fyrstu doktorsnemarnir sem hófu doktorsnám í beinu framhaldi af MS-prófi komnir vel á veg í því námi.

### Alþjóðasamstarf

Námsbrautin tekur þátt í BIONord, sem er samstarfsnet 14 skóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum, styrkt af Nordplus. Meginviðfangsefni þessa samstarfsnets eru nemenda- og kennaraskipti, samskiptanet kennara innan sérgreina lífeindafræðinnar og aðferðir við námsmat.

### Rannsóknir

Rannsóknir sem kennarar og nemendur stunda fóru að mestu fram á rannsóknadeildum Landspítalans og tóku til flestra sviða lífeindafræðinnar. Nemendur búa vel að því að rannsóknarhefð er mikil í faginu og unnið er að fjölbreyttum rannsóknum.

## Markaðs- og kynningarmál

Nemendur og kennarar unnu saman að því að kynna nám í lífeindafræði á háskóladeginum í mars og tóku enn fremur þátt í kynningum í framhaldskólunum. Nemendur áttu mikið frumkvæði í skipulagningu og framkvæmd kynningarmála og var starf þeirra til sérstakrar fyrirmyndar.

## Brautskráðir stúdentar frá Læknadeild 2013

### Læknadeild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	Geislafræði		5	5
	Lífeindafræði	1	7	8
	Læknisfræði	24	24	48
	Sjúkraþjálfun	8	14	22

<b>BS Alls</b>		<b>33</b>	<b>50</b>	<b>83</b>
Doktorspróf	Líf- og læknávisindi	2	3	5
	Læknávisindi	3	1	4
	Læknisfræði	1	1	2
<b>Doktorspróf Alls</b>		<b>6</b>	<b>5</b>	<b>11</b>
Kandíðatspróf	Læknisfræði	15	25	40
<b>Kandíðatspróf Alls</b>		<b>15</b>	<b>25</b>	<b>40</b>
MS	Geislafræði		1	1
	Heilbrigðisvísindi	1	2	3
	Líf- og læknávisindi	4	13	17
	Lífeindafræði		2	2
<b>MS Alls</b>		<b>5</b>	<b>18</b>	<b>23</b>
Viðbótardiplóma	Geislafræði		6	6
	Lífeindafræði		8	8
<b>Viðbótardiplóma Alls</b>			<b>14</b>	<b>14</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>59</b>	<b>112</b>	<b>171</b>

## Lífeðlisfræðistofnun

### Almennt yfirlit og stjórn

Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands var komið á fót árið 1995 og tók þá við hlutverki Rannsóknastofu í lífeðlisfræði sem starfrækt hafði verið í þrjú áratugi. Stofnunin er til húsa í Læknagarði en aðstaða til rannsókna á lífeðlisfræði öndunar og endurhæfingu er á Reykjalandi. Meginhlutverk stofnunarinnar er tvíþætt: annars vegar rannsóknir í lífeðlisfræði og hins vegar að veita aðstöðu til verklegrar kennslu í lífeðlisfræði, bæði í grunnnámi og rannsóknatengdu framhaldsnámi.

### Kennsla

Starfsmenn stofnunarinnar annast alla kennslu í lífeðlisfræði við Háskóla Íslands og leggur stofnunin til aðstöðu og tækjabúnað til verklegrar kennslu. Að auki tekur stofnunin að sér að annast kennslu í lífeðlisfræðinámskeiðum í þeim námsleiðum við skólann sem ekki hafa fastráðinn kennara í greininni. Þannig hefur tekist að halda nær allri starfsemi á sviði lífeðlisfræði innan háskólans á einum stað. Auk þess annast stofnunin kennslu í tveimur námskeiðum í lífeðlisfræði í heilbrigðisverkfræði samkvæmt samningi við Háskólann í Reykjavík.

### Rannsóknir

Stofnunin veitir öllum fastráðnum kennurum og sérfræðingum Háskóla Íslands í lífeðlisfræði rannsóknaraðstöðu, í hvaða deild sem þeir eru. Einnig getur stjórn stofnunarinnar veitt vísindamönnum á öðrum fræðasviðum aðstöðu eftir því sem aðstæður leyfa og efni standa til. Á stofnuninni er unnið að undirstöðurrannsóknum á margvíslegum sviðum lífeðlisfræðinnar. Með þessum rannsóknum er aflað nýrrar þekkingar sem kemur að notum við lausn á ýmsum viðfangsefnum, bæði fræðilegum og hagnýtum.

# Lífvísindasetur

## Almennt yfirlit og stjórn

Lífvísindasetur Háskóla Íslands tók formlega til starfa í nóvember 2011. Lífvísindasetur er samstarfsvettvangur rannsóknahópa í sameindalíffræði við Háskóla Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahús, Landbúnaðarháskólann og Háskólann í Reykjavík en hefur heimilisfesti við Læknadeild Háskóla Íslands. Rannsóknir vísindamanna við Lífvísindasetrið eru afar fjölbreyttar og snúa meðal annars að ýmsum tegundum krabbameina, stofnfrumum, taugalíffræði, ónæmisfræði, örverufræði, þroskunarfræði og lífeðlisfræði. Fjöldi hópstjóra sem tengjast setrinu var orðinn 47 árið 2013 og nemendur á meistara- og doktorsstigi sem þeim tengjast nærri 100. Í þessum hópi eykst fjöldi erlendra doktorsnema og nýdoktora stöðugt.

Stjórn Lífvísindaseturs árið 2013 skipuðu Eiríkur Steingrímsson, prófessor við Læknadeild, og er hann jafnframt formaður, Arnar Pálsson, dósent við Líf- og umhverfivísindadeild Háskóla Íslands, Ari Jón Arason og síðan Bylgja Hilmarsdóttir, bæði doktorsnemar við Læknadeild, Inga Reynisdóttir, vísindamaður við Rannsóknastofu Landspítalans í meinafræði, Jóna Freysdóttir, prófessor við Læknadeild og vísindamaður við Ónæmisfræðideild Landspítalans, Karl Ægir Karlsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, ónæmisfræðingur við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum, og Þórarinn Guðjónsson, prófessor við Læknadeild. Stjórnin hittist á mánaðarlegum fundum og fundargerðir eru vistaðar á Uglu-síðum Lífvísindaseturs. Almennir fundir með hópstjórum setursins eru haldnir til að ákvarða áherslur varðandi uppbyggingu innviða setursins, einkum sem varða tækjakaup og kjarnastarfsemi.

Á árinu fékkst fjármagn frá Aldarafmællissjóði Háskóla Íslands til að ráða rekstrarstjóra í fullt starf til þriggja ára. Er rekstrarstjóranum ætlað að sinna daglegum rekstri Lífvísindaseturs og styðja við uppbyggingu og rannsóknastarfsemi þess. Sigríður Klara Böðvarsdóttir var ráðin í starfið.

## Rannsóknir

Lífvísindasetur Háskóla Íslands hefur það að meginmarkmiði að efla rannsóknir á sviði grunnvísinda í sameindalíffræði. Það felst m.a. í uppbyggingu kjarnaeyninga en þær auka hagræðingu og efla samvinnu milli rannsóknahópa setursins. Sem liður í þessari uppbyggingu eru sameiginlegar umsóknir um dýr tæki sem nýtast í starfseminni. Styrkur fékkst á árinu frá Innviðasjóði Rannís til kaupa á lagsjá (confocal-smásjá) að andvirði um 50 millj. kr. með móttframlagi frá Tækjasjóði Háskóla Íslands. Útboð á þessu tæki var framkvæmt á Evrópska efnahagssvæðinu og það skilaði mjög fullkominni lagsjá af gerðinni Olympus FV1200 með töluverðum aukabúnaði.

Nýir styrkir frá Rannsóknasjóði Rannís á árinu til setursins voru alls 11. Þar af var einn öndvegisstyrkur sem féll í hlut Eiríks Steingrímssonar prófessors, níu verkefnastyrkir og einn rannsóknastöðustyrkur. Heildarstyrkupp hæð nýrra styrkja nam um 83,5 millj. kr. Í árslok fékkst fé frá 'þróunarsjóði rektors til að uppbyggingar á kjarnaaðstöðu á Lífvísindasetri. Kjarnaaðstaðan verður á sviði nýrrar aðferðafræði (CRISPR/Talen-tækni og sviperfðagreiningar með sebrafiskum) og verður þessi aðstaða meðal annars notuð til að efla samstarf við Íslenska erfðagreiningu. Verður aðferðafræðin sem tekin verður upp í tengslum við þessa starfsemi opin öllum á Lífvísindasetri óháð samstarfi við Íslenska erfðagreiningu. Ákveðið var að fyrst yrði komið upp aðstöðu fyrir CRISPR/Talen-tæknina, sem er nýleg og árangursrík aðferð til að koma stökkbreytingum fyrir í frumum. Stuðningurinn fellst í því að ráða í tvö stöðugildi sérfræðinga/nýdoktora til tveggja ára.

Vísindagreinar sem voru gefnar út á árinu í tengslum við setrið voru 80 talsins. Þar á meðal voru greinar sem birtust í mjög virtum vísindaritum á borð við Nature og Cell. Meistararnemar sem brautskráðust frá setrinu voru 12 og fjórir doktorsnemar vörðu ritgerðir sínar á árinu.

## Markaðs- og kynningarstarfsemi

Vefsíða Lífvísindaseturs tók stakkaskiptum á árinu. Þar er að finna upplýsingar um alla hópstjóra setursins, rannsóknastarfsemi, birtar vísindagreinar og fleira. Allir helstu viðburðir sem tengjast starfsemi setursins eru kynntir á síðunni, fréttir tengdar setrinu eru birtar reglulega, meistara- og doktorsvarnir kynntar, umsóknarfrestir í sjóði, nýjustu birtingar koma upp á forsiðu og svo framvegis. Síðan er að mestu á ensku að grunninum til en fréttir og viðburðir eru að hluta kynnt á íslensku. Ætlunin er að skipta síðunni upp í íslenskan og enskan hluta í nánustu framtíð.

Lífvísindasetur stendur fyrir vikulegri málstofu í Læknagarði sem nær yfir skólaárið. Þar kynna sérfræðingar og framhaldsnemendur innan setursins rannsóknir sínar, auk þess sem mikil áhersla er lögð á að fá sérfræðinga utan setursins til að kynna sín verkefni. Á meðal gestafyrirlesara voru erlendir boðsfyrirlesarar í tengslum við GPMLS-framhaldsnámsprógrammið. Málstofan fer fram á ensku.

Nokkrir kynningarfundir voru haldnir á árinu til að kynna starfsemi Lífvísindaseturs fyrir tilvonandi hópstjórum. Á meðal þeirra var kynning á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, hjá deildarráði Læknadeildar og hjá Líffræðistofu Háskóla Íslands. Árlega tekur Lífvísindasetur á móti framhaldsskólanemendum og hafa þessar heimsóknir færst í aukana. Á haustmisseri heimsóttu sjö framhaldsskólahópar setrið. Auk þess tók setrið á móti nemendum í grunnnámi í líffræði í vísindaferð. Lífvísindasetur var jafnframt aðili að líffræðiráðstefnunni 2013 sem haldin er annað hvert ár.

## Annað

Lífvísindasetur fékk veglega gjöf frá líftæknifyrirtækinu Roche NimbleGen á Íslandi í kjölfar þess að fyrirtækið hætti störfum hér á landi. Um var að ræða ýmis rannsóknatæki svo sem skilvindur, vogir, PCR-vélar og pípettur, auk rannsókn- og efnavöru ýmiss konar. Þessari gjöf var ætlað að efla rannsóknir og kennslu í framhaldsnámi og stuðla að aukinni samvinnu milli rannsóknahópa á sviði sameindalíffræði og heilbrigðisvísinda. Var þessum varningi útteilt til allra rannsóknahópa setursins eftir beiðnum og þörfum hvers og eins.

Umsagnir um lagafrumvarp um vísindastarf á heilbrigðisviði annars vegar og um lífsýnasöfn hins vegar voru unnar hjá Lífvísindasetri og sendar Alþingi. Starfshópin sem vann að umsögnunum skipuðu Helga M. Ögmundsdóttir, prófessor við Læknadeild, Ólafur E. Sigurjónsson, sérfræðingur hjá Blóðbankanum og lektor hjá Háskólanum í Reykjavík, Pétur Henry Petersen, dósent við Læknadeild, og Þór Eysteinnsson, prófessor við Læknadeild, ásamt rekstrarstjóra Lífvísindaseturs. Allar nánari upplýsingar um starfsemi Lífvísindaseturs má finna á vefsíðu setursins <http://lifvisindi.hi.is/>.

## Lífefna- og sameindalíffræðistofa

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofan er starfsvettvangur kennara Læknadeildar í fræðigreinunum lífefnafræði, sameindalíffræði og erfðafræði og þar stunda þeir rannsóknir á fræðasviði sínu. Þar eru stundaðar grunnrannsóknir og rannsóknir á hagnýtri notkun þessara fræðigreina í læknisfræði og öðrum heilbrigðisvísindum. Fræðasviðið tengist einnig erfða- og sameindalæknisfræðideild og klínískri

lífefnafræðideild við Landspítalann með samstarfssamningi Háskóla Íslands við sjúkrahúsið. Ýmsir fræðimenn á skyldum sviðum nota aðstöðu á stofunni. Forstöðumaður er Jón Jóhannes Jónsson prófessor. Aðrir starfsmenn eru Eiríkur Steingrímsson prófessor, Guðrún Valdimarsdóttir lektor, Ingibjörg Harðardóttir prófessor, Reynir Arngrímsson dósent og Stefán Þ. Sigurðsson dósent. Óttar Rolfsson lektor er með aðalstarfsaðstöðu við Rannsóknarsetur í kerfislíffræði og Erna Magnúsdóttir er í stöðu rannsóknasérfræðings við Læknadeild. Umsjón með daglegum rekstri rannsóknastofunnar hefur Jónína Jóhannsdóttir yfirlífeindafræðingur. Á rannsóknastofunni starfar á annan tug nema í rannsóknatengdu námi. Auk framangreindra unnu nokkrir einstaklingar að ýmsum verkefnum við stofuna.

## Rannsóknir

Helstu rannsóknasvið stofunnar eru efnaskipti og eiginleikar kjarnsýra, líffræði erfðamengis mannsins, genatjáning, stofnfrumur og þroskunarlíffræði, næringarfræðitengd ónæmisfræði, erfðarannsóknir á tilraunadýrum, rannsóknir á stofnfrumulínum úr músa- og mannafrumum og kerfislíffræði efnaskipta.

Á rannsóknastofunni er sérhæfður tækjabúnaður fyrir sameindalíffræðivinnu sem jafnframt er notaður við klínískar sameindaerfðarannsóknir í samstarfi við erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Eftirfarandi doktorsnemar luku námi á árinu: Bengt Phung varði ritgerðina Kit-viðtakinn og umritunarþátturinn MITF í sortuæxlum. Umsjónarkennarar hans voru Eiríkur Steingrímsson og Lars Rönnstrand. Christine Grill varði ritgerðina sína, Hlutverk MITF í litfrumum, sortuæxlum og heilkennum sem hafa áhrif á litfrumur. Umsjónarkennari hennar var Eiríkur Steingrímsson. Eftirfarandi meistaranemar luku námi á árinu: Ástríður Ólafsdóttir varði ritgerðina Áhrif heteróglýkans úr blágrænþörungnum *Nostoc commune* á ónæmissvör THP-1 mónócýta. Leiðbeinendur hennar voru Ingibjörg Harðardóttir og Jóna Freysdóttir. Jóhann Frímánn Rúnarsson varði ritgerðina Hlutverk ALK1 og ALK5 í HUVEC-frumum og hES-ættuðum æðapelsfrumum. Umsjónarkennari hans var Eiríkur Steingrímsson og leiðbeinandi Guðrún Valdimarsdóttir. Sigrún Þórleifsdóttir varði ritgerðina Áhrif ómega-3 fitusýra á sérhæft ónæmissvar í vakamiðlaðri lífhimnubólgu. Umsjónarkennari hennar var Jóna Freysdóttir og leiðbeinandi Ingibjörg Harðardóttir. Svala Hilmarsdóttir Magnús varði ritgerðina Hlutverk TGF-beta í þroskun stofnfruma úr fósturvísnum manna í æðapelsfrumum. Umsjónarkennari hennar var Eiríkur Steingrímsson og leiðbeinandi Guðrún Valdimarsdóttir.

## Annað

Rannsóknir á stofunni voru styrktar af ýmsum aðilum, þ.m.t. Rannís, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Aðstoðarmannasjóði, Rannsóknánámsjóði, doktorsnemasjóði, Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands, Vísindasjóði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Nýsköpunarsjóði námsmanna og National Institute of Health í Bandaríkjunum.

Vísindamenn rannsóknastofunnar eru hluti Lífvísindaseturs Háskóla Íslands og þeir taka þátt í GPMLS (Graduate Program in Molecular Life Sciences) við Háskóla Íslands. Eiríkur Steingrímsson var fulltrúi menntamálaráðuneytisins hjá European Molecular Biology Conference (EMBC) og European Molecular Biology Laboratory (EMBL) Council.



## Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum við Læknadeild Háskóla Íslands fæst við grunnrannsóknir á krabbameini. Stjórn rannsóknastofunnar er sem fyrr í höndum Helgu M. Ögmundsdóttur og Jórunnar Erlu Eyfjörð, sem báðar eru prófessorar við Læknadeild. Á rannsóknastofunni störfuðu tveir nýdoktorar, Sigríður Klara Böðvarsdóttir og Ólafur Andri Stefánsson, einn lífeindafræðingur og einn líffræðingur í hlutastörfum, auk fjögurra doktorsnema og nokkurra meistaranema.

### Rannsóknir

Hér eru nefnd helstu rannsóknaverkefni sem unnin voru á stofunni á árinu:

- Áhrif BRCA2-kímlínustökkbreytingar á krabbameinsmyndun og sjúkdómsframvindu – undir stjórn Jórunnar Erlu Eyfjörð í samstarfi við Rannsóknastofu í meinafræði og krabbameinslækna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
- Gallar í litningaendum í BRCA-tengdu brjóstakrabbameini og hlutverk BRCA2 við að viðhalda litningaendum og stöðugleika litninga – undir stjórn Jórunnar Erlu Eyfjörð og Sigríðar Klöru Böðvarsdóttur.
- Sviperfðagreining á brjóstakrabbameinum, undir stjórn Ólafs Andra Stefánssonar og Jórunnar Erlu Eyfjörð.
- Aurora-A tjáning í stökum og BRCA2 ættlægum brjóstakrabbameinum – undir stjórn Sigríðar Klöru Böðvarsdóttur og Jórunnar Erlu Eyfjörð í samstarfi við Rannsóknastofu í meinafræði og krabbameinslækna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
- Mergfrumuæxli og skyld afbrigði í starfsemi B-eitilfrumna, undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur í samvinnu við blóðmeinafræðinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
- Sjálf sát í krabbameinum, undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur í samvinnu við Rannsóknastofu í meinafræði.
- Áhrif íslenskra fléttuefna á efnaskipti krabbameinsfrumna og samvirkni þeirra við lyf, undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur í samvinnu við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands.
- Lípíðefnaskipti í krabbameinsfrumum, undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur í samvinnu við Arctic Mass.

### Alþjóðastarf

Rannsóknastofan er í virku alþjóðlegu samstarfi. Má þar meðal annars nefna samstarf við vísindamenn á Sanger Institute í Cambridge og þátttöku í The International Human Cancer Genome Project, auk samstarfs við vísindamenn við Cambridge-háskóla um rannsóknir á briskrabbameini, IDIBELL-stofnunina í Barcelona um rannsóknir á sviperfðum og rannsóknir á litningaendum (telomerum) með vísindamönnum við Kaliforníuháskóla (UCSF). Jórunn Erla Eyfjörð var í rannsóknaleyfi og dvaldi m.a. hluta vormisseris á rannsóknastofu hjá Elizabeth Blackburn við UCSF. Verkefnið um mergfrumuæxli og skylda sjúkdóma hefur gefið tilefni til samvinnu við Háskólann í Alberta í Kanada og National Institute of Health í Bandaríkjunum. Um langt skeið hefur verið frjótt samstarf við Lyfjafræðideild sem nú nær einnig til Arctic Mass.

### Markaðs- og kynningarmál

Verkefni frá rannsóknastofunni voru meðal annars kynnt á Heilbrigðisvísindapingi og Líffræðiráðstefnu Háskóla Íslands. Helga M. Ögmundsdóttir var meðal fyrirlesara á fyrstu ráðstefnu norræns samstarfshóps um sjálf sát. Jórunn Erla Eyfjörð flutti gestafyrirlestur við Mt. Zion í UCSF og

fyrirlestur á málþingi fyrir almenning um erfðir og brjóstakrabbamein í fyrirlestraröð Háskóla Íslands sem nefnist Vísindi á mannamáli.

Tveir meistaranemar luki við lokaverkefni sín við rannsóknastofuna, þar af annar í lyfjafræði.

## **Annað**

Rannsóknastofan naut sem fyrr styrkja frá Rannís og Rannsóknasjóði háskólans. Háskóli Íslands styrkir þrjá doktorsnema og IDIBEL í Barcelona kostaði stöðu eins nýdoktors (Ólafs Andra Stefánssonar). Auk þess fengust tveir rannsóknastyrkir frá Göngum saman.

## **Rannsóknastofa í heilbrigðisfræði**

Rannsóknastofa í heilbrigðisfræði er ein sérstofnana Háskóla Íslands við Læknadeild og hefur starfað frá árinu 1940. Rannsóknarstofan er til húsa í Stapa við Hringbraut. Forstöðumaður er Vilhjálmur Rafnsson, prófessor í heilbrigðisfræði og faraldsfræði.

## **Starfsmenn**

Starfsmenn úr hópi kennara eru Haraldur Briem dósent og Vilhjálmur Rafnsson prófessor. Tveir doktorsnemar og einn meistaranemi eru við nám og með aðstöðu við rannsóknastofuna og Miðstöð í Lýðheilsuvísindum og vinna undir handleiðslu Vilhjálms Rafnssonar.

## **Nám og kennsla**

Nemendur á sjötta ári í læknisfræði fá kennslu í heilbrigðis- og faraldsfræði (forvarnarlækningum). Auk fastra kennara taka þátt í henni um tíu stundakennarar, sem margir vinna annars staðar en við Háskóla Íslands. Í kennslunni er lögð áhersla á aðferðafræði við faraldsfræðilegar rannsóknir, bæði í fyrirlesturum og umræðutímum, þar sem birtar rannsóknir eru ræddar, einkum með tilliti til aðferðafræðinnar.

## **Rannsóknir**

Rannsóknastofa í heilbrigðisfræði sinnir faraldsfræðilegum rannsóknum, einkum á sviði krabbameins, bráðalækninga og smitsjúkdóma.

## **Nemendur**

Doktorsnemarnir Ragnildur Guðrún Finnbjörnsdóttir og Aðalbjörg Kristbjörnsdóttir, vinna að rannsóknum sínum við stofuna. Þær birtu hvor sína greinina á árinu um verkefni sín. Góður gangur er á vinnu þeirra og áætlað er að þær verji ritgerðir sína á árunum 2015 og 2016. Anna Steinunn Gunnarsdóttir er í meistaranámi við Miðstöð í Lýðheilsuvísindum og hefur jafnframt aðstöðu á stofunni. Verkefni hennar nefnist Survival of Patients with Alcohol Use Disorders Discharged from Emergency Department: A Population-based Cohort Study.

## **Markaðs- og kynningarmál**

Starfsmenn rannsóknastofunnar birtu fimm vísindagreinar í ISI-tímaritum og fimm útdrætti úr ráðstefnuerindum á árinu og niðurstöður rannsókna voru kynntar erlendis, vestan hafs og austan,

sem og á Íslandi. Rannsóknastofan á samstarf við fjölmarga aðila um þau rannsóknaverkefni sem í gangi eru hverju sinni, bæði innlenda og erlenda.

## Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði

### Almennt yfirlit og stjórn

Forstöðumaður Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði er Magnús Karl Magnússon prófessor og skrifstofustjóri er Sigríður Ísafold Håkansson. Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði er til húsa í Haga, Hofsvallagötu 53. Á þriðju hæð, í nýrri hluta hússins, eru 16 skrifstofur og fundarherbergi og á fyrstu hæð eru rannsóknastofur. Lyfjafræðideild Háskóla Íslands er einnig í Haga.

### Starfsfólk

Fast starfslið, að meðtöldum kennurum með starfsaðstöðu á rannsóknastofunni og doktorsnemum, er 20 starfsmenn (sjá nánar á vefsíðu stofunnar: [www.hi.is/rle](http://www.hi.is/rle)). Þrír nemar voru í rannsóknatengdu námi á rannsóknastofunni á árinu, Bjarni Sigurðsson og Arndís Sue Ching Löve í doktorsnámi og Ása Valgerður Eiríksdóttir í MS-námi við Læknadeild og einn læknanemi í þriðja árs verkefni. Auk þess stunduðu fjórir doktorsnemar, tveir meistaranemari og einn læknanemi í BS-verkefni nám við Rannsóknastofu í stofnfrumufræðum, sem rekin er innan Lífvísindaseturs í samvinnu við Rannsóknastofu í líffærafræði og Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði. ... Auk þess stunduðu þrettán manns nám við Rannsóknastofu í stofnfrumufræðum, þar af einn nýdoktor, þrír í öðrum rannsóknaverkefnum og einn styrktur af nýsköpunarsjóði. Rannsóknastofa í stofnfrumufræðum er rekin innan Lífvísindaseturs í samvinnu við Rannsóknastofur í líffærafræði og lyfja- og eiturefnafræði.

### Kennsla

Starfsfólk rannsóknastofunnar sá um eða tók þátt í kennslu læknanema, tannlæknanema, hjúkrunarfræðinema, geislafræðinema, nema í sjúkrapjálfun, líffræðinema og lyfjafræðinema við Háskóla Íslands. Einnig kenndi starfsfólk rannsóknastofunnar á ýmsum námskeiðum öðrum.

### Grunnrannsóknir

Unnið var að mörgum rannsóknarverkefnum, sumum í samstarfi við innlenda og erlenda vísindamenn, og eru þær helstu eftirtaldar:

- Rannsóknir á stofnfrumum í þekjuvef með áherslu á brjóst- og lungnaþekju, unnið á Rannsóknastofu í stofnfrumufræðum í samvinnu við líffærafræðideild Læknadeildar.
- Rannsóknir á boðkerfum í ræktuðum æðapelsfrumum, sérstaklega þeim sem virkja eNOS- og NO-myndun og hlutverk AMP-kínasa í boðkerfunum (hluti af doktorsverkefni Brynhildar Thors).
- Rannsókn á þunglyndum karlmönnum og tengslum við kortisol og testósterón í munnvatni (með læknum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi; hluti af doktorsverkefni Bjarna Sigurðssonar).
- Rannsóknir á blóðfitulækkandi verkun ACTH (með lækni á Landspítala – háskólasjúkrahúsi).
- Þrávirk lífræn efni í blóði íslenskra mæðra. Samstarfsverkefni átta þjóða sem liggja að norðurheimskautssvæðinu: AMAP.
- Þrávirk lífræn efni og mótefnasvar í börnum.
- Fíkniefni í fráveitu.
- Tengsl þrávirkra lífrænna efna og viðkomu íslenska arnarstofnsins. Í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrufræðistofu Vesturlands.
- Þrávirk lífræn efni í lofti og úrkomu við Stórhöfða, í samvinnu við Veðurstofu Íslands.
- Þrávirk lífræn efni í kræklingi og þorsklifur við Ísland, í samvinnu við Matís.

- Eitranir á Íslandi. Faraldsfræðilegar rannsóknir á eitrunum og dauðsföllum af völdum eitrana.
- Rannsókn á notkun ópíata og prótónupumpuhemla og tengsl þeirra við beinbrot.

## Þjónusturannsóknir

Stundaðar voru umfangsmiklar þjónusturannsóknir í réttarefnafræðideild, lyfjarannsóknadeild, alkóhóldeild og eiturefnafræðideild. Rannsóknir þessar voru unnar fyrir dómsmála- og lögregluyfirvöld, lækna, sjúkrastofnanir, lyfjaframleiðendur, heilbrigðiseftirlit, rafveitur, Matís, Nýsköpunarstofnun og vatnsframleiðendur. Unnið var áfram að gæðahandbók fyrir rannsóknastofuna.

## Matvæla- og næringarfræðideild

### Almennt yfirlit og stjórn

Forseti Matvæla- og næringarfræðideildar var Þórhallur Ingi Halldórsson, dósent í næringarfræði, og varaforseti Franklín Georgsson, dósent í matvælafræði.

### Starfsfólk

Matvæla- og næringarfræðideild			
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi	
– konur	1	0,5	
– karlar	0	0	
Lektorar			
– konur	1	0,75	
– karlar			
Dósentar			
– konur	1	0,75	
– karlar	2	1,37	
Prófessorar			
– konur	3	2,49	
– karlar	3	2	
Samtals	<b>10</b>	<b>7,36</b>	
Akademískir sérfræðingar			
– konur	0	0	
– karlar	1	1	
Samtals	<b>1</b>	<b>1,0</b>	
Rannsóknastofa í næringarfræði			
– konur	9	6,3	
– karlar	0	0	
Samtals	<b>9</b>	<b>6,30</b>	

Ólöf Guðný Geirsdóttir var ráðin í 75% stöðu lektors í næringarfræði. Bryndís Eva Birgisdóttir var ráðin í 75% stöðu dósents í næringarfræði og var staðan hækkuð í 100% starfshlutfall í lok árs. Guðjón Þorkelsson fékk framgang í stöðu prófessors í matvælafræði.

Gestaprófessorar í matvælafræði voru á árinu Hörður G. Gunnarsson og Helga Guðjónsdóttir, bæði starfsmenn hjá Matís ohf.

## Nám og kennsla

Deildin leitast við að vera í fremstu röð með vönduðum rannsóknum og kennslu sem stenst samanburð á alþjóðlegum vettvangi. Matvæla- og næringarfræðideild er öflug eining innan Háskóla Íslands í rannsóknavirkni á hvert stöðugildi kennara og fær deildin um helming fjárframlags síns vegna framleiðni á rannsóknasviðinu. Fylgst er með kennslukönnunum og tekið mið af þeim. Rík áhersla er lögð á fræðilegt og lausnamiðað nám.

Á árinu bauð Matvæla- og næringarfræðideild upp á nám til BS-, MS- og doktorsgráðu í báðum fræðigreinum deildarinnar, matvælafræði og næringarfræði. Samningur deildarinnar við Matís um aðstöðu og kennslu í matvælafræði til MS-gráðu var í fullu gildi á árinu og nemur kennsla starfsmanna Matís um 30–40% af kennslu á meistarastigi.

Deildarskrifstofa er til húsa á Eiríksgötu 29 ásamt aðstöðu fyrir deildarforseta, kennara í næringarfræði, Rannsóknastofu í næringarfræði og Næringarstofu Landspítala. Skortur á húsnæði stendur Matvæla- og næringarfræðideild fyrir þrifum og hefur sá skortur reynst dýrkeyptur. Kennarar í matvælafræði, aðrir en Ágústa Guðmundsdóttir, hafa starfsaðstöðu hjá Matís. Unnið er að aukinni samvinnu við Matís til að auka möguleika nemenda og kennara í námi og starfi, auk þess sem enn er unnið að stækkun húsnæðis Rannsóknastofu í næringarfræði á Landspítala. Með samvinnunni er stefnt að því að auka nýliðun í fræðigreininni. Kennarar í næringarfræði hafa aðstöðu á Landspítala fyrir tilstilli samstarfssamnings milli Háskóla Íslands og spítalans um rekstur Rannsóknastofu í næringarfræði.

Í deildinni er lögð áhersla á rannsóknatengt framhaldsnám og fjallað er um umsóknir og framgang námsins á deildarfundum þar sem stuðst er við reglur deildarinnar þar að lútandi. Rannsóknatengt framhaldsnám er í miklum blóma við deildina og stunduðu þrettán nemendur doktorsnám og 32 nemendur meistaránám við deildina á árinu.

## Doktorsnám

Þrettán nemendur voru innritaðir í doktorsnám við deildina og fjórir luku doktorsprófi sínu á árinu, þau Atli Arnarson, Ólöf Helga Jónsdóttir og Ása Vala Þórisdóttir í næringarfræði og Sigrún Mjöll Halldórsdóttir í matvælafræði.

## Alþjóðasamskipti

Matvælafræði á meistarastigi er kennd á ensku og er nokkuð um umsóknir erlendra nemenda í námið. Kennarar við deildina og nemendur í framhaldsnámi voru í miklu samstarfi við evrópskar og bandarískar stofnanir og skóla. Jafnframt hefur tengslum verið komið á milli deildarinnar og Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-skólann) og nokkrir stúdentar hafa komið til náms við deildina eftir að hafa lokið námi í honum.

## Rannsóknir

Rannsóknir hafa verið mjög öflugar í deildinni og eru þær að stærstum hluta stundaðar í tengslum við Rannsóknastofu í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala, Lýðheilsustöð og Matís ohf. Nánari upplýsingar er að finna í skýrslum um Rannsóknastofu í næringarfræði og ársskýrslu Matís.

## Markaðs- og kynningarmál

Á námskynningu háskólans var unnið að því að kynna námsleiðir deildarinnar. Vefur deildarinnar heyrir undir Heilbrigðisvísindasvið og sér deildarstjóri um að uppfæra hann ásamt upplýsinga- og vefstjóra sviðsins.

## Brautskráðir stúdentar frá Matvæla- og næringarfræðideild 2013

### Matvæla- og næringarfræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS		1	9	10
<b>BS Alls</b>		<b>1</b>	<b>9</b>	<b>10</b>
Doktorspróf	Matvælafræði		1	1
	Næringarfræði	1	2	3
<b>Doktorspróf Alls</b>		<b>1</b>	<b>3</b>	<b>4</b>
MS	Matvælafræði		1	1
	Næringarfræði		6	6
<b>MS Alls</b>			<b>7</b>	<b>7</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>2</b>	<b>19</b>	<b>21</b>

## Rannsóknastofa í næringarfræði

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í næringarfræði tók til starfa 1997 og hefur starfað samkvæmt samningi milli Landspítala og Háskóla Íslands frá árinu 2005. Rannsóknastofa í næringarfræði hefur aðstöðu á Landspítala þar sem hún deilir aðstöðunni með næringarstofu spítalans að Eiríksgötu 29.

Í stjórn Rannsóknastofu í næringarfræði sátu á árinu: Ágústa Guðmundsdóttir prófessor, formaður stjórnar, Pálmi V. Jónsson, prófessor og yfirlæknir, Lilja Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skurðlækningsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss, og Oddný Gunnarsdóttir, verkefnastjóri á vísinda- og þróunarsviði Landspítala – háskólasjúkrahúss, ritari stjórnar. Ingibjörg Gunnarsdóttir prófessor tók við af Ingu Þórsdóttur sem forstöðumaður rannsóknastofunnar um mitt ár 2013.

Í lok árs höfðu tveir prófessorar, tveir dósentar, lektor, fræðimaður og verkefnastjóri, auk doktors- og meistaranema rannsókn- og starfsaðstöðu á Rannsóknastofu í næringarfræði.

Fimm meistaranemar, sem unnið höfðu rannsóknaverkefni sín á Rannsóknastofa í næringarfræði, útskrifuðust frá Matvæla- og næringarfræðideild HÍ á árinu 2013. Fjórir doktorsnemendur vörðu ritgerðir sínar á árinu við deildina.

### Rannsóknir

Hér á eftir fer lýsing á helstu verkefnum sem unnin voru á Rannsóknastofu í næringarfræði á árinu.

- ProMeal (Prospects for Promoting Health and Performance by School Meals in Nordic Countries). Verkefnið er unnið í samstarfi við Önnu Sigríði Ólafsdóttur, dósent á Menntavísindasviði. Styrktaraðili: NordForsk. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Ingibjörg Gunnarsdóttir.

- ARI (A Rye Intervention). Íhlotandi rannsókn meðal karla með sykursýki II. Styrktaraðili: NordForsk. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Laufey Steingrimsdóttir.
- SENSEWELL (Sensory Food Satisfaction in Programming Healthy and Sustainable Eating Behaviour). Styrktaraðili: Danish Council for Strategic Research. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Inga Þórsdóttir.
- Áhrif næringar á fósturskeiði á heilsu móður og barns. Verkefnið er unnið í samstarfi við Center for Fetal Programming við Statens Serum Institute í Danmörku. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Þórhallur Ingi Halldórsson.
- Norrænar ráðleggingar um næringarefni – kerfisbundnar yfirlitsgreinar og útgáfa norrænna ráðlegginga. Styrktaraðili: Norræna ráðherranefndin. Í stýrihópi verkefnisins voru Inga Þórsdóttir og Ingibjörg Gunnarsdóttir.
- Rannsókn á næringu og heilsu sex ára barna, eftirfylgni barna sem tók átt í rannsókn á næringu ungbarna. Styrktaraðilar: Landspítali – háskólasjúkrahús, Rannsóknasjóður Háskóla Íslands og landlæknisembættið. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Inga Þórsdóttir.
- Næringarástand sjúklinga – gildismat skráningareyðublaðs til að meta orku- og próteinneyslu sjúklinga. Styrktaraðilar: Landspítali – háskólasjúkrahús. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Ingibjörg Gunnarsdóttir.
- Fæðuval á meðgöngu og áhætta á meðgöngusykursýki. Verkefnið var unnið í samstarfi við kvennadeild Landspítala (Reyni Tómas Geirsson og Helgu Medek). Styrktaraðilar: Rannsóknasjóður Háskóla Íslands og Vísindasjóður Landspítala – háskólasjúkrahúss. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Ingibjörg Gunnarsdóttir.
- Matarvenjur og næringarástand sjúklinga með bólgusjúkdóm í meltingarvegi. Styrktaraðili: Vísindasjóður Landspítala – háskólasjúkrahúss. Verkefnisstjórar á Rannsóknastofu í næringarfræði: Alfons Ramel og Inga Þórsdóttir.
- Lífaðgengi omega-3 fitusýra viðbættum í matvæli og duftformi. Verkefnið var unnið í samstarfi við Matís. Styrktaraðili: Vísindasjóður Landspítala – háskólasjúkrahúss. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Alfons Ramel.

Auk ofangreindra rannsókna fór fram vinna við úrvinnslu gagna úr þremur íhlotandi rannsóknum: IceProQualita (Inga Þórsdóttir, Alfons Ramel og Ólöf Guðný Geirsdóttir), IceAge (Inga Þórsdóttir) og SYSDIET (Inga Þórsdóttir og Ingibjörg Gunnarsdóttir), auk ýmissa samstarfsverkefna Rannsóknastofu í næringarfræði og Hjartaverndar þar sem unnið er með gögn úr Reykjavíkurrannsókn Hjartaverndar og AGES (Laufey Steingrimsdóttir, Ingibjörg Gunnarsdóttir, Þórhallur Ingi Halldórsson, Bryndís Eva Birgisdóttir og Inga Þórsdóttir). Rannsóknastofa í næringarfræði á einnig í rannsóknasamstarfi við The Norwegian Mother and Child Cohort Study (Bryndís Eva Birgisdóttir) og Danish National Birth Cohort (Þórhallur Ingi Halldórsson).

## Verðlaun

Birna Þórisdóttir hlaut verðlaun velferðarráðuneytisins til ungs efnilegs vísindamanns á sviði forvarna og heilsueflingar á ráðstefnu um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum við Háskóla Íslands 3.–4.janúar. Birna Þórsdóttir hlaut einnig verðlaun fyrir bestu veggspjaldakynninguna á evrópskri ráðstefnu um næringu og sykursýki (DNSG) sumarið 2013. Hún lauk MS-námi í næringarfræði vorið 2013 frá Matvæla- og næringarfræðideild og hóf í kjölfarið doktorsnám við deildina. Aðalleiðbeinandi Birnu er Ingibjörg Gunnarsdóttir.

## Samstarf og styrkir

Samstarfsaðilar Rannsóknastofu í næringarfræði við rannsóknir eru fjölmargir og er virkt samstarf við u.þ.b. 30 alþjóðlegar stofnanir og háskóla, auk stofnana innanlands. Rannsóknastofan hlaut á árinu nokkra erlenda styrki (sjá kafla um rannsóknir), auk minni innlendra styrkja. Rannsóknastofan hlaut einnig styrk úr Aldarafmælistjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Örugg næring. Einn nemandi hlaut

Þriggja ára doktorsstyrk frá Háskóla Íslands á árinu ogannar lauk sínum doktorsnemastyrk á árinu frá Rannsóknánámssjóði Rannís.

## Markaðs- og kynningarstarf

Rannsóknastofa í næringarfræði veitir margs konar þjónustu úti í samfélaginu, bæði hérlendis og erlendis. Töluvert er leitað til stofunnar eftir sérfræðiáliti og er þá bæði um að ræða fjölmiðla og stofnanir á borð við embætti landlæknis og Matvælastofnun. Á heimasíðu rannsóknastofunnar, [www.rin.hi.is](http://www.rin.hi.is), er að finna helstu upplýsingar um stofuna, yfirlit yfir rannsóknir, birtar skýrslur og vísindagreinar. Eins er þar haldið utan um fréttir af starfseminni.

Starfsmenn Rannsóknastofu í næringarfræði birtu á árinu samtals 45 vísindagreinar í ritrýndum vísindatímaritum. Auk þess hefur starfsfólk stofunnar haldið fjölda fyrirlestra og kynnt veggspjöld á innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum og þingum á árinu.

## Sálfræðideild

### Almennt yfirlit og stjórn

Sigurður J. Grétarsson prófessor var deildarforseti á árinu og Daníel Þór Ólason dósent varadeildarforseti.

Deildarráð hélt fundi hálfsmánaðarlega. Deildarforseti og varadeildarforseti eru sjálfskipaðir en þrír aðrir kennarar voru kosnir á deildarfundi: Fanney Þórsdóttir lektor, Zuilma Gabriela Sigurðardóttir dósent og Ingunn Hansdóttir lektor. Einar Guðmundsson prófessor sat í deildarráði í stað Ingunnar á haustmisseri. Deildarráðsfundi sátu einnig Kristín Edda Óskarsdóttir, trúnaðarmaður BS-nema, og Árný Helgadóttir, fulltrúi framhaldsnema í sálfræði. Kennarafundir voru haldnir einu sinni í mánuði, deildarráðsfundir að jafnaði hálfsmánaðarlega og deildarfundir einu sinni til tvisvar á misseri.

### Starfsfólk

Sálfræðideild			
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi	
– konur	2	1,75	
– karlar	0	0	
Lektorar			
– konur	3	3	
– karlar	1	1	
Dósentar			
– konur	3	3	
– karlar	4	3,49	
Prófessorar			
– konur	0	0	
– karlar	3	3	
Samtals	<b>14</b>	<b>13,49</b>	



Rannsóknafólk		
– konur	2	1,85
– karlar	2	1,2
Samtals	<b>4</b>	<b>3,05</b>

Við Sálfræðideild störfuðu þrjú prófessorar, fimm dósentar, fimm lektorar og þrjú aðjuntar, auk deildarstjóra og verkefnisstjóra á skrifstofu deildarinnar. Kennarar í Sálfræðideild hafa skrifstofur í Odda og Aragötu 14. Deildarskrifstofan er í Odda.

## Nám og kennsla

Nemendur í Sálfræðideild voru 651 þann 20. október 2013. Nýnemar í BS-námi voru u.þ.b. 250. Sálfræði er kennd til BS-prófs, MS-prófs (einstaklingsbundið rannsóknatengt nám), cand. psych. prófs og doktorsprófs. Inn í cand. psych. námið voru teknir 20 nemendur og þrjú nemendur voru teknir inn í einstaklingsbundið rannsóknatengt MS-nám. Alls voru 56 nemendur í meistaranámi haustið 2013.

## Doktorsnám

Einn doktorsnemi bættist við á árinu og einn útskrifaðist og voru doktorsnema í árslok 10 talsins.

## Alþjóðasamskipti

Árni Kristjánsson dósent er í samstarfi við Utrecht-háskóla í Hollandi, Kaliforníuháskóla í Davis í Bandaríkjunum, Ríkisháskólann í Sankti Pétursborg í Rússlandi, Háskólann í Padova á Ítalíu, University of New South Wales í Ástralíu, Möltuháskóla, Vrije Universiteit í Hollandi og Kaupmannahafnarháskóla.

Daníel Þór Ólason dósent er í norrænu samstarfi um rannsóknir og meðferð við spilafíkn. Hópurinn heitir Stiftelsen Nordiska Selskabet för Upplystning om Spälberoende. Meginhlutverkið er að halda ráðstefnu um peningaspil og spilavanda annað hvert ár á Norðurlöndum.

Steinunn Gestsdóttir dósent var í samstarfi um rannsóknir og skrif við starfsmenn við NYU í Abu Dhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum og West Virginia University. Hún var einnig í rannsóknasamstarfi við Ríkisháskólann í Oregon og Tufts University í Bandaríkjunum og sótti um styrki í samvinnu þá og og vann að rannsóknasskrifum byggðum á gögnum frá báðum skólunum.

Ingunn Hansdóttir lektor er í rannsóknasamstarfi um rannsóknina Extended Release Naltrexone for Treating Amphetamine Dependence in Iceland við University of Pennsylvania í Bandaríkjunum og skrifar greinar ásamt vísindamönnum þar.

Andri S. Björnsson dósent er í rannsóknasamstarfi við rannsóknahópa við Harvard-háskóla (McLean Hospital) og við Brown University í Bandaríkjunum.

Ragna B. Garðarsdóttir dósent er í samstarfi við Árósháskóla um leiðbeiningu cand. psych. nema. Hún er í rannsóknarsamstarfi við University of Sussex í Bretlandi og tekur þátt í alþjóðlegu rannsóknaverkefni um loftslagsmál við University of Queensland í Ástralíu um loftslagsmál.

Zuilma Gabriela Sigurðardóttir dósent er í rannsóknarsamstarfi við Florida Institute of Technology, hún vinnur með Ginu Green, stjórnarformanni Association of Professional Behavior Analysts, að greinaskrifum og hún á einnig í samstarfi við University of Massachusetts Medical School um ritun fræðigreina. Enn fremur starfar hún að rannsóknnum í samvinnu við Aksel Tjora, Norges teknisk-

naturvitenskapelige universitet (NTNU) í Þrándheimi í Noregi og Shahla Alais Rosales við Texas-háskóla.

## Rannsóknir

Rannsóknir kennara í Sálfræðideild fjalla um helstu svið sálfræðinnar. Árni Kristjánsson fékk doktorsstyrk fyrir Ómar I. Jóhannesson, Ólafíu Sigurjónsdóttur og Manje Brinkhuis frá Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands. Árni Kristjánsson fékk 192 tíma (25%) flutta af kennsluskyldu yfir í rannsóknir í samræmi við reglur um árangurstengda tilfærslu starfsþátta. Fanney Þórsdóttir fékk styrk frá Rannís til lífsgildarannsóknna og Ingunn Hansdóttir fékk styrk frá Rannís vegna Eddu Bjarkar Þórðardóttur doktorsnema.

## Gæðamál

Sálfræðideild lauk við sjálfsmatsskýrslu á vormisseri. Gæðanefnd skipuðu Sigurður J. Grétarsson deildarforseti, Daníel Þór Ólason varadeildarforseti, Urður Njarðvík dósent, Donna Gelfand, prófessor emeritus við University of Utah, Sigríður Snorradóttir sálfræðingur, Tinna Jóhannudóttir, cand. psych. nemi, Anna Kristín Cartesegna BS-nemi og Ingiríður Þórisdóttir deildarstjóri.

## Markaðs- og kynningarmál

Sálfræðideild tók þátt í sextánda ráðstefnu í líf- og heilbrigðisvísindum þann 3.–4. Janúar og einnig í sameiginlegri kynningu Háskóla Íslands á námsframboði á grunn- og framhaldsstigi á háskóladeginum þann 9. mars. Sálfræðideild hélt sálfræðiping í samstarfi við Sálfræðingafélag Íslands 11.–12. apríl þar sem sex kennarar og tíu framhaldsnemar í Sálfræðideild héldu fyrirlestra. Deildin tók einnig þátt í doktorsdegi Heilbrigðisvísindasviðs þann 30. apríl.

Nokkrar málstofur voru haldnar á vegum Sálfræðideildar á árinu. Þann 15. apríl hélt Jeremy Wolfe, prófessor við Harvard Medical School fyrirlesturinn If I can see so much, why do I miss so much?. Þann 17. september hélt Robert M. Learner, prófessor við Tufts-háskóla í Bandaríkjunum, fyrirlesturinn Hvernig má stuðla að farsælum þroska ungmenna?

Jörgen L. Pind gaf út bókina Edgar Rubin and Psychology in Denmark: Figure and Ground.

## Brautskráðir stúdentar frá Sálfræðideild 2013

### Sálfræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	Sálfræði	23	96	119
<b>BS Alls</b>		<b>23</b>	<b>96</b>	<b>119</b>
Cand. psych.	Sálfræði	4	16	20
<b>Cand. psych. Alls</b>		<b>4</b>	<b>16</b>	<b>20</b>
Doktorspróf	Sálfræði	1		1
<b>Doktorspróf Alls</b>		<b>1</b>		<b>1</b>
MS	Félags- og vinnusálfræði	1	6	7
	Sálfræði		4	4
<b>MS Alls</b>		<b>1</b>	<b>10</b>	<b>11</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>29</b>	<b>122</b>	<b>151</b>

# Tannlæknadeild

## Almennt yfirlit og stjórn

Yfirstjórn deildarinnar var að mestu óbreytt frá fyrra ári. Deildarforseti var Teitur Jónsson dósent og varaforseti Bjarni Elvar Pjetursson prófessor. Á vormisseri 2013 var Teitur í rannsóknaleyfi og leysti Bjarni hann þá af sem starfandi deildarforseti. Í deildarráði voru, auk deildarforseta og varadeildarforseta, Ellen Flosadóttir, sem er formaður kennslunefndar Tannlæknadeildar, Vigdís Valsdóttir, frá námsbraut tannsmiða, Björn Ragnarsson, sem er formaður fjármálanefndar Tannlæknadeildar, Peter Holbrook, kosinn af deildarfundi, og tveir fulltrúar nemenda. Deildarfundur er æðsta vald deildarinnar og þar eiga sæti allir fastráðnir kennarar og þrír fulltrúar nemenda. Á síðasta starfsári voru haldnir fjórir deildarfundir og 12 deildarráðsfundir.

## Starfsfólk

Tannlæknadeild		
Stjórnsýsla og klíník	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	10	7,2
– karlar	1	0,75
Aðjuntar		
– konur	1	0,4
– karlar	0	0
Lektorar		
– konur	0	0
– karlar	8	5,2
Dósentar		
– konur	1	0,7
– karlar	3	2,7
Prófessorar		
– konur	1	1
– karlar	3	3
<b>Samtals</b>	<b>17</b>	<b>13</b>

Við deildina störfuðu fjórir prófessorar, fjórir dósentar, sjö lektorar og þrír aðjuntar, alls 18 kennarar í um 13 stöðugildum, auk fjölda stundakennara. Aðrir starfsmenn deildarinnar eru verkefnisstjóri tannsmiðanáms, tveir deildarstjórar og fjórir starfsmenn í móttöku og á klíník. Breytingar á starfsliði voru með minnsta móti.

Sigurður Örn Eiríksson, lektor og fagstjóri í í munnsjúkdóma- og tannfyllingarfræðum, sagði upp starfi sínu við deildina vorið 2013. Staðan var þá auglýst en engar umsóknir bárust. Kennsla og stjórnun í greininni var því í umsjón fastráðinna kennara þessa fræðasviðs: Sigfúsar Þórs Elíassonar prófessors, Ingu B. Árnadóttur prófessors og Jónasar Geirssonar lektors. Stundakennarar í tannfyllingu voru Páll Ævar Pálsson, Þorsteinn Scheving Thorsteinsson og Ottó Þórsson. Sigurði Eiríkssyni eru þökkúð vel unnin störf fyrir deildina.

Á árinu lést Ólafur Höskuldsson lektor. Hann var fæddur 30. apríl 1939 og lést 6. ágúst 2013. Ólafur varð stundakennari við deildina 1972 og síðan lektor í barnatannlækningum í 32 ár frá 1973 til 2005 og því óhætt að segja að meirihluti starfandi tannlækna hafi notið góðs af frábærri handleiðslu hans.

## Nám og kennsla

Vorið 2013 útskrifuðust sex tannlæknar og sá sjöundi á haustmánuðum. Sjö nemendur eru í öllum árgöngum sem á eftir koma. Misvægi kynjanna birtist í því að af 35 nemendum á 2. til 6. ári í tannlæknánámi voru 24 konur og 11 karlar. Frá námsbraut tannsmiða voru brautskráðir vorið 2013 fimm nemendur með BS-gráðu að loknu þriggja ára námi. Þá luku veturinn 2012 til 2013 tveir nemendur viðbótarnámi til BS-gráðu fyrir tannsmiði með sveinspróf. Alls útskrifuðust 11 nemendur með BS-gráðu að loknu slíku viðbótarnámi en þessi námsleið var tímabundin og er ekki lengur í boði.

Árið 2013 voru skráðir 63 nemendur í tannlæknánám á fyrsta ári og var heildarfjöldi tannlæknanema haustið 2013 alls 98. Samkeppnispróf fyrsta árs nema voru að venju haldin í lok haustmíssis og að þeim loknum halda sjö nemendur áfram. Nemendur í meistaranámi voru fjórir og í doktorsnámi voru tveir nemendur.

Tannsmiðanemar sem stunduðu nám til BS-prófs voru alls 34, þar af voru 23 nýnemar haustið 2013 og héldu fimm efstu úr þeim hópi áfram eftir samkeppnispróf í lok fyrsta míssis. Kennsla fyrir tanntækna var með sama sniði og áður og stunduðu 12 nemendur nám við deildina. Inga B. Árnadóttir prófessor var umsjónarmaður tanntæknanámsins. Á haustmísseri 2013 kom einn skiptinemi frá Kaupmannahafnarháskóla. Á haustmísseri 2013 fór einn skiptinemi til Kaupmannahafnar og á vormísseri 2013 fór annar skiptinemi frá okkur til Svíþjóðar.

Áfram var unnið að endurskipulagningu tannlæknánámsins. Skref í átt að útskrift tannlækna með meistaragráðu voru stigin með þátttöku nemenda á 3., 4. og 5. ári í fimm eininga líftölfræðinámskeiði á vormísseri. Kennsla á klíník féll að mestu niður í tvær vikur vegna þessa námskeiðs. Á haustmísseri 2013 hófst kennsla í þriggja eininga aðferðafræðinámskeiði sem ætlað er nemendum á 4.–6. ári og er einnig þáttur í væntanlegri meistaragráðu. Samkvæmt samþykktum deildarfundar er stefnt að útskrift meistara vorið 2014 en til þess þarf þó að ljúka útfærslu námsins og fá formlegar samþykktir Heilbrigðisvísindasviðs og háskólans fyrir breytingunni. Tannlæknadeild hefur verið virkur þátttakandi í starfi ADEE (Association for Dental Education in Europe).

## Rannsóknir

Innan háskólans er mikil áhersla lögð á rannsóknir og kröfur gerðar til kennara um að afla styrkja úr rannsóknasjóðum og um samstarf við stofnanir og fyrirtæki sem auki rannsóknafé skólans til mikilla muna. Kennarar deildarinnar hafa í vaxandi mæli reynt að fjármagna rannsóknaverkefni með þessum hætti og má nefna til dæmis að Inga B. Árnadóttir prófessor fékk, ásamt samstarfsfólki sínu, úthlutað fimm styrkjum úr þremur sjóðum. Einnig hafa fengist styrkir frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Vísindasjóði Tannlæknafélags Íslands og fleiri aðilum.

Tannlækningastofnun, undir forystu Svends Richter og Karls Arnar Karlssonar, hélt tvo rannsóknafundi á starfsárinu. Þar kynntu kennarar og nemendur rannsóknir sínar og einnig á Líf- og heilbrigðisvísindaráðstefnu Heilbrigðisvísindasviðs í janúar 2013 og á öðrum ráðstefnum og í fag tímaritum heima og að heiman. Kennarar Tannlæknadeildar hafa verið í samstarfi við nokkra erlenda háskóla, m.a. í Bern, Zürich og Hong Kong, en einnig Karolinska Institutet, NIOM og fleiri stofnanir.

Peter Holbrook prófessor var aðalritstjóri eins helsta tannlæknatímaritsins á Norðurlöndum, Acta Odontologica Scandinavica, og hann fékk einnig á árinu viðurkenninguna Diploma in Oral Medicine frá European Association of Oral Medicine. Bjarni Elvar Pjetursson prófessor var á árinu kjörinn formaður rannsóknarnefndar EAO (European Association for Osseointegration), sem eru stærstu samtök þeirra sem vinna með tannplanta í Evrópu.

Tannlæknadeild kom við sögu sumarið 2013 á stærstu ráðstefnu sem haldin hefur verið á Íslandi. Á þessari alþjóðlegu tannréttingaráðstefnu voru 2400 þátttakendur frá 70 löndum, um 80 fræðileg erindi voru haldin og rúmlega 500 veggspjöld sýnd. Teitur Jónsson deildarforseti var formaður vísindanefndar ráðstefnunnar og Bjarni Elvar Pjetursson varadeildarforseti flutti einn af lykilfyrirlestrum ráðstefnunnar.

## **Markaðs- og kynningarmál**

Tannlæknadeild tók þátt í sameiginlegum kynningum á starfsemi og námsframboði, meðal annars með þátttöku í Háskóla unga fólksins og á háskóladeginum í mars. Ekki virðist þó mikil þörf á að vekja athygli á deildinni þar sem nýnemar þessi árin eru miklu fleiri en hægt er að veita kennslu í klínískum greinum.

Tannlæknadeild gerði samstarfssamning við Tannlæknafélag Íslands um styrk frá félaginu til samkennslu, námskeiðs í umsjón Sigurðar Rúnars Sæmundssonar dósents. Á móti fá félagar í Tannlæknafélagi Íslands að sitja fyrirlestrana sem endurmenntun sér að kostnaðarlausu.

## **Annað**

### **Rekstur Tannlæknadeildar**

Nýr samningur Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna, sem gerður var 2013, mun hafa áhrif á hag deildarinnar þar sem greiðslur frá Sjúkratryggingum munu hækka hjá vissum aldurshópum barna vegna hækkana á gjaldskrá. Þegar samningurinn verður kominn að fullu til framkvæmda og öll börn að 18 ára aldri eiga kost á frírri tannlæknaþjónustu gæti hann hins vegar dregið úr aðsókn barna að deildinni frá því sem nú er.

Fjárhagsstaða deildarinnar var slæm sem fyrr og árið 2013 bætti enn í uppsafnað tap síðustu tíu ára. Hallareksturinn er óviðunandi en þó er meira áhyggjuefni að ekki er fyrirsjáanlegt hvernig hægt verður að fjármagna allsherjarendurnýjun á tækjabúnaði á klíník og preklíník. Slík endurnýjun er orðin afar brýn eftir 30 ára starfsemi deildarinnar í Læknagarði en kostnaðinn má lauslega áætla á annað hundrað milljónir króna.

Þrátt fyrir hallann síðustu ár er smám saman unnið að endurbótum á tækjabúnaði. Herðingarljós hafa verið endurnýjuð og einnig fékk Júlíus Helgi Schopka fjárveitingu úr tækjakaupasjóði til kaupa á tveim skurðvélum og tilheyrandi búnaði til notkunar við kennslu í munnskurðlækningum.

### **Rafræn sjúkraskrá**

Á síðasta starfsári fékk Tannlæknadeild úthlutað styrk úr Aldarafmællissjóði Háskóla Íslands til að kosta tölvuvæðingu á sjúkraskrá. Tölvur voru settar upp við hvern stól í ársbyrjun 2013 en áður hafði verið settur upp búnaður fyrir stafrænar tannröntgenmyndir og enn fyrr stafrænt tæki fyrir stærri röntgenmyndir. Nauðsynlegt reyndist að skipta um hugbúnað og því hefur tannlæknaþjóninum nú verið skipt út fyrir Opus. Pappírslaus sjúkraskrá hefur því verið í notkun frá og með haustinu 2013 en fyrirsjáanlegt er að starfsfólk, nemendur og kennarar verða að kynna sér nýja kerfið rækilega og laga snurður sem kunna að hlaupa á práðinn á næstunni. Athyglisvert er að tillaga um rafræna sjúkraskrá kom fram eftir að starfsfólk okkar fór í kynnisferðir til útlanda og óhætt er að þakka Hönnu G. Daníelsdóttur deildarstjóra fyrir forgöngu hennar í málinu.

**Bókagjöf**

Tannlæknadeild fékk á árinu veglega bókagjöf frá útgáfunni Oxford University Press. Þetta eru ellefu bókatitlar og alls 191 eintak en bækurnar eru allar nýjar kennslubækur og handbækur í tannlæknisfræðum. Fulltrúi Oxford University Press, Natalia Syropyatova, afhenti bækurnar á tannréttingaráðstefnunni sem haldin var í Reykjavík sumarið 2013.

## Brautskráðir stúdentar frá Tannlæknadeild 2013

### Tannlæknadeild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	Tannsmíði	1	6	7
<b>BS Alls</b>		<b>1</b>	<b>6</b>	<b>7</b>
Cand. odont.	Tannlæknisfræði	2	4	6
<b>Cand. odont. Alls</b>		<b>2</b>	<b>4</b>	<b>6</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>3</b>	<b>10</b>	<b>13</b>



**HUGVÍSINDASVIÐ**  
**SCHOOL OF HU**

Deild erlens  
Faculty of

Guðfræði- og  
Faculty of Th

Íslensku- og  
Faculty of Icelandic and

Sagnfræði- og he  
Faculty of History



HÁSKÓ  
HUG

FERRI





# Hugvísindasvið

## Skipulag, stjórn og starfsfólk

Á Hugvísindasviði eru fjórar deildir: Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, Íslensku- og menningardeild og Sagnfræði- og heimspekideild.

Forseti sviðsins var Ástráður Eysteinnsson, prófessor í almennri bókmenntafræði. Hann hefur gegnt starfinu frá árinu 2008 og var í ársbyrjun 2013 ráðinn til næstu fimm ára.

- Deildarforseti Deildar erlendra tungumála var Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, og varadeildarforseti Geir Sigurðsson, dósent í kínverskum fræðum.
- Deildarforseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar var Sólveig Anna Bóasdóttir dósent og Pétur Pétursson prófessor varadeildarforseti.
- Deildarforseti Íslensku- og menningardeildar var Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslensku. Varadeildarforseti var Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingafræði. Þann 1. júlí tók Guðni Elísson, prófessor í almennri bókmenntafræði við starfi deildarforseta og Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor í íslenskum bókmenntum, tók við starfi varadeildarforseta.
- Deildarforseti Sagnfræði- og heimspekideildar var Svavar Hrafn Svavarsson, prófessor í heimspeki, og varadeildarforseti Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði.

Stjórn Hugvísindasviðs er skipuð forseta sviðsins og deildarforsetum, auk þess sem nemendur eiga einn aðalfulltrúa og að auki einn áheyrnarfulltrúa. Markús Þ. Þórhallsson, nemandi í sagnfræði, var aðalfulltrúi nemenda á vormisseri 2013 og Guðbjört Þórisdóttir, nemandi í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, áheyrnarfulltrúi. Á haustmisseri sat Guðbjört í stjórninni sem fulltrúi nemenda og Stefán Óli Jónsson, nemandi í Sagnfræði- og heimspekideild, var áheyrnarfulltrúi.

Á fræðasviðinu starfar heildstæður stjórnslu- og skrifstofukjarni fyrir allt sviðið. Þar eru m.a. starfandi verkefnastjórar einstakra deilda sem sinna erindum deildanna og tryggja tengsl þeirra við stjórnslu- og þjónustumiðstöð sviðsins, sem og miðlæga stjórnslu háskólans.

Á skrifstofunni eru tólf starfsmenn: Sviðsforseti, rekstrarstjóri, rannsóknastjóri, kennslustjóri, kynningar- og vefstjóri, verkefnastjóri alþjóðamála og verkefnastjóri Hugvísindastofnunar, auk fjögurra annarra verkefnastjóra sem sinna málefnum deilda, framhaldsnáms, húsnæðismála, brautskráningar, móttöku- og samskiptamála, sem og annarri þjónustu við deildir, kennara og nemendur sviðsins.

## Hugvísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna

	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	76	66,31
Karlar	83	70,2
<b>Samtals</b>	<b>159</b>	<b>136,5</b>

## Hugvísindastofnun


Hugvísindastofnun, Siðfræðistofnun, Sagnfræðistofnun, Heimspekistofnun, Bókmennta- og listfræðastofnun, Málvísindastofnun, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Tungumálamiðstöð

Starfsmenn	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	15	12,3
– karlar	19	13,9
<b>Samtals</b>	<b>34</b>	<b>26,2</b>

## RIKK og Edda – öndvegissetur

Starfsmenn	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	4	3,5
– karlar	0	0
<b>Samtals</b>	<b>4</b>	<b>3,5</b>
<b>Alls</b>	<b>38</b>	<b>29,7</b>

## Hugvísindasvið Fjöldi starfsmanna eftir starfsheitum



## Stjórnsýsla fræðasviðsins – fjöldi starfsmanna í árslok 2013

Karlar

Konur

Samtals

### Hugvísindasvið

		Konur	Samtals
	6	6	12
Guðfræði- og trúarbragðaf ræðideild	0	0	0
Íslensku- og menningardeild	0	0	0
Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda	0	0	0
Sagnfræði- og heimspekideild	0	0	0

Einstaklingar	12
Starfsígildi	11,5

### Fjármál Hugvísindasviðs

Fjárveiting	1.169.970*
Sértekjur	329.899*
Tekjur alls	1.499.869*
Útgjöld	1.399.478*
Tekjuafgangur	100.391*
Ársverk	165
Skráðir nemendur	2.436
Virkir nemendur	1.629
Nemendur/ársverk	9,9
Virkni nemenda	66,9%

\* Upphæðir eru í þús. kr.

### Markaðs- og kynningarmál

Á sviðinu var gefið út innanhússfréttabréf, Hugskeyti, sem var sent í tölvupósti til allra fastráðinna starfsmanna sviðsins og ýmissa tengiliða innan skólans. Í fréttabréfinu, sem kom út þrisvar sinnum á árinu, var sagt frá helstu tíðindum af starfsmannamálum, viðburðum, viðurkenningum og öðru fréttæmu í starfi sviðsins og fréttum af starfsmönnum.

Vefur sviðsins gegnir lykilhlutverki í upplýsingamiðlun og kynningarstarfi. Þar er ávallt að finna nýjustu upplýsingar um nám og kennslu á sviðinu, auk þess sem greint er frá viðburðum og fréttir birtar um það sem ber hæst hverju sinni. Nokkur myndbönd voru framleidd til kynningar á námsgreinum Hugvísindasviðs. Þau voru birt á vef sviðsins og á youtube-rás Hugarásar, vefrits Hugvísindasviðs. Á innri vef, Uglu, er að finna ýmsar upplýsingar sem eingöngu eru ætlaðar starfsmönnum, s.s. fundargerðir, sniðmát, eyðublöð o.fl. Á árinu var átaki í að stofna vefi fyrir kennara sviðsins haldið áfram.

Sviðið rekur vefritið Hugaras.is þar sem birtar voru greinar og pistlar fræðimanna og nemenda í hugvísindum.

Hugvísindasvið tók þátt í almennum kynningum á námi við Háskóla Íslands þar sem nemendur og kennarar lögðu gjörva hönd á plóg ásamt kynningarnefnd sviðsins. Hæst bar háskóladaginn í mars auk þess sem nokkrir framhaldsskólar voru heimsóttir og tekið var á móti einstökum hópum.

## Rannsóknir

Starfsemi Hugvísindastofnunar hefur verið eflað á undanförunum árum. Það hefur skilað sér í bættri rannsóknþjónustu á sviðinu og í auknum stuðningi við rannsóknaverkefni, ráðstefnuhald, útgáfu fræðiriti og fleiri rannsóknatengda þætti. Fjallað er ítarlega um rannsóknir á sviðinu í kaflanum um Hugvísindastofnun og undirstofnanir hennar.

Forseti sviðsins er jafnframt stjórnarformaður Hugvísindastofnunar og sú starfsemi sem lýtur sérstaklega að stjórnun og þjónustu rannsóknamála – þ.e. störf rannsóknastjóra og verkefnastjóra Hugvísindastofnunar, auk ýmissa starfa sviðsforseta og rekstrarstjóra – eru þannig hluti af því heildstæða stjórnsýslustarfi sem sinnt er á skrifstofu sviðsins. Stjórn Hugvísindastofnunar er jafnframt vísindanefnd sviðsins. Hugvísindastofnun sinnir margvíslegri rannsóknþjónustu á sviðinu og undir hana heyra sex fastar grunnstofnanir (Bókmennta- og listfræðastofnun, Guðfræðistofnun, Heimspekistofnun, Málvísindastofnun, Sagnfræðistofnun og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum), sem og aðrar sjálfstæðar rannsóknastofnanir sem hafa heimilisfesti á Hugvísindasviði og eiga fulltrúa í stjórn Hugvísindastofnunar. Þrjár stofnanir hafa slíka aðild að Hugvísindastofnun, þ.e. Siðfræðistofnun, Edda – öndvegissetur og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum (RIKK). Þetta eru öflugar stofnanir sem standa fyrir þverfræðilegum rannsóknum og tengslum Hugvísindasviðs við önnur fræðasvið háskólans, sem og út fyrir skólann. Sjá nánar umfjöllun í köflum um stofnanirnar. Innan vébanda Hugvísindastofnunar og einstakra aðildarstofnana hennar starfa einnig sérhæfðar rannsóknastofur.

## Nefndir og ráð

Auk vísindanefndar, sem vikið er að hér að framan, starfa nokkrar fastanefndir á sviðinu: kennslunefnd, kynningarnefnd og jafnréttisnefnd.

## Stefna sviðsins

Hugvísindasvið vinnur eftir stefnu sem var samþykkt fyrir árin 2009 til 2013. Hana má lesa á heimasíðu sviðsins. Jafnréttisstefnu sviðsins má lesa í heild sinni á innri vef háskólans.

## Starfsmannamál

Nánar er fjallað um starfsmannamál í köflum um einstakar deildir sviðsins og í kafla um ný og breytt störf.

## Heiðursdoktor

Þann 1. júní sæmdi Deild erlendra tungumála, málvísinda og bókmennta Guðberg Bergsson rithöfund heiðursdoktorsnafnbót við deildina. Heiðursdoktorshátíðin var lokapáttur í málþingi sem haldið var á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur til heiðurs Guðbergi í Hátíðasal Háskóla Íslands. Í því tóku þátt íslenskir og erlendir rithöfundar, þýðendur og fræðimenn. Geir Sigurðsson, varaforseti deildarinnar, lýsti kjöri heiðursdoktorsins og afhenti honum doktorsskjalið.

## Doktorsvarnir

Þorsteinn Helgason varði doktorsritgerð sína við Sagnfræði- og heimspekideild 23. ágúst. Ritgerðin nefnist *Minning og saga í ljósi Tyrkjaránsins*. Andmælendur voru Helgi Þorláksson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild, og Hrefna Róbertsdóttir, sagnfræðingur hjá Þjóðskjalasafni Íslands. Ritgerðin var samin án leiðsagnar en í dómnefnd sátu áður taldir andmælendur auk Más Jónssonar, prófessors við Sagnfræði- og heimspekideild. Svavar Hrafn Svavarsson, forseti Sagnfræði- og heimspekideildar, stjórnaði athöfninni.

Anna Jeeves varði doktorsritgerð sína við Deild erlendra tungumála, málvísinda og bókmennta 27. september. Þetta var fyrsta doktorsvörnin við deildina. Ritgerðin ber titilinn *Relevance and the L2 Self in the Context of Icelandic Secondary School Learners – Learner Views* (Gildi og tungumálasjálfi íslenskra framhaldsskólanemenda – Viðhorf nemenda). Andmælendur voru Glenn Ole Hellekjær, prófessor við Háskólann í Osló, og Martin Lamb, prófessor við Háskólann í Leeds. Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, var aðalleiðbeinandi doktorsefnis en í doktorsnefnd sátu auk hennar Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor á Menntavísindasviði, og Judit Kormos, prófessor við Háskólann í Lancaster. Hólmfríður Garðarsdóttir, forseti Deildar erlendra tungumála, stjórnaði athöfninni.

Sigurgeir Guðjónsson varði doktorsritgerð sína við Sagnfræði- og heimspekideild 25. október. Ritgerðin nefnist *Aðbúnaður geðveikra á Íslandi og umbætur yfirvalda fyrir daga geðspítala*. Andmælendur voru Jörgen Pind, prófessor í sálfræði við Háskóla Íslands, og Már Jónsson, prófessor í sagnfræði. Leiðbeinandi var Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði. Í doktorsnefnd voru ásamt leiðbeinanda Ólöf Garðarsdóttir, prófessor á Menntavísindasviði, og Óttar Guðmundsson geðlæknir á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Svavar Hrafn Svavarsson, forseti Sagnfræði- og heimspekideildar, stýrði athöfninni.

Haukur Þorgeirsson varði doktorsritgerð sína við Íslensku- og menningardeild 26. nóvember. Ritgerðin nefnist *Hljóðkerfi og bragkerfi – Stoðhljóð, tónkvæði og önnur úrlausnarefni í íslenskri bragsögu* ásamt útgáfu á Rímum af Ormari Fraðmarssyni. Andmælendur voru Gunnar Ólafur Hansson, dósent við University of British Columbia, og Michael Schulte, prófessor við Háskólann í Volda í Noregi. Aðalleiðbeinandi Hauks var Kristján Árnason, prófessor í íslenskri málfræði, en í doktorsnefnd voru auk hans Þórhallur Eypórsson, dósent í ensku, og Bergljót Kristjánsdóttir, prófessor í íslenskum bókmenntum. Guðni Elísson, forseti Íslensku- og menningardeildar, stjórnaði athöfninni.

Íris Ellenberger varði doktorsritgerð sína við Sagnfræði- og heimspekideild 29. nóvember. Ritgerðin nefnist *Danskir innflytjendur á Íslandi 1900–1970 – Félagsleg staða, samþætting og þverþjóðleiki*. Andmælendur voru Valur Ingimundarson, prófessor í sagnfræði, og Kristín Loftsdóttir, prófessor í mannfræði við Félagsvísindasvið. Leiðbeinandi var Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði. Í doktorsnefnd voru ásamt leiðbeinanda Helgi Skúli Kjartansson, prófessor í sagnfræði á Menntavísindasviði, og Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði. Svavar Hrafn Svavarsson, forseti Sagnfræði- og heimspekideildar, stýrði athöfninni.

## Aðrir viðburðir

Hugvísindasvið og stofnanir þess standa fyrir fjölmörgum viðburðum í hverjum mánuði, ýmist í samstarfi við aðra eða á eigin vegum. Viðburðirnir eru af ýmsum toga, s.s. stakir fyrirlestrar, fyrirlestraraðir, málþing, menningarhátíðir, málstofur, innlendar sem alþjóðlegar ráðstefnur, auk hins árlega Hugvísindapings. Hér að aftan er sagt frá stærstu viðburðum ársins.

## Þing Hugvísindasviðs

Efnt var til sviðsþings Hugvísindasviðs 2013 í Hátíðasal Háskóla Íslands þann 21. maí. Þingið er ætlað öllu starfsfólki sviðsins auk fulltrúa stúdenta. Þingið hófst á ársfundi Hugvísindastofnunar. Að honum loknum tók við almenn kynning á niðurstöðu starfsmannakönnunar sem gerð var við Háskóla Íslands. Þinginu lauk á umræðu um stefnumótun sviðsins til næstu fimm ára. Vorfagnaður sviðsins var haldinn í beinu framhaldi af þinginu.

## Hugvísindaping

Yfir eitt hundrað erindi voru flutt á yfir 30 málstofum á Hugvísindapingi 2013 sem haldið var 15. og 16. mars. Dagskrá þingsins var fjölbreytt en þar var m.a. fjallað um syndina og íslenskt lýðræði í kjölfar hrunsins, um voveifleg dauðsföll og þýðingu bernskunnar, tilgang háskólans og Njálu. Hugvísindaping hefur verið árviss viðburður frá árinu 1999. Nánar er fjallað um Hugvísindaping í kafla um Hugvísindastofnun.

## Menningarhátíðir

Hin árlega Japanshátíð var haldin í níunda sinn 2. febrúar en hún hefur öðlast fastan sess hjá mörgum enda er mjög vandað til hennar af hálfu nemenda og kennara í japönsku í samstarfi við japanska sendiráðið. Efnt var til kínverskrar nýárshátíðar 10. febrúar með menningarveislu á Háskólatorgi. Hátíðirnar voru fjölsóttar að vanda.

## Námskynningar

Í mars var námskynning haldin í Háskóla Íslands á svonefndum háskóladegi. Dagurinn þótti takast mjög vel og var fjölsóttur að vanda. Sviðið tók enn fremur þátt í margvíslegum öðrum námskynningum í framhaldsskólum, ýmist með öðrum deildum og sviðum skólans eða á eigin vegum með kynningum á stökum námsgreinum eða deildum Hugvísindasviðs.

Hugvísindasvið og Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda veittu allmörgum stúdentum viðurkenningu, bókina Eitt þúsund tungumál, fyrir góðan árangur í erlendum tungumálum við útskrift úr framhaldsskóla. Viðurkenningunni er ætlað að hvetja stúdenta til áframhaldandi náms í erlendum tungumálum.

## Leit að fegursta orðinu

Hugvísindasvið efndi til leitar að fegursta orðum tungumálsins í samstarfi við Ríkisútvarpið. Leitin hófst 24. september þegar almenningi var boðið að tilnefna orð. Alls bárust tillögur frá um 8.500 manns og úr þeim valdi starfshópur 30 orð, bæði með hliðsjón af orðinu og ástæðu fyrir tilnefningunni. Almenningi gafst svo kostur á að kjósa á milli orðanna og alls greiddu rúmlega þrettán þúsund manns atkvæði. Kosið var á milli þrjátíu tillagna, tíu í hverjum aldurshópi. Í yngsta aldursflokknum reyndist tillaga um orðið spékoppar hlutskörpust með 1.962 atkvæði. Í hópi 16–25 ára var orðið hugfanginn vinsælast með 3.984 atkvæði og í hópi 26 ára og eldri fékk orðið ljósmóðir flest atkvæði, eða 4.258.

Hugvísindasvið efndi svo til „hátíðar orðanna“ í Hátíðasal Háskóla Íslands 14. desember þar sem verðlaun voru afhent en einnig komið á framfæri ýmsum fróðleik um orðaleitina og hinar fjölbreytilegu tillögur sem bárust. Markmið orðaleitarinnar var m.a. að efla vitund og samræðu um eðli, virkni og veruleika tungumálsins og um tengsl mannfólksins við málið og orðaforðann. Nefndina sem skipulagði leitina að fegursta orðinu skipuðu þau Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, Oddný G. Sverrisdóttir, Jón Hilmar Jónsson, Rúnar Helgi Vignisson, Höskuldur Þráinsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Anna Sigríður Þráinsdóttir.

## **Alþjóðasamskipti**

### **Erlendir nemendur**

Erlendir nemendur við Háskóla Íslands voru samtals 1152 á árinu. Af þessum erlendu nemendum voru 511 við nám á Hugvísindasviði, þ.a. 143 við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, 1 við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, 322 við Íslensku- og menningardeild og 45 við Sagnfræði- og heimspekideild.

Skipting erlendra nemenda eftir námsstigum

Grunnnám: 397 nemendur.

Skipting erlendra nemenda eftir deildum í grunnnámi:

- Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda: 114 nemendur.
- Guðfræði- og trúarbragðafræðideild: 1 nemandi.
- Íslensku- og menningardeild: 266 nemendur.
- Sagnfræði- og heimspekideild: 16 nemendur.

Viðbótarnám: 13 nemendur.

Erlendir nemendur í viðbótarnámi voru einungis við Sagnfræði- og heimspekideild: 13 nemendur.

Meistaránám: 77 nemendur.

Skipting erlendra nemenda eftir deildum í meistaránámi:

- Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda: 29 nemendur.
- Guðfræði- og trúarbragðafræðideild: enginn nemandi.
- Íslensku- og menningardeild: 44 nemendur.
- Sagnfræði- og heimspekideild: 4 nemendur.

Doktorsnám: 24 nemendur.

Skipting erlendra nemenda eftir deildum í doktorsnámi:

- Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda: enginn nemandi.
- Guðfræði- og trúarbragðafræðideild: enginn nemandi.
- Íslensku- og menningardeild: 12 nemendur.
- Sagnfræði- og heimspekideild: 12 nemendur.

Stór hluti þeirra erlendu nemenda sem eru við nám á Hugvísindasviði eru nemendur á námsleiðunum Íslenska sem annað mál (BA-nám) og Hagnýt íslenska sem annað mál, auk námsleiðarinnar Medieval Icelandic Studies.

### **Erlendir skiptinemar**

Erlendir skiptinemar við Háskóla Íslands voru samtals 457. Af þessum erlendu skiptinimum voru 109 við nám á Hugvísindasviði. Nemendur koma frá samstarfsskólum Háskóla Íslands en þeir eru yfir 500 úti um allan heim.

## Nemendur í skiptinám til erlendra samstarfsskóla

Nemendur Háskóla Íslands sem fóru sem skiptinemar til erlendra samstarfsskóla voru samtals 229, þ.a. 80 frá Hugvísindasviði.

Nemendur í þýsku fóru til Tübingen í Þýskalandi í árlega kennsluferð í tvær vikur í febrúar en það er í þrettánda sinn sem slík ferð er farin. Nemendur í dönsku fóru einnig í sína árlegu námsferð á Schæffergården í Danmörku í verkefnavíkunni að hausti.


## Námskeið kennd á ensku og öðrum tungumálum

Á Hugvísindasviði var boðið upp á fjölda námskeiða á ensku, bæði í grunn- og framhaldsnámi, og eru þar talin með námskeið gestakennara í styttri tíma. Námsleiðir kenndar á ensku eru meistaranám í íslenskum miðaldafræðum (MA in Icelandic Medieval Studies) og norrænt meistaranám í víkinga- og miðaldafræðum (MA in Viking and Medieval Norse Studies). Þá eru námsleiðirnar Íslenska sem annað mál á BA-stigi (Icelandic as a second language) og Hagnýt íslenska sem annað mál (Practical Icelandic as a second language) kenndar á ensku. Kennsla við námsbraut í ensku í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda fer fram á ensku. Kennsla í öðrum tungumálagreinum fer að jafnaði fram á viðkomandi tungumáli.

## Kennara- og starfsmannaskipti

Á árinu fengu 55 starfsmenn Háskóla Íslands Erasmus-styrk, þ.a. 11 starfsmenn Hugvísindasviðs. Heimsóknir erlendra gestakennara eru hluti af alþjóðastarfi sviðsins. Gestakennarar dvelja í mismilangan tíma og kenna sumir í málstofum daglega í nokkrar vikur.

## Skipurit Hugvísindasviðs







Viltu tala íslensku við mig?

Viltu tala íslensku við mig?

Viltu tala íslensku við mig?

Viltu tala íslensku við mig?

Viltu tala íslensku við mig?

# Tungumálamiðstöð

## Starfslið

Eyjólfur Már Sigurðsson er forstöðumaður miðstöðvarinnar og auk hans störfuðu eftirfarandi nemendur í tímavinnu á árinu: Sabine Sennefelder, Stefanie Bade, Natalia Kovachkina og Anita Rübberdt. Tungumálamiðstöð heyrir undir Hugvísindasvið.

## Starfsemi

Sem fyrr bauð miðstöðin upp á tungumálanámskeið bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Nemendum gafst kostur á að stunda nám í dönsku, frönsku, ítölsku, spænsku og þýsku. Íslenskunámskeið voru haldin fyrir erlenda starfsmenn háskólans bæði á vormisseri og á haustmisseri og einnig var boðið upp á ensku-, þýsku- og ítölskunámskeið fyrir starfsmenn. Tungumálamiðstöðin hefur um árabil boðið upp á fjarkennslu í íslensku (Icelandic Online PLUS). Námskeiðið var öllum opið og var það mjög vel sótt. Miðstöðin hélt svo að vanda alþjóðleg stöðupróf bæði í þýsku (TestDaF) og spænsku (DELE).

## Alþjóðlegt samstarf

Tungumálamiðstöðin er í margs konar samstarfi við erlenda aðila. Hún er meðlimur í CERCLES (Confédération Européenne des Centres de Langues de l'Enseignement Supérieur), sem eru Evrópusamtök tungumálamiðstöðva á háskólastigi.

Miðstöðin tók þátt í verkefninu Lingu@net Work, sem styrkt er af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Verkefnið er framhald af fyrra verkefni: Lingu@net World Wide.

Forstöðumaður Tungumálamiðstöðvarinnar situr í stjórn Tungumálamiðstöðvarinnar í Graz í Austurríki (ECML, European Centre for Modern Languages). Hlutverk hennar er að efla og styðja við nám og kennslu í tungumálum í Evrópu.

## Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

Í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda eru kenndar 13 erlendar tungumálagreinar. Lögð er áhersla á að tungumálakunnátta nemenda og fræðileg innsýn í bókmenntir, málvísindi og menningu annarra þjóða veiti nemendum þekkingu og færni til að takast á við störf t.d. við alþjóðasamskipti, menningartengd málefni, viðskipti, þýðingar, fjölmiðla, ferðaþjónustu, útgáfu, almannatengsl og stjórnsýslu.

## Stjórn

Forseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda var Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, og varaforseti Geir Sigurðsson, dósent í kínverskum fræðum.

## Ráð og nefndir

Deildinni er skipað í þrjár námsbrautir: námsbraut í ensku, námsbraut í rómönskum málum, grísku, latínu og japönsku og námsbraut í Norðurlandamálum, kínversku, rússnesku og þýsku. Við deildina starfa þrjár fastar stjórnunareiningar til viðbótar, auk deildarfundar: deildarráð, framhaldsnámsnefnd og kennslunefnd.

## Námsgreinar

Við deildina voru eftirfarandi námsgreinar í boði: danska, enska, frönsk fræði, gríska, ítalska, japanskt mál og menning, kínversk fræði, Austur-Asíufræði, Ameríkufræði, latína, norska, Norðurlandafræði, rússneska, spænska, sænska, þýska, þýska í ferðapjónustu og miðlun og loks enska: bókmenntir, menning og miðlun.

## Starfsmannamál

Af tíðindum í starfsmannamálu deildarinnar ber þetta hæst:

- Ásrún Jóhannsdóttir var ráðin aðjunkt í ensku. Hún hafði starfað sem standakennari í ensku frá árinu 2008.
- Hulda Kristín Jónsdóttir var ráðin aðjunkt í ensku.
- Irma Erlingsdóttir fékk framgang í starf dósents í frönskum fræðum.
- Kristín Guðrún Jónsdóttir var ráðin í starf lektors í spænsku. Hún var áður aðjunkt í sömu grein.

Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda		
Aðjuntar	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	8	5,7
– karlar	4	3,1
Lektorar		
– konur	8	8
– karlar	3	2,31
Dósentar		
– konur	3	2,5
– karlar	4	4
Prófessorar		
– konur	5	5
– karlar	2	2
Samtals	<b>37</b>	<b>32,6</b>

## Brautskráðir stúdentar frá Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda 2013

### Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls	
BA	Austur-Asíufræði		2	2	
	Danska	2	1	3	
	Enska	12	23	35	
	Franska		3	3	
	Frönsk fræði		1	1	
	Gríska		1	1	
	Ítalska		2	2	
	Japanskt mál og menning		4	4	8
	Kínversk fræði		1		1
	Kínverskt mál og menning			1	1
	Latína		1		1
	Spænska			9	9

	Sænska	1	1
	Þýska	4	4
<b>BA Alls</b>		<b>20</b>	<b>52</b>
Doktorspróf	Enska	1	1
<b>Doktorspróf Alls</b>		<b>1</b>	<b>1</b>
Grunndiplóma	Hagnýt spænska fyrir atvinnulífið	1	1
	Hagnýt þýska fyrir atvinnulífið	3	3
<b>Grunndiplóma Alls</b>		<b>3</b>	<b>1</b>
MA	Franska	2	2
	Norðurlandafræði	1	1
	Spænskukennsla	6	6
<b>MA Alls</b>		<b>1</b>	<b>8</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>24</b>	<b>62</b>

## Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Markmið Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar er að bjóða upp á nám í guðfræði og trúarbragðafræðum sem stenst alþjóðlegan samburð. Með því er stúdentum gert mögulegt að afla sér þekkingar sem sífellt skiptir meira máli á öllum sviðum samfélagsins. Deildin er helsta miðstöð guðfræði- og trúarbragðafræðirannsókna hérlendis.

### Stjórn

Forseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar var Sólveig Anna Bóasdóttir dósent. Pétur Pétursson var varadeildarforseti.

### Ráð og nefndir

Við deildina starfa eftirtaldar stjórnunareiningar, auk deildarfundar: rannsóknanámsnefnd, stjórn Trúarbragðafræðistofu, stjórn Guðfræðistofnunar og ritnefnd Ritraðar Guðfræðistofnunar.

### Námsgreinar

Við deildina er boðið upp á eftirfarandi námsgreinar: trúarbragðafræði, djáknánám og guðfræði.

### Starfsmannamál

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild		
Lektorar	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	0	0
– karlar	2	1,25
Dósentar		
– konur	1	1
– karlar	0	0
Prófessorar		
– konur	1	1
– karlar	4	3,31

Af tíðindum í starfsmannamálum deildarinnar ber þetta hæst:

- Rúnar Þorsteinsson var ráðinn í starf lektors í nýjatestamentisfræðum. Hann var stundakennari námsárið 2012–2013.

## Brautskráðir stúdentar frá Guðfræði- og trúarbragðafræðideild 2013

### Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BA	Almenn trúarbragðafræði		1	1
	Guðfræði	3	3	6
	Guðfræði - Djáknanám		2	2
<b>BA Alls</b>		<b>3</b>	<b>6</b>	<b>9</b>
Kandídatspróf	Guðfræði	2		2
	Guðfræði, framhaldsnám eftir BA-próf	1	2	3
<b>Kandídatspróf Alls</b>		<b>3</b>	<b>2</b>	<b>5</b>
MA	Guðfræði	1	1	2
<b>MA Alls</b>		<b>1</b>	<b>1</b>	<b>2</b>
Mag. theol.	Guðfræði	2	4	6
<b>Mag. theol. Alls</b>		<b>2</b>	<b>4</b>	<b>6</b>
Viðbótardiplóma	Djáknanám		2	2
<b>Viðbótardiplóma Alls</b>			<b>2</b>	<b>2</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>9</b>	<b>15</b>	<b>24</b>

## Íslensku- og menningardeild

Deildin hvílir á tveimur meginstöðum, annars vegar íslensku og tengdum greinum og hins vegar menningargreinum. Í deildinni eru nú kenndar á annan tug námsgreina, sumar bæði á grunn- og framhaldsstigi, aðrar eingöngu í grunnnámi og enn aðrar eingöngu í framhaldsnámi.

### Stjórn

Forseti Íslensku- og menningardeildar var Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslensku.

Varadeildarforseti var Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingfræði. Þann 1. júlí tók Guðni Elísson, prófessor í almennri bókmenntafræði, við starfi deildarforseta og Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor í íslenskum bókmenntum, tók við starfi varadeildarforseta.

### Ráð og nefndir

Við deildina starfa þrjár fastar stjórnunareiningar: deildarfundur, deildarráð og framhaldsnámsnefnd.

## Námsgreinar

Við deildina eru eftirfarandi námsgreinar í boði: almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, íslenska, íslenska sem annað mál, kvikmyndafræði, listfræði, ritlist, samfélagstúlkun, táknmálsfræði, þýðingafraeði, hagnýt ritstjórn og útgáfa, menningarfræði, íslensk miðaldafræði og máltækni.

## Starfsmannamál

Íslensku- og menningardeild		
Aðjunktur	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	5	4,3
– karlar	3	1,6
Lektorar		
– konur	5	4,5
– karlar	2	2
Dósentar		
– konur	4	3,6
– karlar	3	3
Prófessorar		
– konur	5	5
– karlar	13	11,9
Samtals	<b>40</b>	<b>35,9</b>

Af tíðindum í starfsmannamálum deildarinnar ber þetta hæst:

- Benedikt Hjartarson var ráðinn í starf lektors í bókmennta- og menningarfræði. Hann var áður aðjunkt í sömu greinum.
- Désirée (Daisy) Neijmann var ráðin aðjunkt í íslensku sem öðru máli. Hún sinnti stundakennslu 2011–2013.
- Marion Lerner var ráðin í starf lektors í þýðingafraeði og ráðstefnutúlkun. Hún var áður aðjunkt í sömu grein.
- Æsa Sigurjónsdóttir fékk framgang í starf dósents í listfræði.
- Jóhannes Gísli Jónsson var ráðinn í starf lektors í íslenskri málfræði. Hann var áður aðjunkt í sömu grein.

## Brautskráðir stúdentar frá Íslensku- og menningardeild 2013

Íslensku- og menningardeild					
Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls	
BA	Almenn bókmenntafræði	5	17	22	
	Almenn málvísindi	2	3	5	
	Íslenska	2	14	16	
	Íslenska fyrir erlenda stúdenta	2	4	6	
	Íslenska sem annað mál	2	7	9	
	Kvikmyndafræði	9	7	16	
	Listfræði	3	15	18	
	Ritlist	3	4	7	
	Táknmálsfræði			2	2
	Táknmálsfræði og táknmálstúlkun			4	4

<b>BA Alls</b>		<b>28</b>	<b>77</b>	<b>105</b>
Doktorspróf	Íslensk málfræði	1		1
<b>Doktorspróf Alls</b>		<b>1</b>		<b>1</b>
Grunndiplóma	Íslenska sem annað mál, hagnýtt nám	3	16	19
<b>Grunndiplóma Alls</b>		<b>3</b>	<b>16</b>	<b>19</b>
MA	Almenn bókmenntafræði	2	5	7
	Almenn málvísindi	1	2	3
	Alþjóðlegt meistaranám í íslenskum miðaldafræðum	1		1
	Hagnýt ritstjórn og útgáfa	1	5	6
	Íslensk fræði		2	2
	Íslensk miðaldafræði		2	2
	Íslenskar bókmenntir	3	2	5
	Miðaldafræði		1	1
	Nytjapýðingar		1	1
	Ráðstefnutúlkun		1	1
	Ritlist	1	3	4
	Tungutækni	1		1
	Þýðingafraeði		6	6
<b>MA Alls</b>		<b>10</b>	<b>30</b>	<b>40</b>
Viðbótardiplóma	Hagnýtt nám í ráðstefnutúlkun		1	1
	Hagnýtt nám í þýðingum		2	2
<b>Viðbótardiplóma Alls</b>			<b>3</b>	<b>3</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>42</b>	<b>126</b>	<b>168</b>

## Sagnfræði- og heimspekideild

Í Sagnfræði- og heimspekideild er skipandi samstarf á milli nemenda og kennara, bæði í kennslu og rannsóknum. Í kennslunni, sem meðal annars fer fram í formi málstofa, er lögð áhersla á að virkja nemendur til rökræðu um viðfangsefnin. Í öflugu rannsóknanámi deildarinnar starfa nemendur og kennarar náið saman í því augnamiði að nemendur verði sem hæfastir á sínu sviði.

### Stjórn

Forseti Sagnfræði- og heimspekideildar var Svavar Hrafn Svavarsson, prófessor í heimspeki, og varaforseti Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði.

### Námsgreinar

Við deildina eru eftirfarandi námsgreinar í boði: sagnfræði, heimspeki, fornleifafræði, klassísk fræði, hagnýt menningarmiðlun og hagnýt siðfræði.

### Ráð og nefndir

Við deildina starfa tvær fastar stjórnunareiningar, auk deildarfundar: framhaldsnámsnefnd og deildarráð.

## Starfsmannamál

Sagnfræði- og heimspekideild			
	Aðjuntar	Fjöldi	Starfsígildi
	– konur	2	1,36
	– karlar	1	0,38
	Lektorar		
	– konur	1	0,5
	– karlar	1	1
	Dósentar		
	– konur	0	0
	– karlar	0	0
	Prófessorar		
	– konur	3	2,55
	– karlar	16	14,4
	Samtals	<b>24</b>	<b>20,2</b>

Af tíðindum í starfsmannamálum deildarinnar ber þetta hæst:

- Guðni Th. Jóhannesson var ráðinn lektor í sagnfræði 19. og 20. aldar, með áherslu á sögu Íslands.
- Sverrir Jakobsson var ráðinn í starf lektors í miðaldasögu. Hann var áður aðjunkt í sömu grein.
- Ragnheiður Kristjánsdóttir var ráðin lektor í sagnfræði (hugmynda- og stjórnmálasögu 19. og 20. aldar). Hún var áður aðjunkt í sömu grein.

## Brautskráðir stúdentar frá Sagnfræði- og heimspekideild 2013

### Sagnfræði- og heimspekideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BA	Fornleifafræði		1	1
	Heimspeki	19	9	28
	Sagnfræði	24	13	37
<b>BA Alls</b>		<b>43</b>	<b>23</b>	<b>66</b>
Doktorspróf	Sagnfræði	2	1	3
<b>Doktorspróf Alls</b>		<b>2</b>	<b>1</b>	<b>3</b>
MA	Fornleifafræði		3	3
	Hagnýt menningarmiðlun	4	16	20
	Hagnýt siðfræði		1	1
	Heimspeki	1	3	4
	Miðaldafræði	1		1
	Sagnfræði		1	1
	Umhverfis- og náttúrusiðfræði		1	1
<b>MA Alls</b>		<b>6</b>	<b>25</b>	<b>31</b>
Viðbótardiplóma	Hagnýt menningarmiðlun		2	2
<b>Viðbótardiplóma Alls</b>			<b>2</b>	<b>2</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>51</b>	<b>51</b>	<b>102</b>



# Hugvísindastofnun

## Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Forseti Hugvísindasviðs, Ástráður Eysteinnsson, er stjórnarformaður Hugvísindastofnunar. Árið 2013 var stjórn skipuð eftirtöldum fulltrúum stofnana sem eiga aðild að Hugvísindastofnun:

- Ármann Jakobsson var fulltrúi Bókmennta- og listfræðastofnunar og varaformaður stjórnar,
  - Arnfríður Guðmundsdóttir var fulltrúi Guðfræðistofnunar,
  - Róbert Haraldsson var fulltrúi Heimspekistofnunar,
  - Höskuldur Þráinsson var fulltrúi fyrir Málvísindastofnun,
  - Anna Agnarsdóttir var fulltrúi Sagnfræðistofnunar,
  - Auður Hauksdóttir var fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum,
  - Vilhjálmur Árnason fyrir Siðfræðistofnun,
  - Irma Erlingsdóttir fyrir EDDU – öndvegissetur,
  - Guðni Elísson fyrir Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum.
- Kolfinna Jónatansdóttir var fulltrúi doktorsnema.

Margrét Guðmundsdóttir var verkefnastjóri og Eiríkur Smári Sigurðarson rannsóknastjóri Hugvísindasviðs, en störfin teljast til Hugvísindastofnunar.

Innan vébanda Hugvísindastofnunar starfa tvær stofur:

## Miðaldastofa

Miðaldastofa er þverfræðileg stofa aðila úr öllum deildum sviðsins ásamt fræðimönnum í þjóðfræði á Félagsvísindasviði og við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Hún var stofnuð 2001 en árið 2012 voru henni settar nýjar reglur og Haraldur Bernharðsson ráðinn forstöðumaður. Miðaldastofa er vettvangur fyrir rannsóknir í miðaldafræðum og fyrir þverfræðilegt samstarf og verkefni sem varða málefni og miðlun miðaldafræða. Meðal verkefna árið 2013 má nefna að haldnir voru átján fyrirlestrar á vegum stofunnar; doktorsneminn Hjalti Snær Ægisson vann að verkefni sínu undir hennar merkjum, sem og Emily Lethbridge nýdóktor. Þá var nýtt vefsvæði opnað þar sem starfsemin er kynnt á íslensku og ensku. Miðaldastofa gegnir mikilvægu hlutverki í eflingu miðaldafræða við sviðið.

## Rannsóknastofa í máltileinkun

Rannsóknastofa í máltileinkun byggist á samstarfi Málvísindastofnunar, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Rannsóknastofan hefur reynst mikilvægur vettvangur fræðimanna á sviði annarsmálsfræða sem hafa efnt til málstofa, umræðufunda um annarsmálsfræði undir heitinu Bitabox og sameiginlegra málstofa á Hugvísindapingi. Árið 2013 héldu Johannes Wagner og Maurice Neville fyrirlestra undir merkjum stofunnar.

Innan vébanda einstakra aðildarstofnana Hugvísindastofnunar starfa einnig rannsóknastofur.

## Rannsóknir og stoðþjónusta

Meginhlutverk Hugvísindastofnunar er að veita ýmiss konar rannsóknþjónustu á fræðasviði hugvísinda. Alla jafna kemur frumkvæði að verkefnum, hvort sem um er að ræða rannsóknir,

ráðstefnur eða útgáfu, frá aðildarstofnunum Hugvísindastofnunar eða einstökum fræðimönnum á Hugvísindasviði. Stofnunin:

- hvetur til sóknar í sjóði og miðlar þekkingu á styrkjum og styrkjamöguleikum til starfsmanna,
- aðstoðar við umsóknagerð,
- aðstoðar við bókhald, uppgjör og skýrslur vegna styrkja,
- aðstoðar við ráðstefnuhald og fundahöld sem tengjast rannsóknasamstarfi,
- veitir ráðgjöf og aðstoð við útgáfu,
- aðstoðar aðildarstofnanir, einkum þær sem ekki hafa fastan starfsmann, við fjárumsýslu og bókaútgáfu, sem og við vefmiðlun og önnur kynningarmál í samvinnu við vef- og kynningarstjóra sviðsins,
- styður við doktorsnám og doktorsnema á Hugvísindasviði á ýmsa vegu, meðal annars með ferðastyrkjum og aðstoð við útgáfu doktorsritgerða.

Aðstoð við umsóknagerð getur verið margvísleg, allt frá því að gera kostnaðaráætlanir, ganga frá samningum sem tengjast verkefni, lesa yfir umsókn og gera tillögur um breytingar eða taka þátt í því að skipuleggja verkefni, til þess að semja umsókn í öllum meginatriðum. Markmiðið með þjónustunni er að bæta umsóknir og auka þannig styrkjamöguleika en ekki síður að fjölga þeim sem sækja í sjóði og finna ný styrkjatækifæri fyrir starfsmenn sviðsins. Margir starfsmenn eru reyndir umsækjendur og þurfa litla aðstoð en þeir sækjast þó í síauknum mæli eftir ráðgjöf hjá Hugvísindastofnun, bæði hvað varðar sóknartækifæri og yfirlestur umsókna. Á árinu aðstoðaði stofnunin við fjölda umsókna. Starfsfólk Hugvísindastofnunar hefur í auknum mæli haft frumkvæði að umsóknum með starfsfólki sviðsins, sérstaklega í norræna og evrópska sjóði.

Stuðningur Hugvísindastofnunar við rannsóknir á sviðinu felst einnig í styrkveitingum til rannsóknatengdrar starfsemi og einstakra rannsækenda og þjónar Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar þessu hlutverki. Reglur sjóðsins eru endurskoðaðar árlega í ljósi reynslu og með það að leiðarljósi að mæta nýjum þörfum. Sjóðurinn veitir styrki til ráðstefnuhalds, heimsókna fræðimanna og útgáfu, auk þess sem einstaklingar geta fengið styrki til þýðinga. Árið 2013 samþykkti stjórnin að veita styrki upp á allt að 7,3 milljónir króna, þar af um 4,5 milljónir til ráðstefnuhalds, um 2 milljónir til útgáfu, 300 þúsund vegna heimsókna erlendra fræðimanna og tæplega 200 þúsund í þýðingastyrki til einstaklinga og fleira. Styrkirnir komu þó ekki allir til greiðslu á árinu og ekki víst að öll verkefni sem fengu styrkloforð verði að veruleika. Starfsmönnum sviðsins er einnig umbunað fyrir að sækja rannsóknafé í samkeppnissjóði heima og erlendis samhliða skiptingu fjárveitingar Hugvísindastofnunar. Styrkupp hæð tengist upphæð og gerð styrkja og voru styrkirnir ýmist 100.000, 150.000 eða 250.000 kr. í ár. Árið 2013 fengu 13 verkefnisstjórar slíka styrki vegna 18 verkefna, alls 2,9 milljónir króna.

## Útgáfa, ráðstefnur og þing

Útgáfa Ritsins, tímarits Hugvísindastofnunar, er stærsti þátturinn í útgáfumálum stofnunarinnar. Ritið kemur út þrisvar á ári og tveir ritstjórar stýra hverju hefti.

Aðalritstjórar árið 2013 voru Eyja Margrét Brynjarsdóttir og Þróstur Helgason, Gunnþórunn Guðmundsdóttir og Daisy Neijmann voru gestarritstjórar fyrsta heftis ársins. Aðildarstofnanir Hugvísindastofnunar standa líka fyrir umtalsverðri útgáfu tímarita og bóka.

Árið 2013 kom út bókin Chomsky – mál, sál og samfélag. Noam Chomsky var heiðursgestur Hugvísindasviðs á aldarafmæli skólans 2011 og er bókin sprottin af tveimur fyrirlesturum hans og sérstöku þverfræðilegu námskeiði sem haldið var á sviðinu haustmisserið 2011 undir stjórn Höskuldar Þrínssonar, sem ritstýrði einnig bókinni ásamt Matthew Whelpton.

Árlegt Hugvísindaping er jafnan stærsta viðfangsefni Hugvísindastofnunar á sviði ráðstefnuhalds. Árið 2013 var það haldið 15.–16. mars. Boðið var upp á yfir 100 fyrirlestra í um 30 málstofum. Umfjöllunarefnið voru af öllum sviðum hugvísinda og þingið fjölsótt. Samhliða þinginu hélt Sagnfræðistofnun málþing í framhaldi af útgáfu Aldarsögu Háskóla Íslands 1911–2011, undir yfirskriftinni Háskóli Íslands í 100 ár: Fortíð – samtíð – framtíð.

Aðrar fagráðstefnur sem starfsmenn Hugvísindastofnunar vinna að eru í flestum tilvikum á vegum einherrar af aðildarstofnunum eða samvinnuverkefni þeirra og Hugvísindastofnunar.

## Húsnæðismál og starfsaðstaða

Skrifstofa Hugvísindastofnunar er í rými stjórnáslu sviðsins á þriðju hæð í Aðalbyggingu. Verkefnisstjóri hefur eftir sem áður umsjón með vinnurými doktorsnema í Gimli en hefur sér til aðstoðar prófast úr hópi doktorsnema. Á árinu tók Guðrún Steinþórsdóttir við því starfi af Þórdísi Eddu Jóhannsdóttur. Aðildarstofnanir Hugvísindastofnunar hafa allar herbergi til umráða fyrir starfsmenn, gestafræðimenn og/eða nýdoktora. Aðstaða fyrir starfslið aðildarstofnana, en fjórar þeirra hafa fastráðið starfsfólk, er ýmist í Gimli eða Nýja-Garði.

## Fjármál

Við úthlutun fjárveitingar frá Hugvísindasviði til Hugvísindastofnunar var tekið mið af þeim mótframlögum sem sviðið fékk vegna rannsóknastyrkja úr samkeppnissjóðum. Sem fyrr bitnaði þó erfiður fjárhagur sviðsins einnig á stofnuninni. Tæplega 70% af fjárveitingu Hugvísindastofnunar var varið til að styrkja starfsemi aðildarstofnananna, auk þess sem Hugvísindastofnun greiddi fyrir allt húsnæði sem þær hafa til umráða með sérstakri fjárveitingu sem fékkst til þess. Þá var fé lagt í Rannsóknasjóð Hugvísindastofnunar, en hlutur stofnunarinnar í fjárveitingu var einkum notaður til útgáfu Ritsins, Hugvísindapings og ferðastyrkja doktorsnema.

## Bókmennta- og listfræðastofnun

### Almennt yfirlit og starfsmenn

Starfsemi Bókmennta- og listfræðastofnunar á árinu 2013 var með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár. Félögum stofnunarinnar fjölgaði nokkuð á árinu þegar Gauti Kristmannsson og Marion Lerner, kennarar í þýðingafraeði, auk nýrra aðjunktta í ólíkum greinum innan Íslensku- og menningadeildar, bættust í hópinn, þau Daisy Neijmann, Davíð Ólafsson, Björn Þór Vilhjálmsson, Heiða Jóhannsdóttir og Alda Björk Valdimarsdóttir. Forstöðumaður stofnunarinnar árið 2013 var Ármann Jakobsson og með honum í stjórn sátu Benedikt Hjartarson og Þórdís Edda Jóhannsdóttir. Á árinu gekk stofnunin frá samningi við Sagnfræði- og heimspekideild um að Jesse Byock yrði gestur hennar fram til ársins 2016 og leggur stofnunin honum til vinnuáðstöðu.

### Rannsóknastofur

Árið 2013 tók stofnunin að sér að vista þrjár stofur á vegum félaga stofnunarinnar (Rannsóknasetur í hugrænum fræðum, Rannsóknastofu í minni og bókmenntum og Rannsóknastofu um framúrstefnu). Má reikna með öfluglu samstarfi við þessar rannsóknastofur í framtíðinni.

### Starfsemi

Félagar Bókmennta- og listfræðistofnunar tóku virkan þátt í innlendu og alþjóðlegu rannsóknasamstarfi á árinu, héldu fjölda erinda og gáfu út bækur og fræðigreinar, bæði héraendis og erlendis. Stofnunin veitti margvíslega aðstoð við þessi verkefni, þ. á m. við styrkumsóknir, og kom að þeim með óbeinum hætti. Stofnunin kom jafnframt að málþinginu Að heiman og heim, ásamt

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, en málþingið var haldið til heiðurs Guðbergi Bergssyni þann 1. júní 2013.

### Útgáfa

Að venju var nokkur kraftur í útgáfustarfsemi stofnunarinnar og gaf hún út þrjár bækur á árinu. Fyrst ber þar að nefna bókina Af sjónarhóli leikstjóra eftir Svein Einarsson, sem ritstýrt var af Trausta Ólafssyni. Um er að ræða fyrsta bindið í nýrri ritröð stofnunarinnar, Íslenskir leikstjórar, og gefur ritið persónulega innsýn í mikilvæga kafla í lífsstarfi Sveins, auk þess sem það varpar ljósi á íslenska leiklistar- og menningarögu allt frá sjöunda áratug tuttugustu aldar. Í öðru lagi gaf stofnunin út ritið Íslensk bragfræði eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson, þar sem fjallað er um þetta mikilvæga svið í íslenskum kveðskap. Loks gaf stofnunin út bókina Leikhús nútímans. Hugmyndir og hugsjónir eftir Trausta Ólafsson. Ritið er það fyrsta sinnar tegundar á íslensku og fjallar um alþjóðlega strauma í nútímaleikritun frá miðri nítjándu öld til samtímans.

### Bókagjöf

Á árinu barst stofnuninni vegleg bókagjöf frá erfingjum Eymundar Magnússonar, um sextíu árgangar af Tímariti Máls og menningar, og hafði Eyrún Valsdóttir, barnabarn Eymundar, veg og vanda af því að færa stofnuninni þessa gjöf.

## Guðfræðistofnun

### Stjórn

Stjórn Guðfræðistofnunar skipuðu á árinu: Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor, sem var formaður, Hjalti Hugason prófessor, meðstjórnandi og varaformaður, og María Ágústsdóttir, sem er fulltrúi doktorsnema. Varamaður var Sigfinnur Þorleifsson lektor.

### Ritröð Guðfræðistofnunar

Ritstjórn ritraðarinnar skipuðu á árinu: Gunnlaugur A. Jónsson (ritstjóri), Sólveig Anna Bóasdóttir og Rúnar M. Þorsteinsson. Tvö hefti komu út í ritröðinni á árinu, nr. 36 og 37, og var efnið fjölbreytt að vanda.

### Málstofur og málþing

Níu málstofur voru haldnar á vegum Guðfræðistofnunar á árinu þar sem fyrirlesarar voru bæði innlendir og erlendir fræðimenn. Þær voru:

- 16. janúar. Mary Streufert: Jesus Christ Beyond the Divide: A Christian Feminist Proposal.
- 4. febrúar. Sigurður Pálsson: Hvað merkir eftirfarandi ákvæði í frumvarpi að nýrri stjórnarskrá: Virða skal rétt foreldra til þess að tryggja að menntun barna þeirra sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra (24. gr. 4. mgr.)?
- 18. febrúar. Rúnar M. Þorsteinsson: Fjórða Makkabeabók og áhrif hennar á kristnar píslarvættishugmyndir.
- 11. mars. John R. Franke: Missional theology – what difference does it make for the church?
- 8. apríl. Irma Sjöfn Óskarsdóttir: Um mannskilning myndbirtinga á vettvangi fjölmiðla og félagsmiðla.
- 9. september. Jaakko Rusama: Eining og aðgreining. Enska biskupakirkjan og evangelísk lútherska kirkjan í samkirkjulegu hreyfingunni.
- 21. október. Karen L. Bloomquist: Byltingarkennd kirkja – í þágu heimsins.

- 8. nóvember. Merete Thomassen: Tilhneigingar í nýju bænamáli: Frá frelsi til vellíðunar. Breytingar á guðsmynd og mannskilningi undir áhrifum frá nýaldarhyggju og markaðskapítalisma.
- 12. nóvember. Mary Hunt: Bandarískur femínisti talar um rómversk kaþólsku kirkjuna á eftirlendutímum.

Málþing Guðfræðistofnunar var haldið 6. nóvember með yfirskriftina: Hvað er í deiglunni? Rannsóknir í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Fyrirlesarar, fastráðnir kennarar við deildina, voru sex talsins.

Guðfræðistofnun átti aðild að Hugvísindapingi sem haldið var 15.–16. mars. Að venju tóku félagsmenn stofnunarinnar virkan þátt í þinginu.

Guðfræðistofnun hefur átt í samstarfi við Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar í trúarbragðafræðum frá stofnun hennar árið 2009 og á fulltrúa í stjórn hennar, sem frá upphafi hefur verið Arnfríður Guðmundsdóttir.

- 25. janúar hélt Guðfræðistofnun ásamt Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar málþing í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands. Yfirskrift málþingsins var Mannréttindi á upplausnartímum.
- 16. maí 2013 buðu svo Guðfræðistofnun og Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar til málþings í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins þar sem yfirskriftin var: Fjármálamarkaður: Trúarbrögð nútímans?

## Rannsóknir

### Rannsóknaverkefnið 2017.is

Þverfræðilega rannsóknaverkefnið Siðaskipti í sögu og samtíð – Þverfaglegt rannsóknaverkefni um áhrif siðaskiptanna á kirkju, samfélag og menningu í 500 ár (2017.is) hélt áfram starfi sínu en til þess var stofnað á haustmisseri 2011. Í stýrihópi rannsóknaverkefnisins sitja: Arnfríður Guðmundsdóttir (formaður), Hjalti Hugason (framkvæmdastjóri), Erla Hulda Halldórsdóttir, Auður Styrkársoðttir og Sveinn Yngvi Egilsson. Stýrihópur heldur utan um verkefnið og ber ábyrgð á að skipuleggja almenna starfsemi og atburði á vegum þess og að vera fulltrúum Guðfræðistofnunar til ráðuneytis við styrkjaumsóknir og fjármögnun.

Á vegum rannsóknaverkefnisins voru haldin tvö málþing á árinu 2013: 10. maí var haldið málþing með yfirskriftinni Hið skapandi þunglyndi og 3. október var yfirskriftin Hugtök og heiti í siðaskiptarannsóknum.

Tvær málstofur voru haldnar á árinu á vegum rannsóknaverkefnisins. Auk þess stóð verkefnið fyrir bíósýningu í Odda þar sem öllum var frjálst að mæta.

## Alþjóðlegt samstarf

Félagsmenn Guðfræðistofnunar eru virkir þátttakendur í mörgum norrænum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

## Trúarbragðafræðistofa

Stjórn Trúarbragðafræðistofu skipuðu á árinu: Pétur Pétursson (formaður), Terry Gunnell og Sigríður Þorgeirsdóttir. Starfsmaður Trúarbragðafræðistofu er Bjarni Randver Sigurvinsson.

Trúarbragðafræðistofa á aðild að samráðsvettvangi trúfélaga og er Bjarni Randver Sigurvinsson þar fulltrúi. Fundir eru haldnir að jafnaði annan hvern mánuð að vetri til.

Dagana 28. október til 1. nóvember stóð Trúarbragðafraeðistofa fyrir sýningu á skýringarmyndum og völdum textum úr Kóraninum á Háskólatorgi og við opnun sýningarinnar var efnt til málþings um Kóraninn, íslam og múslima þar sem haldnir voru þrír fyrirlestrar.

## Heimspækistofnun

### Stjórn

Stjórnarformaður Heimspækistofnunar árið 2013 var Róbert Haraldsson prófessor en aðrir í stjórn voru Svavar Hrafn Svavarsson prófessor og Jón Ásgeir Kalmansson, fulltrúi doktorsnema. Varamaður var Gunnar Harðarson prófessor.

### Húsnæði

Stofnunin hefur aðsetur í Gimli, þar sem hún hefur til afnota tvö herbergi á þriðju hæð; er annað í norðurgangi en hitt veit út að stigaganginum í Gimli.

### Starfsmenn

Ráðning Björns Þorsteinssonar sem sérfræðings á Heimspækistofnun var framlengd til júlí 2014 í samvinnu við Hugvísindasvið. Henry Alexander Henrysson stýrði rannsóknaverkefni stofnunarinnar sem unnið var fyrir Garðabæ og Elsa Haraldsdóttir, MA í heimspæki, var ráðin sem starfsmaður í verkefnið.

### Gistifræðimenn

Tveir gistifræðimenn nutu aðstöðu stofnunarinnar á þessu ári: Jean-Christophe Merle, prófessor við Université de Lorraine í Nancy í Frakklandi, á vormisseri og Ásta Kristjana Sveinsdóttir, við San Francisco State University, var gistifræðimaður í ágústmánuði.

### Fyrirlestrar og ráðstefnur

- 11.–13. janúar: Hugsað með Vilhjálmi. Ráðstefna á vegum Heimspækistofnunar og Siðfræðistofnunar. Fyrirlesarar voru bæði innlendir og erlendir.
- 1. mars: Mikael M. Karlsson, Háskóla Íslands: Siðasúpan (í samvinnu við Siðfræðistofnun).
- 8. mars: Harvey Siegel, prófessor í heimspæki við University of Miami: Argumentation and the Epistemology of Disagreement.
- 13. mars: Jean-Christophe Merle, prófessor við Université de Lorraine í Nancy: Er eitthvað algjörlega ófyrirgeflegt?
- 20. mars: Myriam-Sonja Hantke, nýdoktor við Háskólann í Köln í Þýskalandi: The Philosophy of Indifference: A Systematic Approach.
- 21. mars: Hvað er illska? Málþing á vegum Heimspækistofnunar, EDDU – öndvegisseturs, Goethe Instituts, Bíóar Paradísar og þýskra kvikmyndadaga, í tengslum við opnunarkvikmynd þýskra kvikmyndadaga, sem var kvikmyndin Hannah Arendt í leikstjórn Margarethe von Trotta.
- 17. apríl: Nigel Dower, prófessor emeritus við Aberdeen-háskóla: What Makes Sustainability a Good Thing? Reflections on the Global Constraints to Any Reasonable Commitment to Sustainability.

- 16. maí: Erlendur Jónsson og Henry Alexander Henrysson fluttu erindi um heimspeki Arnórs Hannibalssonar. Í samvinnu við Félag áhugamanna um heimspeki.
- 22.–24. maí: Kierkegaard's Philosophical Psychology: The Sickness unto Death. Alþjóðleg ráðstefna um Søren Kierkegaard. Ráðstefnan var haldin á vegum Heimspekistofnunar í samstarfi við The Nordic Network of Kierkegaard Research (NordForsk) og Søren Kierkegaard Forskningscenteret við Kaupmannahafnarháskóla.
- 13. september: Leo Catana, lektor við Heimspekideild Kaupmannahafnarháskóla: Heimspekisaga eða hugmyndasaga? Um aðferðafræðilegan ágreining tveggja greina.
- 27. september: Igor Calzada (Oxford-háskóla) og Antonio Casado da Rocha (Háskóla Baskalands): Basknesk-íslensk tengsl: Félagsleg nýsköpun og hagnýtt siðfræði.
- 25. október: Andrius Bielskis, prófessor í stjórnmálaheimspeki við Mykolas Romeris-háskólann í Vilnius: The Structures of Meaning and the Critique of Existentialism.

Árið 2013 tók Heimspekistofnun líka þátt í fundaröðinni Kvenheimspekingar koma í kaffi en fjölmörg erindi voru flutt á þeim vettvangi.

## Styrkir og framlög

Heimspekistofnun hefur styrkt útgáfur tímaritsins Hugar.

## Kostað rannsóknaverkefni

Heimspekistofnun gerði samkomulag við bæjarstjórn Garðabæjar um rannsóknaverkefni í leik- og grunnskólum Garðabæjar með undirritun samnings hinn 27. maí. Henry Alexander Henrysson hefur stýrt verkefninu af hálfu Heimspekistofnunar í samráði við stjórnarformann. Áætlað er að verkefninu ljúki 2014.

## Heimspekivefurinn

Heimspekivefurinn hefur verið í umsjón Henrys Alexanders Henryssonar, sem lét af störfum í upphafi árs. Verið er að kanna hvernig umsjón og ritstjórn Heimspekivefjarins verður háttað á næstunni.

## Útgáfustarfsemi

Á árinu kom ein bók út í ritröð stofnunarinnar: Listhugtakið í heimspeki samtímans í ritstjórn Gunnars Harðarsonar. Þá gaf stofnunin út bókina Hugsað með Platóni, í ritstjórn Svavars Hrafns Svavarssonar, í samvinnu við Siðfræðistofnun. Auk þess hlaut Hugar: Tímarit um heimspeki, sem Félag áhugamanna um heimspeki gefur út, styrk frá Heimspekistofnun eins og undanfarin ár.

## Málvísindastofnun

### Stjórn, starfsmenn og húsnæði

Fulltrúar kennara í stjórn voru eins og áður þeir Höskuldur Þráinsson, stjórnarformaður, og Matthew Whelpton. Fulltrúi framhaldsnema var Bjarki M. Karlsson en Rannveig Sverrisdóttir var áfram varamaður í stjórn. Stjórnin naut sem fyrr liðsinnis verkefnastjóra Hugvísindastofnunar, Margrétar Guðmundsdóttur. Stofnunin hafði aðstöðu á 3. hæð Árnagarðs. Þá deilir stofnunin vinnuherbergi á 3. hæð Nýja-Garðs en þar hefur verið unnið við úrvinnslu framburðargagna. Stofnunin hefur líka aðgang að geymslu í kjallara Árnagarðs og þar er bókalager hennar geymdur, fyrir utan þær útgáfubækur sem Háskólaútgáfan sér um dreifingu á.

Pórhallur Eypórsson hafði verið sérfræðingur við Málvísindastofnun samkvæmt sérstökum samningi við Hugvísindastofnun en eftir að hann var ráðinn til kennslu í ensku varð hann sjálfkrafa félagi í Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur samkvæmt reglum um aðildarstofnanir Hugvísindastofnunar.

Ýmsir rannsóknamenn og gestir höfðu tímabundna vinnuaðstöðu í Árnagarði, Nýja-Garði og hjá Stofnun Árna Magnússonar að Neshaga 16.

Félagar í Málvísindastofnun á starfsárinu voru 30, þar af tveir nýdoktorar og átta doktorsnemar. Þá eru ótaldir rannsóknamenn í tímabundnum verkefnum og erlendir gistifræðimenn.

## Rannsóknir

### Rannsóknaverkefni og rannsóknastyrkir til félaga í Málvísindastofnun

Félagar í Málvísindastofnun stýra fjölmörgum rannsóknaverkefnum eða taka þátt í þeim, ýmist íslenskum eða fjölþjóðlegum. Á árinu 2013 bættust m.a. þessi verkefni í þann hóp:

- Tónkvæði í íslensku fyrr á öldum – Vísbendingar úr kveðskap. Styrkur frá Rannsóknasjóði Íslands (Rannís). Verkefnisstjóri: Kristján Árnason. Meðumsækjandi: Haukur Þorgeirsson.
- Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfmynd. Styrkur frá Rannsóknasjóði Íslands (Rannís). Verkefnisstjórar: Höskuldur Þráinsson og Birna Arnbjörnsdóttir (Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur). Meðumsækjendur: Kristján Árnason, Matthew J. Whelpton, Daisy L. Neijmann (Bókmennta- og listfræðastofnun), Ásta Svavarsdóttir (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum) og Úlfar Bragason (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum)).
- Samlíðan – Tungumál, bókmenntir, samfélag. Styrkur frá Rannsóknasjóði Íslands (Rannís). Verkefnisstjóri: Bergljót S. Kristjánsdóttir (Bókmennta- og listfræðastofnun). Meðumsækjendur m.a.: Jóhannes Gísli Jónsson og Pórhallur Eypórsson.
- Framburður fyrr og nú – Ítarsamanburður. Styrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri: Höskuldur Þráinsson.
- Orðaröð og færslur í íslensku táknmáli. Styrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri: Jóhannes Gísli Jónsson.
- Félagsleg og hugmyndafræðileg áhrif í málþróun og breytileika. Styrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri: Kristján Árnason.
- Syntactic Change in Icelandic – Documentation in Corpora. Styrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri: Pórhallur Eypórsson.

Þá var haldið áfram vinnu við eldri verkefni sem hafa notið ýmissa rannsóknastyrkja, einkum frá Rannsóknasjóði Íslands (gegnum Rannís) og Rannsóknasjóði háskólans. Þetta eru t.d. verkefni Stökkbreytingar í íslenski setningagerð (Rannís, Pórhallur Eypórsson, Eiríkur Rögnvaldsson, Kristján Árnason o.fl.), Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld – Tilurð opinbers málstaðals (Rannís, Ásta Svavarsdóttir (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum), Eiríkur Rögnvaldsson, Guðrún Þórhallsdóttir o.fl.), Frumgerð færeysks trjábanka (Rannsóknasjóður Háskóla Íslands, Eiríkur Rögnvaldsson), Evolution of Semantic Systems (Max Planck Institute of Psycholinguistics, Matthew J. Whelpton), „Rannsókn á málfræði táknmála í Evrópu“ (COST-verkefni, Rannveig Sverrisdóttir og Jóhannes Gísli Jónsson), EVALISA: The Evolution of Case, Alignment and Argument Structure in Indo-European (ERC-styrkur, verkefnisstjóri: Jóhanna Barðdal, Gent; íslenskur þátttakandi: Pórhallur Eypórsson). Þá eru ótaldar allar þær rannsóknir sem félagar í stofnuninni vinna að í rannsóknatíma sínum án þess að hljóta til þess sérstaka styrki.

## Styrkir sem stofnunin veitti

Undanfarin ár hefur stofnunin veitt MA-nemum styrki til að sækja ráðstefnur erlendis og flytja fyrirlestra. Doktorsnemar hafa einnig fengið styrki til að sækja námskeið erlendis eða dveljast við fræðastofnanir í öðrum löndum til að sinna rannsóknum sínum. Á starfsárinu var reglum um þessa



styrki breytt nokkuð og gengið frá nýjum umsóknareyðublöðum. Nú geta allir framhaldsnemar sótt um styrki til að sækja fræðileg námskeið, enda nýtist þau beint í námi þeirra. Þeir eiga líka kost á því að sækja um ferðastyrki vegna fyrirlestrahalds á ráðstefnum en doktorsnemar geta einnig sótt um ferðastyrki til Hugvísindastofnunar og Háskóla Íslands. Þá geta doktorsnemar sótt um styrki til þess að dveljast við fræðastofnanir. Stofnunin veitti framhaldsnemum tvo styrki til fyrirlestrahalds á ráðstefnum og tvo styrki til þess að sækja námskeið og til námsdvalar.

Þá auglýsti stofnunin eins og áður sérstaka rannsóknastyrki fyrir félag. Þeir eru annars vegar ætlaðir til þess að ljúka verkefnum sem hafa notið styrkja og eftir er að ganga frá og hins vegar sem undirbúningsstyrkir fyrir þá sem eru að fara af stað með ný verkefni og vilja komast af stað með þau áður en sótt er um stærri styrki úr samkeppnissjóðum. Sex slíkir styrkir voru veittir á árinu en félagar í stofnuninni mættu gjarna vera duglegri að sækja um þessa styrki.

## Heimsóknir fræðimanna

Eitt af hlutverkum Málvísindastofnunar er að taka á móti málfræðingum sem vilja dveljast við Háskóla Íslands í tiltekinn tíma til að sinna rannsóknum sínum. Þetta gerir stofnunin oft í samvinnu við Hugvísindastofnun. Þessir gestir fá yfirleitt vinnuaðstöðu í herbergi stofnunarinnar á 3. hæð Árnagarðs.

- Cherlon Ussery, Carleton College í Bandaríkjunum, var hér í rannsóknaleyfi í nokkrar vikur og vann að efni tengdu íslenskri setningagerð.
- Nicole Dehé, háskólanum í Konstanz í Þýskalandi, var hér í rannsóknaleyfi í nokkra mánuði og vann að efni tengdu tónfalli í íslensku.
- Alexander Pfaff, doktorsnemi við háskólann í Tromsø í Noregi, kom til að safna efni í doktorsritgerð sína en hún fjallar um setningafræðilegt efni í íslensku. Hann dvaldist hér í nokkrar vikur.

Ársfundur stofnunarinnar samþykkti einnig að bjóða einum „aðalfyrirlesara“ á ári. Diane Lillo-Martin var aðalfyrirlesari fyrra árs en komst ekki fyrr en á þessu starfsári þannig að kostnaður við komu og dvöl hennar fellur á þetta starfsár. Hún fæst einkum við rannsóknir á máltöku og táknmáli, flutti fyrirlestur um það efni og ræddi við nemendur og rannsakendur á því sviði. Stjórn stofnunarinnar hafði samþykkt að aðalfyrirlesari starfsársins yrði Alan Beretta en hann er að vinna að rannsóknaverkefni tengdu taugamálfræði og merkingarfræði íslensku, en hann kemur ekki fyrr en í ágúst 2014.


## Kynningarstarfsemi og útgáfa

### Ráðstefnur

Stofnunin átti aðild að eftirfarandi ráðstefnum á árinu:

- Rask-ráðstefnan í samvinnu við Íslenska málfræðifélagið, haldin í Reykjavík 26. janúar 2013.
- Alþjóðlega ráðstefnan 25th Scandinavian Conference of Linguistics (25 SCL) var haldin í Reykjavík 13.–15. maí 2013. Málvísindastofnun stóð fyrir ráðstefnunni, Nordic Association of Linguists (NAL) var bakhjarlinn að venju og Þórhallur Eyþórsson formaður ráðstefnustjórnar. Boðsfyrirlesarar voru Elisabeth Engberg-Pedersen (Kaupmannahöfn), Hans-Martin Gärtner (Búdapest) og Alec Marantz (New York). Þetta mun hafa verið fjölsóttasta ráðstefna sinnar tegundar um árabíl.
- Málvísindastofnun styrkti ráðstefnuna 4th Annual Workshop on Immigrant Languages in the Americas 19.–21. september 2013. Ráðstefnustjóri var Birna Arnbjörnsdóttir (Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur) en allmargir félagar Málvísindastofnunar fluttu fyrirlestra á ráðstefnunni.

Þá hafði stofnunin eins og áður samvinnu við Íslenska málfræðifélagið um hið svokallaða Málvísindakaffi á föstudögum en Málfræðifélagið sá um skipulagninguna eins og á síðastliðnu ári.



Fornleifafræði

**ARCHAEOLOGICAL EXCAVATION  
NO ENTRY®**

## Útgáfa

Stofnunin gaf út eftirtaldar bækur á árinu:

- Tilbrigði í íslenskri setningagerð. I. Markmið, aðferðir og efniviður. Ritstjórar voru Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson. Í bókinni eru nokkrir kaflar eftir félagi í Málvísindastofnun.
- Stofnunin styrkti útgáfu bókarinnar Chomsky – Mál, sál og samfélag. Hugvísindastofnun og Háskólaútgáfan gáfu bókina út og ritstjórar voru Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton. Allmargir félagar í Málvísindastofnun eiga kafla í bókinni.
- Stjórn stofnunarinnar samþykkti að styrkja útgáfu afmælisrits Péturs Knútssonar en það er ekki komið út þegar þetta er ritað.

## Rannsóknastofur tengdar Málvísindastofnun

Tvær rannsóknastofur starfa innan vébanda Málvísindastofnunar en í samvinnu við aðrar stofnanir samkvæmt sérstökum reglum. Þetta eru Máltækni-setur og Rannsóknastofa í táknafræðum.

## Máltækni-setur

Máltækni-setur er samstarfsvettvangur Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um rannsóknir, þróunarstarf og kennslu á sviði máltækni. Í stjórn þess sitja Eiríkur Rögnvaldsson (formaður), Hrafn Loftsson og Sigrún Helgadóttir.

Frá árinu 2011 tók Máltækni-setur þátt í stóru Evrópuverkefni, META-NORD (<http://meta-nord.eu/>), í umboði Háskóla Íslands. Meginmarkmið verkefnisins var að efla og kynna máltækni í þátttökulöndunum, svo og að safna málföngum (gögnum og hugbúnaði), endurbæta þau, staðla og gera aðgengileg. Þetta var tveggja ára verkefni og lauk því snemma árs 2013. Eiríkur Rögnvaldsson var stjórnandi íslenska hlutans en aðrir starfsmenn voru Kristín M. Jóhannsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Steinþór Steingrímsson. Á vegum verkefnisins var tekin saman skýrsla um íslenska máltækni, Íslensk tunga á stafrænni öld, sem gefin var út bæði á ensku og íslensku af Springer-forlaginu. Verkefnið kom auk þess upp vefsetrinu Málföng (<http://www.malfong.is/>) þar sem hægt er að nálgast hvers kyns íslensk málföng. Flestum þessara málfanga var einnig komið fyrir í evrópska gagnabrunninum META-SHARE (<http://metashare.tilde.com/>).

Aðalverkefni Máltækni-seturs á árinu var að undirbúa LREC-ráðstefnuna (Language Resources and Evaluation) sem haldin var í Reykjavík í lok maí 2014 en þetta er stærsta máltækni-ráðstefna heims, haldin á tveggja ára fresti. Ráðstefnan er haldin á vegum ELRA (European Language Resources Association, <http://www.elda.org/en/>) en samstarfsaðilar á Íslandi voru Máltækni-setur og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Fulltrúar ELRA komu til landsins bæði í lok árs 2012 og um mitt ár 2013 til að skoða aðstæður í samvinnu við Máltækni-setur. Sumarið 2013 var sett saman íslensk undirbúningsnefnd undir forystu Máltækni-seturs með þátttöku allra aðila setursins, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Hugvísindastofnunar. Sigrún Helgadóttir var ritari nefndarinnar og sinnti margvíslegum störfum fyrir hana en Hrafn Loftsson var fulltrúi Máltækni-seturs í dagskrárnefnd ráðstefnunnar. Vilyrði fékkst hjá ELRA fyrir styrk að upphæð 9.000 evrur til að greiða margvíslegan kostnað innlendu undirbúningsnefndarinnar. Gerð verður nánari grein fyrir ráðstefnunni sjálfri og undirbúningi hennar í árbók 2014.

## Rannsóknastofa í táknafræðum

Stjórn, starfsmenn og húsnæði

Rannsóknastofa í táknafræðum er samstarfsvettvangur fræðimanna Málvísindastofnunar og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra sem stunda rannsóknir á táknafræði. Auk starfsmanna þessara stofnana eiga nokkrir utanaðkomandi aðild að rannsóknastofnunni. Starfsmenn háskólans og samskiptamiðstöðvarinnar hafa aðstöðu hver á sínum vinnustað en stofnanir hefur að öðru leyti ekki yfir sérstöku húsnæði að ráða. Stjórn stofnunar er skipuð til eins árs í senn og á síðasta ársfundi voru Júlía G. Hreinsdóttir, Rannveig Sværisdóttir og Valgerður Stefánsdóttir endurkjörnar til ársins 2014.

### Rannsóknir

Félagar í rannsóknastofnunni komu að mörgum rannsóknaverkefnum á árinu, bæði innlendum og fjölþjóðlegum og hlutu til þess nokkra styrki. Auk þess sóttu þeir um nokkra styrki sem ekki fengust. Á árinu 2013 bættust m.a. þessi verkefni við:

- Júlía G. Hreinsdóttir, fagstjóri á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og meistaranemi í náms- og kennslufræði, hóf þátttöku í verkefni sem fellur undir CEFR (evrópska tungumálarammann). Júlía hefur sótt kynningar á hlutverki CEFR og skoðar nú stöðu og ferli fyrir íslenskt táknafræði innan CEFR.
- Samstarfsverkefni á milli Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra, leikskólans Sólborgar og Klettaskóla um samskiptaleiðir fyrir dauðblinda.
- Söfnun og skráning nafnatákna í íslenska táknafræðinni. Stóð vinnan í tvo mánuði og var styrkt af Vinnuárástofnun.

Þá var haldið áfram vinnu við ýmis verkefni sem (sum hver) hlutu styrki fyrir árið 2013:

- Vinna í Nordplus-verkefninu Táknafræðiskennsla á vefnum hélt áfram og var unnið að greinaskrifum um málfræði íslensks táknafræði á íslensku og greinarnar þýddar yfir á íslenska táknafræði. Tvær greinar eru nú þegar komnar á vefinn á íslensku ritmáli en þýðingarnar á táknafræði voru ekki fullbúnar í árslok. Áfangaskýrslu um verkefnið var skilað á miðju ári 2013 en því lýkur haustið 2014.
- Tveir meðlimir rannsóknastofnunar tóku þátt í verkefninu Að varpa ljósi á málfræði evrópskra táknafræði – Leiðir að fullri þátttöku heyrnarlausra í samfélaginu og varðveisla á málfræðileifð þeirra (Unraveling the Grammars of European Sign Languages – Pathways to Full Citizenship of Deaf Signers and to the Protection of Their Linguistic Heritage), sem styrkt er af COST (Evrópastofnun um vísindasamstarf). Umsjónarmennirnir sóttu tvo fundi vegna þessa á árinu.
- Evrópska samstarfsverkefninu BiBiKit, sem starfsfólk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra hefur tekið þátt í, lauk í júní 2013.
- Evrópska samstarfsverkefnið Signs2Cross hófst í janúar 2013. Verkefnið er til tveggja ára og tekur starfsfólk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra þátt í því fyrir Íslands hönd.
- Á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra er í gangi fjölbreytt rannsóknarvinna/gagnasöfnun sem tengist máltöku, málþroska, stöðumati o.fl. hjá heyrnarlausu og heyrnarskertu fólki. Meðal verkefna má nefna stöðumat á íslensku táknafræði hjá börnum, endurskoðun á matstæki til að meta færni í íslensku táknafræði, þróunarverkefni í orðaforðakennslu og lestrarmati í samvinnu við kennara í Holtaskóla í Keflavík, svo að eitthvað sé nefnt.

Félagar rannsóknastofnunar héldu nokkra fyrirlestra á árinu og tóku þátt í ráðstefnum og málþingum hér heima og erlendis:

- Í samvinnu við Málnefnd um íslenskt táknafræði stóð rannsóknastofnan fyrir málþingi á degi íslenska táknafræðisins þann 11. febrúar. Málþingið var vel sótt en þar voru fluttir fjórir fyrirlestrar. Einn þeirra flutti Nedelina Ivanova, málfræðingur á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.
- Rannsóknastofnan tók þátt í ráðstefnunni 25th Scandinavian Conference of Linguistics, sem haldin var í Háskóla Íslands dagana 13.–15. maí. Á ráðstefnunni var heils dags málstofa um táknafræði og héldu fjórir félagar í rannsóknastofnunni þar tvö erindi um rannsóknir á íslenska táknafræðinni: Kristín

Lena Þorvaldsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir fjölluðu um litatákn í íslenska táknmálinu og Elísa G. Brynjólfsdóttir og Jóhannes G. Jónsson um hv-spurningar í íslenska táknmálinu.

- Málþing um málheildir norrænna tákn mála var haldið í Kaupmannahöfn í desember. Tveir fulltrúar Íslands, Kristín Lena Þorvaldsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir, fóru á málþingið og kynntu stöðuna á Íslandi.
- Af erindum og þátttöku í fjölþjóðlegum ráðstefnum má nefna erindi Elísu G. Brynjólfsdóttur, Jóhannesar G. Jónssonar, Kristínar Lenu Þorvaldsdóttur og Rannveigar Sverrisdóttur á ráðstefnunni ICLaVE 7 í Þrándheimi um tilbrigði í spurnarsetningum í íslenska táknmálinu og veggspjald Elísu og Jóhannesar um spurnarsetningar á ráðstefnunni TISLR11 í London.
- Af innlendum vettvangi má nefna þátttöku í Rask-ráðstefnunni, Hugvísindapíngi, áður nefndu málþingi á degi íslenska tákn málsins og málvísindakaffi Íslenska málfræðifélagsins. Fyrirlestra fluttu Elísa G. Brynjólfsdóttir, Jóhannes G. Jónsson, Kristín Lena Þorvaldsdóttir, Nedelina Ivanova og Rannveig Sverrisdóttir.
- Þátttaka í Vísindavöku Rannís 2013 þar sem Signwiki var kynnt.

Á árinu var einnig unnið að umsóknum um styrki sem ekki fengust þó allir. Nokkrar slíkar umsóknir eru taldar hér:

- Mikil vinna lá að baki umsókn í HRELP-sjóðinn, sem styður tungumál í útrýmingarhættu. Sótt var um styrk til þess að vinna að málheild íslensks tákn máls. Málvísindastofnun styrkti þessa vinnu að hluta og Kristín Lena Þorvaldsdóttir vann mest að henni. Styrkurinn fékkst ekki.
- Sótt var um styrk í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands til verkefnis sem nefnist Þrjár setningagerðir í íslensku tákn máli. Verkefnisstjóri er Jóhannes Gísli Jónsson. Hluti umbeðinnar upphæðar var veittur til verkefnisins og kemur hann að miklu eða öllu leyti í hlut Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra fyrir vinnu málfræðings á stöðinni að verkefninu á árinu 2014.
- Sótt var um styrk í Innviðasjóð Háskóla Íslands vegna málheildar íslensks tákn máls. Styrkurinn fékkst ekki.
- Styrkur fékkst frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu úr sjóðnum Nám er vinnandi vegur – átak í starfsmenntun til verkefnisins Mótun starfsnáms fyrir döf og heyrnarskerta framhaldsskólanemendur í kennslu íslensks tákn máls.

Heimsóknir fræðimanna

Töluvert var um heimsóknir fræðimanna á sviði tákn málsfræða á árinu:

- Fyrst ber að nefna komu Diane Lillo-Martin frá Connecticut-háskóla sem kom hingað í apríl í boði Málvísindastofnunar og dvaldi í eina viku. Lillo-Martin hélt tvo fyrirlestra meðan hún dvaldi hér og vann einnig heilan dag með málfræðingum við rannsóknastofuna.
- Annika Herrmann, sérfræðingur við háskólann í Göttingen, dvaldi hér í rúma viku í maí tengslum við COST-verkefnið sem stofan tekur þátt í. Annika vann með málfræðingum við rannsóknastofuna að ýmsum verkefnum þessa viku. Jana Hosemann, doktorsnemi við sama skóla, dvaldi hér einnig í nokkra daga og tók þátt í vinnu með Anniku.
- Í tengslum við norrænu ráðstefnuna 25th Scandinavian Conference of Linguistics komu hingað margir málfræðingar sem stunda rannsóknir á tákn málum. Elisabeth Engberg-Pedersen, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, var einn af boðsfyrirlesurum ráðstefnunnar.
- Í framhaldi af 25-SCL-ráðstefnunni voru haldnar vinnustofur á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra með tákn málstúlkum þar sem Graham Turner, prófessor við Edinborgarháskóla, og tákn málstúlkarnir Oliver Pouliot og Andy Carmichael unnu með íslenskum túlkum. Þátttaka í vinnustofunum var mjög góð.

Kynningarstarfsemi og útgáfa

Rannsóknastofan hefur átt aðild að málþingum og ráðstefnum á árinu eins og nefnt var hér að ofan. Rannsóknastofan tekur þátt í að kynna öll verkefni er varða rannsóknir á íslenska tákn málinu. Hvað útgáfustarfsemi varðar ber helst að nefna Signwiki-verkefnið, sem unnið er á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Signwiki er þekkingarbrunnur um íslenskt tákn máll á internetinu og

gegnir hlutverki orðabókar. Signwiki var tilnefnt til evrópsku nýsköpunarverðlaunanna í opinberum rekstri (EPSA) og komst í úrslit, annað tveggja íslenskra verkefna. Signwiki-síðan er í stöðugri þróun og þar bætist stöðugt við nýtt efni, auk þess sem síðan hefur verið aðlöguð að fimm erlendum táknumálum. Á síðasta ársfundi rannsóknastofunnar var samþykkt að halda opna málstofu um Signwiki en af því varð ekki á árinu 2013. Málstofan hefur verið sett á dagskrá í september 2014.

## Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum

### Almennt

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum (RIKK) er sjálfstæð og þverfagleg stofa sem heyrir undir Hugvísindasvið. Rannsóknastofan miðlar þekkingu á sviði kynja- og jafnréttisfræða, m.a. með því að sinna rannsóknum, styðja við bakið á rannsakendum og skipuleggja ráðstefnur og fundi. Stofan tekur þátt í evrópskum og norrænum rannsóknaverkefnum og tengslanetum með fjölbreyttum áherslum. Þá birtir hún niðurstöður rannsókna á fræðasviðinu með bókaútgáfu og hefur frá upphafi staðið fyrir reglulegum fyrirlestrum og rabbfundum þar sem fræðimenn kynna rannsóknaverkefni sín.

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum er rekin samhliða EDDU – öndvegissetri og Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST) og í nánu samstarfi við þær stofnanir.

### Stjórn og starfslið

Forseti Hugvísindasviðs skipaði þann 28. janúar 2011 eftirtalda fulltrúa í nýja stjórn Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum til næstu þriggja ára: Guðna Elísson, prófessor í bókmenntafræðum, sem var stjórnarformaður, Kristínu Björnsdóttur, prófessor í hjúkrunarfræði, Ingólf Ásgeir Jóhannesson, prófessor í menntunarfræðum, og Önnu Karlsdóttur, lektor í landfræði. Varamenn voru Páll Biering, dósent við Heilbrigðisvísindasvið, Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent við Hugvísindasvið, og Bjarni Bessason, prófessor við Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Forstöðumaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum er Irma Erlingsdóttir, dósent við Hugvísindasvið, en hún hefur gegnt starfinu frá árinu 2000. Auk hennar störfuðu tveir verkefnisstjórar í hlutastarfi við stofuna: Hildur Fjólá Antonsdóttir og Rakel Adolphsdóttir.

### Kynningarstarfsemi

Hádegisfyrirlestrar Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum voru haldnir á föstudögum í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins að jafnaði tvisvar í mánuði. Norska sendiráðið í Reykjavík stóð í nóvember að málþingi í Norræna húsinu um 100 ára afmæli kosningaréttar norskra kvenna í samstarfi við Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum og Miðstöð margbreytileika og kynjarannsókna (MARK). Fransk-bandaríski kvikmyndaleikstjórinn Anne Aghion sýndi mynd sína Nágranni minn – morðingi minn (My Neighbor, My Killer) frá 2009 og sat fyrir svörum á Háskólatorgi í október. Myndin var sýnd í samstarfi við EARTH 101.

### Rannsóknir

Af rannsóknum sem var unnið að árið 2013 ber helst að nefna tvær: Þóra Þórsdóttir, félagsfræðingur og doktorsnemi, hlaut styrk frá EDDU – öndvegissetri og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum til að rannsaka ólíka þætti er varða verkaskiptingu kynjanna á heimilum í tengslum við fjármálakreppuna. Þorgerður Þorvaldsdóttir fékk styrk frá sömu aðilum til að rannsaka inntak og áhrif mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

## Kvennaslóðir

Heimasíðan [www.kvennaslodir.is](http://www.kvennaslodir.is) er gagnabanki með nöfnum og ferilskráum kvensérfræðinga á ýmsum sviðum. Markmið Kvennaslóða er að gera þekkingu og hæfni kvenna sýnilega og aðgengilega. Kvennaslóðir er vettvangur fjölmiðla, fyrirtækja og stjórnvalda til þess að finna hæfar konur til margvíslegra starfa með skjótvirkum hætti.

## Samstarfsnet

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum býr að víðtæku tengslaneti, innan lands og utan. Árið 2013 starfaði rannsóknastofan með fjölda innlendra aðila líkt og venja hefur verið. Stofan á m.a. fulltrúa í stjórn Kvennasögusafnsins, í Jafnréttisráði og í nefnd fjármálaráðuneytisins um kynjaða fjárlagagerð. Rannsóknastofan á að auki náði samstarf við Reykjavíkurborg á grundvelli samnings milli Háskóla Íslands og borgarinnar um rannsóknir á sviði kynja- og jafnréttisfræða sem síðast var endurnýjaður árið 2011.

## Heimasíða

Á heimasíðu Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum er þekkingu miðlað um kvenna- og kynjarannsóknir, sagt er frá rannsóknum, ráðstefnum og ýmsum möguleikum á sviði rannsókna (sjá [www.rikk.hi.is](http://www.rikk.hi.is)).

## Edda – öndvegissetur

### Almennt

EDDA er þverfaglegt öndvegissetur í gagnrýnum samtímarannsóknum, með sérstaka áherslu á jafnrétti og margbreytileika. Rannsóknir setursins eru m.a. á sviði stjórn mála, þverbjóðlegra fræða, samfélags, menningar- og öryggismála, sjálfbærni og þróunar. Setrið hóf starfsemi sína árið 2009 en þá hlaut EDDA stærsta rannsóknastyrk sem veittur hefur verið til rannsókna á sviði félags- og hugvísinda. Á árinu 2013 var ákveðið að framlengja styrkveitingu til setursins í kjölfar niðurstöðu mats erlendra sérfræðinga sem tóku út starfsemi setursins. Töldu matsmennirnir að mjög vel hefði tekist til með uppbyggingu setursins, starfsemi þess og rannsóknir á vegum þess. Auk þess hefði setrið haft áhrif á opinbera stefnu og umræðu. Með styrkveitingum sínum hefði EDDA eftir þverfaglegar rannsóknir við Háskóla Íslands og stofnað til víðtækra tengsla við erlendar og innlendar háskóla- og rannsóknastofnanir. EDDA mun halda áfram að styrkja rannsóknir á áherslusviðum setursins, skipuleggja ráðstefnur og aðra viðburði og leitast við að hafa áhrif á opinbera stefnumótun.

### Stjórn og starfslið

Árið 2013 sátu í stjórn: Valur Ingimundarson, prófessor í sagnfræði, Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki, og Irma Erlingsdóttir dósent, sem er jafnframt framkvæmdastjóri setursins. Árið 2013 störfuðu með henni þær Hildur Fjóra Antonsdóttir kynja- og þróunarfræðingur og Raket Adolphsdóttir sagnfræðingur.

### Samstarfsnet

EDDA er rekin samhliða og í nánú samstarfi við Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum og Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST).

Setrið styrkti á árinu samstarf sitt við evrópska og bandaríska háskóla og rannsóknastofnanir og norræn öndvegissetur á sviði velferðarmála. EDDA hefur jafnframt unnið að eflingu rannsókna í málefnum norðurslóða með tengslum við erlenda samstarfsaðila og tók þátt í stofnun fjölþjóðlega samstarfsnetsins Arctic Discourses Network – ADN. Setrið er m.a. aðili að norræna samstarfsnetinu Gender, Body, Health og Gendering Asia Network, sem starfar á grundvelli styrks frá NordForsk.

## Viðburðir

EDDA stóð fyrir ýmsum ráðstefnum og málþingum og má þar helst nefna ráðstefnu um alþjóðleg viðbrögð við glæpum gegn mannúð og öðrum grimmdarverkum undir heitinu Human Rights Protection and International Law: The Dilemma of Restraining and Promoting International Interventions, sem haldin var í apríl í samvinnu við innanríkisráðuneytið og Institute for Cultural Diplomacy í Berlín. Í október stóð EDDA, ásamt Rannsóknasetri um norðurslóðir, fyrir málþinginu Claiming the North: (Re-)territorializing the “Westnordic Arctic” þar sem m.a. voru rædd áhrif nýlendusambands, loftslagsbreytinga, iðnaðarstarfsemi og aukins hreyfanleika á fullveldi og réttindi innfæddra, efnahagslega hagsmuni og menningarmál á vestnorræna svæðinu.

## Útgáfa

Í samstarfi við Nordic Centers of Excellence NordWel og REASSESS gaf EDDA út bókina Retrenchment or Renewal? Welfare States in Times of Economic Crisis sem er hluti bókasériu NORDWEL (The Nordic Welfare State – Historical Foundations and Future Challenges). Ritstjórar bókarinnar voru Guðmundur Jónsson og Kolbeinn Stefánsson.

## Jafnréttisskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna við Háskóla Íslands

Alþjóðlegi jafnréttisskólinn tók til starfa í janúar 2009. Árið 2012 gerði erlendur sérfræðingur óháða úttekt á starfsemi jafnréttiskólans, sem var forsenda þess að hann gæti orðið hluti af neti Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Úttektin leiddi í ljós að Alþjóðlegi jafnréttisskólinn uppfyllti öll skilyrði um fulla aðild að Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Í kjölfar úttektarinnar hófst vinna við gerð samnings sem var undirritaður í maí 2013 og hefur Alþjóðlegi jafnréttisskólinn því formlega hlotið aðild að Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Irma Erlingsdóttir er framkvæmdastjóri skólans og Annadís G. Rúdólfsdóttir, doktor í félagssálfræði, er námsstjóri hans. Auk þeirra störfuðu í hlutastarfi við skólann árið 2013 þær Hildur Fjóra Antonsdóttir, kynja- og þróunarfræðingur, Rakel Adolphsdóttir sagnfræðingur og Lilja Dóra Kolbeinsdóttir, sérfræðingur í menntunar- og þróunarfræðum.

## Heimasíður

Sjá nánari upplýsingar um EDDU – öndvegissetur á heimasíðu setursins ([www.edda.hi.is](http://www.edda.hi.is)). Heimasíða Alþjóðlega jafnréttisskólans er: [www.gest.hi.is](http://www.gest.hi.is).

## Sagnfræðistofnun

### Stjórn og starfsmenn

Ný stjórn Sagnfræðistofnunar var kjörin á ársfundi í maí. Í stjórn stofnunarinnar 2013–2014 sátu: Anna Agnarsdóttir, forstöðumaður, Ragnheiður Kristjánsdóttir, lektor í sagnfræði, fyrir hönd kennara og Ólafur Arnar Sveinsson fyrir hönd doktorsnema. Um haustið hélt Ólafur til útlanda og Margrét Gunnarsdóttir tók við sem fulltrúi doktorsnema. Stjórnin hélt fimm formlega fundi og nokkra



óformlega á árinu. Forstöðumaður er jafnframt fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórn Hugvísindastofnunar.

Kristbjörn Helgi Björnsson, meistaranevi í sagnfræði, var starfsmaður stofnunarinnar. Hann sinnti ákveðnum verkefnum fyrir Sagnfræðistofnun, eins og að sjá um bókakost stofnunarinnar, uppfærslu Söguslóða, skráningu nemendaritgerða o.s.frv. en stærsta verkefni hans árið 2013 var að ritstýra ráðstefnuriti sögupingsins 2012. Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri hjá Hugvísindastofnun, hefur umsjón með fjárreiðum Sagnfræðistofnunar.

## Fjárhagur

Yfirlit yfir fjárhag stofnunarinnar á árinu 2013 var lagt fram á ársfundi stofnunarinnar í maí 2013 ásamt ársskýrslu. Bein fjárveiting frá Hugvísindastofnun var að vanda 500 þús.kr. Auk þess fékk stofnunin styrki og móttframlög frá Hugvísindastofnun, 1.746 þús.kr. (sem var talsverð lækkun frá árinu áður) og tæplega 375 þús.krs. vegna samnings við Scandinavian Journal of History. Stofnunin stendur ekki eins vel fjárhagslega og hún gerði árið áður þar eð skuldir vegna bókaútgáfu eru miklar. Fjárhagsstaða Sagnfræðistofnunar í árslok 2013 er rúmar 4 millj.kr. í plús, einni milljón krónum minna en í árslok 2012.

## Föst verkefni

### Söguslóðir

Guðmundur Jónsson óskaði eftir að vera leystur frá störfum sem umsjónarmaður vefsíðunnar Söguslóðir en enginn hefur viljað taka við henni. Kristbjörn Helgi, starfsmaður stofnunarinnar, hefur séð um að uppfæra hana meðan svo er.

### Stjórnarseta

Fyrir hönd Sagnfræðistofnunar situr Guðmundur Jónsson í fagraði Miðstöðvar munnlegrar sögu og Már Jónsson í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns og fer hann þar með formennsku.

### Saga íslenskrar utanlandsverslunar

Verkefnið er á lokastigi.

### Reykholtswerkefnið

Í tengslum við Reykholtswerkefnið eru þrjár bækur væntanlegar, ein frá ráðstefnu sem haldin var í Reykholti haustið 2012 um húsbyggingar í Reykholti (Helgi Þorláksson á grein í þeirri bók), önnur eftir Guðrúnu Sveinbjarnardóttur um kirkjuuppgröftinn og loks lokabindi með öllum helstu niðurstöðum eftir ýmsa höfunda. Ritstjórar eru Helgi Þorláksson og Guðrún Sveinbjarnardóttir og verið er að sækja um útgáfustyrki. Reykholtswerkefninu var ýtt úr vör árið 1999 og er þverfaglegt, alþjóðlegt miðaldarannsóknarverkefni á sviði bókmennta, fornleifafræði, landafræði og sagnfræði. Snorrastofa og fleiri stofnanir hafa haft umsjón með verkefninu.

## Bókaútgáfa

- Sagnfræðistofnun átti aðild að einni bók sem kom út á árinu en það var rit Ólafs Rastrick, Háborgin: menning, fagurfræði og pólitík í upphafi tuttugustu aldar. Bókin er byggð á doktorsritgerð hans.
- Óðinn Melsted var ráðinn til að undirbúa útgáfu á samtímafrásögnum Jörgens Jörgensen, sem varðveitt eru á handritadeild British Library. Útgáfan verður rafræn.

## Rannsóknir

Helsta starfsemi Sagnfræðistofnunar eru rannsóknir þeirra sem vinna við hana. Frá rannsóknum einstaklinga er aðeins sagt lauslega, enda gerð nákvæm grein fyrir þeim í Ritaskrá Háskóla Íslands.

- Anna Agnarsdóttir hélt áfram með þau verkefni sem hún vannur að fyrir Sagnfræðistofnun (verslunarsagan), sem og Hakluyt Society í London, The Banks Archive Project og The Hakluyt Edition Project (O.U.P.). Hún birti kafla í ritinu East Anglia and its North Sea World in the Middle Ages og flutti fyrirlestra um Kielarfriðinn 1814.
- Eggert Þór Bernharðsson hélt einkum áfram með rannsóknaverkefnið Sagan til fólksins. Margmiðlun og sagnfræði. Þar eru kannaðir margvíslegir kostir á miðlum sögulegs efnis og mismunandi framsetningu eftir miðlum og fjallað um samspil ólíkra miðla.
- Gavin Lucas skrifaði tvo kafla í erlend rit og ritstýrði einu í félagi við annan ritstjóra. Hann hélt enn fremur áfram úrvinnslu rannsóknagagna frá uppgreftinum í Skálholti.
- Guðmundur Hálfðanarson lauk við fjóra bókarkafla og tímaritsgreinar á árinu og flutti erindi á innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum. Hann tók þátt í rannsóknaverkefninu Denmark and the New North Atlantic með þverfaglegum hópi fræðimanna frá Danmörku, Færeyjum, Grænlandi, Íslandi, Noregi og Þýskalandi en verkefnið er styrkt af Carlsberg-sjóðnum. Hann er einnig aðalritstjóri tímaritsins Scandinavian Journal of History.
- Guðmundur Jónsson tók þátt í þremur rannsóknaverkefnum á árinu. Hið fyrsta snýst um notkun landupplýsingakerfa við rannsóknir á jörðum og kvaðakerfi á Íslandi á 18. öld; annað er verkefni innan Háskóla Íslands og nefnist það Hvað einkennir íslenskt lýðræði? Starfsvenjur, gildi og skilningur; það þriðja er samstarf innan NORDWEL-öndvegissetursins um hugmyndasögu velferðarríkisins. Meðal ritstarfa má nefna ritstjórn (ásamt Kolbeini Stefánssyni) bókarinnar Retrenchment or Renewal? Welfare States in Times of Economic Crisis (NORDWEL) og grein sem skrifuð var með Erni D. Jónssyni um íslenskan og norskan fiskiðnað eftir 1945.
- Guðni Th. Jóhannesson lektor skrifaði eina bók, The History of Iceland, í bókaflokknum The Greenwood Histories of the Modern Nations, bókarkafllann Violence of Europe's 1968. Voices of Revolt (ásamt öðrum) og grein um bankahrunið á Íslandi, sem birtist í ráðstefnuriti söguþingsins 2012.
- Helgi Þorláksson skrifaði einn fræðilegan kafla í bók, grein í Sögu og tvær greinar í ráðstefnurit og er önnur á vegum verkefnisins Norgesveldet. Einn þeirra fyrirlestra sem hann flutti á árinu var liður í Reykholtssverkefninu sem Sagnfræðistofnun á aðild að.
- Ingi Sigurðsson vann einkum að rannsóknum á hugmynda- og menningartengslum Íslendinga og Norðmanna frá 1814 fram til síðari heimsstyrjaldar, rannsóknum á íslenskri sagnfræði frá miðri 19. öld til samtímans og samanburðarrannsóknum á sögu Færeyja og sögu Íslands.
- Kristjana Kristinsdóttir hélt áfram athugun á lénsmönnum og skjalasafni þeirra.
- Már Jónsson birti grein um bréfaskriftir í Skáleyjum á Breiðafirði í lok 19. aldar og aðra um leiksýningar og bindindishreyfingu á Ísafirði á sömu árum. Í samvinnu við Gunnar Þór Bjarnason gaf hann út þýðingu á Frásögnum af Íslandi eftir Johann Anderson.
- Orri Vésteinnsson hélt áfram rannsóknum sínum á landnámi og vann að ritun bókar um það efni. Hann stjórnaði úrvinnslu uppgraftar á Sveigakoti, gerði vettvangsrannsóknir í tengslum við rannsóknaverkefnið Gröf og dauði á Íslandi í 1150 ár og stjórnaði uppgrefti á Görðum á Grænlandi. Hann birti einnig greinar um íslenska fornleifafræði í ritgerðasöfnum og tímaritum.
- Ragnheiður Kristjánsdóttir vann áfram að bók á ensku um sögu Íslands. Hún tók þátt í verkefni um lýðræði á Íslandi og hélt fyrirlestra og birti grein sem tengist því. Þá tók hún þátt í norrænu verkefni um verkalýðssögu og stofnun tengslanets um evrópska verkalýðssögu. Einnig vann hún að grein og tveimur bókarköflum sem tengjast sögu vinstrihreyfingarinnar á Íslandi.
- Steinunn Kristjánsdóttir hóf vinnu við nýtt rannsóknaverkefni en það felst í því að skrá og kortleggja minjar um klaustrin fjórtán sem starfrækt voru á Íslandi á miðöldum. Farið var í fyrstu vettvangsferðirnar vegna þess á árinu á klausturstaðina að Bæ í Borgarfirði og Hítardal á Mýrum og minjar þar kortlagðar með fjarkönnun, auk þess sem heimildir og gripir tengdir klaustrunum þar voru skráðir. Rannsóknin er styrkt af Rannís, Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands og

Evrópusambandinu. Námsbraut í fornleifafræði tók að sér að halda norrænu ráðstefnuna TAG á Íslandi árið 2013 og hafði Steinunn yfirumsjón með henni. Verkefnastjóri var Kristján Mímisson, doktorsnemi í fornleifafræði. Ráðstefnan var haldin í apríl í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðminjasafn Dana á Grænlandi og Þjóðminjasafnið í Færeyjum og voru ráðstefnugestir um 200. Styrkir til hennar komu víða að, þ. á m. frá Sagnfræðistofnun en einnig Nordisk Kulturfond, Clara Lachmans Fond og Letterstedtska. Þá tók Steinunn þátt í undirbúningi alþjóðlegrar sýningar fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands, CREDO – Christianiseringerung Europas im Mittelalter, sem opnuð var í Paderborn í Þýskalandi í júlí. Í tengslum við sýninguna ritaði Steinunn ritaði grein um kristnitökuna á Íslandi. Hún átti enn fremur grein í greinasafni um klaustur í Evrópu: Crossing the Borders: Skriðuklaustur monastery on the frontiers of the Medieval Iceland. Þá ritaði hún nokkrar greinar í innlend rit.

- Sverrir Jakobsson var einn þriggja útgáfenda Hákonar sögu sem kom út í tveimur bindum á árinu, hann ritaði þrjár greinar í erlend og innlend rit og tvo ritdóma. Hann stjórnaði þverfaglegu rannsóknaverkefni um Sögu Breiðafjarðar. Einnig vannur hann að útgáfu á Hamborgarbiskupasögu Adams frá Brimum og var þátttakandi í nokkrum alþjóðlegum samstarfsverkefnum.
- Valur Ingimundarson stundaði rannsóknir á sviði samtímastjórnmála, stríðsátaka og pólitískra umbreytingarferla, sögu og minnis og landfræðistjórnmála norðurslóða. Hann hélt fyrirlestra um þessi efni á ráðstefnum víða, ritaði ýmsar greinar um efnið, m.a. í ráðstefnuritum. Hann tekur einnig þátt í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum m.a. á sviði stjórnmála og öryggismála á norðurslóðum, stjórnmála minninga og kalda stríðinu.

#### Rannsóknasjóður Sagnfræðistofnunar

Á árinu 2013 var úthlutað úr Rannsóknasjóði Sagnfræðistofnunar. Hámarksupphæð styrks var 50 þús.kr. Flestallir kennarar nýttu sér þennan kost. Ekki hefur enn verið ákveðið hvort styrkir verða veittir árið 2014.

#### Fyrirlestrar og málþing

- Málþingið Háskóli Íslands í 100 ár. Fortíð – samtíð – framtíð  
Sagnfræðistofnun hélt málþing 15. mars, samhliða Hugvísindapingi, í framhaldi af útgáfu Aldarsögu Háskóla Íslands 1911–2011. Guðmundur Hálfðanarson, Sigríður Matthíasdóttir og Magnús Guðmundsson, höfundar ritsins, sem og ritstjórinn, Gunnar Karlsson, lýstu þróun og einkennum sögu Háskóla Íslands í hundrað ár. Tveir fræðimenn fluttu enn fremur fyrirlestra um ritið: Ólöf Garðarsdóttir, prófessor í sagnfræði, og nefndist erindi hennar Nám til aðgreiningar – nám til jöfnuðar? Hugleiðingar um Aldarsögu Háskóla Íslands og Gísli Már Gíslason, prófessor í líffræði, hélt erindið Aldarsaga Háskóla Íslands frá sjónarhóli lesanda og starfsmanns. Loks tóku við pallborðsumræður með þátttöku fulltrúa allra sviða en þeir voru: Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor í rafmagns- og tölvuverkfræði (Verkfræði- og náttúruvísindasvið), Ólafur Páll Jónsson, dósent í heimspeki (Menntavísindasvið), Torfi Tulinius, prófessor í íslenskum miðaldafræðum (Hugvísindasvið), Þórdís Kristmundsdóttir, prófessor í lyfjafræði (Heilbrigðisvísindasvið), og Þórólfur Þórlindsson, prófessor í félagsfræði (Félagsvísindasvið).
- Christophe Loir, prófessor í sagnfræði við Université Libre í Brussel, flutti fyrirlesturinn Borgarsaga: Menningarlandslag og gangstéttir 26. september.
- Rasmus Dahlberg við Kaupmannahafnarháskóla flutti fyrirlesturinn The Reversal of What is Expected 10. október.
- Tapio Bergholm, dósent við Helskinki-háskóla og háskólann í Austur-Finnlandi, flutti fyrirlesturinn Strong Trade Union Movement in Gradual Decline 2. desember.

## **Annað**

### **Gagnasafn um Dani á Íslandi**

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum leitaði eftir samstarfi við Sagnfræðistofnun og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn um að koma á fót gagnasafni er varðaði samskiptasögu Íslands og Danmerkur. Gagnasafnið myndi m.a. innihalda sendibréf, dagbækur og fundargerðarbækur félagasamtaka. Stjórn samþykkti að ganga til samstarfs um verkefnið og var samningur undirritaður um það.

### **Gestir**

Lara Hogg fornleifafræðingur dvaldi sem gestur stofnunarinnar á árinu og hafði aðstöðu í herbergi stofnunarinnar í Gimli.

## **Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum**

### **Almennt yfirlit**

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er rannsóknstofnun á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Við stofnunina eru stundaðar rannsóknir á þeim 13 tungumálum, sem eru kennd við skólann, ásamt bókmenntum og menningu viðkomandi málsvæða. Önnur meginfræðasvið eru þýðingar, samanburðarmálvísindi, tungumálanám, samskipti á erlendum tungum og erlend tungumál og menning á Íslandi í sögu og samtíð.

Á árinu 2013 bar hæst undirritun samnings um að Vigdísarstofnun – miðstöð tungumála og menningar skuli starfa undir merkjum UNESCO – Menningar-, mennta- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna en miðstöðin verður starfrækt innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum málum og verður til húsa í nýbyggingu sem mun rísa á lóð háskólans á næstunni.

Fjölmarginir hafa styrkt starfsemi stofnunarinnar og verkefni á hennar vegum með beinum eða óbeinum hætti og auk þess hafa starfsmenn hennar hlotið umtalsverða styrki til rannsókna úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Sem endranær hefur frú Vigdís Finnbogadóttir lagt stofnuninni ómetanlegt lið með störfum sínum.

### **Stjórn og starfsmenn**

Á árinu 2013 störfuðu 40 fræðimenn við stofnunina, auk verkefnisstjóra. Stjórn stofnunarinnar skipa þau Auður Hauksdóttir, formaður, Ásdís R. Magnúsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Rebekka Práinsdóttir og Ingibjörg Þórisdóttir, doktorsnemi í bókmenntum, tilnefnd af Félagi doktorsnema, en hún tók við af Aleksöndru Mariu Cieslinka, doktorsnema í þýðingafraeðum, um mitt ár. Sigurður Pétursson og Oddný G. Sverrisdóttir voru varamenn. Auk stjórnarformennsku, gegndi Auður Hauksdóttir starfi forstöðumanns. Stjórnin kom saman fimm sinnum á árinu.

Ritnefnd stofnunarinnar var skipuð þeim Ásdísi R. Magnúsdóttur, Erlu Erlendsdóttur og Rebekku Práinsdóttur.

Guðrún Kristinsdóttir gegndi starfi verkefnisstjóra.

Irma Erlingsdóttir hlaut framgang í stöðu dósents í frönskum bókmenntum á árinu, Kristín Guðrún Jónsdóttir var ráðin í stöðu lektors í spænsku og Þórhallur Eypórsson var ráðinn í stöðu dósents í ensku.

Nýir starfsmenn við stofnunina eru þær Pernille Folkmann, lektor í dönsku máli, Ásrún Jóhannsdóttir, aðjunkt í ensku, og Hulda Kristín Jónsdóttir, aðjunkt í ensku.

## Starfsemi stofnunarinnar

Að venju stóð stofnunin fyrir ráðstefnum, málþingum og fyrirlestrum.

## Ráðstefnur og málþing

### Ráðstefnur

Á árinu stóð stofnunin fyrir þremur alþjóðlegum ráðstefnum í samvinnu við innlenda og erlenda fræðimenn og stofnanir.

- **campUSCulturae:** Alþjóðleg ráðstefna um barnabókmenntir og menningu minnihlutahópa Dagana 24.–25. apríl efndi stofnunin til ráðstefnu um barnabókmenntir og menningu minnihlutahópa í samvinnu við evrópska samstarfsnetið campUSCulturae og Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Ráðstefnan fór fram í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands. Á ráðstefnunni var einnig sýnd stuttmyndin Skylappjenta (Little Miss Eye flap). Iram Haq, sem leikstýrði myndinni, var viðstödd sýninguna og kynnti hana í stuttu máli.

Aðalfyrirlesarar voru:

- John Stephens, fyrrverandi prófessor við Macquarie-háskólann í Ástralíu.
- Turið Sigurðardóttir, prófessor við Fróðskaparsetur Færeyja.
- Vuokko Hirvonen, prófessor við Sámi-háskólann í Guovdageaidnu í Laplandi í Noregi.
- Nina Christensen, forstöðumaður Barnabókasetursins við Árósháskóla.
- Helene Ehriander, dósent við Linnaeus-háskólann í Svíþjóð.
- Karin Langgård, dósent við Háskóla Grænlands.
- Maria Österlund, dósent við Åbo Academy í Finnland.

Fyrirlesarar frá campUSCulturae-netinu voru:

- Xosé A. Neira Cruz, prófessor við Háskólann í Santiago de Compostela.
- Sofiya Zahovas, lektor við búlgörsku vísindaakademíuna.

Meðal annarra fyrirlesara má nefna Dagnýju Kristjánsdóttur, prófessor í íslenskum nútímabókmenntum, Annemette Hejlsted, lektor í dönsku, og Randi Benedikte Brodersen, lektor í dönsku, allar við Háskóla Íslands.

Vigdís Finnbogadóttir setti ráðstefnuna. Ráðstefnan var styrkt af Evrópusambandinu, Norræna menningarsjóðnum, Samstarfsnefnd um Norðurlandakennslu erlendis og Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar.

- Ráðstefna ítölskufræðinga á Norðurlöndum

Ráðstefna norrænna sérfræðinga í ítölskum fræðum, sem haldin var í samvinnu við sendiráð Ítalíu í Osló, fór fram í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni dagana 13.–14. júní. Aðalfyrirlesarar voru Maurizio Dardano, fyrrverandi prófessor við Università degli Studi di Roma III, og Roberto Gigliucci, prófessor við Sapienza Università di Roma. Aðrir fyrirlesarar á ráðstefnunni voru háskólakennarar í ítölsku máli, bókmenntum og málvísindum á Norðurlöndunum, þar á meðal Sigurður Pétursson, lektor í grísku og latínu, Stefano Rosatti, aðjunkt í ítölsku, og Michele Broccia, sendikennari í ítölsku. Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, setti ráðstefnuna. Ráðstefnan var styrkt af sendiráði Ítalíu í Osló og Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar.

- Alþjóðleg ráðstefna á sviði erfðarmála

Alþjóðleg ráðstefna á sviði erfðarmála (e. heritage languages) var haldin á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Málvísindastofnunar, Hugvísindastofnunar og Þjóðminjasafns Íslands 19.–21. september. Ráðstefnan er árleg vinnustofa rannsóknans fræðimanna sem stunda rannsóknir á upprunatungumálum innflytjenda og afkomenda þeirra. Aðalfyrirlesari var Maria Polinsky, prófessor við Harvard-háskóla, en aðrir fyrirlesarar voru hátt á þriðja tug innlendra og erlendra fræðimanna, þar á meðal Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum. Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar styrkti ráðstefnuna.

### Málþing

- Að heiman og heim – Málþing til heiðurs Guðbergi Bergssyni

Í tilefni þess að Guðbergur Bergsson var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda var efnt til málþings í samvinnu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Bókmennta- og listfræðistofnunar, Manitoba-háskóla og Reykjavíkur – Bókmenntaborgar UNESCO. Málþingið fór fram 1. júní í Hátíðasal háskólans þar sem skáld, þýðendur og fræðimenn hvaðanæva úr heiminum fjölluðu um verk Guðbergs, auk þess sem íslenskir rithöfundar og fræðimenn ræddu um tengsl sín við skáldið. Vigdís Finnbogadóttir setti málþingið og Guðbergur Bergsson flutti ávarp þar sem hann þakkaði háskólanum fyrir þá sæmd sem honum var sýnd með heiðursdoktorsnafnbótinni.

Frummælendur á Guðbergspingi voru:

- Colm Tóibín, rithöfundur og Mellon-prófessor í deild ensku og samanburðarbókmennta við Columbia-háskóla.
- Birna Bjarnadóttir, forstöðumaður íslenskudeildar Manitoba-háskóla.
- Eric Boury þýðandi.
- Hans Brückner, myndlistarmaður og þýðandi.
- Massimo Rizzante, ljóðskáld, rithöfundur, þýðandi og prófessor í bókmenntafræði við Università degli Studi di Trento.
- Enrique Bernárdez, þýðandi og prófessor í málvísindum við Universidad Complutense.
- Ármann Jakobsson, rithöfundur og prófessor í íslenskum bókmenntum fyrri alda við Háskóla Íslands.

Þá ræddu rithöfundarnir Eiríkur Guðmundsson, Haukur Ingvarsson og Kristín Ómarsdóttir um tengsl sín við verk Guðbergs Bergssonar. Oddný Eir Ævarsdóttir stjórnaði umræðum.

Við heiðursdoktorsathöfnina flutti Ástráður Eysteinnsson, prófessor í almennum bókmenntum, fyrirlestur sem bar yfirskriftina Leitin að landinu fagra og Geir Sigurðsson, dósent og varaforseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, afhenti Guðbergi heiðursdoktorsskjalið. Málþingið var styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, utanríkisráðuneytinu, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Manitoba-háskóla, Reykjavík – Bókmenntaborg UNESCO, Bókmennta- og listfræðastofnun, Grindavíkurbæ og Forlaginu.

- Yfir saltan mar: Málþing um skáldskap Jorges Luis Borges

Í tilefni af útgáfu bókarinnar Yfir saltan mar: Þýðingar á ljóðum eftir Jorge Luis Borges sem Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfan stóðu að, efndi stofnunin til málþings um argentínska skáldið og Íslandsvininn Jorge Luis Borges. Málþingið fór fram 25. október í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins.

Framsögumenn voru:

- Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku.

- Jón Karl Helgason, prófessor í íslensku sem öðru máli.
- Sigrún Á. Eiríksdóttir þýðandi.
- Jón Hallur Stefánsson, rithöfundur og þýðandi.
- Daniel Balderston, prófessor og framkvæmdastjóri Borgesar-seturs við Háskólann í Pittsburg.

Kristín Guðrún Jónsdóttir, lektor í spænsku, setti málþingið og Ástráður Eysteinnsson, prófessor í almennri bókmenntafræði, kynnti gestafyrirlesarann. Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar styrkti málþingið.

- Málþing um náttúruna í verkum Alberts Camus  
Í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá fæðingu franska rithöfundarins og heimspekingsins Alberts Camus stóð stofnunin fyrir málþingi um verk hans. Yfirskrift málþingsins var Náttúran í verkum Alberts Camus og fór það fram í Hannesarholti þann 6. desember.

Fyrirlesarar voru:

- Pétur Gunnarsson rithöfundur.
- Björn Þorsteinsson heimspekingur.
- Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku máli og bókmenntum.
- Torfi Tulinius, prófessor í íslenskum miðaldafræðum.

Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar styrkti málþingið.

- Evrópski tungumáladagurinn

Að venju var evrópski tungumáladagurinn haldinn hátíðlegur þann 26. september, í þetta sinn undir yfirskriftinni Tungumálakennsla í takt við tímann. Í tilefni dagsins var efnt til málþings í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi í fyrirlestrasal Menntavísindasviðs í Stakkahlíð.

Athöfnin hófst á því að grunnskólanemar fluttu leikþátt á frönsku undir stjórn Sólveigar Simha, frönskukennara við Háaleitisskóla og Alliance française. Á málþinginu las einnig fjöltyngdur hópur ljóð í umsjón Kristínar R. Vilhjálmsdóttur, verkefnastjóra fjölmennings hjá Borgarbókasafni Reykjavíkur.

Framsögumenn voru:

- Sólveig Simha frönskukennari.
- Linda Rós Michaelsdóttir, konrektor Menntaskólans í Reykjavík.
- Michael Dal, dósent í dönsku á Menntavísindasviði Háskólans.
- Brynhildur A. Ragnarsdóttir, formaður STÍL.
- Ida Semey og Ásdís Þórólfsdóttir, spænskukennarar við Menntaskólann við Hamrahlíð.
- Björn Gunnlaugsson, enskukennari og skólustjóri grunnskólans á Dalvík.

Málþingið setti Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, en auk hennar fluttu Vigdís Finnbogadóttir, velgjörðarsendiherra tungumála hjá UNESCO, og Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, ávörp. Fundarstjóri var Elna Katrín Jónsdóttir, þýskukennari við Kvennaskólann í Reykjavík. Málþingið var styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

- Samvinna við Bókmenntahátíð í Reykjavík

Alþjóðlega bókmenntahátíðin í Reykjavík fór fram dagana 11.–15. september, en hún er haldin annað hvert ár. Fjöldi erlendra og innlendra rithöfunda tók þátt í hátíðinni og sem endranær átti Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur góða samvinnu við forsvarsmenn hátíðarinnar. Haft var samráð við Stöllu Soffíu Jóhannsdóttur framkvæmdastjóra og Sigurð Valgeirsson, stjórnarformann hátíðarinnar, um kynningarmál og sameiginlega stóðu stofnunin og hátíðin að tveimur viðburðum í tengslum við hátíðina:

- Fyrirlestur um Nóbelsverðlaunaskáldið Tomas Tranströmer  
Húsfyllir var í fyrirlestrasal Norræna hússins þegar sænski rithöfundurinn Kjell Espmark hélt fyrirlestur þann 12. september um sænska skáldið og Nóbelsverðlaunahafann Tomas Tranströmer, en Kjell Espmark var einn af gestum Bókmenntahátíðarinnar. Fyrirlesturinn var einnig haldinn í samvinnu við sænska sendiráðið og Norræna húsið.
- Málstofa um danska menningu og tungu á Grænlandi og Íslandi  
Í tilefni af komu danska rithöfundarins Kims Leine til landsins, stóðu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Bókmenntahátíð fyrir málstofu um áhrif danskrar menningar og tungu á Grænlandi og Íslandi. Á málstofunni greindi Kim Leine frá kynnum sínum af Grænlandi og fjallaði um áhrif danskrar tungu og menningar þar í landi. Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku máli, hélt einnig erindi þar sem hún greindi frá áhrifum danskrar tungu og menningar á Íslandi. Í upphafi málþingsins kynnti Annemette Hejlsted, lektor í dönskum bókmenntum, skáldið. Málstofan fór fram í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands 15. september við húsfylli.
- Ítölsk mósaík III: Vika ítalskrar tungu og menningar  
Í tilefni af viku ítalskrar tungu og menningar stóð stofnunin og námsleið í ítölsku fyrir fyrirlestraröð dagana 15.–19. nóvember. Fyrirlestraröðin bar yfirskriftina Mosaico Italiano III, með tilvísan í svipaða viðburði á síðustu árum. Sérstakur gestur ítölsku vikunnar var Eduardo Blasco Ferrer, prófessor og deildarforseti í sardinískum málvísindum við Cagliari-háskóla.

## Fyrirlestrar

Eftirtaldir fræðimenn héldu fyrirlestur við stofnunina á árinu:

- Randi Benedikte Brodersen, lektor í dönsku.
- Nobuyoshi Mori, prófessor í norsku og íslensku við Tokai-háskólann í Japan.
- Gunnella Þorgeirsdóttir, aðjunkt í japönsku.
- Annemette Hejlsted, lektor í dönskum bókmenntum.
- Simon Reher, MA í Norðurlandafræðum.
- María Antonia Mezquita frá Universidad de Valladolid.
- Friðrika Tómasdóttir, MA í frönskum fræðum.
- Randi Benedikte Brodersen, lektor í dönsku.
- Xosé A. Neira Cruz, prófessor við Háskólann í Santiago de Compostela.
- Per Langgård fræðimaður.
- Maria de Fátima Marinho og Isabel Pires de Lima, prófessorar við Háskólann í Portó.
- Monika Gänßbauer, gestaprófessor við Háskólann í Erlangen.
- Erla Hallsteinsdóttir, dósent við Syddansk Universitet.
- Claudio Giunta, dósent í ítölskum bókmenntum við Háskólann í Trento.
- Michael Svendsen Pedersen, lektor við Hróarskelduháskóla.
- Kristín R. Vilhjálmsdóttir, verkefnastjóri fjölmennningar á Borgarbókasafni Reykjavíkur.
- François Heenen, aðjunkt í frönskum fræðum.

## Útgáfa fræðirita

### Tímaritið Milli mála

Út kom hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Háskólaútgáfunni fimmti árgangur Milli mála. Ársriti Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur var breytt í tímarit árið 2012 og heitir nú Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu. Þema heftisins er útlendingar og eru sjö greinar tileinkaðar því efni. Í bókinni eru einnig fjórar greinar utan þemans, auk einnar þýðingar og eins ritdóms. Ritstjórar voru Ásdís R. Magnúsdóttir, Erla Erlendsdóttir og Rebekka Þráinsdóttir. Útgáfa



tímaritsins var fjármögnuð af Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar.

### **Morð í dómkirkju**

Bókin *Morð í dómkirkju* eftir T.S. Eliot kom út í tvímála ritröð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í samvinnu við Háskólaútgáfunu. Íslensk þýðing Karls J. Guðmundssonar er hér birt í fyrsta skipti í heild sinni við hlið enska frumtextans. Ritstjóri bókarinnar er Ingibjörg Ágústsdóttir, lektor í enskum bókmenntum, en hún ritaði einnig fræðilegan inngang að verkinu. Í sérstöku bókarauga hefur ritstjóri samið verkefni í tengslum við leikritið til að nota í enskukennslu. Útgáfa bókarinnar var fjármögnuð af Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Miðstöð íslenskra bókmennta og Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar.

### **Þýðingar starfsmanna**

#### **Kristín Guðrún Jónsdóttir hlýtur Íslensku þýðingaverðlaunin**

Íslensku þýðingaverðlaunin 2013 voru veitt við hátíðlega athöfn á Gljúfrasteini á degi bókarinnar, 23. apríl. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, veitti verðlaunin sem féllu í hlut Kristínar Guðrúnar Jónsdóttur, lektors í spænsku, fyrir þýðingu hennar á örsögusafni Augustos Monterroso, Svarti sauðurinn og aðrar fabúlur.

#### **The Story of the Blue Planet**

Út kom hjá bresku útgáfunni Pushkin Press barnabókin *Sagan af bláa hnettinum* eftir Andra Snæ Magnason í enskri þýðingu Júlíans Meldon D'Arcy, prófessors í enskum bókmenntum. Þetta er bresk útgáfa af bókinni sem gefin var út í Bandaríkjunum árið 2012. Enskur titill bókarinnar er *The Story of the Blue Planet*. Hún var tilnefnd til verðlauna sem besta barnabókin í aldursflokki 7–11 ára hjá United Kingdom Literacy Association.

#### **La donna è un'isola**

Út kom hjá ítölsku útgáfunni Einaudi skáldsagan *Rigning* í nóvember eftir Auði Övu Ólafsdóttur í þýðingu Stefanos Rosatti, aðjunktis í ítölsku. Ítalskur titill bókarinnar er *La donna è un'isola*.

#### **Trofaste troll**

Út kom hjá útgáfunni Fossatúni barnabókin *Tryggðatröll* eftir Steinar Berg í norskrri þýðingu Gro Tove Sandmark, sendikennara í norsku. Norskur titill bókarinnar er *Trofaste troll*.

### **Alþjóðleg samstarfsnet**

#### **Lingua Nordica – Lingua Franca**

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur naut á árinu styrks frá Norrænu samstarfsnefndinni um hug- og félagsvísindarannsóknir (NOS–HS) til að standa fyrir samstarfsnetinu *Lingua Nordica – Lingua Franca* en starfsemi þess snýst um rannsóknir á norrænum tjáskiptum, einkum því sem auðveldar eða torveldar tjáskipti á milli Norðurlandabúa. Í forsvari fyrir samstarfsnetinu er Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku máli, en aðrir í stjórn þess eru: Anna Mauranen, prófessor við Helsinkiháskóla, Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, Gunnstein Akselberg, prófessor við Háskólann í Bergen, Jens Allwood, prófessor við Gautaborgarháskóla, Karen Lund, prófessor við Árósháskóla, Peter Juel Henriksen, dósent við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn, og Ulla Börestam, prófessor við Uppsalaháskóla.

## **campUSCulturae**

Stofnunin hefur tekið þátt í evrópska samstarfsnetinu campUSCulturae um fjöltyngi og fjölmenningu. Þar er fengist við rannsóknir á barnabókmenntum og barnamenningu, ásamt varðveislu menningar minnihlutahópa sem margir hverjir tala tungumál sem eiga í vök að verjast. Aðilar í samstarfsnetinu, sem styrkt er af Menningaráætlun Evrópusambandsins, eru Minority Studies Society Studii Romani í Búlgaríu, CHE Consult GmbH í Þýskalandi, Háskólinn í Łódź í Póllandi, og portúgölsk félagasamtök í menningar- og menntamálum sem nefnast Ponte... nas ondas! Umsjón með verkefninu er í höndum Háskólans í Santiago de Compostela á Spáni. Alþjóðleg ráðstefna um barnabókmenntir og menningu minnihlutahópa var haldin í apríl og var hún framlag stofnunarinnar til starfsemi netsins. Fulltrúi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í samstarfsnetinu er Gro Tove Sandmark, sendikennari í norsku.

## **Tal hjálpar til dönskukennslu**

Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku máli, fer fyrir norrænum rannsóknahópi sem vinnur að þróun talhjálpar sem er ætlað að auðvelda Færeyingum, Grænlandingum og Íslendingum að læra danskt talmál og tjá sig á dönsku. Markmiðið er að skoða hvaða þættir dansks talmáls valda erfiðleikum og hvernig hægt er að mæta ólíkum þörfum í tengslum við að tileinka sér talmál og þá einkum framburð á dönsku (sjá [www.taleboblen.hi.is](http://www.taleboblen.hi.is)). Aðrir þátttakendur í rannsókn- og þróunarverkefninu eru Peter Juel Henriksen, dósent í tölvumálvísindum við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn, Katti Frederiksen, fræðimaður við málráð Grænlands, og Jónhard Mikkelsen, lektor við Fróðskaparsetur Færeyja, auk Guðrúnar Haraldsdóttur, arkitekts og BA í dönsku, Önnu Margrétar Bjarnadóttur, cand.mag. og cand.pæd. í dönsku, og Tuma Snæs Gíslasonar, nema í tölvunarfræði. Fimm dönskukennarar í grunn- og framhaldsskólum í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi, ásamt nemendum þeirra, taka þátt í verkefninu, sem er styrkt af Nordplus Sprog og Kultur-áætluninni og Norræna menningarsjóðnum.

## **Aðrir viðburðir**

### **Fyrsta doktorsvörnin við Deild erlendra tungumála, málvísinda og bókmennta**

Doktorsvörn fór í fyrsta sinn fram 27. september við Deild erlendra tungumála, málvísinda og bókmennta. Þá varði Anna Jeeves doktorsritgerð sína *Relevance and the L2 Self in the Context of Icelandic Secondary School Learners: Learner Views*, eða *Gildi og tungumálasjálfi íslenskra framhaldsskólanemenda: Viðhorf nemenda*. Andmælendur voru Glenn Ole Hellekjær, prófessor við Háskólann í Osló, og Martin Lamb, prófessor við Háskólann í Leeds. Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, var aðalleiðbeinandi doktorsefnisins en í doktorsnefnd sátu, auk hennar, Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor á Menntavísindasviði, og Judit Kormos, prófessor við Háskólann í Lancaster. Hólmfríður Garðarsdóttir deildarforseti stjórnaði athöfninni sem fór fram í Hátíðasal Háskólans.

### **Japanshátíð**

Að venju stóð námsleið í japönskum fræðum að Japanshátíð í samvinnu við sendiráð Japans á Íslandi. Japanshátíðin fór fram á Háskólatorgi 2. febrúar. Þar bauðst gestum að kynna japanskri menningu af ýmsum toga. Sýndar voru japanskar bardagalistar og blómagerðarlist og spiluð lifandi tónlist.

### **Kínversk nýárshátíð**

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós efndi til nýárshátíðar í tilefni af komu árs slöngunnar í Kína í samstarfi við Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Kínversk-íslenska menningarfélagið, sendiráð Kínverska alþýðulýðveldisins og Félag Kínverja á Íslandi. Hátíðin var haldin á Háskólatorgi 10. febrúar og hófst með drekadansi. Að loknum tónlistaratriðum og sýningu á kínverskri bardagalist var gestum boðið upp á kínverskan mat og te, jafnframt því sem hægt var að kynna kínverskri skrautskrift, taiji-leikfimi og kínverskum barnasöngvum og læra að hnýta kínverskan lukkuhnút.

### **Bókamessa Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur**

Blásið var til bókamessu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum 10. apríl þar sem kynnt voru nýútkomin verk fræðimanna við stofnunina. Eftirfarandi bækur voru kynntar:

- Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu. Ritstjórnir Rebekka Práinsdóttir, Ásdís R. Magnúsdóttir og Sigríður Á. Eiríksdóttir kynntu fjórða árgang tímaritsins (2012), sem og fyrri árganga.
- Yfir saltan mar: Þýðingar á ljóðum eftir Jorge Luis Borges. Hólmfríður Garðarsdóttir og Sigrún Á. Eiríksdóttir, ritstjórar bókarinnar, fjölluðu um verkið, sem er í flokki tvímála útgáfa og kom út í lok árs 2012.
- Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku máli, kynnti bók sína Dansk som fremmedsprog i en akademisk kontekst. Om islændinges behov for danskundskaber under videreuddannelse i Danmark. Bókin var gefin út af Kaupmannahafnarháskóla í lok árs 2012 í ritröðinni Københavnerstudier i Tosprogethed.
- Annemette Hejlsted, lektor í dönskum bókmenntum, kynnti bók sína Fiktionens genrer. Teori og analyse sem gefin var út árið 2012 hjá Samfundslitteratur í Kaupmannahöfn.
- Ásdís R. Magnúsdóttir kynnti þýðingu sína og Héléne Tétrel, Histoire des Breagnes 3: La Petite Saga de Tristan et autres sagas islandaises inspirées de la matière de Bretagne. Bókin var gefin út af Université de Bretagne Occidentale í Frakklandi árið 2012.
- Kristín Guðrún Jónsdóttir kynnti þýðingu sína Svarti sauðurinn og aðrar fabúlur eftir Augusto Monterroso, sem kom út hjá Bjarti árið 2012.
- Stefano Rosatti fjallaði um ítalska þýðingu sína á Afleggjaranum eftir Auði Övu Ólafsdóttur sem út kom í upphafi árs 2013 hjá ítalska forlaginu Einaudi undir nafninu Rosa candida.
- Júlían Meldon D'Arcy fjallaði um þýðingu sína á Sögunni af bláa hnettinum, The Story of the Blue Planet, eftir Andra Snæ Magnason sem út kom á árinu hjá bresku útgáfunni Pushkin Press.

Vigdís Finnbogadóttir setti bókamessuna og flutti ávarp.

### **Icelandic Online 5**

Nýju vefnámskeiði, Icelandic Online 5, var hleypt af stokkunum þann 10. desember. Um er að ræða viðbót við Icelandic Online-námskeiðin, sem ætlað er fyrir lengra komna nemendur í íslensku sem öðru máli. Icelandic Online 5 er samstarfsverkefni námsleiðarinnar Íslenska sem annað mál, Hugvísindastofnunar, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Stofnunar Árna Magnússonar, Björgvinjarháskóla og Helsinkiháskóla. Olga Holownia, Daisy L. Neijmann og Jón Karl Helgason eru ritstjórar efnisins, auk þess sem Mark Berge hefur haft umsjón með tæknilegum þáttum þess. Ríkisútvarpið, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og fjöldi höfunda hafa lagt þessu verkefni lið en það hefur einnig notið fjárhagsstuðnings frá Nordplus Sprog-áætluninni og Kennslumálasjóði Háskóla Íslands.

### **Samstarf við norskar vísindastofnanir**

Í apríl sátu Vigdís Finnbogadóttir og Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, fyrsta fund samstarfsnets Háskóla Íslands, Háskólans í Bergen, Tækniháskólans í Þrándheimi (NTNU), Nýnorsku menningarmiðstöðvarinnar og fylkisstjórnar Hörðalands. Samstarfsnetinu er ætlað að auka samvinnu um rannsóknir á vestnorrænum tungumálum og menningu.

## **Styrkir**

### **Styrkir til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur**

Síðastliðið sumar var efnt til sérstaks fjáröflunarátaks til að renna styrkari stoðum undir rekstur stofnunarinnar og að auðvelda henni þá miklu undirbúningsvinnu sem nú stendur yfir vegna alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar. Einstakur liðsmaður í þessu átaki var Ásmundur Stefánsson,

fyrirverandi bankastjóri og stjórnarmaður í Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Kann stofnunin honum miklar þakkir fyrir ómetanlegt framlag hans. Árangur átaksins var kunngerður 15. nóvember þegar stjórnendur níu fyrirtækja undirrituðu samninga um styrkveitingu til reksturs stofnunarinnar. Styrkirnir nema alls ríflega 20 milljónum króna á þriggja ára tímabili og verður fjármuninum varið til að undirbúa starfsemi Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar um tungumál og menningu, sem mun, eins og áður er getið, starfa undir merkjum UNESCO. Kristín Ingólfssdóttir rektor undirritaði samningana af hálfu Háskóla Íslands.

Fyrirtækin Íslandshótel hf., Landsbankinn hf., MP-banki hf., Promens hf. og fasteignafélagið Reginn hf. munu hvert og eitt styrkja Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur með einnar milljónar króna framlagi á ári í þrjú ár en Bláa lónið hf., Icelandair Group hf., Icelandic Group hf. og olúfélagið N1 hf. með 500 þús.kr. framlagi á ári hvert jafn lengi. Um áramótin hafði verið gerður samningur við Arion banka hf. um tveggja milljóna króna árlegt framlag í þrjú ár. Þessir rausnarlegu styrkir eru stofnuninni ómetanlegir og munu auðvelda henni að hrinda í framkvæmd áformum um alþjóðlega tungumálamiðstöð.

### **Framlög í Styrktarsjóð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur**

Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur hefur það að markmiði að styðja við starfsemi stofnunarinnar. Fyrirtækin Icelandair Group hf. og Vörður tryggingar hf. lögðu styrktarsjóðnum til 90 þús. kr. hvort.

### **Biblúgjöf**

Hjónin Jón G. Friðjónsson prófessor og Herdís Svavarsdóttir færðu Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur að gjöf ljósprentaða útgáfu af Biblíu Kristjáns III Danakonungs 25. október. Biblían var upphaflega gefin út í Kaupmannahöfn árið 1550 og var fyrsta heildarútgáfa Biblíunnar á danska tungu. Auk þess færðu þau Jón og Herdís stofnuninni Steinsbiblíu að gjöf en hún er kennd við Stein Jónsson biskup og er þriðja heildarútgáfa Biblíunnar á íslensku, prentuð á Hólum í Hjaltadal á árunum 1728–1734.

### **Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar**

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur undirbýr nú starfsemi alþjóðlegrar tungumálamiðstöðvar sem mun starfa undir merkjum UNESCO – Menningar-, mennta- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Miðstöðin verður til húsa í nýbyggingu stofnunarinnar sem mun rísa við Suðurgötu, næst gömlu Loftskeytastöðinni. Í miðstöðinni verður m.a. starfrækt þekkingarsetur þar sem hægt verður að fræðast um erlend tungumál og fá innsýn í ólíka menningarheima og ýmis málefni er snerta samskipti Íslands við erlendar þjóðir. Í byggingunni verður aðstaða til sýninga-, ráðstefnu- og fyrirlestrahalds og þar mun einnig fara fram öll kennsla og rannsóknir í erlendum tungumálum og menningu þeim tengdum.

Byggingarnefnd, sem háskólaráð skipaði í apríl 2011, vann allt árið að undirbúningi byggingarframkvæmda í samvinnu við arkitektur.is, en arkitektar þeirrar teiknistofu urðu hlutskarpastir í hönnunarsamkeppni um bygginguna sem fram fór árið 2012. Formaður byggingarnefndar er Eiríkur Hilmarsson, lektor í viðskiptafræði, en auk hans eiga sæti í nefndinni Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri framkvæmda- og tæknisviðs háskólans, Ingjaldur Hannibalsson prófessor, Inga Jóna Þórðardóttir viðskiptafræðingur og Ásdís Guðrún Sigmundsdóttir doktorsnemi. Með nefndinni starfar Halldóra Vífilsdóttir, aðstoðarforstóri Framkvæmdasýslu ríkisins, og Sigurlaug I. Lövdahl, skrifstofustjóri framkvæmda- og tæknisviðs Háskólans.

### **Vigdísarstofnun hlýtur viðurkenningu UNESCO**

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra undirritaði 15. apríl samstarfssamning íslenskra stjórnvalda og UNESCO – Menningar-, mennta- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna, um að Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar starfi undir merkjum UNESCO. Af þessu tilefni var efnt til athafnar þar sem Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra afhenti Vigdísar samninginn. Kristín Ingólfssdóttir rektor flutti ávarp þar sem hún þakkaði Katrínu Jakobsdóttur og Vigdísar Finnbogadóttur fyrir mikilvægt framlag þeirra við að koma þessu máli í höfn. Viðstaddir athöfnina voru Páll Skúlason, fyrrverandi rektor, Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, og Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektor vísinda og kennslu, ásamt forstöðumanni og verkefnisstjóra Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Irina Bokova, aðalframkvæmdastjóri UNESCO, undirritaði síðan samninginn 27. júní af hálfu UNESCO við hátíðlega athöfn í aðalstöðvum stofnunarinnar í París að viðstaddri Vigdísar Finnbogadóttur. Meðal annarra gesta við athöfnina voru embættismenn Menningar-, mennta- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna og fjöldi alþjóðlegra velgjörðarsendiherra, Berglind Ásgeirsdóttir, sendiherra Íslands í París, og Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

### **Styrkur til Vigdísarstofnunar frá Háskólanum í Bergen**

Í maí tilkynnti vararektor Háskólans í Bergen, Berit Rokne, þá ákvörðun háskólans að styrkja alþjóðlegu tungumálamiðstöðina með framlagi að upphæð 500 þúsund norskra króna. Greint var frá þessari ákvörðun í heimsókn Vigdísar Finnbogadóttur til Bergen þar sem hún var heiðursgestur við opnun Festspillene, ásamt Hadiu Tajik, menningarmálaráðherra Noregs, og Jens Stoltenberg forsætisráðherra.

### **Þýðingasetur**

Þýðingasetur starfar innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Forstöðumaður Þýðingaseturs er Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingafraeðum.

### **Siðfræðistofnun**

#### **Almennt yfirlit, stjórn og starfslið**

Í stjórn Siðfræðistofnunar sitja þau Vilhjálmur Árnason prófessor, formaður, tilnefndur af námsbraut í heimspeki, Sólveig Anna Bóasdóttir dósent, tilnefnd af Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, varaformaður, Irma Sjöfn Óskarsdóttir prestur, tilnefnd af kirkjuráði þjóðkirkjunnar, Ástríður Stefánsdóttir dósent, tilnefnd af Menntavísindasviði, og Haraldur Briem, dósent við Læknadeild, skipaður af háskólaráði án tilnefningar. Forstöðumaður í fullu starfi er Salvör Nordal. Samkvæmt reglum starfar stofnunin innan vébanda Hugvísindastofnunar og á stjórnarformaður sæti í stjórn hennar.

#### **Rannsóknir og erlent samstarf**

Siðfræðistofnun tekur þátt í nokkrum rannsóknaverkefnum sem hófust á þessu ári. Verkefnið How Does Democracy Work in Iceland? Practices, Norms and Understanding (Hvað einkennir íslenskt lýðræði? Starfsvenjur, gildi og skilningur) hlaut styrk frá Rannís í upphafi árs og er verkefnið til þriggja ára. Um er að ræða þverfaglegan hóp úr heimspeki, stjórnmálafræði, fjölmiðlafræði og sagnfræði. Stjórnarformaður leiðir verkefnið en starfsmaður við verkefnið er Henry Alexander Henrysson, sérfræðingur hjá Siðfræðistofnun. Rannsóknahópurinn skipulagði málstofu á Hugvísindapingi í mars og hélt síðan rannsóknamálstofu í september. Þá hófst verkefnið Nerri – Neuro-Enhancement:

Responsible Research and Innovation, sem styrkt er af 7. rammaáætlun Evrópusambandsins, með fundi í Cascaí í Portúgal í mars. Tveir hafa verið ráðnir tímabundið í verkefni á vegum þess, þau Jóhannes Dagsson og Ragnheiður Eiríksdóttir. Þá tekur Siðfræðistofnun þátt í COST- verkefninu Disaster Bioethics: Addressing Ethical Issues Triggered by Disasters og sótti stjórnarformaður tvo vinnufundi á vegum þess á árinu. Loks var stofnunin meðal umsækjanda í COST-umsókninni Citizen's Health Through Public-Private Initiatives: Public Health, Market and Ethical Perspectives, en upphafsfundur þess verkefnis var haldinn í Brussel í nóvember.

Siðfræðistofnun er aðili að norrænu samstarfsneti siðfræðistofnana á Norðurlöndum um heimspeki læknisfræðinnar og heilbrigðis- og lífsiðfræði: Nordic Network for Philosophy of Medicine and Medical Ethics (NNPMME). Á vegum netsins var haldinn fundur í Ríga í júní. Hópurinn stóð einnig að NOS-HS-umsókn. Stjórnarformaður er í stjórn International Association of Bioethics og sótti stjórnarfund í Seoul í október. Forstöðumaður á sæti í Norrænu lífsiðfræðinefndinni og sótti fjölmarga fundi og málþing á vegum nefndarinnar. Þá hefur hann tekið þátt í Noria-neti sem starfar á vegum NordForsk og er ætlað að fjalla um möguleika á auknu samstarfi Norðurlandanna á sviði rannsókna sem byggjast á gagnasöfnum af heilbrigðissviði og úr velferðarkerfinu. Stjórnarformaður er aðili að FinCris: Responsibilities, Ethics and the Financial Crisis, sem er þverfaglegt rannsóknaverkefni í samvinnu fræðimanna við háskólana í Birmingham, Warwick, Oxford og víðar. FinCris er styrkt af Arts and Humanities Research Council (AHRC) í Bretlandi. Verkefnið hófst í júlí 2012 og er styrkt til þriggja ára. Stjórnarformaður situr í ritnefndum tímaritanna Medicine, Health Care and Philosophy (A European Journal. Kluwer Academic Publishers) og hefur gert frá 2000, Genomics and Society (Online journal) frá 2005 og Etikk i Praksis (Nordisk tidskrift) frá 2007.

## Þjónusta

Siðfræðistofnun veitti sem fyrr umsagnir um ýmis lagafrumvörp og skýrslur á árinu og veitti fagfélögum, fyrirtækjum og stofnunum ýmiss konar ráðgjöf.

## Fyrirlestrar og útgáfa

Siðfræðistofnun stóð ásamt Heimspekistofnun að málþingi til heiðurs Vilhjálmi Árnasyni í janúar í tilefni sextugsafmælis hans. Stofnunin skipulagði þrjár hádegismálstofur á vormisseri í samstarfi við Læknadeild. Sú fyrsta var um samþykki og líffæragjafir, önnur um kukl og hjávisindi og sú þriðja um kynáttunarvanda. Mikael M. Karlsson hélt erindi á vegum Siðfræðistofnunar og Heimspekistofnunar sem hann kallaði Siðasúpu. Þá styrkti Siðfræðistofnun Jón Braga Pálsson til að skrifa grein um heimspeki skoska heimspekingsins Johns Macmurray til heiðurs Gunnari Ragnarssyni. Bókin Hugsað með Platoni kom út á vegum Siðfræðistofnunar og Heimspekistofnunar þar sem birtar eru ritgerðir eftir marga höfunda.



# Menntavísindasvið

## Skipulag og stjórn

Á Menntavísindasviði eru þrjár deildir: Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild, Kennaradeild og Uppeldis- og menntunarfræðideild.

Forsetaskipti urðu á miðju ári. Jón Torfi Jónasson prófessor lét af störfum þar sem ráðningartímabili hans lauk og við starfinu tók Jóhanna Einarsdóttir prófessor. Jóhanna lauk doktorsprófi í menntunarfræðum ungra barna árið 2000 frá Háskólanum í Illinois í Bandaríkjunum. Jóhanna hefur um árabil unnið að stefnumótun í menntamálum og einnig verið í umfangsmiklu alþjóðlegu rannsóknasamstarfi.

Forseti Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeildar var Ástríður Stefánsdóttir dósent og Sigurbjörn Árni Arngrímsson varaforseti. Forseti Kennaradeildar fyrri hluta árs var Anna Kristín Sigurðardóttir lektor og varaforseti Gunnar E. Finnbogason prófessor en frá 1. júlí var Gunnhildur Óskarsdóttir dósent deildarforseti og Guðbjörg Pálsdóttir lektor varadeildarforseti. Forseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar var Hanna Ragnarsdóttir dósent og varaforseti Ólafur Páll Jónsson dósent.

Stjórn Menntavísindasviðs er skipuð forseta sviðsins og deildarforsetum auk þess sem nemendur eiga einn fulltrúa í stjórn. Anna Margrét Pálsdóttir var fulltrúi nemenda á árinu.

Alls voru haldnir 17 stjórnarfundir á árinu. Rekstrarstjóri sviðsins er Björg Gísladóttir og situr hún stjórnarfundum.

## Þing Menntavísindasviðs

Haustþing Menntavísindasviðs var haldið 23. ágúst. Þetta var fyrsta þing sviðsins undir stjórn nýs forseta og tókst í alla staði mjög vel. Umræða í hópum var bæði góð og gagnleg og verður stjórn sviðsins gott veganesti fyrir áframhaldandi starfsemi.

Fundarmenn skiptu sér eftirfarandi umræðuhópa:

- Rannsóknir og nýsköpun
- Náms og kennsla
- Samfélagsleg ábyrgð
- Mannauður

Auk þingsins hélt sviðsforseti upplýsingafund fyrir starfsfólk þann 4. febrúar.

## Fjármál Menntavísindasviðs

Fjárveiting	1.563.833*
Sértekjur	43.240*
Tekjur alls	1.607.073*
Útgjöld	1.582.017*
Tekjuafgangur	25.056*
Ársverk	176




Skráðir nemendur	1.970
Virkir nemendur	1.349
Nemendur/ársverk	7,7
Virkni nemenda	68,5%

\* Upphæðir eru í þús. kr.

## Starfsfólk

### Menntavísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna

	Fjöldi	Starfsígdli
Konur	137	112,2
Karlar	61	48,6
<b>198</b>	<b>160,7</b>	



### Starfsfólk Menntavísindasviðs í árslok 2013

Starfsmenn alls	173
Stöðugildi	146

Fjöldi í 100% starfi	123
Fjöldi í hlutastarfi	50
Konur	119
Karlar	54

Í þessum tölum eru fjórir aðstoðarmenn á rannsóknastofum í tímabundnum verkefnum og einn starfsmaður stjórnýslu var í námsleyfi á haustmisseri. Einn starfsmaður stjórnýslu hætti vegna aldurs, eitt starf var lagt niður og tveir starfsmenn, þar af annar sem var í tímabundnum afleysingum, fluttust á önnur svið innan háskólans.

Eftirtaldir akademískir starfsmenn hlutu framgang í starfi á árinu:

Freyja Birgisdóttir úr starfi lektors í starf dósents,  
Hafdís Guðjónsdóttir úr starfi dósents í starf prófessors,  
Hanna Ragnarsdóttir úr starfi dósents í starf prófessors,  
Jóhanna Thelma Einarsdóttir úr starfi lektors í starf dósents,  
Kristín Bjarnadóttir úr starfi dósents í starf prófessors,  
Steinunn Helga Lárusdóttir úr starfi lektors í starf dósents,  
Þuríður Jóhannsdóttir úr starfi lektors í starf dósents.

## Stjórnýsla og stoðþjónusta

Stjórnýsla og stoðþjónusta á Menntavísindasviði skiptist á árinu í skrifstofu, Menntasmiðju, bókasafn og Menntavísindastofnun. Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf (SRR) sameinaðist Menntavísindastofnun á árinu undir heitinu Starfspróun Menntavísindastofnunar.

<i>Stjórnýsla fræðasviðsins – fjöldi starfsmanna í árslok 2013</i>			
	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Samtals</i>
<b>Menntavísindasvið</b>	5	21	26
	<b>Fjöldi</b>		<b>26</b>
	<b>Starfsígidli</b>		<b>22,8</b>

### Rannsóknastofur

– konur	30	17,6
– karlar	7	5,4

### Starfspróun Menntavísindastofnunar

– konur	2	2
– karlar	0	0

### Bókasafn

– konur	8	6,3
– karlar	0	0

## Skrifstofa

Í árslok skiptist skrifstofa Menntavísindasviðs í almenna skrifstofu og kennsluskrifstofu. Almenna skrifstofan sinnir stjórnábyrgðum málefnum, málum sviðsforseta og stjórnar, kynningar- og vefmálum, fjármálum og rekstri, starfsmannamálum og skjalamálum. Kennsluskrifstofa annast verkefnastjórn fyrir deildir, vettvangsnám og alþjóðamál. Þar er einnig haldið utan um námsferla nemenda, unnið að kennsluskrá, inntökumálum, stundatöflugerð, stofubókunum, prófaumsýslu, brautskráningu o.fl. fyrir sviðið.

## Menntasmiðja

Menntasmiðja veitir nemendum og starfsfólki nærþjónustu á Menntavísindasviði til viðbótar við miðlæga þjónustu Reiknistofnunar, Kennslumiðstöðvar og reksturs fasteigna. Menntasmiðja sinnir einkum þjónustu er snertir tölvuver, námsumsjónarkerfi, vefþjónustu og önnur upplýsingatækniverkefni með sérstakri áherslu á sveigjanlega kennsluhætti og stuðning við nám, kennslu og rannsóknir. Nemendur og starfsmenn geta enn fremur leitað Menntasmiðju með sínar eigin tölvur. Starfsmenn Menntasmiðju voru þrír í tveimur stöðugildum.

Miklar breytingar voru gerðar á starfsemi Menntasmiðju á árinu þegar starf forstöðumanns var m.a. lagt niður en Ingvar Ágúst Ingvarsson tók hins vegar við stöðu deildarstjóra tölvumála við sviðið. Breyta þurfti þjónustu í kjölfarið og hefur vinnustofum og námskeiðum fækkað en meiri áhersla er nú aftur á móti lögð á leiðbeiningar á vef Menntasmiðju, <http://menntasmiðja.hi.is>.

Samstarf Menntasmiðju og Kennslumiðstöðvar háskólans um námsumsjónarkerfið Moodle var aukið til muna og var farið að bjóða upp á námskeið um það í samvinnu við Kennslumiðstöðina. Nýtt tölvuver, sem rekið er af Reiknistofnun, var sett upp á árinu í Hamri og nýjar tölvur settar upp í tölvuveri í Skipholti.

## Ráð og nefndir

Á Menntavísindasviði starfa fjögur starfsráð: doktorsráð, kennsluráð, rannsóknaráð og vettvangsráð, auk jafnréttisnefndar.

### Doktorsráð

Doktorsráð hefur það meginhlutverk að þróa doktorsnámið og tryggja að það standist alþjóðlegar kröfur. Það starfar með deildum Menntavísindasviðs og hefur umsjón með náminu, námskeiðahaldi og þeirri stjórnábyrgð sem námið krefst. Auk þess hefur ráðið samstarf við Miðstöð framhaldsnáms um doktorsnámið.

Doktorsráð skipuðu: Ólöf Garðarsdóttir prófessor, formaður, Gretar L. Marinósson prófessor, varaformaður, Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent, Gunnhildur Óskarsdóttir dósent fyrri hluta árs en Ingólfur Ásgeir Jóhannesson tók við af henni á haustmisseri, og Guðrún Kristinsdóttir prófessor fyrri hluta árs en Guðný Guðbjörnsdóttir prófessor tók við af henni á haustmisseri. Anna Guðrún Edvardsdóttir var fulltrúi doktorsnema. Verkefnisstjóri var Sólrún B. Kristinsdóttir en Kolbrún Pálsdóttir leysti hana af á vormisseri. Varamenn voru Gunnar E. Finnbogason prófessor, Guðrún V. Stefánsdóttir dósent, Amalía Björnsdóttir dósent og Susan Gollifer fulltrúi doktorsnema.

Meginviðfangsefni doktorsráðs á árinu, auk þess að annast inntöku nema í doktorsnám, var að vinna að því að endurskoða handbók um námið, að efla alþjóðlegt samstarf um það og skipuleggja

námskeið fyrir doktorsnema. Þá var unnið að því að efla samstarf við deildir og móta verklagsreglur um hvernig skrá má doktorsnema í deildir en doktorsnám á Menntavísindasviði er skipulagt þvert á deildir sviðsins.

### **Rannsóknaráð**

Hlutverk rannsóknaráðs er að efla rannsóknir við sviðið. Fram á mitt ár 2013 skipuðu eftirfarandi rannsóknaráð Menntavísindasviðs: Steinunn Gestsdóttir dósent, formaður, Helgi Skúli Kjartansson prófessor, Helga Rut Guðmundsdóttir lektor, Jóhanna T. Einarsdóttir lektor og Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor. Edda Óskarsdóttir var fulltrúi framhaldsnema. Ekki voru skipaðir varamenn. Ráðið starfaði með þessum hætti til 30. júní 2013. Nýtt rannsóknaráð var svo skipað í júlí til tveggja ára. Í því sitja: Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor, formaður, Allyson Macdonald prófessor, Hafdís Guðjónsdóttir prófessor og Elsa Eiríksdóttir lektor. Edda Óskarsdóttir var fulltrúi framhaldsnema. Kristín Erla Harðardóttir, forstöðumaður Menntavísindastofnunar, starfaði með báðum stjórnunum á árinu.

Frá árinu 2010 starfaði rannsóknaráð Menntavísindasviðs sem stjórn Menntavísindastofnunar en í byrjun ársins 2013 var gerð breyting reglugerð þar sem ábyrgð á stjórn Menntavísindastofnunar var færð til stjórnar sviðsins. Þetta var gert til að ljóst væri að Menntavísindastofnun er óaðskiljanlegur hluti af Menntavísindasviði, sem ber bæði faglega og fjárhagslega ábyrgð á starfi hennar.

Þrátt fyrir að rannsóknaráð starfi ekki lengur sem stjórn Menntavísindastofnunar er reynt að tryggja að samstarf milli þessa aðila og að rannsóknaráð taki áfram virkan þátt í stjórn stofnunarinnar.

Rannsóknaráð og forstöðumaður Menntavísindastofnunar störfuðu í sameiningu að ýmsum málum sem snerta rannsóknir við sviðið. Einnig störfuðu rannsóknaráð og Menntavísindastofnun með stjórn sviðsins og doktorsráði. Formaður rannsóknaráðs er fulltrúi Menntavísindasviðs í vísindanefnd Háskóla Íslands og tók ráðið helstu viðfangsefni hennar til umfjöllunar.

### **Vettvangsráð**

Vettvangsráð Menntavísindasviðs hóf störf í mars 2009. Því er ætlað að efla samstarf við þann vettvang sem Menntavísindasvið þjónar, m.a. að hafa yfirsýn yfir þau verkefni sem tengjast samstarfi við vettvang, beita sér fyrir kynningu á þeim, innan og utan sviðsins, og setja fram hugmyndir um hvernig má sinna þeim betur. Ráðinu er einnig gert að setja fram hugmyndir að stefnu Menntavísindasviðs í einstökum málaflokkum, m.a. um vettvangsnám, starfsþróun, þróunarstarf, rannsóknir á vettvangi og samráð við hagsmunaaðila.

Nýtt vettvangsráð var skipað í september 2013 til tveggja ára. Formaður ráðsins er Guðný Helga Gunnarsdóttir lektor og aðrir í ráðinu eru Anna Lind Pétursdóttir dósent, Bryndís Garðarsdóttir lektor, Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson, fulltrúi nemenda, Edda Kjartansdóttir, forstöðumaður starfsþróunar Menntavísindastofnunar, Jóna Ingólfssdóttir aðjunkt og Karen Rut Gísladóttir lektor. Varamenn eru Börkur Hansen prófessor, Jakob F. Þorsteinsson aðjunkt og Gunnar Börkur Jónasson aðjunkt. Í fráfarandi vettvangsráði (fram til september) voru Guðný Helga Gunnarsdóttir lektor (formaður), Guðmundur B. Kristmundsson dósent, Sigríður Pétursdóttir, deildarstjóri Kennaradeildar, og Bryndís Garðarsdóttir lektor.

Á árinu var unnið að ýmsum verkefnum sem lúta að samstarfi sviðsins við vettvang. Ráðið tók þátt í að gera og kynna samstarfssamning Menntavísindasviðs við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. Það beitti sér fyrir að ráðnir væru til starfa við sviðið gestakennarar sem starfa á vettvangi og efndi til funda þar sem fjallað var um hvernig háskólakennarar geta unnið með fólki af vettvangi að rannsóknum og þróunarstörfum. Undirbúin var könnun á meðal starfsmanna á tengslum þeirra við vettvang og rætt var um hvernig gera mætti slík störf sýnilegri á vef háskólans. Einnig var rætt um

fyrirkomulag starfsþróunar þeirra stétta sem sviðið menntar og hafinn var undirbúningur að því að kanna þörf annarra stétta en kennara á starfsþróun.

### **Kennsluráð**

Kennsluráði Menntavísindasviðs er ætlað að móta stefnu í kennslumálum fyrir sviðið og stuðla að gæðum kennslu í samvinnu við kennara og annað starfsfólk. Ráðið er ráðgefandi um stefnu, nýbreytni, stuðning, eftirlit og almennt skipulag kennslu og kennslumála á Menntavísindasviði. Ráðið hélt alls tíu fundi á árinu.

Starfstíma kennsluráðs, sem skipað var 2011, lauk á miðju ári og þar var nýtt ráð skipað og það tók til starfa að hausti. Í kennsluráði voru í árslok: Ingvar Sigurgeirsson prófessor, formaður, Kristín Jónsdóttir lektor, Steinunn Helga Lárusdóttir dósent, Kolbrún Þ. Pálsdóttir lektor, Þuríður Jóhannsdóttir dósent, Guðrún Eysteinsdóttir, úr stjórnslunni, og Ása Kristín Einarsdóttir, fulltrúi nemenda.

Á fyrri hluta ársins var einkum unnið að því að móta reglur um kennslufyrirkomulag á sviðinu en ekki náðist samkomulag um þær. Fráfarandi kennsluráð lauk starfi sínu með því að samþykkja ályktun þar sem lögð var áhersla á að ráðinn yrði kennslustjóri að sviðinu og ráðist í að endurskoða stefnu í námi og kennslu. Þá var lagt til að hlutverk og starfsreglur kennsluráðs yrðu yfirfarnar og endurskoðaðar og skipan í kennsluráð endurskoðuð í samræmi við reglur háskólans og þess gætt að skipunin næði til allra deilda og brauta sviðsins. Einnig ályktaði ráðið um að kennsluráð yrði gert sýnilegra en það er nú í skipuriti sviðsins.

Nýtt kennsluráð ákvað að setja endurskoðun kennslustefnu á oddinn og til að undirbúa það voru haldnir rýnihópafundir með kennurum þar sem rætt var um kennsluna á sviðinu, hvað vel væri gert og hvað mætti betur mætti fara. Þá voru allar kennsluáætlanir á haustmisseri innkallaðar til greiningar, m.a. til að kennsluráðsmenn fengju yfirsýn yfir skipulag námskeiða á sviðinu. Sú yfirsýn verður lögð til grundvallar við að endurskoða reglur um kennslufyrirkomulag.

Stærsta mál kennsluráðs á síðari hluta ársins var að vinna að því tryggja aðgang að heppilegu vefráðstefnukerfi og var þar einkum horft til Adobe Connect (sjá um það á þessari slóð: <https://menntasmidja.hi.is/adobe-connect/>).

Loks efndi ráðið til reglulegra hádegisspjallfunda þar sem kennarar á sviðinu eða gestir deildu reynslu sinni um fjölbreytt efni.

### **Jafnréttisnefnd Menntavísindasviðs**

Í lok ársins 2012 var ný jafnréttisnefnd Menntavísindasviðs sett á laggirnar og var henni fengið það hlutverk að semja nýja jafnréttisáætlun fyrir sviðið.

Í nefndina voru, í kjölfar tilnefninga, skipuð: Samuel Currey Lefever, lektor í Kennaradeild, formaður, Hildur Blöndal Sveinsdóttir, aðjunkt í Uppeldis- og menntunarfræðideild, Gunnar J. Gunnarsson, lektor í Kennaradeild, Sigríður Erla Jónsdóttir, verkefnastjóri við Kennaradeild, Jakob Frímann Þorsteinsson, aðjunkt í Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild, og fyrir hönd nemenda sat Hildur Dís Jónsdóttir Scheving, grunnemi í uppeldis- og menntunarfræði.

Nefndin hélt reglulega fundi allt skólaárið 2012–2013 og sinnti yfirlýstu hlutverki sínu með góðum árangri.

## Doktorsnám

Doktorsnám á Menntavísindasviði hefur sérstöðu meðal fræðasviða háskólans að því leyti að námið er skipulagt þvert á deildir sviðsins. Námið er í örri þróun og koma margir að uppbyggingu þess undir forystu doktorsráðs sviðsins.

Hægt er að ljúka doktorsnámi á sviðinu með tvennum hætti:

- með Ph.D.-námi í menntunarfræði, 180–240 e
- með Ed.D.-námi í menntunarfræði, 180 e

Á vegum doktorsráðs vour skipulagðar innlendar og alþjóðlegar málstofur. Málstofur voru haldnar reglulega í samvinnu við rannsóknastofur og fræðimenn á Menntavísindasviði þar sem doktorsnemar ásamt leiðbeinendum kynntu verkefni sín og rannsóknir. Doktorsnemar skipulögðu enn fremur vorráðstefnu. Fjórir doktorsnemar fóru í áfangamat á árinu. Þeir kynntu rannsóknaverkefni sín á opnum kynningum áður en þau voru metin á lokuðum fundum með matsnefnd.

Vefsíða doktorsnámsins er <http://vefsetur.hi.is/mvsdoktorsnam>.

## Húsnæðismál

Mestur hluti starfsemi Menntavísindasviðs og öll kennsla utan grunnnáms í íþrótt- og heilsufræði fer fram í höfuðstöðvum sviðsins við Stakkahlíð og í list- og verkgreinahúsi Skipholti 37. Kennsla í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði fer fram í húsnæði skólans á Laugarvatni þar sem öll aðstaða til íþróttaiðkunar er fyrir hendi. Skrifstofur kennara í Reykjavík eru í Stakkahlíð, Skipholti 37, Bolholti 6 og 8 og í Odda.

Búið er að samþykkja deiliskipulag á reit A-1 vestan Suðurgötu fyrir byggingu yfir Menntavísindasvið. Unnið er að gerð skýrslu um mikilvægi þess að byggja yfir Menntavísindasvið á þeirri lóð.

## Markaðs- og kynningarmál

Menntavísindasvið tók þátt í háskóladeginum sem haldinn var 9. mars. Þar kynntu öll fræðasvið háskólans grunnnám í Aðalbyggingu, Háskólatorgi, Gimli og í Öskju. Kennarar og nemendur Menntavísindasviðs kynntu námsleiðir við sviðið, auk þess sem fjölmargir viðburðir og uppákomur voru í boði fyrir fólk á öllum aldri. Í tengslum við háskóladaginn kom tímarit háskólans út eins og undanfarin ár en þar var m.a. að finna greinar um rannsóknir vísindamanna við Menntavísindasvið. Í mars var grunnnám kynnt á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði og á Selfossi. Kynningarstjóri fór enn fremur, ásamt nemendum sviðsins, í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu eða tók á móti framhaldsskólanemum í húsakynnum Menntavísindasviðs og kynnti námið.

Framhaldsnám var kynnt 19. mars í húsakynnum sviðsins við Stakkahlíð. Nemendur og kennarar hinna þriggja deilda sviðsins tóku á mótí gestum og kynntu þær fjölmörgu námsleiðir sem í boði eru.

Á árinu var kennurum áfram boðið upp á opnar vinnustofur til að búa sér til heimasíður. Allmargir nýttu sér þjónustuna og komu sér upp heimasíðu með forritinu WordPress. Vefráð sviðsins fundaði reglulega á árinu en það er hugsað sem samstarfsvettvangur þeirra sem sinna vefmálum við sviðið. Stofnaðir voru nýir vefir rannsóknastofa og vefir einstakra rannsókna og ráðstefna.

Kynningarnefnd vann á að kynningu á leik- og grunnskólakennaranámi í því augnamiði að fjölga umsóknum í það. Lögð var áhersla á að gefa út kynningarefni um nýtt kennaranám og fjölbreytta möguleika fyrir verðandi kennara og einnig um nám fyrir starfandi kennara. Formaður nefndarinnar var Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjunkt við sviðið.

## Útgáfa

### Uppeldi og menntun

Á árinu komu út tvö hefti 22. árgangs tímaritsins Uppeldis og menntunar. Kennaraháskóli Íslands gaf ritið fyrst út árið 1992 en nú er það gefið út af Menntavísindasviði Háskóla Íslands í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Tímaritið er fyrst og fremst vettvangur fræðilegrar umfjöllunar um efni tengt uppeldi, skólastarfi og málefnum fatlaðs fólks. Einnig fara þar fram skoðanaskipti og umræða um álítaefni er varða starfshætti og stefnumótun mennta- og uppeldisstofnana og þjónustu við fatlað fólk. Sem dæmi má nefa var í viðhorfagreinum tímaritsins fjallað um þemahefti sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út til þess að fylgja eftir svonefndum grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Ritstjórar Uppeldis og menntunar eru Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor og Guðrún V. Stefánsdóttir dósent. Auk þeirra voru í ráðgefandi ritnefnd árið 2013 þau Amalía Björnsdóttir, dósent við Háskóla Íslands, Freyja Birgisdóttir, dósent við Háskóla Íslands, Guðmundur Heiðar Frímansson, prófessor við Háskólann á Akureyri, og Ólafur Páll Jónsson, dósent við Háskóla Íslands. Ritstjórar og ráðgefandi ritnefnd tímaritsins vinna stöðugt að því að endurbæta og efla tímaritið og sótt hefur verið um að tímaritið verði tekið inn í ISI-gagnagrunninn.

### Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun

Menntavísindasvið gefur út veftímaritið Netlu – Veftímarit um uppeldi og menntun en útgáfa þess hófst árið 2002 í Kennaraháskóla Íslands. Í Netlu birtast ritrýndar fræðigreinar, greinar af almennari toga, erindi, frásagnir af þróunarstarfi, umræðugreinar, hugleiðingar, pistlar, viðtöl, ritfregnir og dómar. Kostir vefsins sem miðils eru nýttir eftir föngum og geta höfundar meðal annars vísað í aðra vefi, birt hljóðdæmi og sýnt myndskreið. Auk greina á íslensku birtast í ritinu greinar á ensku.

Á árinu birtust í veftímaritinu 24 greinar um fjölbreytt efni, þar af 19 ritrýndar. Að auki voru í árslok birtar 13 ritrýndar greinar í tveimur sérritum Netlu: Fagið og fræðin (6 greinar) og Rannsóknir og skólastarf (7). Alls birtust því á vef Netlu 37 greinar, þar af 32 í flokki ritrýndra greina.

Kennarasamband Íslands og Þroskaþjálfafélag Íslands leggja útgáfunni lið með því að tilnefna fulltrúa í ritnefnd. Ritstjórar árið 2013 voru Svanborg R. Jónsdóttir og Torfi Hjartarson, lektorar við Menntavísindasvið, sem voru ritstjórar íslenskra greina, og Robert Berman dósent, sem var ritstjóri enskra greina. Aðrir fulltrúar Menntavísindasviðs voru Bryndís Garðarsdóttir lektor, Ólöf Garðarsdóttir prófessor og Guðrún Geirsdóttir dósent. Fulltrúi Þroskaþjálfafélags Íslands var Vibeke Þorbjörnsdóttir verkefnisstjóri og Kristín Elfa Guðnadóttir, ritstjóri Skólavörðunnar, var fulltrúi Kennarasambands Íslands. Netla er öllum opin og áskrift er ókeypis. Hægt er að skrá sig á póstlista og fá þannig upplýsingar um nýjar birtingar. Áskrifendur að póstlistanum eru rúmlega 1.600 talsins.

## Helstu þættir í starfsemi sviðsins á árinu

### Háskóladagurinn

Háskóli Íslands bauð landsmönnum í heimsókn þann 9. mars þar sem boðið var upp á ótal viðburði, kynningar og ýmsar uppákomur. Nemendur og kennarar Menntavísindasviðs tóku á móti gestum á Háskólatorgi og kynntu námsframboð við sviðið.

## Kynning á framhaldsnámi á Menntavísindasviði

Kennarar og nemendur á Menntavísindasviði kynntu meistara- og doktorsnám þann 19. mars. Fjölmargir lögðu leið sína í Stakkahlíðina til að kynna sér fjölbreytt framhaldsnám.

## Verkefnavaka

Þann 21. mars hélt Menntavísindasvið í fyrsta sinn verkefnavöku, samverustund fyrir nemendur með fjölbreyttri dagskrá, stuðningi og ráðgjöf fyrir alla þá sem voru með verkefni í smíðum eða í undirbúningi. Kjörorð kvöldsins var „Vinnum í náminu eina kvöldstund í góðum félagsskap – rjúfum einsemd höfundarins, gegn síðbúnum verkefnum, frestunapest og ritkvíða.“ Á vökunni var enn fremur efnt til ljóða- og örsagnasamkeppni. Markmiðið með henni var að gefa stúdentum færi á að vinna að verkefnum sínum utan hefðbundins vinnutíma, vekja athygli á að stúdentar kvíða gjarnan skriftum en að þeir geta hins vegar fengið aðstoð við ritun og forðast að fresta verkefnum úr hófi fram.

## Jóhanna Einarsdóttir skipuð forseti Menntavísindasviðs

Jóhanna Einarsdóttir, prófessor í menntunarfræði við Háskóla Íslands og forstöðumaður Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna, var ráðin forseti Menntavísindasviðs á árinu til fimm ára. Jóhanna tók við starfinu af Jóni Torfa Jónassyni, prófessor í uppeldis- og menntunarfræði, 1. júlí.

## Háma opnuð í Stakkahlíð

Um miðjan ágúst var veitingasala á vegum Hámu opnuð í Stakkahlíð.

## Sýning á skapandi lokaverkefnum í Kennaradeild

Nemendum í Kennaradeild var í fyrsta sinn á Menntavísindasviði gefinn kostur á að vinna skapandi hópverkefni sem lokaverkefni. Sýning á þeim var haldin 19. apríl þar sem þemað var þverfaglegt námsefni með áherslu á læsi í víðum skilningi. Á sýningunni mátti meðal annars sjá skuggaleikhús, stop-motion-myndband, stuttmynd og stafakistu.

## 80 ára afmæli íþróttakennaramenntunar

Afmælishátíð í tilefni 80 ára afmælis íþróttakennaramenntunar á Íslandi var haldin 26. maí að Laugarvatni.

## Þing Menntavísindasviðs

Sviðsþing Menntavísindasviðs var haldið 23. ágúst í Stakkahlíð. Unnið var í hópum sem rýndu í stefnu Háskóla Íslands um nám og kennslu, mannauð, rannsóknir og ábyrgð gagnvart samfélaginu og umheiminum.

## Kynningarfyrrlestur nýskipaðs prófessors

Þann 29. nóvember hélt Hanna Ragnarsdóttir, nýskipaður prófessor í fjölmenningsfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, kynningarfyrrlestur um þróun skólstarfs í fjölmennings-samfélagi.



## Ráðstefnur, málstofur og fyrirlestrar

Á árinu var haldinn fjöldi ráðstefna, málþinga og fyrirlestra. Hér verða taldar upp helstu ráðstefnur, málþing og fyrirlestrar.

- 11. janúar. Málstofa um lokaverkefna sem fjölluðu um íþróttir. BS-nemar fjölluðu um lokaverkefni sín með stuttum kynningum og veggspjöldum.
- 1. febrúar Snú snú – Stefnumót frístundamiðastöðva og Háskóla Íslands
- 18. febrúar. Afreksíþróttir barna og unglinga – Hvað ræður efnuiviður eða líkamlegur þroski? Sameiginlegur hádegisverðarfundur Íþróttasambands Íslands og náms í íþrótt- og heilsufræði við Menntavísindasvið.

### Málstofur um framhaldsskólarannsóknir voru haldnar í febrúar. Að þessu sinni voru þær fjórar:

- 6. febrúar. Guðrún Ragnarsdóttir, framhaldsskólakennari og doktorsnemi í rannsóknarstöðu á Menntavísindasviði við Háskóla Íslands: Rannsóknir og umbótastarf á framhaldsskólastigi í upphafi 21. aldarinnar.
- 13. febrúar. Árný Helga Reynisdóttir, framhaldsskólakennari og meistaraniemi í Kennaradeild Háskóla Íslands: Er komið að þáttaskilum í framhaldsskólum?
- 20. febrúar. Gestur Guðmundsson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands: Staða starfsmenntunar og horfur á næstu árum.
- 27. febrúar 2013: Magnús Þorkelsson, aðstoðarskólameistari við Flensborgarskóla og doktorsnemi á Menntavísindasviði Háskóla Íslands: Enn ein skýrslan – sömu tillögurnar?

### 5. norræna ráðstefnan um fullorðinfræðslu

Tveggja daga ráðstefna, „5th Nordic conference on adult education“, var haldin í Reykjavík 5. -6. mars. Umfjöllunarefni var m.a.: Hvert er samband fræða og fræðsluaðila á Norðurlöndunum? Hafa kenningar og rannsóknir eitthvað að segja um starfsemina eða hefur starfsemin eitthvað með háskólana að gera?

### Ráðstefna norræna samtaka um menntarannsóknir (NERA)

Árleg ráðstefna norræna samtaka um menntarannsóknir (NERA) var haldin á Menntavísindasviði dagana 7.–9. mars. Þetta var í 41. sinn sem ráðstefnan var haldin og þema hennar að þessu var: Hvernig er hægt að móta menntastefnu við aðstæður alþjóðlegrar efnahagskreppu þannig að menntun mæti áskorunum næstu áratuga? (Disruption and Eruption as Opportunities for Transforming Education).

Um 700 fræðimenn, flestir frá Norðurlöndum, tókust á við þessa spurningu og aðrar skyldar spurningar og fjölbreytileg viðfangsefni í menntarannsóknunum. Aðalfyrirlesarar voru prófessorarnir Anna Stetsenko frá New York, Kristiina Kumpulainen frá Helsinki, Diane Reay frá Cambridge og Kristján Kristjánsson frá Birmingham. Auk þess voru haldnar rúmlega 20 málstofur um ýmis mál og smærri erindi voru flutt í 25 hópum. Alls fluttu um 600 þátttakendur erindi.

### Menntakvika – árleg ráðstefna Menntavísindasviðs

Menntakvika, árleg ráðstefna Menntavísindasviðs, fór fram 27. september. Menntavísindastofnun hefur faglega umsjón með ráðstefnunni. Megintilgangur hennar er að skapa mennta- og uppeldisstéttum vettvang til að kynnast nýbreytni í rannsókn- og þróunarstarfi sem unnið er í skólum landsins og innan háskólaumhverfisins. Ráðstefnan var með örlítið breyttu sniði þetta árið, þar sem hún var sett með pallborðsumræðum þar sem nokkrir einstaklingar af vettvangi og af Menntavísindasviði voru fengnir til að svara spurningunni Skipta rannsóknir máli? Markmiðið með

Þessari breyttu tilhögun var að hefja ráðstefnuna á formlegu samtali milli rannsakenda og þeirra sem starfa á vettvangi.

Rétt tæplega 180 erindi voru flutt og fjölluðu þau um fjölbreytt málefni, s.s. velferð ungmenna, birtingarmyndir kynjajafnréttis, sjálfstjórnun, þróun kennsluhátta í háskólum, tengsl starfssamfélaga og rannsóknarsamfélags, um grunnþætti menntunar, um heilsu og hreyfingu ungs fólks og lýðræði í leikskólastarfi.

### **Ráðstefnan Íslenskar æskulýðsrannsóknir 2013**

Þann 29. nóvember var ráðstefnan Íslenskar æskulýðsrannsóknir 2013 haldin. Að ráðstefnunni stóðu námsbraut í tómtunda- og félagsmálafræði á Menntavísindasviði, Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum, Æskulýðsráð ríkisins, Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri, ráðgjafanefnd um æskulýðsrannsóknir og Félag fagfólks í frítímaþjónustu.

### **Íslenskt skólakerfi í alþjóðlegu samhengi: Niðurstöður PISA 2012**

Þann 10. desember var haldin málstofa á vegum Rannsóknastofu um þróun skólastarfs og Námsmatsstofnunar um íslenskt skólakerfi í alþjóðlegu samhengi með sérstöku tilliti til PISA-könnunarinnar 2012.

### **Viðurkenningar til nemenda**

Sigrún Ólafsdóttir, nemandi í leikskólakennarafræði, hlaut viðurkenningu úr Ásgeirssjóði, fyrir verkefnið Ef þú værir hornsíli.... Verkefnið samanstendur af fræðslubók fyrir börn þar sem viðfangsefnið er hornsíli og vefsíðu með hugmyndum að fjölbreyttum verkefnum og umræðuefni í tengslum við bókina. Vefurinn er ætlaður til áframhaldandi verkefna af þessu tagi.

### **Viðurkenningar til starfsmanna**

Baldur Sigurðsson var einn þriggja starfsmanna Háskóla Íslands sem hlaut viðurkenningu rektors fyrir lofsverðan árangur í starfi árið 2013 á opnum starfsmannafundi hinn 19. nóvember. Baldur hlaut viðurkenninguna fyrir lofsvert framlag til kennslu við skólann.

### **Doktorsvarnir**

Fjórar doktorsvarnir fóru fram frá Menntavísindasviði á árinu.

- 18. janúar varði Lilja M. Jónsdóttir við Kennaradeild doktorsritgerð sína, Að eiga sér leiðarstjórn. Rannsókn á reynslu grunnskólakennara fyrstu fimm árin í kennslu. Um er að ræða langtímarannsókn á hvaða merkingu grunnskólakennarar leggja í reynslu sína fyrstu fimm árin í kennslu. Eitt meginmarkmiðið var að skapa þekkingu sem varpaði ljósi á hvernig þeir náðu tökum á starfi sínu og hvernig þeir þróuðust sem byrjendur; hvað hindraði og hvað styddi þá. Annað markmið var að athuga hvers konar leiðsögn nýliðar í kennslu þurfa á að halda. Andmælendur voru Pam Denicolo, prófessor emeritus við háskólann í Reading á Englandi, og Eila Estola, prófessor við háskólann í Oulu í Finnlandi. Í doktorsnefndinni voru Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, Mary Beattie, prófessor emeritus við háskólann í Toronto/OISE í Kanada, og Robyn Ewing, prófessor við háskólann í Sydney í Ástralíu. Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs, stýrði athöfninni sem fór fram í Skriðu.
- 28. júní varði Atli V. Harðarson við Uppeldis- og menntunarfræðideild doktorsritgerð sína, Að hve miklu leyti og í hvaða skilningi geta námsmarkmið verið grundvöllur skipulegrar menntunar sem skólar veita? Verkið samanstendur af ritgerð og sex tímaritsgreinum. Meginrökfærslan er í ritgerðinni en greinarnar styðja við hluta af henni. Í fyrstu köflum ritgerðarinnar gerir Atli grein

fyrir hugmyndum um markmiðsdrifna menntun og sýnir fram á að þær hafi verið ríkjandi um meira en hálfur aldar skeið. Í því sem á eftir fer gagnrýnir hann þessar hugmyndir og ýmislegt sem er haft fyrir satt um markmið sem undirstöðuatriði í námskrám skóla. Andmælendur voru Guðmundur Hreiðar Frímansson, prófessor við Háskólann á Akureyri, og Jan van den Akker, prófessor við University of Twente í Hollandi. Doktorsnefndina skipuðu Kristján Kristjánsson, prófessor við Menntavísindasvið, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Háskóla Íslands, og David Carr, prófessor við Háskólann í Birmingham á Englandi. Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs, stýrði athöfninni sem fór fram í Skriðu. Athöfnin fór fram á ensku.

- júlí varði Meyvant Þórólfsson við Uppeldis- og menntunarfræðideild doktorsritgerð sína, Þróun og umsköpun námskrár í náttúruvísindum á Íslandi. Rannsóknarviðfangsefnið var þróun og umbreyting námskrár í náttúruvísindum. Hugmyndin um stöðugar umbreytingar (transformation) gefur til kynna að námskráin í náttúruvísindum taki látlausum eðlisbreytingum hvað varðar inntak og form; stöðugleiki virðist lítt sjáanlegur þegar þetta svið á í hlut. Andmælendur voru Jan van den Akker, prófessor við Twente-háskóla í Hollandi, og Jari Lavonen, prófessor við Helsinki-háskóla í Finnlandi. Doktorsnefndina skipuðu Gunnar Finnbogason, prófessor við Menntavísindasvið, Allyson Macdonald, prófessor við Háskóla Íslands, og Rúnar Sigbórsson, prófessor við Háskólann á Akureyri. Jóhanna Einarsdóttir, forseti Menntavísindasviðs, stýrði athöfninni sem fór fram í Skriðu.
- 23. október varði Jón Árni Stefánsson við Kennaradeild doktorsritgerð sína, Skólabókarsagan. Um sögukennslu í íslenskum framhaldskólum 1946-1996. Rannsóknarviðfangsefnið var þróun sögukennslu í íslenskum skólum frá heimastjórnartímanum og sú söguskoðun sem þá mótaðist sem horfði ekki aðeins til fortíðar heldur vísaði líka til framtíðar og útópía hennar varð að veruleika með stofnun Lýðveldis 1944. Upp úr 1970 tók skólakerfið stakkaskiptum og ný viðhorf komu fram á sviði kennslufræða og mikil fjölgun ungs fólks knúði á um víðtæka nýsköpun framhaldsskólakerfisins. Þá sprengdi íslensk sagnfræði af sér fjötra hefðarinnar og félags saga tók að setja svip sinn á námsefni. Þessum umskiptum var ekki tekið fagnandi alls staðar. Róttækni tíðarandans varð heldur ekki til að draga úr ótta þeirra sem töldu hina nýju sögutúlkun boða illt og brátt upphófust alls kyns ásakanir á hendur kennurum og námsefnishöfundum um pólitíska áróðursstarfsemi. Andmælendur voru Guðmundur Hálfðánarson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands, og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor Menntavísindasvið. Doktorsnefnd skipuðu Loftur Guttormsson, prófessor emeritus á Menntavísindasviði, Gunnar Karlsson, prófessor emeritus á Hugvísindasviði, og Gestur Guðmundsson, prófessor á Menntavísindasviði. Jóhanna Einarsdóttir, forseti Menntavísindasviðs, stýrði athöfninni sem fór fram í Hátíðasal Háskóla Íslands.

## Alþjóðasamskipti

### Erlendir stúdentar og skiptistúdentar

Á árinu 2013 stunduðu samtals 104 nemendur með erlent ríkisfang nám á Menntavísindasviði. Þar af voru 42 skiptistúdentar í eitt eða tvö misseri en 62, eða 60%, almennir nemar við sviðið.

Skiptinemarnir voru frá 11 Evrópulöndum og Japan. Aðrir erlendir nemar voru frá 22 löndum í fimm heimsálfum og innrituðust í nám á bakkalár-, meistara- og doktorsstigi í öllum þremur deildum sviðsins.

Á árinu brautskráðust samanlagt 10 nemendur með erlent ríkisfang af sviðinu með eina grundiplómu og tvær viðbótardiplómu, tvö bakkalárpróf og fimm meistaraþróf.

### Íslenskir skiptistúdentar

Af Menntavísindasviði stunduðu 13 íslenskir nemendur hefðbundið skiptinám erlendis á árinu. Þar af voru þrír úr Íþróttá-, tólmstunda- og þroskaþjálfadeild, þrír úr Uppeldis- og menntunarfræðideild og níu úr Kennaradeild. Einn doktorsnemi og tveir meistaraneamar úr Kennaradeild fóru utan en aðrir

skiptinemar voru í grunnnámi. Einnig stunduðu nemendur nám í stökum námskeiðum á vegum Nordplus-neta.

### **Starfsmannaskipti**

Nokkrir kennarar og aðrir starfsmenn sviðsins fóru í kennara- og starfsmannaskipti til erlendra samstarfsskóla Menntavísindasviðs. Starfsmenn nýttu sér aðallega Erasmus- og Nordplus-áætlanirnar í þessu sambandi.

### **Erlendir gestir**

Afmælissjóður Háskóla Íslands gerði sviðinu kleift að fá til sín erlenda fræðimenn (gistiprófessorara) til að styrkja starfsemi sviðsins. Hugmyndin er að fá 12 gistiprófessorara til að koma einu sinni á ári í þrjú ár.

Á árinu 2013 komu tveir þessara fræðimanna í sína fyrstu heimsókn:

- Susan Walker, dósent við háskólann í Minnesota, kom í mars og hélt fyrirlestur sem bar heitið Preparing Educators Online: Instructional Design and Delivery Elements in a Completely Online Degree Program. Auk þess vann hún með starfsfólki og nemendum sviðsins í eina viku að örðum verkefnum.
- Patricia Thomson, prófessor við háskólann í Nottingham í Englandi, kom sem gistiprófessor í doktorsnámi. Patricia hefur fjölþætta reynslu af rannsóknum á sviði menntavísinda og á aðild að fjölmörgum rannsóknaverkefnum. Hún tók þátt í kennslu um ritun fræðigreina við sviðið.

### **Nám á erlendum tungumálum**

Á kjörsviðinu Erlend mál í kennaranámi við Kennaradeild fara námskeið almennt fram á dönsku og ensku. Skiptinemar sækja einnig þessi námskeið, þar með taldir skiptinemar af öðrum fræðasviðum. Einnig var boðið upp á sérsniðið námskeið á ensku fyrir skiptinema, sem og vettvangsnám í skólum. Í Uppeldis- og menntunarfræðideild er boðið upp á alþjóðlegt nám í menntunarfræði til BA- og MA-prófs sem kennt er alfarið á ensku en nemendur eru teknir inn í það annað hvert ár. Árið 2013 voru kennd fimm námskeið í þessu námi, auk lokaverkefna, og voru alls 40 nemar á báðum stigum en 19 nýnemar hófu nám á bakkalárstigi haustið 2013.

### **Rannsóknir**

Á Menntavísindasviði eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á sviði menntunar, uppeldis og þjálfunar í þeim tilgangi að skapa nýja þekkingu íslensku samfélagi til hagsbóta. Markmiðið er að efla rannsóknir og leitast við að tryggja að skipulag og þróun íslenskra fræðslu- og menntamála sé byggð á bestu fánlegu þekkingu á hverjum tíma.

Menntavísindastofnun er rannsóknastofnun á Menntavísindasviði og eru starfræktar tuttugu og tvær rannsóknastofur undir hatti hennar.

Markmið rannsóknastofnanna er að auka og efla rannsóknir á sínu fræðasviði, m.a. með því að auka samvinnu rannsakenda, ekki síst þverfaglega og alþjóðlega, og miðla fenginni þekkingu út í samfélagið, t.d. með ráðstefnum og málþingum. Hér aftar er sérstaklega fjallað um Menntavísindastofnun og einstakar rannsóknastofur.

### **Styrkir til rannsókna**

Nokkrir kennarar á Menntavísindasviði hlutu allstóra styrki til verkefna sinna á árinu.

- Jóhanna Telma Einarsdóttir dósent hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Virkni stammeðferðar á eldri börn sem stama – Meðferð stjórnun af foreldrum með skilyrtri svörun – Klínísk rannsókn (II. stig).
- Steinunn Gestdóttir dósent og Freyja Birgisdóttir dósent fengu styrki úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Þróun sjálfstjórnunar við upphaf unglingsára og tengsl við æskilegan þroska og námsgengi.
- Ólafur Páll Jónsson dósent hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Gildi í sjálfbærismenntun.
- Anna-Lind Pétursdóttir dósent hlaut, ásamt Zuilmu Gabríelu Sigurðardóttur dósent, styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Er hægt að auka færni íslenskra nemenda í lestri og stærðfræði með stýrðri kennslu og hnitmiðaðri færniþjálfun?
- Hanna Ragnarsdóttir dósent hlaut framhaldsstyrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Námsumhverfi menntunar án aðgreiningar og félagslegs réttlætis – Sögur um velgengni nemenda af erlendum uppruna og skóla á Íslandi.
- Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor fékk framhaldsstyrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Hreyfing, þrek, holdafar og efnaskiptaheilsa íslenskra barna með þroskahömlun (HEALTH-ID).
- Allyson Macdonald prófessor fékk framhaldsstyrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Breyttar kröfur námskrár – Trú kennara á getu hópans.
- Elsa Eiríksdóttir lektor og Jón Torfi Jónasson prófessor hlutu styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til verkefnisins Nám í skóla og á vinnustað – Hver eru séreinkenni námsferils starfsnámsnemenda í framhaldsskóla?
- Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent hlaut styrk úr Íþróttasjóði til verkefnisins Heilsueflandi framhaldsskólar.
- Erlingur S. Jóhannsson prófessor hlaut styrk frá embætti landlæknis til verkefnisins Atgervi ungra Íslendinga.
- Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent hlaut styrk frá embætti landlæknis til verkefnisins Heilsueflandi framhaldsskólar.
- Tungumálatorgið hlaut styrki frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að byggja upp miðlun torgsins.

Erlendir styrkir fengust til nokkurra rannsóknaverkefna á árinu.

- Jóhanna Einarsdóttir fékk styrk úr áætluninni Marie Curie Action – International Research Staff Exchange Scheme (IRSES), FP7-People-2012-IRSES, til verkefnisins POET – Pedagogies of Educational Transitions. Verkefnið er samstarfsverkefni fræðimanna í Ástralíu, Nýja-Sjálandi, Skotlandi, Svíþjóð og á Íslandi.
- Styrkur fékkst til verkefnisins Justice Through Education (JUSTED) frá Centre of Excellence frá NordForsk í gegnum rannsóknaprógamið Education for Tomorrow. Verkefnið er samstarfsverkefni milli fræðimanna alls staðar að af Norðurlöndunum. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor stýrir íslenska hluta verkefnisins.
- Styrkur fékkst til verkefnisins Learning Spaces for Inclusion and Social Justice – Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Four Nordic Countries úr NordForsk-rannsóknáætluninni Education for Tomorrow. Hanna Ragnarsdóttir dósent stýrir verkefninu en um er að ræða samstarfsverkefni milli fræðimanna í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, auk Íslands.
- Framhaldsstyrkur fékkst til verkefnisins Values Education in Nordic Preschools – Basis of Education for Tomorrow, sem er samstarfsverkefni milli fræðimanna í Noregi, Finnlandi, Svíþjóð, Danmörku og á Íslandi, úr NordForsk-rannsóknáætluninni Education for Tomorrow. Jóhanna Einarsdóttir prófessor er hluti af rannsóknahópnum.
- Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent fékk framhaldsstyrk ásamt Ingu Þórsdóttur prófessor úr NordForsk-rannsóknáætluninni Education for tomorrow til verkefnisins ProMeal – Prospects for Promoting Health and Performance by School Meals in Nordic Countries.

- Hanna Ragnarsdóttir dósent fékk framhaldsstyrk úr tenglanetsáætlun NordForsk til verkefnisins Diverse Teachers for Diverse Learners. Auk hennar eru Hafdís Guðjónsdóttir, Róbert Berman og Samúel Lefever í verkefnahópnum og þau starfa með rannsakendum frá Noregi, Finnlandi, Bretlandi og Kanada að verkefninu.
- Jóhanna Einarsdóttir lektor fékk framhaldsstyrk úr tenglanetsáætlun NordForsk til verkefnisins Stuttering Research and Educational Network (STUREN). Í verkefninu eru einnig þátttakendur frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Belgíu og Bandaríkjunum.
- Sólveig Jakobsdóttir dósent var meðumsækjandi í NordForsk-tengslanetinu Nordic Research Network on Learning Across Contexts (NordLac). Í verkefninu, sem hlaut framhaldsstyrk, eru rannsakendur frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku og Eistlandi, auk Íslands.
- Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent hlaut framhaldsstyrk úr Leónardó-áætluninni til verkefnisins eQUITY – Creating Equality in Health Through Capacity Building in Europe Between Health Care Workers. Samstarfsaðilar hennar eru frá Danmörku, Noregi, Belgíu og Portúgal.
- Michael Dal lektor fékk Comeniusar-styrk til verkefnisins Læsi og lestur í dönskunámi.
- Michael Dal lektor hlaut styrki frá danska menntamálaráðuneytinu til verkefnisins Danskir farkennarar.
- Michael Dal lektor hlaut styrk úr Nordplus-áætluninni til verkefnisins Creativity Innovation and Entrepreneurship in Nordic Schools (CIE).
- Kristín Harðardóttir forstöðumaður hlaut framhaldsstyrk úr áætluninni Programme of the Austrian Federal Ministry of Science and Research (ELSA/GEN-AU) til verkefnisins BioMarker – Towards the Governance of an Emerging Medical Technology. Í verkefninu eru rannsakendur frá Austurríki, Bretlandi, Þýskalandi og Kína, auk Íslands.
- Ingi Þór Einarsson aðjunkt hlaut framhaldsstyrk úr Leónardó-áætluninni til verkefnisins Adapted Physical Activity in Vocational Education and Training (APAVET).
- Allyson Macdonald prófessor fékk Nordplus-styrk til verkefnisins Action for Sustainability in Higher Education in the Nordic Region (ActSHEN).
- Freyja Hreinsdóttir dósent fékk Comeniusar-framhaldsstyrk til verkefnisins Dynamical and Creative Mathematics Using ICT.
- Svanborg R. Jónsdóttir lektor fékk framhaldsstyrk úr Leónardó-áætluninni, til verkefnis sem stýrt er frá Spáni um stöðu frumkvöðla. Verkefnið nefnist Transference of Innovation Project – Acknowledging and Developing Entrepreneurial Practice in Teacher Training.
- Ólöf Garðarsdóttir prófessor var meðumsækjandi um styrk sem fékkst frá National Science Foundation (NSF) í gegnum Minnesota Population Center til verkefnisins North Atlantic Population Project.

Menntavísindasvið úthlutaði á árinu í fimmta sinn rannsóknastyrkjum til akademískra starfsmanna út frá virkni þeirra og fjölda rannsóknarstiga á síðustu þremur árum.

### Rannsóknamisseri

Árið 2013 fengu 25 akademískir starfsmenn úthlutað rannsóknamisseri, sautján á vormisseri og átta á haustmisseri. Þrír þeirra sem fengu úthlutað rannsóknamisseri á haustmisserinu fengu úthlutað tveimur misserum, þ.e. bæði haustið 2013 og vorið 2014.

### Bókasafn

Bókasafn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands er sérhæft safn á sviði uppeldis, kennslu, umönnunar og þjálfunar. Bókasafnið er til húsa í Hamri við Stakkahlíð en einnig er safndeild við Íþróttfræðasetrið á Laugarvatni. Helstu viðfangsefni safnsins eru að byggja upp og miðla safnkosti um nám, kennslu og rannsóknir, og kenna og þjálfar notendur safnsins í upplýsingalæsi.

Starfsmenn safnsins eru átta í 6,3 stöðugildum. Forstöðumaður bókasafnsins er Gunnhildur Björnsdóttir.

### **Safnkostur**

Safnkostur bókasafns Menntavísindasviðs er fjölbreyttur og telur rúmlega 92 þúsund skráð eintök í Gegni. Innlend og erlend fræðirit, kennslubækur og handbækur vega þyngst en safnið hefur einnig að geyma fagurbókmenntir og fræðirit á flestöllum fræðasviðum. Sérstök áhersla er lögð á varðveislu og aðgengi að ritum um íslensk uppeldis- og menntamál. Bókasafnið býður aðgang að margvíslegu rafrænu efni, svo sem gagnasöfnum, rafrænum tímaritum og bókum, bæði með séráskriftum og í gegnum landsaðgang. Ný aðföng á árinu teljast vera 1977. Þar af eru um 327 gjafir, 287 lokaverkefni nemenda og 114 tímarit í áskrift.

### **Skemman**

Skemman er rafrænt gagnasafn fyrir lokaverkefni og rannsóknarrit kennara og fræðimanna háskólanna. Frá árinu 2007 til ársloka 2013 hafa 2220 lokaverkefni nemenda á Menntavísindasviði verið vistuð þar og er aðgangur opin að þeim flestum. Þar hafa einnig verið vistaðar 306 greinar eftir kennara sviðsins, í tímaritum og ráðstefnuritum.

### **Kennslugagnasafn**

Bókasafnið á og lána út allt námsefni grunnskóla og boðið er upp á kynningar á kennsluefni fyrir vettvangsnám í samvinnu við kennara. Í kennslugagnasafni er uppi sýning á námsefni sem notað er í grunnskólum landsins.

### **Útlán**

Heildarfjöldi útlána á árinu samkvæmt Gegni er 17702. Inn í þá tölu vantar notkun á rafrænum bókum og handbókum á Háskólanetinu. Á árinu voru sextán rafrænar bækur á sviði menntavísinda í gagnasafninu MyiLibrary heimsóttar 125 sinnum. Einnig voru sóttar 947 greinar úr 18 tímaritum sem einungis eru keypt rafræn í séráskrift. Þá eru ótaldar aðrar greinar sem fást gegnum landsaðgang eða eru aðgengilegar með öðrum hætti rafrænt.

### **Þjónusta**

Starfsfólk bókasafnsins veitir aðstoð og leiðbeinir um heimildaleit í gagnasöfnum og handbókum. Kennurum, fræðimönnum og rannsóknastofum við skólann er boðin margþætt þjónusta sem styður við menntarannsóknir. Má þar nefna árvekiþjónustu úr rafrænum tímaritum og gagnagrunnum. Lögð er áhersla á að fjarnemar búsettir utan höfuðborgarsvæðisins njóti sambærilegrar þjónustu og aðrir nemendur.

Bókasafn Menntavísindasviðs útvegar notendum sínum ljósrít af greinum sem ekki eru til í safninu og/eða rit frá erlendum bókasöfnum og söfnum utan höfuðborgarsvæðisins með millisafnalánnum. Safnið fékk á árinu 435 rit að láni og lánaði 110.

### **Notendafræðsla**

Eitt af meginmarkmiðum safnsins er að efla upplýsingalæsi notenda. Kynningar og fræðsla um öflun og skráningu heimilda er því mikilvægur þáttur starfseminnar, oft í samvinnu við ritver Menntavísindasviðs. Safnið stendur fyrir notendafræðslu með mismunandi námskeiðum, ýmist í samvinnu við kennara, samstarfi við ritver eða upp á eigin spýtur. Þá er boðið upp á námskeið og kynningar ætlaðar afmörkuðum hópum, t.d. framhaldsnemum og kennurum eða vegna lokaverkefna, auk einkakennslu. Alls nutu um 1200 nemendur notendafræðslu í einhverri mynd á árinu. Leiðbeiningar um heimildaleit og heimildaskráningu eru einnig á vef safnsins, bokasafn.hi.is.

### **Samstarf**

Bókasafnið á gott samstarf við önnur bókasöfn Háskóla Íslands og ritver Menntavísindasviðs. Starfsmenn safnsins taka þátt í ýmsu samstarfi meðal bókasafna. Safnið á fulltrúa í vinnuhópi um upplýsingalæsi meðal háskólabókasafna, verkefnisstjórn Skemmunar, rýnihópi um gagna- og tímaritasöfn í landsaðgangi og rafgagnahópi sem hefur það hlutverk að móta framtíðarsýn um aðgang að rafrænum tímaritum og bókum á leitir.is. Þá er starfsmaður safnsins fulltrúi Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræðinga, í Íslenskri málnefnd.

Góð samvinna er við Námsgagnastofnun og í samvinnu við hana eru settar upp kynningar í safninu á námsefni í einstökum námsgreinum, auk varanlegrar sýningar á öllu námsefni grunnskóla. Árleg haustsýning Námsgagnastofnunar hefur verið haldin í húsakynnum Menntavísindasviðs undanfarin ár.

## Menntamiðja

Menntamiðja er samstarfsvettvangur starfssamfélaga skólafólks og fræðasamfélags háskólanna. Menntamiðja var formlega stofnuð í október 2012 með undirritun viljayfirlýsingar samstarfsaðila, sem eru: mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Hlutverk Menntamiðju er að styðja við sjálfsprottin grasrótarsamfélög skólafólks, svokölluð torg, og styrkja tengsl þeirra við fræðasamfélag háskólanna. Á árinu 2013 gengu eftirfarandi torg til samstarfs við Menntamiðju: Upplýsingatæknitorg, Heimspekitorg og Stærðfræðitorg.

Vorið 2013 fékk Menntamiðja, ásamt Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun, styrk frá Kennslumálasjóði Háskóla Íslands til að skipuleggja svokallaða hönnunarsmiðju um framtíð menntunar. Hönnunarsmiðja er aðferð þar sem hönnunarnálgun (e. design thinking) er notuð til að virkja hópá við að móta skapandi lausnir. Virajita Singh, sérfræðingur í hönnunarnálgun frá Háskólanum í Minnesota, var fengin var til landsins og aðstoðaði hún við skipulagningu hönnunarsmiðjunnar og úrvinnslu gagna. Hönnunarsmiðjan var haldin þann 20. nóvember í Hlöðunni í Gufunesi og tóku um 70 manns þátt í henni. Meðal þátttakenda voru kennarar, skólastjórnendur, fræðimenn og kennaranemar. Aðferðin þótti gagnleg og áhugaverð og hefur frést að hún hafi verið notuð við stefnumótunarverkefni í skólum og sveitarfélögum og við kennslu á Menntavísindasviði.

Haustið 2013 stóð Menntamiðja fyrir röð menntabúða (e. educamps) í samstarfi við Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun og Upplýsingatæknitorg undir yfirskriftinni Frjóir fimmtudagar. Menntabúðir eru samkomur þar sem fólk kemur saman til þess að miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum þátttakendum. Þrennar menntabúðir voru haldnar, þann 31. október, 7. nóvember og 21. nóvember. Menntabúðirnar voru vel sóttar og þykir fyrirkomulagið mjög hentug leið til að deila þekkingu þar sem það þarfnast lítills undirbúnings. Fjöldi skóla og hópá skólafólks hafa í kjölfarið skipulagt eigin menntabúðir til að deila reynslu og þekkingu.

Menntamiðja tók þátt í Menntakviku 2013 og var þar með eina málstofu þar sem fjallað var um þá hugmyndafræði sem starfsemin byggist á og tengd rannsóknaverkefni. Fulltrúar Menntamiðju sóttu einnig árlegu ráðstefnuna EDEN í Osló og ráðstefnu Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri þar sem kynnt voru veggspjöld um Menntamiðju og fyrirhuguð rannsóknaverkefni. Um haustið heimsóttu fulltrúar Menntamiðju nokkrar haustsmiðjur kennarafélaga víða um land og héldu erindi og vinnustofur um starfsemina.

### Sérkennslutorg

Sérkennslutorg er vettvangur þeirra sem starfa við sérkennslu í landinu. Torgið er starfrækt út frá Klettaskóla og er hluti af ráðgjafarhlutverki skólans. Á árinu 2013 var unnið að uppbyggingu á vef



Sérkennslutorgsins. Tenglar á gagnlegt efni til útprentunar hafa verið settir inn á vefinn, auk þess sem bæst hafa við myndbönd og ýmsar hugmyndir að kennslu og kennsluleiðbeiningar. Á samfélagsmiðlum hefur áhersla verið lögð á að miðla upplýsingum og skapa umræðuvettvang um efni tengt sérkennslu. Sérkennslutorg opnaði á árinu Pinterest-síðu þar sem hægt er að skoða flokkuð smáforrit sem hafa tengil í Appstore. Á árinu var töluvert var fjallað um spjaldtölvur og notkunarmöguleika þeirra í kennslu á torginu. Sérkennslutorgið hefur víða verið kynnt og umferð um vefinn hefur aukist umtalsvert.

### **Náttúrutorg**

Náttúrutorg er verkefni sem hefur það hlutverk að efla samstarf og símenntun náttúrufræðikennara. Það styður náttúrufræðikennara með því að skipuleggja námskeið, fundi og menntabúðir, auk þess að rækta samfélag þeirra á samfélagsmiðlum. Á vef torgsins, [natturutorg.is](http://natturutorg.is), er lögð áhersla á að safna saman og deila upplýsingum og gögnum. Verkefnastjóri torgsins er Svava Pétursdóttir en á árinu voru þau Birgir Urbancic Ásgeirsson og Ester Ýr Jónsdóttir einnig ráðin sem verkefnastjórar til námsefnisgerðar og símenntunar kennara í verkefninu Náttúruvísindi á nýrri öld (NaNO), sem starfrækt er á Menntavísindasviði til eflingar náttúrufræðimenntun og er styrkt af Aldarafmællissjóði Háskóla Íslands.

### **Tungumálatorg**

Tungumálatorgið er vettvangur fyrir verkefni sem tengjast námi og kennslu tungumála og fjölmenningarlegu skólastarfi. Á árinu hafa margvísleg verkefni verið unnin á vegum torgsins, sérvefjum hefur fjölgað og umferð um vefina aukist umtalsvert. Á vegum torgsins hefur símenntun kennara, jafnt á vettvangi og í netmiðlum, verið sinnt á fjölbreyttan hátt. Sérstök áhersla hefur verið lögð á starfsþróun er tengist upplýsingatækni og þá sérstaklega notkun spjaldtölva í skólastarfi. Háskólanemar hafa unnið margvísleg og einingabær verkefni á torginu og má í því sambandi nefna viðamikla viðbót við íslenskuvefni Viltu læra íslensku? Í gegnum ýmis þróunarverkefni, eins og t.d. verkefnið Okkar mál í Fellahverfi og Upplýsingatæknitorg, hefur tekist að skapa virka tengingu vettvangs og fræða. Á árinu var stofnað fagráð við Tungumálatorg og var torgið jafnframt kynnt með margvíslegum hætti.

### **Upplýsingatæknitorg**

Upplýsingatæknitorg var stofnað sumarið 2013.

## **Ritver**

### **Stjórn og starfsfólk**

Ritver Menntavísindasviðs er miðstöð þekkingar, þjónustu og rannsókna á sviði fræðilegra skrifa, bæði fyrir stúdenta og kennara. Ritverið var stofnað 30. nóvember 2009 og árið 2013 var því fjórða starfsárið í sögu þess. Ritverið er til húsa í opnu rými innst á bókasafni Menntavísindasviðs í Hamri og hefur þar til umráða skrifborð, tölvu, síma og bókahillu. Ritverið starfar í náinni samvinnu við bókasafnið.

Forstöðumaður ritversins er Baldur Sigurðsson dósent. Formaður stjórnar er Hafþór Guðjónsson dósent en aðrir í stjórn eru: Gunnhildur K. Björnsdóttir, forstöðumaður bókasafns Menntavísindasviðs, Anna María Hauksdóttir verkefnisstjóri, Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent, og Karen Rut Gísladóttir lektor. Stjórnin kemur saman einu sinni til tvisvar á misseri en forstöðumaður er í nánú sambandi við formann stjórnar.

Á árinu störfuðu sjö stúdentar sem jafningaráðgjafar í ritverinu: Anna Dórothea Tryggvadóttir, Arndís Jónasdóttir, Ágúst Tómasson, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Jóhanna G. Ólafsson, Magnea Þuríður Ingvarsdóttir og Sigrún Tómasdóttir, auk þess sem fimm stúdentar luku starfsþjálfun. Allir jafningaráðgjafar hafa lokið sérstöku námskeiði um leiðsögn með fræðilegum skrifum. Jóhanna G. Ólafsson sá um að skipuleggja vinnustofur og viðtalsfundi og sá um daglegan rekstur ásamt forstöðumanni.

### Starfsemi

Meginstarfsemi ritvers er fimmþætt:

- Námskeið og vinnustofur
- Viðtalsfundir fyrir stúdenta
- Málþing og fyrirlestrar
- Önnur verkefni
- Vefur

Vefur ritversins samanstendur af heimasíðu með undirsíðum (<http://vefsetur.hi.is/ritver>) og þar er enn fremur sérstakur leiðbeiningavefur um meðferð heimilda skv. útgáforeglum APA (<http://skrif.hi.is/ritver/>).

Á árinu fékk ritverið alls 17.026 heimsóknir á heimasíðu sína (8.366 árið 2012). Heimsóknirnar dreifðust á vikur ársins eins og sjá má á mynd 1. Flestar urðu heimsóknir um mánaðamótin september-október, tæplega eitt þúsund.



Mynd 1. Heimsóknir á heimasíðu ritvers Menntavísindasviðs árið 2013 eftir vikum.

Sérstakur leiðbeiningavefur um heimildaskráningu samkvæmt útgáforeglum APA var opnaður 30. nóvember 2012 en ekki var farið að telja heimsóknir á þann vef fyrr en í febrúar 2013. Heimsóknnum fjölgaði jafnt og þétt og í október 2013 fóru heimsóknir yfir þúsund á viku. Samtals urðu heimsóknir 19.075 á árinu og dreifast þær eins og sjá má á mynd 2. Flestar urðu heimsóknirnar í lok nóvember, um þrettán hundruð. Höfundar vefjarins, Helga Birgisdóttir og Sigrún Tómasdóttir, lagfærðu vefinn og bættu við skýringum og dæmum jafnóðum og ábendingar bárust.



Mynd 2. Heimsóknir á leiðbeiningavef ritvers Menntavísindasviðs árið 2013 eftir vikum.

Hluti af starfsemi ritversins er að aðstoða nemendur á vef við lokaverkefni. Í samráði við Önnu Maríu Hauksdóttur, umsjónarmann meistaraverkefna, var eldra sniðmát fyrir meistararitgerðir endurbætt og nýtt sniðmát fyrir bakkalárritgerðir (í A4) tekið upp, byggt á hönnunarstaðli háskólans. Bæði þessi sniðmát hafa einfaldað mjög frágang lokaverkefna á sviðinu og endurbætur á meistarasníðmátinu virðast hafa dregið mjög úr þörf á tækniaðstoð.

### **Námskeið og vinnustofur**

Ritver og bókasafn Menntavísindasviðs héldu alls þrettán fræðslufundi á árinu, um heimildaleit, skráningu og meðferð heimilda og ýmsa þætti fræðilegra skrifa. Margrét Guðmundsdóttir sá um fundina af hálfu bókasafnsins en af hálfu ritversins sáu þær Arndís Jónasdóttir, Jóhanna G. Ólafsson og Sigrún Tómasdóttir um fundina, auk forstöðumanns. Börkur Hansen var sérstaklega fenginn til að tala um gerð rannsóknaráætlana fyrir meistaránema í október.

Ritverið fékk 750 þús.kr. styrk frá kennslumálanefnd á árinu og nýtti hann til að efla samstarf við kennara um námskeiðsverkefni á haustmisseri. Fyrir þetta styrkfé gat ritverið boðist til að auka þjónustu í tengslum við námskeiðin, vinnustofur, yfirlestur verkefna og gátlista fyrir einstök verkefni sem hafðir voru til hliðsjónar við yfirferð og á viðtalsfundum.

Ritverið var kynnt sérstaklega fyrir stúdentum á sautján námskeiðum og nokkrir kennarar nýttu sér þetta tækifæri með því að skipuleggja verkefnavinnuna þannig að allir nemendur yrðu að sækja – eða gætu sótt – viðtalsfund eða látið lesa verkefnið yfir. Aðrir kennarar skipulögðu vinnustofur með ráðgjöfum ritvers til undirbúnings verkefninu. Nokkrir kennarar gátu nýtt styrk úr aðstoðarmannasjóði til að greiða fyrir þessa aðstoð að hluta. Helstu samstarfskennarar voru Auður Pálsdóttir, Guðbjörg Pálsdóttir, Guðný Helga Gunnarsdóttir, Gunnar Börkur Jónasson, Ingibjörg B. Frímansdóttir, Jóhanna Karlsdóttir, Kristín Norðdahl, Lilja Össurardóttir, Meyvant Þórólfsson og Sigrún Guðmundsdóttir.

Á haustmisseri var námskeið fyrir verðandi jafningjaráðgjafa stækkað í 10 einingar. Fjórir stúdentar luku náminu. Til viðbótar námsefninu sem áður hafði verið kennt var fræðileg tenging aukin en með því er mögulega hægt að stuðla enn fremur að því að stúdentar velji fræðileg skrif sem viðfangsefni í lokaverkefnum sínum. Slíkt myndi renna stoðum undir rannsóknarhlutverk ritversins.

Frá árinu 2010 hefur ritverið skipulagt stuðning á sumrin við þá stúdenta sem eru með lokaverkefni í smíðum en sumarið 2013 var ákveðið að hætta því vegna dvínandi aðsóknar.

### **Viðtalsfundir**

Skráðar komur í ritver Menntavísindasviðs árið 2013 voru í kringum 840 en auk þess svöruðu starfsmenn ritversins fjölmörgum óskráðum erindum og fyrirspurnum þeirra sem lögðu leið sína á bókasafnið, hringdu eða sendu tölvupóst. Á vormisseri var aðstoð við stúdenta með lokaverkefni í smíðum kjölfestan í starfseminni en á haustmisseri var aðstoð við námskeiðsverkefni fyrirferðarmikil, bæði á bakkalár- og meistarastigi. Alls voru skráðar 156 komur vegna lokaverkefna sem skiptust nokkuð jafn á bakkalár- og meistaraverkefni, eða 76 og 80.

Færst hefur í vöxt að gestir af öðrum sviðum háskólans leiti til ritvers Menntavísindasviðs. Á árinu voru skráðar 24 komur gesta frá öðrum sviðum og skólum, frá Félagsvísinda-, Hugvísinda- og Heilbrigðisvísindasviði, og einn gestur kom frá Háskólanum á Bifröst.

### **Málþing um leiðsögn**

Ritver hélt eitt málþing á vormisseri og var það jafnframt nestisspjall á vegum kennsluráðs. Fjallað var um bakkalárverkefni. Þrír kennarar leiddu spjallið, Baldur Sigurðsson kynnti vefsíðu ritversins og lagði

áherslu á þætti sem tengdust kennurum, Kristján Jóhann Jónsson ræddi um verkaskiptingu kennara og nemenda og Halla Jónsdóttir fjallaði um rannsóknarspurninguna sem fyrirbæri og afmörkun viðfangsefna.

### **Málstofa á Menntakviku**

Ritvernið hélt sérstaka málstofu á Menntakviku undir heitinu Jafningjaleiðsögn í ritverni, rannsóknarstarf á vettvangi. Forstöðumaður greindi vanda þeirra sem koma í ritvernið með lokaverkefni, Arndís Jónasdóttir og Jóhanna G. Ólafsson fjölluð um gagnvirk áhrif af jafningjaleiðsögn, og Sigrún Tómasdóttir talaði um áhrif af fræðslustarfi ritvers um útgáfureglur APA á meðferð heimilda í verkefnum stúdenta. Helga Birgisdóttir, doktorsnemi á Hugvísindasviði, fjallaði um siðferðilegan og faglegan vanda þeirra sem fá lokaverkefni stúdenta til prófarkalestrar.

### **Verkefnavaka**

Verkefnavaka, opið hús fyrir alla stúdenta í Háskóla Íslands, var haldin í fyrsta sinn í húsi Menntavísindasviðs fimmtudaginn 21. mars. Markmiðið var að gefa stúdentum tækifæri til að vinna að verkefnum sínum eina kvöldstund, fá aðstoð og hvatningu frá jafningjum, kennurum eða öðrum starfsmönnum háskólans. Bókasafnið og ritvernið voru opin til miðnættis og starfsmenn tóku vel á móti stúdentum sem komu og fengu góð ráð. Náms- og starfsráðgjafar háskólans, kennari á bókasafni Menntavísindasviðs og ráðgjafar frá ritverni voru á staðnum fram eftir kvöldi, stýrðu vinnustofum og leiðbeindu einstaklingum og eins og hver vildi. Kennarar af ólíkum fræðasviðum komu í heimsókn og fjölluðu um fræðileg skrif á sínu sviði.

Verkefnavakan var haldin að frumkvæði forstöðumanns ritversins og í samstarfi við Menntavísindasvið, kennsluráð og bókasafn Menntavísindasviðs, Náms- og starfsráðgjöf háskólans, Kennslumiðstöð og kennslumálanefnd í samvinnu við Stúdentaráð og stúdentafélög. Fyrirmynd að verkefnavökunni er sótt til ritvera í Þýskalandi sem héldu fyrstu vökuna vorið 2010 undir nafninu Lange Nacht der aufgeschobenen Hausarbeiten en hún hefur verið kölluð á ensku Long Night Against Procrastination.

### **EATAW-ráðstefna í Búdapest**

Forstöðumaður ritversins sótti sjöundu ráðstefnu Evrópusamtaka kennara í fræðilegum skrifum (EATAW 2013, 7th Conference of the European Association for the Teaching and Academic Writing), sem haldin var í Búdapest dagana 27. til 29. júní. Þar fjallaði hann um þau vandamál sem íslenskir stúdentar glíma við í ritverinu á ólíkum tímum ársins og greindi þau með hliðsjón af hugmyndum um ritun sem ferli.

## **Önnur verkefni**

### **Eyðibýli á Íslandi**

Umsjónarmenn verkefnisins Eyðibýli á Íslandi, Gísli Sverrir Árnason og Sigbjörn Kjartansson, leituðu til ritvers um aðstoð við að vinna með stúdentum að gerð tveggja binda í ritröð um eyðibýli á Íslandi. Verkefnið felst í því að stúdentar í arkitektanámi við Listaháskóla Íslands og sagnfræði eða fornleifafræði við Háskóla Íslands fara um landið, skrá og ljósmynda eyðibýli, leita sér upplýsinga og skrifa lýsingu á hverju býli. Sumarið 2013 var unnið að skráningu býla á Vestfjörðum (4. bindi) og Norðurlandi vestra (5. bindi). Haldinn var fræðslufundur með stúdentum um gerð texta í júní og þær Arndís Jónasdóttir og Jóhanna G. Ólafsson unnu með stúdentum við skrifin í júlí og ágúst með hugmyndafræði jafningjaráðgjafar að leiðarljósi. Viðtalsfundirnir voru haldnir á arkitektastofunni Glámu-Kími við Laugaveg.

Almenn ánægja ríkti með þetta samstarf, stúdentar voru jákvæðir og áhugasamir og umsjónarmenn verkefnisins töldu sig fá mun betri texta frá stúdentum en áður. Reiknað er með að framhald verði á samstarfinu sumarið 2014 þegar síðustu eyðibýlin verða skráð.

### **Önnur verkefni jafningjaráðgjafa**

Jafningjaráðgjafar ritversins hafa aflað sér þess áhlits að sóst er eftir þeim til ýmissa starfa á Menntavísindasviði. Kennarar sækjast eftir þeim til að aðstoða sig við kennslu og yfirferð verkefna. Menntavísindastofnun leitaði til ritversins á haustmisseri um að jafningjaráðgjafar tækju að sér að lesa yfir greinar til birtingar í ráðstefnuritinu Netlu. Jóhanna G. Ólafsson, Arndís Jónasdóttir, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Magnea Þ. Ingvarsdóttir og Sigrún Tómasdóttir hafa verið í þessum verkefnum.

Þessi verkefni eru ekki beinlínis á vegum ritversins en það hefur þó haft milligöngu um sum þeirra og nýtur góðs af fjölbreyttri reynslu starfsmanna sinna á vettvangi Háskóla Íslands.

### **Starfsemi ritversins vekur athygli**

Í Tímariti Háskóla Íslands 2013 var birt viðtal við forstöðumann ritversins um starfsemi þess og það vakti athygli innan háskólasamfélagsins. Í tímaritinu var einnig fjallað um lokaverkefni tveggja jafningjaráðgjafa ritversins, þeirra Önnu Dóru Tryggvadóttur og Ásdísar Olgu Sigurðardóttur. Anna Dóra fjallaði m.a. um sveitardvöl fjögurra ungmenna í B.Ed.-ritgerð sinni Vinna er lasta vörn – Vinna og skólaganga barna og unglunga á 20. öld. Í M.Ed.-verkefni sínu rannsakaði Ásdís Olga álag og streituvaldandi þætti í starfi leikskólakennara.

Í nóvember 2013 afhenti Kristín Ingólfssdóttir rektor Baldri Sigurðssyni viðurkenningu fyrir kennslustörf. Í rökstuðningi fyrir viðurkenningunni er sérstaklega nefnt að starf ritversins styðji við markmið háskólans um að efla menntun. Viðurkenningin er vísbending um að ritverið sé á réttri braut og hvatning til að halda áfram.


Á árinu var unnið að því að stofna ritver á Hugvísindasviði. Jóhannes Gísli Jónsson, lektor í málfræði við Íslensku- og menningardeild, verður forstöðumaður þess. Hann var í nánu sambandi við forstöðumann ritvers Menntavísindasviðs um undirbúning, fékk margvíslegar upplýsingar og gögn, sótti starfsmannafundi og námskeið á vegum ritversins og fylgdist með viðtalsfundum. Nokkrir stúdentar úr Íslensku- og menningardeild komu í áheyrn á haustmisseri og fylgdust með viðtalsfundum.

### **Deildir fræðasviðsins**

Menntavísindasvið menntar kennara fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, uppeldis- og menntunarfræðinga, náms- og kennslufræðinga, íþróttá- og heilsufræðinga, tólmstunda- og félagsmálafræðinga og þroskaþjálfara. Í öllu námi við Menntavísindasvið er lögð áhersla á sterk tengsl við þær stéttir sem sviðið menntar og starfsvettvang þeirra, s.s. skóla og aðrar stofnanir samfélagsins.

Á Menntavísindasviði starfa þrjár deildir: Íþróttá-, tólmstunda- og þroskaþjálfadeild, Kennaradeild og Uppeldis- og menntunarfræðideild. Auk þess er boðið upp á doktorsnám þvert á deildir.

### **Skipurit Menntavísindasviðs**



## Íþróttta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

### Stjórn og skipulag deildarinnar

Í Íþróttta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild eru þrjár námsbrautir:

- **Íþróttta- og heilsufræði**  
Formaður námsbrautar í íþróttta- og heilsufræði í grunnnámi var Hafþór B. Guðmundsson lektor og varaformaður var Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor. Formaður námsbrautar í íþróttta- og heilsufræði í framhaldsnámi var Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor og varaformaður var Erlingur S. Jóhannsson prófessor.
- **Tómstunda- og félagsmálafræði**  
Vormisseri 2013: Formaður námsbrautar í tómstunda- og félagsmálafræði í grunn- og framhaldsnámi var Jakob Frímann Þorsteinsson aðjunkt og varaformaður var Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir lektor.  
  
Haustmisseri 2013: Formaður námsbrautar í tómstunda- og félagsmálafræði í grunnnámi var Jakob Frímann Þorsteinsson aðjunkt og varaformaður var Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir lektor. Formaður námsbrautar í tómstunda- og félagsmálafræði í framhaldsnámi var Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir lektor og varaformaður var Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir lektor.
- **Þroskaþjálfufræði**  
Formaður námsbrautar í þroskaþjálfufræði í grunn- og framhaldsnámi var Kristín Björnsdóttir lektor og varaformaður var Guðrún V. Stefánsdóttir dósent.

### Deildarforseti og deildarráð

Forseti Íþróttta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeildar var Ástríður Stefánsdóttir dósent og varaforseti var Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor. Í deildarráði sitja deildarforseti, varadeildarforseti, formenn og varaformenn námsbrauta og fulltrúar nemenda. Þeir voru á árinu Heimir Hallgrímsson, nemandi í íþróttta- og heilsufræði, Guðmundur Ari Sigurjónsson, nemandi í tómstunda- og félagsmálafræði, á vormisseri 2013, Skarphéðinn Magnússon, nemandi í tómstunda- og félagsmálafræði, á haustmisseri 2013 og Fanney Sumarliðadóttir, nemandi í þroskaþjálfufræði.

## Starfsfólk

Í Íþróttta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild starfa tveir prófessorar, þrjú dósentar, átta lektorar og tólf aðjunktur.

Íþróttta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild		
Aðjunktur	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	5	4,7
– karlar	6	4,1
Lektorar		
– konur	3	3
– karlar	4	3,75
Dósentar		
– konur	3	3
– karlar	0	0
Prófessorar		
– konur	0	0
– karlar	2	2
Samtals	<b>23</b>	<b>20,55</b>

## Nám og kennsla

Í Íþróttta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild voru 483 nemendur í grunn- og framhaldsnámi, 154 karlar og 329 konur. Lögð er áhersla á að bjóða metnaðarfullt nám fyrir þær fagstéttir sem deildin brautskráir. Námsbrautir deildarinnar starfa sjálfstætt þar sem þær byggjast á ólíkri hugmyndafræði og faglegar áherslur eru því um margt ólíkar. Jafnframt byggjast þær á þverfaglegum grunni og því er samstarf við aðrar deildir á Menntavísindasviði og önnur fræðasvið Háskóla Íslands mikilvæg í öllu starfi deildarinnar. Deildin brautskráir fagfólk til starfa á ýmsum sviðum samfélagsins eftir þriggja ára grunnnám. Því hefur ávallt verið lögð rík áhersla á sterka samfélagsvitund og mikla vettvangstengingu í náminu. Deildin menntar fólk til starfa á sviði æskulýðsmála, félagsþjónustu sveitarfélaga, kennslu og skólamála og lýðheilsu og þjálfunar á öllum aldurs skeiðum. Nám í deildinni er í mikilli þróun og örum vexti en fræðigreinar deildarinnar eiga sér ekki langa sögu á háskólastigi hérlendis. Við slíkar aðstæður er rannsóknar- og þróunarstarf afar mikilvægt og hefur í stefnu deildarinnar verið lögð rík áhersla á að efla þann þátt í starfseminni.

Í íþróttta- og heilsufræði er boðið upp á 180 eininga grunnnám til BS-gráðu og 120 eininga framhaldsnám til M.Ed.- eða MS-gráðu. Einnig er íþróttakennurum sem brautskráðust frá Íþróttakennarskóla Íslands fyrir 1998 boðið upp á 60 eininga viðbótarnám til að ljúka BS-gráðu. Í grunnnámi sérhæfa nemendur sig á tveimur mismunandi kjörsviðum, þ.e. kjörsviðinu Kennari og kjörsviðinu Þjálfari. Þeir sem ljúka námi af kjörsviðinu Kennari ljúka 80 einingum í uppeldis- og kennslufræði og 100 einingum í faggreinum. Þeir sem ljúka námi af kjörsviðinu Þjálfari ljúka 50 einingum í uppeldis- og kennslufræði og 130 einingum í faggreinum. Lögð er áhersla á að búa nemendur undir fjölbreytt störf á sviði íþróttakennslu, heilsuræktar og þjálfunar, m.a. við þjálfun íþróttafólks, þjálfun á heilsuræktarstöðvum, þjálfun aldraðra og við æskulýðs- og félagsmálastörf.

Í M.Ed.- námi eru nemendur sérstaklega búnir undir íþróttakennslu í grunnskólum og ljúka þeir 40 einingum í uppeldis- og kennslufræði og 80 einingum í faggreinum. Í MS-námi eru nemendur búnir undir frekara nám í íþróttta- og heilsufræði, auk frekari sérhæfingar á sviði þjálfunar. Í MS-námi er

hægt að ljúka 10 einingum til viðbótar í uppeldis- og kennslufræði og þá er hægt að sækja um leyfisbréf sem kennari í framhaldsskóla. Meistaránám í íþrótt- og heilsufræði er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs og Heilbrigðisvísindasviðs.

Í tómstunda- og félagsmálafræði er boðið upp á 180 eininga grunnám til BA-gráðu og framhaldsnám til M.Ed.-gráðu. Einnig er hægt að ljúka tómstunda- og félagsmálafræði sem 120 eininga aðalgrein og 60 eininga aukagrein. Lögð er áhersla á að nemendur fái heildarsýn yfir þá starfsemi sem fer fram í frítíma fólks á öllum aldri og kynnist menningar- og uppeldislutverki tómstundastarfs. Nám í tómstunda- og félagsmálafræði felur m.a. í sér að nemendur öðlast víðtæka þekkingu og kunnáttu í að skipuleggja, stjórna, framkvæma og meta tómstundastarf fyrir fólk á öllum aldri. Í lok námsins fá nemendur tækifæri til að sérhæfa sig á einu af sérsviðum tómstunda- og félagsmálafræðanna.

Í þroskaþjálfufræði er boðið upp á 180 eininga grunnám til BA-gráðu og 120 eininga framhaldsnám til MA-gráðu. Einnig er þroskaþjálfum sem luku prófi frá Þroskaþjálfaskóla Íslands boðið að bæta við sig 30 einingum til að ljúka BA-prófi í þroskaþjálfufræði. Haustið 2013 voru 14 nemendur inn teknir í 60 eininga starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun. Þetta var í þriðja sinn sem nemendur voru teknir inn í námið en því var fyrst hleypt af stokkunum árið 2009. Nám í þroskaþjálfufræði felur í sér víðtæka og þverfaglega þekkingu sem endurspeglar kunnáttu í að skapa fötluðu fólki eðlilegt og sjálfstætt líf í samfélagi fyrir alla.

Í MA-námi í þroskaþjálfufræði er hægt að velja á milli rannsóknatengds náms og starfstengds náms. Í rannsóknatengdu námi er nemendum er gefinn kostur á að sérhæfa sig í rannsóknum á vettvangi fatlaðs fólks. Í starfstengdu námi gefst nemendum færi á að dýpka þekkingu sína á sviðinu til að vera leiðandi í þjónustu við fatlað fólk.

### **Tengsl við vettvang**

Námsbrautir íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeildar eiga í miklu samstarfi við starfsvettvang þeirra greina sem þær þjóna. Umtalsvert vettvangsnám er á öllum námsbrautum, þróunarverkefni eru unnin og haldnar eru ráðstefnur, fræðsluerindi og fundir í samstarfi við vettvang. Tveir sérfræðingar frá vettvangi eru starfandi í hlutastarfi á námsbraut í tómstunda- og félagsmálafræði og unnið hefur verið markvisst að þróun vettvangsnáms og lokaverkefna með áherslu á þessa tengingu. Rannsókn- og þróunarverkefni sem nemendur eða fræðimenn deildarinnar vinna tengjast mörg hver beint eða óbeint því starfi sem fer fram á vettvangi. Má þar meðal annars nefna rannsóknir á heilsufari fólks í skólum, verkefni sem tengjast tómstunda- og félagsmálum og rannsóknir á vettvangi fatlaðs fólks.

### **Rannsóknir**

Helstu rannsóknarviðfangsefni kennara við íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild eru á sviði íþrótt- og heilsufræða, næringarfræði, bernsku- og æskulýðsfræða, tómstundafræða, stjórnsýslu og félagsvísinda, þroskaþjálfufræða, fötlunarfræða, sálfræði og siðfræði.

Í tengslum við íþróttfræðasetur á Laugarvatni starfar öflug rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræði þar sem unnið er að fjölda rannsóknaverkefna (sjá nánar kafla um rannsóknastofur). Fjölmargir styrkir til ýmiss konar rannsóknaverkefna fengust á árinu og kennarar við setrið birtu nokkrar alþjóðlegar ritrýndar vísindagreinar í erlendum vísindatímaritum, auk innlendra tímarita.

Rannsóknir og þróunarverkefni í tómstunda- og félagsmálafræði eru einkum á sviði félags- og uppeldisfræði. Sem dæmi um verkefni má nefna fagmennsku og starfsaðferðir í æskulýðsstarfi, uppeldisgildi viðburða, einelti í ýmsum myndum, börn og náttúru, útinám, skilgreiningu hugtaka og rannsóknir sem tengjast náminu sjálfu, gildi þess og gæðum. Einnig hefur verið lögð áhersla á að taka



þátt í að móta stefnu ríkis og sveitarfélaga á sviði æskulýðsmála, m.a. með beinni þátttöku í að vinna slíka stefnu fyrir ríkið og viðmið fyrir innra og ytra mat á frístundastarfi hjá Reykjavíkurborg.

Námsbraut í tómsundafræði er hluti af Rannsóknastofu í bernsku- og æskulýðsrannsóknum sem starfar á Menntavísindasviði og leggur stund á rannsóknir er varða málefni barna og unglinga í víðu samhengi.

Í þroskaþjálfrafræði hefur áhersla m.a. verið lögð á rannsóknir í samvinnu við fatlað fólk. Má þar nefna lífssögurannsóknir, rannsóknir sem beinast að notendastýrðri persónulegri aðstoð við fatlað fólk og þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Auk þess hefur verið lögð áhersla á greiningu á siðferðilegum álitamálum fagstétta og störfum þroskaþjálfra. Rannsóknastofa í þroskaþjálfrafræði er starfrækt. Markmið hennar er meðal annars að stuðla að auknum rannsóknum, ráðgjöf og þróunarstarfi í málaflokkum er varða fatlað fólk og störf þroskaþjálfra. Á vegum rannsóknastofunnar voru skipulagðir fræðslufyrirlestrar og unnið að nýju rannsóknaverkefni sem ber heitið Sálfræði og fullorðinsár.

## Gæðamál

Á árinu vann Íprótta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild að innra gæðamati. Vinnan var undirbúin á vormisseri en unnið var að sjálfu matinu og skýrsla skrifuð á haustmisseri. Deildin tók enn fremur þátt í árlegri kennslukönnun háskólans. Þá hafa matsfundir verið haldnir með nemendum á öllum námsbrautum, bæði í grunn- og framhaldsnámi og niðurstöður þeirra verið notaðar til að meta stöðu náms og kennslu og efla og styrkja faglegt starf deildarinnar enn frekar.

## Viðburðir

Deildin tók þátt í kynningardegi háskólans á Háskólatorgi og var sá viðburður vel sóttur. Jafnframt tók hún þátt í sérstakri kynningu á framhaldsnámi við Menntavísindasvið. Á Laugarvatni var haldið upp á að 80 ár eru liðin frá brautskráningu fyrstu ípróttakennara þaðan. Hátíðin var vel sótt og tókst í alla staði mjög vel og m.a. voru gamlir ípróttamunir og myndir til sýnis.

## Brautskráðir stúdentar frá Íprótta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild 2013

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
B.Ed.	Íprótta- og heilsufræði	1		1
<b>B.Ed. Alls</b>		<b>1</b>		<b>1</b>
BA	Tómsunda- og félagsmálafræði	6	14	20
	Þroskaþjálfrafræði	5	46	51
<b>BA Alls</b>		<b>11</b>	<b>60</b>	<b>71</b>
BS		12	11	23
<b>BS Alls</b>		<b>12</b>	<b>11</b>	<b>23</b>
Grunndiplóma	Starfstengt diplómanám f. fólk með þroskahömlun	6	11	17
<b>Grunndiplóma Alls</b>		<b>6</b>	<b>11</b>	<b>17</b>
M.Ed.	Íprótta- og heilsufræði	2	1	3
	Tómsunda- og félagsmálafræði		3	3
<b>M.Ed. Alls</b>		<b>2</b>	<b>4</b>	<b>6</b>
MA	Þroskaþjálfrafræði		1	1

<b>MA Alls</b>		<b>1</b>	<b>1</b>
MS	Íþróttta- og heilsufræði	3	3
<b>MS Alls</b>		<b>3</b>	<b>3</b>
Viðbótardiplóma	Heilbrigði og heilsuuppeldi	3	3
<b>Viðbótardiplóma Alls</b>		<b>3</b>	<b>3</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>32</b>	<b>93</b>
			<b>125</b>

## Kennaradeild

### Stjórn og skipulag deildarinnar

Námsbrautir Kennaradeildar voru á árinu:

- Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla. Formaður námsbrautarinnar á vormisseri var Þórdís Þórðardóttir lektor en 1. júlí tók Arna H. Jónsdóttir lektor við því starfi.
- Grunnskólakennsla. Formaður námsbrautarinnar á vormisseri var Guðbjörg Pálsdóttir lektor en 1. júlí tók Meyvant Þórhallsson dósent við starfinu.
- Faggreinakennsla í grunnskóla. Formaður námsbrautarinnar á vormisseri var Halla Jónsdóttir aðjunkt en 1. júlí tók Freyja Hreinsdóttir dósent við starfinu.
- Kennslufræði framhaldsskóla og háskóla. Formaður námsbrautarinnar var Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor.

Á öllum námsbrautunum er bæði boðið upp á grunn- og framhaldsnám.

### Deildarforseti og deildarráð

Deildarforseti á vormisseri var Anna Kristín Sigurðardóttir lektor og varadeildarforseti var Gunnar E. Finnbogason prófessor. Þann 1. júlí varð Gunnhildur Óskarsdóttir dósent deildarforseti og Guðbjörg Pálsdóttir lektor varadeildarforseti. Í Deildarráði sitja deildarforseti, varadeildarforseti, formenn námsbrauta og fulltrúar kennara og nemenda. Fulltrúar kennara voru Kristín Karlsdóttir lektor, Stefán Jökulsson lektor, Freyja Hreinsdóttir dósent og Helgi Skúli Kjartansson prófessor. Varamenn þeirra voru Þórður Helgason dósent, Hrefna Sigurjónsdóttir prófessor og Hrönn Pálmadóttir lektor. Fulltrúar nemenda í deildarráði á vormisseri voru Kristjana Björk Traustadóttir, Guðrún María Magnúsdóttir og Birgir Smári Ársælsson. Á haustmisseri voru fulltrúar nemenda Bæring Jón B. Guðmundsson, Ólöf Rut Halldórsdóttir og Páll Ásgeir Torfason.

Deildarstjóri Kennaradeildar er Sigríður Pétursdóttir og sinnir hún stjórnslu deildarinnar.

### Starfsfólk

Samtals voru í Kennaradeild 78 kennarar, prófessorar, dósentar, lektorar og aðjuntar.

Stjórnslustarfsfólk deildarinnar tilheyrir kennsluskrifstofu sviðsins.

Kennaradeild			
	Aðjuntar	Fjöldi	Starfsígildi
	– konur	12	9,8
	– karlar	3	1,7
	Lektorar		

– konur	24	23
– karlar	8	7,5
Dósentar		
– konur	12	9,5
– karlar	13	10,2
Prófessorar		
– konur	3	3
– karlar	7	5,5
Samtals	<b>82</b>	<b>70,2</b>

## Stefna Kennaradeildar

Meginhlutverk Kennaradeildar er að hafa forystu um vandaða menntun fyrir kennara á öllum skólastigum. Kennaradeild menntar, í samstarfi við þá sem starfa á vettvangi, öflugt fagfólk til að leggja grunn að árangursríku starfi í skólum landsins og leiða faglega þróun þess. Deildin leggur því áherslu á rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntamála og skólastarfs.

Í Kennaradeild er lögð alúð við fólk og fræði. Það felur í sér að starfshættir deildarinnar byggjast á lýðræði, jafnrétti, sjálfbærni og virðingu fyrir einstaklingum og margbreytileika mannlífsins. Lögð er áhersla á vísindaleg vinnubrögð, siðferðilega ábyrgð, gagnrýna hugsun og skapandi starf. Í Kennaradeild er litið á kennaramenntun sem ævimenntun og starfsþróun sem mikilvægan þátt í starfi hvers kennara.

## Nám og kennsla

Á árinu voru fjórar námsbrautir í boði í grunnnámi (til B.Ed.-gráðu) í Kennaradeild:

- menntun ungra barna í leik- og grunnskóla,
- grunnskólakennsla (þar sem nemandur sérhæfa sig í kennslu tveggja námsgreina),
- faggreinakennsla (þar sem nemandur sérhæfa sig í einni kennslugrein grunnskólans),
- kennslufræði framhaldsskóla og háskóla (60 eininga grunddiplóma fyrir iðnmeistara).

Á árinu var enn fremur í fyrsta skipti var boðið upp á 120 eininga B.Ed.-nám í kennslufræði verk- og starfsmenntunar.

Í framhaldsnámi voru sömu námsbrautir og í grunnnámi í boði til M.Ed.-gráðu fyrir verðandi leik- og grunnskólakennara:

- menntun ungra barna í leik- og grunnskóla (M.Ed.),
- grunnskólakennsla (M.Ed.),
- faggreinakennsla (M.Ed.),
- kennslufræði framhaldsskóla og háskóla.

Innan þriggja fyrstnefndu námsbrautanna í framhaldsnámi er kennd náms- og kennslufræði til MA- og M.Ed.-prófs og viðbótardiplóma, sem er framhaldsnám fyrir starfandi kennara og þá sem starfa við uppeldi og menntun.

Þverfræðilegu námi, Menntun framhaldsskólakennara, til MA-, MS- og M.Ed.-prófs var hleypt af stokkunum haustið 2013. Þverfræðilegt framhaldsnám hefur þá sérstöðu að það heyrir ekki faglega undir eina tiltekna deild þar sem margar deildir skólans eiga aðild að því. Stjórnsýsla Menntunar framhaldsskólakennara er í Kennaradeild en fagleg umsjá þess er í höndum sjö manna námsstjórnar sem í eiga sæti fulltrúar allra fræðasviða náskólans, fulltrúi frá Félagi íslenskra framhaldsskóla og formaður, skipaður af rektor.

Menntun framhaldsskólakennara, 60 eininga viðbótardiplóma, er í boði innan Kennaradeildar fyrir þá sem þegar hafa lokið meistaragráðu sem felur í sér 180 einingar í kennslugrein framhaldsskóla.

Lögð hefur verið áhersla á fjölbreytt nám sem búa á kennara á öllum skólastigum undir að móta námsumhverfi við hæfi fjölbreytts nemendahóps og undir leiðtogastörf í skólum landsins. Nánar er greint frá námsleiðum á hverri námsbraut hér að neðan.

#### Grunnnám:

Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla, B.Ed., 180 einingar

##### Námsleiðir:

Leikskólakennarafræði, B.Ed., 180 e

Kennsla ungra barna í grunnskóla, B.Ed., 180 e

Leikskólakennarafræði, aukagrein, 60 e

Leikskólakennarafræði, viðbótarnám, 30 e

Grunnskólakennsla (tvö kjörsvið, nemendur velja tvö af 12 kjörsviðum), B.Ed., 180 einingar

##### Námsleiðir:

Grunnskólakennsla, tvö kjörsvið, B.Ed., 180 e

Grunnskólakennarafræði, aukagrein, 60e

Grunnskólakennarafræði, viðbótarnám, 30e

Faggreinakennsla í grunnskóla (eitt kjörsvið, val á milli 12 kjörsviða), B.Ed., 180 einingar

##### Námsleið:

Faggreinakennsla í grunnskóla, eitt kjörsvið, B.Ed., 180 e

Kennslufræði fyrir iðnmeistara, grunndiplóma, 60 einingar

##### Námsleiðir:

Kennslufræði fyrir iðnmeistara, grunndiplóma, 60e

Kennslufræði verk- og starfsmenntunar, B.Ed. 120e aðalgrein (og 60e aukagrein að eigin vali)

#### Meistaránám:

Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla

##### Námsleiðir:

Leikskólakennarafræði, M.Ed., 120e

Leikskólakennarafræði, viðbótardiplóma, 60 e

Kennsla ungra barna í grunnskóla, M.Ed., 120 e

Náms- og kennslufræði, M.Ed., 120e – með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna

Náms- og kennslufræði, MA, 120e – með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna

Náms- og kennslufræði – með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna, viðbótardiplóma, 60 e

Grunnskólakennsla

##### Námsleið:

Grunnskólakennsla, M.Ed., 120 e

Faggreinakennsla í grunnskóla

##### Námsleiðir:

Faggreinakennsla í grunnskóla, M.Ed., 120 e

## Kennslufræði grunnskóla, M.Ed., 120e

Náms- og kennslufræði fyrir kennara með leyfisbréf

Námsleiðir:

Náms- og kennslufræði, M.Ed., 120e – mörg kjörsvið

Náms- og kennslufræði, MA, 120e – mörg kjörsvið

Náms- og kennslufræði, viðbótardiplóma, 60e – mörg kjörsvið

Kennslufræði framhaldsskóla og háskóla

Námsleiðir vorið 2013:

Kennslufræði framhaldsskóla, M.Ed., 120 e

Kennslufræði framhaldsskóla, viðbótardiplóma, 60 e

Kennslufræði háskóla, viðbótardiplóma, 30 e

Námsleiðir haustið 2013:

Menntun framhaldsskólakennara, M.Ed., 120 e

Menntun framhaldsskólakennara, viðbótardiplóma, 60 e

Menntun framhaldsskólakennara, MA, 120e þverfræðilegt nám

Menntun framhaldsskólakennara, MS, 120e þverfræðilegt nám

Kennslufræði háskóla, viðbótardiplóma, 30 e

### Vettvangsnám

Mikil áhersla er lögð á gott samstarf við starfsvettvanginn sem deildin menntar til. Vettvangsnám kennaranema í leik-, grunn- og framhaldsskólum er stór þáttur í starfi deildarinnar og hafa verið gerðir samstarfssamningar við fjölmarga skóla í landinu. Samstarfsskólarnir taka þátt í að mennta kennara með því að veita kennaranemum leiðsögn í vettvangsnámi og opna dyr að skólasamfélaginu fyrir þeim. Allir kennaranemar fara í vettvangsnám á hverju ári í mislangan tíma í einu og auk þess eru vettvangstengingar í mörgum námskeiðum. Eins og fram kemur í kaflanum um stefnu deildarinnar er áhersla lögð á rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntamála og skólastarfs og er vettvangsnám kennaraefna dæmi um farveg fyrir slíkt starf.

Ný lög og reglugerð um inntak kennaramenntunar tóku gildi 1. júlí 2011. Í fyrsta skipti er kveðið á um inntak kennaramenntunar í lögum frá Alþingi og í reglugerð. Samkvæmt reglugerðinni skulu kennarar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi hafa lokið ákveðnum einingafjölda í námi sínu, annars vegar í uppeldis- og kennslufræði og hins vegar í kennslugrein eða námssviði sem þeir sérhæfa sig í. Héðan í frá þurfa allir kennarar í leik-, grunn- og framhaldsskólum að hafa lokið meistaraprófi til að fá starfsleyfi sem kennarar. Fyrsti nemendahópurinn í fimm ára kennaranámi hóf nám á meistarastigi haustið 2012. Með nýju skipulagi í kennaranámi bjóðast nú margar ólíkar leiðir til þess að verða kennari eins og yfirlitsmyndin hér að neðan sýnir.

Áfram var unnið að mótun námssviða í kennaranámi fyrir öll skólastig í samvinnu við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Markmið með námssviðum er að kennaranemar geti sérhæft sig í ákveðnum þáttum skólastarfs með hliðsjón af áherslum í nýjum aðalnámskrám mennta- og menningarmálaráðuneytisins og með tilliti til þarfa skólakerfisins.


Samstarf var aukið við innlenda og erlenda háskóla, sér í lagi í því skyni að auka möguleika nemenda til sérhæfingar, einkum í náttúrufræði og í list- og verkgreinum.

Töluverðar breytingar hafa orðið á starfi Kennaradeildar þar sem allir verðandi kennarar þurfa nú að ljúka meistaraprófi. Það hefur þau áhrif að stærri hluti nemenda en áður mun stunda nám á meistarastigi. Á árinu var unnið að því að styrkja umgjörð meistaraverkefna í nýju kennaranámi í ljósi þess að mun fleiri nemar þurfa nú leiðsögn við meistaraprófsverkefni en áður. Meistaraprófskrafan

felur einnig í sér þá nýbreytni að kennaraefni munu stunda vettvangsnám á meistarastigi og er vonast til að það skapi jarðveg fyrir aukna skólaþróun í samstarfsskólum Menntavísindasviðs.

## KENNADEILD

### Nýtt kennaranám – margar leiðir



- 1) Með sérstöku vali á viðkomandi námsleiðum.
- 2) Faggreinakennsla í grunnskóla og Kennslufræði grunnskóla veita heimild til að kenna sína kennslugrein í byrjunaráföngum framhaldsskóla.
- 3) Kennslufræði framhaldsskóla veitir einnig heimild til að kenna sína kennslugrein í 8.-10. bekk grunnskóla. Þeir sem lokið hafa meistara- eða doktorsprófi í kennslugrein framhaldsskóla geta tekið 60e diplómu og fengið heimild til að kenna í framhaldsskólum.

## Rannsóknir

Kennarar í deildinni leggja áherslu á rannsóknir á sviði náms og kennslu í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum, háskólum og fullorðinsfræðslu. Þær beinast m.a. að námi og kennslu einstakra námsgreina eða námssviða eða að almennari atriðum skólastarfs, s.s. kennslu barna með sérþarfir, lýðræði í skólastarfi, líðan og námsárangri og samstarfi við foreldra. Rannsóknir tengjast nokkrum rannsóknastofum á sviðinu, m.a. um menntunarfræði ungra barna, upplýsingatækni og skólustarf, um skóla án aðgreiningar, mál og læsi og um kennslufræði og starfshætti í skólum. Kennarar deildarinnar taka einnig þátt í þróunarstörfum í skólum, ýmist sem rannsakendur eða sem ráðgjafar. Samstarf um rannsóknir er við aðra háskóla, t.d. við Háskólann á Akureyri.

## Gæðamál

Á árinu var haldið áfram að meta markvisst innra starf Kennaradeildar. Bæði kennarar og nemendur tóku þátt í sjálfsmatinu. Ákveðið er að gæðaúttekt fari fram í Kennaradeild á skólaárinu 2014–2015.

Haldnir voru matsfundir með nemendum á flestum námsbrautum. Námsbrautarstjórar sáu um framkvæmdina. Niðurstöður fundanna voru ræddar innan brautanna.

Haldið var áfram að þróa stað- og fjarnám í sömu námskeiðum í stað þess að áður hafði stað- og fjarnám farið fram í aðskildum hópum. Verið er að þróa kennsluhætti með hjálp nýrrar tækni til að mæta þörfum sem flestra nemenda og fjölbreytilegra viðfangsefna.

Unnið var að endurskoðun hæfniviðmiða námskeiða í leik- og grunnskólakennaranámi samkvæmt viðmiðaramma um æðri menntun og prófgráður.

## Brautskráðir stúdentar frá Kennaradeild 2013

### Kennaradeild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
B.Ed.	Faggreinakennsla í grunnskóla	3	6	9
	Grunnskólakennarafræði	19	78	97
	Grunnskólakennsla	2	8	10
	Kennsla ungra barna í grunnskóla		2	2
	Leikskólakennarafræði		24	24
<b>B.Ed. Alls</b>		<b>24</b>	<b>118</b>	<b>142</b>
Grunndiplóma	Kennslufræði	1		1
	Kennslufræði fyrir iðnmeistara	11	12	23
<b>Grunndiplóma Alls</b>		<b>12</b>	<b>12</b>	<b>24</b>
M.Ed.	Kennslufræði framhaldsskóla	1	1	2
	Kennslufræði grunnskóla		2	2
	Leikskólakennarafræði		2	2
	Náms- og kennslufræði	2	26	28
<b>M.Ed. Alls</b>		<b>3</b>	<b>31</b>	<b>34</b>
MA	Náms- og kennslufræði		1	1
<b>MA Alls</b>			<b>1</b>	<b>1</b>
Viðbótardiplóma	Kennslufræði		1	1
	Kennslufræði framhaldsskóla	11	24	35
	Kennslufræði háskóla	1	7	8

	Leikskólakennarafræði	1	1
	Náms- og kennslufræði	5	5
<b>Viðbótardiplóma Alls</b>		<b>12</b>	<b>38</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		51	200
			251

## Uppeldis- og menntunarfræðideild

### Almennt yfirlit og stjórn

Í Uppeldis- og menntunarfræðideild eru fjórar námsbrautir:

- Menntunarfræði og margbreytileiki. Formaður námsbrautarinnar var Ólafur Páll Jónsson dósent.
- Menntastjórnun og matsfræði. Formaður námsbrautarinnar var Börkur Hansen prófessor.
- Nám fullorðinna. Formaður námsbrautarinnar var Hróbjartur Árnason lektor.
- Sálfræði í uppeldis- og menntavísindum. Formaður námsbrautarinnar var Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor.

Meginstefna deildarinnar er að stunda rannsóknir á ýmsum viðfangsefnum sem tengjast uppeldi og menntun og skapa námsumhverfi á grunn-, meistara- og doktorsstigi fyrir þá sem vilja efla sig sem fagmenn á sviði kennslu, rannsókna, stjórnunar eða í öðru starfi á vettvangi uppeldis og menntunar.

### Deildarforseti og deildarráð

Deildarforseti var Hanna Ragnarsdóttir prófessor og varadeildarforseti Ólafur Páll Jónsson dósent. Í deildarráði sitja deildarforseti, formenn námsbrauta og fulltrúar nemenda. Þeir voru Elmar Orri Gunnarsson (grunnám) og Ármann Halldórsson (framhaldsnám) á vormisseri og Anna Birna Fossberg Óskarsdóttir (grunnám) og Júlíana Vilhjálmsdóttir (framhaldsnám) á haustmisseri.

Deildarstjóri Uppeldis- og menntunarfræðideildar var Ásdís Hrefna Haraldsdóttir og annaðist hún stjórnslu deildarinnar.

### Starfsfólk

Í deildinni störfuðu samtals 20 kennarar, tólf prófessorar, þrjú dósentar, fjórir lektorar og einn aðjunkt. Þrettán þeirra eru í fullu starfi en sjö í hlutastarfi. Auk þess störfuðu nokkrir stundakennarar við deildina.

Uppeldis- og menntunarfræðideild		
Aðjunktur	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	1	0,25
– karlar	0	0
Lektorar		
– konur	3	3
– karlar	1	1
Dósentar		
– konur	2	2
– karlar	1	1



Prófessorar		
– konur	8	5,3
– karlar	4	3,33
Samtals	<b>20</b>	<b>15,88</b>

## Nám og kennsla

Í Uppeldis- og menntunarfræðideild er boðið upp á fjölbreytt nám í uppeldis- og menntunarfræði, bæði með innlendum og alþjóðlegum áherslum. Nemendum gefst kostur á að læra um nám, þroska, uppeldi, menntun og stjórnun, m.a. frá sjónarhóli menntunarfræði, sálfræði, félagsfræði, heimspeki og siðfræði. Jafnframt er lögð rík áhersla á undirbúning fyrir frekari rannsóknir og tengsl við væntanlegan starfsvettvang.

Árið 2012 var unnið að skipulagsbreytingum í deildinni sem fólu í sér sameiningu fræðigreinanna fjölmeningarfræði annars vegar og sérkennslufræði hins vegar. Áður höfðu námskeið í þessum greinum verið sameinuð og hafði sú sameining gefist vel. Sameining fræðigreinanna í eina námsbraut undir heitinu „menntunarfræði og margbreytileiki“ er einnig í takt við þróun náms í áðurnefndum fræðigreinum í öðrum löndum og fellur vel að íslenskri menntastefnu og nýjum aðalnámskrám. Allar námsleiðir í meistaranámi í þessum tveimur greinum voru fluttar á nýju námsbrautina frá og með hausti 2013.

Á tveimur námsleiðum í deildinni fer öll kennsla fram á ensku. Það eru BA- og MA-námsleiðir í alþjóðlegu námi í menntunarfræði, International Studies in Education, og er tekið við umsóknum á þær námsleiðir annað hvert ár, s.s. fyrir háskólaárið 2013–2014 á BA-leiðina.

### Grunnnám

Í grunnnámi er tvenns konar nám í boði innan menntunarfræði og margbreytileika:

- Uppeldis- og menntunarfræði, BA, 180e eða 120 e
- Alþjóðlegt nám í menntunarfræði – International Studies in Education, BA, 180e

### Framhaldsnám

Í framhaldsnámi er fjölbreytt starfs- og rannsóknatengt nám á meistara- og doktorsstigi sem er í boði bæði fyrir þá sem hafa nýlokið grunnnámi og fyrir starfandi kennara og stjórnendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Innan námsbrautanna fjögurra ljúka nemendur 120 eininga M.Ed.- eða MA-námi í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á ákveðna námsleið. Þær eru:

- Alþjóðlegt nám í menntunarfræði, MA (ekki kennt 2013–2014)
- Áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn, MA
- Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun, M.Ed., MA
- Lífsleikni, sjálfsmyndir og farsæld, M.Ed., MA
- Lýðræði, jafnrétti og fjölmening, M.Ed. og MA
- Matsfræði, MA
- Nám fullorðinna, M.Ed., MA
- Sérkennslufræði, M.Ed., MA
- Stjórnunarfræði menntastofnana, M.Ed., MA
- Uppeldis- og menntunarfræði, M.Ed., MA
- Þroski, mál og læsi, MA

## Rannsóknir

Helstu rannsóknarvið kennara í Uppeldis- og menntunarfræðideild eru heimspeki, fjölmeningarfræði, menntastjórnun, nýsköpun og mat á skólastarfi, nám fullorðinna, kynja- og

jafnréttisfræði, uppeldis- og þroskasálfræði, bernsku- og æskulýðsfræði, sérkennslufræði og skóli án aðgreiningar, sem og þroski, mál og læsi. Kennarar í deildinni eiga m.a. aðild að rannsóknnum í eftirtöldum rannsóknastofum eða stýra þeim: Rannsóknastofu í bernsku- og æskulýðsfræðum, Rannsóknastofu í fjölmenningsfræðum, Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun, Rannsóknastofu um skóla án aðgreiningar, Rannsóknastofu um þroska, mál og læsi barna og unglinga, Rannsóknastofu um skólustarf, Rannsóknastofu í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólustarfi og Rannsóknasetrinu Lífshættir barna og ungmenna.

Sem dæmi um samstarfsverkefni sem kennarar deildarinnar stýra eða eru þátttakendur í má nefna: Starfshættir í grunnskólum, Fjölbreyttir kennarahópar og fjölbreyttir nemendahópar, Námsvettvangur menntunar án aðgreiningar og félagslegs réttlætis: Sögur um velgengni nemanda af erlendum uppruna og skóla á Íslandi, Jafnréttismál kynja í skólum og kennaramenntun, Þekking barna á ofbeldi á heimilum, Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi, Félagsþroski og siðferðiskennd barna og ungmenna, Áhættuhegðun og seigla ungs fólks, Lífsviðhorf og gildismat ungs fólks í fjölmenningsarsamfélagi, Uppeldissýn foreldra og kennara, Hvað einkennir íslenskt lýðræði? og Starfsvenjur, gildi og skilningur.

## Tengsl við vettvang

Kennarar við deildina sinna margvíslegri þjónustu við vettvang, auk hefðbundinna rannsókna. Þeir hafa t.a.m. farið í fjölmargar heimsóknir í leik-, grunn- og framhaldsskóla í tengslum við innleiðingu nýrra aðalnámskráa. Einnig hafa kennarar deildarinnar tekið þátt í endurmenntun kennara og sinnt margvíslegu þróunarstarfi í skólum, svo að eitthvað sé nefnt.

## Gæðamál

Sjálfsmat Uppeldis- og menntunarfræðideildar var unnið við deildina á skólaárinu 2012–2013 í samræmi við nýja rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi (Icelandic Quality Enhancement Framework) og handbók gæðaráðs háskóla. Í upphafi var stofnaður sjálfsmatshópur sem skipulagði sjálfsmatið og að lokum var skrifuð sjálfsmatsskýrsla í samræmi við viðmið frá Háskóla Íslands um sjálfsmat, skipulag, tímaáætlun og ferli sjálfsmats deilda. Sjálfsmatið var byggt á tölfræðilegum gögnum frá Háskóla Íslands, könnunum sem Félagsvísindastofnun gerði meðal innritaðra og brautskráðra nemenda, upplýsingum úr rýnihópum nemenda og kennara í deildinni, könnunum með kennurum og meistaranemum í deildinni, viðtali við deildarforseta og rannsókn tveggja kennara deildarinnar. Sjálfsmatið fór að mestu leyti fram haustið 2012 en undirbúningur þess hófst vorið 2012. Sjálfsmatsskýrsla var skilað í byrjun árs 2013. Vinna við eftirfylgni fór fram árið 2013.

Árleg kennslukönnun var gerð vorið 2013 og einnig voru haldnir sérstakir matsfundir á öllum fjórum brautum deildarinnar með nemendum á lokastigi í meistaranámi og meðal nemenda í grunnnámi. Niðurstöður fundanna voru ræddar í deildarráði og á deildarfundum. Deildarforseti átti starfsmannasamtal við alla kennara deildarinnar.

## Markaðs- og kynningarmál

Starfsfólk deildarinnar, ásamt fulltrúum nemenda, tók þátt í sameiginlegum kynningum Háskóla Íslands á námsframboði á grunn- og framhaldsstigi, auk þess sem framhaldsnám var sérstaklega kynnt nemendum og starfandi kennurum í mars í húsakynnum sviðsins við Stakkahlíð.

## Brautskráðir stúdentar frá Uppeldis- og menntunarfræðideild 2013

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BA	Alþjóðlegt nám í menntunarfræði		5	5
	Uppeldis- og menntunarfræði	4	21	25
<b>BA Alls</b>		<b>4</b>	<b>26</b>	<b>30</b>
Doktorspróf	Menntunarfræði	1		1
	Uppeldis- og menntunarfræði	1	1	2
<b>Doktorspróf Alls</b>		<b>2</b>	<b>1</b>	<b>3</b>
M.Ed.	Fjölmening		1	1
	Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun		1	1
	Menntunarfræði	1	4	5
	Sérkennslufræði		16	16
	Stjórnunarfræði menntastofnana	3	7	10
	Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á lífsleikni og jafnrétti		1	1
<b>M.Ed. Alls</b>		<b>4</b>	<b>30</b>	<b>34</b>
MA	Alþjóðlegt nám í menntunarfræði		4	4
	Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn		2	2
	Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á lífsleikni, sjálfsmyndir og farsæld		1	1
	Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á sérkennslufræði		1	1
<b>MA Alls</b>			<b>8</b>	<b>8</b>
Doktorspróf	Menntavísindi	1		1
<b>Doktorspróf Alls</b>		<b>1</b>		<b>1</b>
Viðbótardiplóma	Sérkennslufræði		4	4
	Stjórnun menntastofnana	1	2	3
	Uppeldis- og menntunarfræði		4	4
	Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á sérkennslufræði		2	2
	Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á stjórnun menntastofnana		1	1
<b>Viðbótardiplóma Alls</b>		<b>1</b>	<b>13</b>	<b>14</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>12</b>	<b>78</b>	<b>90</b>

## Menntavísindastofnun

Menntavísindastofnun er rannsókn- og fræðastofnun sem sinnir einnig starfsþróun á vettvangi menntavísinda og starfar við Menntavísindasvið. Stofnunin sinnir rannsóknum, ráðgjöf og þjónustuverkefnum sem tengjast viðfangsefnum á sviði menntavísinda. Meginhlutverk Menntavísindastofnunar er að efla rannsóknir og rannsóknahverfi í menntavísindum, stuðla að sýnileika rannsókna og vinna að starfsþróun á vettvangi menntamála. Innan vébanda Menntavísindastofnunar starfa 22 rannsóknastofur, sem sinna fjölbreyttum rannsóknum á sviði

menntunar, uppeldis og þjálfunar. Menntavísindastofnun þjónar starfsmönnum Menntavísindasviðs, rannsóknastofum, stofnunum, opinberum aðilum og félagasamtökum.

Menntavísindastofnun er ætlað að efla rannsóknir og rannsóknnaumhverfi á Menntavísindasviði með því að veita rannsóknastofum og einstökum rannsakendum aðstoð við að skipuleggja rannsóknir, sækja um styrki í rannsóknasjóði, birta niðurstöður rannsókna sinna og leita upplýsinga um rannsóknasjóði og aðrar fjármögnunarleiðir, bæði innlendar og erlendar. Enn fremur er stofnuninni ætlað að stuðla að símenntun og starfsþróun á vettvangi menntamála og greiða fyrir ráðstefnum, málstofum, fyrirlestrahaldi og útgáfustarfsemi sem tengist rannsóknum á sviðinu. Menntavísindastofnun ber einnig faglega ábyrgð á árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs, Menntakviku: rannsóknum, nýbreytni og þróun og henni er ætlað að stuðla að samstarfi rannsakenda við fræðimenn og tengdar stofnanir, innan sem utan Háskóla Íslands. Þá er henni ætlað að sinna rannsókn- og þjónustuverkefnum sem tengjast fræðasviði Menntavísindasviðs, stuðla að sýnileika sviðsins og styðja við þróunarverkefni sem unnin eru á sviðinu.

Á fundi háskólaráðs 4. apríl 2013 var samþykkt ný reglugerð fyrir Menntavísindastofnun. Þar er starfsemi Símenntunar, rannsókna og ráðgjafar (SRR) felld inn í starfsemi stofnunarinnar og hlutverk hennar aukið að sama skapi við að efla rannsóknir, starfsþróun og rannsóknarumhverfi á sviði menntavísinda.

## Stjórn og starfsfólk

Stjórn Menntavísindastofnunar færðist frá rannsóknarráði Menntavísindasviðs til stjórnar sviðsins með reglugerðarbreytingu sem háskólaráð samþykkti 4. apríl 2013. Stjórn Menntavísindasviðs er því jafnframt stjórn Menntavísindastofnunar.

Forstöðumaður stofnunarinnar er Kristín Erla Harðardóttir. Á árinu störfuðu hjá stofnuninni: Edda Kjartansdóttir, forstöðumaður starfsþróunar, Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir og Sigrún Sif Jóelsdóttir verkefnisstjórar, Jóhanna Eyrún Torfadóttir og Heiða María Sigurðardóttir aðferðafræðingar og Gerður G. Óskarsdóttir sérfræðingur.

Um mitt árið var húsnæði Menntavísindastofnunar stækkað til að koma til móts við aukna starfsemi og þær fyrirætlanir stofnunarinnar að búa starfsfólki sameiginlegan starfsvettvang og aðstöðu fyrir nýdoktora og rannsóknastofur.

## Helstu verkefni á árinu

Samstarf um starfsþróun, rannsóknir og ráðgjöf við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar var staðfest með undirritun viljayfirlýsingar Menntavísindasviðs og Skóla- og frístundasviðsins í janúar 2013.

Leiðtogar í heimabyggð er samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Skólastjórafélags Íslands og Félags stjórnenda í leikskólum. Menntavísindasviði var í kjölfarið falið að halda utan um það.

Þrjár kannanir voru gerðar í tengslum við leikskólanám á Menntavísindasviði. Tvær kannananna voru gerðar fyrir námsbraut í menntun ungra barna í leik- og grunnskóla. Þessar tvær kannanir voru annars vegar gerðar meðal ófaglærðra starfsmanna í leikskólum og hins vegar meðal leikskólastjóra og fjölluðu um möguleika á endurmenntun. Sú þriðja var gerð fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og fjallaði um þekkingu framhaldskólanema sem eru að klára stúdentspróf á starfi innan leikskóla og hvert þeir stefna eftir stúdentspróf.

Gerður var samstarfssamningur um gagnkvæman aðgang að gögnum Menntavísindasviðs og mennta- og menningarmálaráðuneytisins og um að sviðið fái aðgang að auglýsingaherferð sem ráðuneytið, Kennarasambandið og Samband íslenskra sveitafélaga hyggst fara í til að efla áhuga ungs fólks á þessum starfsvettvangi.

Gerð var spurningakönnun fyrir námsbraut í þroskþjálfrafræðum og unnið var úr spurningakönnun fyrir Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun.

Unnið var með Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um þátttöku í rýnihópavinnu og framkvæmd spurningakannana í því skyni að meta áhuga fólks með litla skólagöngu á að sækja endurmenntun.

Unnið er að samningum um eignarhald og aðgang að gögnum rannsakenda á Menntavísindasviði, bæði rannsakenda innan sviðsins og við önnur fræðasvið skólans, sem og milli rannsakenda og doktorsnema.

Á árinu var unnið við stofnunina við að aðstoða starfsmenn á sviðinu við að rita fræðigreinar, þeim var veittur aðferðafræðilegur stuðningur, þeir aðstoðaðir við að sækja um styrki í innlenda og alþjóðlega rannsóknasjóði og unnið var að uppsetningu gagnagrunns fyrir rannsóknagögn þeirra.

## **Starfspróun Menntavísindastofnunar**

Starfspróun Menntavísindastofnunar er sá hluti Menntavísindastofnunar sem varð til við sameiningu Símenntunar – rannsókna – ráðgjafar og Menntavísindastofnunar á árinu.

Starfspróun Menntavísindastofnunar stendur fyrir námskeiðum, fræðslufundum og fyrirlestrum fyrir skóla, stofnanir, félagasamtök og einstaklinga og vinnur ýmis fagleg þjónustuverkefni, einkum fyrir skóla og sveitarfélög. Starfspróun tekur einnig þátt í að skipuleggja ráðstefnur og starfspróunarstjóri vinnur með vettvangsráði sviðsins. Starfspróunarstjóri var Edda Kjartansdóttir.

Á árinu voru sex námskeið auglýst á vegum starfspróunar Menntavísindastofnunar án styrkja (þ.e. þáttakendur báru sjálfir allan kostnað af þeim) og alls sóttu þau 124 þátttakendur. Auk þess voru haldin námskeið og fyrirlestrar í nokkrum skólum og í samstarfi við skólaskrifstofur á landsbyggðinni og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur.

Starfspróun Menntavísindastofnunar fékk styrk úr endurmenntunarsjóði grunnskóla til að halda námskeið um verkefnahugmyndir í textilkennslu, skapandi kennsluhætti í leik- og grunnskólum og skapandi stærðfræði. Tvö síðarnefndu námskeiðin voru haldin og sóttu þau samtals 60 manns. Það fyrstnefnda var geymt til ársins 2014.

Verkefnið Leiðtogar í heimabyggð var unnið árið 2013 fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands. Á vormisseri voru haldnar átta vinnustofur á átta stöðum á landinu. Þangað sóttu 352 leiðtogar í leik- og grunnskólum sér fræðslu um breytingarstjórnun og fræddust um hvernig best væri að vinna með að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár ásamt starfsfólki sínu. Á haustmisseri voru haldnar framhaldsvinnustofur á fimm stöðum og þær sóttu 98 manns þar sem fjallað var um námsmat.

Deildir Menntavísindasviðs buðu upp á stök einingabær námskeið og hélt starfspróun Menntavísindastofnunar utan um skráningu í þau og samskipti við nemendur og Nemendaskrá. Fjögur slík námskeið voru í boði á vormisseri og skráðu 29 nemendur sig í þau. Á haustmisseri voru 18

slík námskeið í boði og 26 nemendur skráðu sig í þau. Ekki greiddu þó allir þessir nemendur skráningargjöld og þegar til kastanna kom hófu 13 nám á vormisseri og 14 á haustmisseri.

Starfspróun Menntavísindastofnunar hefur umsjón með Pestalozzi-námskeiðum á vegum Evrópuráðsins og sóttu tveir Íslendingar lengri vinnustofu á þeirra vegum á árinu. Starfspróun Menntavísindastofnunar hafði dreifingu tímaritsins Uppeldi og menntun með höndum á árinu.

## Rannsóknastofur

Á Menntavísindasviði eru starfræktar 23 rannsóknastofur sem heyra undir Menntavísindastofnun. Ein ný var stofnuð á árinu, Rannsóknastofa um skapandi skólastarf (RASK) og önnur eldri, Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna, var færð alfarið undir Menntavísindastofnun frá Félagsvísindastofnun en hafði áður heyrt undir báðar stofnanirnar.

### Rannsóknastofur á Menntavísindasviði í stafrófsröð

- Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna
- Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum
- Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum
- Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu
- Rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræði
- Rannsóknastofa í kennslufræði
- Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi
- Rannsóknastofa í menntunarfræði ungra barna
- Rannsóknastofa í tónlistarfræðum
- Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun
- Rannsóknastofa í þroskaþjálfarfræðum
- Rannsóknastofa námsgagna
- Rannsóknastofa um háskóla
- Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun
- Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls
- Rannsóknastofa um námskrár, námsmat og námsskipulag
- Rannsóknastofa um náttúrufræðimenntun
- Rannsóknastofa um skapandi skólastarf
- Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar
- Rannsóknastofa um starfendarannsóknir
- Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun
- Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglunga
- Rannsóknastofa um þróun skólastarfs

### Rannsóknastofur á Menntavísindasviði ásamt Menntavísindastofnun eftir stofnári

Stofnár	Rannsóknastofnun/Rannsóknastofa
2007	Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglunga
2008	Rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræði (RÍH) Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum (BÆR) Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls (RANNMÁL) Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun

2009	Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun (RannUM) Rannsóknastofa um háskóla Rannsóknastofa um þróun skólastarfs Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi
2010	<b>Menntavísindastofnun (SRR sameinaðist henni 2013)</b> Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun (RannKYN) Rannsóknastofa í þroskaþjálfraeðum
2011	Rannsóknastofa í tónlistarfræðum
2012	Rannsóknastofa um námskrá, námsmat og námsskipulag (NNN) Rannsóknastofa námsgagna Rannsóknastofa um náttúrufræðimenntun Rannsóknastofa um starfendarannsóknir
2013	Rannsóknastofa um skapandi skólastarf (RASK) Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna (færðist til Menntavísindastofnunar)

### Nýjar rannsóknastofur á Menntavísindasviði

Rannsóknastofa um skapandi skólastarf var stofnuð þann 21. mars 2013. Markmiðið með rannsóknastofunni er að rannsaka skapandi skólastarf á öllum stigum skólakerfisins og miðla þeirri þekkingu. Stofan er vettvangur fyrir umræðu um skapandi skólastarf.

Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna var flutt frá Félagsvísindastofnun yfir til Menntavísindastofnunar á árinu. Helstu verkefni setursins eru tengd borgarvitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi, uppeldis- og menntunarsýn foreldra og kennara og áhættuhegðun og seiglu ungs fólks.

## Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna

### Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn stofunnar skipa: Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor, forstöðumaður, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor stjórnarformaður Félagsvísindastofnunar, og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, uppeldis- og menntunarfræðingur. Ný stjórn hefur ekki verið kosin eftir breytinguna.

Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna heyrir nú einvörðungu undir Menntavísindastofnun og var því breytt á árinu 2013. Setrið hafði frá upphafi heyrt undir Félagsvísindastofnun og frá árinu 2011 bæði undir Félagsvísindastofnun og Menntavísindastofnun.

Á árinu 2013 tóku eftirtaldar þátt í verkefnum á vegum setursins: Eva Harðardóttir, doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði og stundakennari við Menntavísindasvið, Eyrún María Rúnarsdóttir, doktorsnemi í uppeldissálfræði við Háskólann í Leiden Hollandi og aðjunkt við Menntavísindasvið, Hiroe Terada, doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði, Hrund Þórarinsdóttir, doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði og aðjunkt við Menntavísindasvið, Kristjana Stella Blöndal, lektor við Félagsvísindasvið og doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið, Margrét Aðalheiður Markúsdóttir, uppeldis- og menntunarfræðingur og Ragný Þóra Guðjohnsen, lögfræðingur, doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði og stundakennari við Menntavísindasvið.

### Rannsóknir

Unnið var að þremur meginrannsóknaverkefnum á árinu 2013. Tilteknir þættir rannsókna eru unnir í samstarfi við fræðimenn við Harvard University, Graduate School of Education. Vísindasjóður Rannís og Rannsóknasjóður Háskóla Íslands hafa styrkt rannsóknirnar. Þau voru:

- Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi  
Markmið rannsóknarinnar er að afla þekkingar og skilnings á borgaravitund ungs fólks til sjávar og sveita. Leitað er m.a. eftir hugmyndum þess um lýðræði, mannréttindi, þeim áhrifum sem það telur sig hafa á samfélag sitt, hvaða áhrif það vildi hafa og hvert gildismat þess er. Ungmennin eru á aldrinum 11, 14 og 18 ára í þremur byggðarkjörnum hér á landi (1500 ungmenni). Gögnum var safnað bæði með viðtölum og spurningalistum. Tilteknir þættir rannsóknarinnar eru unnir í samstarfi við Steinunni Gestsdóttur, dósent í Sálfræðideild Háskóla Íslands. Unnið var úr gögnum og að birtingu greina í ritrýnd íslensk rit.
  - Uppeldis- og menntasýn foreldra og kennara  
Fagvitund kennara: Greinaskrif í innlent ritrýnt rit.  
Uppeldissýn foreldra: Úrvinnsla gagna um uppeiddissýn feðra.
  - Áhættuhegðun og seigla ungs fólks: Langtímarannsókn  
Framhald á ritun bókar sem byggist á langtímagögnum (bæði spurningalistum og viðtölum) á ýmsum félagslegum, sálfræðilegum og uppeiddis- og menntunarfræðilegum þáttum í tengslum við áskoranir í lífi ungs fólks.
- Einnig var unnið að greinaskrifum í virt erlend rit um forspárþætti brotthvarfs ungs fólks frá námi.

### Kynningarstarfsemi

#### Opinberir fyrirlestrar á vegum setursins

Helen Haste, gestaprófessor við Harvard University, flutti erindið How Do Different Cultures Help us Understand Key Idea in Civic Engagement and Education? (21. ágúst 2013).

Starfsfólk setursins flutti jafnframt fjölda fyrirlestra um niðurstöður ofangreindra rannsókna á alþjóðlegum ráðstefnum, bæði erlendis og hér innanlands, og fyrir fagfólk sem tengist vettvangi í uppeiddis- og menntavísindum.

## Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum

### Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknastofu í bernsku- og æskulýðsfræðum sitja Gestur Guðmundsson prófessor, formaður og forstöðumaður, Guðrún Kristinsdóttir prófessor og Árni Guðmundsson. Varastjórn: Ólöf Garðarsdóttir prófessor og Guðrún Valsdóttir doktorsnemi. Rannsóknastofan var áður kölluð Rannsóknastofa í barna- og æskulýðsfræðum en forsvarsmenn stofunnar leggja áherslu á að hún sé kölluð Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum.

### Viðfangsefni

Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum sinnir rannsóknum á lífi og lífsskilyrðum barna, unglinga og ungmenna þar sem menntun og uppeiddi eru séð í heildrænu samhengi einstaklings og samfélags. Starf rannsóknastofunnar er þverfræðilegt og snýr að misgömlum fræðigreinum. Þeir sem standa að stofunni stunda rannsóknir á grunni eldri fræðigreina, t.d. félagsfræði, félagsráðgjafar, sagnfræði og sálarfræði, en oft eru rannsóknirnar engu að síður þverfaglegar og unnið er að þróunarstarfi í tólmstundafræði og félagsuppeiddisfræði en þær greinar eru nýjar í íslenskum háskólaheimi. Samlegðaráhrif þessa eru gefandi.

Rannsóknir Rannsóknastofu í bernsku- og æskulýðsfræðum hverfast um hnattræna og staðbundna bernsku- og æskulýðsmenningu og þátttöku barna og unglinga í mótun eigin lífs og ýmissa samfélagssviða. Þær lúta einnig að þróun og störfum fagstétta sem sinna málefnum barna og ungmenna, meðal annars vegna félagslegra ferla sem hindra farsæld, t.d. brotthvarf úr skóla eða fjölskylduvanda.



## Samstarf

Mikið innlent og erlent samstarf einkennir starf stofunnar og á það t.d. við um alla stjórnarmenn. Einstakir meðlimir stofunnar tóku þátt í mörgum ráðstefnum erlendis og hérlendis á árinu. Rannsóknastofan átti m.a. í samstarfi um málþing og ráðstefnur við ýmsa. Samstarfsaðilar um æskulýðsrannsóknir voru Kunskap í Dialog, Malmö Högskola o.fl. sem vinna að rannsókn- og þróunarverkefnum í æskulýðsmálum. Árni Guðmundsson, Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir og Jakob F. Þorsteinsson starfa saman að tólmstundafræðirannsóknnum. Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum tengist Nordic Youth Research Society með aðild Gestis Guðmundssonar að vísindanefnd reglubundinnar norrænnar ráðstefnu um ungmennarannsóknir, NYRIS, sem haldin var síðast við háskólann í Tallinn í Eistlandi 12.–14. júní 2013. Rannsóknastofan tekur einnig þátt í norrænu rannsóknasamstarfi í félagsráðgjöf með setu Guðrúnar Kristinsdóttur í ritstjórn Nordic Social Work Research, sem er ritrýnt tímarit, gefið út af norrænum rannsóknafélögum í félagsráðgjöf (Nordic Social Work Research Associations).

## Málstofur – ráðstefnuhald

Einstakir meðlimir Rannsóknastofu í bernsku- og æskulýðsfræðum tóku þátt í ráðstefnum erlendis og hérlendis. Stofan skipulagði ráðstefnuna Íslenskar æskulýðsrannsóknir 2013 í samstarfi við fleiri. Árni Guðmundsson var tengiliður stofunnar í þessu samstarfi.

Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum gekkst fyrir málstofu á Menntakvikun sem nefndist Eru markmið um virkni og þátttöku barna og unglunga að nást?

## Rannsóknir

Guðrún Kristinsdóttir vann að rannsókninni Þekking barna á ofbeldi á heimilum, þar sem hún leiðir hóp nema og kennara við rannsóknastofuna. Þau eru: Ingibjörg H. Harðardóttir lektor, Margrét Ólafsdóttir aðjunkt, Margrét Sveinsdóttir sérkennslustjóri, Nanna Þóra Andrédóttir fagstjóri og Steinunn Gestsdóttir, dósent við Sálfræðideild. Unnið var að skrifum bókar og greina um rannsóknina. Guðrún kynnti rannsóknina á þrettánda evrópsku ISPCAN-ráðstefnunni 9.–15. september í Dublin. Erindi Guðrúnar nefndist Children's Reactions to Invitation to Participation in Research on Violence at Home: An Icelandic Study Based on General Population.

Guðrún vann einnig að rannsókninni Queering the Icelandic Upper Secondary Schools. Heteronormative Discourse and the Experiences of Queer Students in Icelandic Upper Secondary Schools sem meðleiðbeinandi Jóns I. Kjaran doktorsnema. Hann stefnir á að verja doktorsritgerð sína á árinu 2014.

Árni Guðmundsson doktorsnemi vann að rannsókninni Fagmennska og æskulýðsstarf.

Gestur Guðmundsson vann að rannsókninni Aðgerðir gegn atvinnuleysi ungs fólks og ásamt Huldu Karen Ólafsdóttur birti hann grein um rannsóknina í Tímariti um menntarannsóknir. Gestur flutti fyrirlestur byggðan á rannsókninni á ráðstefnu norrænna æskulýðsrannsókna, NYRIS, í Tallinn, sem fyrr er greint frá.

## Rannsóknastofa í fjölmenningarfræðum

### Almennt yfirlit og stjórn

Aðalmarkmið Rannsóknastofu í fjölmenningarfræðum er að auka og efla rannsóknir á sviði fjölmenningarfræða og leitast við að skapa samstarfsvettvang fyrir rannsóknir á því sviði. Hún veitir

fræðimönnum á sviði íslenskrar fjölmenningar tækifæri til að sinna hluta rannsóknarskyldu sinnar á vegum stofunnar og rannsóknahópum tækifæri til að starfa á hennar vegum. Rannsóknastofan birtir afrakstur rannsókna sinna opinberlega meðal annars með því að miðla niðurstöðum í fræðigreinum og fræðiritum og á fyrirlestrum, málþingum og ráðstefnum.

### **Stjórn og starfsmenn**

Á árinu urðu formannsskipti í stjórn stofunnar þegar Gunnar J. Gunnarsson tók við af Hönnu Ragnarsdóttur. Þá hætti Karen Rut Gísladóttir í stjórninni. Stjórn stofunnar er nú þannig skipuð: Gunnar J. Gunnarsson formaður, Anna Katarzyna Wozniczka, Brynja Halldórsdóttir, Fríða B. Jónsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir og Toshiki Toma. Rannsóknastofan hefur enga starfsmenn en nýtur ýmiss konar aðstoðar Menntavísindastofnunar.

### **Viðburðir**

Á árinu var bryddað upp á þeirri nýjung að halda ársfund stofunnar og var hann haldinn 18. apríl. Þar voru kynnt helstu rannsóknaverkefni sem eru í gangi á vegum stofunnar, nýleg meistaraþrófsverkefni og áhugaverð þróunarverkefni á vettvangi.

### **Rannsóknir**

#### **Helstu rannsóknaverkefni og styrkir**

- Rannsóknin Lífsviðhorf og lífsgildi ungmenna í fjölmenningsarsamfélagi (2011–2014). Gunnar Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. Styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Menntavísindasviði.
- Rannsóknin Staða og reynsla ættleiddra barna og fjölskyldna þeirra á Íslandi (frá 2005). Elsa S. Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir.
- Rannsóknin Fjölbreyttir kennarahópar og fjölbreyttir nemendahópar (2011–2013). Hafdís Guðjónsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir, Hildur Blöndal, Robert Berman, Samuel Lefever, Karen Rut Gísladóttir, Anna Katarzyna Wozniczka og Fríða B. Jónsdóttir. Styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Menntavísindasviði.
- Rannsóknin Diverse Teachers for Diverse Learners (2011–2013). Þátttakendur eru frá Íslandi, Noregi, Finnlandi, Bretlandi og Kanada. Styrkt af NordForsk.
- Rannsóknin Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Four Nordic Countries (2013–2015). Þátttakendur eru frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Styrkt af NordForsk.

### **Samstarf**

Rannsóknastofan leitast við að eiga samstarf við ýmsa aðila á vettvangi, svo sem Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, ýmsa skóla, Samtökin Móðurmál o.fl. Það endurspeglast m.a. í því að í stjórn stofunnar eiga m.a. sæti verkefnastjóri fjölmenningar á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og sérfræðingar í fjölmenningsmálum, m.a. á sviði menntunar, trúarbragða og tungumála.

### **Útgáfa**

Á árinu kom út bókin Learning Spaces for Social Justice – International Perspectives on Exemplary Practices from Preschool to Secondary School. Er hún afrakstur af fjölbjörglega rannsóknaverkefninu Diverse Teachers for Diverse Learners og er styrkt af NordForsk. Ritstjórar bókarinnar eru Hanna Ragnarsdóttir og Clea Schmidt. Meðal höfunda eru Börkur Hansen, Hanna Ragnarsdóttir og Hildur Blöndal, sem öll starfa við Menntavísindasvið.

## Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu (Íslenskustofa) var formlega stofnuð 17. júní 2008. Fyrstu stjórn stofunnar skipuðu Sigurður Konráðsson, formaður, Ingibjörg Frímansdóttir og Baldur Hafstað, meðstjórnendur, og Veturlíði Óskarsson, varamaður. Veturlíði gekk úr stjórn þegar hann lét af störfum við Menntavísindasvið árið 2010. Árið 2011 tók Kristján Jóhann Jónsson við formennsku í stofunni og Hanna Óladóttir kom í stað Ingibjargar Frímansdóttur sem meðstjórnandi. Baldur Hafstað hefur nú gengið úr stjórn vegna þess að hann lætur af störfum en við sæti hans tekur Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. Varamaður er Þórður Helgason.

### Rannsóknir

Rannsóknastofan sótti um styrk til Rannís árið 2013 fyrir rannsóknaverkefnið Íslenska sem námsgrein og kennslutunga. Fékk umsóknin ekki brautargengi og styrkurinn var ekki veittur. Rannsóknastofan fjallaði ítarlega um þá gagnrýni sem fram kom í synjuninni og sótti aftur um styrkinn fyrir árið 2014. Söfnun gagna fyrir rannsóknina er langt komin og lýkur vonandi á vormisseri 2014. Þetta er langstærsta viðfangsefni stofunnar. Formaður hennar stýrir því en nánast allir íslenskukennarar í kennaradeildum á Íslandi hafa verið virkir í þessu verkefni og jafnframt fólk frá Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Samstarfsmenn okkar á Akureyri fengu styrk frá Háskólanum á Akureyri til þess að vinna að rannsókninni og samstarf milli skólanna tveggja hefur verið einkar gott. Menntavísindasvið, undir forystu Jóns Torfa Jónssonar, var traustur bakhjarl verkefnisins á sínum tíma og talaði fyrir stuðningi háskólans. Í framhaldi af því var Ásgrímur Angantýsson tímabundið ráðinn í hálf starf að verkefninu Íslenska sem námsgrein og kennslutunga. Samstarfsmenn á Norðurlöndum (í Noregi, Svíþjóð og Færeyjum) hafa sýnt áhuga á að tengjast verkefninu og stofna til hliðstæðra athugana í sínum löndum. Slíkt samstarf strandar enn á fjármagni en undirtektir við viðfangsefni móðurmálskennara hafa verið mjög góðar. Gerður G. Óskarsdóttir hefur frá upphafi verið ráðgjafi rannsóknastofunnar um félagsvísindalega þætti verkefnisins.

Rannsóknastofan nýtti alla sína krafta á árinu til þess að ljúka rannsókninni Íslenska sem námsgrein og kennslutunga og hélt málstofu á Menntakvikun þar sem rætt var um drög að niðurstöðum og uppgötvunum sem ef til vill eru í sjónmáli. Ásgrímur Angantýsson stýrði þeirri málstofu.

Stofan fékk í heimsókn nokkra kennara frá Akershus Videregående skole í Noregi og hélt með þeim fund um móðurmálskennslu.

## Rannsóknastofa í íþróttá- og heilsufræðum

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í íþróttá- og heilsufræðum var stofnuð 2008. Við rannsóknastofuna eru stundaðar rannsóknir í íþróttá- og heilsufræðum m.a. í þverfræðilegu samstarfi fræðimanna í öðrum deildum Háskóla Íslands, aðra háskóla og stofnanir héraendis og erlendis. Þar gefast meistara- og doktorsnemunum tækifæri til að vinna innan rannsóknateyma við rannsóknir sínar. Starfsemin er mjög virk og eru nokkur stór rannsóknaverkefni í gangi sem hafa fengið styrki úr innlendum og alþjóðlegum rannsóknasjóðum. Rannsóknastofan hefur ekki launaðan starfsmann og stjórn rannsóknastofunnar, sem var skipuð við stofnun hennar 2008, er ekki virk en Erlingur Jóhannsson prófessor hefur verið í forsvari fyrir hana undanfarin ár.

### Rannsóknir

Unnið er að nokkrum langtíma rannsóknaverkefnum við Rannsóknastofu í íþróttá- og heilsufræðum og eru þau bæði margbreytileg og þverfagleg. Á árinu voru m.a. eftirfarandi verkefni í gangi:

- Atgervi ungra Íslendinga. Markmiðið er að rannsaka langtímabreytingar á holdafari, hreyfingu og þreki, sem og andlegra og félagslegra þátta, í tveimur hópum unglinga (17 ára) og ungmenna (23 ára). Þátttakendur voru fengnir úr hópi þeirra sem tóku þátt í rannsókninni Lífsstíll 9 og 15 ára Íslendinga 2003–2004. Til rannsóknaverkefnisins fékkst þriggja ára verkefnisstyrkur frá Rannís. Fjórir doktorsnemar unnu með niðurstöður verkefnisins.
- Líkams- og heilsurækt eldri aldurshópa – íhlutunarrannsókn til bættrar heilsu og betri lífsgæða. Markmið verkefnisins var að rannsaka hvort sértækar íhlutunaraðgerðir með áherslu á breytt matarræði og aukna hreyfingu hefðu áhrif á holdafar, þol, lífsstíllsjúkdóma og lífsgæði hjá eldri Íslendingum. Til verkefnisins fékkst þriggja ára verkefnisstyrkur frá Rannís. Einn doktorsnemi vann með niðurstöður verkefnisins.
- Hreyfing, þrek, holdafar og efnaskiptaheilsa íslenskra barna með þroskhömlun (HEALTH-ID). Markmið rannsóknarinnar er að rannsaka mun á hreyfingu, þreki, holdafari og efnaskiptaheilsu barna með þroskahömlun og barna án þroskahömlunar og að skoða tengsl þroskahömlunar við ofangreinda þætti. Til rannsóknaverkefnisins fékkst þriggja ára verkefnisstyrkur frá Rannís. Einn doktorsnemi vann með niðurstöður verkefnisins.
- Heilsuefling í framhaldsskólum. Samstarfsverkefni Rannsóknastofu í Íþrótt- og heilsufræðum, Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og Barnaspítalans. Markmiðið er tvíþætt: að kanna heilsufarsleg áhrif af innleiðingu heilsueflandi framhaldsskóla og heilsuhegðun tengda henni á vegum Lýðheilsustöðvar og fylgja því verkefni eftir í fjögur ár.
- Lífsstíll 7 til 9 ára barna – íhlutunarrannsókn til bættrar heilsu. Frekari upplýsingar um verkefnið er að finna á vefnum: <http://vefsetur.hi.is/lifsstill/>.

### **Meistaraverkefni**

Alls voru 6 meistararnemar sem tengdust rannsóknastofunni brautskráðir á árinu. Viðfangsefnið í þessum verkefnum voru m.a. hreyfing og heilsa íslenskra grunnskólabarna með þroskafrávik, hreyfingarmælingar á íslenskum grunnskólabörnum með þroskafrávik, sérhæfð knattspyrnuþjálfun, styrkur grindarbotnsstöðva hjá íþróttakönnum og morgunmat og holdafar ungmenna.

### **Annað**

Rannsóknastofa í Íþrótt- og heilsufræðum er í samstarfi við nokkrar deildir innan Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, nokkra erlenda háskóla, Hjartavernd og The National Institute of Health í Bandaríkjunum. Rannsóknastofan er enn fremur hluti af European Youth Heart Study, sem er samstarf átta rannsóknastofa frá jafnmörgum háskólum. Hún er einnig í góðu samstarfi við íþróttahreyfinguna og líkamsræktarstöðvar á Íslandi.

## **Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi**

### **Almennt yfirlit og stjórn**

Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi var stofnuð árið 2009. Stofan er vettvangur fræðimanna á ofangreindum sviðum og er megináhersla lögð á rannsóknir. Stjórn stofunnar er skipuð fimm föstum kennurum sem eru í rannsóknasamstarfi. Í stjórn stofunnar sitja Anna Kristín Sigurðardóttir lektor, Arna H. Jónsdóttir lektor, Börkur Hansen prófessor, Guðný Guðbjörnsdóttir prófessor og Steinunn Helga Lárusdóttir dósent, sem er formaður stofunnar. Stofan hefur engan launaðan starfsmann og nýtur ekki styrkja.

### **Starfsemi**

Ráðgjafaráð hefur starfað við rannsóknastofuna frá upphafi og er það skipað fulltrúum frá Tækniskólanum, Skólastjórafélagi Íslands, Reykjavíkurborg, Námsmatsstofnun, Alþingi, menntamálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Skipunartími síðasta ráðgjafaráðs er útrunninn og stefnt er að því að skipa nýtt ráð.

Frá árinu 2011 hefur meginviðfangsefni rannsóknastofunnar verið rannsókn á áhrifum efnahagskreppunnar á skólastarf í þremur sveitarfélögum. Árið 2012 var birt grein um fyrsta áfanga rannsóknarinnar og á árinu 2013 var unnið að grein um annan áfanga og er stefnt að því að birta hana árið 2015. Rannsóknir á vegum stofunnar hafa verið kynntar víða, bæði á Íslandi og erlendis, á málþingum, málstofum og smiðjum. Á vegum stofunnar hafa verið haldin málþing og erlendir gestir eru af og til fengnir til fyrirlestrahalds.

## Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna var stofnuð 15. maí 2007 og var fyrsta rannsóknastofan sem stofnuð var við Kennaraháskóla Íslands. Aðalmarkmið rannsóknastofunnar er að auka og efla rannsóknir á menntun og uppeldi ungra barna á aldrinum 0 til 8 ára og vera vettvangur fræðapróunar á því sviði. Rannsóknastofunni er ætlað að eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum, miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna á sviðinu, m.a. með útgáfu fræðigreina og fræðiritra og með fyrirlestrahaldi. Á vegum rannsóknastofunnar taka vísindamenn og fagfólk höndum saman um rannsóknir og sinna brýnum og aðkallandi málefnum í íslensku samfélagi.

Í stjórn rannsóknastofunnar frá aðalfundi 9. október 2012 eru Arna H. Jónsdóttir, lektor á Menntavísindasviði, forstöðumaður, Kristín Karlsdóttir, lektor á Menntavísindasviði, Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður Félags stjórnenda leikskóla, Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, og Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, þróunarfulltrúi hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

Starfsmaður rannsóknastofunnar er Lena Sólborg Valgarðsdóttir, meistaranemi við Menntavísindasvið.

### Rannsóknaverkefni

- Gildi í leikskólastarfi er samstarfsverkefni Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna og Reykjavíkurborgar, styrkt af NordForsk. Markmið rannsóknarinnar er að auka skilning á þætti leikskóla í því að þróa, kenna og hlúa að ákveðnum lífsgildum (t.d. lýðræði, umhyggju, sköpun og frumkvæði). Rannsóknin er starfendarannsókn í tveimur leikskólum í Reykjavík. Verkefnið er hluti af norrænni rannsókn og stóð það yfir allt árið 2013 og var ekki lokið í árslok.
- Leikum, lærum og lifum var samstarfsverkefni Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu („Kragans“ svokallaða) á árunum 2012–2013. Markmiðið með verkefninu var að vinna með tengsl leiks og náms í leikskólum út frá námsviðmiðum aðalnámskrár. Verkefnið var byggt á starfendarannsóknum og þróunarvinnu sem fór fram í leikskólum þar sem meistaranemar og kennarar/leiðbeinendur af Menntavísindasviði studdu við hugmynda- og þróunarvinnuna í leikskólunum. Fimm leikskólar tóku þátt í verkefninu, einn í hverju sveitarfélagi.

Rannsóknastofan hefur lagt metnað sinn í að auka þátttöku meistara- og doktorsnema í starfsemi stofunnar. Á árinu tóku fimm meistaranemar þátt í rannsóknaverkefninu Leikum, lærum og lifum og tveir doktorsnemar taka þátt í rannsóknaverkefninu um gildi í leikskólastarfi.

### Bókaútgáfa

Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna hefur gefið út fimm bækur frá því að hún hóf göngu sína.

Síðla árs 2013 kom út bókin *Á sömu leið*, sem Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir ritstýrðu. Bókin fjallaði um starfendarannsókn á samfellu í námi barna gerð í leik- og grunnskólum í Reykjavík. Á árinu hófst undirbúningur bókar um verkefnið *Leikum, lærum og lifum*.

### **Málþing og ráðstefnur**

Morgunverðarfundur um fagmennsku 1. febrúar.

- Tinna Sigurðardóttir, leikskólakennari í leikskólanum Sunnuási, flutti erindið *Fagstétt í mótun*.
- Arna H. Jónsdóttir, lektor við Menntavísindasvið, flutti erindið *Veldur hver á heldur: Fagleg sjálfsmynd leikskólakennara*.
- Linda Björk Ólafsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri á leikskólanum Álfatúni, flutti erindið „Ég veit það ekki en ég skal hugsa það“.
- Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Menntavísindasvið, flutti erindið *Leitin að hinum fullkomna kennara*.

Málþing um starfsánægju og líðan leikskólakennara 28. febrúar.

- Ásdís Olga Sigurðardóttir leikskólakennari flutti erindið *Líðan deildarstjóra í leikskóla*.
- Guðrún Jóna Thorarensen, leikskólastjóri í Grandaborg, flutti erindið *Gagnsemi handleiðslu*.
- Guðrún Lára Magnúsdóttir, skólastjóri í leik- og grunnskóla Húnaþings vestra, flutti erindið *Þröskuldur? Leiðir til að auka starfsánægju*.
- Hrönn Pálmadóttir, lektor við Menntavísindasvið, flutti erindið *Áskoranir í starfi með ungum börnum í leikskóla*.
- Hanna Berglind Jónsdóttir, leikskólakennari í leikskólanum Hulduheimum á Akureyri, flutti erindið *Aðalnámskrá leikskóla – námsviðin í myndrænu formi*.

Málþingið *Hvað felst í gæðastarfi með yngstu börnum leikskólans: Réttur barna og hlutverk leikskólakennara* 7. nóvember.

- Arna H. Jónsdóttir, lektor við Menntavísindasvið, flutti erindið *Yngstu leikskólabörnin: Hvenær ættu þau að byrja og hversu lengi ættu þau að dvelja?*
- Hrönn Pálmadóttir, lektor við Menntavísindasvið, flutti erindið *Yngstu leikskólabörnin og leikur*.
- Þátttakendur í þróunarverkefninu Skína smástjórnur fjölluðu um starf sitt. Verkefnið er unnið í samstarfi leikskólanna Björtuhlíðar, Hálsaskóga, Langholts og Laugasólar.

Fyrirlestur 20. febrúar: Kristín Karlsdóttir, lektor við Menntavísindasvið, hélt fyrirlesturinn *Skráningar og mat í leikskólum, aðferðir, gildi og þátttaka barna*.

Fyrirlestur 10. október: Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir leikskólakennari fjallaði um *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og lífsmennt í leikskólastarfi*.

### **NERA-ráðstefnan 6.–9. mars**

Á NERA-ráðstefnunni tók Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna þátt í málstofunum *Menntun ungra barna 1 og 2* þar sem fluttir voru fyrirlestrar um *MAFAL-rannsóknina*, samanburðarrannsókn sem gerð var í Noregi og á Íslandi. Yfirheiti málstofanna var *Preschool Teachers' Professional Role in Iceland and Norway, Part 1 og 2*. Fyrirlesarar frá Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna voru Jóhanna Einarsdóttir (með erindið *Preschool Teachers and Assistants – What Are Their Views, Roles and Pedagogy?*), Bryndís Garðarsdóttir (*Professionalism in Preschool Teachers' and Assistants' Views on Their Competences*) og Arna H. Jónsdóttir (*Preschool Teachers and Assistants: Their Views on how Early Children Should Begin and how Long They Should Stay Daily in Preschools*).

- Hádegisrabb 21. mars: Anna Wahlström leikskólakennari flutti erindið Grunnþættir menntunar í þróunarverkefni um þátttöku barna í hönnun útileiksvæðis.
- Hádegisrabb 11. apríl: Fríða Bjarney Jónsdóttir, verkefnastjóri/ráðgjafi vegna fjölmennningar í leikskóla hjá Reykjavíkurborg, flutti erindið Allt sem þú þorir ekki að tala um verða fordómar seinna meir.
- Hádegisrabb 7. maí: Fanný Heimisdóttir leikskólastjóri flutti erindið Börnin vilja gjarnan innrétta sjálf.
- Hádegisrabb 2. október: Hanna Rós Jónasdóttir leikskólakennari fjallaði um meistarařitgerð sína „Þú þarft að vera búinn að afla þér þekkingar á mjög mörgum sviðum til þess að geta sýnt góða fagmennsku.“ Reynsla fimm leikskólakennara af eigin fagmennsku, andstæðum viðhorfum í samfélaginu og sýn á leikskóla framtíðarinnar.
- Hádegisrabb 25. október: Sara Margrét Ólafsdóttir leikskólakennari fjallaði um meistarařitgerð sína „Það skapar vellíðan að þurfa ekki að keppast við tímann“ – Áhrif ólíks skipulags á vellíðan barna í leikskóla.
- Hádegisrabb 14. nóvember: Alda Agnes Sveinsdóttir leikskólastjóri fjallaði um meistarařitgerð sína, Starfsumhverfi leikskólastjóra – Gildi og gildaklemmur.

## Menntakvika

Að vanda tók Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna þátt í Menntakviku, í þetta sinn með kynningum úr rannsókninni Leikum, lærum og lifum. Jóhanna Einarsdóttir hóf málstofuna með umfjöllun um rannsóknina og síðan tóku sérfræðingar, meistaranemar og þátttakendur í rannsókninni við og fjölluðu um ferli hennar í hverju sveitarfélagi.

## Annað

### Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna á veraldarvefnum

Rannsóknastofan sér um að halda úti heimasíðu sem hefur meðal annars það hlutverk að miðla fróðleik og koma á framfæri upplýsingum um starfsemi stofunnar. Á árinu var skipt um vefþjón og fékk heimasíðan þá nýtt útlit og nýja slóð: [www.menntavisindastofnun.hi.is/rannung](http://www.menntavisindastofnun.hi.is/rannung). Stofan heldur einnig úti síðu á Facebook þar sem viðburðir eru auglýstir, sem og á Facebook-síðu Menntavísindasviðs og heimasíðu Menntavísindastofnunar.

### Samstarfs- og styrktaraðilar

Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna hefur árlega fengið styrki frá Reykjavíkurborg og Menntavísindasvið Háskóla Íslands leggur henni til húsnæði fyrir skrifstofu. Einnig hafa Reykjavíkurborg, Félag leikskólakennara, Rannsóknasjóður Háskóla Íslands, Rannís, NordForsk, Nordplus, OMEP, Evrópuráðið og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu (Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ, auk Reykjavíkur) styrkt einstök verkefni.

## Rannsóknastofa í tónlistarfræðum

### Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknastofu í tónlistarfræðum sitja: Helga Rut Guðmundsdóttir, Rósa Þorsteinsdóttir, Sigrún Lilja Einarsdóttir og Jón Hrólfur Sigurjónsson. Ráðgjafaráð rannsóknastofunnar er skipað fulltrúum frá Listaháskóla Íslands, Félagi Tónlistarskólakennara, Háskólanum á Bifröst, Íslenski tónverkamiðstöð, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Tónlistardeild Ríkisútvarpsins, Tónlistarsafni Íslands, Tónmenntakennarafélagi Íslands og Þjóðlagasetrinu á Siglufirði.

### Ráðstefnur

Rannsóknastofa í tónlistarfræðum, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Háskólinn á Bifröst stóðu að ráðstefnu um rannsóknir á íslenskum tónlistararfi 18. janúar. Þar fjölluðu sex fræðimenn úr ólíkum áttum um íslenska tónmenningu og heimildir um tónlist fyrri tíma. Ráðstefnan var haldin í sal Háskólans á Bifröst við Hverfisgötu og þar voru eftirfarandi erindi flutt:

- Árni Heimir Ingólfsson: Lögin við sálma Kingos í íslenskum söngbókum
- Bjarki Karlsson: Síðbúin formbylting í dægurlagatextum
- Bjarki Sveinbjörnsson: Heimildir úr sendibréfum
- Móeiður Anna Sigurðardóttir: Afkomendur Árna og íslensku fiðlunnar
- Rósa Þorsteinsdóttir: Alþýðuhljóðfæri á Íslandi

### Samstarfsverkefni

Rannsóknastofan tekur þátt í verkefninu AIRS (Advancing Interdisciplinary Research in Singing) þar sem 70 rannsakendur frá 15 þjóðlöndum samhæfa vinnu sína í 7 ára samstarfsverkefni (2009–2016) sem styrkt er af kanadíska rannsóknarráðinu. Verkefnið styrkir íslenska nemendur til gagnasöfnunar og gagnaúrvinnslu í tengslum við söngrannsóknir. Á árinu fengu nemendurnir Björg Þórdsdóttir og Gunnhildur Una Jónsdóttir slíka styrki.

## Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun

### Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun voru á árinu (frá Menntavísindasviði) Sólveig Jakobsdóttir dósent, Þuríður Jóhannsdóttir dósent og Ágústa Pálsdóttir prófessor, ásamt framhaldsnemunum Skúlinu Hlíf Kjartansdóttur og Þorbjörgu St. Þorsteinsdóttur og auk þeirra voru fulltrúar stuðningsaðila rannsóknastofunnar í stjórn: Hlíf Böðvarsdóttir (frá Heimilum og skóla) og Bjarndís Fjóra Jónsdóttir/Elínborg Anna Siggeirsdóttir (frá 3f – félagi um upplýsingatækni og menntun). Að stofunni stóðu um 40 manns á árinu. Tveir stjórnarfundir voru haldnir á árinu og aðalfundur var haldinn í maí.

Tekjur á árinu (styrkir vegna verkefna o.fl.) voru 2.211 þús.kr. en útgjöld 2.209 þús.kr.

### Rannsóknir og þróunarstarf

Þeir sem eiga aðild að Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun hafa verið virkir í fjölmörgum smærri og stærri rannsóknum, samstarfsverkefnum og/eða þróunarverkefnum. Nokkur þau helstu eru eftirfarandi:

- NordForsk – Researcher Networks 2011–2014, samstarfsnetið NordLac (Learning Across Contexts, sjá <http://www.uv.uio.no/pfi/english/research/networks/nordlac/>). Þetta samstarf hefur styrkt rannsóknastofuna mikið. Tveir fundir voru haldnir á árinu í Gautaborg og Tartu.
- Samstarfsverkefnið Starfshættir í grunnskólum (2009–2011) styrkt af Rannís og fleiri aðilum. Lokið var kafla um upplýsingatækni í skólastarfi í bók um starfsháttaverkefnið (birting styrkt af Rannís).
- Fartækni og -nám. Matsrannsókn á þróunarverkefni um spjaltdölvunotkun í Norðlingaskóla (2012–2013), sem hófst árið 2012, var haldið áfram og meðal annars kynnt á innlendum og erlendum ráðstefnum og birt var grein um rannsóknina í erlendu ráðstefnuriti. Styrkur fékkst úr tækjakaupasjóði Háskóla Íslands til að kaupa fleiri spjaltdölvuset og smátölvur vegna rannsóknar og þróunarverkefna, símenntunar og kennslu kennaranema.
- Matsverkefni á vegum rannsóknastofunnar um spjaltdölvur í Álftanesskóla var hrundið af stokkunum.
- Sótt var um styrk til Rannís til verkefnisins STAFN (Skólaþróun, tækni, atbeini, farnám og nýsköpun) í samvinnu við marga aðila.



Rannsóknastofan hafði mikið samstarf á árinu við Menntamiðju (<http://www.menntamidja.is>) og tengd torg. Sótt var um styrk í rannsóknasjóð Rannís til áframhaldandi þróunar á Menntamiðju og tengdri starfsemi, til að styðja við starfssamfélög kennara og nýta og prófa samfélagsmiðla og stafrænt umhverfi í því skyni. Einnig fékkst styrkur úr Kennslumálasjóði háskólans í samvinnu við Menntamiðju til að standa að hönnunarsmiðju um framtíð menntunar sem haldin var á haustmisseri. Þá stóð rannsóknastofan að menntabúðum (EduCamp) í samvinnu við nýstofnað Upplýsingatæknitorg, Menntamiðju og fleiri aðila þar sem framhaldsnemar, kennarar á vettvangi og kennarar við Menntavísindasvið gátu komið saman, skipst á að kenna og deila reynslu af því að nota upplýsingatækni í námi og kennslu. Menntabúðirnar voru haldnar þrisvar á haustmisseri 2013. Unnið er að fræðilegum skrifum og rannsókn á þessari þróunarstarfsemi.

### Kynningarstarfsemi

- Ein málstofa var haldin á vormisseri 2013. Dana Ruggiero, dósent við Bath Spa University í Bretlandi, hélt erindi um tölvuleiki: Persuasive computer games – serious games.
- Rannsóknastofan tók þátt í undirbúningi og skipulagningu alþjóðlega netöryggisdagsins með SAFT og Heimilum og skóla 5. febrúar 2013. Tvær málstofur þar voru með „fiskabúrsniði“.
- Þá var skipulögð málstofa á NERA-ráðstefnunni (Nordic Educational Research Association) í mars í samstarfi við NordLAC. Yfirskrift málstofunnar var Extending Learning and Agency Across Contexts with Mobile Devices and Mobile Learning Practices. Flutt voru þrjú erindi.
- Rannsóknastofan tók þátt í undirbúningu Menntakviku – málþings Menntavísindasviðs í lok september, kom af stað ráðstefnutísti á Twitter og skipulagði tvær málstofur með sjö erindum. Þetta var blandað efni frá kennurum og framhaldnemum, svo og af vettvangi.
- Tengslanet á vegum rannsóknastofunnar, sem sett var upp á Ning (<http://utmidlun.ning.com>) 2009, var áfram þróað og eru þar nú skráðir vel yfir 200 meðlimir.
- Vef rannsóknastofunnar á <http://skrif.hi.is/rannum> hefur jafnframt verið haldið úti á árinu.

## Rannsóknastofa í þroskaþjálfrafræðum

### Almennt yfirlit

Rannsóknastofa í þroskaþjálfrafræðum var stofnuð á árinu 2010. Henni er ætlað að vera víðtækur vettvangur rannsókna, ráðgjafar og þróunarstarfs á sviði þroskaþjálfrafræða. Markmið rannsóknastofunnar er að stuðla að auknum rannsóknum á þessu sviði með það að leiðarljósi að auka þekkingu og skilning á lífi, aðstæðum og málefnum fatlaðs fólks á öllum aldri, auk þess að efla og eiga frumkvæði að rannsóknum og þróunarstarfi á sviðinu með áherslu á störf og starfsvettvang þroskaþjálfra. Þá felst mikilvægur þáttur í starfsemi rannsóknastofunnar í því að stuðla að aukinni þekkingu á sviðinu með fræðslu, ráðstefnuhaldi og málstofum og að þróa menntun fyrir fólk með þroskahömlun í háskóla og efla rannsóknir og þróunarstarf á því sviði.

### Stjórn

Stjórn stofunnar skipa: Guðrún V. Stefánsdóttir dósent, formaður, Ástríður Stefánsdóttir dósent, Kristín Björnsdóttir lektor, Jóna Ingólfssdóttir aðjunkt og Vilborg Jóhannsdóttir lektor. Í ráðgjafaráði stofunnar eiga eftirtaldir sæti: Friðrik Sigurðsson (frá Landssamtökunum Þroskahjálp), María Hildipórsdóttir (frá ráðgjafarmiðstöðinni Sjónarhóli), Laufey Gissurardóttir (frá Þroskaþjálfafélagi Íslands) og Ína Valsdóttir (frá Átaki – félagi fólks með þroskahömlun).

### Yfirstandandi rannsóknir

Tvö rannsóknaverkefni standa nú yfir. Auk þess vinna tveir doktorsnemar, þær Anna Björk Sverrisdóttir og Telma Kjaran, lokaverkefni sín í tengslum við verkefni rannsóknastofunnar.

Rannsókn um sjálfræði fólks með þroskahömlun

Rannsóknin hófst 2011 og er markmiðið með henni að varpa ljósi á skilning fólks með þroskahömlun á sjálfræði og fullorðinshlutverki og reynslu þess af því að lifa sjálfstæðu lífi. Rannsókuð verða karlar og konur með þroskahömlun á aldrinum 26-66 ára og er áætlað að rannsóknin taki fjögur ár. Samstarfsaðili rannsóknastofunnar í þessu verkefni eru Landssamtökin Þroskahjálp, Open University í Bretlandi og Nora Fry Research Center í Bristol í Bretlandi. Sumurin 2011, 2012 og 2013 fengust styrkir, fjórir mannmánuðir hvert ár, úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til verkefnisins og unnu BA-nemarnir Eiríkur Sigmarsson, Freyja Baldursdóttir og Embla Hakadóttir og tveir meistaranemar, þær Ágústa R. Björnsdóttir og Eva Þórdís Ebenesardóttir, að því. Auk þess hefur einn doktorsnemi, Telma Kjaran, tekið þátt í verkefninu. Auk þess hafa tveir starfsmenn rannsóknastofunnar, Guðrún V. Stefánsdóttir og Kristín Björnsdóttir, fengið styrki til verkefnisins úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands (2012 og 2013). Nokkrar greinar hafa verið birtar í erlendum og innlendum tímaritum á árunum 2011 til 2013.

Rannsókn á háskólanámi fyrir fólk með þroskahömlun

Frá árinu 2007 hefur verið starfrækt rannsóknatengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun við þroskaþjálfabraut. Rannsóknastofa í þroskaþjálfarafræðum hefur haft umsjón með rannsóknatengingu námsins. Gagnasöfnun fer fram með viðtölum við nemendur, aðstandendur, háskólakennara og mentora. Auk þess hefur útskrifðum nemendum verið fylgt eftir og athugað hefur verið hvernig þeim vegnar í atvinnu að námi loknu. Nokkrar greinar voru birtar í ritrýndum tímaritum á árinu.

#### **Kynningarstarfsemi**

Rannsóknir á vegum stofunnar voru kynntar á Menntakvikun og Þjóðarspegli haustið 2013 og á nokkrum erlendum ráðstefnum, s.s. ASSID og NNDR. Auk þess stóð rannsóknastofan fyrir þremur málstofum á vormisseri um sjálfræði fólks með þroskahömlun.

## **Rannsóknastofa námsgagna**

#### **Almennt yfirlit og stjórn**

Rannsóknastofa námsgagna var stofnuð í október 2009 og henni er ætlað að vera samráðsvettvangur fyrir rannsakendur, fagaðila og annað áhugafólk um rannsóknir á hvers kyns námsgögnum. Í stjórn rannsóknastofunnar sitja fulltrúar rannsakennda í Háskóla Íslands, frá Námsgagnastofnun, öðrum útgefendum og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Formaður er Michael Dal dósent á menntavísindasviði Háskóla Íslands. Stofunnar bíður að tengja saman þær rannsóknir sem félagar hennar stunda þegar og styðja og stuðla að nýjum og samræmdum rannsóknum.

#### **Rannsóknir og verkefni**

Rannsóknastofan hefur unnið að nokkrum rannsóknaverkefnum í samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknahópa og eru þau helstu eftirtalin:

- Rannsókn á námsefni í nágrannamálum á Norðurlöndum. Verkefnið felst í skráningu og greiningu á námsefni sem notað er til að kenna Norðurlandamál sem nágrannamál. Það er unnið í samstarfi við aðila í Noregi, Danmörku og Svíþjóð og er styrkt af NordPlus Sprog.
- Rannsókn um notkun stafræns námsefnis. Fræðsla fyrir námsefnishöfundum.

#### **Útgáfa og kynningarstarfsemi**

Á árinu voru birtir kaflar um námsgagnarannsóknir í bók sem gefin var út af V&R Unipress í Göttingen í Þýskalandi, fimm útdrættir voru skrifaðir í tengslum við ráðstefnur og tvær greinar birtar í

ráðstefnuriti. Niðurstöður rannsókna voru kynntar á ráðstefnum erlendis og á fyrirlestrum og málstofum sem haldnar voru á Menntavísindasviði.

## Rannsóknastofa um háskóla

### Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn stofunnar er óbreytt frá stofnun hennar árið 2009 en hana skipa Páll Skúlason, formaður, Guðrún Geirsdóttir, varaformaður, Gyða Jóhannsdóttir, ritari, Anna Ólafsdóttir og Jón Torfi Jónasson, meðstjórnendur. Meginmarkmið stofunnar er að efla rannsóknir á háskólum en henni er einnig ætlað að fræða um háskóla og háskólastarf og vinna að bættum skilningi á gæðum og gildum háskólastarfs. Stjórnarmenn vinna hver fyrir sig og stundum saman að rannsóknum á háskólum.

### Rannsóknir og kynningar

Starfsemi rannsóknastofunnar var lítil árið 2013 og ekki voru haldnar neinar málstofur eða kynningar á hennar vegum. Þeir fræðimenn sem tengjast stofunni hafa þó stundað ýmsar rannsóknir á háskólum árinu.

## Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun

### Almennt yfirlit

Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun var stofnuð í maí 2010. Samstarfssamningur um hlutverk og starfsemi stofunnar var þá samþykktur samhljóða. Stofan nú hluti af Menntavísindastofnun.

### Stjórn

Stjórn stofunnar er skipuð til tveggja ára. Árið 2013 sátu eftirfarandi starfsmenn Menntavísindasviðs í henni: Guðný Guðbjörnsdóttir prófessor, forstöðumaður, Berglind Rós Magnúsdóttir lektor, Kristján Ketill Stefánsson doktorsnemi, Steinunn Helga Lárusdóttir dósent og Þórdís Þórðardóttir lektor. Á árinu voru haldnir sjö stjórnarfundir.

### Ráðgjafaráð

Ráðgjafaráð starfar við stofuna og er skipað til þriggja ára í senn. Í ráðinu sátu á árinu: Auður Magnús Auðardóttir, Jafnréttisskóla Reykjavíkur, Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, Borgarholtsskóla, Kristín Ástgeirsdóttir, Jafnréttisstofu, Maríanna Einarsdóttir, leikskólanum Smárahvammi, Nanna Kristín Christiansen, Grunnskólum Reykjavíkur, Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri í Reykjavík, og Þorgerður Einarsdóttir, prófessor á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

### Rannsóknir og greinar

Stærsta viðfangsefni rannsóknastofunnar árið 2013 var rannsókn á kynjajafnrétti í skólum og kennaramenntun. Guðný Guðbjörnsdóttir fékk styrk til verkefnisins úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands 2011 og 2012. Auk hennar tóku á árinu þær Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir þátt í gagnasöfnuninni sem beindist að þessu sinni að nemendum Menntavísindasviðs, fyrsta árs nemum vorið 2013 og lengra komnum nemum haustið 2013. Um spurningalistaathugun var að ræða. Keypt var aðstoð frá Menntavísindastofnun við framkvæmd og úrvinnslu spurningalistans.

Mörkin á milli þess sem gert er á vegum fræðimanna í stjórn rannsóknastofunnar og rannsóknastofunnar sjálfar eru að yfirlögðu ráði ekki höfð alveg skýr heldur er metið hverju sinni hvort viðkomandi rannsókn, fræðigreinin eða atburður er tengdur stofunni.

Eftirfarandi grein Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, sem birtist í 10. hefti Tímarits um menntarannsóknir, fellur undir fræðasvið stofunnar: Uppeldishugmyndir Rousseaus í kynjafræðilegu ljósi: Afturhaldssemi, kvenfyrirlitning eða byltingarkennd framsækni.

## **Fyrirlestrar**

Guðný Guðbjörnsdóttir flutti erindið Gender, Equality and Teacher Education: Research Findings á norrænu menntaráðstefnunni NERA 7. mars í Reykjavík.

Guðný flutti einnig erindið Gender Awareness and Student Teachers in Iceland á evrópsku menntaráðstefnunni ECER í Istanbul 11. september.

Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir fluttu erindið Kynjasögur á Menntakviku 27. september.

## **Umræðu- og vinnufundir um jafnréttisstoðina**

Í tengslum við rannsókn sem rannsóknastofan stóð að á jafnrétti í kennaramenntun og skólum átti hún frumkvæði að umræðufundaröð um svokallaða jafnréttisstoð í námskrám og samþættingu kynjasjónarmiða (e. gender-inclusion) í kennslu og kennaranámi. Umræðufundirnir voru haldnir í samvinnu við aðrar rannsóknastofur á Menntavísindasviði í samræmi við málefnasvið viðkomandi rannsóknastofu.

Byrjað var með tveimur fundum á haustmisseri 2013 með faghópum kennara af Menntavísindasviði. Kennurum úr þeim grunnskólum Reykjavíkurborgar sem taka þátt í jafnréttisverkefni á haustmisseri 2013 (Háteigsskóla, Austurbæjarskóla og Hlíðaskóli) var boðið að taka þátt í þeim. Markmiðið var að fjalla um hvernig gengur að innleiða jafnréttisstoðina og samþættingu kynjasjónarmiða í kennaramenntun og skólum í einstökum námsgreinum, námsleiðum eða kjörsviðum. Á fyrri fundinum, 11. nóvember, var fjallað um efnið út frá íslenskukennslu í samræmi við Rannsóknastofu um íslensk fræði og kennaramenntun. Á seinni fundinum, 9. desember, var fjallað um efnið út frá stærðfræðikennslu í samræmi við Rannsóknastofu um stærðfræðimenntun með kennurum sem taka þátt í þróunarverkefni um jafnrétti og staðalmyndir. Á fundunum hafði Guðný Guðbjörnsdóttir fyrst stutta framsögu um hvernig má stuðla að jafnrétti kynja í kennslu í viðkomandi fræðigrein og hvernig má koma jafnréttissjónarmiðum að í kennlu. Síðan voru umræður og skoðanaskipti. Umræðufundunum verður haldið áfram árið 2014.

## **Samstarf við Reykjavíkurborg**

Í byrjun desember 2012 var starfshópur settur á laggirnar á vegum Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar um líðan stúlkna og áhrif staðalmynda kynjanna á stelpur og stráka í Reykjavík. Formaður stýrihópsins var Oddný Sturludóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir var í honum fyrir hönd rannsóknastofunnar í framhaldi af umræðu ráðgjafaráðs stofunnar um málið. Fundað var u.þ.b. hálfsmánaðarlega allt árið 2013. Hlutverk hópsins var að greina helstu ástæður fyrir vanlíðan stúlkna í grunnskólum og leita leiða til að bregðast við henni, stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu fagfólks Skóla- og frístundasviðs um málefnið, greina áhrif staðalmynda kynjanna á stúlkur og drengi og leita leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra. Rannsóknastofan kom að þróunarverkefninu var með tvennum hætti. Í fyrsta lagi sáu stjórnarmennirnir Guðný, Steinunn Helga og Þórdís um fjóra fræðslufundi fyrir þátttakendur í þróunarverkefninu. Fundirnir voru haldnir á haustmisseri 2013. Í öðru lagi tóku áður nefndir stjórnarmenn viðtöl við alla þátttakendur í viðkomandi skólum eða frístundamiðstöðvum. Þau viðtöl verða notuð sem hluti af framhaldsrannsókn um jafnrétti í skólum.

## **Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls**

### **Almennt yfirlit**

Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls (e. Centre for Research in Foreign and Second Language Learning) var formlega stofnuð í júní 2008. Markmið rannsóknastofunnar er að efla og leggja stund á rannsóknir á námi og kennslu erlendra tungumála og íslensku sem annars máls. Rannsóknastofan er samstarfsvettvangur fræðimanna á sviðinu og mun stuðla að

tengslum við önnur fræðasvið og hafa samstarf við innlenda og erlenda aðila um rannsóknir og önnur samskipti.

Rannsóknastofan miðlar þekkingu og kynnir niðurstöður rannsókna á sviðinu m.a. með útgáfu skýrsla, handbóka og fræðigreina, auk ráðstefnu- og fyrirlestrahalds. Forstöðumaður rannsóknastofunnar er Michael Dal lektor og aðrir starfsmenn eru Robert Berman dósent og Samúel Lefever lektor.

### **Rannsóknir**

Við rannsóknastofuna hefur verið unnið að nokkrum rannsóknaverkefnum í samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknarhópa og eru þau helstu eftirtalin:

- Myndbandagerð nemenda í tungumálakennslu (e. Digital videostreaming and multilingualism). Um er að ræða evrópskt samstarfsverkefni unnið undir Comeniusar-áætluninni. Verkefnið er til þriggja ára og unnið í samstarfi við Autonomous University of Barcelona, Kulturring Berlin, Talenacademie in Maastricht, Christ Church University í Canterbury í Bretlandi, University of Pitesti í Rúmeníu og katalónskan grunnskóla.
- Dýslexía og tungumálakennsla. Verkefnið er unnið í samstarfi við háskólann í Árósum og Kennaraháskólann í Salzburg.
- Læsi og lesskilningur nemenda í dönsku sem erlendu máli í grunn- og framhaldskóla.
- Norrænt samstarfsverkefni um nýsköpun í m.a. tungumálakennslu (d. Kreativitet, innovation og entreprenørskab i de nordiske uddannelser). Verkefnið er unnið í samstarfi við háskólann í Bodø í Noregi, háskólann í Umeå í Svíþjóð, háskólann í Tammerfors í Finnlandi og háskólann í Álaborg í Danmörku.
- E-nordisk, sem er samnorrænt rannsókn- og þróunarverkefni um stöðu norrænna tungumála í Eystrasaltslöndunum. Verkefnið er unnið í samstarfi við háskólann í Bergen í Noregi, háskólann í Riga í Lettlandi, háskólann í Tartu og Estnorlink í Eistlandi og háskólann Vagtataus Magnus og háskólann í Vilnius í Litháen.
- Staða enskukennslu í íslenska skólakerfinu.
- Staða dönskukennslu í íslenska skólakerfinu.

### **Útgáfa og kynningarstarfsemi**

Á árinu voru birtir tveir kaflar um frumkvöðlamennt og nýsköpun m.a. í tungumálanámi í bók sem háskólaútgáfa Nordland-háskóla í Bodø gaf út, sex útdrættir vegna ráðstefna og þrjár greinar í ráðstefnuriti. Niðurstöður rannsókna hafa verið kynntar á ráðstefnum erlendis og á fyrirlestrum og málstofum sem haldnar hafa verið á Menntavísindasviði.

## **Rannsóknastofa um námskrár, námsmat og námsskipulag**

### **Almennt yfirlit**

Rannsóknastofa um námskrár, námsmat og námsskipulag tók til starfa árið 2012. Í henni taka þátt starfsmenn af Menntavísindasviði Háskóla Íslands, starfandi kennarar í grunn- og framhaldsskólum og fleiri.

### **Stjórn**

Stjórn rannsóknastofunnar skipa: Gunnar E. Finnbogason prófessor, formaður, Jóhanna Karlsdóttir lektor, gjaldkeri, og Meyvant Þórólfsson dósent, ritari.

### **Starfsemi**

Í samræmi við reglur um rannsóknastofur við Menntavísindasvið leggur rannsóknastofan áherslu á rannsóknir á sínu sviði, að miðla þekkingu, stuðla að starfsþróun er tengist sviðinu, m.a. við námskrárþróun og námsmat, og skapa bæði verðandi og starfandi fræðimönnum vettvang fyrir þátttöku í rannsóknum. Rannsóknastofan hefur einnig lagt sig fram um að örva umræðu um námskrár, námsmat og annað námsskipulag. Hún hefur einnig tekið að sér verkefni fyrir aðila utan Menntavísindasviðs.

Helstu viðfangsefni rannsóknastofunnar á árinu snertu alla ofangreinda þætti að meira eða minna leyti. Þar má nefna námskeið um námsmat, samstarf við Listaháskóla Íslands um námsmat, samstarf við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands um þróun námsmats og námskeið fyrir háskólakennara. Þá má einnig nefna norrænt samstarfsverkefni um útgáfu nýs rafræns tímarits, Nordisk Tidskrift för Allmän Didaktik (NOAD), sem hefur það að markmiði að fjalla um námskrár, námsmat og námsskipulag og endurspeglar rannsóknir og þróun náms og kennslu í almenna skólakerfinu á Norðurlöndum og að nokkru marki í Evrópu.

Helsta rannsóknaverkefni stofunnar frá stofnun hefur verið rannsókn á stöðu nýsköpunar- og frumkvöðlamenteitar í samstarfi við Svanborgu R. Jónsdóttur hjá Rannsóknastofu um skapandi skólastarf. Rannsóknin var kynnt á Menntakviku 2013 og þegar hefur verið skrifuð og birt ein grein, Rætur nýsköpunar- og frumkvöðlamenteitar í íslenskum námskrám og skólamálaumræðu, og önnur rannsóknargrein um sama efni og með sömu höfundum, greinin Að uppfæra Ísland – Staða nýsköpunar- og frumkvöðlamenteitar í íslenskum framhaldsskólum og sýn stjórnenda á námssviðið, er í ritrýningu.

Í undirbúningi eru fleiri rannsóknir, svo sem rannsókn á núgildandi aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla með hliðsjón af hugmyndinni um skóla fyrir alla (inclusive education) og stöðu hópa eins og bráðgerra barna, rannsókn á námsmati í kennaramenntun í kjölfar nýrra laga, nr. 87/2008, um lengingu kennaranáms og hæfniviðmið fyrir námið og rannsókn á stöðu ólíkra hugmyndastefna í skólastarfi (nemendamiðaðrar námskrár, samfélagsmiðaðrar námskrár, faggreinamiðaðrar námskrár og námskrár sem miðar að umbótum og breytingum á samfélaginu).

Loks er haldið áfram vinnu við skrif og tillögur um þátt námskrárfræða, námsmats og námsskipulags í kennaramenntun.

## **Rannsóknastofa um náttúrufræðimenntun**

### **Almennt yfirlit og stjórn**

Markmið Rannsóknastofu um náttúrufræðimenntun eru að beita sér fyrir rannsóknum og þróunarverkefnum á sviði náttúrufræðimenntunar og byggja starfsemi sína á reynslu rannsóknahóps um náttúrufræðimenntun sem skilað hefur niðurstöðum. Fræðimenn sem tengjast stofunni eru 14 talsins.

Í stjórn árið 2013 voru: Eggert Lárusson formaður, Meyvant Þórólfsson, Kristín Norðdahl, Svanborg R. Jónsdóttir, Stefán Bergman og Svava Pétursdóttir. Á árinu hafði stofan hvorki tekjur né útgjöld.

### **Rannsóknir og þróunarstarf**

Aðilar að Rannsóknastofu um náttúrufræðimenntun voru virkir í ýmsum rannsóknar- og þróunarverkefnum á árinu. Helstu verkefni voru:

- Verkefnið Sameiginleg trú kennara á eigin getu, styrkt af Rannís. Rannsakendur voru Allyson Macdonald, Auður Pálsdóttir, Svanborg Jónsdóttir, Svava Pétursdóttir, Almar Halldórsson og

Ragnar F. Ólafsson. Svanborg og Allyson kynntu hluta verkefnisins á Scottish Educational Research Association Conference.

- Svanborg Jónsdóttir og Allyson Macdonald birtu tvær skýrslur um nýsköpunarmenntun, sem og kafla í The Routledge International Handbook of Innovation Education.
- Verkefnið Staða náttúrufræðimenntunar í grunnskólum landsins. Rannsakendur voru Svava Pétursdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Allyson Macdonald.
- Hrefna Sigurjónsdóttir og Hafdís Ragnarsdóttir unnu með Sólrúnu Harðardóttur að verkefninu Lífbreytileiki, umfjöllun og kennsluhugmyndir fyrir grunnskólakennara, sem gefið verður út af Námsgagnastofnun.
- Hlutverk útiumhverfis í námi barna. Verkefnið var doktorsverkefni Kristínar Norðdahl.
- Samnorrænt þróunarverkefni um hugtakanám leikskólakennara í náttúrufræði – Natgrip. Þátttakandi frá rannsóknastofnunni var Kristín Norðdahl.
- Samstarfsverkefnið Pedagogies of Educational Transitions – POET, sem er alþjóðlegt samstarfsverkefni um rannsóknir á flutningi barna milli skólastiga og samfellu í námskrám. Þátttakandi frá rannsóknastofnunni var Kristín Norðdahl.
- Leikum, lærum, lifum. Samstarfsrannsókn háskólakennara og leikskólakennara um þróun starfs í tengslum við námsviðið sjálfbærni og vísindi í leikskólastarfi. Þátttakandi frá rannsóknastofnunni var Kristín Norðdahl.
- Meyvant Þórólfsson lauk við doktorsverkefni sitt, Transformation of the Science Curriculum in Iceland.
- Rannsóknastofan stóð fyrir málþingi á Menntavísindasviði 5. júní í samráði við fagfélögin Samlíf, Félag raungreinakennara, Félag náttúrufræðikennara í grunnskólum og Félag leikskólakennara og þótti takast vel. Málþingið sóttu 180 gestir.
- Kynningarfundur var haldinn fyrir verkefnastjóra sem ráðnir voru til eflingar náttúrufræðimenntun með framlagi úr Aldarafmælisjóði Háskóla Íslands.
- Verkefnastjórnarnir Hafdís Ragnarsdóttir og Margrét Júlía Rafnsdóttir unnu að verkefnum á sviði sjálfbærnimenntunar og símenntunar.
- Birgir Ásgeirsson, Ester Ýr Jónsdóttir og Svava Pétursdóttir unnu að ýmsum verkefnum, bæði undir merkjum NaNO (Náttúruvísindi á á nýrri öld) og Náttúrutorgs. Þau hafa skipulagt samstarfsverkefni kennara, menntabúðir og námskeiðið Náttúruvísindi á nýrri öld, NaNO, fyrir kennaranema og starfandi kennara. Styrkir fengust úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla, Þróunarsjóði námsgagna og Kennslumálasjóði Háskóla Íslands til að vinna að gagnabanka og símenntunarverkefnum innan verkefnisins.

### Kynningarstarfsemi

Fundaröð, undir yfirskriftinni Hádegisspjall RAUN, var skipulögð á vormisseri þar sem meðlimir stofunnar og gestir kynntu og ræddu verkefni sín. Þau voru: Staða náttúrufræðikennslu (Svava Pétursdóttir og Gunnhildur Óskarsdóttir), Kynning á evrópuverkefninu Scientix (Jóhanna Arnórsdóttir, Menntaskólanum í Reykjavík), Vilji og veruleiki (Allyson Macdonald), Líffjölbreytileiki (Hrefna Sigurjónsdóttir og Sólrún Harðardóttir) og Reynsla af námskeiðinu Náttúruvísindi á 21. öld (Ester Ýr Jónsdóttir, Birgir Ásgeirsson, Svava Pétursdóttir og Allyson Macdonald). Auk fundaraðarinnar fluttu Brant G. Miller frá Háskólanum í Idaho og Joel Donna frá Háskólanum í Minnesota erindi á málstofu rannsóknastofunnar 21. maí og funduðu um hugsanlegt samstarf.

## Rannsóknastofa um skapandi skólastarf

Að Rannsóknastofu um skapandi skólastarf standa Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Háskólinn á Akureyri. Rannsóknastofan var stofnuð 21. maí 2013. Hlutverk stofunnar er að rannsaka skapandi skólastarf á öllum stigum skólakerfisins, standa fyrir viðburðum, taka þátt í ráðstefnum og fundum til að miðla þekkingu á sviði stofunnar. Stofan er vettvangur fyrir umræðu um skapandi skólastarf og tekur að sér verkefni sem til hennar er beint. Stefnt er að því að skapa vettvang fyrir meistara- og

doktorsnema til að taka þátt í rannsóknum og taka að sér rannsóknaverkefni sem til stofunnar er beint.

### Stjórn

Í fyrstu stjórn stofunnar voru kosnar þær Svanborg R. Jónsdóttir, lektor á Menntavísindasviði, formaður, Edda Kjartansdóttir, starfsþróunarstjóri hjá Menntavísindastofnun, Kristín Dýrfjörð, lektor við Háskólann á Akureyri, Brynhildur Þórarinsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri, og Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjunkt á Menntavísindasviði. Í varastjórn voru kosnar Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri Landakotsskóla, Guðrún Gísladóttir grunnskólakennari og Skúlína Kjartansdóttir, doktorsnemi á Menntavísindasviði.

### Helstu verkefni rannsóknastofunnar fyrsta árið:

- Rannsóknahópur átta kennara á fjórum skólastigum fékk styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til að standa straum af kostnaði við rannsókn á skapandi skólastarfi (RASKA) sem hleypt var af stokkunum í nóvember. Rannsóknastofan starfar með rannsóknahópnum og tveir stjórnarmenn stofunnar, þær Svanborg R. Jónsdóttir og Edda Kjartansdóttir, eru í honum. Svanborg leiðir rannsóknina, sem er starfendarannsókn á leik-, grunn-, framhalds- og háskólastigi. Kennararnir í rannsóknahópnum gera úttekt á kennslu sinni og kennsluháttum og móta í kjölfarið áætlun um það með hvaða hætti þeir geti aukið hinn skapandi þátt í námi nemenda sinna. Hver kennari safnar gögnum um eigin kennslu og rýnir í þau í kjölfarið, ýmist hver fyrir sig eða sameiginlega í rannsóknarhópnum.
- Stofnuð var samskiptasíða á Mightybell, sem Skúlína Hlíf Kjartansdóttir hefur haft forystu um, en hugmyndin með henni er að margir geti tekið þátt í starfsemi rannsóknastofunnar og meðal annars sett inn áhugavert efni sem gæti safnast upp sem aðgengilegur gagnagrunnur um málefni rannsóknastofunnar.
- Rannsóknastofan átti aðild að umsókn um verkefni á vegum Cre-AM sem tengist upplýsingatækni.
- Stjórn rannsóknastofunnar sendi stjórn Menntavísindasviðs áskorun um að leita leiða til að jafna aðstöðu samstarfsaðila rannsóknastofa á Menntavísindasviði þannig að þeir geti tekið þátt í starfi þeirra á jafnréttisgrundvelli. Vísað var til áhuga fulltrúa Listaháskóla Íslands til að taka þátt í starfi Rannsóknastofu um skapandi skólastarf en þeir töldu sig ekki geta það miðað við núgildandi reglur. Menntavísindastofnun svaraði erindinu á þann veg að slík þátttaka væri ekki möguleg miðað við gildandi reglur um rannsóknastofur Háskóla Íslands.
- Málstofan EDUCATION IN "DIALOGUE" WITH ART var haldin á vegum Rannsóknastofu um skapandi skólastarf í samstarfi við Listaháskóla Íslands í Listasafni Íslands fimmtudaginn 6. júní. Þar kynntu systurnar Petra Štirn Janota, frá PETIDA-stofuninni við háskólann í Ljubljana, og Darja Štirn Koren, frá PETIDA-stofnuninni við Vodmat-forskólann, verkefni um listir og virka þátttöku í samfélaginu.
- Rannsóknastofan stóð fyrir ráðstefnunni Skapandi nám – ævilangt í samstarfi við alþjóðlegu leiklistarsamtökin IDEA og Félag um leiklist í skólastarfi (FLÍSS) dagana 17. og 18. október með styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Í tengslum við ráðstefnuna var stofnuð heimasíðan <http://skapandinamaevilangt.wordpress.com>.
- Rannsóknastofan tók þátt í fræðslufundi og málþingi 13. nóvember á vegum Menntavísindasviðs um tengsl heimspeki og grunnþáttanna læsis og sköpunar.

## Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar einbeitir sér að þverfaglegum rannsóknum og þróunarstarfi á sviði skóla án aðgreiningar. Með skóla án aðgreiningar er átt við grunnskóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi.



Hlutverk og markmið Rannsóknastofu um skóla án aðgreiningar eru m.a.:

- Að efla og stunda rannsóknir og þróunarstarf á sviði skóla án aðgreiningar.
- Að miðla þekkingu og veita ráðgjöf á sviðinu til skóla, stofnanna og stefnumótenda.
- Að efla og treysta innlend og erlend tengsl og taka þátt í alþjóðlegri þekkingarsköpun á fræðasviðinu.
- Að hvetja háskólanemendur í rannsóknar- og þróunarverkefnum á framhaldsstigi og skapa þeim aðstöðu til að stunda rannsóknir á sviðinu.
- Að standa fyrir málþingum og stuðla að útgáfu fræðilegs efnis á sviðinu.

Megináhersla er lögð á rannsóknir sem varða menntastefnuna skóla án aðgreiningar, á reynslu, kennslufræði og vinnubrögð kennara og annars starfsfólks, nemenda og stjórnenda í skólum sem leitast við að byggja skólastarf á stefnunni. Enn fremur höfum við lagt áherslu á rannsóknir sem taka til foreldra og fjölskyldna fatlaðra barna, ungmenna, og fullorðinna. Við höfum staðið fyrir eigin málþingum flest ár frá 2008 en einnig verið í samstarfi um slíkt við aðrar rannsóknastofur og boðið erlendum og innlendum gestum til að halda fyrirlestra. Jafnframt tekur stofan að sér þjónustuverkefni fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti og Reykjavíkurborg, gefur umsagnir um lagafrumvörp og fleira þegar eftir er leitað og veitir ýmsum aðilum, svo sem foreldrum, kennurum og öðru skólafólki, upplýsingar um málefni sem varða fagsvið hennar.

Þann 30. maí 2013 stóð rannsóknastofan fyrir málþinginu Skóli margbreytileikans: möguleikar og mótsagnir. Aðalfyrirlesarar voru L. Barton., prófessor emeritus við Lundúnaháskóla, og Julie Allan, prófessor við Birmingham-háskóla. Hátt á þriðja hundrað manns sótti málþingið.

Í undirbúningi er útgáfa ritrýndrar bókar um menntastefnuna og þætti sem hana varðar. Væntanlega kemur hún út 2015. Þá birtu kennarar, ýmist einn eða fleiri saman, sem og doktors- og meistaranemar, greinar í erlendum og innlendum ritrýndum tímaritum. Dóra S. Bjarnason er í ritstjórn tveggja alþjóðlegra tímarita og er einnig í dómnefnd UNESCO vegna alþjóðlegra verðlauna (UNESCO Emir Jaber al-Ahmad al-Jaber al-Sabah Prize).

Rannsóknastofan starfar gjarna með aðilum utan Háskóla Íslands, sem endurspeglast m.a. í því að í stjórn stofunnar er, auk þriggja akademískra starfsmanna Menntavísindasviðs, einn stjórnarmaður frá Háskólanum á Akureyri, auk eins nemanda í sérkennslufræðum á meistarastigi við Háskóla Íslands. Stjórnin hefur ráðgjafa sér til halds og trausts sem er fatlaður einstaklingur með menntun á sviði þroskaþjálfunar.

Rannsóknastofan hefur ekki launaðan starfsmann og býr við afar þröng fjárráð. Rannsóknastyrkir akademískra starfsmanna standa að hluta undir rannsóknastarfsemi, auk þess sem stofan hefur fengið einstaka styrki og tekjur af þjónustuverkefnum.

## **Rannsóknastofa um starfendarannsóknir**

### **Almennt yfirlit og stjórn**

Rannsóknastofa um starfendarannsóknir hefur verið starfrækt frá árinu 2012. Karen Rut Gísladóttir lektor er formaður rannsóknastofunnar en aðrir í stjórn eru Hafdís Guðjónsdóttir prófessor, Hafþór Guðjónsson dósent (öll á Menntavísindasviði) og Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor við Menntaskólann við Sund.

Í samræmi við reglur um rannsóknastofur við Menntavísindasvið er hlutverk rannsóknastofu um starfendarannsóknir „að stunda rannsóknir á sínu sérsviði, miðla þekkingu, styðja við starfsþróun í skyldum starfsgreinum og skapa verðandi fræðimönnum, meðal annars meistara- og doktorsnemum,

vettvang fyrir þátttöku í rannsóknum.“ Rannsóknastofan sinnir einnig því hlutverki að vera vettvangur umræðu um fræðasviðið og hún leggur ríka áherslu á að byggja upp sterkt samstarf við vettvang. Rannsóknastofan tekur að sér sértæk verkefni, með þeim fyrirvara að hún hafi fjárhagslegt bolmagn til þess.

### **Starfsemi**

Rannsóknastofa um starfendarannsóknir stóð fyrir tveimur málstofum á Menntakviku 2013. Í fyrri málstofunni var leitast við að skoða starfendarannsóknar sem leið til starfsþróunar á vettvangi. Seinni málstofan fjallaði um leiðir til að tengja akademíu og vettvang í gegnum starfendarannsóknir.

Í samvinnu við kennara á vettvangi kom rannsóknastofan einnig að því að skipuleggja málstofu um starfendarannsóknir fyrir svokallaða öskudagsráðstefnu Reykjavíkurborgar.

Rannsóknaverkefni Sögur kennara margbreytilegra nemendahópa og Starfendarannsóknir í samvinnu við vettvangskennara, sem styrkt eru af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, eru unnin í tengslum við Rannsóknastofu um starfendarannsóknir.

## **Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun**

### **Almennt yfirlit og stjórn**

Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun var stofnuð í júní 2008. Stjórn hennar skipa nú Guðný Helga Gunnarsdóttir lektor, formaður, Freyja Hreinsdóttir dósent og Kristín Bjarnadóttir prófessor. Stofan hefur staðið fyrir málþingum, ráðstefnum og samskiptum við erlenda aðila um stærðfræðimenntun.

### **Rannsóknir**

Rannsóknir aðstandenda stofunnar fjalla í aðalatriðum um stærðfræðináms og -kennslu, um notkun tölvuforrita í kennslu og kennslubóka í stærðfræði fyrr og síðar og um viðhorf nemenda og áhugahvöt. Á árinu kynntu liðsmenn rannsóknastofunnar rannsóknir sínar á ýmsum ráðstefnum. Sem dæmi má nefna Menntakviku, CERME 8 í Antalya í Tyrklandi, MES7 í Höfðaborg í Suður-Afríku, BSRLM í Bristol í Bretlandi, NORSMA í Kaupmannahöfn, 3ICHME, Third International Conference on the History of Mathematics Education, í Uppsölum í Svíþjóð, IV Nordic GeoGebra Conference í Kaupmannahöfn og 14th International Scientific Conference of Ph.D. Students, Young Scientists and Pedagogues í Nitra í Slóvakíu.

### **Starfsemi stofunnar**

Guðbjörg Pálsdóttir, Guðný Helga Gunnarsdóttir og Kristín Bjarnadóttir taka þátt í Network for Research on Mathematics Textbooks in the Nordic Countries, samstarfi fræðimanna frá fjórum Norðurlöndum um rannsóknir á kennslubókum í stærðfræði. Samstarfið er undir stjórn Barbro Grevholm, prófessors í Kristiansand.

Kristín var einn þriggja höfunda greinar um samanburð sögu stærðfræðimenntunar í Eistlandi, Íslandi og Noregi sem birtist í NOMAD.

Guðný Helga Gunnarsdóttir sat í undirbúningsnefnd fyrir ráðstefnuna NORMA 14, sem haldin verður í Turku í Finnlandi í júní 2014.

Kristín Bjarnadóttir sat í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar 3ICHME og situr í ritstjórn ráðstefnuritsins sem tengist henni.

Edda Óskarsdóttir og Jónína Vala Kristinsdóttir eru í stjórn Nordic Research Network on Special Needs Education in Mathematics en það eru norræn samtök fræðimanna innan tveggja fagsviða, stærðfræði og sérkennslu. Samtökin halda ráðstefnu annað hvert ár á Norðurlöndunum um kennslu nemenda sem eiga í erfiðleikum við stærðfræðinám þar sem kynntar eru rannsóknir á sviðinu.

Friðrik Diego hefur á árinu unnið að verkefnum sem tengjast keppnishaldi í stærðfræði, verkefnavali og samningu dæma fyrir forkeppni og lokakeppni innanlands og jafnframt undirbúningi fyrir Eystrasaltskeppni í stærðfræði og skipulagningu þjálfunar keppenda fyrir Ólympíuleika í stærðfræði.

Freyja Hreinsdóttir stjórnar norrænu samstarfsneti, Nordic GeoGebra Network, sem samanstendur af samstarfsaðilum frá Norðurlöndum, Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Samstarfsnetið vinnur að aukinni og bættri notkun hugbúnaðarins GeoGebra við stærðfræðikennslu og að samstarfi og samskiptum kennara í þeim efnum. Samstarfsnetið skipulagði ráðstefnuna IV Nordic GeoGebra Conference í Kaupmannahöfn, 20.–22. september 2013, sem getið er að ofan. Freyja Hreinsdóttir sat í dagskrárnefnd.

Freyja Hreinsdóttir tók enn fremur þátt í verkefninu DynaMAT, sem er samstarfsverkefni aðila frá sex löndum og styrkt er af Comeniusar-áætluninni. Í verkefninu er unnið að gerð og þróun kennsluefnis sem gert er fyrir upplýsingatækninotkun við stærðfræðikennslu.

## Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglunga

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglunga var formlega stofnuð í desember 2007 og hóf starfsemi sína haustið 2008 með stuðningi rektors í kjölfar sameiningar Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Á árinu 2013 var stofan rannsóknarvettvangur Hrafnhildar Ragnarsdóttur prófessors, sem jafnframt er forstöðumaður, dósentanna Önnu-Lindar Pétursdóttur, Freyju Birgisdóttur, Jóhönnu Thelmu Einarsdóttur og Ragnhildar Bjarnadóttur, lektoranna Rannveigar Auðar Jóhannsdóttur og Steinunnar Torfadóttur, Helgu Sigurmundsdóttur aðjunktis og doktorsnemanna Rannveigar Oddsdóttur og Sigríðar Ólafsdóttur, auk nokkurra meistaranema.

Meginmarkmið stofunnar er að afla vísindalegrar þekkingar á þroska íslenskra barna með áherslu á málþroska, læsi og þá þroskaþætti aðra sem helst tengjast námi og farsælli skólagöngu. Stofan setur sér einnig að miðla nýrri þekkingu, bæði til fræðasamfélagsins og til fagfólks og almennings. Auk rannsóknaverkefna stóð rannsóknastofan fyrir ýmiss konar starfsemi tengdri vettvangi á árinu, svo sem þróunarverkefni, fræðslu og ráðgjöf við skóla og sveitarfélög. Rannsóknastofan hefur aðsetur í húsakynnum Menntavísindasviðs við Stakkahlíð.

### Rannsóknir

Helstu rannsóknaverkefni sem unnið var að á vegum stofunnar á árinu:

- Þroski leik- og grunnskólabarna: Sjálfsstjórn, málþroski og læsi á aldrinum 4 til 8 ára. Víðtæk langsníðsrannsókn sem hófst árið 2009. Verkefnisstjóri er Hrafnhildur Ragnarsdóttir og meðstjórnendur Freyja Birgisdóttir og Steinunn Gestsdóttir. Rannís, Rannsóknasjóður Háskóla Íslands og Menntasvið Reykjavíkurborgar styrktu rannsóknina. Rannsóknin tengdist einnig evrópsku samstarfsneti 22 þjóða, COST IS0307 European Research Network on Learning to Write Effectively.
- Mál í notkun: Tal- og ritmál barna, unglunga og fullorðinna. Rannsókn á textagerð 11, 14, 17 ára og fullorðinna, styrkt af Rannís og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Rannsóknin er liður í sjö landa samanburðarrannsókninni Developing Literacy in Different Different Languages, sem The Spencer Foundation styrkti. Verkefnisstjóri er Hrafnhildur Ragnarsdóttir.

- Þróun á samræmdu matskerfi til að meta stam. Verkefnið er á vegum norræns rannsóknans um rannsóknir og mat á stami (STUREN). Norræn heimasíða með fræðslu fyrir nemendur og starfandi talmeinafræðinga. Verkefnið er styrkt af NordForsk. Verkefnisstjóri er Jóhanna T. Einarsdóttir.
- Rannsókn á áhrifum virknimats og stuðningsáætlunar á langvarandi hegðunarerfiðleika barna í grunn- og leikskólum. Verkefnisstjóri er Anna-Lind Pétursdóttir.
- Rannsókn á áhrifum K-PALS, félagakennslu á læsi leikskólabarna og upplifun starfsfólks leikskóla af aðferðunum. Verkefnisstjóri er Anna-Lind Pétursdóttir. Tveir nemendur unnu á árinu meistaraverkefni tengd rannsókninni.
- Rannsókn á þróun faglegrar starfshæfni kennaranema og stuðningi við það ferli. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands styrkti rannsóknina. Verkefnisstjóri er Ragnhildur Bjarnadóttir.
- Að ná tókum á lesskilningi – Hvað veldur misgóðu gengi nemenda á lesskilningshluta PISA? Samstarfsverkefni Menntavísindasviðs og Námsmatsstofnunar. Verkefnisstjóri er Freyja Birgisdóttir.

### **Kennsluefni og próf**

- Leið til læsis. Skimunarpróf fyrir 1. bekk grunnskóla, stuðningskerfi fyrir kennara og stöðluð eftirfylgniþróf fyrir 1.–4. bekk grunnskóla. Verkefnið er unnið í samvinnu við Námsmatsstofnun undir stjórn Steinunnar Torfadóttur, Helgu Sigurmundsdóttur og Sigurgríms Skúlasonar. Verkefnið naut styrkja frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og menntaráði Reykjavíkur. Handbók (ritstjóri Steinunn Torfadóttir) var gefin út árið og haldin hafa verið fjölmörg námskeið fyrir grunnskólakennara, oftast í samvinnu við skólaskrifstofur víðs vegar um landið. Unnið er að þróun fleiri prófa fyrir miðstig grunnskóla.
- Lestrarlandið. Lestrarkennsluefni fyrir byrjendur samið og gefið út af Námsgagnastofnun (ritstjóri Sýlvía Guðmundsdóttir). Hugmyndavinna og ráðgjöf við gerð lestrarbókar var í höndum Steinunnar Torfadóttur og Rannveigar Auðar Jóhannsdóttur. Steinunn Torfadóttir og Helga Sigurmundsdóttir hafa unnið að gerð vinnubóka með efninu.
- MEB (Málfærni eldri barna). Jóhanna T. Einarsdóttir vann að hönnun málþroskaprófs fyrir börn á aldrinum 4–6 ára ásamt Þóru Másdóttur og Ingibjörgu Símonardóttur. Á árinu 2013 voru skrifaðar þrjár meistaraþrófsritgerðir um áreiðanleika og réttmæti einstakra prófhlyta þessa prófs.

### **Þróunarverkefni**

- Okkar mál: Samstarf um menningu, mál og læsi í Fellahverfi. Verkefnið nýtur þróunarstyrks frá skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar. Hrafnhildur Ragnarsdóttir er í stýrihóp verkefnisins ásamt leik- og grunnskólakennurum í Fellahverfi o.fl. Rannveig Oddsdóttir tók einnig þátt í verkefninu.
- Framtíðarsýn í leik- og grunnskólum með áherslu á læsi og stærðfræði á netinu. Verkefnið er þróunarverkefni í skólunum í Reykjanesbæ og því er ætlað að bæta námsárangur nemenda. Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl. taka þátt í verkefninu.
- Þróunarverkefni um leiðir til að fyrirbyggja erfiða hegðun og efla félagsfærni ungra barna. Verkefnið er samvinnuverkefni Önnu-Lindar Pétursdóttur og starfsfólks leikskólans í Stykkishólmi.

### **Önnur verkefni**

- Lesvefurinn. Á árinu var unnið að endurbótum á Lesvefnum (<http://lesvefurinn.hi.is/>). Hlutverk hans er að efla þekkingu foreldra, kennara og nemenda á læsi og lestrarerfiðleikum og þeim kennsluáðferðum og úrræðum sem best mæta þörfum allra nemenda. Ritstjóri er Freyja Birgisdóttir og fleiri sérfræðingar á stofunni leggja hönd á plóg.
- Málsýni íslenskra leikskólabarna. Málsýnum leikskólabarna safnað og þau tölvuskráð á samræmdan hátt til að finna aldursbundin viðmið til notkunar við málþroskaathuganir. Þegar hafa fjórar meistaraþrófsritgerðir nýtt gagnabankann. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands styrkti rannsóknina. Verkefnisstjóri er Jóhanna T. Einarsdóttir.

- Gagnabankinn Íslenskt barnamál. Tölvuskráð langskurðargögn frá börnum á aldrinum 2–6 ára, sögur barna, unglunga og fullorðinna og rit- og talmálstextar 11, 14, 17 ára og fullorðinna. Verkefnisstjóri er Hrafnhildur Ragnarsdóttir.
  - Samstarfsverkefni með embætti landlæknis og Skólapúlsinum um líðan framhaldsskólanema. Verkefnisstjóri er Anna-Lind Pétursdóttir. Eitt meistaraverkefni tengdist verkefninu á árinu.
- Auk þess sem upp hefur verið talið leiðbeindu sérfræðingar stofnunarinnar nokkrum meistaraneimum sem unnu verkefni sem tengjast sérsviði rannsóknastofunnar.

### Doktorsverkefni

Tvö doktorsverkefni voru unnin í tengslum við rannsóknastofuna á árinu:

- Ritun og textagerð íslenskra barna á aldrinum 4–9 ára (doktorsverkefni Rannveigar Oddsdóttur). Verkefnið tengist rannsókninni Þroski leik- og grunnskólabarna og COST IS0307 European Research Network on Learning to Write Effectively. Leiðbeinendur voru Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Freyja Birgisdóttir.
- Þróun orðaforða og lesskilnings íslenskra grunnskólanema sem hafa annað móðurmál en íslensku (doktorsverkefni Sigríðar Ólafsdóttur). Verkefnið tengist rannsókninni Þroski leik- og grunnskólabarna. Leiðbeinendur voru Freyja Birgisdóttir og Hrafnhildur Ragnarsdóttir.

### Kynningarstarfsemi

Auk þess sem tímaritsgreinar voru birtar, voru rannsóknir stofunnar kynntar á fjölda ráðstefna innan lands og utan á árinu, bæði fyrir fræðasamfélaginu og fyrir kennurum og öðrum fagaðilum í sálfræði og menntavísindum. Meðal annars stóð rannsóknastofan fyrir tveimur málstofum á Menntakviku 2013 þar sem aðstandendur stofunnar, samstarfsaðilar þeirra og nemendur fluttu alls sjö erindi um rannsóknir og þróunarverkefni sem tengjast stofunni.

## Rannsóknastofa um þróun skólastarfs

### Almennt yfirlit og stjórn

Hlutverk Rannsóknastofu um þróun skólastarfs er að vera vettvangur rannsókna á skólastarfi, einkum í grunnskólum og framhaldsskólum, miðla þekkingu um þessar rannsóknir og styðja við þær með ráðgjöf og þjónustu.

Í stjórn rannsóknastofunnar eru: Anna Kristín Sigurðardóttir dósent, formaður, Brynjar Ólafsson aðjunkt, Börkur Hansen prófessor, Ingólfur Á. Jóhannesson prófessor og Kristjana Stella Blöndal lektor. Forstöðumaður er Gerður G. Óskarsdóttir. Stofan starfar undir hatti Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands og hefur aðsetur í húsakynnum hennar.

Stofan var starfsvettvangur um 40 fræðimanna og um tugur doktors- og meistaraneima unnu að lokaverkefnum í tengslum við verkefni á vegum stofunnar.

### Rannsóknaverkefni

- Starfshættir í grunnskólum. Meginniðurstöður úr rannsókninni lágu fyrir í handriti að bók í lok ársins (21 höfundur), 8 greinar voru birtar 2013 og fjöldi fyrirlestra haldnir um niðurstöður innanlands og utan. Rannsóknin spannar vítt svið og gagna var aflað með blönduðum aðferðum. Samstarfsaðilar voru 20 fræðimenn úr Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri, fjórir doktors- og meistaraneimar, 20 grunnskólar, þrjú sveitarfélög og tvö fyrirtæki. Rannsóknin hefur m.a. hlotið styrki frá Rannís og úr rannsóknasjóðum Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri.
- Starfshættir í list- og verkgreinum. Rannsóknin tengist ofangreindri rannsókn sem sjálfstæð eining. Helstu niðurstöður voru kynntar í kafla í fyrrnefndri bók.

- Reynsla og viðhorf nemenda í 8.–10. bekk grunnskóla á Íslandi og í Færeyjum, samanburðar-rannsókn. Rannsóknin er unnin í samvinnu við fræðimenn í Færeyjum. Fyrstu niðurstöður voru kynntar á norrænnu ráðstefnunni NERA.
- Starfshættir í framhaldsskólum. Þátttakendur eru sjö fræðimenn af Menntavísinda- og Félagsvísindasviði Háskóla Íslands og sex meistara- og doktorsnemar. Gagnaöflun með vettvangsathugunum og viðtölum hófst á árinu og fyrsta greinin var birt. Jafnframt er unnið úr fyrirbyggjandi gögnum úr rannsókninni Skilvirkni framhaldsskóla. Til rannsóknarinnar fékkst 1,6 millj.kr. styrkur úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands 2013.
- Réttlæti í menntun á Norðurlöndum – norrænt öndvegissetur í menntarannsóknnum (JustEd). Þessi rannsókn á starfsháttum í framhaldsskólum myndar eitt af sjö teyllum rannsóknasetursins. Það hlaut styrk úr NordForsk (Education for Tomorrow – Nordic Centre of Excellence). Íslenski hópurinn fékk á árinu styrk fyrir doktorsnema, auk styrks vegna samskipta við Norðurlöndin, ráðstefnukostnaðar o.fl.
- Skil skólastiga – Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla. Á árinu voru haldnir 10 fyrirlestrar innanlands og utan um niðurstöður rannsóknarinnar sem komu út á bók hjá Háskólaútgáfunni árið 2012. Rannsóknin byggist á blönduðum aðferðum og var styrkt af Reykjavíkurborg og Hagbenki.
- Orðaforði í gegnum leiklist, könnun á nýtingu aðferða leiklistar til að auka orðaforða yngstu nemenda grunnskóla (samanburðarhópar). Samstarfsaðilar eru fræðimaður við Háskóla Íslands og kennarar í grunnskólum. Ein grein var birt á árinu.
- Sameining skóla frá sjónarhóli skólastjóra. Gagnaöflun er í gangi.

### **Ráðgjöf**

Rannsóknastofan veitti ráðgjöf, m.a. við undirbúning rannsóknar á íslensku sem námsgrein og kennslutungu, sem og einstökum fræðimönnum og nemendum. Vinnulag við rannsóknir á vegum stofunnar hefur nýst frá einu verkefni til annars.

### **Kynning á rannsóknaniðurstöðum**

Rannsóknastofan stóð fyrir níu kynningum á rannsóknaniðurstöðum á árinu: Þrjár málstofur voru haldnar um framhaldsskólarannsóknir í samvinnu við námsbraut í kennslufræði framhaldsskóla og háskóla; þrjár málstofur voru haldnar um íslenska skólakerfið í alþjóðlegu samhengi í samvinnu við Námsmatsstofnun; haldinn var fyrirlestur um fjölmenningsfræði í samvinnu við Rannsóknastofu í fjölmenningsfræðum; erindi var flutt í Melbourne í Ástralíu um sjálfbærnimenntun og loks var haldið málþing um skóla margbreytileikans í samvinnu við Rannsóknastofu um skóla án aðgreiningar. Auk þessa stóð stofan fyrir málstofu á NERA-ráðstefnunni í samvinnu við færeyskan rannsóknahóp og einnig málstofu á Menntakviku 2013.



UNIVERSITY OF ICELAND

TENNIS

BENDER

University of Iceland

75

FORMULA STUDENT

INSTITUTION OF MECHANICAL ENGINEERS

Marel

Stilling

samskip

VERKIS

AFL Family

BENDER



# Verkfræði- og náttúruvísindasvið

## Stjórn og skipulag

Forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs var Hilmar Bragi Janusson. Í stjórn sviðsins á árinu voru, auk hans:

- Hafliði Pétur Gíslason, forseti Raunvísindadeildar (varadeildarforseti Oddur Ingólfsson),
- Jóhannes R. Sveinsson, forseti Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar (varadeildarforseti Helgi Þorbergsson),
- Magnús Tumi Guðmundsson, forseti Jarðvísindadeildar (varadeildarforseti Hreggviður Norðdahl),
- Ólafur Pétur Pálsson, forseti Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar (varadeildarforseti Kristján Jónasson),
- Sigurður Magnús Garðarsson, forseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar (varadeildarforseti Guðmundur Freyr Úlfarsson),
- Eva Benediktsdóttir, forseti Líf- og umhverfisvísindadeildar (varadeildarforseti Anna Dóra Sæþórsdóttir).

Auk sviðs- og deildarforseta eiga tveir fulltrúar stúdenta sæti í stjórn sviðsins en þeir fara sameiginlega með eitt atkvæði. Starfsmaður stjórnar er Íris Davíðsdóttir verkefnastjóri. Stjórnin hélt 34 fundi á árinu.

## Fulltrúar sviðsins í ráðum og nefndum

- Hrund Ó. Andradóttir, dósent á Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, var fulltrúi sviðsins í skipulagsnefnd háskólaráðs.
- Guðrún Marteinsdóttir, prófessor á Líf- og umhverfisvísindadeild (formaður), og Snorri Þór Sigurðsson, prófessor í Raunvísindadeild, voru fulltrúar sviðsins í vísindanefnd háskólaráðs.
- Einar H. Guðmundsson, prófessor í Raunvísindadeild, var fulltrúi sviðsins í heiðursdoktorsnefnd háskólaráðs.

## Nefndir

Nefndir sviðsins á árinu voru sex talsins: gæðanefnd, húsnæðisnefnd, janréttisnefnd, kennslunefnd og vísindanefnd. Allar nefndirnar hafa starfsmann sem undirbýr fundi og ritar fundargerðir.

Nefndirnar taka til umfjöllunar mál sem undir þær heyra og stjórn sviðsins vísar til þeirra. Þær senda stjórninni fundargerðir og álit sem stjórnin tekur síðan til afgreiðslu.


## Starfsfólk

Á árinu lét Drífa Sigfúsdóttir rekstrarstjóri af störfum ásamt Berglindi Guðrúnu Beinteinsdóttur verkefnastjóra, Inga Rafni Ólafssyni markaðs- og kynningarstjóra og Ingibjörgu Hallbjörnsdóttur verkefnastjóra. Á árinu hófu Björg Jónsdóttir gæðastjóri, Davíð Fjölur Ármannsson verkefnisstjóri, Dagrún Briem verkefnisstjóri, Sandra Berg Cepero verkefnisstjóri og Sigdís Ágústsdóttir verkefnisstjóri störf á sviðinu.



## Verkfræði- og náttúruvísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna

	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	77	69
Karlar	138	122
<b>Samtals</b>	<b>215</b>	<b>191</b>



## Stjórnsýsla

Stjórnsýsla og tækniþjónusta fræðasviðsins –heildarfjöldi starfsmanna í árslok 2013	Karlar	Konur	Einstaklingar*	Starfsígildi
<b>Verkfræði- og náttúruvísindasvið</b>	9	19	28	26

\* þar af eru sex manns tæknimenn

## Kennslumál

Svipaður fjöldi nýnema hóf nám við Verkfræði- og náttúruvísindasvið á árinu og árið áður. Nýnemum í tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræði fjölgaði engu að síður um 30%.

Tvær nýjar námsleiðir í doktorsnámi voru settar á laggirnar á árinu: doktorsnám í lífverkfræði við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild og doktorsnám í vistfræðilíkönunum við Raunvísindadeild.

Hátt brottfall nýnema var til umræðu innan sviðsins á árinu. Þegar rýnt er í tölur um brottfall kemur í ljós að brottfall, í merkingunni að nemandi hafi hætt námi við háskólann án þess að ljúka prófi, er mun minna en tölur gefa til kynna. T.d. eru tilvik þegar nemandi skiptir um námsleið, sem er algengt, skráð sem brottfall.

Rætt var um kosti og galla svokallaðar lotukennslu, þ.e.a.s. að skipta misserinu upp í tvær sjö vikna lotur. Sumar deildir sviðsins eru alfarið á móti lotukennslu. Í Líf- og umhverfisvísindadeild var gerð tilraun með lotukennslu á haustmisseri 2012. Skiptar skoðanir voru á þessu fyrirkomulagi bæði hjá nemendum og kennurum. Nemendur kvörtuðu helst undan blönduðu kerfi, að sum námskeið væru kennd í 7 vikur og önnur í 14 vikur. Tilraunum með lotukennslu var hætt, a.m.k. í bili.

Kennslunefnd sviðsins stóð fyrir námskeiði fyrir aðstoðarkennara/dæmakennara í samstarfi við Kennslumiðstöð skólans. Góð þátttaka var í námskeiðinu og allmenn ánægja með hvernig til tókst.

Undanfarin ár hefur verið mikill áhugi á að bæta kennslu á Verkfræði- og náttúruvísindasviði og hafa kennarar verið hvattir til að sækja námskeið í kennslufræðum. Nokkrir áhugasamir kennarar hafa lokið viðbótardiplómu í menntun háskólakennara á Menntavísindasviði. Ráðinn var til starfa verkefnisstjóri með MS-próf í verkfræði og kennsluréttindi í raunvísindum á framhaldsskólastigi. Verkefnistjórinn sinnir m.a. kennsluþróunarverkefnum.

## Kynningar og viðburðir

Verkfræði- og náttúruvísindasvið stóð fyrir hönnunarkeppninni First Lego League, sem var haldin laugardaginn 19. janúar í Háskólabíói. Markmiðið með keppninni er að vekja áhuga grunnskólanema á vísindum og tækni ásamt því að byggja upp sjálfstraust þeirra, leiðtogaþæfni og lífsleikni. Alls voru tíu lið víðs vegar af landinu skráð til leiks, samtals um 100 krakkar á aldrinum 10–15 ára. Keppni hófst snemma morguns með opunarhátíð og strax í kjölfarið hófst keppnin sjálf. Þemað að þessu sinni var lausnir fyrir eldri borgara. Liðið Molten frá Naustaskóla á Akureyri varð hlutskarpast og fór sem fulltrúi Íslands á Evrópumót First Lego League.

Nám við Verkfræði- og náttúruvísindasvið var kynnt í framhaldsskólum landsins fram í febrúar. Háskóladagurinn var haldinn laugardaginn 9. mars. Sviðið hafði Öskju til umráða og þótti kynningin þar takast vel. Stúdentar og starfsfólk sviðsins létu mikið að sér kveða í öllu kynningarstarfinu.

Innsetningarathafnir nýrra prófessora og vísindamanna voru haldnar með jöfnu millibili á tímabilinu febrúar til maí en þessi nýbreytni var tekin upp árið 2012. Guðmundur Óli Hreggviðsson, Guðrún Larsen og Þorvaldur Þórðarson héldu erindi um helstu verk sín og framtíðarsýn í kennslu og rannsóknum.

Meistaradagur Verkfræðistofnunar var haldinn 23. maí þar sem meistaranemar kynntu verkefni sín, bæði með veggspjöldum og fyrirlestrum.

Móttaka nýnema var haldin í byrjun skólaárs og ríkti mikil ánægja með hvernig þar tókst til.

Ársfundur Verkfræðistofnunar var haldinn 27. nóvember. Yfirskrift fundarins var Big Data – Ógrynni gagna. Ávinningur eða kostnaður?

## **Styrkir og viðurkenningar**


Verkfræði- og náttúruvísindasvið nýtur velvildar í samfélaginu því að fáum dylst hvað kennarar sviðsins og vísindamenn hafa unnið landi og þjóð til hagsbóta. Þessi velvild og skilningur á nauðsyn kennslu og rannsókna í verkfræði og náttúruvísindum lýsir sér með margvíslegu móti, þar á meðal í styrkjum og viðurkenningum.

Þann 21. desember ár hvert er veittur styrkur úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents. Styrkinn hlýtur sá stúdent sem náð hefur bestum árangri við upphaf síðasta námsárs í grunnnámi í verkfræði. Styrkinn árið 2013 hlaut Herbjörg Andrésdóttir, BS-nemi í umhverfis- og byggingarverkfræði.

Sex nemendur sem útskrifuðust úr grunnnámi í eðlisfræði og efnafræði við Háskóla Íslands hlutu 2. júlí verðlaun úr Verðlaunasjóði Guðmundar P. Bjarnasonar frá Akranesi við hátíðlega athöfn í Öskju. Nemendurnir, þrjár konur og þrír karlar, eiga það sameiginlegt að hafa náð afburðaárangri í BS-námi sínu við Raunvísindadeild. Verðlaunaféð nam 500 þúsund krónum fyrir hvern verðlaunahafa og því var heildarupphæð styrkjanna þrjár milljónir króna. Að þessu sinni komu verðlaunin í hlut þriggja nemenda sem brautskráðust með BS-próf í eðlisfræði og þriggja með BS-próf í efnafræði og lífefnafræði frá Háskóla Íslands. Það voru þeir Árni Johnsen, Guðmundur Kári Stefánsson og Eyjólfur Guðmundsson, sem hlutu verðlaunin í eðlisfræði, Lilja Kristinsdóttir hlaut verðlaunin í efnafræði, og Tinna Pálmadóttir og María Lind Sigurðardóttir hlutu verðlaun fyrir framúrskarandi árangur sinn í lífefnafræði.

## **Skipurit Verkfræði- og náttúruvísindasviðs**

Rannsóknastofnanir og -stofur á Verkfræði- og náttúruvísindasviði



## Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

### Almennt yfirlit og stjórn

Forseti deildarinnar var Ólafur Pétur Pálsson prófessor og varaforseti Kristján Jónasson prófessor. Formenn námsbrauta voru Tómas P. Rúnarsson prófessor (iðnaðarverkfræði), Kristján Jónasson (tölvunarfræði) og Ólafur Pétur Pálsson (vélaverkfræði). Deildarráð skipuðu þessir þrír, auk tveggja fulltrúa nemenda.



7080

SEMUNDUR FERÓÐI

## Starfsmenn

Sigrún Nanna Karlsdóttir dósent hóf störf við deildina á árinu. Hún er vélaverkfræðingur að mennt með áherslu á efnistækni. Hún kemur til með að hafa umsjón með meistaranámi sviðsins á sviði endurnýjanlegrar orku. Á árinu létu þau Ines Thiele, dósent og starfsmaður Kerfislíffræðisets, og Piroz Zamankhan, prófessor í vélaverkfræði, af störfum.

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild		
Lektorar	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	0	0
– karlar	4	4
Dósentar		
– konur	2	2
– karlar	3	3
Prófessorar		
– konur	1	1
– karlar	9	8,2
Samtals	<b>19</b>	<b>18,2</b>
<b>Rannsóknafólk</b>		
– konur	2	2
– karlar	4	3,1
Samtals	<b>6</b>	<b>5,1</b>

## Nemendur, nám og kennsla

Árið 2013 brautskráðust 164 kándidatar frá deildinni, þar af 134 með BS-próf, sem er tæplega 20% aukning frá árinu á undan. Flestir brautskráðust með próf í iðnaðarverkfræði, tölvunarfræði og vélaverkfræði, en einnig brautskráðust nemendur með próf í efnaverkfræði, hugbúnaðarverkfræði, véla- og iðnaðarverkfræði og fjármálaverkfræði.

## Doktorsvarnir

Einn doktor brautskráðist frá deildinni á árinu. Þann 25. janúar varði Tryggvi Björgvinsson doktorsritgerð sína í hugbúnaðarverkfræði, Notendadrifin þróun fyrir sérsníðaðan hugbúnað (User-Driven Development for Bespoke Software). Leiðbeinendur í verkefninu voru Helgi Þorbergsson, dósent við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, Helmut Neukirchen, dósent við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, og Mathias Klang, lektor við Gautaborgarháskóla. Tryggvi var fyrstur til að ljúka doktorsprófi í hugbúnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands.

## Rannsóknir

Rannsóknnum sem fóru fram í deildinni á árinu er lýst í kafla Verkfræðistofnunar.

## Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu 19 nemar við deildinna utan í skiptinám og 17 skiptinemar frá erlendum skólum stunduðu nám við hana á árinu.

## Gæðamál

Deildin hóf vinnu við sjálfsmat á kennslu deildarinnar samkvæmt áætlun menntamálaráðuneytisins um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi. Í því sambandi fékk deildin Félagsvísindastofnun til að taka rýnivíðtöl við nokkra hópa nemenda til að draga fram styrkleika og veikleika deildarinnar frá sjónarhóli nemenda. Í tengslum við sjálfsmatsvinnuna heimsótti Finn Kensing, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, deildina en hann hafði verið skipaður sem erlendur fulltrúi í sjálfsmatshópnum. Auk þess fór deildarforseti yfir kennslukannanir með kennurum deildarinnar og fulltrúum nemenda.

## Brautskráðir stúdentar frá Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild 2013

### Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS		95	39	134
<b>BS Alls</b>		<b>95</b>	<b>39</b>	<b>134</b>
Doktorspróf	Hugbúnaðarverkfræði	1		1
<b>Doktorspróf Alls</b>		<b>1</b>		<b>1</b>
MS	Fjármálaverkfræði	2		2
	Hugbúnaðarverkfræði	2		2
	Iðnaðarverkfræði	8	5	13
	Tölvunarfræði	4	2	6
	Vélaverkfræði	4	2	6
<b>MS Alls</b>		<b>20</b>	<b>9</b>	<b>29</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>116</b>	<b>48</b>	<b>164</b>

## Jarðvísindadeild

### Almennt yfirlit og stjórn

Deildarforseti var Magnús Tumi Guðmundsson prófessor og varadeildarforseti og formaður námsbrautar í jarðvísindum var Hreggviður Norðdahl fræðimaður. Stjórn deildarinnar og Jarðvísindastofnunar er samtvinnuð, þ.e. akademískir fulltrúar í deildarráði skipa jafnframt stjórn stofnunarinnar en allir kennarar og akademískir sérfræðingar sitja deildarfundi með fullum réttindum. Á árinu sátu í deildarráði Jarðvísindadeildar, auk deildarforseta og varadeildarforseta, Andri Stefánsson prófessor, Þóra Árnadóttir vísindamaður, Áslaug Geirsdóttir prófessor og Ármann Höskuldsson fræðimaður. Þóra Árnadóttir gegndi starfi stjórnarformanns Jarðvísindastofnunar og síðar á árinu tók Áslaug Geirsdóttir við því starfi eða þar til Freysteinn Sigmundsson tók sæti í ráðinu en þá varð hann jafnframt stjórnarformaður Jarðvísindastofnunar.

### Starfsmenn

Á árinu létu Jón Ólafsson prófessor og Snæbjörn Guðmundsson aðjunkt af störfum. Á árinu hóf Friðgeir Grímsson steingervingafræðingur tímabundið störf sem lektor.

Aðjunktur	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	0	0
– karlar	0	1
Lektorar		
– konur	0	0
– karlar	1	0
Dósentar		
– konur	3	3
– karlar	0	0
Prófessorar		
– konur	2	1,5
– karlar	5	5
<b>Samtals</b>	<b>11</b>	<b>9,5</b>
<b>Rannsóknafólk</b>		
– konur	2	1,86
– karlar	2	1,93

## Nemendur, nám og kennsla

Á árinu brautskráðust 37 kandídatar frá deildinni þar af 25 með BS-próf, átta með MS-próf og fjórir með doktorspróf.

### Doktorsvarnir

Fjórir doktorar brautskráðust frá deildinni á árinu.

- Þann 11. mars varði Ásta Rut Hjartardóttir doktorsritgerð sína, Sprungusveimar norðurgosbeltisins á Íslandi (Fissure Swarms of the Northern Volcanic Rift Zone, Iceland), í jarðeðlisfræði. Leiðbeinendur í verkefninu voru Páll Einarson, prófessor við Jarðvísindadeild, Kristján Sæmundsson, jarðfræðingur hjá Ísor, og Haukur Jóhannesson jarðfræðingur.
- Þann 20. september varði Darren Larsen doktorsritgerð sína, Þróun loftslags og jökla á nútíma í ljósi setlaga í Hvítárvatni við Langjökul (Holocene Climate Evolution and Glacier Fluctuations Inferred from Proglacial Lake Sediments at Hvítárvatn, Central Iceland), í jarðfræði. Gráðan er veitt sameiginlega frá Háskóla Íslands og University of Colorado Boulder í Bandaríkjunum og fór vörnin fram í Boulder. Leiðbeinendur Darrens voru Áslaug Geirsdóttir og Gifford H. Miller.
- Þann 27. september varði Iwona Gałeczka doktorsritgerð sína, Rannsóknir á efnaskiptum basalts og koltvíoxíðs á rannsóknarstofu og við náttúrulegar aðstæður (Experimental and Field Studies of Basalt-Carbon Dioxide Interaction), í jarðefnafræði. Leiðbeinendur hennar Sigurður Reynir Gíslason, jarðefnafræðingur við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, Domenik Wolff-Boenisch, sérfræðingur við Curtin University í Perth í Ástralíu, og Eric Oelkers, við Paul Sabatier háskólann í Toulouse í Frakklandi.
- Þann 30. október varði Snorri Guðbrandsson doktorsritgerð sína, Rannsókn á veðrunarhraða álkísilsteinda (Experimental Weathering Rates of Aluminium-Silicates), í jarðefnafræði. Gráðan er veitt sameiginlega frá Háskóla Íslands og Paul Sabatier háskólanum í Toulouse í Frakklandi. Leiðbeinendur Snorra voru Sigurður Reynir Gíslason, jarðefnafræðingur við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, Domenik Wolff-Boenisch, sérfræðingur við Curtin University í Perth í Ástralíu, og Eric Oelkers, við Paul Sabatier háskólann í Toulouse í Frakklandi.



## Alþjóðasamskipti

Á árinu hélt einn nemi við deildina utan í skiptinám en 126 skiptinemar frá erlendum skólum stunduðu hins vegar nám við deildina á árinu.

## Rannsóknir

Rannsóknnum sem fóru fram í deildinni á árinu er lýst í kafla Jarðvísindastofnunar.

## Gæðamál

Snemma árs lauk vinnu við sjálfsmatskýrslu deildarinnar og kom skýrslan út í febrúar. Þar eru sett fram markmið deildarinnar um bættu kennslu og annað innra starf. Fyrstu skrefin í átt að þessum markmiðum voru úrbætur í tækjabúnaði í bergfræðikennslu og hafist var handa við að endurskipuleggja grunnnámið í deildinni.

## Brautskráðir stúdentar frá Jarðvísindadeild 2013

### Jarðvísindadeild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS		15	10	25
<b>BS Alls</b>		<b>15</b>	<b>10</b>	<b>25</b>
Doktorspróf	Jarðeðlisfræði		1	1
	Jarðfræði	2	1	3
<b>Doktorspróf Alls</b>		<b>2</b>	<b>2</b>	<b>4</b>
MS	Jarðeðlisfræði	1	1	2
	Jarðfræði	2	4	6
<b>MS Alls</b>		<b>3</b>	<b>5</b>	<b>8</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>20</b>	<b>17</b>	<b>37</b>

## Líf- og umhverfisvísindadeild

### Almennt yfirlit og stjórn

Deildarforseti Líf- og umhverfisvísindadeildar var Eva Benediktsdóttir dósent og varadeildarforseti var Anna Dóra Sæþórsdóttir dósent.

Í deildinni voru þrjár námsbrautir á árinu, námsbraut í líffræði, námsbraut í land- og ferðamálafræði og námsbraut í lífefna- og sameindalíffræði, en sú síðastnefnda var rekin í samvinnu við Raunvísindadeild. Námsbrautarformaður í líffræði var Snæbjörn Pálsson prófessor, námsbrautarformaður í lífefna- og sameindalíffræði Zophonías O. Jónsson prófessor, og námsbrautarformaður í land- og ferðamálafræði Rannveig Ólafsdóttir, dósent, fram til 1. júlí en frá þeim tíma til ársloka fóru Anna Karlsdóttir lektor og Gunnar Þór Jóhannesson lektor sameiginlega með það starf. Enn fremur var þverfagleg námsbraut í umhverfis- og auðlindafræði hýst hjá Líf- og umhverfisvísindadeild.

## Starfsmenn

Á árinu var Sigríður Rut Franzdóttir ráðin aðjunkt í 50% starf og Valerie Helene Maier lektor í 25% starf, báðar til eins árs við námsbraut í líffræði, og Þorbjörg K. Kjartansdóttir var endurráðin sem aðjunkt í 20% starf við námsbraut í land- og ferðamálafræði. Ingibjörg Svava Jónsdóttir prófessor fékk starfshlutfall sitt minnkað í 20% í þrjú ár frá og með 1. júlí 2013.

Líf- og umhverfisvísindadeild			
	Aðjuntar	Fjöldi	Starfsígildi
	– konur	2	0,7
	– karlar	0	0
	Lektorar		
	– konur	4	2,55
	– karlar	1	1
	Dósentar		
	– konur	4	4
	– karlar	2	2
	Prófessorar		
	– konur	6	6
	– karlar	10	9,5
	Samtals	<b>29</b>	<b>25,75</b>
Tæknifólk – telst með stjórnýslu			
	– konur	1	1
Líf- og umhverfisvísindastofnun			
	– konur	15	13,29
	– karlar	20	16,9
	Samtals	<b>35</b>	<b>30,19</b>
Stofnun Sæmundar fróða			
	– konur	1	1
	– karlar	0	0
	Samtals	<b>1</b>	<b>1</b>

## Nemendur, nám og kennsla

Á árinu brautskráðist 101 kandídat frá deildinni, þar af 77 með BS-próf, 16 með MS-próf, sjö með doktorspróf og einn með viðbótardiplómu. Af þessum 16 meistaraþrófskandídotum brautskráðust sex með meistaraþróf í umhverfis- og auðlindafræði og einn doktorskandídatanna varði ritgerð sína í þeirri grein. Þessir kandídatar koma ekki fram í töflunni yfir brautskráða úr deildinni heldur síðar í bókinni í töflu yfir brautskráða úr þverfræðilegu framhaldsnámi.

## Doktorsnám og doktorsvarnir

Sjö doktorar brautskráðust frá deildinni á árinu.

- Þann 29. janúar varði Klara Björg Jakobsdóttir doktorsritgerð sína, Langtímabreytileiki í erfðasamsetningu þorsks (*Gadus morhua*) við Ísland (Historical Genetic Variation in Atlantic Cod (*Gadus morhua*) in Icelandic Waters), í líffræði. Leiðbeinendur í verkefninu voru Guðrún Marteinsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, Daniel E. Ruzzante, prófessor við Dalhousie-háskólann í Halifax í Kanada, og Christophe Pampoulie, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun.
- Þann 15. febrúar varði Pacifica F. Achieng Ogola doktorsritgerð sína, Afl til breytinga – Notkun jarðhita til að auka lífsgæði og til mildunar loftslagsbreytinga og aðlögunar að þeim (The Power to

Change – Creating Lifeline and Mitigation-Adaptation Opportunities Through Geothermal Energy Utilization), í umhverfis- og auðlindafræði. Leiðbeinendur í verkefninu voru Brynhildur Davíðsdóttir, dósent í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands, og Ingvar Birgir Friðleifsson, forstöðumaður Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna. Með þeim í doktorsnefnd var Sigurður Snorrason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.

- Þann 29. apríl varði Sunna Helgadóttir doktorsritgerð sína, Frávik í amínóasýleringu – Athuganir á óvenjulegri amínóasýleringu í tveim veldum lífs (Alteration of Normal Aminoacylation – A Study of Anomalous Aminoacylation in Two Domains of Life), í líffræði. Leiðbeinendur í verkefninu voru Ólafur S. Andrésson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, Dieter Söll, prófessor við Yale-háskóla í New Haven í Bandaríkjunum, og Guðmundur Eggertsson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands.
- Þann 25. júní varði Virgile Collin-Lange doktorsritgerð sína, Ungir ökumenn og bílanotkun á Íslandi – Félagstengsl, einstaklingar og sköpun rýmis (Automobility of Novice Drivers in Iceland – Socialities, Individuation and Spacings), í landfræði. Leiðbeinandi í verkefninu var Karl Benediktsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.
- Þann 15. október varði Rannveig Magnúsdóttir doktorsritgerð sína, Minkur (*Neovison vison*) á Íslandi – Fæðuval eftir kyni, búsvæðum, árstíðum og árum í ljósi umhverfis- og stofnstærðarbreytinga (American mink (*Neovison vison*) in Iceland – Diet by Sex, Habitat, Season and Years in the Light of Changing Environment and Population Size), í líffræði. Leiðbeinendur í verkefninu voru Páll Hersteinsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild (þar til hann lést 2011), Árni Einarsson, gestaprófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, David W. Macdonald, prófessor við University of Oxford í Englandi, og Steve Rushton, prófessor við Newcastle University í Englandi.
- Þann 13. nóvember varði Antoine Millet doktorsritgerð sína, Breytileiki hornsíla (*Gasterosteus aculeatus*) í tíma og rúmi í Mývatni (Spatio-Temporal Variation of Threespine Stickleback (*Gasterosteus aculeatus*) in the Dynamic Lake Mývatn, Iceland), í líffræði. Í doktorsnefnd voru Bjarni K. Kristjánsson, prófessor við Háskólann á Hólum, Katja Räsänen, rannsóknahópstjóri við vatnarannsóknastofnunina EAWAG í Sviss, Blake Mathews, einnig rannsóknahópstjóri við vatnarannsóknastofnunina EAWAG í Sviss, og Sigurður S. Snorrason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.
- Þann 13. desember varði Edda Ruth Hlín Waage doktorsritgerð sína, Hugtakið landslag – Merking og gildi fyrir náttúruvernd (The Concept of Landslag – : Meanings and Value for Nature Conservation), í landfræði. Leiðbeinandi við verkefnið var Karl Benediktsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.

## Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu fjórir nemar við deildina utan í skiptinám og 33 skiptinemar frá erlendum skólum stunduðu nám við deildina á árinu.

## Rannsóknir

Vettvangur rannsókna í deildinni er Líf- og umhverfisvísindastofnun og er nánar fjallað um rannsóknir í sérstökum kafla um stofnunina.

## Gæðamál

Haldnar voru kennslukannanir á vegum skólans, eins og gert hefur verið um árábil, en um haustið 2013 var í fyrsta skipti haldin kennslukönnun um mitt misserið, auk könnunar í misserislok.

## Brautskráðir stúdentar frá Líf- og umhverfisvísindadeild 2013

### Líf- og umhverfisvísindadeild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS		26	51	77
<b>BS Alls</b>		<b>26</b>	<b>51</b>	<b>77</b>
Doktorspróf	Landfræði	1	1	2
	Líffræði	1	3	4
<b>Doktorspróf Alls</b>		<b>2</b>	<b>4</b>	<b>6</b>
MS	Ferðamálafræði		1	1
	Landfræði	2	2	4
	Líffræði	1	4	5
<b>MS Alls</b>		<b>3</b>	<b>7</b>	<b>10</b>
Viðbótardiplóma	Líffræði		1	1
<b>Viðbótardiplóma Alls</b>			<b>1</b>	<b>1</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>31</b>	<b>63</b>	<b>94</b>

## Líf- og umhverfisvísindastofnun

### Almennt yfirlit og stjórn

Líf- og umhverfisvísindastofnun er stofnun sem leiðir saman líffræði, landfræði og ferðamálafræði. Hún býður upp á nýja samstarfsmöguleika í rannsóknum og nýsköpun innan skólans og utan. Meginmarkmið Líf- og umhverfisvísindastofnunar er að efla rannsóknir á sviði líf- og umhverfisvísinda og með því leggja sitt af mörkum til að skólinn nái langtímamarkmiðum um samkeppnishæfni gagnvart bestu rannsóknaháskólum heims. Í stjórn stofnunarinnar fyrri hluta árs voru:

- Kesara Margrét Jónsson prófessor, og formaður stjórnar,
- Guðrún Gísladóttir prófessor,
- Zophonías O. Jónsson dósent,
- Ólafur S. Andrésson prófessor,
- Anna D. Sæþórsdóttir dósent.

Þær breytingar urðu á stjórn stofnunarinnar um mitt sumar að Kesara Margrét Jónsson lét af störfum sem formaður stjórnar og Hilmar Bragi Janusson sviðsforseti tók við af henni.

Líf- og umhverfisvísindastofnun Háskóla Íslands skiptist í tvær rannsóknastofur. Þær eru:

- Líffræðistofa
- Land- og ferðamálafræðistofa

Í árslok störfuðu við stofnunina tveir verkefnastjórar, einn sérfræðingur, tveir rannsóknamenn, átta nýdoktorar og 21 nemi, þar af 16 doktorsnemar.

### Líffræðistofa

Til Líffræðistofu Líf- og umhverfisvísindastofnunar teljast þeir kennarar og starfsmenn sem stunda rannsóknir á líffræði og náskyldum greinum. Flestir vísindamenn stofnunar eru fastráðnir kennarar við Líf- og umhverfisvísindadeild en nokkrir eru lausráðnir starfsmenn eða gestavísindamenn.

### Starfsmenn

Í árslok starfaði við stofuna einn verkefnastjóri, einn sérfræðingur, einn rannsóknamaður, átta nýdóttar og 15 namar, þar af 13 doktorsnamar.

#### Rannsóknir

Líffræðistofa aflaði samtals 220 m.kr. í styrki á árinu. Innan stofunnar eru stundaðar rannsóknir á mörgum sérsviðum líffræði, allt frá eiginleikum stórsameinda og frumna upp í samsetningu stofna og eiginleika vistkerfa. Vísindamennirnir fást við spurningar sem spanna vítt svið og beita til þess margs konar aðferðum, m.a. lífefnafræði, tölfræði, lífupplýsingafræði og sameindalíffræði. Verkefni stofunnar eru oft unnin í samstarfi við utanaðkomandi aðila innanlands sem utan. Dæmi um rannsóknir sem unnar voru á árinu má nefna verkefni Landslagserfðafræði fléttunnar *Peltigera membranacea* (himnuskóf), Erfðabreytileiki og aðlögun í náttúrulegum stofni og Áhrif tungls og sjávarfalla á hrygningu þorsks.

#### Land- og ferðamálafræðistofa

Land- og ferðamálafræðistofa Líf- og umhverfisvísindastofnunar er rannsóknavettvangur kennara og annarra starfsmanna í landfræði og ferðamálafræði.

#### Starfsmenn

Í árslok starfaði við stofuna einn verkefnastjóri, einn rannsóknamaður og sex namar, þar af þrjú doktorsnamar.

#### Rannsóknir

Land- og ferðamálafræðistofa aflaði samtals 85 m. kr. í styrki á árinu. Mikil fagleg breidd þessara tveggja greina endurspeglar í þeim rannsóknaverkefnum sem unnið er að við stofuna. Sem dæmi má nefna rannsóknir á jarðvegsferlum í náttúrulegum landfræði, verkefni tengd mannvistarlandfræði um hjólræði í borgarumhverfinu og rannsóknir á uppbyggingu ferðaþjónustu í dreifbýli. Eftirfarandi verkefni fengu meðal annars styrk á árinu: Landslag í Austur-Skaftafellssýslur – Greining og flokkun, Þróun landgæða og byggðar í Austur-Skaftafellssýslu frá landnámi og Áhrif gjósku og mannvistar á landvistkerfi sunnan Vatnajökuls síðustu 2000 ár.

## Rafmagns- og tölvuverkfræðideild

#### Almennt yfirlit og stjórn

Forseti deildarinnar var Jóhannes Rúnar Sveinsson prófessor og varaforseti Helgi Þorbersson dósent. Magnús Örn Úlfarsson var námsbrautarstjóri í rafmagnsverkfræði og Helgi Þorbergsson var námsbrautarstjóri í tölvuverkfræði.

#### Starfsmenn

Á árinu létu Hrefna Marín Gunnarsdóttir lektor, Jón Tómas Guðmundsson prófessor og Magni Þór Pálsson lektor af störfum.

Rafmagns- og tölvuverkfræðideild	Lektorar	Fjöldi	Starfsígildi
	– konur	0	0
	– karlar	1	0,2

	Dósentar		
	– konur	0	0
	– karlar	2	2
	Prófessorar		
	– konur	1	1
	– karlar	2	1,4
	Samtals	<b>6</b>	<b>4,6</b>
<b>Upplýsinga- og merkjafræðistofa og Kerfisverkfræðistofa</b>			
	– konur	0	0
	– karlar	4	3,6
	Samtals	<b>4</b>	<b>3,6</b>

## Nemendur, nám og kennsla

Á árinu útskrifuðust 12 frá deildinni, þar af 10 með BS-próf. Tveir útskrifuðust með MS-próf.

## Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu tveir nemar við deildina utan í skiptinám og fimm skiptinemar frá erlendum skólum stunduðu nám við hana á árinu.

## Rannsóknir

Rannsóknnum sem fóru fram í deildinni á árinu er lýst í kafla Verkfræðistofnunar.

## Gæðamál

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands kannaði viðhorf nemenda, bæði grunn- og framhaldsnema, á árinu til deildarinnar. Spurt var um viðhorf til námsins og deildarinnar og annað sem snýr að nemendum og háskólanum. Svörin voru m.a. borin saman við hliðstæð svör nemenda í öðrum deildum innan háskólans. Þessi viðhorfskönnun nýtist í sjálfsmatsvinnu deildarinnar sem stendur fyrir dyrum.

## Brautskráðir stúdentar frá Rafmagns- og tölvuverkfræðideild 2013

### Rafmagns- og tölvuverkfræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS		9	1	10
<b>BS Alls</b>		<b>9</b>	<b>1</b>	<b>10</b>
MS	Rafmagns- og tölvuverkfræði	2		2
<b>MS Alls</b>		<b>2</b>		<b>2</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>11</b>	<b>1</b>	<b>12</b>



# Raunvísindadeild

## Almennt yfirlit og stjórn

Raunvísindadeild er vettvangur kennslu í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði við Háskóla Íslands og skiptist deildin í samsvarandi þrjár námsbrautir. Auk þess stendur deildin að námsbraut í lífefna- og sameindalíffræði ásamt Líf- og umhverfisvísindadeild og er sú námsbraut vistuð í Raunvísindadeild. Forseti deildarinnar var Hafliði Pétur Gíslason og varaforseti Oddur Ingólfsson.

## Starfsmenn

Á árinu lét Sigurjón Norberg Ólafsson dósent af störfum. Sigurður Örn Steánsson lektor hóf störf á árinu.

Raunvísindadeild		
Aðjunktur	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	0	0
– karlar	1	1
Lektorar		
– konur	1	1
– karlar	1	1
Dósentar		
– konur	1	1
– karlar	4	4
Prófessorar		
– konur	0	0
– karlar	29	26,2
Samtals	<b>37</b>	<b>34,2</b>
<b>Rannsóknafólk</b>		
– karlar	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Tæknifólk – telst með stjórnarsýslu</b>		
– konur	1	1
– karlar	2	2
Samtals	<b>3</b>	<b>3</b>

## Nemendur, nám og kennsla

Á árinu brautskráðust 55 kandídatar frá deildinni, 43 með BS-próf, fimm með MS-próf og sjö með doktorspróf.

## Doktorsnám og doktorsvarnir

Sjö doktorar brautskráðust frá deildinni á árinu.

- Hinn 22. mars varði Kristinn Torfason doktorsritgerð sína Tilbrigði við flutning á skammtaflautu (e. Variations on transport for a quantum flute) í eðlisfræði. Leiðbeinendur hans voru Viðar Guðmundsson, prófessor í eðlisfræði við Háskóla Íslands, og Andrei Manolescu, prófessor í eðlisfræði við Háskólann í Reykjavík. Í doktorsnefnd voru einnig Hannes Jónsson, prófessor í efnafræði við Háskóla Íslands, og Sigurður I. Erlingsson, dósent í eðlisfræði við Háskólann í Reykjavík.



- Hinn 27. mars varði Sarah Engmann doktorsritgerð sína Víxlverkan lágorkurafeinda við sameindir sem notaðar eru við örprentun yfirborða með skörpum rafeindageisla (e. Low Energy Electron Interactions with Precursor Molecules Relevant to Focused Electron Beam Induced Deposition) í efnafræði. Leiðbeinandi að verkefninu var Oddur Ingólfsson prófessor við Háskóla Íslands. Auk hans áttu sæti í doktorsnefnd Prof. Štefan Matejčík og Prof. Michael Brunger.
- Hinn 15. apríl varði Gunnar W. Reginsson doktorsritgerð sína Notkun púlssaðrar EPR-spektróskópíu til fjarlægðarmælinga með trítýl-stakeindum og nítroxíð-spunamerkjum án samgildra tengja (e. Distance measurements using pulsed EPR: Noncovalently bound nitroxide and trityl spin labels) í efnafræði. Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og University of St. Andrews í Skotlandi og fór vörnin fram í St. Andrews. Leiðbeinendur við verkefnið voru Snorri Þór Sigurðsson, prófessor við Raunvísindadeild Háskóla Íslands, og Olav Schiemann, prófessor við University of St. Andrews í Skotlandi.
- Hinn 18. júní varði Ivan Savenko doktorsritgerð sína Sterk víxlverkun milli ljóss og efnis í kerfum af mismunandi víddum (e. Strong light-matter coupling in systems of different dimensionality) í eðlisfræði. Leiðbeinandi og umsjónarkennari var Dr. Ivan Shelyk, prófessor í eðlisfræði við Raunvísindadeild Háskóla Íslands. Aðrir í doktorsnefnd voru Viðar Guðmundsson, prófessor við Raunvísindadeild Háskóla Íslands og Snorri Þ. Ingvarsson, prófessor við Raunvísindadeild Háskóla Íslands.
- Hinn 1. júlí varði Jingming Long doktorsritgerð sína, Ljósrof, víxlverkanir og orkueiginleikar Rydberg og jón-pára ástanda: Fjölljóseindajónun halogen haldandi efna (Photofragmentations, State interactions and Energetics of Rydberg and Ion-pair states: 2D REMPI of Halogen containing compounds) í efnafræði. Aðalleiðbeinandi við verkefnið var Ágúst Kvaran, prófessor við Háskóla Íslands, og meðleiðbeinandi Huasheng Wang, fræðimaður við Raunvísindastofnun Háskólans. Aðrir í doktorsnefnd voru dr. Gísli Hólmur Jóhannesson (Mentiscura), dr. Andras Bodi, Paul Scherrer Institute, Sviss, og dr. Ari Ólafsson, dósent í eðlisfræði við HÍ.
- Hinn 13. september varði Pavel Bessarab doktorsritgerð sína Kennileg lýsing á stöðugleika og umbreytingum segulástanda (e. Theoretical description of stability and transitions between magnetic states), í efnafræði. Aðalleiðbeinandi við verkefnið var Hannes Jónsson, prófessor við Háskóla Íslands, meðleiðbeinandi var Prof. Valery Uzdin við St. Petersburg State University í Pétursborg í Rússlandi. Aðrir í doktorsnefnd voru: Viðar Guðmundsson, prófessor við Háskóla Íslands og Sveinn Ólafsson, vísindamaður við Raunvísindastofnun Háskólans.
- Hinn 1. nóvember varði Benedikt Ómarsson doktorsritgerð sína Tengjamyndun og umröðun í niðurbrotsferlum sameinda eftir víxlverkun þeirra við lágorkurafeindir (e. Promoting reaction channels in dissociative electron attachment through bond formation and rearrangement) í efnafræði. Leiðbeinandi verkefnisins var Oddur Ingólfsson, prófessor við Raunvísindadeild Háskóla Íslands.

## Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu átta nemar við deildina utan í skiptinám og fimm skiptinemar frá erlendum skólum stunduðu nám við deildina á árinu.

## Rannsóknir

Rannsóknnum sem fóru fram í deildinni á árinu er lýst í kafla Raunvísindastofnunar.

## Gæðamál

Raunvísindadeild hóf vinnu við sjálfsmat með fundi hinn 13. september. Sjálfsmatsnefnd deildarinnar var enn að störfum í árslok en fyrirhugað er að hún skili skýrslu á árinu 2014. Haustið 2013 pantaði

deildin skýrslu frá Kennslumiðstöð Háskóla Íslands um viðhorf nemenda til náms og kennslu í deildinni.

## Brautskráðir stúdentar frá Raunvísindadeild 2013

### Raunvísindadeild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	Eðlisfræði	9	1	10
	Efnafræði	5	5	10
	Lífefnafræði	4	10	14
	Stærðfræði	4	5	9
<b>BS Alls</b>		<b>22</b>	<b>21</b>	<b>43</b>
Doktorspróf	Eðlisfræði	2		2
	Efnafræði	4	1	5
<b>Doktorspróf Alls</b>		<b>6</b>	<b>1</b>	<b>7</b>
MS	Efnafræði	2	2	4
	Stærðfræði	1		1
<b>MS Alls</b>		<b>3</b>	<b>2</b>	<b>5</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>31</b>	<b>24</b>	<b>55</b>

## Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

### Almennt yfirlit og stjórn

Forseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar á árinu var Sigurður Magnús Garðarsson prófessor og varaforseti Guðmundur Freyr Úlfarsson prófessor. Auk þeirra sat Ragnar Sigbjörnsson prófessor í deildarráði, ásamt fulltrúa nemenda.

### Starfsmenn

Björn Marteinnsson, verkfræðingur og arkitekt, var ráðinn í 50% dósentstöðu við deildina á árinu. Hann hafði unnið áður við deildina. María J. Gunnarsdóttir var ráðin sem sérfræðingur við deildina með starfssvið á Vatnaverkefnum.

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild		
	Fjöldi	Starfsígildi
Lektorar		
– konur	0	0
– karlar	0	0
Dósentar		
– konur	1	1
– karlar	4	2,2

Prófessorar		
– konur	0	0
– karlar	6	6
Samtals	<b>11</b>	<b>9,2</b>
Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði og Vatnaverkfræðistofa		
– konur	5	4,8
– karlar	7	4,8
Samtals	<b>12</b>	<b>9,6</b>
Kerfislíffræðisetur (vistað á Verkfræði- og náttúruvísindasviði)		
– konur	5	4,8
– karlar	7	4,6
Samtals	<b>12</b>	<b>9,4</b>

## Nemendur, nám og kennsla

Á árinu brautskráðust 33 kandiðatar frá deildinni, þar af 27 með BS-próf og sex með MS-próf.

Framhaldsnámið er öflugt í deildinni en um 60 meistaranemendur og um 10 doktorsnemendur stunduðu nám við deildina á árinu.

## Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu átta nemar við deildina utan í skiptinám og 16 skiptinemar frá erlendum skólum stunduðu nám við hana á árinu.

## Rannsóknir

Rannsóknnum sem fóru fram í deildinni á árinu er lýst í kafla Verkfræðistofnunar.

## Gæðamál

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild gerði sjálfsmat samkvæmt rammaáætlun menntamálaráðuneytisins um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi. Deildin skrifaði sjálfsmatsskýrslu og lagði drög að aðgerðaáætlun til næstu ára byggða á stefnu deildarinnar. Félagsvísindastofnun tók umfangsmikil viðtöl við nokkra hópa nemenda til að draga fram styrkleika og veikleika deildarinnar frá sjónarhóli nemenda. Deildin fékk einnig til liðs við sig Helga Valdimarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra Almennu verkfræðistofunnar, sem fulltrúa atvinnulífsins og Håkan Stille, prófessor emeritus við Konunglega tækniháskólann í Svíþjóð, sem erlendan ráðgjafa. Deildin fór enn fremur yfir kennslukannanir með fulltrúum nemenda sem hluta af gæðaeftirliti deildarinnar.

## Brautskráðir stúðentar frá Umhverfis- og byggingarverkfræðideild 2013

### Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	Umhverfis- og byggingarverkfræði	14	13	27
<b>BS Alls</b>		<b>14</b>	<b>13</b>	<b>27</b>

MS	Byggingarverkfræði	1		1
	Umhverfisverkfræði	3	2	5
<b>MS Alls</b>		<b>4</b>	<b>2</b>	<b>6</b>
<b>Alls úr deildinni á árinu</b>		<b>18</b>	<b>15</b>	<b>33</b>

## Raunvísindastofnun

Raunvísindastofnun háskólans er fjárhagslega sjálfstæð rannsóknastofnun á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands og starfar í alþjóðlegu vísindaumhverfi. Stofnunin er vettvangur grunnrannsókna og nytjarannsókna í raunvísindum. Meginmarkmið starfseminnar er að afla nýrrar þekkingar og stuðla að hagnýtingu hennar fyrir íslenskt samfélag, þjálfa nemendur í vísindalegum vinnubrögðum, veita sérfræðiaðstoð og annast fræðslustarfsemi. Stofnunin heldur utan um tilraunastarfsemi á sviði eðlisfræði, efna- og lífefnafræði, stærð- og reiknifræði og jarðvísinda í víðtæku samstarfi við aðrar innlendar og erlendar rannsóknastofnanir. Niðurstöður rannsókna eru birtar í alþjóðlegum tímaritsgreinum, bókarköflum, skýrslum og á ráðstefnum.

Í árslok 2013 störfuðu 29 akademískir sérfræðingar við rannsóknir ásamt 33 verkefnaráðnum starfsmönnum, auk 12 tæknimanna og aðstoðarmanna. Níu manna starfslið vinnur á aðalskrifstofu og annast rekstur fasteigna. Raunvísindastofnun er enn fremur rannsóknavettvangur kennara við raunvísinda- og jarðvísindadeildir Háskóla Íslands, þeir voru 46 í árslok. Einnig höfðu fjölmargir nemar í framhaldsnámi við Háskóla Íslands starfsaðstoðu á stofnuninni í lengri eða skemmri tíma.

Árið 2013 nam velta stofnunarinnar 1.138,9 m.kr., sem er lækkun um 87,2 m.kr. frá árinu áður. Af veltu ársins komu 381,7 m.kr. af fjárlögum. Framlag Norrænu ráðherranefndarinnar nam 97,8 m.kr. til reksturs Norræna eldfjallasetursins. Sjálfsaflafé til reksturs rannsóknaverkefna var 725,5 m.kr. á árinu. Rekstur rannsóknaverkefna grundvallast á sjálfsaflafé frá innlendum og erlendum rannsóknasjóðum og frá fyrirtækjum. Á undanförunum árum hefur hlutur erlendra rannsóknasjóða farið vaxandi.

Raunvísindastofnun skiptist í Eðlisvísindastofnun og Jarðvísindastofnun. Þær skiptast síðan í stofur og hér er sýnt yfirlit yfir þær.

### Eðlisvísindafræðistofnun

Reiknisetur

Eðlisfræðistofa

Háloftadeild

Örtæknikjarni

Efnafræðistofa

Lífefnafræðideild

Efnagreiningasetur

Stærðfræðistofa

Reiknifræðideild

Tölvufræðimiðstöð

### Jarðvísindastofnun

Norræna eldfjallasetrið

## Eðlisvísindastofnun

Eðlisvísindastofnun háskólans skiptist í þrjár rannsóknastofur, Eðlisfræðistofu, Efnafræðistofu og Stærðfræðistofu. Stofurnar þrjár hafa síðan innan sinna vébanda tiltölulega sjálfstæðar deildir. Í árslok störfuðu 33 kennarar Raunvísindadeildar við Eðlisvísindastofnun, auk tveggja kennara úr öðrum deildum sem hafa rannsóknaraðstöðu á stofnuninni. Einnig eru við stofnunina 12 akademískir sérfræðingar, en þeir stunda sjálfstæðar rannsóknir, verkefnaráðnir sérfræðingar eru 10, nýdóttar eru 8 og tæknimenn eru 3.

Sértekjur bókfærðar á stofnunina námu 267,9 millj.kr. árið 2013 en fjárveiting úr ríkissjóði var 134,7 millj.kr.

## Eðlisfræðistofa

### Almennt yfirlit

Á Eðlisfræðistofu eru stundaðar grunnrannsóknir í tilraunaeðlisfræði, kennilegri eðlisfræði þéttfnis og stjarnaeðlisfræði. Á stofunni eru þrír hópar fyrirferðarmestir. Einn þeirra sinnir rannsóknum á sviði tilraunaeðlisfræði með áherslu á hátæknieðlisfræði og örtækni. Annar hópur stundar kennilegar rannsóknir og líkanagerð af eiginleikum rafeindakerfa á nanóskvarða í hálfleiðurum og sameindum. Þriðji hópurinn leggur stund á rannsóknir í stjarnaeðlisfræði með megináherslu á gammablossa og heimsfræði. Auk þessara hópa stunda einstakir kennarar og sérfræðingar á stofunni rannsóknir sem ekki falla undir framangreind svið. Unnu þeir meðal annars við mælingar á radoni í grunnvatni og endurbætta mælitækni aldursgreininga með geislakoli.

### Rannsóknastyrkir

Bókfærðar sértekjur á Eðlisfræðistofu námu um 139,7 millj.kr. árið 2013 en fjárveiting úr ríkissjóði var tæplega 51,4 millj.kr. Verkefnastyrkir úr Rannsóknasjóði Rannís þar sem stofumenn voru ýmist verkefnastjórar eða meðumsækjendur námu kr. 39.295 þús.kr. á árinu. Þá styrkti Rannsóknasjóður Háskóla Íslands einnig átta verkefni stofumanna á árinu um samtals 11.200 þús.kr. og Innviðasjóður um 6.466 þús.kr.

### Nýir styrkir

- Jón Tómas Guðmundsson hlaut styrk til verkefnisins Hvarfaspættun með háafspúlisaðri segulspættu úr Rannsóknasjóði Rannís. Styrkurinn nam 6.300 þús.kr.
- Innviðasjóður styrkti kaup á örtæknikjarna um 6.466 þús.kr. á árinu 2013.

### Framhaldsstyrkir

- Gunnlaugur Björnsson hlaut styrk að upphæð 1.100 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Hýsilvetrarbrautir gammablossa.
- Einar Örn Sveinbjörnsson hlaut styrk til þriggja ára verkefnisins Oxun kísilkarbíðs með hjálp alkalíjóna úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Styrkurinn nam 1.500 þús.kr. á árinu 2013.
- Hafliði Pétur Gíslason hlaut styrk til verkefnisins Geislavirkar veitur í hálfleiðurum, ásamt Sveini Ólafssyni og Haraldi Páli Gunnlaugssyni, dósent við Árósháskóla. Styrkurinn nam 6.140 þús.kr. á árinu úr Rannsóknasjóði Rannís og 1.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Kjartan Thor Wikfeldt hlaut styrk til verkefnisins Sameindalýsing á vatni úr Rannsóknasjóði Rannís. Styrkurinn nam 6.390 þús.kr. á árinu.
- Kristján Leósson hlaut á árinu styrk að upphæð 6.790 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís og 1.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands ásamt samstarfsmönnum sínum, Alexöndru Boltassevu og Malte C. Gather, til verkefnisins Ljósmeignun rafgasbylgna.
- Páll Jakobsson hlaut styrk til verkefnisins Gammablossar: Leiftur úr fjarlægri fortíð. Styrkurinn nam 8.770 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís og 1.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Snorri Þorgeir Ingvarsson hlaut styrk að upphæð 1.100 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Þróun háupplausnar nærsviðssmásjár á innrauða sviðinu.

- Sveinn Ólafsson hlaut styrk að upphæð 1.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Vetnisörfasar í þunnum húðum, myndun og skynjun.
- Viðar Guðmundsson hlaut, ásamt verkefnisstjóranum Andrei Manolescu við Háskólann í Reykjavík, 4.905 þús.kr. styrk úr Rannsóknasjóði Rannís og 1.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands á árinu fyrir þriðja ár verkefnisins Coulomb-víxlverkun og straumfræði í skammtafræðilegum kerfum.

## Efnafræðistofa

### Almennt yfirlit

Á Efnafræðistofu eru stundaðar grunnrannsóknir í efnasmíðum lífrænna og ólífrænna efna, efnagreiningu og eðlisefnafræði, bæði með tilraunum og kennilegum rannsóknum. Stofan rekur Efnagreiningasetur Háskóla Íslands en þar er boðið upp á ýmsar hátæknigreiningar, svo sem NMR- og massagreiningar. Við Lífefnafræðideild stofunnar eru stundaðar ýmsar rannsóknir, einkum á próteinum og lípíðum.

### Rannsóknastyrkir

Bókfærðar sértekjur á Efnafræðistofu námu um 41,9 millj.kr. árið 2013 en fjárveiting úr ríkissjóði var tæplega 93,7 millj.kr. Verkefnastyrkir úr Rannsóknasjóði Rannís, þar sem stofumenn voru ýmist verkefnastjórar eða meðumsækjendur, námu kr. 58.870 þús.kr. á árinu. Þá styrkti Rannsóknasjóður Háskóla Íslands einnig 10 verkefni stofumanna á árinu um samtals 9.100 þús.kr., þar af eitt verkefni undir Lífefnafræðideild um 1.100 þús.kr.

### Nýir styrkir

- Ágúst Kvaran hlaut styrk til verkefnisins Háorkuljóssundrun sameinda, rannsóknir og þróun, ásamt Victor Huasheng Wang. Styrkurinn nam 6.595 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís og 1.100 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Bjarni Ásgeirsson hlaut styrk til verkefnisins Proteomics of Intestinal Epithelia from Atlantic Cod. Styrkurinn nam 400 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Hannes Jónsson hlaut styrk til verkefnisins Reikniaðferðir til að spá fyrir um hraða hitaháðra breytinga, ásamt Valery M. Uzdin. Styrkurinn nam 6.380 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Hannes Jónsson hlaut styrk til verkefnisins Reikniaðferðir til að meta gang og hraða hvarfa. Styrkurinn nam 1.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Kjartan Thor Wikfeldt hlaut styrk til verkefnisins Tunneling Mechanisms in Surface Catalysis. Styrkurinn nam 800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Oddur Ingólfsson hlaut styrk til verkefnisins Hlutverk lágorkurafeinda í yfirborðsprentun með skörpum rafeindageisla, ásamt D. Howard Fairbrother, Ivo Utke og Cornelis W. Hagen. Styrkurinn nam 6.045 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Sigríður Suman Jónasdóttir hlaut styrk til verkefnisins Synthesis of Mo-S Complexes and Study of Their Reactivity with Cyanide. Styrkurinn nam 800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

### Framhaldsstyrkir

- Egill Skúlason hlaut styrk að upphæð 6.560 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Rafefnafræðileg framleiðsla á áburði og vistvænu eldsneyti.
- Egill Skúlason hlaut styrk að upphæð 1.300 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Þróun efnahvata fyrir rafala og sóhlöður.
- Guðmundur G. Haraldsson hlaut styrk að upphæð 7.920 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís og 1.100 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Efnasmíðar á metoxyl-setnum eterlípíðum og n-3 PUFA.
- Ingvar Helgi Árnason hlaut styrk að upphæð 1.100 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Ljóseindajónun og sundrun tengja í einsetnum silacyclohexönum.

- Oddur Ingólfsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands 2010–2013 til verkefnisins Sólorkudrífín efnahvörf með lágorkurafeindum á yfirborðum. Styrkurinn nam 5.950 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís árið 2013.
- Snorri Þorgeir Ingvarsson hlaut styrk að upphæð 6.340 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Spunahreyfifræði og segulsviðsskynjarar.
- Snorri Þór Sigurðsson hlaut styrk að upphæð 6.580 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins EPR-rannsóknir á kjarnsýrum með stífum spunamerkjum og trítíl stakeindum.
- Snorri Þór Sigurðsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís 2011-2013 til verkefnisins Spunamerking kjarnsýra án samgilda tengja. Styrkurinn nam 6.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Snorri Þór Sigurðsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís 2011–2013 til verkefnisins Kjarnsýruspunamerking án samgilda tengja. Styrkurinn nam 1.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands árið 2013.

### Lífefnafræðideild

Við Lífefnafræðideild Efnafræðistofu eru stundaðar ýmsar rannsóknir, einkum á próteinum og lípíðum.

### Rannsóknastyrkir

Rannsóknasjóður Háskóla Íslands styrkti eitt verkefni stofumanna árið 2013 um samtals 1.100 þús. kr. Það er eftirtalið framhaldsverkefni.

### Framhaldsstyrkir

Magnús Már Kristjánsson hlaut styrk til verkefnisins Áhrif saltbrúa á hitastigsaðlögun subtílasa. Styrkurinn nam 1.100 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

## Stærðfræðistofa

### Almennt yfirlit

Stærðfræðistofa er vettvangur rannsókna í stærðfræði, stærðfræðilegri eðlisfræði, reiknifræði og tölfraði. Þar af heyra reiknifræði og tölfraði undir Reiknifræðideild stofunnar.

### Rannsóknastyrkir

Bókfærðar sértekjur á Stærðfræðistofu námu um 40,4 millj.kr. árið 2013 en fjárveiting úr ríkissjóði var tæplega 33,6 millj.kr. Verkefnastyrkir úr Rannsóknasjóði Rannís námu kr. 6.680 þús.kr. á árinu. Þá styrkti Rannsóknasjóður Háskóla Íslands einnig sex verkefni stofumanna árið 2013 um samtals 5.000 þús.kr., þar af 2.700 þús.kr. á Reiknifræðideild.

### Nýir styrkir

- Lárus Thorlacius hlaut styrk til verkefnisins Þyngdarfræðilíkön fyrir sterkt víxlverkandi skammtakerfi. Styrkurinn nam 6.680 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Rögnvaldur Möller hlaut styrk til verkefnisins Granngrúpur, umraðanagrúpur og net. Styrkurinn nam 400 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Valentina G. Marotta Puletti hlaut styrk til verkefnisins Strongly Correlated Systems via Holography. Styrkurinn nam 1.100 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

### Framhaldsstyrkir

- Lárus Thorlacius hlaut styrk til verkefnisins Rannsóknir í öreindafræði. Styrkurinn nam 800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

### Reiknifræðideild

Við Reiknifræðideild eru stundaðar rannsóknir sem tengjast reiknifræði, tölfraði og líkindafræði undir samheitinu hagnýtt stærðfræði og tölfraði. Undir Reiknifræðideildi heyrir Tölfraðimiðstöð Háskóla Íslands, sem veitir ráðgjöf í tölfraði við skólann og er jafnframt starfsvettvangur doktorsnema í tölfraði. Við miðstöðina starfa nemendur í framhaldsnámi í tölfraði og nemendur langt komnir í BS-námi sem ráðgjafar undir stjórn forstöðumannsins, Gunnars Stefánssonar prófessors. Á vegum Tölfraðimiðstöðvar er einnig rekin málstofa í tölfraði.

Helstu viðfangsefni Reiknifræðideildar eru á sviði tölfraði, líkindafræði, bestunarfræði og tölulegrar greiningar. Sérstök áhersla hefur verið lögð á líkanagerð fyrir ýmsar greinar vísinda.

### Rannsóknastyrkir

Rannsóknasjóður Háskóla Íslands styrkti þrjú verkefni stofumanna árið 2013 um samtals 2.700 þús.kr. Styrkirnir eru framhaldsstyrkir og eru þeir taldir hér á eftir.

### Framhaldsstyrkir

- Andreas Pedersen hlaut styrk til verkefnisins Global Optimization Using Distributed and Cloud Computing. Styrkurinn nam 800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Birgir Hrafnkelsson hlaut styrk til verkefnisins Statistical Modeling for Maximum 24 Hour Precipitation. Styrkurinn nam 800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Gunnar Stefánsson hlaut styrk til verkefnisins Vefstudd kennsla. Styrkurinn nam 1.100 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

## Jarðvísindastofnun

### Almennt yfirlit

Jarðvísindastofnun er önnur tveggja sjálfstæðra stofnana Raunvísindastofnunar háskólans. Hún er til húsa í Öskju, Náttúrufræðahúsi háskólans. Meginhlutverk Jarðvísindastofnunar er að afla nýrrar þekkingar með grunnrannsóknum og nytjarannsóknum í jarðvísindum, byggja upp og veita aðstöðu fyrir viðamiklar tilraunir og mælingar í jarðvísindum. Auk þess rekur stofnunin norrænt rannsóknasetur í eldfjallafræðum, Norræna eldfallasetrið (Nordvulk), þar sem ungir norrænir jarðvísindamenn eru menntaðir og þjálfaðir. Starfsmenn stofnunarinnar starfa með innlendum og erlendum háskólum, rannsóknastofnunum og öðrum aðilum með gagnkvæma miðlun á þekkingu í huga og til þekkingaröflunar fyrir íslenskt samfélag. Starfsmenn veita ráðgjöf um náttúruvá, nýtingu auðlinda og umhverfismál og stunda þjónusturannsóknir á verksviðum sem krefjast grunnrannsókna þar sem ekki er um að ræða samkeppni við aðrar stofnanir eða fyrirtæki. Stofnunin veitir nemendum í framhaldsnámi við Jarðvísindadeild aðstöðu og aðgang að búnaði. Á vegum stofnunarinnar er lögð sérstök áhersla á að efla kennslu með því að byggja upp frjótt rannsóknahverfi fyrir nemendur og þjálfar þá í vísindalegri hugsun og vinnubrögðum í jarðvísindum.

Í árslok störfuðu 33 kennarar Jarðvísindadeildar við Jarðvísindastofnun, auk tveggja kennara úr öðrum deildum sem hafa rannsóknaraðstöðu á stofnuninni. Einnig eru við stofnunina 12 akademískir sérfræðingar sem stunda sjálfstæðar rannsóknir. Verkefnaráðnir sérfræðingar eru tíu, nýdóttar eru átta og tæknimenn eru þrír.

### Rannsóknastyrkir

Bókfærðar sértekjur á Jarðvísindastofnun námu um 427,2 millj.kr. árið 2013 en fjárveiting úr ríkissjóði var tæplega 151,4 millj.kr. Verkefnastyrkir úr Rannsóknasjóði Rannís námu kr. 73.848 þús.kr. á árinu. Þá styrkti Rannsóknasjóður Háskóla Íslands einnig 16 verkefni starfsmanna á árinu um samtals 21.100 þús.kr.



### Nýir styrkir

- Áslaug Geirsdóttir hlaut styrk til verkefnisins Snöggar breytingar í átt að kólnun á Norður-Atlantshafinu á síðari hluta nútíma – Þáttur sjávarstrauma, andrúmslofts og hafíss. Styrkurinn nam 8.230 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Guðfinna Aðalgeirsdóttir hlaut styrk til verkefnisins Reiknilíkan fyrir suðurskriðjökla Vatnajökuls á 20. og 21. öld. Styrkurinn nam 800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Hanna Sisko Kaasalainen hlaut styrk til verkefnisins Efnasambönd og framboð fyrir örverur í jarðhitavatni. Styrkurinn nam 6.236 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Morten S. Riisuuus hlaut styrk til verkefnisins Tegund og uppbygging íslenskra hraunsyrpna frá síðertertíer – Gostíðni, flæðiferli og umhverfisaðstæður. Styrkurinn nam 3.980 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Olgeir Sigmarsson hlaut styrk til verkefnisins Nær Jan Mayen hryggurinn inn undir Austfirði?. Styrkurinn nam 6.477 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís og 1.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Ólafur Ingólfsson hlaut styrk til verkefnisins Drangajökull Glacial History. Styrkurinn nam 1.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Páll Einarsson hlaut styrk til verkefnisins Sprungur og aflögun innan Vesturgosbeltisins á Íslandi, ásamt Ástu Rut Hjartardóttur og Sigrúnu Hreinsdóttur. Styrkurinn nam 6.358 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Sigurður Reynir Gíslason hlaut styrk til verkefnisins Metal Transport to the Oceans. Styrkurinn nam 1.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Þorvaldur Þórðarson hlaut styrk til verkefnisins Shallow Conduit Processes in Explosive Eruptions in Iceland. Styrkurinn nam 1.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Þóra Árnadóttir hlaut styrk til verkefnisins Kortlagning ferlum í jarðskorpunni með smáskjálftum og aflögun á Suðvesturlandi, ásamt Sigrúnu Hreinsdóttur, Ara Tryggvasyni, Birni Lund, Andrew Hooper, Benedikt Gunnar Ófeigssyni og Kristínu S. Vogfjörð. Styrkurinn nam 6.870 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Þröstur Þorsteinsson hlaut styrk til verkefnisins The Effect of Vegetation on Particulate Matter Pollution from Traffic. Styrkurinn nam 1.100 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

### Framhaldsstyrkir

- Andri Stefánsson hlaut styrk til verkefnisins Jarðefnafræði CO<sub>2</sub> í jarðhitavatni, ásamt Jacques Schott og Pascale Bénézeth. Styrkurinn nam 6.414 þús.kr. árið 2013 úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Árný E. Sveinbjörnsdóttir hlaut styrk til verkefnisins Stöðugar samsætur í vatni. Styrkurinn nam 800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Áslaug Geirsdóttir hlaut styrk til verkefnisins Algal Pigments Preserved in Lake Sediment Track Abrupt Climate Change. Styrkurinn nam 1.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Bryndís Brandsdóttir hlaut styrk til verkefnisins Misgengi Tjörnesbrotabeltisins. Styrkurinn nam 800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Freysteinn Sigmundsson hlaut styrk til verkefnisins Innviðir eldfjalla, ásamt Kristínu Vogfjörð, Olgeiri Sigmarssyni, Þóru Árnadóttur, Sigrúnu Hreinsdóttur, Birni Lund, Ólafi Guðmundssyni, Ara Tryggvasyni, Andy Hooper og Erik Sturkell. Styrkurinn nam 24.933 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Freysteinn Sigmundsson hlaut styrk til verkefnisins InSAR-mælingar á eðli og orsökum jarðskorpuhreyfinga. Styrkurinn nam 1.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Helgi Björnsson hlaut styrk til verkefnisins Jöklabreytingar á Íslandi – Mælingar og líkangerð. Styrkurinn nam 1.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Jón Eiríksson hlaut styrk til verkefnisins Digital Map of Tjörnes Geology. Styrkurinn nam 1.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Magnús Tumi Guðmundsson hlaut styrk til verkefnisins Eðlisfræði eldgosa í jöklum. Styrkurinn nam 1.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

- Ólafur Ingólfsson hlaut styrk til verkefnisins Myndun jökulalda við Múlajökul, ásamt Anders Schomacker. Styrkurinn nam 4.350 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Páll Einarsson hlaut styrk til verkefnisins Jarðskorpuhreyfingar ákvarðaðar með GPS-mælingum. Styrkurinn nam 1.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Sigrún Hreinsdóttir hlaut styrk til verkefnisins Jarðskorpuhreyfingar i tengslum við jarðhitavinnslu. Styrkurinn nam 1.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Þóra Árnaddóttir hlaut styrk til verkefnisins GPS-mælingar, aflögun og spennubreytingar á Suðvesturlandi. Styrkurinn nam 1.100 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

## Verkfræðistofnun

**Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni**  
**Vélaverkfræði- og iðnaðarverkfræðirannsóknir**  
**Tölvunarfræðirannsóknir**  
**Kerfislíffræðisetur**

**Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni**  
**Umhverfis- og byggingarverkfræðirannsóknir**  
**Vatnaverkerfræðistofa**  
**Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði**

**Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni**  
**Rafmagnsverkfræðistofa**  
**Upplýsinga- og merkjafræðistofa**  
**Kerfisverkfræðistofa**

### Almennt yfirlit og stjórn

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin heyrir undir Verkfræði- og náttúruvísindasvið skólans og er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs í verkfræði og tölvunarfræði. Stjórn stofnunarinnar skipuðu á árinu:

- Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor og formaður stjórnar,
- Gunnar Stefánsson, prófessor og rannsóknastjóri iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarna,
- Helgi Þorbergsson, dósent og rannsóknastjóri rafmagns- og tölvuverkfræðikjarna,
- Hrund Ólög Andradóttir, dósent og rannsóknastjóri umhverfis- og byggingarverkfræðikjarna,
- Páll Melsted, lektor og fulltrúi fastra starfsmanna Verkfræðistofnunar.

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands skiptist í þrjá rannsóknakjarna og falla deildirnar sem standa að stofnuninni undir þá. Þeir eru:

- Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni
- Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni
- Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni

### Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði og tölvunarfræðikjarni skiptist í þrjár stofur. Þær eru:

- Véla- og iðnaðarverkfræðistofa
- Tölvunarfræðistofa
- Kerfislíffræðisetur

## Starfsmenn

Um mitt sumar lét Sven Þ. Sigurðsson prófessor af störfum eftir áralangt farsælt starf við Háskóla Íslands. Í árslok störfuðu 19 kennarar við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði og tölvunarfræðikjarna. Einnig eru við stofnunina fimm verkefnastjórar, einn rannsóknamaður, einn aðstoðarmaður, fjórir nýdóttar og tíu namar, þar af níu doktorsnamar.

## Rannsóknir

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni aflaði samtals 141,4 m.kr. í styrki á árinu. Starfsmenn vinna meðal annars að sex verkefnum úr 7. rammaáætlun Evrópusambandsins. Þau nefnast: CRISIS, VPHOP, SENS, SYSTEM\_US, CASyM og SysBiofilm, en þrjú þau síðasttöldu eru unnin á vegum Kerfislíffræðiseturs. Eitt verkefni er unnið með Stanford University með styrk frá Department of Energy (DOE) í Bandaríkjunum. Að auki er eitt verkefni unnið undir norðurjaðarsáætlun Evrópusambandsins (Northen Periphery Programme, NPP) en það er kallað OCTES. Starfsmenn vinna að samnorrænum verkefnum á sviði vindorku, ICEWIND og OSRNordic, auk verkefnisins InTerAct, sem fjallar um samstarf sjávarútvegs og fræðasamfélagsins. Einnig er unnið er að þróun og rannsóknum á reikniritum fyrir raðgreiningu gena, auk fjölbreyttra verkefna á sviði jarðvarmaorku, svo að einhver dæmi séu tekin. Starfsmenn Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarna birtu 16 greinar í ISI-ritum með háan áhrifastuðul og 16 greinar í öðrum ISI-ritum.

## Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni

Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni skiptist í þrjár stofur. Þær eru:

- Rafmagnsverkfræðistofa
- Upplýsinga- og merkjafræðistofa
- Kerfisfræðistofa

## Starfsmenn

Í árslok störfuðu níu kennarar við Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarna. Einnig er við stofnunina einn verkefnastjóri, einn nýdóttar og tveir doktorsnamar.

## Rannsóknir

Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni aflaði samtals 60,0 milljóna kr. í styrki á árinu. Starfsmenn vinna meðal annars að rannsóknum á hagnýtri úrvinnslu og greiningu myndrænna gagna, sér í lagi gervihnattagagna og heilbrigðisgagna frá segulómtækjum, auk fleiri verkefna. Einnig er unnið að þróun bestunar algríma, t.d. til notkunar í stýribúnaði þörungaræktunartækja. Þá er unnið að rannsóknum á kvikum hugbúnaðarverkefnum. Starfsmenn Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarna birtu fjórar greinar í ISI-ritum með háan áhrifastuðul, átta greinar í öðrum ISI-ritum, fjóra bókarkafli í bókum gefnum út af virtum alþjóðlegum vísindaförögum og 18 ráðstefnugreinar í öndvegisflokki.

## Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni

Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni skiptist í þrjár stofur. Þær eru:

- Umhverfis- og byggingarverkfræðistofa
- Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði
- Vatnaverkfræðistofa

## Starfsmenn

Í árslok störfuðu ellefu kennarar við Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarna. Einnig er við stofnunina einn vísindamaður, tveir fræðimenn, einn sérfræðingur, einn verkfræðingur, tveir verkefnastjórar, einn rannsóknamaður, einn nýdóttar og tveir doktorsnamar.

## Rannsóknir

Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni aflaði samtals 250,1 milljóna kr. í styrki á árinu. Starfsmenn taka meðal annars þátt í fjórum evrópskum rannsóknaverkefnum: PRETEAR, sem fjallar um undirbúning viðbragða við umhverfishættum á norðurlóðum, AQUAVALENS, þar sem fengist er við gæðaöryggi vatns, ENHANCE, sem er á sviði samgangna, og AirCraftFire, þar sem fengist er við hættu á eldi í flugvélum. Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni leiðir verkefnið GEORG (GEOthermal Research Group, [www.georg.hi.is](http://www.georg.hi.is)), sem er samstarfsverkefni fjölþjóðlegra þátttakenda og er styrkt af Rannís. Starfsmenn Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarna birtu 17 greinar í ISI-ritum á árinu, auk fjölda ráðstefnugreina.

# Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir

## Almennt yfirlit og stjórn

Meginhlutverk Stofnunar Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir er að stuðla að þverfræðilegum rannsóknum háskólakennara, sérfræðinga og framhaldsnema á sviði sjálfbærrar þróunar. Stofnunin eflir slíkar rannsóknir með samvinnu við deildir og aðrar stofnanir Háskóla Íslands og aðila utan hans, innanlands og utan. Stofnunin starfar í náinni samvinnu við námsbraut í umhverfis- og auðlindafræðum og situr stjórnarfundum hennar.

## Stjórn

Stofnun Sæmundar fróða heyrir undir öll fræðasvið Háskóla Íslands og tilnefna forsetar fræðasviða skólans stjórnarmenn til þriggja ára í senn. Samkvæmt þessum tilnefningum skipar forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs stofnuninni stjórn og er fulltrúi Verkfræði- og náttúruvísindasviðs jafnframt formaður stjórnarinnar.

Stjórn Stofnunar Sæmundar fróða árið var skipuð árið 2011 til þriggja ára og hana skipuðu því á árinu:

- Árný Erla Sveinbjörnsdóttir, sérfræðingur á Jarðvísindastofnun, formaður (varamaður hennar er Birgir Hrafnkelsson, dósent við Raunvísindadeild),
- Gísli Pálsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild (varamaður hans er Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor við Lagadeild),
- Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarlögmaður (varamaður hennar er Laura Scheving Thorsteinson, hjúkrunarfræðingur hjá Landlæknisembættinu),
- Róbert H. Haraldsson, prófessor í heimspeki (varamaður hans er Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki),
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Menntavísindasvið (varamaður hans er Allyson Macdonald, prófessor við Menntavísindasvið).

## Starfsmenn

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar var Guðrún Pétursdóttir. Í lok árs störfuðu þar sex sérfræðingar og doktorsnemar, ásamt þremur meistaranemum. Þeir voru: Hanne Crage Karlsen, doktorsnemi í lýðheilsufræðum, sem vann að verkefninu Eldgos og heilsa, Herdís Sigurjónsdóttir, doktorsnemi sem vann að verkefninu Náttúruhamfarir og samfélag, Sigrún Bjarnadóttir dýralæknanemi, sem vann að verkefninu Eldgos og heilsa, Sigrún María Kristinsdóttir, doktorsnemi í umhverfis og auðlindafræði, Sigurður Eyberg, verkefnastjóri Garðarshólma, og Tryggvi Hjörvar, sérfræðingur við verkefnið Slysavarnir sjómanna. Auk þeirra unnu við stofnunina meistaranemarnir Davíð Fjöltnir Ármannsson, Katrín Georgsdóttir og Reynir Smári Atlason, öll meistaranemar í umhverfis- og auðlindafræði.

## Rannsóknastyrkir

Stofnun Sæmundar fróða fékk eftirtalda styrki á árinu:

- Lokagreiðsla barst frá Northern Periphery Programme vegna verkefnisins Coast Adapt, að upphæð 2.434 þús.kr.
- NordForsk veitti forstyrk til undirbúnings umsóknar fyrir öndvegissetur um öryggi samfélaga, að upphæð 2.030 þús.kr.
- FP7 veitti styrk vegna verkefnisins ENHANCE sem unnið er í samvinnu við Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarna Verkfræðistofnunar, að upphæð 18.264 þús.kr.
- Umhverfissjóður Orkuveitu Reykjavíkur veitti styrk til verkefnisins Metan, að upphæð 1.000 þús.kr.

## Verkefni

Unnið var að eftirtöldum verkefnum við Stofnun Sæmundar fróða á árinu:

- Coast Adapt – Aðlögun strandsamfélaga að breyttu náttúrufari Verkefninu, sem Northern Periphery Programme styrkti, lauk formlega í mars. Sérhefti tímaritsins Ocean and Coastal Management mun fjalla um verkefnið. Það er nú í undirbúningi og Guðrún Pétursdóttir og Andrew Cooper ritstýra því.
- Byggjum öruggara samfélag Verkefnið lýtur að því að koma í veg fyrir tjón af völdum náttúruhamfara ellegar draga úr því, annars vegar með því að stuðla að viðbragðsáætlunargerð sveitarfélaga og hins vegar með því að virkja almenning sjálfan í að auka öryggi. Verkefnið er styrkt af Viðlagasjóði Íslands en Herdís Sigurjónsdóttir vinnur verkið.
- Post-Disaster Management Verkefnið er doktorsverkefni Herdísar Sigurjónsdóttur.
- Total Cost Assessment (TIAe-) Verkefnið er doktorsverkefni Maríu Hildar Maack. Markmið þess er að hanna aðferðafræði til þess að meta heildstætt ávinning og kostnað stórra framkvæmda og tækniframfara og prófa aðferðafræðina á rafvæðingu íslenska bílaflotans.
- Virði Heiðmerkur Kristín Eiríksdóttir doktorsnemi, ásamt fjölda meistaranema, BS-nema og aðstoðarmanna, vinnur verkefnið. Markmið þess er að kynna mikilvægi „þjónustu“ náttúrunnar, framkvæma fyrstu heildstæðu rannsóknina á virði „þjónustu“ náttúrunnar á Íslandi, prófa mismunandi aðferðir við efnahagslegt mat á „þjónustu“ náttúrunnar, og kynna í leiðinni aðferðafræðina fyrir vísindamönnum framtíðarinnar, og stuðla að því að náttúran sé tekin með í reikninginn.
- Nordic Energy Technology Perspectives Jónas Hallgrímsson og Öundur Ragnarsson Hagfræðistofnun vinna verkefnið. Markmið þess er að greina möguleika Norðurlanda á að draga alfarið úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda frá orkukerfum, greina þá tækni sem til þess þarf og meta kostnað við það.
- Sjálfbærni og menning Verkefnið er samstarfsnet á vegum COST. Háskólinn í Jyväskylä í Finnlandi leiðir það.
- NorSEd Stofnunin tekur þátt þessu norræna samstarfsneti sem snýst um vísindamenntun og er undir stjórn Allyson Macdonald og Auðar Pálsdóttur. Það er styrkt af NordForsk.
- Sjálfbærni Verkefnið er undirbúa vefnámskeið um sjálfbærni sem boðið verður öllum nemendum Háskóla Íslands og öðrum áhugasömum. Verkefnið er styrkt af Kennslumálasjóði Háskóla Íslands.
- Soiltrec – Mat á þjónustu vistkerfa jarðvegs og sjálfbærnisar Verkefnið er doktorsverkefni Jóns Örvars Geirssonar Jónssonar. Markmiðið með því er að setja upp ramma til að skilgreina og meta „þjónustu“ vistkerfa jarðvegs í því skyni að gera mikilvægi jarðvegs sýnilegt og setja fram sjálfbærnisáætla fyrir jarðveg.

- GEOVÍSAR – Sjálfbærnisar fyrir notkun jarðvarma  
Verkefnið er doktorsverkefni Ruth Shortall og er unnið til að setja fram markmið um sjálfbæra nýtingu jarðvarma og sjálfbærnisá sem sýna hvort verkefni uppfylla þau markmið sem sett eru fram. Vísarnir og markmiðin þurfa að hafa alþjóðlega skírskotun og uppfylla skilyrði Bellagio-viðmiðananna.
- NORD-STAR – Nordic Strategic Adaptation to Climate Change  
Að verkefninu vinna Ehsan Shafiei, Reza Fazeli og Helga Ögmundardóttir nýdóttar og Bryndís Woods doktorsnemi. Markmiðið með því er að þróa aðferðafræði og hagnýt tæki fyrir Norðurlönd sem geta bætt upplýsta ákvarðanatöku um aðlögun að loftslagsbreytingum og mótvægisáðgerðir sem draga eiga úr losun gróðurhúsalofttegundir.
- Öryggiskerfi í skipum og olíuborþöllum á heimskautasvæðum  
Verkefnið er unnið í samstarfi við SINTEF og Star Information Systems í Þrándheimi með styrk frá norska rannsóknaráðinu.
- Shift Work, Fatigue and Injuries in the Fisheries  
Verkefnið er unnið í samstarfi við SINTEF. Nordisk Arbeidsgruppe for Fiskeriforskning (AG-Fisk) styrkir það.
- Working Environment and Health in the Norwegian Fishing Fleet – Challenges and Health Promoting Factors  
Verkefnið er unnið í samstarfi við SINTEF. Nordisk Arbeidsgruppe for Fiskeriforskning (AG-Fisk) styrkir það.
- Eldgos og heilsa  
Verkefnið er framhaldsrannsókn á áhrifum eldgossins í Eyjafjallajökli á heilsu manna og er unnið í samstarfi við Miðstöð í Lýðheilsuvísindum.
- Loftgæði og heilsa  
Verkefnið fólst í úttekt fyrir umhverfisráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti sem unnin var á árunum 2010–2013. Verkinu var lokið á vormánuðum og ritið afhent ráðherrum 16. apríl 2013. Málþing var haldið á Nauthóli 24. apríl um efni úttektarinnar.
- NORDRESS  
Unnið var að umsókn um öndvegissetur um öryggi samfélaga, sem NordForsk hefur kallað eftir. Forstyrkur fékkst frá NordForsk á haustmánuðum (sjá hér að ofan um rannsóknastyrki) og var unnið stíft að gerð umsóknar um haustið. Í desember var haldinn vinnufundur með væntanlegum samstarfsaðilum en skila þarf umsókn í upphafi árs 2014.

### Viðburðir

- 15.–17. janúar. Fyrsti fundur ENHANCE-verkefnisins í Amsterdam.
- 18. febrúar. Opinn fundur um frumvarp til nýrra náttúruverndarlaga.
- 2. mars. Lýðheilsa 2013. Áhrif eldgossins í Eyjafjallajökli á heilsu.
- 19. mars. Fyrirlestur: William McDonough, höfundur Cradle-to-Cradle hugmyndafræðinnar.
- 21. mars. Fyrirlestur: Herdís Sigurjónsdóttir: Börn og hamfarir.
- 26. mars. Ársfundur Stofnunar Sæmundar fróða.
- 26. mars. Hvers virði er Heiðmörkin? Sæmundarfyrirlestur 2013.
- 2. apríl. Fyrirlestur Guðrúnar Pétursdóttur fyrir Rótarýklúbb Mosfellssveitar: Loftslagsbreytingar, orsakir og afleiðingar.
- 16. apríl. Kynning á nýju riti: Loftgæði og lýðheilsa á Íslandi.
- 24. apríl. Málþing: Hreint loft – betri heilsa.
- 16.–17. maí. ENHANCE-fundur í Fenejnum
- 23. maí. Eldgos og heilsa. Boðsfyrirlestur hjá samtökum norrænna ofnæmislækna (NAF).
- 6. júní. Kynning á Bláa skildinum, alþjóðlegu samstarfstarfsverkefni um vernd menningarverðmæta sem eru í hættu vegna átaka eða náttúruhanfara.
- 4. september. Sigrún María Kristinsdóttir kynnis niðurstöður samleiðniverkefnisins Converge.

- 17.–24. september. Japanskir nemendur læra um orkumál á Íslandi undir stjórn Herdísar Sigurjónsdóttur í samstarfi við IWATE-háskola í Japan.
- 23. september. Fyrirlestur: Michael Bates: Loftgæði innandryra og heilsa.
- 5. október. Málþing í tengslum við Menningu og andóf: Loftslagsvísindin og loftslagsumræðan.
- 27. nóvember. Fyrirlestur í boði háskólarektors og Stofnunar Sæmundar fróða: Dennis Meadows.

## Þverfræðilegt framhaldsnám

### Brautskráðir úr þverfræðilegu framhaldsnámi árið 2013

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
Doktorspróf	Umhverfis- og auðlindafræði		2	2
Meistarapróf	Skattaréttur og reikningsskil	3	1	4
	Umhverfis- og auðlindafræði	3	3	6
<b>Meistarapróf Alls</b>		<b>6</b>	<b>4</b>	<b>10</b>
MPH	Lýðheilsuvísindi		10	10
MS	Talmeinafræði		3	3
Doktorspróf	Lýðheilsuvísindi	1		1
Viðbótardiplóma	Lýðheilsuvísindi	1	9	10
<b>Alls á árinu</b>		<b>8</b>	<b>28</b>	<b>36</b>





# Rannsóknastofnanir í tengslum við háskólann

## Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn (RAMÝ) er vísindastofnun á vegum Umhverfisráðuneytisins, byggð á lögum um verndun Mývatns og Laxár. Hún fæst við rannsóknir á náttúru og sögu Mývatns og Laxár og vatnasviðs þeirra með það höfuðmarkmið að skilja náttúrufarsbreytingar og sjá þær fyrir og stuðla þannig að verndun svæðisins.

## Starfsmenn

Árni Einarsson er forstöðumaður Náttúrurannsóknastöðvarinnar og starfaði mest að rannsóknum á fuglum og vatnalífi, auk vinnu við kortun fornminja. Unnur Jökulsdóttir annaðist aðstoðarstörf, almannatengsl og ritstörf. Kera Kreiling frá Þýskalandi vann sem sjálfboðaliði sumarlangt í stöðinni við mýflugnarannsóknir og fleira.

## Helstu rannsóknaverkefni og starfsemi

Árið 2013 unnu nokkrir öflugir hópar vísindamanna að rannsóknum á svæðinu. Mýstofnar héldu áfram að rétta úr kútnum eftir lægð á árunum 2010-11. Hópur frá Wisconsinháskóla í Bandaríkjunum vann að rannsóknum á sveiflum í lífríki Mývatns, með það fyrir augum að grafast betur fyrir um drifkrafta þeirra. Einnig hélt hópurinn áfram langtímarannsóknum á áhrifum rykmýs á vistkerfi og jarðveg vatnsbakkans. Fjölbjóðlegur hópur með Hólaskóla í broddi fylkingar rannsakaði erfðafræði og þróun gjáarlontu við Mývatn. Annað teymi, einnig tengt Hólaskóla, brýtur til mergjar erfðafræði og þróun hornsíla í Mývatni. Þá vann hópur undir stjórn Ólafs K. Nielsen að rannsóknum á sníkjudýrabyrði rjúpunnar og breytingum á henni. RAMÝ vann að langtímavöktun lífríkisins og naut m.a. aðstoðar Veiðimálastofnunar. Sveifflugangur lífríkisins í Mývatni heldur áfram og eru mýstofnar óðum enn að hefja sig upp úr síðustu lægð, t.d. var mikið af toppmýi um vorið þrátt fyrir að það væri mjög kalt og seint á ferð. Enn skortir þó talsvert á að vinsælustu átustofnar (vatnsmý, ránmý og kornáta) nái fyrri hæðum. Flestum vatnafuglum, öðrum en duggönd, hefur fjölgað undanfarin ár, en bleikjustofninn hefur ekki rétt úr kútnum og er viðvarandi veiðileysi í Mývatni. Kúluskítur má nú heita horfinn úr vatninu. Leirlos var viðvarandi lungann úr sumrinu og í ljós koma að tvær tegundir baktería standa á bak við það en ekki ein, eins og hingað til hefur verið talið. Sérverkefni stöðvarinnar, auk hefðbundinnar vöktunar, snerust mest um kortun forngarða í Þingeyjarsýslum og þróun á aðferðum til að greina skurn andareggja til tegunda.

## Fagráð

Nýstofnað fagráð RAMÝ kom saman í fyrsta sinn, í desember. Fagráð skipa þau Gísli Már Gíslason (formaður) tilnefndur af HÍ, Halla Margrét Jóhannesdóttir (ritari), tilnefnd af Veiðimálastofnun, Ólafur Karl Nielsen, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands og Erla Björk Örnólfsdóttir tilnefnd af Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn.

# Rannsóknamiðstöð ferðamála

## Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála árið 2013 áttu sæti: Rögnvaldur Ólafsson (Háskóla Íslands), formaður stjórnar, Hjalti Jóhannesson (Háskólanum á Akureyri) fram að aðalfundi og Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir (Háskólanum á Akureyri) frá aðalfundi, varaformaður, Ögmundur Knútsson (Háskólanum á Akureyri), Anna Dóra Sæþórsdóttir (Háskóla Íslands), Bjarnheiður Hallsdóttir (Samtökum ferðaþjónustunnar), Guðrún Helgadóttir (Háskólanum á Hólum – Hólaskóla), og Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofu).

Stjórnarfundir á árinu voru þrjár: Aðalfundur var haldinn 28. febrúar, vorkundur að Hólum 4. júní, haustfundur 24. október.

## Starfsmenn

Starfsmenn á árinu 2013 voru (á Akureyri): Edward H. Huijbens, forstöðumaður (95%), Alda Metrass Mendes, nýdoktor frá 1. febrúar 2013 (100%), Jón Gestur Helgason, verkefnastjóri til 31. janúar (50%) og Kristinn Berg Gunnarsson, sérfræðingur 100% (frá 18. mars); (í Reykjavík): Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur, til 15. maí er hún fór í fæðingarorlof í 14 mánuði (100%), Helga Kristjánsdóttir, sérfræðingur til 1. apríl (100%) og Cristi Frenç, sérfræðingur, frá 1. september (100%).

Auk þeirra sem mönnum starfstöðvar rannsóknamiðstöðvarinnar (við Háskóla Íslands í Öskju og við Háskólann á Akureyri í Borgum) sinntu eftirtaldir starfsmenn verkefnum sem rannsóknamiðstöðin fjármagnar: Anna Vilborg Einarsdóttir (Reykjavík), Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (Hólum), Johannes T. Welling (Höfn) og Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir (Húsavík).

## Starfsemi

Árið einkenndist af því að starfsmenn voru ráðnir að þeim verkefnum sem styrkt voru með framlögum á fjárlögum ársins 2012 og að þessum verkefnum var hrundið af stað. Þau verða unnin fram á mitt ár 2015 innan ramma hinnar nýju fjárveitingar sem er til loka árs 2014.

Einnig styrkti Ícelandair rekstur rannsóknamiðstöðvarinnar til þriggja ára til rannsóknar á flugi og ferðaþjónustu og var Alda Metrass Mendes ráðin til þess verkefnis og í byrjun árs gerðu miðstöðin og Cruise Iceland samning um verkefni um komu skemmtiferðaskipa og starfar Kristinn Berg Gunnarsson við það.

## Rannsóknaverkefni

Helstu rannsóknaverkefni ársins voru:

- Umbreytingar: ferðaþjónusta, staður og sjálfsemd (tengiliður: Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Háskólanum á Hólum – Hólaskóla)
- Þjóðhagslegur ávinningur ferðaþjónustu (tengiliður: Edward H. Huijbens, Rannsóknamiðstöð ferðamála)
- Þróun ferðamannastaða og þolmörk ferðamanna (tengiliður: Anna Dóra Sæþórsdóttir, Háskóla Íslands)

- Þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði (tengiliður: Þorvarður Árnason, Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Hornafirði)
- Ferðaþjónusta í byggðum landsins (tengiliður: Lilja B. Rögnvaldsdóttir, Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Húsavík)

## Kynningarstarfsemi

Til viðburða má telja að fyrsta bókin um ferðamál á Íslandi kom út á árinu og byggist hún að miklu leyti á vinnu þeirra sem unnið hafa við Rannsóknamiðstöð ferðamála.

## Rannsóknastofa um mannlegt atferli

### Almennt yfirlit og stjórnun

Forstöðumaður er Magnús S. Magnússon (MSM) rannsóknaprófessor við Háskóla Íslands. Guðberg K. Jónsson (GKJ) er rannsóknasérfræðingur við RMA, en einnig framkvæmdastjóri Atferlisgreiningar ehf. (hjáheiti PatternVision Ltd., [www.patternvision.com](http://www.patternvision.com)), en náið samstarf er milli RMA og Atferlisgreiningar ehf. sem stofnað var í beinu framhaldi af starfsemi RMA eftir að Guðberg sigraði í fyrstu samkeppni Rannsóknþjónustu H.Í., „Upp úr skúffunum“ 1998 – síðar nefnd Vísinda- og nýsköpunarverðlaun Háskóla Íslands.

### Rannsóknir og kynning

Starfsemi RMA 2013 varðaði sem fyrr að mestu atferlis- og gagnvirknirannsóknir og RMA áfram þungamiðjan í hinu formlega samstarfsneti „Methodology for the Analysis of Social Interaction“ (MASI), háskóla í Evrópu, Mexíkó og BNA. MASI var stofnað 1995 á Sorbonne í París með greiningarlíkan MSM sem sameiginlega viðmiðun.

Langtíma samstarfi við rannsóknaaðila á The University of Cambridge (UK) varðandi tímamynstur í heilatauganetum heldur áfram og grein er í undirbúningi.

MSM hélt fyrirlestur við alþjóðlega ráðstefnu: „Structural and Functional Analogies Between Real-time Patterns in Neuronal, Animal and Human Interactions and DNA Sequences.“ Evolutionary Patterns, Lisbon, 27-29 May 2013.

Meðal greina sem birtar voru:

- Camerino, M. Teresa Anguera, Gudberg K. Jonsson (2013). Kinesics and proxemics communication of expert and novice PE teachers. *Quality & Quantity*. June 2013, Volume 47, Issue 4, pp 1813-1829.
- Marta Castañer, Oleguer Camerino, M. Teresa Anguera, Gudberg K. Jonsson (2013). Kinesics and proxemics communication of expert and novice PE teachers. *Quality & Quantity*. June 2013, Volume 47, Issue 4, pp 1813-1829.
- E. Nivel, K. R. Thórisson, B. R. Steunebrink, H. Dindo, G. Pezzulo, M. Rodriguez, C. Hernandez, D. Ognibene, J. Schmidhuber, R. Sanz, H. P. Helgason, A. Chella, G. K. Jonsson (2013). Bounded Recursive Self-Improvement. *Journal of Artificial Intelligence*.
- Heather M Gray, Guðberg K Jónsson, Debi A Laplante, Howard J Shaffer (2013). Expanding the Study of Internet Gambling Behavior: Trends Within the Icelandic Lottery and Sportsbetting Platform. *Journal of Gambling Behavior*; DOI:10.1007/s10899-013-9427-0.
- Marta Castañer, Oleguer Camerino, M. Teresa Anguera, Gudberg K. Jonsson (2013). Kinesics and proxemics communication of expert and novice PE teachers. *Quality & Quantity*. June 2013, Volume 47, Issue 4, pp 1813-1829.

Guðberg K. Jónsson vann að innlendu og erlendu rannsóknasamstarfi á vegum RMA þar sem ofangreindu greiningarlíkani er beitt, m.a. verkefni um greiningu fjármálagagna í samstarfi við Fjármálaeftirlitið, DataMarket og NetInternals, styrkt af RANNÍS, og í samstarfi við Gervigreindarsetur HR og aðra Evrópska háskóla viðamikil verkefni á sviði gervigreindar, styrkt af 7. Rammaáætlun ESB.

Að auki sat Guðberg í vinnuhópi Netöryggisáætlunar ESB um öruggara og betra internet fyrir ungt fólk. Guðberg kenndi einnig námskeið á árinu fyrir hönd RMA, m.a. við Milan-Bicocca háskóla og Barcelona-háskóla, sótti ráðstefnur og birti ritrýndar greinar á nokkrum fræðasviðum.

Rannsóknastofa um mannlegt atferli (Human Behavior Laboratory, HBL) hefur aðsetur í Tæknigarði, Dunhaga 5, IS-107 Reykjavík. Sími: 5254585. Heimasíða: [www.hbl.hi.is](http://www.hbl.hi.is)

## Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands er vettvangur samstarfs háskólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á landsbyggðinni. Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir, styrkja tengsl háskólans við atvinnu- og þjóðlíf og auka möguleika almennings til menntunar. Stofnunin byggist á Rannsóknasetrum Háskóla Íslands um allt land og heyrir beint undir háskólaráð.

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands árið 2013 var Rögnvaldur Ólafsson og var hann jafnframt formaður stjórnar stofnunarinnar. Aðrir stjórnarmenn voru Hreinn Haraldsson vegamálastjóri, Jörundur Svavarsson, prófessor við Háskóla Íslands, Steingerður Hreinsdóttir, atvinnuráðgjafi hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands, og Erla Björk Örnólfsdóttir, framkvæmdastjóri Varar, sjávarrannsóknarseturs við Breiðafjörð. Erla Björk sagði sig frá stjórnarsetu þegar hún tók við embætti rektors Háskólans á Hólum. Birna Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri hjá vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands, annast stjórnýslustörf og fjármálaumsjón fyrir stofnunina. Árið 2013 voru starfrækt rannsóknasetur á Hornafirði, Suðurlandi, Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðausturlandi. Á Austurlandi var einnig starfsemi á vegum Stofnunar rannsóknasetra en með nokkuð öðru sniði en annars staðar.

Þrjátíu og einn starfsmaður var hjá rannsóknasetrum Háskóla Íslands árið 2013, þar af átta í fullu starfi en einn þeirra var í fæðingarorlofi hluta ársins. Alls voru ársverk hjá Stofnun rannsóknasetra 18 talsins. Fjórir voru ráðnir hjá rannsóknasetrum í átaki Vinnumálastofnunar um sumarstörf fyrir námsmenn, tvo mánuði hver. Að venju nýtti fjöldi meistara- og doktorsnema aðstöðu á setrunum. Þá fengu erlendir fræðimenn aðstöðu við sum setrana til skemmri tíma.

Á vegum rannsóknasetrana eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir. Meðal viðfangsefna eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði og fornleifafræði. Allt eru þetta rannsóknasvið sem mikill áhugi er á um allt land og gefa tilefni til samstarfs milli setrana og við Háskóla Íslands í Reykjavík. Þá tekur starfsfólk þátt í fjölbreyttum verkefnum á starfssvæðum setrana eftir því sem tilefni gefst til.

Akademískir starfsmenn setrana taka flestir að sér kennslu, einkum við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Einnig leiðbeina þeir gjarnan framhaldsnemum og hafa allmargir nemendur unnið að lokaverkefnum sínum við rannsóknasetrin.

Tímamót urðu í starfi Stofnunar rannsóknasetra í lok árs 2013 þegar Rögnvaldur Ólafsson lét af störfum við Háskóla Íslands fyrir aldurs sakir. Rögnvaldur hafði verið forstöðumaður stofnunarinnar frá upphafi og stýrði hinni miklu uppbyggingu sem verið hefur í starfseminni í samvinnu við

fræðasamfélagið, sveitarstjórnir, ráðuneyti, fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga. Rögnvaldur hefur verið kjölfestan í starfsemi rannsóknasetranna og skilur við stofnun sem þróast hefur úr því að vera eitt rannsóknasetur yfir í það að vera sjö setur á níu starfsstöðvum. Við úthlutun hagnýtingarverðlauna Háskóla Íslands í nóvember 2013 var Rögnvaldur Ólafsson var heiðraður fyrir framlag sitt til rannsókna og nýsköpunar.

Háskólaráð setti Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands nýjar reglur í desember 2013. Stofnunin heyrir áfram undir ráðið en nýtt fyrirkomulag á daglegri starfsemi, umsýslu, rekstri og fjármálum var tekið upp með því að færa stofnunina beint undir skrifstofu rektors. Tilgangur þessara breytinga er að tengja stofnunina betur við stjórnsýsluvið skólans og um leið að styrkja enn frekar og efla samstarf við aðila á landsbyggðinni og stuðla að nánari tengslum við deildir og fræðasvið háskólans. Í nýjum reglum stofnunarinnar er kveðið á um ráðgefandi nefnd í stað stjórnar en hlutverk hennar er að vera háskólaráði, rektor og forstöðumanni til ráðgjafar um stefnumarkandi ákvarðanir og viðfangsefni stofnunarinnar.

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra var haldinn í Sandgerði 21. mars undir yfirskriftinni Rannsóknir og þekkingarstörf á landsbyggðinni. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, setti fundinn og fundarstjóri var Sigrún Árnadóttir, bæjarstjóri Sandgerðisbæjar. Um fimmtíu manns sátu ársfundinn. Á fundinum var undirritaður viðauki um rannsóknasetur Háskóla Íslands 2013–2016 við eldri samning Háskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Viðaukinn markar ánægjuleg tímamót í starfi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Með tilkomu hans er skerpt á hlutverki rannsóknasetranna og markmiðum með starfseminni. Þá er fjárveiting ríkisins til Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands tryggð út samningstímamann. Enn fremur er að finna í viðaukanum ákvæði um að stefnt skuli að því á samningstímanum að framlag ríkisins til Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands nemi kostnaði við forstöðumann á hverju setri og gefur það stofnuninni vonir um aukin framlög hins opinbera og því bjartar vonir um enn blómlegra starf setranna en hingað til um land allt.

## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi tók til starfa 2006. Forstöðumaður setursins er Jón Einar Jónsson dýravistfræðingur. Auk hans vann Árni Ásgeirsson líffræðingur við setrið í fullu starfi allt árið. Thomas Holm Carlsen frá Noregi bættist í hópinn í ágúst, í samstarfi við Bioforsk (norsku landbúnaðar- og umhverfismálastofnunina). Thomas mun rannsaka æðarfugl og eiginleika æðardúns og vinna að tengdum rannsóknum.

Þórður Örn Kristinsson sem vinnur að doktorsverkefni um varpvistfræði og fæðuval æðarfugls er langt kominn með verkefni sitt. Sömu sögu er að segja af meistaranemunum Helga Guðjónssyni og Valtý Sigurðssyni. Tvö smærri nemendaverkefni voru unnin á árinu. Ettore Camerlenghi, BS-nemi frá háskólanum í Bologna á Ítalíu, sem skoðaði sambýli æðarkollna og máfa í Landey sumarið 2012, varð ritgerð sína í desember og hlaut hæstu einkunn. Zofia M. Burr, bandarískur meistaranemi í loftslagsbreytingum og vistfræði hafsins, vann rannsóknaverkefnið Climate Variability, Plankton and Seabirds – A Discussion on Trophic Interactions in the North Atlantic, þar sem rannsökuð voru áhrif loftslagsbreytinga á sjófugla í gegnum fæðuvefi.

Í kjölfar síldardauða í Kolgrafafirði veturinn 2012–2013 var ráðist í samstarfsverkefni með Náttúrustofu Vesturlands og Jörundi Svavarssyni, prófessor í sjávarvistfræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Gögnum var safnað í júní og tekin botnsýni með botngreip og fjörusýni af landi. Frumniðurstöður sýna að flestar botndýrategundir hurfu en burstaorminum *Capitella capitata*, sem þolir lækkaðan súrefnisstyrk sérlega vel, fjölgaði gífurlega.

Reglubundin verkefni um æðarfugl og dílaskarf héldu áfram, sem og árlegar talningar á æðarungum, álf, ritu og vatnafuglum.

Í byrjun júlí kom út grein í Plos One þar sem rannsókuð voru tengsl milli fjölda hreiðra í æðarvörpum og veðurfars á Íslandi með tilliti til yfirstandandi loftslagsbreytinga. Hægt var að rekja þróun stofnstærðar síðastliðin 30 ár eða lengur í 18 æðarvörpum og voru þau til grundvallar greininni. Tveir bókarkaflar á ensku komu út á árinu. Jón Einar uppfærði kaflann um mjallgæsir fyrir Birds of North America og Arnþór Garðarsson, prófessor emeritus, og Jón Einar Jónsson rituðu um stofnstærð dílaskarfs á Íslandi fyrir vefgátt Evrópusambandsins um skarfastofna.

Á Líffræðiráðstefnunni hélt Arnþór Garðarsson fyrirlestur um stofnstærð dílaskarfs, sem var enn í vexti á árinu. Kynnt voru fjögur veggsþjöld: um hreiðurfjölda og ábúð ritu í Hvítabjarnarey, Svörtuloftum, Svalþúfu og Arnarstapa (Árni Ásgeirsson o.fl.); um varp og ungarfjölda grágæsar með samanburði milli landshluta (Helgi Guðjónsson o.fl.); um samanburð á fjölda dúnflóa í Rífi og Hvallátrum (Þórður Örn Kristjánsson o.fl., rannsóknin er hluti af doktorsverkefni hans); og um sýnatöku í Kolgrafafirði (Valtýr Sigurðsson o.fl., rannsóknin er hluti af meistaraverkefni hans).

Jón Einar Jónsson og Thomas Holm Carlsen voru boðnir á ársfund Æðarræktarfélags Íslands þar sem þeir héldu erindi.

Loks hófst undirbúningur fyrir alþjóðlegu sjóandaráðstefnunna, International Seaduck Conference, sem verður haldin í Reykjavík í september 2014. Ráðstefnan er haldin þriðja hvert ár og sækja hana líffræðingar hvaðanæva úr heiminum. Heimasiða ráðstefunnar er <http://seaduckconference.net/>.

## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum hóf störf í nóvember 2007. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur kom úr fæðingarorlofi í maí og var eini fasti starfsmaður setursins framan af árinu en Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir líffræðingur kom aftur til starfa sem forstöðumaður 1. nóvember. Atli Rúnarsson, nemi í fornleifafræði við Háskóla Íslands, aðstoðaði við fornleifarannsóknir um sumarið.

Á árinu var unnið að fjölbreyttum rannsókna- og þróunarverkefnum í samstarfi við innlenda og erlenda sérfræðinga en rannsóknir voru aðallega á sviðum líf- og fornleifafræði.

Í verkefninu Verslun í aðdraganda einokunar eru fornleifafræðilegar rannsóknir á skipsflökum og verslunarstöðum nýttar til að fá nánari upplýsingar um vörur sem fluttar voru inn fyrir tíma einokunarverslunar og á fyrstu áratugum hennar til að fá betri skilning á áhrifum hennar á íslenskt samfélag. Þessar upplýsingar verða tengdar við fyrirbyggjandi gögn tengd útflutningi á sama tíma. Í september voru framkvæmdar viðnámsmælingar á hafsbótinum í Skerjafirði og leiddi sú rannsókn m.a. í ljós að þar eru talsverðar minjar.

Meginmarkmið verkefnisins Samspil manns og þorsks er að auka skilning á hlutverki sjávarauðlinda í efnahag íslensku þjóðarinnar frá miðöldum og fram til dagsins í dag. Sérstök áhersla er á mikilvægi sjávarauðlinda og getu samfélags til að lifa af og dafna við umhverfisbreytingar, svo og við pólitískar breytingar. Í júlí og ágúst voru farnir leiðangrar á Gufuskála á Reykjanesi og Sauratún í Strandasýslu þar sem grafið var í öskuhauga og verminjar mældar upp. Þessi rannsókn sýndi m.a. minnkandi fiskveiðar á 17. öld á þessum stöðum og er það í samræmi við það sem kom í ljós við rannsóknir í Kollsvík og Breiðavík árið áður.

Rannsókn á póstskipinu Phønix sem fórst við Snæfellsnes 1881 er langt komin. Í maí var farinn lokaleiðangur í flakið og lokið við að skrá það og ljósmynda.

Einnig var unnið við þverfaglega rannsóknaverkefnið CodStory en þar eru notaðar erfðafræðilegar og efnafræðilegar rannsóknir á fornum þorskbeinum til að kanna breytileika í stofnuppbyggingu þorsks frá landnámi til nútíma. CodTrail er þverfaglegt verkefni sem miðar að því að miðla upplýsingum um þorskinn og þorskveiðar, m.a. með landfræðilegu smáforriti í snjallsíma. Ragnar og Guðbjörg fengu ein af þrennum hagnýtingarverðlaunum Háskóla Íslands 2013 fyrir verkefnið.

Haustið 2013 kenndi Ragnar námskeiðið Aðferðafræði í fornleifafræði við Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands.

## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra

Starfsemi í Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra hófst 2009. Lára Magnúsardóttir sagnfræðingur er forstöðumaður setursins og eini starfsmaðurinn í fullu starfi. Ólafur Bernóðsson er verkefnastjóri í hlutastarfi og sinnir verkefnum samkvæmt samningi setursins við sveitarfélagið Skagaströnd og Farskóla Norðurlands. Meðal verkefna hans er vinna fyrir Ljósmyndasafn sveitarfélagsins og hefur birting ljósmynda á vefsíðu sveitarfélagsins orðið til þess að miklum upplýsingum hefur verið skilað til safnsins. Þá hefur námskeiðum Farskólans hefur fjölgað talsvert á staðnum.

Bókasafn Halldórs Bjarnasonar skipar mikilvægan sess í starfi setursins en það deilir að hluta húsnæði með Námsstofu sveitarfélagsins. Bókasafnið er opið almenningi og fræðimönnum; þar fara einnig ýmsir viðburðir fram ásamt því að salurinn er nýttur til fundahalda o.fl. í þágu samfélagsins. Um mitt árið gerðu Nes – listamiðstöð og rannsóknasetrið með sér samning um starfsaðstöðu fyrir listamenn þar inni. Fjórtán listamenn nýttu aðstöðuna á árinu samkvæmt samningum, auk þeirra sem heimsóttu setrið á öðrum forsendum.

Á fyrstu mánuðum ársins var verkefninu Menning og ferðaþjónusta – um menningu og menningarverkefni á landsbyggðinni frá sjónarhóli hugvísinda, sem unnið var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið fylgt eftir.

Lára hófst einnig handa við nýtt rannsóknarverkefni á sviði réttarsögu en vinnuheiti þess er Saga lagasetningar um samviskuna. Með henni hafa þau Ryan Johnson, MA-nemandi við Háskóla Íslands, og Kendra Willson, gestalektor í Helsinki Collegium for Advanced Studies, unnið að verkefninu. Verkefnið var kynnt á ráðstefnu norrænna réttarsagnfræðinga í apríl.

Lára er meðleiðbeinandi við doktorsverkefni Sean Lawing í íslenskum miðaldabókmenntum en um vorið heimsótti hópur erlendra nemenda í sama fagi rannsóknasetrið á Skagaströnd. Sean Lawing var gestafræðimaður við setrið yfir sumartímann. Afrakstur þeirrar vinnu var kynntur í fyrirlestri og birtur í greininni The Place of the Evil – Infant Abandonment in Old Norse Society, í tímaritinu Scandinavian Studies. Grein Vilhelms Vilhelmssonar, doktorsnema í sagnfræði, sem hann vann að þegar hann var gestafræðimaður á Skagaströnd sumarið 2012 kom út á árinu í Ritinu: Skin og skuggar mannlífsins – Nokkur orð um andóf, vald og íslenska sagnritun.

Rannsóknasetrið stóð að tveimur fræðilegum fyrirlesturum á árinu. Eggert Þór Bernharðsson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild, flutti erindið Fjárjóður í fjölskyldualbúminu í mars og í maí hélt Sigurgeir Guðjónsson fyrirlesturinn Guðmundur Björnsson landlæknir (1906–1931) og umbætur í geðheilbrigðismálum á fyrstu árum 20. aldar. Fyrirlestur Sigurgeirs var í samstarfi við Þekkingarsetrið á Blönduósi. Af öðrum viðburðum í rannsóknasetrinu má nefna svonefndar Pecha Kucha samkomur Ness – listamiðstöðvar, kvikmyndasýningar, lestrarviku fyrir grunnskólabörn og skáldakvöld með Aðalsteini Ásberg Sigurðssyni og Gerði Kristnýju. Þá gekkst rannsóknasetrið fyrir opinni bókmenntadagskrá þar sem rithöfundarnir Jón Kalman Stefánsson, Eiríkur Guðmundsson og



Óskar Árni Óskarsson lásu úr verkum sínum. Viðtal við forstöðumann og umfjöllun um setrið voru sýnd í þættinum Landanum í Ríkissjónvarpinu í febrúar og einnig í þættinum Víðsjá á Rás 1.

## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík

Starfsemi Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík hófst árið 2007. Forstöðumaður setursins er Marianne H. Rasmussen sjávarspendýrafræðingur en auk hennar vinna tveir verkefnastjórar í hlutastörfum við setrið. Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir vinnur að ferðamálarannsókn í samstarfi við Rannsóknamiðstöð ferðamála og Huld Hafliðadóttir hefur umsjón með nemendum og námskeiðahaldi, auk þess að sinna samstarfsverkefnum með Hvalasafninu á Húsavík. Þrír doktorsnemar vinna að rannsóknum undir leiðsögn forstöðumanns, Edda Elísabet Magnúsdóttir, Chiara Bertulli og Maria Iversen. Þá leiðbeinir Marianne sex meistaranemum og tveimur BS-nemum.

Marianne Rasmussen tók þátt í mörgum rannsóknaverkefnum á árinu. Sérvið hennar varðar tjáskipti, hljóðmótun og atferli hvala, höfrunga og hnísa, en hún sinnir einnig rannsóknum á líffræði hvala, aðferðum við atferlisrannsóknir og ljósmyndagreiningu. Þá hefur hún tengst rannsóknaverkefnum þar sem könnuð eru áhrif hvalaskoðunarbáta á hvali. Á árinu tók Marianne þátt í rannsókn á Grænlandi þar sem kannað er hvernig náhveli nota hljóð á mismunandi sjávardýpi, en þar er hún í samvinnu við vísindamenn frá Bandaríkjunum, Danmörku og Þýskalandi. Í júní var unnið með vísindamönnum frá Japan og Danmörku við að setja hljóðupptökutæki á hnúfubaka í Skjálfaflóa til að kanna tengsl mismunandi hljóða við köfunarhegðun og aðrar hreyfingar hvalanna. Þá hófst vinna við rannsóknir á steypireyðum við strendur Sri Lanka en verkefnið er unnið í samvinnu við vísindamenn við háskóla í Malmö, París og Ruhuna á Sri Lanka.

Forstöðumaður kenndi hluta námskeiða í náttúrufræði og vistfræði við Líf- og umhverfisvísindadeild. Hún var einnig umsjónarmaður námskeiðsins Aðferðir við rannsóknir á sjávarspendýrum, sem haldið var á Húsavík í júlí, sjötta árið í röð. Alls sótti 31 nemandi frá 15 þjóðlöndum námskeiðið sem haldið er í samstarfi við Líf- og umhverfisvísindadeild. Þrír doktorsnemar og einn meistaranemi aðstoðuðu við kennsluna. Á hvert kemur mikill fjöldi nemenda víða að úr heiminum til Húsavíkur í tengslum við nám sitt en setrið hefur aðeins tók á að verða við óskum lítils hluta þeirra sem vilja vinna námsverkefni eða aðstoða við rannsóknir á Húsavík. Gistinætur í íbúð sem setrið hefur yfir að ráða voru um 640 á árinu og nemendur sem nýttu aðstöðuna voru 18.

Rannsóknasetrið á náið samstarf við Hvalasafnið á Húsavík og deilir með því starfsmanni, Huld Hafliðadóttur, skv. samstarfssamningi. Stofnanirnar unnu áfram að ljósmyndagreiningarverkefninu svokallaða. Þá tók setrið þátt í fræðslustarfi á safninu sem ber nafnið Hvalaskólinn með því að leggja til efni og veita faglega ráðgjöf um fræðsluefni.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir hélt áfram rannsókn á efnahagslegum áhrifum ferðapjónustu í Þingeyjarsýslu sem er þriggja ára samstarfsverkefni setursins, Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og Þekkingarnets Þingeyinga. Rannsóknin, sem hófst 2012, er unnin samhliða rannsókn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála á þjóðhagslegum áhrifum ferðapjónustu og munu niðurstöður þessa verkefnis verða notaðar til samanburðar og staðfestingar á því hvort og þá hvernig er mögulegt að heimfæra þjóðhagslegar stærðir á einstök svæði.

## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi

Starfsemi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands á Austurlandi hófst árið 2008. Hún hefur verið með hléum síðan og m.a. falist í stuðningi við einstök rannsóknaverkefni sem unnin eru á svæðinu, auk þjónustu við nemendur á Austurlandi sem stunda fjarnám við Háskóla Íslands. Árið 2013 vann Hrafnkell Freyr Lárusson sagnfræðingur á vegum stofnunarinnar um sjö mánaða skeið sem

verkefnaráðinn starfsmaður að rannsókn um samfélagsleg áhrif svæðisbundinnar fjölmiðlunar á Austurlandi á tímabilinu 1985–2010. Niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar í skýrslu og á fyrirlestrum hjá Háskóla Íslands og í héraði. Framtíðarskipulag starfseminnar á Austurlandi er í endurskoðun í samvinnu Háskóla Íslands og heimamanna.

## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði

Rannsóknasetrið á Hornafirði var stofnað árið 2001. Við setrið eru tveir fastráðnir starfsmenn, Þorvarður Árnason umhverfis- og náttúrufræðingur er forstöðumaður og Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur gegnir stöðu sérfræðings. Guðrún Sigríður Sigurðardóttir kom til starfa í apríl í nýtt tímabundið starf verkefnastjóra rannsókna- og þróunar í ferðaþjónustu sem heyrir sameiginlega undir rannsóknasetrið og Ríki Vatnajökuls ehf. Þá var Johannes Th. Welling doktorsnemi í starfi við setrið.

Þrjú doktorsnemar og sjö meistaranemar unnu að verkefnum sem tengdust setrinu og einn doktorsnemi, sem hafði verið við setrið, útskrifaðist á árinu.

Eins og undanfarin ár lutu helstu rannsóknasvið setursins að umhverfismálum, sérstaklega stjórnun friðlýstra svæða, ferðaþjónustu og menningarmálum. Áfram var unnið að rannsóknum á höfundarverki Þórbergs Þórðarsonar og styttist nú í útgáfu bókar um niðurstöður þeirrar langtímarannsóknarvinnu. Forstöðumaður setursins tók þátt í starfi sérfræðingahóps innan Háskóla Íslands sem fenginn var til að veita umsögn um tvö álitamál varðandi samgöngur og skilgreiningu víðerna í Vatnajökulspjóðgarði, þ.e. Vonarskarð og Vikrafellsleið. Lokið var við tvö stór verkefni á sviði ferðamálarannsókna á árinu, þau nefndust Matur og sjálfbær ferðaþjónusta og Vetrarferðamenska í Skaftafellssýslum.

Vinna hófst við tvö ný erlend samstarfsverkefni, Nordic Slow Adventure Tourism, sem unnið er í samstarfi við Skota, Norðmenn og Færeyinga og styrkt af NORA, og Inscribing Environmental Memory in the Icelandic Sagas, en það er viðamikilið alþjóðlegt verkefni sem er enn á undirbúningsstigi. Forstöðumaður setursins tók enn fremur þátt í starfi Nordic Network for Interdisciplinary Environmental Studies (NIES) en hann er fulltrúi Íslands í stjórn netsins. Þá hófust undirbúningsrannsóknir vegna doktorsverkefnis Johannesar T. Welling um tengsl loftslagsbreytinga og ferðaþjónustu sem tengist jöklum. Verkefnið er styrkt af Rannsóknamiðstöð ferðamála. Loks má nefna könnun um umsvif ferðaþjónustunnar á Hornafirði sem unnin var á haustmánuðum af sameiginlegum starfsmanni setursins og Ríkis Vatnajökuls ehf.

Á árinu komu út á vegum setursins þrjár skýrslur um niðurstöður verkefna, auk þess sem forstöðumaður var meðhöfundur að tveimur skýrslum sem gefnar voru út af Vatnajökulspjóðgarði. Á vegum starfsmanna setursins komu út tvær ritrýndar greinar, einn bókarkafli og þrjú ritdómar á árinu. Rannsóknasetrið tók þátt í skipulagningu tveggja málþinga á árinu. Annað var í samstarfi við Þórbergssetur og hitt Ríki Vatnajökuls ehf. Forstöðumaður hafði enn fremur forgöngu um að skipuleggja málstofu um ferðamál á Hugvísindapíngi. Forstöðumaður setursins flutti níu fyrirlestra á árinu, þar af tvö inngangserindi og fjögur erindi á alþjóðlegum ráðstefnum. Aðrir starfsmenn setursins fluttu samtals sex fyrirlestra á ráðstefnum og málþingum á árinu.

Forstöðumaður setursins tók þátt í stefnumótunarvinnu vegna Nýheima og lauk því starfi um mitt ár með formlegri stofnun Þekkingarsetursins Nýheima ses. Hann tók einnig þátt í verkefninu Lærdómssamfélagið Hornafjörður ásamt fulltrúum allra skóla í sveitarfélaginu. Þrjú alþjóðlegir nemendahópar sóttu setrið heim á árinu, auk nemenda í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands sem sóttu vettvangsnámskeið í stjórnun friðlýstra svæða en námskeiðið er nú kennt á hverju ári.

## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi var stofnað vorið 2009. Forstöðumaður setursins er Tómas Grétar Gunnarsson vistfræðingur. Tómas var eini fasti starfsmaðurinn árið 2013 en við setrið vann einnig sérfræðingur í hlutastarfi við umsýslu gagnagrunna. Aðrir voru ráðnir til tímabundinna rannsóknaverkefna, m.a. tveir erlendir nýdóttarar, framhaldsnemar og sumarstarfsfólk.

Fjórir meistaranemar, sem tengjast setrinu, luku verkefnum sínum á árinu. Böðvar Þórisson reið á vaðið í febrúar og varði ritgerð sem bar titilinn Farhættir og lýðfræði sandlóa og fjallaði um rannsóknir á ýmsum þáttum í vistfræði sandlóa. Hann greindi vetrarstöðvar íslenskrar sandlóa með því að safna athugunum af merktum fuglum og elti Böðvar þær til Afríku í því skyni. Þá sýndi hann fram á að varpárangur sandlóa er mjög háður tilviljanakenndum afföllum á hreiðrum. Sandlóa getur einkum aukið varpárangur sinn með því að mæta snemma að vori og reyna varp lengur. Heiða Gehringer varði ritgerð sem hét Animal Diversity Around Mt Hekla – Roles of Land Degradation and Succession og fjallaði um dreifingu líffræðilegrar fjölbreytni á misgrónum svæðum í nágrenni Heklu. Hún kannaði dýralíf með hliðsjón af jarðvegsrofs- og framvinduferlum. Niðurstöðurnar sýndu að dýralíf jókst að jafnaði eftir því sem land var betur gróið en líffræðileg fjölbreytni var þó mest í votlendi. Brynja Davíðsdóttir, nemandi við Landbúnaðarháskóla Íslands, varði ritgerðina The Effect of Vegetation Reclamation on Birds and Invertebrates in Iceland sem fjallaði um áhrif mismunandi uppgræðsluaðferða á dýralíf. Hún bar ógróið land saman við lúpínusáningar og land sem hafði breyst í mólendi eftir friðun. Dýralíf jókst verulega frá ógróna ástandinu bæði í lúpínusáningum og í mólendi en þessar tvær uppgræðsluaðferðir ýttu þó undir mismunandi dýrasamfélög. Lilja Jóhannesdóttir, nemi við Landbúnaðarháskóla Íslands, vann verkefnið Comparing Biodiversity of Birds in Different Habitats in South Iceland, þar sem hún kortlagði þéttleika fugla í mismunandi gerðum úthaga. Glögglega kom í ljós að votari búsvæðagerðir eru fuglaríkastar en sumar tegundir eru þó algengari í þurrlandi en í votlendi. Þá varði Freydís Vigfúsdóttir doktorsritgerð sína við University of East Anglia í Bretlandi en forstöðumaður var einn leiðbeinenda. Ritgerðin fjallaði um stofn- og fæðuvistfræði kríu á Íslandi. Freydís greindi orsakasamhengi þátta sem valda að kríu hefur vegnað illa í varpi síðustu ár líkt og fleiri sjófuglum.

Í byrjun ársins hlaut setrið öndvegisstyrk frá Rannís til að rannsaka tengsl landbúnaðar við fuglastofna. Verkefnið hófst vorið 2013. Það snýst um að tengja landnotkun í landbúnaði við lýðfræði stofna sem Íslendingar bera sérstaka ábyrgð á, svo að hægt sé að stýra landnotkun í sem mestri sátt við umhverfið. José Alves nýdóttar og Lilja Jóhannesdóttir doktorsnemi voru ráðin til verkefnisins, auk tveggja sumarstarfsmanna.

Erlent samstarf var líflegt á árinu og manndagar erlendra vísindamanna við setrið voru rúmlega 400. Samstarfsmenn voru m.a. frá Bretlandi, Portúgal, Spáni og Tékklandi.

Forstöðumaður sat í nefnd um endurskoðun svokallaðra villidýralaga sem lauk störfum á árinu. Hann situr einnig í stjórn Vistfræðifélags Íslands og hafði umsjón með kennslu í fuglafræði við Háskóla Íslands. Auk vinnu með framhaldsnemum í fjölbreyttum verkefnum beindust rannsóknir forstöðumanns einkum að stofnvistfræði fugla. Hann hélt boðsfyrirlestur hjá breska fuglafræðifélaginu í mars auk fyrirlestra og kynninga af ýmsu tagi innanlands. Þá á forstöðumaður sæti í ritstjórn þriggja fagtímarita.

## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum var stofnað árið 2004. Halldór Pálmar Halldórsson sjávarlíffræðingur er forstöðumaður setursins og var hann eini fastráðni starfsmaðurinn 2013. Meistaraneminn Ásdís Ólafsdóttir var í 60% starfi fyrstu 5 mánuði ársins og doktorsneminnt Óskar Sindri Gíslason í 20% starfi frá 1. apríl. Að Ásdísi og Sindra meðtöldum unnu sjö framhaldsnemar

viðamikinn hluta rannsókna sinna við setrið undir handleiðslu forstöðumannsins, fimm þeirra stunda nám við Háskóla Íslands en tveir við háskólann í Osló.

Rannsóknasetrið er til húsa að Garðvegi 1 í Sandgerði ásamt Náttúrustofu Suðvesturlands og nýstofnuðu Þekkingarsetri Suðurnesja sem rannsóknasetrið er aðili að. Starfsemin á árinu mótaðist að töluverðu leyti af vinnu í tengslum við stofnun Þekkingarseturs Suðurnesja og þeim breytingum á rekstrarfyrirkomulagi sem fylgdu í kjölfarið.

Rannsóknir og starfsemi rannsóknasetursins tengjast einkum lífríki sjávar, með megináherslu á rannsóknir á áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur. Verkefni og námskeið í tengslum við setrið voru fjölbreytt á árinu og nýttu innlendir jafnt sem erlendir vísindamenn og nemendur sér aðstöðuna í Sandgerði. Aðstaða í setrinu nýttist vel til kennslu fyrir nemendur Háskóla Íslands líkt og undanfarin ár. Þar ber helst að nefna nýtt vettvangsnámskeið í líffræði þar sem 24 nemendur unnu að ýmsum verkefnum við setrið í fimm daga. Starfsfólk setursins kenndi einnig í eiturefnavistfræði, námskeiðum um sjávarhryggleysingja og lífheiminn við Háskóla Íslands og sjávarvistfræði við Háskólasetur Vestfjarða, ásamt ferðamálafræði við Endurmenntun Háskóla Íslands.

Rannsóknir á grjótkrabba héldu áfram; þær beinast m.a. að uppruna, útbreiðsla, veiðanleika, vinnslu og nýtingu á þessum nýja landnema. Framhald var á viðamiklum samstarfsverkefnum á sviði mengunarrannsókna sem hófust í lok árs 2011. Þau nefnast Pristine Arctic og Ísland, hreint og ómengað? Áhrif olíumengunar á ósnortin strandsvæði Íslands. Verkefni eru samnorræn og lúta að kortlagningu PAH-efna á norðurslóðum þar sem uppsöfnun og áhrif efnanna á sjávarlífverur eru rannsökuð með efnagreiningum og beitingu ýmissa bíómarkera. Samstarfsverkefnið Greining hrygningar og lírfusets hjá kræklingi (*Mytilus edulis*) við strendur Íslands var unnið á árinu. Verkefnið er unnið í nánú samstarfi við rannsóknastofnanir og kræklingaræktendur allt í kringum landið en helstu samstarfsaðilar setursins eru kræklingaræktendur á Suðurnesjum og í Hvalfirði. Rannsóknir á lífríki í fjörum á Reykjanesi og vistgerðaflokkun þeirra hófust í byrjun árs. Verkefnið er unnið í samstarfi við Náttúrustofu Suðvesturlands og Þekkingarsetur Suðurnesja og er efniviður í þremur meistaraverkefna við Háskóla Íslands.

Forstöðumaður setursins skipulagði, ásamt Matís, málstofu á Arctic Circle ráðstefnunni í Hörpu, sá um fundarstjórn og hélt utan um ráðstefnu Skelræktar um skeldýrarækt á Íslandi, sem haldin var í Sandgerði, og hafði umsjón með afar vel heppnaðri kræklingaferð í Hvalfjörð á vegum Háskóla Íslands og Ferðafélags Íslands.

Kynningarstarfsemi setursins var fjölbreytt á árinu. Þar ber helst að nefna þátttöku í vísindavöku í Háskólabíói og vísindakaffi Rannís á landsbyggðinni, sem haldið var á setrinu, þátttöku á Sandgerðisdögum, náttúruviku í Sandgerði og safnahelgi á Suðurnesjum. Þá fékk setrið góða kynningu í febrúar í sjónvarpsþættinum Landanum á RÚV þar sem fjallað var ítarlega um rannsóknir á vegum setursins á áhrifum olíumengunar á lífríki sjávar.

Líkt og undanfarin ár er forstöðumaður setursins umsjónarmaður og skipstjóri á Sæmundi fróða RE, rannsóknabáti Háskóla Íslands. Báturinn nýttist við ýmis rannsókn-, kennslu- og þjónustuverkefni á árinu, m.a. við mengunarvöktun fyrir iðjuverin á Grundartanga og rannsóknir á vetrarfæðu sjófugla í Faxaflóa. Setrið vann einnig að vöktunarverkefni fyrir álverið í Straumsvík og hafði aðkomu að fisksjúkdómatilraunum í Sandgerði á vegum Tilraunastöðvar Háskóla Íslands að Keldum.

# Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

## Almennt yfirlit, stjórn og starfsmenn

Forstöðumaður er Guðrún Nordal og er hún jafnframt prófessor á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Í árslok skipuðu stjórn stofnunarinnar þau Þorsteinn Pálsson formaður, Katrín Jakobsdóttir varaformaður, Guðrún Þórhallsdóttir, Terry Gunnell og Torfi Tulinius. Í október skipaði Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra Þorstein og Katrínu sem fulltrúa ráðherra í stjórn í stað Láru Magnússardóttur og Ásgríms Angantýssonar.

Fastráðnir starfsmenn í árslok voru 32. Sjö sumarstarfsmenn voru ráðnir á stofnunina í átaki Vinnumálastofnunar.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum hefur þrjár starfsstöðvar, í Árnagarði, á Neshaga 16 og í Þingholtsstræti 29. Handrit frá stofnuninni voru höfð til sýnis í Þjóðmenningarhúsi en voru tekin af sýningunni 31. ágúst.

## Starfsemi

Árið 2013 voru liðin 350 ár frá fæðingu Árna Magnússonar. Lögð var áhersla á að færa handritin út í samfélagið og í þeim anda voru fjölmargir virkjaðir til samstarfs, s.s. menningarráðin um allt land, skólar, fræðimenn hér heima og erlendis, bókaútgáfur, listamenn og rithöfundar. Heimsókn Margrétar Danadrottningar og þátttaka í öllum viðburðum afmælisdags Árna, 13. nóvember, undirstrikaði náið samstarf þjóðanna um handritin en tæpur helmingur safns Árna er enn í Kaupmannahöfn.

Stofnunin á í nánu samstarfi við fjöldamargar stofnanir, samtök og einstaklinga á Íslandi. M.a. sér stofnunin um skrifstofuhald fyrir Örnefnanefnd og er samkvæmt lögum skrifstofa Íslenskrar málnefndar og Málnefndar um íslenskt tákni. Alþjóðlegt samstarf er jafnframt mjög umfangsmikið og stofnunin er alþjóðleg rannsóknarmiðstöð á fræðasviði sínu. Stofnunin hefur umsjón með stuðningi við íslenskukennslu við erlenda háskóla samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið. Jafnframt er tekið á móti fjölda erlendra stúdenta á hverju ári sem nema íslensku. Stofnunin sinnir fjöldamörgum erlendum fræðimönnum og veitir þeim margvíslega aðstoð, m.a. með því að hafa gestaíbúðir til afnota í Reykjavík. Sumarið 2013 voru skipulögð fjögur námskeið í íslensku sem öðru máli á stofnuninni í samstarfi við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Alþjóðlegi sumarskólinn í handritafræðum var haldinn í Reykjavík að þessu sinni en að honum standa Árnastofnanirnar tvær, í Reykjavík og Kaupmannahöfn, í samstarfi við Háskóla Íslands, Landsbókasafnið og fleiri.

Stofnunin starfrækir öflugt rannsóknarbókasafn. Skráður eintakafjöldi í því var í árslok 2013 43.151 eintak bóka, korta og tónlistarefnis.



## Kennsla

Að vanda kenndu starfsmenn stofnunarinnar í ýmsum námskeiðum í háskólanum og margir nemendur nutu góðs af leiðbeiningum starfsmanna við vinnu að lokaverkefnum eða í öðrum rannsóknaverkefnum.

## Útgáfa og gagnasöfn

Mörkuð íslensk málheild (MÍM) var opnuð formlega á ársfundi stofnunarinnar vorið 2013. Málheildin hefur að geyma um 25 milljónir orða úr fjölbreyttum textum. Um mitt árið fékk Íslenskt textasafn nýtt notendaviðmót. Í tengslum við samstarfsverkefnið META-NORD, sem Máltæknisetur tók þátt í fyrir Íslands hönd, var sett upp vefsetrið <http://málföng.is/> þar sem nálgast má margvísleg málföng sem nýtast í máltækniverkefnum, bæði gagnasöfn og tól.

Útgáfur á vegum stofnunarinnar og í samstarfi við aðra á árinu:

- Gripla 24
- Orð og tunga 15
- 66 handrit úr fórum Árna Magnússonar
- Glíman við orðin
- Íslenska teiknibókin
- Juridisk sprog i Norden. Rapport fra en nordisk konference om klarsprog Reykjavík 11.–12. oktober 2011
- Leiftur á horfinni öld
- Ævisögur ypparlegra merkismanna

Orðasafn í tómsundafræðum var fært inn í Íðorðabanka Árnastofnunar.

## Hús íslenskra fræða

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra tók fyrstu skóflustunguna að Húsi íslenskra fræða 11. mars. Í húsinu verður stofnunin sameinuð á einn stað ásamt Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Þar verður hægt að sýna handritin, sem eru nú á skrá UNESCO um svokölluð minni heimsins, með alveg nýjum hætti.

## Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

### Almennt yfirlit, stjórn og starfsmenn

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er eini vettvangurinn í landinu þar sem stundaðar eru rannsóknir á dýrasjúkdómum á mörgum fræðasviðum. Stofnunin tengist Læknadeild Háskóla Íslands og hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Í stjórn Tilraunastöðvarinnar voru: Sigurður Guðmundsson læknir (formaður), Eva Benediksdóttir dósent, Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir, Ólöf G. Sigurðardóttir dýralæknir og Stefanía Þorgeirsdóttir frumulíffræðingur. Forstöðumaður er Sigurður Ingvarsson prófessor og framkvæmdastjóri er Helgi S. Helgason viðskiptafræðingur. Starfseminni er skipt í þrjár fagdeildir: 1) Veiru- og sameindalíffræðideild, yfirmaður er Valgerður Andrésdóttir, 2) Bakteríu- og sníkjudýradeild, yfirmaður er Vala Friðriksdóttir og 3) Rannsóknadeild fisksjúkdóma, yfirmaður er Árni Kristmundsson. Alls inntu 50 manns um 42 ársverk af hendi á starfsárinu við stöðina og er um fækkun að ræða frá fyrra ári. Fimm starfsmenn unnu við stjórnsýslu, á skrifstofu og við afgreiðslu. Sérfræðingar voru alls 15 og þeim til aðstoðar tveir

tugir ýmist háskólamenntaðs, sérmenntaðs eða ófaglærðs starfsfólks. Bergljót Magnadóttir, Margrét Jónsdóttir og Sigurður H. Richter létu af störfum vegna aldurs. Nýir starfsmenn eru Einar Jörundsson dýralæknir, Eygló Gísladóttir lífeindafræðingur og líffræðingur og Þorbjörg Einarsdóttir líffræðingur.

## Rannsóknir

Tilraunastöðin er rótgróin og framsækin háskólastofnun með margvíslega starfsemi og starfar fyrst og fremst sem rannsóknastofa. Rannsakaðir eru sjúkdómar í flestum spendýrategundum Íslands og allmörgum fugla- og fisktegundum. Tilgangur rannsókna er að efla skilning á eðli sjúkdóma og afla nýrrar þekkingar þar eð heilbrigð dýr eru forsenda arðvænlegs landbúnaðar og fiskeldis. Einnig er mikilvægi heilbrigðra dýra sem bera ekki sjúkdóma í menn hvati að hagnýtingu rannsókna. Mikilvægt er að stofnunin geti brugðist sem skjótast við nýjum og aðkallandi vandamálum á sviði sjúkdómagreininga. Áherslan innan fræðasviða beinist að fjölbreyttu vísindastarfi og þjónustu og að hún haldist í hendur við atvinnulífið og þá vaxtarbrodda sem þar er að finna. Helstu fræðasviðin eru þrionfræði, veirufræði, bakteríufræði, sníkjudýrafræði, meinafræði, ónæmisfræði og sameindalíffræði. Efniviður rannsókna er sérstaklega mikilvægur vegna þess hve staða dýrasjúkdóma er sérstök hér á landi, en vegna einangrunar landsins hefur ónæmiskerfi dýra á Íslandi ekki verið útsett fyrir ýmsum smitefnum og mismunandi stofnum þeirra í sama mæli og víðast erlendis. Á Íslandi eru því vel skilgreindir dýrastofnar sem hafa annað næmi fyrir ýmsum sjúkdómum en gengur og gerist í heiminum. Rannsóknir á slíkum efnivið hafa gefið tilraunastöðinni sérstöðu.

Víðtækt samstarf er við erlendar alþjóðlegar stofnanir og háskóla. Innanlands eru ákveðin verkefni unnin í samstarfi við stofnanir og háskóla og aðstaða og tæki eru samnýtt. Einnig er samstarf við stjórnsýslustofnanir innanlands, s.s. Matvælastofnun. Samhliða þessu er fjölbreytt og gefandi samstarf við atvinnulífið, má þar nefna fyrirtæki í landbúnaði, fiskeldi og matvælaframleiðslu.

Vegna rannsóknahverfisins á Keldum er mjög hentugt að skilgreina ramma um rannsóknánám af ýmsum stærðargráðum, allt upp í doktorsnám. Þetta starf hefur verið byggt upp á undanförunum árum. Nemendur í rannsóknaverkefnum fá aðstöðu og handleiðslu við verkefni sín. Átta líffræði-, dýralækna-, lífeindafræði- og lífefnafræðinemar unnu að rannsóknaverkefnum sínum á Keldum á árinu. Fjórir þeirra voru í doktorsnámi og tveir í meistaranámi. Nemendum hefur fækkað frá fyrri árum.

Rannsóknaverkefni á síðastliðnu ári voru m.a. ónæmis- og sjúkdómafræði fiska, sníkjudýra- og bakteríufræði, veiru- og bakteríurannsóknir í sauðfé og hestum, riða og skyldir sjúkdómar og sumarexem í hestum. Allmargir áfangar í rannsóknunum náðust og voru þeir kynntir á fjölmörgum ráðstefnum hérlendis og erlendis. Í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum birtust m.a. niðurstöður rannsókna í veiru-, bakteríu-, sníkjudýra- og ónæmisfræðum. Þar af voru birtar 22 greinar í ISI-tímaritum, sem er yfir meðaltali síðastliðinna ára.

Tilraunastöðin hefur þjónustuskyldur varðandi greiningar á dýrasjúkdómum en greiningarnar fara fram í nánnum tengslum við rannsóknirnar til að samlegðaráhrif verði sem best. Starfið á Keldum er gott dæmi um hvernig tengsl atvinnulífs og vísindastarfs geta verið. Þetta er einkar mikilvægt í okkar litla landi þar sem rannsóknavinna sem fram fer á Keldum nýtist þörfum atvinnulífs til vísindarannsókna og sú vinna skilar áfram nýrri þekkingu og greiningaraðferðum út í atvinnulífið.

Á árinu tilnefndi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið tilraunastöðina sem innlenda tilvísunarrannsóknastofu á nokkrum sviðum. Á stofnuninni er unnið eftir gæðakerfi og er tilraunastöðin með faggildingu á völdum prófunaraðferðum samkvæmt alþjóðlegum faggildingarstaðli. Áfram er unnið að faggildingu allra helstu greiningaraðferða tilraunastöðvarinnar.



Framleidd voru bóluefni og mótefnablóðvökvar gegn bakteríusjúkdómum í sauðfé. Safnað var blóði úr hrossum, kindum og naggrísunum til að nota á rannsóknastofum. Smádýr voru notuð við tilraunir, bæði fyrir tilraunastöðina og aðrar rannsóknastofnanir.

## Kynningarstarfsemi

Tilraunastöðin miðlar þekkingu og upplýsingum til alþjóðlega vísindasamfélagsins og í þeim tilgangi að styrkja innlent atvinnulíf.

Tilraunastöðin tók þátt í útgáfu tímaritsins Icelandic Agricultural Sciences, birtar voru greinar í vísindatímaritum og ársskýrslu var dreift víða. Fræðslufundir voru haldnir að jafnaði hálfsmánaðarlega. Þeir voru öllum opnir og kynntir víða, m.a. öllum háskólaborgurum og dýralæknum. Einnig var starfsemin kynnt á vísindavöku Rannís í september. Málþing um ónæmiskerfi þorsks var haldið að Keldum í október til heiðurs Bergljótu Magnadóttur. Störf stofnunarinnar voru kynnt víða erlendis og innanlands á ráðstefnum og fundum.

Átta af sérfræðingunum á Keldum eru meðlimir í Lífvísindasetri. Lífvísindasetur er samvinnuflétta milli rannsóknarhópa sem vinna í sameindalífvísindum við Háskóla Íslands, Landspítala – Háskólasjúkrahús og Háskólann í Reykjavík. Samvinnan felst aðallega í að miðla sérþekkingu og aðferðum, samnýtingu tækja, sameiginlegu ráðstefnu- og fundahaldi og að fá til landsins erlenda gestafyrirlesara.

Ítarlegar upplýsingar um starfsemina tilraunastöðvarinnar er að finna á heimasíðu stofnunarinnar [www.keldur.is](http://www.keldur.is).

## Annað

Framlög á fjárlögum til tilraunastöðvarinnar voru um 211 m.kr., sértekjur hennar voru um 147 m.kr. og styrkir til hennar um 35 m.kr. Auk erlendra styrkja vegna samstarfsverkefna fengust styrkir fyrir ýmis önnur verkefni frá Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, AVS – rannsóknasjóði í sjávarútvegi, Framleiðnisjóði landbúnaðarins og fleiri styrkveitendum. Styrkir og framlög lækkuðu frá fyrra ári. Sértekjur fengust fyrir útselda sérfræðivinnu, m.a. við sjúkdómagreiningar. Þrátt fyrir fjárhagslegar hremmingar eru enn þá öflugir innviðir að Keldum sem hlúa þarf að. Mörg verkefni ganga vel en að ýmsu er að huga í framtíðinni. Mörgum áleitnum rannsóknaspurningum er ósvarað.

# Þjónustustofnanir

## Endurmenntun Háskóla Íslands

### Almennt

Hlutverk Endurmenntunar Háskóla Íslands er að efla hæfni og þekkingu fólks í starfi og einkalífi með öflugri nýsköpun í námsframboði og þjónustu.

## Stjórn og starfsfólk

Stjórn Endurmenntunar er skipuð fulltrúum allra fræðasviða HÍ auk fulltrúa rektors. Í henni sitja:

- Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent í guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Formaður stjórnar, tilnefnd af rektor
- Bjarni Bessason, prófessor á verkfræði- og náttúruvísindasviði
- Eyvindur G. Gunnarsson, dósent á félagsvísindasviði
- Ingvar Sigurgeirsson, prófessor á menntavísindasviði
- Oddný Sverrisdóttir, prófessor á hugvísindasviði
- Vilborg Lofts, rekstrarstjóri á heilbrigðisvísindasviði

Prettán starfsmenn voru í fullu starfi í árslok.

- Arndís Kristjánsdóttir, innheimta
- Erna G. Agnarsdóttir, námsstjóri og aðstoðarendurmenntunarstjóri
- Hafdís Ósk Kolbeinsdóttir, fjármálastjóri
- Hulda Mjöll Hauksdóttir, verkefnastjóri
- Íris Dröfn Magnúsdóttir, þjónustufulltrúi
- Jóhanna Rútsdóttir, verkefnastjóri
- Jón Emil Sigurgeirsson, verkefnastjóri
- Kristín Jónsdóttir Njarðvík, endurmenntunarstjóri
- Kristín Birna Jónasdóttir, verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi
- Magnea Guðmundsdóttir, þjónustustjóri
- Ragna Haraldsdóttir, verkefnastjóri
- Sólveig Stefánsdóttir, þjónustufulltrúi
- Thelma Jónsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri

Auk ofangreindra starfaði Heiður Magný Herbertsdóttir hluta úr árinu sem tímabundinn starfsmaður. Ungir háskólanemar störfuðu sem verktakar í þjónustu á kvöldin og á laugardögum.

## Starfsemi

Aukin þróun, meira framboð námskeiða og námsbrauta, aukin sala og markvissari verðlagning voru í stuttu máli þau atriði sem voru sett á oddinn árið 2012 til að ná fram vexti í starfseminni. Áfram var unnið að því markmiði árið 2013.

- Sett voru upp fjögur opin námskeið með sérfræðingum frá Harvard en aðeins eitt var haldið.
- Verð allra námskeiða voru hækkuð að hausti, 10 – 20% mismikið eftir flokkum, þó þannig að verð hjá Endurmenntun er lægra en hjá helstu keppinautum.
- Námskeiðsframboð var aukið og voru 15% fleiri námskeið á dagskrá á árinu.
- Fjöldi felldra námskeiða jókst um 6%. Líklegt er að of mikið framboð hafi verið í sumum flokkum.
- Eins og árin á undan voru 23 þátttakendur að meðaltali á hverju námskeiði.
- Heildarfjöldi þátttakenda á styttri námskeiðum fjölgaði um 2%.
- Fyrstu skrefin voru tekin í þá átt að bjóða námskeið til Evrópubúa sem geta nýtt sér endurmenntunarstyrki EEA. Fjögur námskeið voru sett á dagskrá á haustmisseri en engin aðsókn fékkst í þau.
- Markaðskostnaður var vísitandi aukinn og hækkaði hann um 4,6 milljónir króna eða um 24%. Munar þar mestu um afmælisblað.

## 30 ára afmæli Endurmenntunar haustið 2013

Endurmenntun átti 30 ára afmæli og var því fagnað á margvíslegan hátt á haustmisseri. Lögð var áhersla á að sem flestir gætu haldið upp á þessi tímamót með okkur.

- Gefinn var út bæklingur með öllu námsframboði haustmisseris, myndum úr starfseminni, viðtölum o.fl. og dreift á öll heimili á höfuðborgarsvæðinu.
- Örnámskeið voru haldin í hverri viku viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Alls sóttu 1862 þátttakendur þau.
- Haldið var veglegt og skemmtilegt kennarapartý.
- Auglýst voru sérstök afmælistilboð 30. hvers mánaðar.
- Sett var upp ljósmyndasýning í húsinu úr sögu Endurmenntunar.
- Gert var kynningarmyndband um Endurmenntun.
- Kynntir voru samstarfsmöguleikar Endurmenntunar og deilda HÍ á Háskólaþingi.
- Þátttakendur á námskeiðum og aðrir gestir gátu tekið þátt í afmælishappdrætti þar sem einn vinningshafi var dreginn út í hverjum mánuði. Verðlaunin voru gjafabréf á námskeið.

## Happdrætti Háskóla Íslands

### Almennt

Happdrætti Háskóla Íslands var stofnað með lögum árið 1933. Starfsemin hófst í byrjun janúar 1934 og fyrsti útdráttur fór fram 10. mars það ár. Tilgangur happdrættisins er að afla fjár til húsbýgginga háskólans, viðhalds þeirra og til tækjakaupa. Háskóli Íslands var fyrst til húsa í Alþingishúsinu við Austurvöll en fjölgun nemenda leiddi til að þröng varð á þingi. Á árinu 1932 voru samþykkt lög sem heimiluðu að reist yrði háskólabýgging. Heimildin var reyndar háð þeim fyrirvara að fé fengist til framkvæmdanna á fjárlögum. Það gekk ekki eftir enda heimskreppan í algleymingi. Þá var unnið að því að Háskóli Íslands fengi að nýta happdrættisleyfi sem stofnað var til með lögum árið 1926. Hin glæsilega háskólabýgging, Aðalbygging háskólans, var tekin í notkun árið 1940. Síðan þá hafa yfir 20 háskólabýggingar verið fjármagnaðar með happdrættisfé.

### Starfsfólk, stjórn og húsnæði

Háskólaráð kýs stjórn Happdrættis Háskóla Íslands. Stjórnin árið 2013 hefur verið óbreytt frá byrjun árs 2008 en hana skipa: Eyvindur G. Gunnarsson prófessor, stjórnarformaður, Ebba Þóra Hvannberg prófessor og Óskar Magnússon hrl. og útgefandi. Þau tvö síðarnefndu sátu sinn síðasta stjórnarfund í desember 2013 eftir átta ára setu í stjórn happdrættisins.

Forstjóri happdrættisins var Bryndís Hrafnkelsdóttir og hóf hún störf í ágúst 2010. Tekjusvið happdrættisins eru þrjú og er rekstrarstjóri yfir hverju tekjusviði. Hans Júlíus Þórðarson var rekstrarstjóri flokkahappdrættis en hann gegndi einnig stöðu verkefnastjóra ábyrgrar spilunar. Róbert Sverrisson var rekstrarstjóri Gullnámu og Steinunn Björnsdóttir var rekstrarstjóri Happaprennu. Yfirmaður stoðeilda var Alma Jónsdóttir sem jafnframt gegndi stöðu fjármálastjóra. Stöðugildi í árslok 2013 voru 24.

Höfuðstöðvar Happdrættis Háskóla Íslands eru á Tjarnargötu 4 í Reykjavík en utan þeirra starfar fjöldi umboðsmanna víðs vegar um landið. Húseignin að Tjarnargötu 4 hefur verið í eigu happdrættisins frá miðju ári 2007 og er hluti hússins, sem happdrættið nýtir ekki, leigt út til ýmissa fyrirtækja. Ákveðið var að ráðast í gagngerar breytingar á 1. og 2. hæð sem hýsir starfsemi happdrættisins og hófust framkvæmdir í upphafi árs 2012. Þriðja og hluti af fjórðu hæðin voru endurnýjaðar að mestu á árinu 2013 og nýir traustir leigutakar komu síðan í húsið. Lóðin að Tjarnargötu 8 er einnig í eigu happdrættisins, svo og Bíldshöfði 16, þar sem viðgerðarverkstæði happdrættisins er staðsett.

## Rekstrarafkoma og greiðslur til Háskóla Íslands

Rekstur happdrættisins í heild var með ágætum. Árið 2013 hófst hjá flokkahappdrættinu með nýrri markaðs- og auglýsingaherferð þar sem Ilmur Kristjánsdóttir var í aðalhlutverki við að kynna „stóra daginn“ en fyrirkomulagi útdráttar var breytt þannig að dregið verður einu sinni í mánuði.

Milljónaveltan hélt áfram. Leikreglurnar eru þannig að 10 m. kr. eru í upphafi dregnar út. Gangi vinningurinn ekki út, veltur hann áfram og bætist við útdrátt næsta mánaðar. Vinningurinn getur því stækkað um 10 m.kr. á mánuði en gengur að fullu út í árslok. Miðaverð í flokkahappdrættinu var hækkað úr 1.100 kr. í 1.300 kr. en þrátt fyrir það fjölgaði seldum miðum. Afkoman í Gullnámunni og Happaprennunni dróst lítillega saman á árinu.

Lögum samkvæmt skal hagnaði happdrættisins, að frádregnu leyfisgjaldi, sem greitt er til ríkisins, allt að 150 m.kr., varið til uppbyggingar Háskóla Íslands. Hagnaðurinn, að frádregnu leyfisgjaldi, rennur til nýbygginga, viðhalds fasteigna og lóða og til tækjakaupa. Á árinu 2013 voru greiddar 780 m.kr. til Háskóla Íslands og var það í samræmi við rekstraráætlun happdrættisins.

## Afraksturinn

Allar byggingar háskólans hafa nær eingöngu verið kostaðar af happdrættisfé. Þær eru eftirfarandi og er tilgreint það ár sem þær voru teknar í notkun.

- Atvinnudeildarhús (Jarðfræðahús) 1937
- Aðalbygging Háskóla Íslands 1940
- Íþróttahús Háskóla Íslands 1948
- Háskólabíó 1961
- Aragata 9 (keypt) 1963
- Árnagarður 1969
- Lögberg 1972
- VR-I 1972
- Aragata 14 (keypt) 1973
- VR-II 1975
- Læknagarður 2.–3. hæð, Tannlæknadeild 1983
- Oddi (fyrri hluti) 1985
- VR-III 1987
- Læknagarður 4.–5. hæð, Læknadeild 1988
- Tæknigarður 1988
- Háskólabíó (stækkun, viðbótarsalir) 1990
- Oddi (síðari hluti) 1990
- Hagi við Hofsvallagötu (keyptur) 1991
- VR-III (verkstæði) 1992
- Nýi-Garður (keyptur) 1996
- Askja (Náttúrufræðahús) 2003
- Háskólatorg 2007

Auk þess sem ofangreind hús hafa að nær öllu leyti verið reist fyrir happdrættisfé hefur happdrættið einnig kostað viðhald þeirra og háskólalóðarinnar. Þá hefur happdrættisfé verið notað til kaupa á rannsóknatækjum og nemur sú upphæð hundruðum milljóna króna.

## Lagalegt umhverfi

Samkvæmt lögum er óheimilt að reka happdrætti hér á landi nema með leyfi innanríkisráðherra.

Tilgangurinn með ákvæðinu er að hamla gegn skaðlegum áhrifum á almenning og að halda uppi allsherjarreglu (e. public order). Í Evrópu hafa gengið málaferli m.a. vegna þess að ýmis einkafyrirtæki

á happdrættismarkaði vilja ekki láta sér nægja heimamarkað sinn. Þau vilja einnig geta starfað á erlendum mörkuðum. Íslenski happdrættismarkaðurinn hefur orðið fyrir barðinu á ásókn erlendra einkafyrirtækja. Þar er einkum um að ræða fyrirtæki sem bjóða þjónustu sína á vefnum. Hinn 4. maí 2007 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra fastanefnd á sviði happdrættismála. Nefndin er nú skipuð fulltrúum happdrættanna og innanríkisráðuneytisins. Stjórnarformaður Hættis Háskóla Íslands, Eyvindur G. Gunnarsson, er formaður nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með Evrópurétti á sviði happdrættismála, gera tillögur til innanríkisráðherra um framkvæmd vísindarannsókna um spilafíkn og ólögleg fjárhættuspil og gera tillögur um réttarbætur á sviði happdrættismála. Í því sambandi má nefna að tvær lagabreytingar, sem máli skipta fyrir happdrætti, hafa orðið að lögum. Annars vegar er það lagabreyting árið 2010, sem bannar auglýsingar happdrætta, sem eru rekin erlendis og hafa ekki leyfi samkvæmt íslenskum lögum um happdrætti. Hins vegar hefur fjölmiðlanefnd nú stjórnsýslueftirlit með auglýsingum á happdrættis- og veðmálastarfsemi, sem áður var í höndum lögreglu, samkvæmt fjölmiðlalögum sem tóku gildi árið 2011.

## Eftirlit

Eftirlit með útdrætti og vinningum í Hættis Háskóla Íslands er í höndum sérstaks happdrættisráðs sem dómsmála- og mannréttindaráðherra skipar. Í því áttu sæti árið 2013 Bryndís Helgadóttir lögfræðingur, formaður ráðsins, Fanney Óskarsdóttir lögfræðingur og Rósa Dögg Flosadóttir lögfræðingur. Varamaður er Guðlaug Jónasdóttir lögfræðingur. Sýslumannsembættið á Hvolsvelli hefur eftirlit með happdrættisvélum en eftirlitið var flutt þangað frá innanríkisráðuneytinu 2007. Ársreikningar happdrættisins eru endurskoðaðir í umboði Ríkisendurskoðunar og birtast þeir í ríkisreikningi.

## Háskólaútgáfan

### Stjórn og starfsfólk

Stjórn útgáfunnar var þannig skipuð á árinu: Ástráður Eysteinnsson, formaður, Aðalheiður Jóhannsdóttir og Jenný Bára Jensdóttir.

Starfslið útgáfunnar var þannig skipað: Sigríður Harðardóttir ritstjóri, Styrmir Goðason skrifstofustjóri og Egill Arnarson ritstjóri, en hann tók við starfi er Rákel Edda Guðmundsdóttir lét af starfi við upphaf árs. Jörundur Guðmundsson er forstöðumaður útgáfunnar.

### Útgáfustarf

Með nýjum ritstjóra var ákveðið að taka upp markvissa forskoðun handrita og meta hæfi þeirra til útgáfu áður en ávæningur um útgáfu væri gefinn. Áfram var unnið vinnslu bóka í rafrænu formi til dreifingar á alþjóðlegum markaði í ljósi þess að reynsla þar af hafði gefið góða raun. Útgefnið nýir titlar voru tæplega fimmtíu talsins og endurprentanir rúmlega þrjátíu, auk misstórra prentverka fyrir yfirstjórn og fræðasvið skólans.

### Viðurkenningar

Eftirfarandi rit hlutu viðurkenningar á árinu:

Tilnefningar til verðlauna Hagbenkis:

- Guðný Hallgrímsdóttir. Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur. Einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu.
- Júlíus Sólnes, Freysteinn Sigmundsson, Bjarni Bessason (ritstjórar). Náttúruvá á Íslandi. Eldgos og jarðskjálftar.
- Þorleifur Friðriksson. Dagar vinnu og vona. Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í kreppu og köldu stríði.

## Helstu rit sem Háskólaútgáfan gaf út á árinu

A Concordance to Biblical Gothic (endurútg.).....	Magnús Snædal
Almanak Háskóla Íslands 2014	
Almanak Hins íslenska Þjóðvinafélagsi 2014	
Almenningsfræðsla á Íslandi I og II (kilja).....	Ritstj. Loftur Guttormsson
Andvari 2013 .....	Hið íslenska Þjóðvinafélag
Á sömu leið.....	Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir
Chomsky – mál, sál og samfélag.....	Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton
Dagar vinnu og vona.....	Þorleifur Friðriksson
Dagbók 2014 .....	Sigríður Þorgeirsdóttir
Fjölskyldutengsl eftir skilnað .....	Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir
Fléttur III .....	Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum
Frá hjara veraldar .....	Melitta Urbancic
Glíman við orðin .....	Guðrún Kvaran
Gripla XXIV.....	Stofnun Árna Magnússonar
Háborgin. Menning, fagurfræði og pólitík í upphafi tuttugustu aldar .....	Ólafur Rastrick
Hugað með Platóni .....	Svavar Hrafn Svavarsson
Hugur 24/2012 .....	Hugvísindastofnun
Inngangur að rökfræði I.....	Erlendur Jónsson
Íslensk bragfræði.....	Ragnar Ingi Aðalsteinsson
Leikhús nútímans .....	Trausti Ólafsson
Listhugtakið í heimspeki samtímans.....	Gunnar Harðarson
Lífsfylling.....	Kristín Aðalsteinsdóttir (Háskólanum á Akureyri)
Lýðmenntun (endurútg.).....	Guðmundur Finnbogason
Milli mála 2012.....	Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur
Morð í dómkirkju.....	T. S. Eliot
Náttúruvá á Íslandi. Eldgos og jarðskjálftar.....	60 höfundar
Nine Saga Studies .....	Ármann Jakobsson
Orð og tunga 15/2013	
Retrenchment or Renewal .....	Guðmundur Jónsson og Kolbeinn Stefánsson
Ríkið og rökvisi stjórnmalanna .....	Páll Skúlason
Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur.....	Guðný Hallgrímsdóttir
Skólastarf í ljósi fagmennsku .....	Háskólinn á Akureyri
Tímarit um menntarannsóknir 2013 .....	Sigurlína Davíðsdóttir
Veftímaritið Stjórnmal og stjórnsýsla	
Vegleiðsla til talnalarinnar.....	Kristín Bjarnadóttir
Yfir saltan mar .....	Hólmfríður Garðarsdóttir og Sigrún Á. Eiríksdóttir
Önnur skynjun, ólík veröld .....	Jarprúður Þórhallsdóttir

# Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra. Samkvæmt lögum hefur safnið margþætt hlutverk en það er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er rannsóknabókasafn og þekkingarveita fyrir alla landsmenn. Það sinnir virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála. Landsbókavörður er Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir. Í samstarfsnefnd voru Halldór Jónsson og Jenný Bára Jensdóttir frá Háskóla Íslands og Áslaug Agnarsdóttir og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttur frá safninu. Velta safnsins árið 2013 var um 959 m.kr. og ársverk í árslok 68,8. Hér verður einkum fjallað um helstu samstarfsfleti háskólans og safnsins en nánari upplýsingar um starfsemi er að finna í ársskýrslu á vefnum [www.landsbokasafn.is](http://www.landsbokasafn.is).

## Aðstaða

Sem bókasafn Háskóla Íslands sinnir safnið þörfum kennslu og rannsóknastarfsemi skólans með fjölþættri upplýsinga- og þekkingarmiðlun. Í safninu eru um milljón einingar en auk þess er veittur aðgangur að fjölbreyttu stafrænu efni. Þar er lesaðstaða, um 50 notendatölvur, þráðlaust net og háskólanetið, lesherbergi fyrir einstaklinga, hópvinnuherbergi og hægt er að leigja geymsluskápa. Auk þess er aðstaða til prentunar, ljósritunar og skönnunar.

## Gagnakaup

Lög um skylduskil til safna eiga að tryggja að safnið fái allt útgefið íslenskt efni að frátöldu útvarps- og sjónvarpsefni. Aðföng vegna Háskóla Íslands felast einkum í innkaupum á erlendu fræðiefni. Kennarar ákveða innkaup, sem miðast við það fé sem svið og deildir skólans setja í gagnakaup. Árið 2013 var keypt prentað efni og diskar fyrir 35,9 m.kr. og aðgangur að stafrænum séráskriftum fyrir 6,2 m.kr. Þá var miðlægt framlag vegna [hvar.is](http://hvar.is) – Landsaðgangs að stafrænum gagnasöfnum og tímaritum 37,4 m.kr. Þar fyrir utan er nokkuð keypt fyrir háskólann af því ritakaupfé sem safnið fær á fjárlögum.

## Stafræn gögn

Safnið leggur áherslu á að viðhalda aðgangi að stafrænum gagnasöfnum, bókum og tímaritum.

Landsaðgangur að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum, [hvar.is](http://hvar.is), hefur verið verkefni safnsins frá 2011. Fimm manna stjórnarnefnd starfar við hlið landsbókavaráðar og hlutverk hennar er m.a. stefnumótun, ákvarðanir um samninga og um greiðsluskiptingu en bókasöfn, stofnanir og einkaaðilar greiða fyrir aðganginn. Fulltrúi háskólans í stjórnarnefndinni er Baldvin Zarióh og varamaður Jenný Bára Jensdóttir. Í gegnum [hvar.is](http://hvar.is) er nú hægt að nálgast 16 gagnasöfn og þar af einn rafréttur bókaþakka og heildartexta um 21.000 tímarita, auk útdráttar úr greinum 10.000 tímarita. Tekist hefur að halda efni í landsaðgangi að mestu óbreyttu undanfarin ár, en aukafjárveitingar til þess hafa verið tryggðar af hálfu ríkisins. Heildarkostnaður við aðganginn á árinu var 252 m.kr. Framlag ríkisins var tæplega 121 m.kr. en Háskóli Íslands er langstærsti einstaki greiðandinn.

Með séráskriftum háskólans, sem eru aðgengilegar á háskólanetinu, bætast við um 2.800 rafræn tímarit og önnur útgáfurit, auk 28 gagnasafna, s.s. *Encyclopaedia of Geology*, *Palgrave Dictionary of Economics*, *Dictionary of the Middle Ages* og *Communication and Mass Media Complete*.

## Skemman.is – lokaverkefni og rannsóknarit

Safnið sér um rekstur Skemmunnar, sem er geymslusafn fyrir stafrænar lokaritgerðir háskólanema og rannsóknarit háskólakennara. Skemman er samstarfsverkefni allra háskólanna. Háskólaráð samþykkti árið 2008 rafræn skil og varðveislur lokaritgerða nemenda. Í árslok voru um 10.500 verk frá Háskóla Íslands aðgengileg í Skemmunni en lögð er áhersla á að aðgangur að þeim sé opinn. Um er að ræða lokaritgerðir nemenda og skýrslur, ritraðir, ráðstefnurit og greinar frá kennurum og starfsmönnum skólans.

## Fræðigreinin þín

Á vef safnsins er tenglasafn sem nefnist Fræðigreinin þín og er þar yfirlit og leiðarvísar um helstu hjálpargögn við heimildaleit. Því er nú skipt í um 50 fræðigreinar.

## Upplýsingaþjónusta

Veitt er almenn upplýsingaþjónusta og boðið upp á heimildaleit. Almennar fyrirspurnir má senda upplýsingaþjónustu með tölvupósti á [upplys@landsbokasafn.is](mailto:upplys@landsbokasafn.is) og markmiðið er að svara innan 24 stunda alla virka daga. Þá er aðstoðað við millisafnalán og greinaþjónustu.

## Safnkynningar

Boðið eru upp á safnkennslu fyrir nemendur og kennara og á árinu komu 66 hópar í safnið í formlega kynningu eða 1.873 manns. Þar fyrir utan er einstaklingum boðið upp á leiðbeiningar. Nýjum kennurum er einnig boðið í stutta kynningu í upphafi hvers misseris. Hægt er panta safnkynningar á vef safnsins.

## Námsbókasafn

Námsbókasafn er safn bóka, ljósrita og annars efnis sem tekið er frá í tengslum við tiltekin námskeið við Háskóla Íslands. Gögnin eru ýmist til notkunar á staðnum eða lánuð í styttri lánum. Þjónustan var notuð fyrir um 112 námskeið á vormisseri og 126 á haustmisseri.

## Útlán í tölvupósti

Til að auðvelda samskipti vegna útlána og pantana fá lánþegar nú sendar upplýsingar í tölvupósti. Þeir geta sjálfir pantað rit sem eru í útláni í Gegni og fá tilkynningu í tölvupósti þegar ritið er komið í safnið, en þar er það geymt í viku. Lánþegar fá einnig viðvörðun þegar lánstími er að renna út og geta þeir sjálfir framlengt lániðsfrest í Gegni þrisvar sinnum. Ef annar notandi hefur pantað ritið fá þeir upplýsingar um það í tölvupósti.

## Lengdur afgreiðslutími í prófum

Afgreiðslutími er auglýstur á vef safnsins. Hann er lengdur á prófatíma og er það auglýst sérstaklega.

## Skylduskil

Safnað er öllu prentuðu útgefnu íslensku efnis, auk tón- og myndefnis. Einnig er handritum og einkaskjalasöfnum safnað en í handritasafni eru varðveitt um 16.000 handrit, allt frá einstökum skinnblöðum frá 13. öld og fram til dagbóka og bréfa frá 20. öld. Til útgefins efnis telst einnig það efni sem er aðgengilegt almenningi á rafrænu formi um tölvunet. Því er safnað íslenskum vefsíðum á



þjóðarléninu.is. Í vefsafninu, sem var opnað 2009, er nú 2,5 milljarðar skjala, eða 47 terabæt. Þá er hafin móttaka á skilaskyldu efni sem verður til stafrænt. Efnið er vistað í geymslusafninu rafhlaðan.is sem var opnað árið 2011.

## Stafræn endurgerð íslensks efnis

Markvisst er unnið að stafrænni endurgerð íslensks efnis og aðgangur veittur um vefi safnsins. Í árslok var aðgangur að tæplega fimm milljónum blaðsíðna úr íslenskum ritum á timarit.is, bækur.is, handrit.is og islandskort.is. Boðið er upp á textaleit í öllu efninu.

## Doktoraskrá og Útgáfuskrá

Sífelld er unnið að því að auka aðgang um vefinn að skráum safnsins. Dæmi um slíkar skrár eru Íslensk útgáfuskrá, utgafuskra.is, sem er skrá um prentefni, hljóðrit og myndbönd útgefin á Íslandi og Skrá um doktorsritgerðir Íslendinga, doktor.landsbokasafn.is. Í henni eru nú upplýsingar um 2.150 doktora.

## Ýmis samstarfsverkefni

Safnið tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum innan lands, sem og erlendu samstarfi. Markmiðið er meðal annars að sækja nýja þekkingu til að miðla safnkostinum til notenda, auk þess að bæta þjónustu safnsins.

### Miðstöð munnlegrar sögu

Miðstöð munnlegrar sögu, sem var stofnuð 2007, sameinaðist safninu og varð sérstök eining á sviði varðveislu og stafrænnar endurgerðar. Hlutverk miðstöðvarinnar er að safna, skrá og varðveita heimildir í munnlegri geymd. Í fagráði eiga sæti hagsmunaaðilar á sviði munnlegrar sögu. Upplýsingar um starfsemi miðstöðvarinnar og safnkost er að finna á munnlegsaga.is.

### Handritavefur

Vefurinn handrit.is var opnaður 2010. Hann er samstarfsverkefni safnsins og Árnastofnana í Reykjavík og Kaupmannahöfn um gerð samskrár og stafrænnar endurgerðar íslenskra handrita.

### Nordbib og Open Access

Safnið hefur frá árinu 2006 tekið þátt í verkefnum um opinn aðgang að vísindaupplýsingum og rannsóknaniðurstöðum (OA – Open Access). Fulltrúar safnsins hafa tekið þátt í að móta stefnu Háskóla Íslands um opinn aðgang, sem er í undirbúningi.

### Evrópuverkefni

Safnið tekur þátt í Evrópubókasafninu (The European Library – TEL) og fjölmeningargáttinni europeana.eu. Safnið tekur auk þess þátt í verkefnum á sviði stafrænnar endurgerðar sem ýmist er stjórnað af Evrópubókasafninu eða nátengd því. Framlag safnsins felst í að vinna gögn sín þannig að hægt sé að tengja þau við TEL og Europeana.

### IIPC

Safnið er stofnaðili alþjóðlegra samtaka um söfnun og varðveislu veraldarvefsins, International Internet Preservation Consortium (IIPC). Safnið á sæti í stjórn samtakanna og vinnuhópum. Vefur samtakanna er netpreserve.org.

# Listasafn Háskóla Íslands

## Stjórn

Stjórn Listasafns Háskóla Íslands til fjögurra ára (frá 2011 til 2015) skipa Salvör Nordal formaður, Vilhjálmur Lúðvíksson og Hjálmar H. Ragnarsson. Auður A. Ólafsdóttir er safnstjóri í umboði stjórnar og er hún eini fasti starfmaður safnsins í 50% stöðu.

## Helstu verkefni og starfsemi

Helstu verkefni safnstjóra og stjórnar Listasafns Háskóla Íslands er að varðveita, byggja upp og kynna eftir föngum hina miklu og verðmætu listaverkæign safnsins, svo sem með sýningarhaldi, en einnig með mótun stefnu í innkaupum nýrra verka.

Samkvæmt stofnskrá Listasafns Háskóla Íslands er það einnig hlutverk safnsins að sinna þeim sem stunda rannsóknir á íslenski myndlistarsögu. Safnið hefur í samræmi við það unnið að því á síðastliðnum árum að efla tengingu safns við rannsókn- og kennsluumhverfi Háskóla Íslands, m.a. við nám í listfræði við Íslensku- og menningardeild. Þá veitir safnið rannsóknarstyrki til rannsókna á íslenski myndlist úr Styrktarsjóði Listasafns Háskóla Íslands.

## Uppsetningar verka innan háskólans

Hundruð verka úr eigu Listasafns Háskóla Íslands er að finna á fjölmörgum stöðum í byggingum og stofnunum Háskóla Íslands en uppsetningar verka eru hugsaðar sem sýningar á verkum safnsins í opinberu rými. Á árinu fóru fram viðamiklar breytingar á húsnæði í eigu Háskóla Íslands og safnið kom víða að uppsetningu verka. Safnið hefur þó ekki enn eignast eigið, skilgreint sýningarhúsnæði svo sem fjallað er um í stofnskrá safnsins frá árinu 1980 en það myndi skapa mikla möguleika, m.a. í tengslum við safnakennslu listfræðinema.

## Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands

Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands var stofnaður af Sverri Sigurðssyni árið 1999 og hefur það sérstaka hlutverk að vera ætlað að styrkja rannsóknir á sviði íslenskrar myndlistar, myndlistarsögu og forvörslu myndverka, svo og til birtingar á niðurstöðum slíkra rannsókna (eins og segir í stofnskrá). Stjórn Listasafns Háskóla Íslands er jafnframt stjórn sjóðsins.

Þann 10. júní 2013, á fæðingardegi Sverris Sigurðssonar, var úthlutað í áttunda sinn úr Styrktarsjóði Listasafns Háskóla Íslands. Veittir voru tveir styrkir til rannsókna á sviði íslenskrar myndlistar. Styrkhafar voru Birta Guðjónsdóttir og Jóhannes Dagsson sem hljóta hvort um sig styrk að upphæð kr. 300.000.

Birta Guðjónsdóttir, myndlistarmaður og sýningarstjóri, hlaut styrk fyrir rannsóknaverkefnið Myndlist í útvarpi, skráning og miðlun á hljóðrænum heimildum (hljóðupptökum) um myndlist á Íslandi í heimildasafni Ríkisútvarpsins.

Rannsóknaverkefninu er ætlað að varpa ljósi á íslenska myndlist í Ríkisútvarpinu í menningarsögulegu samhengi. Um er að ræða hljóðupptökur, gerðar af starfsfólki Ríkisútvarpsins, s.s. viðtöl við listamenn, listfræðinga og safnstjóra, heimildabætti um listamenn, samræður um myndlist og listaverk, sem gerð hafa verið sérstaklega fyrir útvarpsmiðilinn en liggja gjarnan á mörkum fleiri listgreina, s.s. hljóð-, leik- og ritlistar.

Jóhannes Dagsson, doktor í fagurfræði, hlaut styrk til að vinna að rannsókn um Hlutverk tungumálsins í íslenskri myndlist frá strangflatarmálverki til Súm-hópsins. Markmið verkefnis er að varpa hugmyndasögulegu og heimspekilegu ljósi á þær breytingar sem urðu á notkun og hlutverki tungumálsins í íslenskri myndlist frá því að vera tæki til útskýringar og uppfærðslu áhorfanda, til þess að vera viðfang listamanna. Í verkefninu verður aðferðum málspeki (philosophy of language) og málathafna (speech act theory) beitt til að greina stöðu og merkingu tungumálsins innan myndlistar og myndlistarumfjöllunar á þessu tímabili.

Að þessu sinni barst tuttugu og ein umsókn í sjóðinn og vitnar fjöldi umsókna um mikla grósku í rannsóknum á íslenskri myndlist. Samtals hafa fimmtán manns fengið styrki úr sjóðnum til listfræðilegra rannsókna frá því að fyrst var úthlutað, árið 2000.

## Reiknistofnun Háskóla Íslands

### Almennt yfirlit og stjórn

Reiknistofnun Háskóla Íslands sér um uppbyggingu og rekstur upplýsingakerfa og símnets Háskóla Íslands. Rekstur stofnunarinnar gekk vel á árinu 2013. Fjárhagsleg afkoma var viðunandi miðað við mikil umsvif á árinu. Í stjórn Reiknistofnunar Háskóla Íslands árið 2013 voru Helgi Þorbergsson, dósent við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, stjórnarformaður, tilnefndur af rektor, Vilborg Loftsdóttir, tilnefnd af Heilbrigðisvísindasviði, Birna Arinbjörnsdóttir prófessor, tilnefnd af Hugvísindasviði, Björg Gísladóttir, tilnefnd af Menntavísindasviði, Kristín Þórsdóttir, tilnefnd af Verkfræði- og náttúruvísindasviði, og Ingjaldur Hannibalsson, prófessor í viðskiptafræði, tilnefndur af Félagsvísindasviði. Stjórnin er skipuð til þriggja ára frá 1. október 2012 að telja. Ný stjórn var skipuð í október til 30. september 2015. Forstöðumaður Reiknistofnunar var Sæþór L. Jónsson og áheyrnarfulltrúi starfsmanna í stjórn stofnunarinnar var Magnús Gíslason.

### Starfsemin

Miklar breytingar urðu á starfsmannahópi Reiknistofnunar á árinu 2013. Hörður Guðmundsson hóf störf í janúar, hætti í mars en kom aftur í apríl, Hjörleifur Sveinbjörnsson hóf störf í febrúar, Ívar Björn Hilmarsson hætti störfum í mars, Guðmundur Árni Þórisson forritari hóf störf í apríl, Haukur Jónason hóf störf í júní en hætti í nóvember, Jóhannes Páll Friðriksson hætti störfum í ágúst, Pétur Sigurðsson hætti í maí, Thiomir Drobnjak hóf störf í maí. Maður kom sem sé í manns stað.

Stofnunin skiptist í nokkur viðföng: almennan rekstur (3 stöðugildi), hugbúnaðarþróun (9 stöðugildi), kerfisþjónustu (6 stöðugildi), net- og símadeild (3 stöðugildi), notendþjónustu (12 stöðugildi) og ytri vef (vefverksmiðju) (2,5 stöðugildi). Reiknistofnun hefur, þrátt fyrir sveiflukenndar breytingar, verið einstaklega lánsöm með starfsfólk og byggir starfsemi sína á sterkum kjarna sem hefur þjónað háskólanum dyggilega á liðnum árum. Hjá Reiknistofnun störfuðu 35,5 starfsmenn í fullu starfi í árslok.

Starfsmenn Reiknistofnunar koma einnig að rekstri RHnets hf. (Rannsókn- og háskólanets Íslands) og situr forstöðumaður stofnunarinnar í stjórn þess sem varaformaður, í stjórn FSnets (nets framhaldsskóla og símenntunarstöðva) og í stjórn NORDUnet A/S (samtinginets Norðurlanda) fyrir hönd Háskóla Íslands.

Rekstur Ofurtölvuvers Norðurlanda (NHPC, Nordic High Performance Computing) gekk í alla staði vel á árinu 2013. Yfirstjórn reksturs og kerfisstjórnar var, eins og áður, í höndum Reiknistofnunar. Gert er ráð fyrir að verkefnið standi í þrjú ár, eða til ársloka 2014.

## Tölvuþjónusta

Frá því í ágúst 2009 hefur Reiknistofnun Háskóla Íslands starfrækt tölvuþjónustu á Háskólatorgi og einnig í Stakkahlíð frá árinu 2012. Þar er rekin þjónusta miðsvæðis fyrir alla notendur háskólans sem þurfa að leita eftir ráðgjöf, leiðbeiningum eða aðstoð vegna tölvutengdra mála, auk þess sem starfsmenn þar sinna einnig sím- og tölvupóstsvörum fyrir Reiknistofnun.

Hægt er að hafa samband við tölvuþjónustu Reiknistofnunar Háskóla Íslands með því að koma á staðinn, senda tölvupóst á [help@hi.is](mailto:help@hi.is) eða hringja í síma 525 4222. Tölvuþjónusta Reiknistofnunar Háskóla Íslands er opin alla virka daga frá 8:00 til 16:00.

## Windows-kerfisþjónusta

Helsta vinnan við kerfisþjónustu fólst í uppfærslum og viðhaldi á núverandi kerfum og grunnur var lagður að uppfærslum og nýjungum fyrir næsta ár. Aukin hagræðing náðist með sýndarvélavæðingu. Með því móti var hægt að leggja niður elstu þjónana og færa þjónustu yfir á nýrri vélbúnað.

## Tölvuver Reiknistofnunar

Reiknistofnun Háskóla Íslands rekur nú 19 tölvuver í 14 byggingum háskólans, með samtals 346 tölvum og 15 prenturum. Auk þess sér Reiknistofnun um uppsetningu og viðhald tölva í kennslustofum og fyrirlestrasölum háskólans. Þær tölvur eru nú 160 talsins.

Tölvubúnaður var endurnýjaður í 5 tölvuverum: í tölvuveri í Öskju 166, Eirbergi C-105, Menntasmiðju í Stakkahlíð, Skipholti L-108 og Íþróttafraeðasetri að Laugarvatni.

## Hugbúnaðarþróun

Mikið af verkefnum við hugbúnaðarþróun árið 2013 tengdist notkun Uglunnar hjá opinberum háskólum. Meðal verkefna sem unnin voru á árinu:

- Umsóknarkerfið var endurskrifað í því skyni að auka sveigjanleika og uppfylla kröfur um nýjungar.
- Unnið var að kerfi til að halda utan um lokaverkefni.
- Forsalur umsókna var tekinn í gegn.
- Greiðslukerfi var endurbætt með sjálfvirkri stofnun og innlestri á rafrænum kröfum vegna endurtökuprófa. Einnig var bætt við innheimtumöguleika á umsóknargjaldi vegna umsækjenda utan Evrópska efnahagssvæðisins.
- Tölvuverðar breytingar voru gerðar á kennslukönnun. Niðurstöður voru gerðar skýrari og þær fást nú mun hraðar en áður. Miðmisseriskönnun var smíðuð þannig að hægt væri að meta námskeið á miðju misseri.
- Búið var til Uglu-smáforrit fyrir farsíma og spjaldtölvur.
- Leitarvél Uglu var endurbætt og nú er hægt að láta leitarvélina leita í helstu skjölum og skráum sem Uglan geymir.
- Miklar endurbætur voru gerðar á innri vefhluta Uglunnar. Fræðasviðssíður voru endurbættar til muna. Umræðu- og smáauglýsingakerfi var endurskrifað.
- Brautskráningarferli Uglunnar var endurskoðað. Miklar endurbætur voru gerðar á vinnslu og útprentun brautskráningarskírteina.
- Miklar endurbætur voru unnar við kennsluskrá. Bætt var við annarri sýn sem kölluð er námsskrá. Utanaðkomandi vefjum var gert mun auðveldara að vísa í uppfærðar upplýsingar úr kennsluskrá. Leit í kennsluskrá var endurbætt.
- Útlit Uglu var gerð skalanlegt þannig að síðurnar henta betur fyrir ýmsar stærðir af skjám.
- Skráningarkerfi fyrir staðlaða kennsluáætlun var búið til. Hægt er að birta kennsluáætlunina í kennsluskrá og innan Uglu.
- Skráningarkerfi fyrir upplýsingar um námskeið var endurskrifað frá grunni. Skráning kennara á námskeið var um leið tekin í gegn.

Auk þess var unnið að endurbótum og nýjungum sem tengjast stúdentasýsli, kennsluskráningar-kerfinu Kol, stofubókanakerfi, próftöflukerfi, námsleiðakerfi og kosningakerfi, ásamt mörgum öðrum verkefnum.

## Vefverksmiðja (ytri vefir)

Starfsemi Vefverksmiðju var að mestu hefðbundin árið 2013 enda búin að festa sig í sessi. Kjarni starfseminnar er rekstur á vefhýsingu og þjónusta við notendur hennar. Nýsköpun á sviðinu er svo sinnt eins mikið og unnt er.

Fjárhagsumgjörð einingarinnar breyttist á árinu þar sem ákveðið var að veita Reiknistofnun ekki sérstaka fjárveitingu til reksturs og þjónustu vefhýsingar heldur skyldi Reiknistofnun innheimta fyrir vinnu og þjónustu. Þetta fyrirkomulag breytti að sjálfsgöðu töluverðu í starfi Vefverksmiðjunnar. Til dæmis kallar breytingin á að rudda verður sérstaklega fyrir vefhýsingu.

Framan af ári vantaði verksmiðjuna tæknimann en um vorið tókst að fylla í skarðið þó að um hlutastarfsmann væri að ræða.

Til að einfalda ut anumhald og minnka vinnu við uppsetningu og rekstur vefhýsinga tóku Vefverksmiðja og kerfisdeild í notkun hugbúnað sem kallast VHM / cPanel. Þegar best stendur á er hægt að afhenda grunn að nýjum vef innan hálf tíma.

Landbúnaðarháskóli Íslands uppfærði vef sinn snemma á árinu. Vefumsjónarkerfið Drupal varð fyrir valinu og var Vefverksmiðjan í ráðgjafahlutverki við uppsetningu, enda byggist vefurinn á sniðmáti sem búin var til hjá Vefverksmiðjunni.

Vefverksmiðjan setti einnig upp nýjan vef fyrir Háskólann á Hólum. Vefurinn er settur upp í sama vefumsjónarkerfi og vefur Háskóla Íslands og er hýstur á vefþjónum Reiknistofnunar.

Vefverksmiðjan tók þátt í uppsetningu sérstaks kerfis til hýsingar og ut anumhalds vísindatímarita. Kerfið Open Journal Systems hefur töluverða útbreiðslu í vísindaheiminum og má búast við að íslenskir vísindamenn nýti sér það í auknum mæli.

Í lok árs hófst smíði forrits fyrir smátæki, öpp, í samvinnu við hugbúnaðarþróunardeild. Forritið á að veita háskólafólki aðgang að helstu upplýsingum háskólans.

Þar sem Reiknistofnun leitast stöðug við að hagræða var mikil vinna sett í að greina þá vefi og kerfi sem Vefverksmiðjan rekur með það fyrir augum að hreinsa til og sníða af þeim agnúa.

## Kerfisþjónusta

Vélbúnaður fyrir Uglu var endurnýjaður og við það jukust afköstin til muna. Það sama á við um vefpóstkerfi háskólans (SOGó).

Reikniþyrpingin Jötunn var enduruppsett frá grunni í ársbyrjun. Í lok árs voru pantaðir svonefndir GPU-örgjörvar til að auka reiknigetu Jötuns.

Afritunarkerfi Reiknistofnunar var sett á nýja vél sem er mun afkastameiri en sú gamla en hún hafði verið í notkun í 7 til 8 ár. Mjög seinlegt var að flytja afritin af gömlu vélinni á þá nýju og var því verki rétt ólokið um áramót.

Endurbætur voru gerðar á Domino-þjónustunni (áður Lotus Notes) og meðal annars undirbúið að setja upp speglun til að auka rekstraröryggi.

Í desember var bætt við nýrri diskastæðu og jókst þá nýtanlegt diskpláss um rúmlega 100 TB, þ.e. um 75%. Jafnframt var ákveðið að lækka gjaldskrá Reiknistofnunar fyrir disknotkun um 80% til að hvetja notendur til að varðveita gögn sín í öruggri gagnageymslu.

Að öðru leyti var starfsemi kerfiseildar með hefðbundnum hætti. Markmið hennar er að veita fyrsta flokks miðlæga tölvuþjónustu og kom í veg fyrir að ófyrirséð rof á þjónustunni sé meira en 0,01% og tókst það hvað varðar flestar tegundir þjónustu á árinu.

## Net- og símadeild

Rekstur net- og símadeildar gekk vel árið 2013 og sinnti deildin sínum reglulegu verkefnum. Helstu verkefni deildarinnar á árinu var að halda áfram að endurnýja grunnnet Háskóla Íslands, sem fólst í því að uppfæra kjarnanet HInets. Skipt var um beina á eftirtöldum stöðum: í Aðalbyggingu, Tæknigarði, Sturlugötu 8, Odda, Læknagarði og Öskju. Samhliða því var lokið við að uppfæra netsamband á milli þessara staða úr 1 Gb/s í 10 Gb/s.

Lokið var á árinu að uppfæra netsambönd á Háskólagörðum þar sem tengihraði íbúa var uppfærður í 100 Mb/s úr 10 Mb/s. Var þetta umfangsmikil aðgerð í samvinnu við Félagsstofnun stúdenta. Stúdentar á görðum njóta nú einhverra þeirra öflugustu heimatenginga sem í boði eru hér á landi.

Heimatengjum starfsfólks háskólans við ljósleiðaratengingu Gagnaveitu Reykjavíkur, sem byrjað var að bjóða árið 2012, fjölgaði mikið á árinu.

Haldið var áfram að uppfæra þráðlausa senda og voru þeir endurnýjaðir og þeim fjölgað í eftirfarandi byggingum: í Eirbergi, Haga og Neshaga, Læknagarði, Stakkahlíð, Sturlugötu 8 og Tæknigarði. Einnig var bætt við nokkrum sendum víða um háskólasvæðið til að auka útbreiðslu þráðlausa netsins og fjölga IP-tölum á þráðlausum netum í mörgum byggingum og auka þannig aðgengi að þá mikilvægu þjónustu við nemendur og starfólk Háskóla Íslands sem þráðlausa netið er.

Hafin var undirbúningur að veigamiklum breytingum á auðkenningu við innskráningu notenda á þráðlausa netið og stefnt er að því að taka upp kerfi sem kallað er eduroam (Education roaming). Þetta er gert í því skyni að bæta öryggi og auka gagnaflutningshraða á netinu en einnig á það að gera notendum kleift að nota notendanafn sitt í öðrum háskólum hér á landi og víða um heim. Stefnir er að því að þessi breyting komi til framkvæmda í júní 2014.

Lokið varð við frágang netlagna og símastrengja vegna byggingar Stúdentakjallarans og einnig nettengingar á nýju stúdentagörðunum, Oddagörðum.

Netbúnaður sem tengir hús námsbrautar í íþrótt- og heilsufræði á Laugarvatni við íþrótt- og sundlaugarbygginguna á svæðinu var uppfærður til að auka öryggi og hraða tengingarinnar og einnig voru aftengdar netlagnir á aflögðum stúdentagörðum á Laugarvatni.

Stórtáttak var gert á árinu í því að endurnýja varaafgjafa og bæta við varaafgjöfum á þá staði á HInetinu sem viðkvæmir eru fyrir rafmagnstruflunum. Þessi aðgerð miðast við að hringtenging grunnnetsins virki þó að til straumrofs komi um skamman tíma.

Rekstur símkerfis Háskóla Íslands gekk vel á árinu og engar stórvægilegar breytingar voru gerðar en ljóst er að elstu hlutar símkerfisins þarfnast endurnýjunar og nauðsynlegt er að fara að huga að henni.





# Brautskráningarræður háskólarektors

## Ræða Kristínar Ingólfisdóttur við brautskráningu kandiata í Háskólabíói 23. febrúar 2013

Forsætisráðherra, fyrrverandi rektorar Háskóla Íslands. Kandiatar og fjölskyldur. Fræðasviðsforsetar, deildarforsetar, góðir gestir.

Ég vil byrja á að óska ykkur, kæru kandiatar, innilega til hamingju með daginn og þann glæsilega árangur sem þið fagnið í dag!

Á síðasta ári var tilkynnt að alfræðiorðabókin Encyclopaedia Britannica, sem gefin hefur verið út á prenti í hartnær 250 ár, myndi framvegis einungis birtast í netútgáfu. Sömu breytingar urðu um áramótin á birtingarformi vikuritsins Newsweek. Útgefendur dagblaða íhuga víða að hætta prentun og fara alfarið í vefmiðlun.

Þetta eru dæmi um afleiðingar tækniþróunar undanfarinna ára á daglegt líf okkar og venjur og hvernig við nýtum þjónustu heilla atvinnugreina. Við förum ekki lengur í banka til að borga reikninga, förum ekki á skrifstofur flugfélaga til að kaupa farmiða eða panta gistingu. Við innritum okkur í flug heima í stofu, lærum erlend tungumál gegnum símann. Tónlistarsafn sem fyrir nokkrum árum tók marga hillumetra í stofuskápnemum kemst nú fyrir í jakkavasanum. Margar atvinnugreinar hafa þurft að aðlagast breyttu umhverfi en einnig eru dæmi um greinar sem hafa nánast horfið vegna þess að ekki var brugðist nægilega hratt við breytingum.

Internetið og veraldarvefurinn, sem þessar breytingar byggjast að mestu á, þróuðust í rannsóknastofnunum og háskólum til að auðvelda vísindamönnum að skiptast á upplýsingum. Það kemur því ekki á óvart að stafræn upplýsinga- og samskiptatækni hafi haft veruleg áhrif á starfsemi háskóla. Það má segja að tæknin hafi ekki umbylt kennslunni sem slíkri eða grunnskipulagi skólanna en sannarlega haft áhrif á kennsluhætti, þróun fjarkennslu, samskiptaform kennara og nemenda, gert vefaðgang að námsgögnum mögulegan og margt í starfseminni almennt þjálfa.

Á árinu 2012 opnaðist ný vídd, ef svo má segja, þegar bandarískir háskólar tóku að stofna samstarfsnet sín á milli til að bjóða opinn aðgang að vefnámskeiðum. Þátttakendur eru skólar á borð við MIT, Harvard, Stanford og tugir fleiri. Nemendur hvar sem er í heiminum geta skráð sig í námskeiðin sér að kostnaðarlausu, fengið verkefni til að leysa og skráð sig til prófs. Námskeiðin eru kölluð MOOC, sem er skammstöfun fyrir Massive Open Online Courses.

Í dag eru milljónir nemenda um allan heim að taka slík námskeið, þar á meðal þeir sem hafa ekki haft tækifæri áður til að sækja háskólanám, þeir sem sækjast eftir endurmenntun og þeir sem nýta námskeiðin til stuðnings námi við eigin háskóla. Nú þegar nýta stúdentar við Háskóla Íslands sér námskeið af þessu tagi. Flest eru þau enn sem komið er í greinum raunvísinda en búist er við auknu framboði innan hug- og félagsvísinda á næstu árum.

Hvað þýðir þetta fyrir hefðbundið háskólastarf? Um það eru skiptar skoðanir. Sumir telja að fram undan sé bylting í starfsemi háskóla og að þeir leggist jafnvel af í núverandi mynd. Í framtíðinni muni

stúdentar hanna sitt háskólanám sjálfir með því að velja saman vefnámskeið hjá bestu kennurunum, hvar í heimi sem er. Aðrir telja að þetta hafi lítil eða engin áhrif. Námskeið á netinu geti aldrei uppfyllt kennslufræðilegar gæðakröfur eða komið í stað samskipta nemandans við kennara og aðra nemendur.

Flestir tilheyra sennilega þriðja hópnum sem telur að umtalsverðar hræringar séu fram undan sem í raun enginn sjái fyrir endann á. Mikilvægt sé að nýta strax þau tækifæri sem MOOC-námskeiðin skapa og huga að breyttum kennsluháttum þegar nemendur geti aflað hluta undirstöðuþekkingar með vönduðum vefstuddum námskeiðum. Með því skapist rými til að nýta kennslustundirnar með markvissari hætti – til að dýpka skilning nemenda og kveikja áhuga þeirra með nýjum hætti, til einstaklingsmiðaðrar handleiðslu og virkari þátttöku nemenda.

Eitt er víst – breytingar gerast hraðar nú en nokkru sinni fyrr. Þegar mín kynslóð var í skóla, og ég er ekki svo ýkja gömul, voru stærstu breytingar í kennslu þegar krítin vék fyrir tússpenna sem töfluskriðfæri kennarans og svo þegar taflan vék fyrir plastglærum sem varpað var á vegg. Margt í þeirri tækni sem nú er hluti daglegs lífs var þá í besta falli draumur í vísindaskáldsögu.

Þið sem útskrifist nú tilheyrið fyrstu kynslóð sem kemur í háskóla eftir að hafa alist upp í heimi upplýsingatækninnar frá unga aldri. Við sjáum áhrifin í nýjum hæfileikum og nýrri nálgun ykkar við lærdóm og rannsóknir. Sú kynslóð sem á eftir ykkur kemur elst nú upp í stafrænu umhverfi þar sem margir læra á spjaldtölvu áður en þeir læra að tala. Ég er þeirrar skoðunar að menntakerfið hafi ekki tekið nægilega mið af tækniþróun og ekki undirbúið nægilega vel móttöku nemenda með nýja hæfileika og nýjar þarfir. Tækniþróunin hefur farið fram úr kerfinu. Kerfið í heild verður að aðlagast nýjum tímum og við þurfum að endurskoða námsefni, menntun og endurmenntun kennara og fjárfesta í tækniþúnaði skólanna.

Háskóli Íslands þarf ekki síður að taka mið af þörfum nýrra kynslóða og tækniþróun sem geti leitt til betri og frjórri kennsluhátta. Ég er sannfærð um að ef við nýtum okkur rétt fyrirbæri á borð við MOOC-námskeið skapar það tækifæri til að bjóða nemendum betri menntun. Þetta kallar á breytta starfshætti og ég finn mikinn áhuga hjá kennurum í Háskóla Íslands. Við fylgjumst vel með og tökum jafnframt leiðandi þátt í stefnumótun evrópskra háskóla í þessum efnum.

Einn þáttur upplýsingatækninnar sem þarf að veita sérstaka athygli er áhrif hennar á fámenn menningar- og málsamfélög. Við verðum til að mynda að meta áhrif vefstuddrar kennslu erlendra háskóla á íslenskt mál. Við verðum að setja skýra stefnu og aðgerðaáætlun um hvernig við eflum málrækt og íslenska tungu og hvernig við styrkjum íslenska máltækni.

Þetta er verkefni sem samfélagið og allir skólar í landinu verða að koma að. Háskóli Íslands mun gera allt sem í hans valdi stendur til að styrkja kennslu og rannsóknir á íslensku máli og kennaramenntun, sem og málkennd og ritfærni hjá nemendum í öllum greinum skólans. Í þessu stóra verkefni nýtist vel höfðingleg gjöf Áslaugar Hafliðadóttur lyfjafræðings, sem ánafnaði skólanum glæsilegri húseign og peningagjöf til eflingar íslenskrar tungu.

Ef við ræðum áfram áhrif upplýsingatækni á háskólastarf er ljóst að hún hefur gert vísindamönnum fært að kafa dýpra, greina af meiri nákvæmni, öðlast vitneskju sem áður var óhugsandi, og geyma og dreifa miklu magni upplýsinga.

Góðir gestir.

Við, sem metnaðarfull þjóð, erum kröfuhörð og viljum eiga menntakerfi og heilbrigðisþjónustu í fremstu röð. Við sættum okkur ekki við minna þrátt fyrir fámennið. Um þetta virðumst við öll sammála óháð stjórnmálaskoðun, búsetu, aldri, kyni og menntun.

Háskóli Íslands og Landspítali hafa um árabil starfað náið saman og menntað afburðahæft fólk til starfa í heilbrigðiskerfinu. Um það vitnar frammistaða þessa fólks í kröfuhörðu námi hér heima, í framhaldsnámi erlendis og í störfum heima og heiman á sjúkrastofnunum og vísindastofnunum.

Ef við ætlum okkur í raun að halda hér háu menntunarstigi, ef við ætlum að laða vel þjálfað og metnaðarfullt fólk til starfa, ef við ætlum að vera tilbúin að mæta nýjum tímum og geta nýtt okkur þá tækni sem er í boði, þarf miklu meira en orðin tóm. Við munum ekki sætta okkur við að þurfa að fara í erfiðar skurðaðgerðir upp á gamla mátann, að láta holrista okkur og brjóta bein til að framkvæma aðgerð sem hægt er að gera gegnum nárann með réttum búnaði og sérþjálfuðu starfsfólki. Við munum ekki vilja vera án tækja á borð við daVinci-skurðþjarkinn sem gerir kleift að framkvæma flóknar aðgerðir með skjótari bata þannig að verkir og blóðmissir hjá sjúklingi eru í lágmarki miðað við hefðbundnar aðgerðir. Það er alveg ljóst að þeir sem hafa fengið þjálfun við að framkvæma aðgerðir sem þessar munu ekki sækjast eftir starfi nema aðbúnaður sé fyrir hendi.

Við verðum að standa okkur betur í að hugsa til framtíðar. Við verðum, sem samfélag, að vera áræðin og kjósa að forgangsraða í þágu menntunar og heilbrigðisþjónustu. Við verðum að tryggja að nýtt háskólasjúkrahús rísi sem gerir okkur kleift að mæta nýjum tímum og auknum kröfum í menntun og heilbrigðisþjónustu. Ég vona að frumvarp um sjúkrahúsið, sem væntanlega verður lagt fram á Alþingi eftir helgi, fái farsæla umfjöllun. Við megum í raun engan tíma missa. Með uppbyggingu háskólasjúkrahúss stíga Landspítalinn og Háskóli Íslands saman markviss skref til framþróunar á heilbrigðisvísindasviði. Við vitum öll að menntun og heilbrigðisþjónusta eru og verða grundvallarskilyrði til búsetu hér á landi.

Ágætu kandiðatar.

Mér hefur í dag orðið nokkuð tíðrætt um tæknina. Hún mun opna ykkur og okkur öllum ný tækifæri og nýja möguleika. Þið skuluð kappkosta að nýta þessi tækifæri. En jafnframt hvet ég ykkur til að rækta í leiðinni það sem gefur lífinu fyllingu og gildi, samfélagið sem við erum hluti af og tungumálið sem gefur hugsunum okkar form. Þeim sem hafa vald á tungumálinu og geta tjáð hugsun sína eru allir vegir færir.

Gleymið ekki að rækta ykkar innri mann og samskiptin við ykkar nánustu. Það þarf allt sinn tíma fjarri tölvuskjá og lyklaborði. Gefið ykkur þann tíma, tíma til að hugsa, tíma til að skapa, tíma til að tala saman.

Fyrir hönd Háskóla Íslands og okkar allra sem hér erum þakka ég ykkur samfylgdina og óska ykkur alls góðs, hvert sem leiðir liggja.

## **Ræða Kristínar Ingólfssdóttur við brautskráningu kandiðata í Laugardalshöll 23. júní 2013**

Mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir. Fyrrverandi forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir. Fyrrverandi rektorar. Kandiðatar, góðir gestir.

Ég vil byrja á að óska ykkur, kærur kandiðatar, hjartanlega til hamingju með daginn! Ég vil þakka Ingibjörgu Þórdísi Jónsdóttur / Stefáni Þór Helgasyni sem hér mælti fyrir ykkar munn hvetjandi orð og hlýjar kveðjur í garð skólans.

Samfélagið væntir mikils af hverri nýrri kynslóð. Tæknipróun hefur gert það að verkum að kynslóðaskipti verða hraðari í dag en nokkru sinni fyrr. Þegar þið fæddust var internetið rétt að byrja að verða á færi almennings. Í dag er ekki óalgengt að sjá eins til tveggja ára börn með snuð í munninum og spjaldtölvu í fanginu. Ég hitti ekki alls fyrir löngu stoltan föður, sem reyndar er hér í salnum í dag. Hann hafði keypt spjaldtölvu handa dóttur sinni daginn sem hún fæddist. Hann vildi undirbúa hana sem best fyrir framtíðina.

Ykkar kynslóð, hin nýja kynslóð 21. aldarinnar, hefur fengið í arf flókna veröld og um margt erfiða viðfangs. En þetta er jafnframt veröld ótal tækifæra.

Okkur er tíðrætt um að þekkingin geri okkur fært að skapa verðmæti, bæði efnisleg verðmæti, samfélagsleg og andleg. En hvers vegna skiptir þessi verðmætasköpun svo miklu máli? Hún skiptir máli vegna þess að samfélögin eru að breytast. Fólki fjölgar í heiminum, við lifum lengur og því þurfa hinar vinnandi hendur sífellt að sjá fleirum farborða. Kröfur um heilbrigðisþjónustu og samfélagslega þjónustu verða sífellt meiri, flóknari og dýrari. Við þurfum því sannarlega á að halda verðmætasköpun, nýjum störfum og auknum tekjum þjóðarbúsins. Það er hollt að muna að án slíkrar verðmætasköpunar verður lítið úr uppbyggingu skólakerfis, velferðarkerfis og menningarlífs. Það virðist ríkja víðtæk sátt í samfélaginu um að framtíðarverðmætasköpun byggist fyrst og síðast á aukinni þekkingu og hugviti. Þetta á bæði við um gamlar og nýjar atvinnugreinar.

Í heila öld hefur sjávarútvegurinn verið meginundirstaða batnandi lífskjara í landinu. Í sjónvarpsþáttum um vísindi í Háskóla Íslands, sem sýndir eru um þessar mundir í ríkissjónvarpinu, kemur glögg fram hversu margar greinar innan skólans leggja af mörkum til aukinnar þekkingar á hafinu og skapa nýja möguleika til verðmætasköpunar. Þarna koma við sögu greinar á borð við fiskifræði, haffræði, stærðfræði, líffræði, hagfræði, lögfræði, lyfjafræði, matvælafræði og næringarfræði. Mikilvæg samfélagsleg og menningarleg áhrif sjávarútvegsins eru rannsökuð í mannfræði, félagsfræði, sagnfræði og bókmenntafræði. Áframhaldandi nýting auðlinda hafsins og sköpun nýrra verðmæta er háð auknum rannsóknum, samspili margra fræðigreina og reynslu og þekkingu þeirra sem starfa í greininni. Sama gildir um aðrar eldri atvinnugreinar, sem flestar byggjast einnig á auðlindum.

En hvað með verðmætasköpun nýrra atvinnugreina? Fyrir fram hefði enginn gert sér í hugarlund að íslenskt fyrirtæki yrði leiðandi á heimsvísu og gerði fólki sem misst hefur fætur af völdum sjúkdóma, fæðingargalla, slysa eða stríðsátaka fært að ganga, og jafnvel hlaupa. Þarna kviknaði hugmynd hjá einstaklingi og náði að þróast vegna þess að umhverfið var hagstætt og jarðvegurinn frjór – til staðar voru sérfræðingar á mörgum sviðum sem höfðu þekkingu til að gera draum að veruleika.

Góðir gestir.

Við þurfum fleira fólk með slíka drauma og við þurfum fleiri þekkingarherdeildir til að gera þá að veruleika. Hvernig undirbúum við menntakerfið til að tryggja frjóan jarðveg fyrir slíka nýsköpun og á sama tíma aukna verðmætasköpun í eldri atvinnugreinum?

Í fyrsta lagi þurfum við að setja okkur það markmið að öll okkar skólastig séu sannarlega samkeppnisfær við það sem best gerist í heiminum. Ekkert minna!

Þó að Háskóli Íslands hafi komist í hóp þeirra tveggja prósentu háskóla í heiminum sem hæst eru metnir af 17 þúsund háskólum er það aðeins upphafsskref á langri leið. Þó að skólinn sæki sívaxandi hluta tekna sinna í alþjóðlega sjóði í harðri samkeppni við erlenda háskóla eigum við verulegt verk óunnið. Við þurfum að setja okkur enn ákveðnari markmið um árangur. Það sama þurfum við að gera á öðrum skólastigum.

Í öðru lagi þurfum við fyrr á menntaferlinum að vekja áhuga barna og unglunga á greinum þar sem samfélagið augljóslega skortir sérfræðipækkingu og starfskrafta. Í dag eru þetta einkum raungreinar og tæknitengdar greinar. Við fögnum því sérstaklega að fjöldi stúdenta í tölvunarfræði og fjöldi stúdenta í hugbúnaðarverkfræði við Háskóla Íslands hefur rúmlega fjórfaldast á fjórum árum og fjöldi efnafræðinema þrefaldast. Nemendum í eðlisfræði og stærðfræði hefur einnig fjölgað en við þurfum enn að hvetja til sóknar í allar þessar greinar.

Háskóli Íslands starfrækir á hverju sumri Háskóla unga fólksins fyrir 12–16 ára unglunga. Við höfum séð þar hve auðvelt er að kveikja áhuga hjá unglingum á þeim greinum sem atvinnulífið kallar grimmt eftir að verði eflidar um þessar mundir. Aðsóknarmet var slegið í greinum á borð við rafmagnsverkfræði, frumkvöðlafræði, stærðfræði, iðnaðarverkfræði og vélaverkfræði. Af þessu getum við lært hvernig við getum kynnt nám fyrir ungu fólki.

Í þriðja lagi þurfum við að endurnýja kennsluáferðir á öllum skólastigum. Við þurfum að tryggja að kennarar hafi getu til að vinna með nýja upplýsingatækni til að nýta þá hæfileika sem ungt fólk býr yfir í dag.

Við þurfum að tryggja að skólakerfið sé í stakk búið að taka á móti nýjum kynslóðum, eins og litlu stúlkunni sem ég gat um í upphafi sem fékk spjaldtölvuna í vöggugjöf frá pabba sínum. Hún kemur inn í skólakerfið með allt aðra getu en kynslóðir okkar sem hér erum í salnum, og jafnvel kynslóð þeirra sem í dag eru unglingar. Ef við undirbúum okkur ekki koma þessi börn inn í skólakerfið með meiri getu á vissum sviðum og meiri tækniþekkingu en margir kennarar sem taka við þeim þar. Vitaskuld skiptir inntak námsins mestu, en við verðum að tryggja að þeir sem eiga að fræða tali sama tungumál og þeir sem eiga að læra. Við sem kennum í Háskóla unga fólksins höfum fengið dýrmæta sýn á kynslóð sem kemur til háskólanáms á næstu árum. Þetta unga fólk lærir með nýjum hætti, hefur nýja hæfileika og nýjar þarfir. Nú þegar er verið að vinna að endurskipulagningu kennaramenntunar og endurmenntunar kennara innan Háskóla Íslands með hliðsjón af þessu.

Í fjórða lagi verður menntakerfið að hlúa betur að þeim nemendum og kennurum sem hafa sköpunarneista og öflugt hugvit. Þannig verða til nýjar hugmyndir og á þeim grunni nýjar atvinnugreinar. Við verðum að hlúa að sköpunargetu einstaklinga og sjálfstæðri hugsun.

Góðir gestir.

Það er mikilvægt að samfélagið skilji mikilvægi þess að eiga menntakerfi sem er samkeppnishæft á alþjóðavísu. Þess vegna var mikið fagnaðarefni að sjá í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar fyrirheit um að fylgja ákvæðum um samning um Aldarfræðisjóð Háskóla Íslands. Þar er kveðið á um að á næstu árum verði fjármögnun háskólans sambærileg við fjármögnun háskóla á Norðurlöndum og í löndum OECD. Þetta verður ekki létt verk við þær kringumstæður sem nú ríkja í samfélaginu. Hrun í fjármálakerfinu hér fyrir fimm árum hefur skorið okkur mun þrengri stakk fjárhagslega en áður. En kröfur til menntakerfisins hafa aukist. Við verðum því að leita lausna og til þess þarf augljóslega að forgangsraða í þágu vísinda og menntunar og finna nýjar leiðir.

Kæru kandiðatar.

Í ljóði sínu talar skáldið Tómas um tilveruna sem undarlegt ferðalag. Margir aðrir hafa gripið til þessarar myndlíkingar. Það er kannski æðsta hlutverk okkar í lífinu að gefa tilverunni og ferðalaginu tilgang. Ég hvet ykkur til að leita lífsgilda sem stýra vegferðinni, setja ykkur áfangamarkmið, gleðjast yfir hverjum áfanga og læra af mistökum. Það skiptir mestu að vera trúr lífsgildum sínum og láta hjartað ráða för. En svo er líka gott að muna að lífið getur verið stórkostlegt án þess að vera fullkomið.

Kæru kandiðatar.

Útskriftardagurinn er ykkar dagur, sannkallaður gleðidagur. Þið hafið lokið mikilvægum áfanga á þessu magnaða ferðalagi. Ég þakka ykkur öllum samfylgdina hingað á þennan áfangastað. Ég kveð ykkur og óska ykkur góðrar vegferðar á næsta áfanga leiðarinnar.



# Brautskráðir kandídatar

Árið 2013 fór brautskráning fram 23. febrúar og 22. júní og 23. október.

## Brautskráning kandídata 23. febrúar 2013

Hinn 23. febrúar 2013 voru eftirtaldir 467 kandídatar brautskráðir frá Háskóla Íslands með 469 próf.

### Félagsvísindasvið (185)

#### Félags- og mannvísindadeild (39)

*MA-próf í blaða- og fréttamennsku (2)*

Kolbeinn Tumi Daðason  
Kristrún Heiða Hauksdóttir

*MLIS-próf í bókasafns- og upplýsingafræði (4)*

Dröfn Vilhjálmsdóttir  
Guðrún Ólafsdóttir  
Helgi Sigurbjörnsson  
Hrafn H. Malmquist

*MA-próf í félagsfræði (1)*

Sólveig Margrét Karlsdóttir

*MA-próf í fötlunarfræði (1)*

Steinunn Þóra Árnadóttir

*MA-próf í mannfræði (2)*

Edda Jónsdóttir  
Helga Finnsdóttir

*MA-próf í náms- og starfsráðgjöf (3)*

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir  
Ingibjörg Hanna Björnsdóttir  
Sólveig R. Kristinsdóttir

*MA-próf í safnafræði (1)*

Ragna Gestsdóttir

*Diplómapróf í bókasafns- og upplýsingafræði með áherslu á upplýsinga- og skjalastjórn og rafræn samskipti hjá skipulagsheildum (1)*

Jóna Jakobsdóttir

*Diplómapróf í félagsfræði með áherslu á afbrotufræði (1)*

Árni Sveinsson

*Diplómapróf í fötlunarfræði (3)*

Ásta Særún Þorsteinsdóttir  
Ragnheiður Björg Guðmundsdóttir  
Theodór Karlsson

*Diplómapróf í hnattrænum tengslum, fólksflutningum og fjölmenningsfræði (1)*

Árdís Kristín Ingvarsdóttir



*Diplómapróf í safnafræði (2)*

Karina Hanney Marrero\*  
Steinunn L. Þorvaldsdóttir

*Diplómapróf í þróunarfræði (1)*

Reynir Finndal Grétarsson

*BA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði (3)*

Björk Birkisdóttir  
Halldóra Mathiesen  
Magný Rós Sigurðardóttir

*BA-próf í félagsfræði (5)*

Ásgerður Ottesen  
Birgir Steinn Steinþórsson  
Eva Björg Ægisdóttir  
Katrín Rut Bessadóttir  
Sólrún Sigvaldadóttir

*BA-próf í mannfræði (5)*

Elísabet Inga Knútsdóttir  
Karl Fannar Sævarsson  
Margrét Björk Agnarsdóttir  
Sigurður Marteinsson  
Sævar Logi Viðarsson

*BA-próf í þjóðfræði (3)*

Aðalheiður M. Steindórsdóttir  
Íris Arthúrsdóttir  
Vigdís Finnbogadóttir

**Félagsráðgjafardeild (17)**

*Norrænt meistaraþróf í öldrunarfræðum (1)*

Vibeke Þorbjörg Þorbjörnsdóttir

*BA-próf í félagsráðgjöf (16)*

Anna Steinunn Árnadóttir  
Anna Sigríður Jónsdóttir  
Arna Pétursdóttir  
Ástrós Una Jóhannesdóttir  
Birna Karlsdóttir  
Elísabet Bjarnadóttir  
Guðbjörg Garðarsdóttir  
Guðlaug Dagmar Jónasdóttir  
Guðrún Brynhildur Árnadóttir  
Gunnhildur Vala Valsdóttir  
Halla Karen Guðjónsdóttir  
Heimir Hilmarsson  
Hrafnhildur Aradóttir  
Karitas Hrund Harðardóttir  
Svava Thordersen  
Telma Hlín Helgadóttir

**Hagfræðideild (14)**

*MS-próf í fjármálahagfræði (4)*

Baldur Kári Eyjólfsson  
Björney Inga Björnsdóttir  
Jökull Hauksson  
Steinn Friðriksson

*MS-próf í hagfræði (1)*

Snorri Jakobsson

*MS-próf í heilsuhagfræði (1)*

Kristín Helga Birgisdóttir

*BS-próf í hagfræði (5)*

Auður Bergþórsdóttir  
Hugrún Jónsdóttir  
Kjartan Dige Baldursson  
Kristinn Karel Jóhannsson  
Reynir Björnsson

*BA-próf í hagfræði (3)*

Bjarki Vigfússon  
Pétur Magnús Birgisson  
Snorri Marteinnsson

**Lagadeild (22)**

*Meistarapróf í lögfræði (15)*

Aðalbjörg Guðmundsdóttir  
Angela Guðbjörg Eggertsdóttir  
Anton Ástvaldsson  
Björg Þorkelsdóttir  
Elín Hrefna Ólafsdóttir  
Erla Gunnlaugsdóttir  
Eyrún Magnúsdóttir  
Freyr Björnsson  
Georg Andri Guðlaugsson  
Gunnlaugur Helgason  
Margrét Helga Kr Stefánsdóttir  
Rútur Örn Birgisson  
Skúli Á Sigurðsson  
Thelma Þorbjörg Sigurðardóttir  
Vilhjálmur Þór Svansson

*LL.M.-próf í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti (1)*

Rafael Merino Sanchez

*BA-próf í lögfræði (6)*

Birna Ketilsdóttir  
Dagbjört Jónsdóttir  
Davíð Örn Guðnason  
Laufey Rún Ketilsdóttir  
Rúnar Þór Jóhannsson  
Stefán Björn Stefánsson

**Stjórn málafræðideild (41)**

*MA-próf í alþjóðasamskiptum (5)*

Arna Þórdís Árnadóttir  
Dagný Hulda Erlendsdóttir  
Hildur H. Sigurðardóttir  
Pétur Fannberg Víglundsson  
Rakel Rut Nóadóttir

*MA-próf í kynjafræðum (3)*

Aðalheiður Mjöll Þórarinsdóttir  
Eygló Margrét Stefánsdóttir  
Sigurbjörg K. Ásgeirsdóttir

*MPA-próf í opinberri stjórnsýslu (5)*

Árni Gíslason  
Bjarni Bjarnason  
Herdís Sólborg Haraldsdóttir  
Kristín Hreinsdóttir  
Rósa Hrönn Ögmundsdóttir

*Diplómapróf í alþjóðasamskiptum (2)*

Ingibjörg Tönsberg  
Jón Baldur Lorange

*Diplómapróf í Evrópufræðum (1)*

Soffía Eydís Björgvinsdóttir

*Diplómapróf í opinberri stjórnsýslu (3)*

Aron Thorarensen  
Hafsteinn Ágúst Friðfinnsson  
Laufey Ósk Geirsdóttir

*Diplómapróf í opinberri stjórnsýslu fyrir starfsmenn í heilbrigðisþjónustu (8)*

Anna Dagný Smith  
Eva Hjörtína Ólafsdóttir  
Guðlaug Einarsdóttir  
Hulda Guðrún Bragadóttir  
Ingibjörg Eiríksdóttir  
Ólöf Sveinbjörg Sigurðardóttir  
Sigríður Þórdís Valtýsdóttir  
Sigurbjörg Hannesdóttir

*Diplómapróf í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í opinberum rekstri (3)*

Berglind Lilja Þorbergsdóttir  
Borghildur Sölvey Sturludóttir  
Guðlaug Hrönn Pétursdóttir

*Diplómapróf í smárikjafræðum (3)*

Nicolas Charles E. Stéfanski  
Paul Andrew Wentworth  
Sine Almholt Hjalager

*BA-próf í stjórn málafræði (8)*

Ágúst Bjarni Garðarsson  
Barbara Hafdís Þorvaldsdóttir  
Emilía Ásta Örlygsdóttir  
Helga Finnsdóttir  
Inga Valgerður Stefánsdóttir

Ingibjörg Sesselja Björnsdóttir  
Kristján H. Johannessen  
Kristján R. Thors

### **Viðskiptafræðideild (52)**

#### *MS-próf í fjármálum fyrirtækja (4)*

Elísabet Gunnarsdóttir  
Elvar Ingi Möller  
Ninja Ýr Gísladóttir  
Stefán Þór Björnsson

#### *MS-próf í mannauðsstjórnun (8)*

Anna Dís Guðbergdóttir Eydal  
Brynja B. Gröndal Grieve  
Guðbjörg Huld Símonardóttir  
Liselotta Elísabet Pétursdóttir  
Rut Vilhjálmsdóttir  
Sigurveig Helga Jónsdóttir  
Unnur Eva Arnarsdóttir  
Vilborg Grétarsdóttir

#### *MS-próf í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum (8)*

Aðalheiður Konráðsdóttir  
Amir Mulamuhic  
Andri Már Fanndal  
Borgþór Ásgeirsson  
Eloise Alana Freygang  
Helgi Héðinsson  
Hildur Ólöf Pétursdóttir  
Soffía Erla Bergsdóttir

#### *MS-próf í stjórnun og stefnumótun (7)*

Darija Virbickaite  
Egill Fivelstad  
Elín Bragadóttir  
Gissur Kolbeinsson  
Helga Hassing  
Snorri Fannar Guðlaugsson  
Sólveig Þórarinsdóttir

#### *MS-próf í viðskiptafræði (1)*

Ómar Ásbjörn Óskarsson

#### *BS-próf í viðskiptafræði (24)*

Alexandra Dögg Sigurðardóttir  
Anna Björk Haraldsdóttir  
Benedikt Karl Karlsson  
Berglind Guðrún Bergmann  
Birna Harðardóttir  
Daníel Þór Gerena  
Daníel Ólafson  
Davíð Arnarson  
Dýrleif Halla Jónsdóttir  
Guðný Sigríður Björnsdóttir

Gunnar Örn Runólfsson  
Halldór Örn Egilsson  
Harpa Guðlaugsdóttir  
Harpa Sif Gunnlaugsdóttir  
Hjálmtyr Grétarsson  
Ingvar Rafn Stefánsson  
Linda Björk Bjarnadóttir  
Linda Hrönn K. Schiöth  
Marthe Sördal  
Sigurður Heiðar Baldursson  
Sindri Jónsson  
Sophie Christin Meyer  
Tanja Björg Sigurjónsdóttir  
Wentzel Steinarr R. Kamban

## **Heilbrigðisvísindasvið (74)**

### **Hjúkrunarfræðideild (7)**

#### *MS-próf í hjúkrunarfræði (3)*

Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir  
Hanna Kristín Guðjónsdóttir  
Rut Gunnarsdóttir

#### *MS-próf í ljósmóðurfraeði (2)*

Guðrún Kormáksdóttir  
Steina Þórey Ragnarsdóttir

#### *BS-próf í hjúkrunarfræði (2)*

Jóhanna Guðrún Káradóttir  
Kristín María Þórðardóttir

### **Lyfjafræðideild (2)**

#### *MS-próf í lyfjafræði (1)*

Hrefna Sif Bragadóttir

#### *BS-próf í lyfjafræði (1)*

Karen Birna Guðjónsdóttir

### **Læknadeild (11)**

#### *MS-próf í líf- og læknávisindum (2)*

Jóhann Frimann Rúnarsson  
Svala Hilmarisdóttir Magnús

#### *MS-próf í talmeinafræði (2)*

Ingunn Högnadóttir  
Linda Björk Markúsardóttir

#### *MPH-próf í lýðheilsuvísindum (1)*

Anna María Guðmundsdóttir

#### *Kandídatpróf í læknisfræði (2)*

Eyrún Balduradóttir

Sólveig Sigurðardóttir

*BS-próf í geislafræði (1)*

Tehun Terfasa Dube

*BS-próf í lífeindafræði (2)*

Erla Sif Ástþórsdóttir

Karen Herjólfsdóttir

*BS-próf í sjúkraþjálfun (1)*

Íris Rós Óskarsdóttir

#### **Matvæla- og næringarfræðideild (4)**

*MS-próf í næringarfræði (1)*

Laufey Hrólfsdóttir

*BS-próf í næringarfræði (3)*

Brynhildur M. Sigurðardóttir

Erla Rán Jóhannsdóttir

Hildur Ársælsdóttir

#### **Sálfræðideild (51)**

*MS-próf í sálfræði (2)*

Guðrún Sesselja Baldursdóttir

Sara Tosti

*Cand. psych.-próf í sálfræði (1)*

Þorsteinn Yraola

*BS-próf í sálfræði (48)*

Anna Marín Skúladóttir

Arna Birgisdóttir

Arngrímur Þórhallsson

Berglind Ósk Magnúsdóttir

Berglind Melax

Birta Brynjarsdóttir

Björk Hjaltalín Stefánsdóttir

Elísa Ósk Línadóttir

Erla Sif Sveinsdóttir

Erna Sigurðardóttir

Eva Bryndís Pálsdóttir

Guðlaug Friðgeirsdóttir

Guðmundur Jónsson

Guðmundur Magnússon

Guðrún Haesler

Halla Ruth Halldórsdóttir

Hrafn Ingason

Íris Sif Ragnarsdóttir

Jason Már Bergsteinsson

Jóhanna Hreinsdóttir

Jóhannes Svan Ólafsson

Jón Gunnlaugur Gestsson

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir

Karen Ösp Birgisdóttir  
Kristín Margrét Arnaldsdóttir  
Linda Dögg Hólm  
Linda Karlsdóttir  
Oddur Finnsson  
Rebekka Ásmundsdóttir  
Rósa Hauksdóttir  
Rósa Björk Sigurgeirsdóttir  
Sara Huld Jónsdóttir  
Selma Dögg Vigfúsdóttir  
Sigríður Björnsdóttir Arnar  
Sigríður Jóna Clausen  
Sigríður Heiða Kristjánsdóttir  
Sigríður Rakel Ólafsdóttir  
Sigrún Hanna Klausen  
Sigurþór Pétursson  
Silja Björg Halldórsdóttir  
Stefán Árni Jónsson  
Sveinlaug Ósk Guðmundsdóttir  
Tara Dögg Bergsdóttir  
Thelma Dögg Ingadóttir  
Thelma Kristín Snorradóttir  
Valdís Björk Þorgeirsdóttir  
Þóra Óskarsdóttir  
Þóra Björg Sigurðardóttir

## **Hugvísindasvið (80)**

### **Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda (30)**

*MA-próf í frönskum fræðum (1)*

Friðrika Tómasdóttir

*MA-próf í Norðurlandafræðum (1)*

Simon Reher

*BA-próf í tveimur aðalgreinum:*

- latínu og grísku (1)

Þorsteinn Önnuson Vilhjálmsson

*BA-próf í dönsku (1)*

Davíð Jacobsen

*BA-próf í ensku (15)*

Alda Hanna Grímólfsdóttir

Ágústa Rúnarsdóttir

Daníel Ingi Þórarinsson

Davíð Þór Guðmundsson

Elísabet Stenberg

Eydís Arna Sigurbjörnsdóttir

Ingibjörg Sigurgeirsdóttir

Mary Catherine Ólafsson

Mate Molnar

Melanie Jeane Adams  
Ragna Björg Bjarnadóttir  
Ragna Þorsteinsdóttir  
Stefán Birgir Stefánsson  
Úlfur Sturluson  
Vilhjálmur Bergmann Bragason

*BA-próf í frönskum fræðum (2)*

Dóra Haraldsdóttir  
Sarah Unnsteinsdóttir

*BA-próf í japönsku máli og menningu (3)*

Hildur Kristín Stefánsdóttir  
Sindri Emmanúel Antonsson  
Valdimar Björn Ásgeirsson

*BA-próf í kínverskum fræðum (2)*

Helga Árnadóttir  
Urður Anna Björnsdóttir\*

*BA-próf í spænsku (3)*

Maria Lourdes Cantero  
Ríkey Júlíusdóttir  
Sólrun Edda Tómasdóttir

*BA-próf í þýsku (1)*

Sunneva Ósk Hannesdóttir

**Guðfræði- og trúarbragðafræðideild (5)**

*Embættispróf í guðfræði, mag. theol. (2)*

Halla Rut Stefánsdóttir  
Páll Ágúst Ólafsson

*Embættispróf í guðfræði, cand. theol. (2)*

Arnaldur Máni Finnsson  
Eva Björk Valdimarsdóttir

*BA-próf í almennri trúarbragðafræði (1)*

Ásta Margrét Elínardóttir

**Íslensku- og menningardeild (25)**

*MA-próf í almennri bókmenntafræði (3)*

Berglind Ýr Sveinbjörnsdóttir  
Guðrún Elsa Bragadóttir  
María Kristjánsdóttir

*MA-próf í almennum málvísindum (1)*

Þórhalla Guðmundsdóttir Beck

*MA-próf í hagnýtri ritstjórn og útgáfu (1)*

Anna Margrét Björnsdóttir

*MA-próf í íslenskum fræðum (1)*

Sigríður Helga Þorsteinsdóttir

*MA-próf í Medieval Icelandic Studies (1)*



David Bond West

*MA-próf í þýðingafræðum (1)*

Magnea J. Matthíasdóttir

*BA-próf í tveimur aðalgreinum:*

- íslensku og ritlist (1)

María Ólöf Sigurðardóttir

*BA-próf í almennri bókmenntafræði (4)*

Gyða Fanney Guðjónsdóttir

Kjartan Már Ómarsson

Þorbjörg Matthíasdóttir

Þórdís Andrea Rósmundsdóttir

*BA-próf í íslensku (3)*

Birta Kristín Hjálmarsdóttir

Lára Halla Sigurðardóttir

Ragnheiður Jónsdóttir

*BA-próf í íslensku sem öðru máli (1)*

Artur Soltysiak

*BA-próf í kvikmyndafræði (1)*

Sólrun Jóhannesdóttir

*BA-próf í listfræði (5)*

Edda Halldórsdóttir

Kári Finnsson

Margrét Birna Sveinsdóttir

Sigríður Nanna Gunnarsdóttir

Valgerður Bergsdóttir

*BA-próf í ritlist (1)*

Vilhjálmur Pétursson

*Diplómapróf í hagnýtri íslensku sem öðru máli (1)*

Olga Aleksandrovna Jóhannesson

## **Sagnfræði- og heimspekideild (20)**

*MA-próf í hagnýtri menningarmiðlun (1)*

Ragnheiður S. Kjartansdóttir

*MA-próf í heimspeki (1)*

Elsa Haraldsdóttir

*MA-próf í umhverfis- og náttúrusiðfræði (1)*

Bára Huld Sigfúsdóttir

*Diplómapróf í hagnýtri menningarmiðlun (1)*

Karina Hanney Marrero\*

*BA-próf í heimspeki (7)*

Benedikt Kristjánsson

Brynjar Smári Kristínar Hermannsson

Kristín Helga Schiöth

Sigurveig Þórhallsdóttir

Símon Örn Reynisson

Skúli Þór Magnússon  
Stefán Frímann Jökulsson

*BA-próf í sagnfræði (9)*

Anna Heiða Baldursdóttir  
Berglind Rósa Birgisdóttir  
Birgir Tryggvason Flóvenz  
Bryndís Bjarnadóttir  
Gylfi Már Sigurðsson  
Jóhann Ólafsson  
Rakel Adolphsdóttir  
Steinþór Kolbeinsson  
Þóra Björk Valsteinsdóttir

**Menntavísindasvið (57)**

**Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild (10)**

*M.Ed.-próf í tómstunda- og félagsmálafræði (1)*

Helga Þórunn Sigurðardóttir

*MS-próf í íþróttá- og heilsufræði (1)*

Sigurlín Garðarsdóttir

*BS-próf í íþróttáfræði (1)*

Arna Björg Arnarsdóttir

*BS-próf í íþróttá- og heilsufræði (1)*

Bjarni Jóhannsson

*BA-próf í tómstunda- og félagsmálafræði (2)*

Hrafnhildur Kristbjörnsdóttir  
Sigríður Margrét Einarsdóttir

*BA-próf í þroskaþjálfáfræði (4)*

Adda Steina Haraldsdóttir  
Elísa Ólafsdóttir  
Íris Fönn Pálsdóttir  
Sif Huld Albertsdóttir

**Kennaradeild (32)**

*M.Ed.-próf í náms- og kennslufræði (9)*

Árný Helga Reynisdóttir  
Helena Herborg Guðmundsdóttir  
Ívar Örn Reynisson  
Kristín Sigurðardóttir  
Nichole Leigh Mosty  
Sonja Suska  
Svanhvít Friðþjófsdóttir  
Þóra Dögg Ómarsdóttir  
Þórdís Sigríður Mósesdóttir

*Viðbótardiplómapróf í kennslufræði framhaldskóla (2)*

Hildur Björk Hörpudóttir  
Stefan Christian Otte

*B.Ed.-próf í grunnskólakennarafræði (14)*

Anna Björk Erlingsdóttir  
Auður Ösp Guðjónsdóttir  
Ásta María Harðardóttir  
Dagbjört Svava Jónsdóttir  
Dóra Sif Ingadóttir  
Halla Eyberg Þorgeirsdóttir  
Hanna S. Couper Ragnarsdóttir  
Heiða Lind Heimisdóttir  
Kristjana Ósk Kristjánsd Howard  
Linda Agnarsdóttir  
Margrét Ósk Marinósdóttir  
Margrét Pálsdóttir  
Sigurbjörg Lilja Ólafsdóttir  
Þórhildur Daðadóttir

*B.Ed.-próf í leikskólakennarafræði (4)*

Hafrún Jóhannesdóttir  
Lumnije Kelmendi  
Þórunna Sigurbjörg Sverrisdóttir  
Þuríður Ósk Pálmadóttir

*Grunndiplómapróf í kennslufræði (3)*

José A. Rodriquez Lora  
Jón Magnús Katarínusson  
Markús G. Sveinbjarnarson

**Uppeldis- og menntunarfræðideild (15)**

*MA-próf í alþjóðlegu námi í menntunarfræði (2)*

Megumi Nishida  
Wenjie Xu

*MA-próf í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn (1)*

Margrét Aðalheiður Markúsdóttir

